ALÞINGI 1971

Þingsetning.

A.
Í sameinuðu þingi.

Árið 1971, mánudaginn 11. október, var nítugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en hundraðasta og sjöunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Einar Guðnason í Reykholti sté í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
5. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
6. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
9. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
10. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
11. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
12. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
13. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
15. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
16. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
17. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
18. Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv.
19. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
20. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
21. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
22. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
23. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
24. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
25. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
26. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf.
27. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
28. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
29. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
30. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
32. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
33. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
34. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
35. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
36. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
38. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
39. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
40. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
41. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
44. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
45. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
47. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
48. Pétur Pétursson, 2. landsk. þm.
49. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
50. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
51. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
52. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
53. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
54. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
55. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
56. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
57. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
58. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
2. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
3. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
4. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
5. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
6. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
7. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
8. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
9. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
10. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.

Á fundinum voru auk aðalmanna Björn Sveinbjörnsson, 2. (vara)þm. Reykn., Eyjólfur K. Jónsson, 2. (vara)þm. Norðurl. v., Sigurður E. Guðmundsson, 7. (vara)þm. Reykv., og Skúli Alexandersson, 5. (vara)þm. Vesturl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 17. f. m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 17. september 1971.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég því yfir, að Alþingi Íslendinga er sett. Ég býð yður alla heila til þings komna.

Á þessu ári eru talin 1041 ár síðan Íslendingar stofnuðu Alþingi á Þingvöllum við Öxará. Ég kom til Þingvalla fyrir nokkrum dögum í haustfegurð. Mér varð hugsað til hins forna þinghalds og um leið til þessarar setningar Alþingis, sem í vændum var. Fáum mun nú finnast annað en að rétt hafi verið ráðið, að endurreistu Alþingi var valinn staður í Reykjavík á sínum tíma. Og flestir munu telja sjálfsagt, að löggjafarsamkoman vinni störf sín í höfuðborg landsins. Sögulegir staðir, sem misst hafa lifandi hlutverk sitt vegna breyttra þjóðlífshátta, verða trauðlega kvaddir aftur til fyrra hlutverks vegna sögulegra minninga einna saman. Um Þingvelli má þó með sanni segja, að þeir hafi ekki með öllu rofnað úr tengslum við sitt forna hlutverk. Síðan þing fluttist þaðan, hefur margt gerzt þar, sem hátt ber í sögu landsins. Það gæti enn hæglega átt eftir að koma til umr., hvort Alþingi þjóðarinnar gæti ekki sér til ávinnings tengt starf sitt á einhvern hátt þessum stað svo skammt frá höfuðborginni. Jónas Hallgrímsson hugsaði sér í frægu kvæði til Jóns Sigurðssonar, að hann sækti þangað sálubót og aleflingu við hjarta landsins, áður en hann tæki til við þingstörfin. Sú hugsun er enn í góðu gildi.

En Alþingi á nú orðið langa söguhefð í þessari borg og raunar í þessu húsi. Það eru nú 126 ár síðan Alþingi var endurreist og kom saman hér í Reykjavík, eftir að hafa legið niðri um nærri hálfrar aldar skeið. Frá þeim tímamótum er þetta 107. samkoma þess og hin 92. síðan Alþingi fékk löggjafarvald árið 1874, þar af 74. aðalþing.

Þessi upprifjun örfárra minnisverðra ártala við setningu Alþingis minnir á straum tímans og samhengi sögunnar, á líf þjóðar vorrar og þátt Alþingis í sögu hennar á liðinni tíð. Þetta er elzta og mesta stofnun þjóðarinnar, gömul, en þó sífellt ný eins og þjóðin sjálf og barátta hennar fyrir lífi sínu og tilveru.

Í dag býð ég velkomna til starfa nýkjörna alþingismenn og nýlega skipaða ríkisstjórn og þakka um leið störf fyrra þings og fyrri ríkisstjórnar. Í þessum þingsölum sitja nú sem fyrr margir alþm. með langa þingreynslu að baki, menn, sem endurkjörnir hafa verið til sinna ábyrgðarstarfa, en við hlið þeirra óvenjulega margir nýir menn, sem nú koma hingað í fyrsta sinn. Maður kemur manns í stað, en stofnunin er hin sama. Íslenzka þjóðin mun nú sem ætíð fylgjast með störfum hennar. Það er óhætt að fullyrða, að hingað beinist athygli þjóðarinnar hvert sinn, sem þing er sett, og hún bíður með eftirvæntingu árangurs af störfum þess. Þjóðin hefur með almennri þátttöku kjörið yður til að fara með mikilvægustu málefni sín. Hún lítur til Alþingis og þeirrar ríkisstjórnar, sem ábyrgð ber fyrir því, til varðstöðu um það sem helgast er, frelsi landsins og virðingu meðal þjóða, og hún setur traust sitt á yður til giftusamlegra úrræða í hinum mörgu þjóðfélagsmálum, sem kenna má við líðandi stund og úrlausnar krefjast.

Oft er til þess vitnað, að sagt er um fornan höfðingja, að hann kviði nálega engu nema Alþingi og imbrudögum. Með þeim orðum er meira verið að lýsa manni en stofnun, manni, sem kennir sín, þegar hann finnur hina mestu ábyrgð kalla að sér og hefur góðan vilja til að standa við hana. En það er engin tilviljun, að Alþingi er nefnt í þessu sambandi. Þar var það og þar er það enn, sem fáir verða að taka ákvarðanir fyrir marga, ákvarðanir, sem varða oss alla, oft um langa framtíð.

Þessa þings bíða nú eins og jafnan mörg og vandasöm úrlausnarefni. Það liggur í hlutarins eðli og enginn gengur að því gruflandi. Alþingismenn þekkja sína ábyrgð og því er fulltreystandi, að allir hafa þeir góðan vilja til að efla hag og hamingju þjóðarinnar og heiður og traust landsins. Sú er ósk mín og von, að sá góði vilji verði sigursæll.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (Hannibal Valdimarsson): Alþingi hafa borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 13. ágúst 1971.

Þar sem ég mun verða erlendis frá þingbyrjun til 6. des., leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Sigurður E.

Guðmundsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Gylfi Þ. Gíslason,
7. þm. Reykv.

Til forseta Alþingis."

„Reykjavík, 15. sept. 1971.

Þar sem ég verð erlendis í þingbyrjun í opinberum erindum og verð fjarverandi nokkrar vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jónas Árnason,
5. þm. Vesturl.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

„Reykjavík, 15. sept. 1971.

Þar sem ég verð erlendis í þingbyrjun í opinberum erindum og verð fjarverandi nokkrar vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Skaftason,
2. þm. Reykn.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

„Reykjavík, 11. okt. 1971.

Þar sem séra Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., getur ekki tekið þátt í þingstörfum í upphafi þings, hefur hann óskað þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í kjördæminu, Eyjólfur Konráð Jónsson, taki sæti í hans stað á Alþingi, er það kemur saman til fundar þann 11. okt.

Jóhann Hafstein,
formaður Sjálfstfl.

Til forseta Alþingis."

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 12. okt. var fundinum fram haldið.

Nú voru til þings komnir BGuðbj, BP, IG, KP, LárJ.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Þorsteinsson, 3. þm. Austf., og Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁÞ, BGuðbj, BJ, EggÞ, EystJ, GeirG, GíslG, GTh, GÞG, HFS, JóhH, JSk, LárJ, MK, MÁM, ÓlJ, PS, StefG, SvJ, ÞK.

2. kjördeild:

AuA, BGr, BFB, EðS, EBS, GS, GilsG, GunnG, HV, IG, JÁH, KP, MJ, MB, ÓE, PJ, PP, RH, SteinG, VH.

3. kjördeild:

ÁB, BGuðn, BP, EÁ, FÞ, GH, GuðlG, HES, IngJ, JónÁ, JónasÁ, LJós, MÓ, OÓ, PÞ, RA, SV, StH, SvH, ÞÞ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild og 3. kjördeild kjörbréf þm. í 2. deild.

Aldursforseti (Hannibal Valdimarsson): Þá verður fundi fram haldið. Ég hef hugsað mér að hafa þann hátt á, ef enginn mælir því í gegn, að fyrstur tali frsm. 1. kjördeildar, þá 2. kjördeildar og svo 3. kjördeildar. Það virðist samþykkt, og tekur til máls frsm. 1. kjördeildar, hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson.

Frsm. 1. kjördeildar (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur komið saman til fundar og fengið til athugunar kjörbréf þeirra þm., sem sæti eiga í 3. kjördeild. Kjördeildin hefur athugað þessi kjörbréf og mun ég nú lesa þau. Aðeins tvö kjörbréf vantaði af þeim, sem kjördeildin átti að fá til meðferðar, en símskeyti hafa borizt frá hlutaðeigandi yfirkjörstjórnum um kjör þeirra manna, sem kjörbréfin vantaði. Vegna Björns Pálssonar alþm. barst svo hljóðandi símskeyti:

„Samkvæmt beiðni staðfestist hér með, að Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, var í alþingiskosningunum 13. júní s. l. kjörinn 3. þm. í Norðurlandskjördæmi vestra og fékk sem slíkur útgefið kjörbréf sér til handa.

F.h. yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra.
Elías I. Elíasson."

Sömuleiðis vantaði kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar. Hér er símskeyti frá Akranesi:

„Friðjón Þórðarson sýslumaður, Stykkishólmi, á Alþingi í Reykjavík.

Það vottast hér með, að þér eruð rétt kjörinn 4. þm. Vesturlands.

F.h. yfirkjörstjórnar Vesturlands.
Jónas Thoroddsen
formaður."

Þá mun ég taka kjörbréfin fyrir hvert fyrir sig.

1. Kjörbréf Eggerts G. Þorsteinssonar, en hann hlaut 1. uppbótarþingsæti Alþfl., útgefið af landskjörstjórn.

2. Kjörbréf Þórarins Þórarinssonar sem 4. þm. Reykv., útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

3. Kjörbréf Sverris Hermannssonar sem 4. þm. Austf., útgefið af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

4. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, Mávanesi 19, Garðahreppi, sem 1. þm. Vestf., útgefið af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

5. Kjörbréf Stefáns Valgeirssonar, Auðbrekku í Hörgárdal, sem 4. þm. Norðurl. e., útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.

6. Kjörbréf Ragnars Arnalds skólastjóra, Varmahlíð, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu, sem 4. þm. Norðurl. v., útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

7. Kjörbréf Páls Þorsteinssonar sem 3. þm. Austf., útgefið af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

8. Kjörbréf Odds Ólafssonar, Reykjalundi, Mos-

fellssveit, sem 3. þm. Reykn., útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

9. Kjörbréf Magnúsar Torfa Ólafssonar sem 9. þm. Reykv., útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

10. Kjörbréf Lúðvíks Jósepssonar sem 2. þm. Austf., útgefið af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

11. Kjörbréf Hannibals Valdimarssonar, Selárdal, Barðastrandarsýslu sem 3. þm. Vestf., útgefið af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

12. Kjörbréf Jónasar Árnasonar, Reykholti, sem 5. þm. Vesturl., útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

13. Kjörbréf Jóns Árnasonar, Akranesi, sem 2. þm. Vesturl., útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

14. Kjörbréf Ingólfs Jónssonar, Hellu, sem 1. þm. Sunnl., útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

15. Kjörbréf Halldórs E. Sigurðssonar, Borgarnesi, sem 3. þm. Vesturl., útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

16. Kjörbréf Guðlaugs Gíslasonar sem 3. þm. Sunnl., útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

17. Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar sem 2. þm. Reykv., útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

18. Kjörbréf Einars Ágústssonar sem 11. þm. Reykv., útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

19. Kjörbréf Bjarna Guðnasonar prófessors sem 3. landsk. þm., útgefið af landskjörstjórn.

20. Kjörbréf Ásgeirs Bjarnasonar, Ásgarði í Dölum, sem 1. þm. Vesturl., útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Kjörbréf Skúla Alexanderssonar, Hellissandi, sem 1. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi, útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Eins og ég sagði í upphafi, hefur 1. kjördeild athugað þessi kjörbréf og samþykkti að leggja til, að kosning þessara þm. verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Auður Auðuns): Herra forseti. 2. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf þm. í 1. kjördeild, og skal ég nú lesa upp nöfn þeirra þm., sem kjördeildin athugaði kjörbréf fyrir. Ég mun fyrst lesa upp nöfn þm. kjörinna í kjördæmum, og eru kjörbréf útgefin af hlutaðeigandi yfirkjörstjórnum kjördæmanna.

1. Kjörbréf Ágústs Þorvaldssonar, Brúnastöðum, Árnessýslu, sem 2. þm. Sunnl.

2. Kjörbréf Bjarna Guðbjörnssonar, Ísafirði, sem 4. þm. Vestf.

3. Kjörbréf Björns Jónssonar, Hrafnagilsstræti 12, Akureyri, sem 6. þm. Norðurl. e.

4. Kjörbréf Eysteins Jónssonar sem 1. þm. Austf.

5. Kjörbréf Gísla Guðmundssonar, Hóli, Langanesi, sem 1. þm. Norðurl. e.

6. Kjörbréf Gunnars Thoroddsen sem 5. þm. Reykv.

7. Kjörbréf Jóhanns Hafstein sem 1. þm. Reykv.

8. Kjörbréf Jóns Skaftasonar, Sunnubraut 8, Kópavogi, sem 2. þm. Reykn.

9. Kjörbréf Lárusar Jónssonar, Hrafnagilsstræti 39, Akureyri, sem 5. þm. Norðurl. e.

10. Kjörbréf Magnúsar Kjartanssonar sem 3. þm. Reykv.

11. Kjörbréf Matthíasar Á. Mathiesen, Hringbraut 59, Hafnarfirði, sem 1. þm. Reykn.

12. Kjörbréf Ólafs Jóhannessonar, Aragötu 13, Reykjavík, sem 1. þm. Norðurl. v.

13. Kjörbréf Péturs Sigurðssonar sem 10. þm. Reykv.

14. Kjörbréf Þorvalds Garðars Kristjánssonar, Skildinganesi 48, Reykjavík, sem 5. þm. Vestf.

Þá hafði n. einnig til athugunar kjörbréf tveggja varaþm., þ. e. kjörbréf Sigurðar E. Guðmundssonar, sem er 7. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, og kjörbréf Björns Sveinbjörnssonar, Erluhrauni 8, Hafnarfirði, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi.

Þá eru kjörbréf útgefin af landskjörstjórn:

Kjörbréf 10. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, en hann hlaut 3. uppbótarþingsæti Alþb.

Kjörbréf 6. landsk. þm., Helga Friðrikssonar Seljans, sem hlaut 2. uppbótarþingsæti Alþb.

Kjörbréf 5. landsk. þm., Stefáns Gunnlaugssonar, sem hlaut 3. uppbótarþingsæti Alþfl.

Kjörbréf 4. landsk. þm., Svövu Jakobsdóttur, sem hlaut 1. uppbótarþingsæti Alþb.

Ég vil láta þess getið, að eitt kjörbréf barst kjördeildinni ekki í hendur, sem hún mundi ella hafa átt að athuga. Það var kjörbréf Gylfa Þ. Gíslasonar.

Ég hef nú lesið upp nöfn þeirra þm., sem 2. kjördeild átti að athuga kjörbréf fyrir, og kjördeildin hefur sem sé athugað kjörbréfin og leggur einróma til, að kosning þessara þingmanna verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

Frsm. 3. kjördeildar (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. 3. kjördeild hefur yfirfarið kjörbréf eftirtalinna þm.:

Auður Auðuns sem 6. þm. Reykv., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

Gils Guðmundsson sem 4. þm. Reykn., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

Garðar Sigurðsson kennari, Vestmannaeyjum, sem 5. þm. Sunnl., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

Eðvarð Sigurðsson sem 8. þm. Reykv., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

Björn Fr. Björnsson sýslumaður sem 4. þm. Sunnl., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

Steinþór Gestsson á Hæli sem 6. þm. Sunnl., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

Ragnhildur Helgadóttir sem 12. þm. Reykv., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkur.

Vilhjálmur Hjálmarsson sem 5. þm. Austf., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

Pálmi Jónsson bóndi, Akri, sem 5. þm. Norðurl. v., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Matthías Bjarnason, Ísafirði, sem 2. þm. Vestf., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Magnús Jónsson, Einimel 9, Reykjavík, sem 2. þm. Norðurl. e., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.

Jón Árm. Héðinsson, Kópavogsbraut 102, Kópavogi,

sem 5. þm. Reykn., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

Ingvar Gíslason, Álfabyggð 18, Akureyri, sem 3. þm. Norðurl. e., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.

Gunnar Gíslason prestur, Glaumbæ, Seyluhreppi, Skagafirði, sem 2. þm. Norðurl. v., kjörbréf útgefið af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Þess vil ég geta, að Gunnar Gíslason kemur ekki nú til þings, en í hans stað Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, Reykjavík, sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, og er kjörbréf hér frá yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra þar að lútandi.

Kjörbréf eftirtalinna þm. eru útgefin af landskjörstjórn:

Pétur Pétursson forstjóri sem 2. landsk. þm., en hann hlaut 2. uppbótarþingsæti Alþfl.

Ólafur G. Einarsson sveitarstjóri sem 11. landsk. þm., en hann hlaut 2. uppbótarþingsæti Sjálfstfl.

Karvel Pálmason kennari sem 7. landsk. þm., en hann hlaut 2. uppbótarþingsæti Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Ellert B. Schram skrifstofustjóri, en hann hlaut 9. sæti sem landsk. þm. og jafnframt 1. uppbótarþingsæti Sjálfstfl.

Benedikt Gröndal sem 8. landsk. þm., en hann hlaut 4. uppbótarþingsæti Alþfl.

Kjördeildin leggur til, að kosning framangreindra þm. verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

ATKVGR.

Till. allra kjördeildanna samþ. með 59 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Bjarni Guðnason, Björn Sveinbjörnsson, Ellert B. Schram, Garðar Sigurðsson, Karvel Pálmason, Lárus Jónsson, Magnús T. Ólafsson, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Skúli Alexandersson, Stefán Gunnlaugsson, Svava Jakobsdóttir.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., með 32 atkv. – Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., fékk 1 atkv., en 26 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Forseti (EystJ): Ég þakka kosninguna. Ég mun kappkosta góða samvinnu við þingheim og vona, að samstarfið verði gott.

Samkv. sérstakri ósk verður kosningu varaforseta frestað og því ekki fleira tekið fyrir að sinni og fundi frestað, en fram haldið kl. 14.00 á morgun.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 13. okt. var fundinum enn fram haldið.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv., með 59 atkv.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv., með 39 atkv., en 21 seðill var auður.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista BGuðbj, en á B-lista LárJ. – Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., og
Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Björn Fr. Björnsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Jón Skaftason (A),
Pálmi Jónsson (B),
Björn Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Pétur Pétursson (C).

Kosning til efri deildar.

Forseti (EystJ): Þá á að fara fram val þm. til Ed., og bið ég þingflokkana að tilnefna á lista þá tölu þm. sinna, sem þeim ber að hafa í Ed. eftir atkvæðamagni í Sþ., eða listabandalög flokka, ef eru.

Við kosningu 20 þm. til að skipa efri deild komu fram þrír listar. Á A-lista voru ÁB, BGuðbj, BFB, EÁ, Pþ, StH, GeirG, HFS, RA, BJ, MÓ; á B-lista AuA, MJ, JónÁ, SteinG, GH, OÓ, ÞK; á C-lista Eggþ, JÁH. – Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ásgeir Bjarnason,
Auður Auðuns,
Bjarni Guðbjörnsson,
Magnús Jónsson,
Björn Fr. Björnsson,
Einar Ágústsson,
Jón Árnason,
Páll Þorsteinsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Steinþór Gestsson,
Steingrímur Hermannsson,
Geir Gunnarsson,
Geir Hallgrímsson,
Helgi F. Seljan,
Oddur Ólafsson,
Ragnar Arnalds,
Björn Jónsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Jón Árm. Héðinsson
Magnús T. Ólafsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir þingsins samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Árnason (B),
Ingvar Gíslason (A),
Matthías Bjarnason (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Eysteinn Jónsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Gils Guðmundsson (A),
Bjarni Guðnason (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

Varamenn:

Jón Skaftason (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Magnús Kjartansson (A),
Magnús T. Ólafsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

3. Allsherjarnefnd.

Gísli Guðmundsson (A),
Ingólfur Jónsson (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Bjarni Guðnason (A),
Jónas Árnason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jónas Árnason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 13. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
3. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
4. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
5. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
8. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
9. Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv.
10. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
13. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
14. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
15. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
16. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
17. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
18. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., með 13 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm., með 20 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., með 13 atkv. – 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista SteinG. – Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., og

Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Geir Gunnarsson.
7. — — Bjarni Guðbjörnsson.
8. — — Auður Auðuns.
9. — — Geir Hallgrímsson.
10. — — Björn Fr. Björnsson.
11. — — Jón Árnason.
12. — — Þorv. Garðar Kristjánsson.
13. — — Ásgeir Bjarnason.
14. — — Helgi F. Seljan.
15. — — Steingrímur Hermannsson.
16. — — Magnús Jónsson.
17. — — Oddur Ólafsson.
18. — — Eggert G. Þorsteinsson.
19. — — Jón Árm. Héðinsson.
20. — — Ragnar Arnalds.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu allra nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Magnús Jónsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árnason (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Steinþór Gestsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Jón Árnason (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Jón Árnason (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Auður Auðuns (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Oddur Ólafsson (B),
Björn Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Auður Auðuns (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Björn Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Björn Fr. Björnsson (A),
Magnús Jónsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Hannibal Valdimarssyni, 3. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 13. okt.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
3. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
4. Bjarni Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
5. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
6. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
8. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
9. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
10. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
11. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
12. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
13. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
14. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
15. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
16. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
17. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
19. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
20. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
21. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
22. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
23. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
24. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
25. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
26. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
27. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
30. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
32. Pétur Pétursson, 2. landsk. þm.
33. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
34. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
35. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
36. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn., með 23 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., með 37 atkv. – Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., með 23 atkv. – Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var IG, á B-lista EBS. – Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., og
Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9.	sæti	hlaut	Garðar Sigurðsson,
10.	—	—	Jónas Árnason,
11.	—	—	Pétur Sigurðsson,
12.	—	—	Gísli Guðmundsson,
13.	—	—	Vilhjálmur Hjálmarsson,
14.	—	—	Friðjón Þórðarson,
15.	—	—	Stefán Gunnlaugsson,
16.	—	—	Jón Skaftason,
17.	—	—	Björn Pálsson,
18.	—	—	Eysteinn Jónsson,
19.	—	—	Guðlaugur Gíslason,
20.	—	—	Lárus Jónsson,
21.	—	—	Jóhann Hafstein,
22.	—	—	Pétur Pétursson,
23.	—	—	Pálmi Jónsson,
24.	—	—	Karvel Pálmason,
25.	—	—	Gylfi Þ. Gíslason,
26.	—	—	Svava Jakobsdóttir,
27.	—	—	Gunnar Thoroddsen,
28.	—	—	Gunnar Gíslason,
29.	—	—	Matthías Bjarnason,
30.	—	—	Matthías Á. Mathiesen,
31.	—	—	Ragnhildur Helgadóttir,

32. — — Ólafur G. Einarsson,
33. — — Bjarni Guðnason,
34. — — Benedikt Gröndal,
35. — — Ágúst Þorvaldsson,
36. — — Þórarinn Þórarinsson,
37. — — Sverrir Hermannsson,
38. — — Ingólfur Jónsson,
39. — — Eðvarð Sigurðsson,
40. — — Stefán Valgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin á dagskrá kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Gils Guðmundsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Karvel Pálmason (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Björn Pálsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Pétursson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Skaftason (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Guðlaugur Gíslason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Björn Pálsson (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Bjarni Guðnason (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Pétur Pétursson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Jón Skaftason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Jónas Árnason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Bjarni Guðnason (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

7. Menntamálanefnd.
Eysteinn Jónsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Ellert B. Schram (B),
Ingvar Gíslason (A),
Bjarni Guðnason (A),
Benedikt Gröndal (C).

8. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Ellert B. Schram (B),
Bjarni Guðnason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Innlent lán.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán [71. mál] (stjfrv., A. 78).

Á 12. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 78 hefur ríkisstj. leyft sér að flytja frv. til l. um heimild til þess að gefa út og taka innlent lán. Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að sama form verði viðhaft á útgáfu á innlendu láni og viðhaft hefur verið hér á undanförnum árum, að gefin verði út ríkisskuldabréf eða spariskírteini fyrir allt að 200 millj. kr.

Kjör, sem þessi lán njóta, verða þau sömu og verið hefur um slík spariskírteinalán að öðru leyti en því, að spariskírteinin verða skráð á nöfn, en skattfrelsi og önnur þau atriði, sem þau hafa notið, hliðstæð því, sem sparifé nýtur, verður einnig á þessu láni. Reynsla hefur fengizt fyrir því, að verulegur markaður hefur verið hér á landi fyrir slík lán, og er gert ráð fyrir því, að nú sé einnig hagstætt að selja slík spariskírteini, og þess vegna er þetta mál fram komið.

Ástæðan til þess, að farið er út í sölu á þessum spariskírteinum nú, er sú, að afla á fjár til þátttöku í þeim framkvæmdum, sem ríkisstj. hyggst beita sér fyrir á næsta fjárlagaári, og er ekki gert ráð fyrir, að þessu fé verði eytt á árinu 1971, heldur verði það tengt framkvæmdaáætlun, sem hæstv. ríkisstj. mun leggja fyrir síðar á þessu Alþingi.

Ástæðan til þess, að framkvæmdaáætlun var ekki látin fylgja fjárlagafrv., var fyrst og fremst sú, að gert er ráð fyrir breytingu í sambandi við framkvæmdir ríkisins, þar sem hér mun verða lagt fyrir frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, og mun hún þá vinna að undirbúningi framkvæmdaáætlunarinnar, enda hefur reynslan orðið sú á undanförnum þingum, að þó að drög eða till. að framkvæmdaáætlun hafi verið lögð fyrir með fjárlagafrv., þá hefur afgreiðslan alltaf orðið á síðari hluta vetrar, og mun svo verða einnig á þessu þingi. Þetta frv. á því að afla fjár til framkvæmda á næsta ári í þær framkvæmdir, sem ríkisstj. mun beita sér fyrir, og er að mati hennar nauðsynlegt að reyna að fjármagna þær framkvæmdir með innlendu fjármagni, ef nokkur tök eru til.

Ég leyfi mér að fara fram á það við hv. d., að hún reyni að hraða afgreiðslu þessa máls, og hefði ég helzt viljað fara fram á það við hv. Alþ., að þetta mál gæti fengið afgreiðslu í næstu viku, vegna þess hvað það er seint fram komið, og munu vera dæmi um það, að slíkur hraði hefur átt sér stað í afgreiðslu slíkra mála hér á hv. Alþ. Tel ég mig muna það rétt, að þegar fyrst var farið inn á slíka fjáröflun um framkvæmdalán með enska láninu, þá var því sérstaklega hraðað hér í gegnum hv. Alþ. Ég treysti því, að það náist samstaða um, að svo verði einnig nú.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt fsp. út af þessu máli, sem hér er til afgreiðslu. Það kom fram hér í ræðu hæstv. ráðh., að þetta fjármagn er ætlað til að fjármagna framkvæmdaáætlun ríkisstj. Mér hefði fundizt eðlilegra, að hv. þd. vissi um það, til hvers hún væri að afla fjár. Það kom fram líka í ræðu hæstv. ráðh. að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á döfinni er, eigi að gera þessa framkvæmdaáætlun. Í þessu sambandi vil ég spyrja, hversu lengi eigi að bíða eftir frv. að l. um þessa framkvæmdastofnun og hvenær má d. vænta þess, að framkvæmdaáætlun liggi fyrir, svo að henni sé kunnugt, til hvers hún er að afla fjárins.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er annars vegar fsp. til hæstv. fjmrh., hvort gert sé ráð fyrir því, að þessi spariskírteini, sem hér er lagt til að afla heimildar fyrir ríkisstj. til þess að gefa út, verði gefin út og seld á þessu ári. Fjmrh. gat um það hér í ræðu sinni áðan, að það væri verið að afla fjár til framkvæmda á árinu 1972, en jafnframt óskaði hann eftir afgreiðslu málsins með þeim mesta hraða, sem d. teldi sér fært. Þess vegna vildi ég spyrja: Er ætlunin að gefa þessi bréf út og selja þau á verðbréfamarkaði nú á þessu ári?

Í öðru lagi óska ég eftir því sem einn af nm. fjhn. þessarar hv. d., að n. og þar með d. verði gefnar einhverjar upplýsingar um það, með hvaða hætti ríkisstj. hyggst nota það fjármagn, sem hún með þessu frv. ætlar að afla sér. Ég held, að í hvert það skipti, sem áður var lagt fram svipað frv., þá hafi ýmist það fylgt með frv. í grg., með hvaða hætti ríkisstj. hygðist nota fjármagnið, eða fjmrh. eða starfsmaður hans gerði í fjhn. þessarar d. grein fyrir, með hvaða hætti og til hvers ætti að nota það fjármagn, sem aflað var heimildar fyrir.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Reykn., hvernig nota ætti þá fjármuni, sem hér er um að ræða og eftir er

sótt, þá, eins og tekið er fram í grg. frv., er gert ráð fyrir því, að það verði notað til framkvæmda á vegum ríkisins á næsta ári samkv. þeirri framkvæmdaáætlun, sem síðar verður lögð fyrir hv. Alþ. Og ég tel mig muna það rétt, að fordæmi er fyrir því, að fjár hafi verið aflað til væntanlegra framkvæmda ríkissjóðs, áður en frá framkvæmdaáætlun hefur verið gengið, og minni þar á enska framkvæmdalánið, sem á sínum tíma var tekið, og reyndar hefur það verið svo með fleiri, vegna þess að þótt drög hafi verið lögð fram að framkvæmdaáætlun, þá hafa það aldrei verið nema drög, sem síðan hafa breytzt. Hitt skal ég taka fram, að ætlunin er, að sala á þessum skuldabréfum eða spariskírteinum fari fram á þessu ári, en fjármagnið verði geymt til framkvæmda á næsta ári, eins og kemur fram í grg. fjárlagafrv.

Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. um, hvað líði frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þá get ég sagt það, að ég held, að það sé stutt í það, að það verði lagt fram hér á hv. Alþ., svo að hv. þm. þurfa ekki lengi að bíða eftir því úr þessu, en ég gerði hins vegar grein fyrir því, að í sambandi við þá væntanlegu stofnun mundi framkvæmdaáætlun næsta árs verða unnin. Þó að drög séu að því nú, þá er það ekki á því stigi, að ákvörðun hafi verið tekin þar um. Og af þessum ástæðum er þessi framkvæmdamáti hafður, að gert er ráð fyrir að selja bréfin nú og Alþ. ráðstafi síðar, hvernig fé verður notað í samræmi við þá framkvæmdaáætlun, sem lögð verður hér fram síðar á þessu þingi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Í svari hans kom þó ekki fram meginefni þess, sem ég spurði, þ. e. a. s. hvenær þd. mundi fá að sjá drög að framkvæmdaáætlun þeirri, sem ætlað er að afla fjár til með þessu frv. til l., sem hér er til umr. Það hefði að mínum dómi verið eðlilegt, að þessi drög lægju fyrir nú, þó að það væri ætlun ríkisstj. að Framkvæmdastofnunin fjallaði um þessi mál og að þessi drög breyttust í meðförum þingsins. Það er sjálfsagt, að þau geta breytzt, en það hefði verið ólíkt eðlilegra að mínum dómi, að þd. hefði fengið að sjá einhver drög að því, hvernig nota skyldi það fé, sem hún er beðin um með þessu frv. að ljá máls á að aflað verði. Ég vil því endurtaka spurningu mína: Hvenær fær þd. að sjá drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir árið 1972?

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. svar hans við því, að það er gert ráð fyrir, að sala á þessum spariskírteinum fari fram á þessu ári. Það vekur aðra spurningu í mínum huga um þá afbrigðilegu meðferð, sem mér sýnist að sé nú á þessu máli, miðað við það, með hvaða hætti þessi mál hafa fengið afgreiðslu á undanförnum þingum. Er ætlun ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. það, sem nú situr, á framhaldsþingi eftir áramót, annað frv. um sölu á spariskírteinum á næsta ári? Og ef svo er, hversu háa upphæð er hér um að ræða? Mér sýnist, að með þessu frv., og ef fer sem horfir, að hæstv. ríkisstj. leggur fyrir þetta sama þing heimild til að selja spariskírteini á næsta ári, þá sé mjög höggvið í möguleika viðskiptabankanna til þess að annast um þá fyrirgreiðslu, sem þeir þurfa að sjálfsögðu að gera við sína viðskiptamenn, og þar með sé stefnt að því að þrengja lánamarkaðinn fyrir einstaklinga og aðra þá, sem þurfa að sækja til viðskiptabankanna.

Ég vil svo ítreka það, að fjhn. d. verði gerð grein fyrir, til hvers eigi að nota þetta fjármagn, því að ég fæ ekki séð, hvers vegna þessarar aðferðar er þörf við að afla fjár til geymslu, nema gert sé ráð fyrir því, að það þurfi með sama hætti að afla fjár á næsta ári og að á framhaldsfundum þingsins á næsta ári verði því ætlað að samþykkja nýtt frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta kappræður um þetta. Það leiðir af eðli málsins, að fyrst á eftir að vinna verkið, þá hef ég ekki tök á því eða neinn áhuga á því að fara að gefa út einstaka þætti, þó að til margs mætti grípa í því skyni, því að það eru heldur ekki eðlileg vinnubrögð. Ég hef skýrt hv. þingheimi frá því, að þetta verk á eftir að vinna. Honum er hins vegar kunnugt um það, að mörgum liðum frá framkvæmdaáætlun fyrra árs er ekki lokið, og þar verður haldið áfram, og til þess þarf verulegt fjármagn. Hvort verður gefið út eða reynt að selja meira af spariskírteinum á árinu 1972, skal ég ekkert fullyrða um nú. Það fer eftir aðstæðum, bæði fjárþörfinni og markaðinum, sem kann að verða, og t. d. salan á þessum bréfum getur gefið til kynna, hvort eðlilegt og rétt er að halda áfram á þeirri braut. Og það er af minni hendi hvorki slegið neinu föstu um það né þeirri leið lokað.

Ég held, að ég gæti fundið mörg dæmi um það, að leitað hefur verið eftir slíkri heimild til fjáröflunar, án þess að um leið hafi verið ákveðið, hvernig fénu yrði varið, og skal ég nú afla mér betri upplýsinga um það, áður en málið kemur hér til 2. umr. eða til þess að láta n. í té, en þess munu vera mörg dæmi. Hins vegar er það alltaf svo, að Alþ. ráðstafar fjármununum, og það er mergurinn málsins. Ég sé t. d. hér í Alþt. frá 1964, þar sem þáv. fjmrh., hv. 5. þm. Reykv., var að gera grein fyrir slíku máli, sem mun hafa verið fyrsta frv., sem kom hér fyrir um spariskírteini, og þegar hann er búinn að lýsa eðli málsins og tilgangi, þá nefnir hann nokkur dæmi um möguleika til þess að nota þetta fé, ef salan gefur góða raun. Þar segir hv. 5. þm. Reykv., þáv. hæstv. fjmrh., svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um það er auðvitað ómögulegt að fullyrða á þessu stigi, hver verði reynslan, en þetta er tilraun, sem verður gerð, m. a. í þessu skyni, að auka sparifjármyndun almennings. Það fé, sem fengist inn fyrir þessa skuldabréfasölu, mundi ríkissjóður fyrst og fremst nota til opinberra framkvæmda, en varðandi framkvæmdaáætlun fyrir árið 1964, sem aflað hefur verið fjár til með margvíslegum hætti, vantar nokkurt fé enn til þess að ljúka þar öllu. Nefni ég þar sérstaklega ráðhúsframkvæmdir, sjúkrahúsbyggingar, og nefna má fleiri liði í opinberum framkvæmdum."

Ég get með sama hætti sagt, að okkur vantaði fé í rafmagn, okkur vantaði fé í vegi, okkur vantaði fé í hafnir, svo að ég kvíði því ekki, að það verði ekki verkefni til þess að nota í þessar 200 milljónir, heldur mundi ég nú frekar segja, að okkur mundi skorta meira fé til þess að ljúka þeim verkefnum, sem við þurfum að ljúka á árinu 1972. En ég vil endurtaka það, að auðvitað verður það Alþ., sem afgreiðir málið með eðlilegum

hætti, þegar það liggur fyrir, svo sem venja er til með þinghald.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Út af þessu frv. til l., sem hér liggur fyrir, er eitt atriði, sem er mér töluverður þyrnir í augum, og það er varðandi 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að spariskírteini þau, sem gefin skulu vera út, eigi að vera án framtalsskyldu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparifé."

Nú er það svo, að undantaka þetta frá framtalsskyldu felur í sér mikla örðugleika fyrir skattaeftirlitið, því að það má með ýmsum leiðum fela fé, og ég sé ekki ástæðu til þess, að þetta ákvæði sé hér haft um framtalsskylduna, því að auðvitað hljótum við að forðast þá hluti, sem torvelda eftirlit skattalögreglunnar. Ég vil því varpa fram til hæstv. fjmrh. þeirri spurningu, hvað sé unnið við þetta atriði, að bréfin séu undanþegin framtalsskyldu. Að vísu má segja, að þetta hafi tíðkazt hjá fyrri stjórn, en það er ekki til eftirbreytni, og ég tel, að það væri vert af þessari stjórn að tryggja á sem beztan hátt starf skattalögreglunnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Minni manna er nú misjafnlega trútt, og því skyldu menn alltaf varlega treysta, en ég verð nú að segja það, að ég man ekki betur en sá háttur, sem hér er viðhafður, hafi verið áður á hafður. Og ég skal að vísu ekki alveg fortaka, að það hafi stundum heyrzt raddir frá stjórnarandstæðingum í þá átt, að það hefði verið skynsamlegra að hafa önnur vinnubrögð í því sambandi. En ég held, að ég muni það áreiðanlega rétt, að það hafi verið æ ofan í æ farið fram á slíkar heimildir sem þessar, án þess að framkvæmdaáætlun hafi fylgt með. Og það er kannske út af fyrir sig eðlilegt, að menn þurfi að sjá fyrst, hvernig gengur með þessa fjáröflun, áður en farið er að ráðstafa henni til ákveðinna framkvæmda. En ég held, að það geti nú ekki vafizt fyrir neinum hv. þm., að þarfirnar eru æðimargar og það eru mörg verkefni, sem þarf að fjármagna á næstunni. Hæstv. fjmrh. nefndi nokkur dæmi eins og samgöngumál, vegi, hafnir, flugvelli, eins og heilbrigðismál o. fl., o. fl. Það verður áreiðanlega erfitt að fullnægja þeim þörfum með því að afla fjár í ríkissjóð með sköttum, og ég held, að það sé sjálfsögð regla að gera ráð fyrir því að fjármagna ýmsar af þeim framkvæmdum með öflun lánsfjár. En þá skiptir meginmáli, hvernig þess lánsfjár er aflað. Þar eru tvær leiðir til. Annars vegar það að leita á útlendan lánamarkað og fá erlend lán og hins vegar að reyna að fá þau innlend lán, sem kostur er. Ég held, að á þessu sé meginmunur. Ég held, að það sé vafasöm stefna og ekki ráðlegt að leggja of mikið inn á þá braut að afla erlendra lána til ýmissa framkvæmda, sem nauðsynlegar eru hér innanlands. Við höfum dæmin fyrir okkur, að það hefur verið farið inn á þá braut. Við höfum t. d. dæmi, sem líklega verður minnzt á hér á eftir í sambandi við Reykjanesbraut, þegar rætt verður um veggjald af henni, en ég held, að sú fsp. sé hér á dagskrá. Til Reykjanesbrautar var aflað erlends fjár. Það var allveruleg fjárhæð í upphafi að krónutölu, en ég held þó, að það sé ekki ofmælt, að hún hafi nú tvöfaldazt eða vel það að krónutölu til, vegna þess að aflað var erlends lánsfjár.

Nei, ég held, að við ættum að geta orðið allir sammála um, að það sé sjálfsagt að nýta þá lánsmöguleika, sem eru fyrir hendi hér innanlands. Það þarf að fjármagna margar framkvæmdir. Ég álít, að það sé eðlilegt að freista þess að fjármagna þær sem mest með því að afla lánsfjár innanlands, og ég álít, að það sé skynsamleg leið einmitt nú að fara inn á, ef ég má svo segja, frjálsa sparnaðarleið, gefa mönnum kost á að leggja sitt af mörkum til þessara framkvæmda með því að fara þessa leið, sem hér er farið inn á, að leita eftir því fé, sem sparazt hefur, og menn vilja spara.

Það er hverjum manni augljóst, að það eru viss hættumerki í efnahagsástandi okkar nú. Það er hér óhófleg spenna. Það er hér óhófleg eyðsla. Við þurfum að beita vissum ráðum til þess að draga úr þeirri spennu og úr þeirri eyðslu. Ég held, að heppilegasta leiðin, sem hægt er að fara í því efni til að byrja með a. m. k., sé sú að leita eftir frjálsum sparnaði.

Því skal ekki neitað, að það er á ýmsan hátt velmegun í landinu um þessar mundir, og við eigum við góðæri að búa. Það er skynsamleg regla og þótti löngum góður búskapur að eyða ekki því öllu jafnharðan, sem aflaðist í góðum árum, heldur leggja nokkuð til hliðar. Ég get því ekki séð, að það væri nein goðgá að tala um ofurlítið geymslufé í þessu sambandi, eins og mér virtist koma fram hjá einum hv. þm. áðan. Það gæti farið svo síðar meir og kannske fyrr en varir, að þörf yrði fyrir það. Ég held, að það hefði margt farið betur hér á landi, ef það hefði verið fylgt þeirri reglu á árunum 1965 og 1966 að leggja nokkuð til hliðar og geyma til þeirra mögru ára, sem á eftir komu. Ég skal að vísu játa, að það er hægara að kenna heilræðin en halda þau, en samt sem áður er það nú svo, að það er skynsamra manna háttur að læra af reynslunni.

Ég held þess vegna, að við eigum ekkert, hv. þm., að telja eftir, að farið sé inn á leið sem þessa, og ég held, að það væri engin goðgá, og ég vil á engan hátt fortaka það, að það verði leitað eftir sams konar láni á næsta ári. En hitt vil ég enn undirstrika, að ég held, að það sé ekki á neinn hátt um neina afbrigðilega aðferð að tefla um fjáröflun. Þessi leið hefur verið farin áður, og þm. þurfa ekkert að vera órólegir út af því, að það kemur auðvitað til þeirra kasta að ráðstafa þessu fé. Það verður ekki farið fram hjá þeim á neinn hátt með það.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, og ég held, að það gæti verið ástæða fyrir hv. þm. að íhuga, hvort það sé ekki einmitt nú þannig ástandið hér, að við þurfum að gera ráð fyrir því að afla í ríkari mæli fjár til framkvæmda með þessum hætti, með þessari leið, sem hér er farið inn á, og jafnframt að vera við því búnir, einmitt með þessum hætti, að gera ráðstafanir til þess að draga úr þeirri óhóflegu spennu, sem nú er í efnahagsmálum okkar, sem getur haft hættu í för með sér, ef ekki er spyrnt við fæti í tæka tíð.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. landsk. þm., sem ég vildi gefa skýringu á, að með þessu frv. er breytt frá því,

sem áður hefur verið, að nú eru bréfin skráð á nöfn. Með þeim hætti er ekki hægt að komast inn á þá leið, sem hann taldi, því að skattyfirvöld gætu, ef þau vildu, haft aðgang að þessu, en kjörin eru alveg hliðstæð því, sem er á sparifénu. Þar eru bæði vextir og höfuðstóll skattfrjáls, og þess vegna er þarna um alveg hliðstæð kjör að ræða, en breytingin er fólgin í því, að bréfin eru skráð á nöfn, og þar með er hægt að rekja slóð þeirra, ef með þarf.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Til þess, að það verði ekki misskilningur úr því, hvers vegna ég óskaði eftir þessum svörum frá hæstv. ráðh., sem ég gerði hér áðan, þá vil ég segja það, að það var ekki ætlan mín að telja neitt eftir, að þessa fjár yrði aflað, heldur óttast ég, að biðin verði of löng eftir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj., ef bíða á eftir því, að frv. um Framkvæmdastofnun fari hér í gegnum Alþ., og síðan á að koma þessari Framkvæmdastofnun á fót, og það tekur sinn tíma. Svo á að fara að gera framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Ég vildi fá svör við því, hvenær menn héldu, að þetta yrði allt saman búið, og það var mitt erindi hingað í pontuna, en ekki að telja neitt eftir í þessu efni og sízt, að það hefði komið fram í mínu máli, að ekki væru næg verkefni fram undan til þess að nota þetta fjármagn til. Ég held, að hv. þd. geti verið sammála um það, að verkefni eru 1001 hér á landi, sem hægt væri að nota þetta fjármagn allt til.

Út af ræðu hæstv. forsrh. um erlent lán og að hér sé um að ræða einhverja stefnubreytingu hjá núv. ríkisstj., þá minnir mig, – ég viðurkenni það, að minni mitt er ekkert fremur trútt heldur en margra annarra, – að í aths. við fjárlagafrv., sem hefur verið lagt hér fram á Alþ., komi fram, að halli verði á viðskiptajöfnuði landsins um hvorki meira né minna en 3600 millj. kr. á árinu 1972 að mati Efnahagsstofnunarinnar, en vegna innflutnings á erlendu fjármagni, sem þýðir erlendar lántökur, þá verði ekki slíkur halli á gjaldeyrissjóði okkar á næsta ári, sem betur fer.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara í karp við þá hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hvort þeirra minni er betra en mitt, en eitthvað kannast ég við það sem form. í fjhn. þessarar hv. d. síðasta kjörtímabil, að þeir félagar mínir, sem þar hafa átt sæti úr hv. stjórnarandstöðu þá, núv. stjórnarflokkum, m. a. Framsfl., hafi óskað eftir því stundum að fá nánari upplýsingar og grg. um það, sem máli skipti, þegar frv. til l. um útgáfu spariskírteina lá fyrir. Það þótti sjálfsagt að hæstv. þáv. fjmrh. veitti þessar upplýsingar, og ég gerði mitt til þess, að þær skýringar og þær upplýsingar, sem óskað var eftir, kæmust til skila og hægt væri að taka þær til umr. í hv. þd., þ. e. þær, sem þá þegar höfðu ekki legið fyrir, eins og t. d. í frv., sem var lagt fyrir þingið 1970—1971, en þar er mjög ítarlega gerð grein fyrir því, með hvaða hætti nota átti það fjármagn, sem þar var lagt til að aflað yrði með þessum sérstaka hætti.

Það var aðeins ósk mín áðan, að n. verði gerð grein fyrir málinu, en það má vel vera, að hér sé ætlunin að vinna að með öðrum hætti en fyrrv. stjórnarandstaða óskaði eftir að gert yrði á Alþingi.

Hæstv. fjmrh. vitnaði hér mjög til enska lánsins, eins og hann orðaði það, og las hér upp ræðu eftir þáv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, þar sem hann einmitt gerir grein fyrir því, til hvers m. a. eigi að nota það fjármagn, sem þá var óskað eftir, að ríkisstj. fengi heimild til þess að afla sér. Ég varð harla glaður, þegar ég heyrði, að hæstv. fjmrh. hóf lestur upp úr ræðum fyrirrennara sinna, og ég vildi óska þess, að hann gerði það oftar og tæki þá sér eins mikið til fyrirmyndar og hann mögulega getur.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning taka það fram, að mín orð bar ekki að túlka sem neitt forboð gegn því að taka erlend lán. Það getur vitaskuld verið réttlætanlegt að taka erlend lán. En það skiptir meginmáli, til hverra hluta þeim er varið. Erlend lán geta átt hinn fyllsta rétt á sér, þegar þeim er varið til gjaldeyrissparandi framkvæmda eða gjaldeyrisaflandi framkvæmda. Þess vegna er mjög eðlilegt, að það sé leitað eftir erlendum lánum t. d. til stórvirkjana og þess háttar eða til öflunar fiskiskipa og þess háttar. En aftur á móti álít ég, að það geti verið jafnvarhugavert að byggja ýmsar framkvæmdir, sem þó geta verið góðar og nauðsynlegar, á erlendu lánsfé.

Ég vil ennfremur segja það út af þeim orðum, sem hv. þm. lét falla, að vitaskuld er áætlanavinna ýmiss konar hér í gangi, og þar hafa verið gerðar og eru til þegar vissar áætlanir. Ég minni nú aðeins á það, sem ég þarf ekki að minna þennan hv. þm. á, að það er til samgönguáætlun, að ég vona a. m. k. næstum því fullgerð, fyrir Norðurland. Og til hennar þarf að afla fjár. Og það eru auðvitað ýmsar aðrar áætlanir í gangi, sem Efnahagsstofnunin vinnur að. Og að því leyti til verður auðvitað verkefni Framkvæmdastofnunar, þegar hún tekur við, að nokkru leyti framhald af þeirri vinnu, sem unnin hefur verið í Efnahagsstofnuninni, þannig að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði nein óeðlileg bið á því, að það liggi fyrir nægilegar áætlanir, sem hægt sé að styðjast við, þegar kemur til þess að ráðstafa þessu fé, sem hér er um að tefla.

Ég get líka undirstrikað það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði veruleg bið á því hér eftir, að frv. um Framkvæmdastofnun verði lagt fyrir Alþ., og þá vona ég, að svo fari með hliðsjón af því, sem hér hefur komið fram, að hv. þm. greiði heldur götu þess í gegnum þingið, þannig að það þurfi ekki að tefjast þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 97 og 100, 101).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, Sigurður E. Guðmundsson skrifar undir með fyrirvara, en

minni hl. skilar séráliti. Það var nú ekki komið á mitt borð, þegar ég fór í pontuna.

Ég vil geta þess, að n. ræddi þetta á nokkrum fundum og kvaddi til viðtals bankastjóra frá Seðlabankanum og frá viðskiptabönkunum. Það hefur verið venja til margra ára að standa undir framkvæmdum, sem gerðar eru á vegum ríkisvaldsins, með innlendu lánsfé, fengnu með líkum kjörum og hér er gert ráð fyrir. Þm. hafa í megindráttum verið sammála um þessa fjáröflunarleið. Þó hefur nokkur ágreiningur verið á þingi undanfarið, um afgreiðslu þessara frv., en meginágreiningurinn hefur verið í sambandi við þau ákvæði fyrri frv., að þessi bréf skyldu vera undanþegin framtalsskyldu. Nú er nokkuð komið til móts við þá, sem gagnrýndu þetta, með þeim hætti, að bréfin hljóða nú á nafn, en voru áður gefin út á handhafa.

Við 1. umr. þessa frv. hér í hv. d. og svo í fjhn. kom fram nokkur gagnrýni, einkum á tvö atriði: Annars vegar það, að ekki lægi nægilega ljóst fyrir, til hvers ríkisstj. hygðist verja þeim fjármunum, sem afla á með innlenda láninu, og hins vegar var það gagnrýnt, að fyrirhugað væri að selja þessi bréf nú þegar á þessu ári, og það var gagnrýnt á þeim forsendum fyrst og fremst, að slík sala þrengdi að viðskiptabönkunum og væri ekki heppileg af þeim sökum. Ég vil fara örfáum orðum um þessi atriði. Ég vil víkja fyrst að fyrra atriðinu. Það hefur verið ýmis gangur á afgreiðslu lántökuheimilda á undanförnum þingum, að því leyti, að framkvæmdaáætlun hefur verið misjafnlega langt á veg komin, stundum jafnvel alls ekki verið búið að leggja hana fram, þegar frv. um lántökuheimild voru til meðferðar. Það er kannske ekki svo óeðlilegt, þó að nú sé lagt fram frv. um lántökuheimild, áður en framkvæmdaáætlun liggur fyrir, þegar þess er gætt, að nú situr ný ríkisstj. sem tók við völdum á miðju síðasta sumri. Fjárlagaafgreiðslan út af fyrir sig er ærið verkefni. Nú er það vitað, að það er verið að undirbúa mjög þýðingarmiklar breytingar á tekjustofnakerfinu. Það er stefnt að því nú, eins og verið hefur lengi, að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og ég held, að það séu ekki skiptar skoðanir um það, að að því beri að stefna. Nú er þannig komið undirbúningi fjárlaga, eins og venja er á þessum tíma, að þar er allt í miðjum klíðum. Fjvn. situr að störfum, og stórir málaflokkar, eins og t. d. skólabyggingamálin öll, hafnamálin og raunar fleiri, eru alls ekki komnir til n. frá viðkomandi rn. Á meðan fjárlagaafgreiðslan stendur þannig sem hæst og er ekki lengra á veg komin en raun ber vitni, sem er nákvæmlega það sama og verið hefur á undanförnum þingum, þá er skiljanlegt, að það sé nokkuð erfitt að leggja fram sundurliðaða framkvæmdaáætlun. Þarna grípur hvað inn í annað, og einkum er það skiljanlegt, eins og ég sagði áðan, þegar um er að ræða nýja ríkisstj., sem hefur eðlilega mjög mörg járn í eldi, og þess vegna von meiri breytinga en þegar ríkisstj. hefur setið mörg ár, og starfar eftir óbreyttri stefnu.

Í annan stað er þess að geta, sem kom hér fram við 1. umr., að frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er til umr. í Ed. einmitt núna í dag. Hæstv. fjmrh. upplýsti við 1. umr. málsins, að ætlunin væri að lögfesta það frv. nú á fyrri hluta þings og þeirri stofnun væri síðan ætlað að taka þátt í að undirbúa endanlega framkvæmdaætlun, sem svo yrði lögð fyrir á síðari hluta Alþ., eftir að fjárlög hafa verið afgreidd. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekki æskilegt en það er varla stórkostlega ámælisvert, þegar það er haft í huga sérstaklega, að hér situr ný ríkisstj., og þess þá jafnframt minnzt, að framkvæmdaáætlun og fjárlög hafa ekki fylgzt að á undanförnum árum. En það væri æskilegra, að saman færi afgreiðsla fjárlaga og framkvæmdaáætlunar, og það verður vafalaust að því stefnt, að svo megi verða, þegar tímar líða fram.

Nú er það hins vegar svo, að þótt ekki sé á þessu stigi hægt að leggja fram ákveðnar till. um framkvæmdaáætlunina í einstökum liðum og þ. á m. um ráðstöfun þeirra fjármuna, sem hér um ræðir, þá er auðvitað vandalaust að minna á ótal verkefni, sem sinna þarf og þetta fé verður notað til að meira eða minna leyti. Það má minna á verkefni eins og vegamál, flugmál og hafnamál, raforkumálin, byggingu sjúkrahúsa og skólamannvirkja og fleiri opinberar framkvæmdir. Og það má einnig minna á það, að venja hefur verið á undanförnum árum að nota hluta af fé framkvæmdaáætlunarinnar til að standa straum af tilteknum þáttum í kostnaðarsömum rannsóknum.

Varðandi síðara atriðið, sem einkum hefur verið gagnrýnt, það að stefna að því að bjóða út innlent lán nú seint á þessu ári, þá var það atriði sérstaklega rætt í fjhn., og n. ræddi það við þá bankastjóra, sem þar mættu, frá Seðlabankanum og frá viðskiptabönkunum. Nú er það svo, að kaupgeta virðist gífurlega mikil, og nægir til rökstuðnings þeirri umsögn að minna á það eitt, að innflutningur til landsins á þeim mánuðum, sem skýrslur liggja nú fyrir um, hefur aukizt alveg gífurlega, eða um 45% að sagt er. Það virðist þess vegna vera um að ræða mikið fé í umferð og því mjög eðlilegt að stuðla að aukinni sparifjármyndun og á þann hátt, sem gert er ráð fyrir með þessu frv.

Eins og ég sagði, var þetta atriði sérstaklega rætt í fjhn. Bankastjóri sá, sem mætti frá Seðlabanka Íslands, mælti eindregið með þessari leið. Og skoðun hans var sú, að það fjármagn, sem kæmi til með að nást inn til opinberra framkvæmda með þessum hætti, væri ekki nema að takmörkuðu leyti dregið út úr veltu viðskiptabankanna. Bankastjórar viðskiptabankanna voru aftur á móti uggandi um það, að mikill hluti fjárins yrði frá þeim tekinn og kynni að valda þeim erfiðleikum. Nú má vitanlega rökræða og deila um það, hve mikill hluti komi raunverulega frá viðskiptabönkunum og hvað komi annars staðar frá. En í því sambandi má minna á það, að með þeirri breytingu, sem nú er gerð á afurðalánunum, þá léttir nokkuð á viðskiptabönkunum, vegna þess að afurðalán þau, sem Seðlabankinn lætur í té, hækka verulega. Það kemur nokkuð til léttis hjá viðskiptabönkunum. Nú hafa slík útboð sem hér er gert ráð fyrir farið fram áður oftlega, og ég hef spurzt nokkuð fyrir um það, hvort fyrir liggi nokkrar tölulegar upplýsingar um bein áhrif þeirra útboða hverju sinni á innlán í viðskiptabönkunum, en ég hef ekki getað fengið neinar ákveðnar upplýsingar, sem sanni eða bendi til þess, að það fé, sem tekið er að láni á þennan hátt, beinlínis sogist út frá viðskiptabönkunum. Ég hef ekki getað fengið það. Það var mat meiri hl. fjhn., að skynsamlegt væri að leita fyrir sér nú um innlenda

lántöku í því formi, sem þetta frv. markar. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en eins og ég gat um, ritar Sigurður E. Guðmundsson undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. fjhn. gat um hér áðan, hefur ekki orðið samstaða um afgreiðslu þessa frv. í fjhn. þessarar hv. d. og við tveir nm., hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, auk mín, gefum út sérstakt nál. á þskj. 100, en ég ætla, að það sé rétt ókomið hér á borð til hv. þm. Ég ætla þó að leyfa mér að gera grein fyrir afstöðu minni hl. til að tefja ekki afgreiðslu þessa máls og vonast til þess, að mér takist að gera hv. þm. grein fyrir þeirri afstöðu, sem fram kemur á þessu umrædda þskj.

Frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka innlent lán er ekki nýtt af nálinni, það er gamall kunningi úr sölum hv. Alþ. Allt frá 1964 hafa verið flutt frv. til heimildar til innlendrar lántöku, og hafa verið boðnar út á verðbréfamarkaðinum frá því 1964 til nú 1971 samtals 787 millj. kr. Hefur þetta verið liður í fjármögnun framkvæmdaáætlunar, sem fyrst var lögð fyrir Alþ. 1963, þegar lögð var fram þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963–1966. Í þeirri þjóðhags- og framkvæmdaáætlun var gerð grein fyrir þeirri fjármögnun, sem þar þurfti til, en innlent lán þar ekki að öðru leyti en því, að viðskiptabankarnir höfðu með samkomulagi við ríkisstj. samþ. að leggja til ákveðinn hundraðshluta af sparifjáraukningu, og auk þess kom atvinnuleysistryggingasjóður til með lántöku, en hið svokallaða brezka lán varð að verulegu leyti uppistaðan í fjármögnun fyrir framkvæmdaáætlun fyrir 1963. Það er svo árið 1964, að lagt er fram frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán að upphæð 75 millj. kr. til að fjármagna framkvæmdaáætlun ársins 1964. Með því frv. er ekki lögð fram framkvæmdaáætlunin, enda hafði hún þá fyrir nokkuð löngu verið gerð. Árið 1965 er aftur lagt fram sams konar frv. og þar farið fram á 75 millj. kr. heimild til lánsútboðs, en í það skiptið er framkvæmdaáætlun ekki fyrir hendi, sem síðar var svo gerð grein fyrir. En frá árinu 1966 hefur verið gerð grein fyrir notkun fjár, þegar farið hefur verið fram á heimild til að afla þess á innlendum markaði, með frv. sjálfu 1966 og síðar með framkvæmdaáætlun, sem lögð hefur verið fram eða drög að henni með frv. til fjárlaga. Ég rifja þetta upp hér vegna þess, að því er haldið fram, af hæstv. fjmrh. og síðan hv. frsm. meiri hl. fjhn., að það frv., sem hér um ræðir, sé með svipuðum hætti fram lagt og þau frv., sem lögð hafa verið fram um sama efni á undanförnum árum. Þegar fyrsta frv. var lagt fram, gerði þáv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem að baki frv. lágu, og var m. a. bent á, að þar væri farið inn á nýjar leiðir í sambandi við sparnaðarform, sem gert var ráð fyrir og hefur verið með sérstökum kjörum, og ekki hefur verið talið óeðlilegt að afla þannig fjár til framkvæmdaáætlunar, þannig að hluti af heildarsparnaði almennings gengi beint til opinberra framkvæmda.

Að sjálfsögðu er hér sama forsenda fyrir frv., en frv. lagt fram undir allt öðrum kringumstæðum og með allt öðrum hætti en verið hefur. Við 1. umr. málsins skýrði hæstv. fjmrh. frá því, að hann gæti ekki gert grein fyrir notkun þessa fjár, og í fjhn. var sérstaklega spurzt fyrir um það, hvort hægt væri að fá upplýsingar um, með hvaða hætti fénu skyldi varið, en þær upplýsingar gátu ekki fengizt, og ég vildi nú mega varpa því fram til hæstv. fjmrh., hvort hann hafi nokkurn frekari möguleika nú en við 1. umr. málsins til þess að gera mönnum grein fyrir notkun þessara 200 milljóna, ef aflað yrði. Hér er mikill munur á, með hvaða hætti frv. hafa verið lögð fram. Annars vegar hafa verið lögð fram frv., þar sem gerð hefur verið grein fyrir notkun fjárins, og þau ævinlega eða undir flestum kringumstæðum borin fram, þegar fjárlög hafa verið samþykkt og framkvæmdaáætlun komin á lokastig, þannig að það hefur sézt, til hvaða framkvæmda skyldi nota það fé, sem heimildar var óskað til að aflað yrði.

Í öðru lagi er þetta frv. stefnubreyting af hálfu núv. ríkisstj. hvað snertir þá upphæð, sem hér er gert ráð fyrir að ná. Þegar lögð er saman sú tala, sem þegar hafa verið seld sparifjárskírteini fyrir, og sú tala, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá liggur fyrir, að það er ætlun hæstv. ríkisstj. að afla fjár með þessum hætti fyrir 303 millj. kr. á þessu ári. Ef skoðuð er sú upphæð, sem þegar hefur verið aflað fjár fyrir, og það, hvernig hún deilist niður á árin, þá sést, hversu gífurlegt stökk hér er um að ræða, því að mest hefur verið aflað fjár til lántöku á innlendum markaði árið 1970, þá fyrir 132 millj. kr. Sú tala, sem hér um ræðir á þessu ári, 303 millj., er um það bil 2½ sinnum hærri en nokkurn tíma áður hefur verið aflað í þessu skyni.

Þá er enn eitt atriði, sem rétt er að benda á um vinnubrögð og starfshætti í sambandi við þetta frv. Samkv. ummælum hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins þá lýsti hann yfir því, að hann hygðist setja á markaðinn nú í næsta mánuði bréf fyrir allri þeirri upphæð, sem hér er gert ráð fyrir. Það þýðir, að á árinu 1971 er verið að afla fjár til framkvæmda árið 1972. Það hefur aldrei gerzt fyrr í sambandi við fjármögnun framkvæmdaáætlunar, að aflað hafi verið fjár á fyrra ári til framkvæmda á næsta ári, og að þessu leyti eru vinnubrögð hæstv. núv. ríkisstj. með öðrum hætti en verið hefur.

Þá er vert að geta þess, með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. hefur unnið að þessu máli varðandi bankakerfið og bankastofnanirnar í landinu. Á undanförnum árum hefur verið í sambandi við fjárlög og framkvæmdaáætlun gerð grein fyrir því, með hvaða hætti hefur þurft að fjármagna opinberar framkvæmdir, og með samkomulagi við viðskiptabankana hafa þeir látið af sparifjáraukningunni á milli 10 og 15% til þess að fjármagna opinberar framkvæmdir. Þá hefur í leiðinni verið gerð grein fyrir því, með hvaða hætti yrði aflað fjár á innlendum markaði, þannig að bankakerfið mætti vita, hvaða fjármagn kæmi til með að hverfa út úr peningastofnunum vegna sölu á spariskírteinum til fjármögnunar opinberra framkvæmda. Þetta var að sjálfsögðu líka gert á þessu ári, og þá var talið, að ekki væri skynsamlegt að afla á þessu ári meira en um 100 millj. kr., og þegar hafa verið seld spariskírteini fyrir 103 millj. kr. Það að koma nú á seinasta mánuði ársins og bjóða út spariskírteini fyrir 200 millj. kr. er þess eðlis, að hver maður hlýtur að sjá, hvaða áhrif slíkt mundi hafa á bankakerfið og hverjar afleiðingarnar yrðu. Það

er öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til, að desembermánuður er erfiðasti mánuðurinn hjá bankastofnunum, auk þess sem staða þeirra nú er mun lakari en hún hefur verið undanfarin ár. Því til staðfestingar geta menn litið í reikninga Seðlabanka Íslands, þar sem fram kemur staða viðskiptabankanna við Seðlabankann, og í ljós kemur, að í októbermánuði einum versnaði staða viðskiptabankanna við Seðlabankann um rúmar 200 millj. kr. Það er svo hægt að ímynda sér, hvernig staða þeirra verður, þegar þessi bréf hafa verið seld á markaðnum, því að kjör þeirra hafa verið með þeim hætti, að að undanförnu hafa þau ævinlega selzt á tiltölulega skömmum tíma.

Á fundi í fjhn., þar sem voru mættir fulltrúar ríkisbankanna, þ. e. a. s. Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, lýstu fulltrúar þeirra yfir miklum áhyggjum, ef sala verulegs hluta spariskírteinanna færi fram nú fyrir áramótin, en þá ákvörðun sína hafði fjmrh. tekið og skýrði frá henni hér við 1. umr. málsins. Í sambandi við þetta urðu umr. í fjhn. um það, hvaðan það fjármagn kæmi, sem aflað væri með sölu spariskírteina, og voru menn sammála um, að verulegur hluti þess væri það bezta sparifé, sem innlánsstofnanirnar gætu haft. Það þýðir, að í desembermánuði einum mega bankastofnanirnar gera ráð fyrir því, ef þetta frv. verður óbreytt að lögum, að um 200 millj. kr. hverfi út til spariskírteinakaupa. Í þessu sambandi ræddi fjhn. einnig við fulltrúa Seðlabanka Íslands, sem mætti á fundinum, en hann tjáði sig, eins og hér hefur komið fram af hálfu frsm. meiri hl. og getið er í nál. minni hl., sammála þeirri stefnu, sem fram kæmi í frv. Honum var þá sérstaklega bent á hina versnandi stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann, og mér er nær að halda, að þeir geri ekki meira en að halda viðskiptareikningi sínum sléttum við Seðlabankann í dag. Þá var hann spurður að því, hvort um nokkra sérstaka fyrirgreiðslu til handa peningastofnunum yrði að ræða vegna sölu á spariskírteinunum, en hann svaraði því neitandi. Ennfremur var hann spurður að því, hvort ríkisstj. hefði nokkuð rætt við Seðlabankann um að losa um hið bundna fé innlánsstofnananna í Seðlabankanum, og svaraði hann því ennfremur neitandi. Þessar spurningar voru að sjálfsögðu lagðar fram vegna þess, að vel gat svo verið, að ríkisstj. hefði með einhverjum till. til Seðlabankans reynt að koma í veg fyrir það, sem tvímælalaust á eftir að eiga sér stað, en seðlabankastjórinn svaraði því hvoru tveggja neitandi, þannig að um það verður ekki að ræða. Það kom ennfremur fram í fjhn. í viðræðum við fulltrúa viðskiptabankanna, að þeim hafði ekki verið kunnugt um flutning þessa frv., og það kom þeim þess vegna algjörlega á óvart.

Eitt atriði enn vil ég benda á, sem sýnir, að um stefnubreytingu er að ræða varðandi þetta frv. af hálfu núv. ríkisstj., en það er, með hvaða hætti hér er farið að peningastofnunum landsins. Ég hef gert grein fyrir því, að fram undan er erfiðasti mánuður ársins hjá peningastofnununum, en eftir áramótin hefst vertíðin, og ég mundi halda, að slíkt væri ekki til þess að efla atvinnulíf landsmanna eða styrkja efnahagskerfið, að peningastofnanirnar verði vanmegnugar í upphafi næstu vertíðar. Ég held, að þetta frv., eins og það er lagt fram, komi til með að hafa mjög alvarleg áhrif á peningamál þjóðarinnar á næstu mánuðum og afleiðingar, sem við nú ekki sjáum fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. vék að því hér áðan, að ekki væri óeðlilegt, þó að framkvæmdaáætlun lægi nú ekki fyrir, vegna þess að hér sé um að ræða ríkisstj., sem sé nýlega setzt að völdum og hafi þar af leiðandi ekki haft tækifæri til þess að gera frumdrög að fjárhagsáætlun og leggja hana fram. Ég er alveg sammála hv. þm. um þetta. En ég spyr þá: Hvers vegna er þá eðlilegt að leggja fram frv. um heimild til lántöku, hvers vegna er ekki eðlilegt að leggja það fyrst fram, þegar séð verður, hvernig framkvæmdaáætlun ríkisstj. lítur út og hvaða fjármagn þarf til þess að ná endum saman?

Ég gat mér þess til við 1. umr., að frv. væri nú flutt til að ná fjármagni fyrir áramótin, og hugsunin væri sú, að annað frv. yrði lagt fram eftir áramótin og kannske ekki með minni lántökuheimild en nú, þannig að með þessum hætti væri meiningin að afla fjár til framkvæmdaáætlunar fyrir miklu hærri upphæð en nokkru sinni hefur verið gert áður. Þeir hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. vildu ekki útiloka, að slíkt kæmi til greina, og neituðu því ekki, að hugmyndin hefði einhvers staðar komið fram. Ég sé þess vegna ekki sambandið milli þeirra raka hv. 5. þm. Austf., að það sé eðlilegt, að framkvæmdaáætlun liggi ekki fyrir, og þess, að hann leggur til, að frv. verði samþ. Hann ræddi um verkefni, sem hægt væri að benda á. Það er sjálfsagt alltaf hægt að gera það. Við gætum talið upp, að við þurfum meira fé til vegaframkvæmda, til hafna, til raforkuframkvæmda o. s. frv. En það, sem hér hefur verið átalið, er, að frv. til lántökuheimildar sé lagt fram án þess að gerð sé grein fyrir þeirri áætlun um opinberar framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að ráðast í á næsta ári.

Hv. þm. minntist ennfremur á, að það væri talið, að mikið fé væri í umferð nú, kaupgeta væri mikil og þar af leiðandi upplagt að selja sparifjárskírteini nú í næsta mánuði. Ég rakti áðan, hvernig staða viðskiptabankanna er, og ég held, að ég hafi farið þar rétt með, – hann leiðréttir mig þá, ef svo er ekki, – að nm. og þeir fulltrúar viðskiptabankanna, sem sátu fund fjhn., voru sammála um það, að verulegur hluti þess fjár, sem notaður yrði til kaupa á sparifjárskírteinum, kæmi frá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum, þannig að hér væri fyrst og fremst verið að höggva í innstæður hjá bankakerfinu. Ég held þess vegna, að það sé tilgangslaust og alger rökleysa, þegar sagt er, að mikið fé sé í umferð og því hljóti að vera góður markaður fyrir sparifjárskírteinasölu nú. Við útgáfu sparifjárskírteina verða viðskiptabankarnir að geta treyst því, að ríkisvaldið gangi ekki lengra inn á svið viðskiptabankanna en eðlilegt og skynsamlegt getur talizt. Þannig hefur verið haldið á málum hingað til, en hér er gjörbreytt um stefnu, komið, eins og ég hef margoft tekið fram, á seinasta mánuði og ætlað að taka 200 millj. út úr bankakerfinu, sem þegar er þannig stætt hjá Seðlabankanum, að það gerir ekki meira en að halda sléttum reikningum.

Ég tel mig hafa gert grein fyrir þeim mismun, sem er á því frv., sem hér er lagt fram, þeim aðferðum, sem við eru hafðar, og þeim frv., sem áður hafa verið lögð fram í sambandi við heimild til að taka innlent lán, og þeim starfsaðferðum, sem þá hafa verið við hafðar. Frv. lítur

eins út á pappírnum, en þegar það er brotið til mergjar, þá liggja allt aðrar ástæður fyrir flutningi þess, – ástæður, sem minni hl. fjhn. getur ekki samþ., en leggur hins vegar til, að gerð verði á frv. breyt. og flytur því brtt. á þskj. 101. Þar er lagt til, að 1. gr. frv. orðist svo:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands á árinu 1972 ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr."

Ef hæstv. fjmrh. telur það betra fyrir sig, þar sem hann er nýtekinn við starfi sínu, að heimild liggi fyrir um 200 millj. kr. lántöku á árinu 1972, þá munum við ekki hafa neitt við það að athuga, við munum ekki frekar en orðið er freista þess að fá upplýsingar um, til hvers fé skal notað, og við munum fallast á það, að á árinu 1972 verði aflað fjár að upphæð 200 millj. kr. í stað þess að á árinu 1971 var aflað fjár að upphæð 103 millj. kr. Verði hins vegar brtt. ekki samþ., þá teljum við, eins og ég hef nú gert grein fyrir, að hér sé um varhugaverða stefnubreytingu að ræða og merki um skipulagslaus vinnubrögð núv. ríkisstj., sem geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í peningamálum þjóðarinnar á næstu mánuðum, sem m. a. gæti birzt í því, að peningastofnanir landsmanna væru vanmegnugar í upphafi vertíðar næsta árs, og það yrði ekki til þess að efla atvinnulífið eða styrkja efnahagskerfið. Við munum því ekki styðja frv., ef brtt. sú, sem við flytjum á þskj. 101, verður felld.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta hér langar umr. um frv. á þskj. 78, sem hér liggur fyrir til 2. umr., enda hef ég óskað eftir því, að því yrði hraðað í gegnum þingið, og ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, þó hv. 1. þm. Reykn., frsm. minni hl. fjhn., telji, að núv. ríkisstj. hafi aðra stefnu og önnur vinnubrögð en kannske fyrirrennarar hennar, því að núv. stjórnarsinnar töldu þá stefnu ekki rétta, og ég hygg, að það sé eins frá hans hendi um okkar stefnu. Þetta leiðir að sjálfsögðu af því, að við erum ekki samherjar í stjórnmálum og hugsum þessi mál á annan veg.

Svo hlýtur það að sjálfsögðu að vera nokkuð annað að hafa aðeins nokkra mánuði til þess að undirbúa stór fjárhagsmál eins og fjárlagafrv. og þær aðrar aðgerðir, sem eru tengdar því, eins og núv. ríkisstj. hefur haft, en fyrirrennarar okkar, sem sátu hér ár eftir ár, voru auðvitað búnir að aðlaga vinnubrögð að sínum siðum og höfðu góðan tíma til þess að geta látið þetta falla saman. Það er því ekkert undarlegt, þó að við þurfum á fyrsta stigi málsins, eins og þeir þurftu á fyrstu stjórnarárum sínum, að hafa hraðari vinnubrögð og önnur en þeir höfðu á síðari stjórnarárum, sem leiddi af því, að þá voru þeir búnir að laga kerfið að sínum starfsháttum og því, sem þeir stefndu að.

Ég held, að það orki ekki tvímælis, að það er mikil þörf á því, að innlend lán séu fengin til framkvæmda á vegum ríkisins. Það er alveg óhugsandi, að það sé hægt að fjármagna þær framkvæmdir, sem hæstv. núv. ríkisstj. ætlar sér að vinna að, með fjárlagaafgreiðslunni einni saman, og það var ekki heldur hægt hjá fyrrv. ríkisstj., og það eru ekki heldur skynsamleg vinnubrögð að haga því þannig til. Það er líka stefna núv. ríkisstj. að reyna að vinna að því að ná til innlendra lána til framkvæmda á vegum ríkisins, eins og nokkur tök eru til, því að reynslan af erlendum lánum til framkvæmda, eins og t. d. vegagerðar, er slík, að inn á þá braut má að dómi núv. ríkisstj. ekki fara, nema aðrar leiðir séu gersamlega þrotnar. Þetta veit ég, að hv. 1. þm. Reykn. er mér sannarlega sammála um, enda er þar að finna bitra reynslu af því að taka erlend lán til framkvæmda í vegamálum. Þess vegna held ég, að við séum alveg sammála um það, að sú stefna sé rétt að afla innlends fjár til framkvæmda á vegum ríkisins, og einnig um það að afla lánsfjár til framkvæmda, því að annars yrðu þær allt of litlar, ef ætti að fjármagna þær eingöngu með fjárlagaframlagi.

Hitt er svo annað, sem hv. 1. þm. Reykn., frsm. minni hl., hefur haldið fram, að um einsdæmi væri að ræða, að ráðstöfun á fénu skuli ekki hafa átt sér stað, áður en leitað hafi verið eftir því, að lánsheimild væri gefin. Í því sambandi nefndi ég enska framkvæmdalánið, sem á sínum tíma var í raun og veru upphaf að þessari aðferð til að fjármagna ríkisframkvæmdir, og að sjálfsögðu féllst Alþ. á að afgreiða það mál, þó að fénu yrði síðar ráðstafað. Frá 85. löggjafarþingi 1964 hef ég frv. frá ríkisstj., sem þá sat, um innlent lán. Þar segir svo í 4. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Lánsfé því, sem aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstj. heimilt í samráði við fjvn. að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs."

Ekki var nú gerð grein fyrir því þá, með hvaða hætti ætti að nota þetta fé, heldur var heimildin fengin til þess að ná til fjárins, og síðar átti með samþykki Alþ. og í samstarfi við fjvn. að ráðstafa því. Það er heldur ekkert óeðlilegt, þegar ekki liggja fyrir, eins og nú er, drög að framkvæmdaáætlun, sem ég hef áður gert grein fyrir að ríkisstj. taldi sig ekki vera tilbúna til að leggja fram með fjárlagafrv. í haust, og ég tel, að það sé vel afsakanlegt, þótt svo hafi verið, með tilliti til þess tíma, sem ríkisstj. hafði þá setið, og tilliti til þess, að hún var að undirbúa frv. að Framkvæmdastofnun, sem snertir að sjálfsögðu verulega þetta mál, sem hér er verið að ræða um.

Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um viðskiptabankana, þá efast ég ekkert um það, að bankastjórar þeirra hafa talið, að þetta mundi þrengja þeirra kosti að einhverju leyti. Ég vil líka segja það, að það hafi verið umr. um það, ekki sízt núna seinni hluta sumarsins, að verulegt fjármagn væri í umferð hér á landi og meira en verið hefur og það svo, að það hafi haft áhrif á sölu fasteigna. Þess vegna bæri nauðsyn til að gera ráðstafanir til þess að draga úr þeim verðbólguáhrifum, sem þar gætu verið á ferðinni. Ég þekki það af heimsóknum í viðskiptabanka, að þar er eins og á öðrum bæjum aldrei of mikið um fjármagn. Það mun ekki verða nú heldur, ég efast ekkert um það. Ég vil hins vegar segja það, að núv. ríkisstj. hefur með ráðstöfunum sínum í sambandi við afurðalánin létt nokkuð á viðskiptabönkunum í lánastarfsemi þeirri, þannig að það er að sjálfsögðu og með eðlilegum hætti tekið tillit til þeirra, eins og vera ber.

Ég skal, eins og ég sagði áðan, ekki fara að þreyta neinar kappræður um þetta mál hér, það þjónar engum tilgangi. Ég tel, að rökin fyrir því, að frv. er seint fram

komið á árinu, séu stjórnarskiptin, sem fram fóru á miðju sumri, og hin nýja ríkisstj. þurfti að sjálfsögðu nokkurn tíma til þess að vinna að undirbúningi þeirra mála, sem hún er að vinna að. Hún hefur uppi áform um verulegar framkvæmdir á vegum ríkisins á næsta ári og stefnir að því að reyna að ná til þess eins mikla af innlendu fjármagni, að því leyti sem lánsfé á að nota, og möguleikar eru til. Hún vill einnig með þessu draga úr því, að verðbólguáhrif eigi sér stað, eins og rætt hefur verið um seinni partinn í sumar, vegna þess að fjármagn í umferð væri geysilega mikið. Það er á engan hátt nema eðli búmannsins að reyna að ná til fjárins, svo að eitthvað verði til, þegar til framkvæmdanna á að taka, og það ætti ekki að verða nein höfuðsynd hjá okkur, þótt við hefðum með þessum hætti safnað til framkvæmda á næsta ári, og ég er sannfærður um það, að hv. 1. þm. Reykn., – hann er svo mikill búmaður, – kann í hjarta sínu að meta það, hvað sem hann kann að segja í þessu efni.

Sigurður E. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ritað með fyrirvara undir nál. meiri hl. hv. fjhn. Nd. á því frv. til l. um heimild ríkisstj. til að taka innlent lán, sem hér liggur fyrir til umr. Af því tilefni hef ég kvatt mér hljóðs til að gera grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn og hver eru helztu rök mín fyrir honum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú um alllanga tíð hefur hv. Alþ. veitt ríkisstj. hvers tíma heimild til þess að taka innlent lán með þeim hætti, sem hér hefur verið gert ráð fyrir. Fyrst er heimild veitt árið 1964, og þá voru boðin fram til sölu spariskírteini fyrir 75 millj. kr. Síðan hefur slík spariskírteinasala verið árviss viðburður, og rök ríkisstj. hafa mér vitanlega ætíð verið í aðalatriðum hin sömu. Leitað hefur verið heimilda til spariskírteinasölu á þeim forsendum, að með þeim hætti væri verið að stuðla að almennum sparnaði og afla fjár til nauðsynlegra opinberra framkvæmda. Til þessa hefur Alþ. veitt heimildir til spariskírteinasölu fyrir 787 millj. kr., eftir því sem ég fæ bezt séð. Verði nú umbeðin heimild veitt, verður það til þess, að spariskírteinasala frá upphafi nemur um 1 milljarði kr.

Rök hv. ríkisstj. nú fyrir umbeðinni heimild eru efnislega í aðalatriðum hin sömu og áður. Tilgangurinn er að efla sparnað innanlands og draga þannig úr neikvæðum áhrifum þeirrar miklu þenslu, sem nú er í efnahagslífinu. Í annan stað er tilgangurinn að afla fjár til nauðsynlegra opinberra framkvæmda.

Alþfl. hefur allt frá 1964 talið þjóðhagslega rétt og hagkvæmt að efna til sölu á verðtryggðum spariskírteinum á þessum grundvelli, og frá þjóðhagslegu sjónarmiði er hann enn sama sinnis, þótt komin sé til valda í landinu ríkisstj., sem hann á ekki aðild að. Í þessu efni sem öðrum mun hann láta það ráða öllu um afstöðu sína, hvað hann telur þjóðarhag fyrir beztu.

Við meðferð þessa máls hefur verið upplýst, að fyrstu 8–9 mánuði þessa árs hefur sparifjáraukningin í peningastofnunum landsmanna numið um 19%, og er það meiri aukning en varð á sama tíma á s. l. ári, en hins vegar hefur útlánaaukningin orðið nokkru minni. Þá liggja einnig fyrir upplýsingar um það, að þótt nú kæmi til sala spariskírteina, er næmi 200 millj. kr. til viðbótar þeim 103 millj. kr., er spariskírteini voru seld fyrir fyrr á þessu ári, þá næmi spariskírteinasala ársins að fjárhæð samtals 303 millj. kr. þó ekki hærri prósentu af nettóinnlánaaukningu bankakerfisins á þessu ári en yfirleitt hefur verið undanfarin ár. Við meðferð málsins átti ég einnig von á því, að bankakerfið yrði mun andvígara þessari fyrirhuguðu skírteinasölu en í ljós kom, að mínu mati. Ég vil einnig fagna því, að sú breyting verður nú gerð, að skírteini verða skráð á nöfn kaupendanna.

Herra forseti. Ég legg áherzlu á það, að ég tel tvennt varða miklu um framkvæmd þessa máls, verði frv. að lögum. Í fyrsta lagi tel ég óhjákvæmilegt, að fram komi yfirlýsing af hálfu hæstv. fjmrh. um, að lánsfé þessu verði eigi varið nema eftir ákvörðun Alþ. Það kemur að vísu fram í 5. gr. frv., en ég tel þetta þó nauðsynlegt sakir þess, að í grg. þess er rætt um, að ríkisstj. muni „væntanlega“ gera till. til Alþ. um notkun þess. Í annan stað tel ég brýnt, að sala spariskírteinanna verði af hálfu ríkisstj. gerð í samráði við bankakerfið, þannig að tryggt sé, að það geti staðið við áður gerðar skuldbindingar sínar og hún verði eigi til að draga úr getu þess til að annast sem áður fjármögnun atvinnuveganna. Á þessum tveimur atriðum byggist minn fyrirvari, og í trausti þess, að hér takist vel til, hef ég ritað mitt nafn undir álit meiri hl. fjhn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er búið að ræða dálítið um þetta mál, en mér virðist ekki hafa verið lögð nægileg áherzla á aðalatriði málsins. Þau eru sérstaklega tvö. Í fyrsta lagi, að þetta eru óhagkvæm lán, vísitölubundin lán. Og mér er tjáð, að hverjar 100 kr., sem teknar voru að láni 1964, séu orðnar að 383 kr. nú, m. ö. o. hefur upphæðin nærri fjórfaldazt. Af þessu þarf að borga vexti og afborganir. Við vitum vel, hvernig fólk ber sig yfir því að taka þessi vísitölulán hjá húsnæðismálastjórn út á íbúðirnar sínar. Einstaklingar gera það ekki, nema þeir séu tilneyddir.

Í öðru lagi hefur það atriði ekki verið skýrt, að þetta skapar ranglæti í þjóðfélaginu. Það eru aðeins örfáir menn, sem eiga kost á því að vísitölutryggja sitt sparifé á þennan hátt, en fjöldinn verður alveg utan við það. Og það eru menn, sem eiga mikla peninga, sem það gera, því að þeir bíða nú sumir með peninga svo skiptir milljónum, til að geta keypt þessi bréf. Og á þann hátt búa þjóðfélagsþegnarnir ekki við sömu kjör hvað verndun sparifjárins snertir. Og það er ríkið, sem ætlar að ganga á undan og hefur gengið á undan með því að gera þetta misjafnt.

Ég get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði hér um daginn, að við eigum að gera okkar framkvæmdir sem mest með innlendu fé, einkum í góðæri, og ekki taka erlent fé að láni nema til framkvæmda, sem gefa verulegar beinar tekjur aftur. Hæstv. fjmrh. kom líka inn á þetta sama atriði. Þar er ég þeim alveg sammála. En hvernig í ósköpunum stendur á því, að ríkið er til neytt að taka þessi okjaralán? Síðan 1964 hefur gengið lækkað, svo að krónan er rúmlega tvöfalt minna virði miðað við skráð gengi, þannig að vísitalan hefur hækkað meira en gengisbreytingunni nemur, og ég sé ekki útlit á því, að vísitölunni verði haldið óbreyttri, því að yfirleitt fer verðlag í heiminum hækkandi. Auk þess eru líkur til verulegra kauphækkana, og við vitum allir,

að á s. l. ári hefur vísitölunni verið haldið niðri með geysilegum niðurgreiðslum. Hvað um það verður í framtíðinni, get hvorki ég né e. t. v. neinn annar fullyrt neitt. En það eru vægast sagt miklar líkur til, að vísitalan hækki verulega, jafnvel þó að gengisskráning haldist óbreytt.

Ég get ómögulega séð, að það sé þörf fyrir ríkið að taka svona óhagkvæm lán, bjóða út þessi bréf. Því fer það ekki í sinn eigin banka og biður um lán? Ég veit ekki betur en ríkið eigi alla aðalbanka landsins, og er nokkuð verra að taka lán í sínum eigin bönkum heldur en vera að bjóða út bréf, þar sem einstakir menn sitja algerlega fyrir kaupunum, því að menn t. d. úti á landsbyggðinni hafa litla möguleika á að fá þessi bréf keypt? Þau eru öll seld á svipstundu til peningamanna hér í bænum. Ég veit ekki, hvort Akureyri hefur fengið eitthvað smávegis, en ég dreg það mjög í efa. Hinir almennu sparifjáreigendur, sem eiga tiltölulega litlar upphæðir, hafa algerlega orðið af kaupum á þessum bréfum.

Við vitum ósköp vel, að það hefur verið þrengt að bönkunum á allan hátt. Í fyrsta lagi hefur með endurteknum gengislækkunum svo að segja verið upprættur allur sparifjáráhugi hjá fólki. Það hafa allir reynt að eyða sínum peningum, annað hvort í bíla, byggingar eða festa þá í einhverju, sem það hefur trúað, að héldi verðmæti. Það, sem er mest virði viðvíkjandi okkar fjárhag, er að skapa traust verðgildi peninga, þannig að fólkið vilji eiga peninga. Þá hefðu bankarnir nóga peninga, og þá þyrftu hvorki einstaklingar eða ríki að sæta neinum okjaralánum. En þetta tekur sinn tíma, því að það er búið að hvekkja fólkið hvað eftir annað.

Ég vil taka það fram, að ég held, að núv. ríkisstj. ætti að athuga það að þræða ekki alveg sömu slóð og fyrrv. ríkisstj. Vitanlega tók fyrrv. ríkisstj. upp á því að bjóða þessi lán út með þessum kjörum. En ég sé ekki endilega, að núv. ríkisstj. þurfi að þræða sömu götuna. Við getum aldrei gert mikið af viti í fjármálum, ef við ætlum að apa allt eftir fyrrv. ríkisstj. Við vorum vanalega á móti þessu, og enginn hélt betri ræður um þetta en hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson. Hann var bankamaður og skildi vel ganginn í bankakerfinu. Hann hélt góðar ræður um þetta atriði, sérstaklega hvað þetta þrengir að bönkunum. En það má öllum ljóst vera, að þetta eru okjaralán og fjármálaleg glópska að taka þau. Vitanlega er þetta tekið frá bönkunum, og það er mesti misskilningur að halda, að sparifjáreigendur eigi eitthvað meiri innstæður í heild, ef þetta er tekið út úr bönkunum. Þeir hafa aðgang að sínum bókum og geta tekið út alveg eins og þeim sýnist. Það verður ekki dregið úr neinni eyðslu með þessu móti. Það aðeins þrengir að viðskiptabönkunum. Ríkisstj. getur hæglega bætt úr því með því að lækka þá bindiprósentu, sem Seðlabankinn tekur af viðskiptabönkunum, lækka þá upphæð, sem viðskiptabankarnir verða að binda hjá Seðlabankanum.

Ég get vel skilið, að Seðlabankinn mæli með þessu. Hann hefur alltaf mælt með öllum vitleysum í fjármálum. Þeir sitja uppi á efsta lofti í Landsbankanum og segja viðskiptabönkunum að koma með peningana, sem þeir eigi að láta í Seðlabankann. Svo eru þeir á grænni grein. Hví lána þessir herrar það ekki sjálfir? Það virðist hafa verið helzta áhugamál þeirra að pína þessa viðskiptabanka.

Annars er þessi bankastarfsemi hér á landi þannig, að það er í raun og veru ekki hægt að biðja bankastjóra um lán. Þó að það séu ekki nema fáir tugir þúsunda, og krónan er ekki orðin mikils virði, þá er eins og þetta sé gert af einhverri náð, þó að margfaldar tryggingar séu boðnar. Peningarnir eru alls ekki til. Það er ekki af því, að þessir menn séu neitt verri en aðrir menn og vilji ekki gjarnan gera mönnum greiða. Þeir hafa bara peningana ekki til, sem er ósköp eðlilegt, þegar Seðlabankinn bindur verulegt fé fyrir þeim, og svo er búið að minnka krónuna fjórum sinnum í valdatíð fyrrv. stjórnar, þannig að verðmæti sparifjárins hefur alltaf minnkað, þó að krónunum hafi fjölgað.

Það er ekkert aðalatriði, sem sjálfstæðismenn halda hér fram, að það eigi að draga þetta þangað til næsta ár og bjóða þá út þessar 200 millj. Það er aðeins hagræði fyrir bankana nú fyrir áramótin, viðskiptabankana. En það er ekki nein sérstök fjármálavizka í því. Það á að endurtaka sömu vitleysuna, taka þessi vísitölulán. Stefnan er alveg jafnvitlaus, hvort sem hún er framkvæmd eftir áramót eða fyrir áramót. (Gripið fram í.) Þetta er bara vitlaus stefna, sem fyrrv. ríkisstj. fann upp og fór eftir, en við megum alls ekki fara eftir, ef við ætlum að gera eitthvað af viti. Það ætti að vera hæguinn hjá fyrir Seðlabankann að lána ríkinu án vísitölutryggingar þessar 200 millj. Honum yrði varla óglatt af að hækka bindifé um 1–2%, hefur boðizt brattara.

Út af fyrir sig er þetta ekkert atriði, hvort þessar 200 millj. yrðu samþykktar. Það getur farið svo, að ríkið fengi að borga þær með 400 millj. aftur eða 500 millj., en það ætti ekki að setja okkur á hausinn. En aðalatriðið er, að þetta er röng stefna. Það er aðalatriðið. Hún er ranglát gagnvart sparifjáreigendum, og hún er heimskuleg fyrir ríkið sjálft. Þetta eru höfuðatriðin. Hitt er svo annað mál, að þegar góðæri er eins og nú, þá er óhyggilegt að taka mikil lán til framkvæmda. Þá eigum við að leggja fé til sjálfir. Til hins getur verið ástæða, þegar vantar atvinnu, að ríkið taki þá lán til að bæta úr atvinnuskorti og framkvæma þá meira.

Ég álít, að það sé hægðarleikur, ef ríkisstj. vill, að breyta þessu frv. þannig, að þessar 200 millj. séu teknar til láns í Seðlabankanum. Það er alveg sama upp á gang framkvæmdanna, en er miklu hagkvæmara fyrir ríkið, og það er ólíklegt, að Seðlabankinn geti ekki lánað þessar krónur, þegar hann heldur, að viðskiptabankarnir eigi auðvelt með það, nú rétt fyrir áramótin, þegar bankinn gengur jafnríkt eftir að þeir fari ekki yfir strikið eins og hann gerir, þannig að ég er ekki í neinum vafa um það, að ef ríkisstj. fer þá leið að taka þetta lán í Seðlabankanum og hættir við þessi vísitölubréf sín, mundi ríkið græða á því, sennilega svo að skiptir hundruðum millj. Það er þess vegna, sem ég hef viljað benda á þetta atriði.

Þetta eru aðalatriði málsins í raun og veru. Þau eru ekki nema tvö. Það er óviturleg aðferð fyrir ríkið að taka svona lán, og það er jafnvel betra að taka þetta í sköttum af fólkinu, en það dregur ef til vill ofurlítið úr eyðslunni. En það, að fáeinir peningamenn fái að kaupa bréf með miklu betri kjörum en almenningur á nokkurn kost á, er ranglæti, og það dregur ekkert úr

eyðslunni, því að þessir menn, sem hafa verið svo forsjálir að eignast þessa miklu peninga, eyða ekki peningunum sínum í neina vitleysu. Þeir hafa einhvern veginn lag á að vernda þá, þannig að það ætti hverjum manni með nokkurn veginn skýra hugsun að vera ljóst, að þetta er óviturleg leið. Það er verra að verða að taka þessi lán en taka erlend lán, því að það hefði þá aldrei orðið lakara en það, að hverjar 100 kr. væru orðnar að rúmum 200 kr. frá 1964. En samkv. vísitölunni er mér tjáð, að þetta sé orðið 383 kr., hverjar 100 kr. Ég held, að það þurfi því enga fjármálagarpa til að sjá, að hér er um hreina vitleysu að ræða.

Ég vil alls ekki fallast á, að þm. séu vitlausari fjármálamenn en gerist og gengur, en það þarf bara óbreyttan alþýðumann til að sjá það, að þetta eru óhyggileg lán fyrir ríkissjóð og ranglát gagnvart sparifjáreigendum. En hitt gæti verið annað mál, ef ríkið vildi nú ganga inn á það að verðtryggja allt sparifé í landinu. Þá væri ekkert að segja um þetta. Ég er ekki mikill fjármálamaður, en ég sé, að hér er um fjármálaglópsku að ræða, og það hefur alltaf verið fjármálaglópska. Núv. ríkisstj. þarf að gæta þess að þræða ekki sömu götu og fyrrv. ríkisstj. í fjármálavitleysu.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það voru nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh., sem ég ætlaði að leiðrétta hér, en ég sé, að ráðh. er ekki hér inni. Einhvern tíma hefði verið beðið um, að í hann yrði náð og ræðuflutningur beðið á meðan. En ég veit, að ... Þarna kemur ráðh., svo að það er ástæðulaus biðin.

Út af orðum hæstv. fjmrh. varðandi frv. frá 1964, fyrsta frv., sem lagt var fram um heimild fyrir ríkisstj. til að taka innlent lán, þá vil ég vekja athygli hans á því, að þetta frv. er flutt síðla árs til þess að afla fjár til framkvæmdaáætlunar 1964, afla fjár til framkvæmdaáætlunar, sem þegar var hafin, en ekki hafði verið tryggt nægjanlegt fjármagn. Í ræðu, sem þáv. hæstv. fjmrh. flytur með þessu frv., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fé, sem fengist inn fyrir þessa skuldabréfasölu, mundi ríkissjóður fyrst og fremst nota til opinberra framkvæmda, en varðandi framkvæmdaáætlun fyrir árið í ár, 1964, sem aflað hefur verið fjár til með margvíslegum hætti, vantar nokkurt fé enn til þess að ljúka þar öllu að fullu."

Hér er alveg öfugt farið að. Það er komið með frv., áður en framkvæmdaáætlunin hefur verið samin. Í hinu tilfellinu er komið eftir á, þegar framkvæmdaáætlunin liggur fyrir, svo að þetta er ekki sambærilegt.

Um hitt, sem ráðh. minntist á, þann stutta tíma, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið og hún hafi ekki haft tækifæri til þess að undirbúa framkvæmdaáætlun, þá eru það rök út af fyrir sig, og ég tók undir það með hv. 5. þm. Austf., frsm. meiri hl. fjhn. En þá finnst mér, að það eigi að vera samræmi í hlutunum, og það sé þess vegna ekki ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að afla sér heimildar fyrr en hann hefur lokið við að semja framkvæmdaáætlun og leggja hana fyrir þingið. Við í minni hl. fjhn. erum tilbúnir til þess að samþykkja þetta frv. breytt þannig, að hann geti átt fullvíst, að útboð á 200 millj. kr. geti farið fram árið 1972.

Hv. 7. þm. Reykv., Sigurður E. Guðmundsson, gerði áðan grein fyrir afstöðu sinni. Hann ritaði undir nál. með fyrirvara, en ég held, að í því, sem hann sagði, hafi hann stutt öll þau sjónarmið, sem fram komu í ræðu minni varðandi það frv., sem hér er flutt, ef að lögum verður óbreytt.

Það hefur verið minnzt á, að hér sé gengið feti lengra í fjáröflun á innlendum vettvangi en áður. Með því að taka af bönkunum á þessu ári 303 millj., binda það þannig, þá eru u. þ. b. 40% af sparifjáraukningu viðskiptabankanna bundin, þ. e. a. s. 20% í Seðlabankanum, 10% með frjálsum lánum til opinberra framkvæmda og upphæð sú, sem hér er gert ráð fyrir að hækka úr 103 millj. í 303 millj., er u. þ. b. 10% af sparifjáraukningunni í ár. Það hefur aðeins komið fyrir í eitt skipti, að farið hefur verið yfir 10% og undir flestum kringumstæðum hefur sparifjárskírteinasala verið um 5% af þeirri sparifjáraukningu, sem verið hefur. En árið 1967, þegar engir sáu fyrir það, sem þá gerðist, fór sala þessara spariskírteina fram úr 10% af sparifjáraukningunni.

Ég vil undirstrika það við hæstv. fjmrh., að það stendur ekki á minni hl. fjhn. að veita honum heimild til lántöku á innlendum markaði á næsta ári fyrir 200 millj., til þess að hann sé þess fullviss að geta ráðstafað því fé. En eins og að þessu frv. er staðið og sala á þessum sparifjárskírteinum á að fara fram nú í des., þá getur minni hl. fjhn. ekki fallizt á það.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér finnst nokkuð mikill hluti af gagnrýni minni hl. ákaflega léttvægur. Hv. frsm. hans talar nokkuð mikið um vinnubrögð í sambandi við þetta frv. og vitnar í vinnubrögð fyrrv. ríkisstj. T. d. telur hann, að þau hafi verið sérstaklega ágæt gagnvart viðskiptabönkunum. Ég er nú ekki persónulega kunnugur því í einstökum atriðum. En það eru ýmis önnur vinnubrögð hjá þeirri ríkisstj., sem maður þekkti betur, og þau voru áreiðanlega ekki öll til fyrirmyndar. Það má minna á það, þegar hér voru teknir til skoðunar málaflokkar eins og skólamál, þá þótti ekki henta að taka nokkurn mann utan úr strjálbýlinu til þess að vinna að þeirri endurskoðun. Það væri hægt að finna fleira af þessu tagi. Og í sambandi við afgreiðslu lántökuheimildanna stundum áður, eins og t. d. 1970, þá voru vinnubrögðin hér gagnvart þinginu með þeim hætti, að þetta frv. var ekki hér til meðferðar fyrr en á allra síðustu dögum, þegar fyrir lágu jafnvel tugir stórmála, sem þurfti að afgreiða á tæpri viku, þannig að þinginu gafst enginn tími til þess að skoða málin, eins og skyldi. Og hvað það snertir, að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða notkun fjárins, þá kemur það fram líka hjá hv. frsm. minni hl., að þetta er heldur ekkert einsdæmi. Hann viðurkennir, að þetta sé jafnvel eðlilegra nú, þegar ný ríkisstj. situr, en stundum áður, svo að allt, sem snertir þessa þætti í málflutningi hv. frsm. minni hl., þá finnst mér það fremur þýðingarlítið og léttvægt. Meginatriðið, sem hér er um að ræða og ágreiningur er um, er það, hvort rétt sé að ganga í það nú að afla þessa fjármagns á innlendum lánamarkaði. Það liggja fyrir vissar staðreyndir, sem ég vék raunar að í minni fyrri ræðu og vil nú aðeins árétta. Það liggur fyrir, að innflutningur til landsins hefur aukizt gífurlega. Það virðist því vera

mjög mikil kaupgeta í landinu, og það hefur líka komið fram í sambandi við sölu fasteigna, eins og einhver hv. ræðumaður minntist á hér áðan, að sala fasteigna hefur mjög örvazt nú í sumar. Þetta eru staðreyndir. Síðan verða menn að meta þetta, þetta er matsatriði, og það er hægt að deila um þetta. En í huga okkar, sem fylgjum þessu frv., er m. a. af þessum grundvallarástæðum ástæða til að heimila að bjóða þetta lán út nú. Á sama hátt er auðvitað matsatriði, hver sé staða viðskiptabankanna. Það verður þó að leggja töluverða áherzlu á það, að það er verulega greitt fyrir þeim með þeirri breytingu, sem nú verður á afurðalánunum frá hálfu Seðlabankans. Það er mjög verulega greitt fyrir þeim með því, þó að hér liggi ekki fyrir tölulegar upplýsingar um, hversu mikil sú fyrirgreiðsla verður í krónum.

Það er skoðun Seðlabankans, að þessar aðgerðir séu eðlilegar. Hins vegar eru viðskiptabankarnir, og það mun áður hafa verið þeirra afstaða í þessum málum, neikvæðir gagnvart útboðinu nú. En ég vil árétta það, sem ég drap á í framsöguræðu, að það liggur ekki fyrir nein „statistik", sem sýnir það ótvírætt, að lánsútboðin á innlenda lánamarkaðinum að undanförnu hafi haft afgerandi áhrif á stöðu viðskiptabankanna, á innlánin í viðskiptabönkunum. Og það finnst mér töluvert mikið atriði í þessu máli. Ég viðurkenni það, að einnig þetta, sem snýr að viðskiptabönkunum, hlýtur að vera matsatriði, en mat okkar, sem frv. fylgjum, er það, að lánsútboð nú sé réttmæt ráðstöfun.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér þótti athyglisvert í máli hæstv. fjmrh. áðan, þegar hann var að tala um þetta mál, að hann var að tala um, að það væri of mikið fjármagn í umferð í efnahagskerfinu. Orðrétt held ég, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að það væru umr. um það, að það væri of mikið fjármagn í umferð í efnahagskerfinu, jafnvel svo að áhrif hefði haft á verð fasteigna. Hann taldi líka, að þetta frv., ef að lögum yrði, mundi draga úr verðbólguáhrifum, sem ættu sér nú stað. Þetta finnst mér afar merkileg ummæli hjá hæstv. fjmrh. og einnig þau, sem komu æ ofan í æ fram í máli frsm. meiri hl. fjhn., 5. þm. Austf., að hér væri of mikil kaupgeta og því bæri brýna nauðsyn til að þetta frv. yrði keyrt hér í gegn á hv. Alþingi.

Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh., ef þetta er svo, að nú verði 200 millj. kr., sem yrðu teknar með þessum hætti út úr efnahagskerfinu til þess að draga úr verðbólguáhrifum, hversu miklu meiri áhrif álítur fjmrh., að 1000 millj. kr. aukning á fjármagni í efnahagskerfinu hafi haft í för með sér í þá átt að kynda undir verðbólgu, sem hefur verið sannanlega veitt út í efnahagskerfið og engra tekna aflað í staðinn úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Mér er alveg fyllilega ljóst, að þessar 1000 millj. kr. voru veittar til þarfra hluta. Þær voru m. a. veittar til þess að hækka ellilaun. En áhrifin á efnahagskerfið eru nákvæmlega þau sömu. Gamla fólkið geymir ekki þetta fé undir koddanum sínum, það kaupir fyrir það, og þessar 1000 millj. kr. eru sennilega búnar að fara í gegnum efnahagskerfið a. m. k. tvisvar ef ekki þrisvar sinnum, síðan þær voru greiddar. Álítur fjmrh., að þetta hafi ekki verið ráðstöfun, sem kynt hafi undir verðbólgu, vegna þess að ekki var aflað fjár í staðinn? Ég fæ ekki séð, að það sé hægt að tala um það, að 200 millj. kr., sem ætlazt er til að taka út úr efnahagskerfinu með þessum hætti nú, dragi úr þessari verðbólgu, en láta það óátalið af hæstv. fjmrh., að þetta skyldi gert á sínum tíma.

Ég vil líka benda hæstv. fjmrh. á það, að í raun og veru er til leið til þess að afla þessa fjármagns á þann hátt, sem var einkar vinsæll af fyrrv. stjórnarandstöðu, ef núv. ríkisstj. vildi fara þá leið, sem stjórnarandstaðan vildi fara á sínum tíma, en það er að aflétta bindingu á fé í Seðlabankanum eða frystingu. Ég vil taka skýrt fram, að ég er ekki að mæla með þessu, vegna þess að þetta hefði í för með sér slíkt verðbólguflóð, að það yrði óviðráðanlegt. Þessa var hins vegar æ ofan í æ krafizt af stjórnarandstöðunni á sínum tíma.

Ég held, að það væri æskilegt að fá upplýst hér um þessi atriði. Ég held, að þau séu mikilvæg fyrir okkar efnahagskerfi. Þessar 200 millj. kr., sem aflað verður núna með útboði þessa láns, ef þetta frv. verður að lögum, koma fyrst og fremst frá fólki, sem á sparifé og hefði ætlað að eiga sparifé í langan tíma. Þeir kaupa spariskírteini, sem eru til langs tíma, sem eiga fé og ætla sér að eiga fé lengi. Þess vegna er þetta fólkið, sem á fé inni í bönkum, sem kaupir þessi spariskírteini, og með þessum hætti dregur sáralítið úr kaupgetu fólks vegna þessa útboðs. Þetta vita allir, sem eitthvað hafa skoðað efnahagsmál og eitthvað vita um það, hvernig þau lögmál eru.

En mér þætti, herra forseti, vænt um það, ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa d. um það, hvort hann teldi, að það hefði verið rétt ráðstöfun fjármálalega að veita 1000 millj. kr. út í efnahagskerfið á sínum tíma án þess að gera ráðstafanir til þess að afla fjár í staðinn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. út af þessum 1000 millj., þá veit ég ekki, hvaðan honum kemur sú tala. Það virðist hafa vaxið í augum þessa hv. þm., að núv. ríkisstj. skyldi meta gamla fólkið og öryrkjana svo mikils, að þangað yrðu hennar fyrstu ráðstafanir látnar ganga. En það voru engar 1000 millj., sem voru til þeirra verka, svo að hv. þm. er hér með einhverjar aðrar tölur en ég get gert mér grein fyrir. Ég vil líka segja það, að ég hygg, að sparifjársöfnun sé nú kannske einna mest hjá þessu fólki, og það væri þá kannske ekkert úr vegi, að eitthvað af þessu fólki gæti breytt þessum aurum sínum yfir í verðtryggð ríkisskuldabréf, og það ætti það sannarlega skilið, því að svo illa hefur verðbólgan farið með það.

Ég hef látið þá skoðun í ljós áður og get endurtekið það, að efnahagskerfi íslenzku þjóðarinnar verður aldrei bjargað með því að ætla að bjarga því á kostnað þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Hvorki verður komið í veg fyrir verðbólgu né á neinn hátt hægt að bjarga fjármálum ríkisins með þeim hætti. Það var yfirlýst stefna núv. ríkisstj. Ef hv. þm. telur, að þær ráðstafanir, sem þarna voru gerðar, hafi verið til að auka verðbólgu, þá ætti hann ekki að telja það fráleitt að gera nú aðrar ráðstafanir til þess að draga úr verðbólguáhrifum, því ekki er hægt að deila samtímis á hvort tveggja. Og ef á svo að fara enn á ný til þess að koma í veg fyrir verðbólguráðstafanir að losa um það fé, sem Seðlabankinn hefur bundið frá viðskiptabönkunum, þá sé ég ekki samhengi þar á milli, en tel hins vegar, að

núv. ríkisstj. hafi tekið þar rétt á, þar sem Seðlabankinn mun nú lána meira fé til atvinnuveganna en áður gerðist, og það var einn meginþátturinn í ádeilu okkar í sambandi við verðbindinguna, að hún skyldi ekki leiða til meiri stuðnings við atvinnuvegina en hún þá gerði.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég fékk því miður ekki svar við spurningu minni frekar en fyrri daginn. Ég spurði bara einfaldlega eftir því, hvort hæstv. fjmrh. teldi ekki, að þessi ráðstöfun hefði verið frá efnahagslegu sjónarmiði varhugaverð, að greiða 1000 millj. kr. út í efnahagskerfið án þess að afla nýrra tekna í staðinn. Ég sagði einmitt, að þessum 1000 millj. kr. hefði verið varið til ýmissa góðra hluta. Hvenær höfum við ekki á Íslandi mál, sem við getum fundið, sem hægt er að styðja með því að greiða til fjármagn? Er búið að hækka ellilaun nóg? Höfum við framkvæmt allt, sem við þurfum að framkvæma hér á Íslandi? Vandinn í þessu efni er ekki sá að finna verkefnin, heldur að finna fjármagn til þeirra. Og það er ekki fjármagn, sem í raun og veru er greitt án þess að afla tekna frá hálfu hins opinbera. Það er það sama og að gefa út fleiri ávísanir á sömu verðmæti, gefa út fleiri seðla. Ég held, að þessu fé hafi verið varið, sem betur fer, til margra góðra hluta. En ég held, og ég held að allir hljóti að vera sammála um það, sem eitthvert vit hafa á efnahagsmálum, að þetta hafi verið varhugaverð ráðstöfun, vegna þess að ekki var aflað fjár í staðinn.

Út af því hvort þessar 200 millj. kr. mundu þá ekki draga úr verðbólgu og hvort það sé þá ekki ósamræmi í því að vera á móti því, get ég lýst yfir þeirri skoðun minni, að ég er ekki á móti því að afla þess fjár í ríkissjóð. En ég held, að það sé varhugavert að gera það nú á þessum tíma. Það hefði átt að gerast á sama ári og framkvæmdir áttu að fara fram fyrir þetta fé, álít ég, vegna þeirra áhrifa, sem það hefur á getu viðskiptabankanna til þess að sinna þeim verkefnum, sem þeim er falið í þjóðfélaginu og hefur verið hér rætt um áður.

En ég harma það, að hér er reynt að snúa út úr þessu máli mínu á þann hátt, að ég sé hér að draga úr því, að það hafi þurft að gera þá hluti, sem hæstv. ríkisstj. gerði á sínum tíma. Það hef ég ekki gert. Ég hef hins vegar gagnrýnt það, að hún skyldi ekki afla til þess fjár, vegna þess að hitt er að gefa út falskar ávísanir.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e., að allt það fé, sem aflað verður með innlendu lánsútboði, sé tekið út úr bönkunum, þá vil ég bara benda á það, að þótt auðvitað sé eitthvað af sparifé tekið út og notað til þess að kaupa fyrir bréf, þá er það alveg jafnvíst, að á sama tíma hefði hluti af því fé verið tekið út úr bönkunum til annarra nota, til þess að kaupa fasteignir ellegar aðrar eignir, sem viðkomandi aðilar telja að rýrni minna en venjulegt sparifé í banka. Það er hægt að deila um þetta endalaust, eins og ég sagði áðan. Þetta er matsatriði. En ég árétta það enn, sem ég hef sagt áður, að það liggja engar tölulegar upplýsingar fyrir um, að það hafi flætt fé út úr viðskiptabönkunum á þeim tíma, þegar innlendu lánin hafa verið boðin út að undanförnu, og það segir vissulega sína sögu.

ATKVGR.
Brtt. 101 felld með 18:10 atkv.
1. gr. samþ. með 21:9 atkv.
2.–6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 78 hefur ríkisstj. leyft sér að flytja frv. til l. um innlent lán. Hér er um að ræða, að leita eftir heimild til handa ríkisstj. til að taka innlent lán, allt að 200 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að form það, sem verður notað við lántöku þessa, verði hliðstætt því, sem verið hefur um hliðstæðar lántökur, að spariskírteinaformið verði valið. Reglur um þessar lántökur eru hliðstæðar því, sem áður hefur verið, að öðru leyti en því, að spariskírteinin verði skráð á nafn. Kjörin eru hliðstæð því, sem er á sparifé landsmanna, að bæði skírteinin og vextir af þeim eru undanþegin sköttum og framtalsskyldu.

Ástæðan til þess, að leitað er eftir þessari heimild nú, er sú, að ríkisstj. hefur ákveðið að reyna að koma því fram að selja þessi skírteini þegar á þessu ári vegna framkvæmda þeirra, sem gera á á næsta ári. Eins og kunnugt er, tók þessi ríkisstj. til starfa á miðju ári og hefur því ekki getað tímans vegna og m. a. vegna þess, að hún er að breyta í nokkru þeirri stofnun sem vann að framkvæmdaáætlun, lagt fram framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár, en hún verður lögð fram síðar hér á hv. Alþ. Það eru hins vegar taldar líkur fyrir því, að nokkuð góður verðbréfamarkaður ætti að vera nú, og af þeim ástæðum, vill ríkisstj. ekki sleppa þeim möguleika, sem gæti verið til þess að selja slík verðbréf nú vegna framkvæmda á næsta ári, sem ríkisstj. ætlar sér að vinna að.

Það hefur nokkur umr. farið fram um það í hv. Nd., að ekki væri eðlilegt að leggja fram slíkt frv. sem þetta án þess að gera um leið grein fyrir því, hvaða verkefni það væru, sem ætti að nota féð til, ef bréfin seldust. Eins og fram hefur komið þar, eru hliðstæð dæmi þar um, og ástæðan fyrir því er einmitt sú, sem ég gat um áðan, að tímaskortur hefur orðið til þess og formbreyting, sem verður á Efnahagsstofnuninni, gerir það að verkum, að það hefur ekki þótt ástæða til eða hægt að gera drög að framkvæmdaáætlun, sem fylgdi fjárlagafrv., eins og gert hefur verið á síðari árum. En á verkefnum á vegum ríkisins á næsta ári mun ekki verða skortur, og það hefur komið fram hjá ríkisstj., að hún stefnir mjög að því að leita eftir innlendu fjármagni til framkvæmda, þar sem fjármagnað verður af fjárlögum, t. d. til mála-

flokka eins og vegamála og fleiri hliðstæðra, raforkuframkvæmda og slíks.

Ég minni á það, að þegar ríkisstj. á sínum tíma tók enska framkvæmdalánið, þá var lagt hér fram á hv. Alþ. frv., án þess að ráðstöfun lægi fyrir á því fé, sem þar var verið að leita heimilda til lántöku um, og á 85. löggjafarþinginu, 1964, fékk ríkisstj. einnig heimild til innlendrar lántöku, og í 4. gr. þess frv. sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lánsfé, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstj. heimilt í samráði við fjvn. að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs."

Þess vegna eru fordæmi fyrir því, að ekki hefur legið fyrir ráðstöfun á því fé, sem leitað er lánsheimildar fyrir, en að sjálfsögðu mun þessu fé verða ráðstafað af Alþ. síðar við afgreiðslu í sambandi við framkvæmdaáætlunina.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar og leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Efnislega hef ég ekkert að athuga við það, að ríkisstj. leiti eftir að fjármagna framkvæmdaáætlun ríkisins á þann hátt, sem hér er lagt til. Ég hef sem fjmrh. undanfarin 6 ár lagt árlega fram frv. í þessu skyni og með mjög svipuðum hætti og hér er gert, þ. e. a. s. kjörin á bréfunum eru mjög svipuð, og sú eina breyting gerð þar á, að gert er ráð fyrir, að bréfin verði nafnskráð, sem ekki hefur áður verið, en það tel ég ekki skipta neinu meginmáli varðandi afstöðu til málsins að þessu leyti. Ég efa ekki heldur, að það sé þörf fyrir það í sambandi við framkvæmdaáætlun ársins 1972 að leita eftir fjármagni eftir svipuðum leiðum og gert hefur verið undanfarin ár, þó að ég hafi verið í nokkrum vafa um það, miðað við það sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram undanfarin ár, að það mundu verða neinar verulegar upphæðir í þessu sambandi, vegna þess að hann hefur gagnrýnt það töluvert mikið, að það væri verið að taka lán til framkvæmda, sem eðlilegra væri að fjármagna með beinum ríkisframlögum, því að með þessum hætti væri aðeins verið, eins og ég held að hann hafi orðað það, að binda framtíðinni bagga á herðar. Ég skal ekki deila á hann um það, hvað kemur út úr því dæmi. Það liggur ekki hér fyrir, og það er ekki heldur hægt að ætlast til þess í rauninni, að það liggi fyrir. Eins og hann sagði, kom ríkisstj. ekki það snemma til valda, að þess væri að vænta, að hægt væri að láta drög að framkvæmdaáætlun fylgja fjárlagafrv., eins og verið hefur nú síðustu árin, þótt ég hins vegar telji, að það sé mjög bagalegt, ef ekki er hægt að gera Alþ. grein fyrir því, áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur, hvaða framkvæmdir það eru, sem ætlunin er að fjármagna með lánum. Jafnvel þó að svo verði, tel ég ekki ástæðu til að vera á móti þessu máli þess vegna.

Það eru hins vegar aðrar hugleiðingar, sem vakna þegar þetta frv. er rætt. Það er í fyrsta lagi, hvaða nauðsyn beri til þess að afla þessa fjár nú. Hæstv. ráðh. segir, að horfur séu á, að nú sé góður markaður fyrir þessi bréf. Það hefur síðustu árin aldrei vantað markað fyrir þessi bréf. Það hefur verið biðlisti í bönkum af fólki, sem hefur viljað eignast þessi bréf, því að hér er um slíka verðtryggingu að ræða, að sparifjáreigendur leita að sjálfsögðu mjög eftir því að tryggja fé sitt með þessum hætti. Ég held, að ef nokkuð sé, þá séu minni líkur til, ef ætlunin er að ná til hins almenna sparifjáreiganda, að selja bréfin nú, einmitt nú þegar útgjöld fólks fara sérstaklega vaxandi vegna jólahátíðar, sem er nú á næsta leiti, og allir þekkja, að hinn almenni borgari eyðir þá mun meira fé en ella.

Ég sé ekki heldur, hvaða nauðsyn er á að bjóða þetta lán út nú. Ég þykist að vísu vita, að það sé efnislega eitt atriði hjá eftirmanni mínum, hæstv. fjmrh., sem veldur því, að hann hefur áhuga á að fá fé í sjóð sinn nú, og það er staða ríkissjóðs við Seðlabankann, sem ef til vill er ekki sem allra bezt. Ég ætlast ekki til, að verði farið að taka upp umr. um það hér, það er hægt að fá upplýsingar um það væntanlega í n., hvernig sú staða er, en ég skil hann mætavel og hefði vafalaust hugsað það sama og hann, að maður hefði gjarnan viljað sýna þá stöðu nokkru skárri. Þetta eru einu rökin, sem geta verið fyrir því að bjóða lánin út nú, því séu það rök, að með þessu sé verið að vinna gegn þenslu í þjóðfélaginu, þá hefur það nú vissulega verið gert í mjög ríkum mæli að dreifa út fé, sem jafnvel hefur ekki allt verið til í kassa, á undanförnum mánuðum. Með þessu er ég ekki að segja, að það hafi ekki verið gert til mjög þarfra hluta, eins og ég þykist líka vita að eigi að nota þetta fé, en alla vega verður ekki hjá því komizt að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif það hefur á þensluna í þjóðfélaginu.

Það, sem veldur því aðallega, að ég er andvígur því, að þessi heimild sé notuð nú, þótt efnislega sé ég sammála málinu að öðru leyti, og ég tel sjálfsagt á næsta ári að nota að vissu marki þessa heimild, er það, að þetta er gert á þessum tíma og algjörlega komið aftan að bankakerfinu. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að undanfarin ár hefur verið samið við viðskiptabankana um fjármögnun í þessu efni, og það hefur alltaf verið lögð á það hin ríkasta áherzla hjá bönkunum, þegar þeir hafa samið, að leggja fram 10% og eitt ár 15% af sparifjáraukningunni til framkvæmdaáætlunar ríkisins, að þá væri hafður verulegur hemill á útgáfu spariskírteina og haft samræmi þar á milli. Þeir hafa jafnan óskað upplýsinga um það, áður en þeir hafa fallizt á þetta samkomulag, hvað ætlunin væri að gefa út í spariskírteinum. Þetta, sem hér er ætlunin að gera, ef það er ætlun hæstv. ráðh. í alvöru að nota þessa heimild fyrir áramót, er að gefa út á þessu ári spariskírteini, sem nema rúmum 300 millj. kr., en áður hefur hæst verið gefið út af nýjum spariskírteinum 132 millj. Það hefur því valdið stórfelldum ugg í bankakerfinu, að þessi ákvörðun skuli hafa verið tekin af hæstv. ríkisstj., og ber að þessu leyti að harma hana, því að það er augljóst mál, að þetta gerist á versta tíma fyrir bankana, þegar þeir eiga í langmestum erfiðleikum varðandi lánsfé, og er í rauninni að meira eða minna leyti verið að þrengja í stórum stíl að atvinnuvegunum, hvað þá borgurunum almennt, sem verður yfirleitt að neita um lán síðustu mánuði ársins. Þessi vitneskja, sem hér er fengin um 200 millj. kr. nýtt lánsútboð, sem ég efast ekkert um, ef notuð verður, að þá selst það að fullu fyrir áramót, hlýtur að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir bankakerfið, þó að það kunni eitthvað að rétta stöðu ríkissjóðs

gagnvart Seðlabankanum, þá hefur það þau áhrif aftur á móti að gera stöðu viðskiptabankanna þeim mun verri og þrengja að atvinnuvegunum og borgurunum almennt um möguleika til þess að fá lán nú næstu mánuði, a. m. k. næsta mánuð.

Þetta tel ég hið eina, sem er alvarlegt við þetta mál, og þó að ég telji vel geta komið til mála að fjármagna meira en verið hefur, eins og hæstv. ráðh. sagði, framkvæmdir með innlendu lánsfé, þá verður það auðvitað að byggjast á einhverju samræmi og samvinnu við bankakerfið, samræmi við sparifjáraukninguna á hverjum tíma og samræmi við það, hvað er farið fram á, að látið sé af sparifjáraukningunni til framkvæmdaáætlunarinnar, og auk þess þarfa atvinnurekstrarins fyrir rekstrarfé, sem er stórvaxandi.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þó að vísu sé verðstöðvun, þá er því ekki að leyna, að vaxandi fer rekstrarfjárþörf atvinnuveganna, m. a. vegna stóraukinnar veltu í mörgum atvinnugreinum og aukinna umsvifa í mörgum greinum þjóðfélagsins, sem má vera að sé of mikil, en hefur þó átt sinn þátt í því, að atvinnuleysi er horfið. Því er lánsfjárhungur í mörgum greinum.

Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram í sambandi við þetta mál, ekki af neinum fjandskap við þá hugsun, sem liggur á bak við það hjá hæstv. ráðh., heldur til upplýsinga fyrir hv. dm. um það, að ég tel uggvænlegt að bjóða þetta lán út nú fyrir áramótin. Og ég minni enn á það, að hæstv. ríkisstj. hefur í málefnasamningi sínum farið mörgum orðum um nauðsyn þess að hlynna að atvinnuvegunum, bæði varðandi stofnlán og rekstrarlán. Hér liggur t. d. fyrir Alþ. till., flutt af stjórnarsinnum sjálfum, um að stórbæta aðstöðu iðnaðarins til lánsfjáröflunar. Varðandi þann banka, sem ég þekki til, þá lendir það á mjög óhagkvæmum tíma, vegna þess að við horfumst nú í augu við vandamál, sérstaklega afurðalán landbúnaðarins, sem er mjög þungur baggi, og á næstu mánuðum verður sjávarútvegurinn að sjálfsögðu vandamál annarra viðskiptabanka.

Herra forseti. Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Þessu máli hefur verið hreyft í Nd., án þess að það hefði haft nokkur áhrif á hæstv. ráðh., sem ég harma, og ég vil vænta þess, að hann vilji þó enn íhuga það, jafnvel þó að þessi heimild fáist, að fara með hófsemi í þetta lánsútboð, vegna þess að ég fullyrði, að það er engin nauður, sem rekur til þess að bjóða þetta lán út nú fyrir jól af ótta við það, að þessi bréf seljist ekki eftir á, eins og þau mundu seljast nú. Að svo miklu leyti sem hér er ætlunin að ná til fjár, sem ella færi í eyðslu, þá er því miður því til að svara, að reynslan er sú, að meginþorrinn af þessu fé fer út úr banka- og sparifjárkerfi landsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 78, n. 110 og 112, 111).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 78. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og skrifar hv. 5. þm. Reykn. undir nál. með fyrirvara. Minni hl. fjhn. skilar séráliti.

Frv. þetta, sem hér um ræðir, er komið frá Nd. Við meðferð málsins þar kvaddi fjhn. á sinn fund bankastjóra Seðlabankans og fulltrúa frá viðskiptabönkunum og ræddi efni frv. við þá. Fulltrúi Seðlabankans mælti með frv., en fulltrúar viðskiptabankanna höfðu af því nokkrar áhyggjur og töldu, að verulegur hluti andvirðis hinna seldu bréfa yrði dreginn út úr veltu viðskiptabankanna. Um það, hver sú upphæð gæti raunverulega orðið, lá þó ekkert fyrir.

Efnislega hafa þm. yfirleitt verið sammála um, að það væri rétt stefna að taka innlent lán og fjármagna þannig að hluta til framkvæmdir ríkisins innan ramma framkvæmdaáætlunar hverju sinni. Hins vegar hefur á undanförnum árum orðið nokkur ágreiningur um skilmála bréfanna varðandi framtalsskyldu og útgáfu þeirra til handhafa. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er nokkuð komið til móts við þá gagnrýni, sem uppi hefur verið höfð, því að nú er gert ráð fyrir, að bréfin verði skráð á nafn, og verður að telja það til bóta.

Það hefur verið gagnrýnt, að ekki lægi fyrir, til hvers nota skyldi þetta fé, sem fæst, þar sem ekki lægi fyrir framkvæmdaáætlun fyrir árið 1972. Það kom þó fram hjá nm., bæði í meiri hl. og minni hl., að það væri tæpast von eða a. m. k. væri það skiljanlegt, að slík áætlun væri ekki fullbúin, þar sem ríkisstj. hefði setið skamman tíma. Hins vegar liggja fyrir endurteknar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um, að andvirði þessa láns verði að sjálfsögðu ráðstafað af Alþ. í sambandi við afgreiðslu framkvæmdaáætlunar ársins 1972 síðar á þessu þingi.

Hæstv. fjmrh. hefur látið þá ósk í ljós, að unnt yrði að hraða afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. fjhn. vill ganga til móts við þessar óskir nú og leggur til, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir nú hafa verið lagður þungur baggi á herðar hv. 4. þm. Vestf. að þurfa að tala fyrir þessu máli. En hann kiknaði ekkert undir því, sem hans var von og vísa, því að hann er hraustmenni. Hins vegar vakti það athygli mína nokkuð, hvernig hann byggði upp sína ræðu. Hann vék að því, að það hefði verið gagnrýnt, að ekki lægi fyrir, til hvers ætti að nota þetta fé. Það hefur ekki verið gagnrýnt hér í þessari hv. d., og þegar ég við 1. umr. málsins fór um frv. nokkrum orðum og gagnrýndi það, þá var það einmitt alls ekki á þeim grundvelli, vegna þess að ég taldi, þó að það væri æskilegt, og undanfarin ár hefur jafnan verið gerð grein fyrir því við öflun þessa fjár, að þá væri, eins og sakir stæðu nú, alls ekki hægt að ætlast til þess, að þessi áætlun um notkun fjárins lægi fyrir.

Ég gagnrýndi hins vegar málið út frá allt öðrum sjónarhóli, og mér þætti mjög vænt um að fá að heyra skoðun hv. frsm. meiri hl. á því atriði. Það var, að þetta lán væri boðið út að tilefnislausu, vegna þess að það er

ekkert, sem bendir til þess, að það sé ekki hægt að selja þessi skuldabréf alveg eins eftir áramót og fyrir áramót. Og það hefur aldrei gerzt áður, að þessa fjár til framkvæmdaáætlunar hafi verið aflað árið áður en á að nota það. Það liggur fyrir, að það á ekki að nota það á þessu ári, og það, sem ég gagnrýndi, var einmitt, að það skyldi ætlunin að bjóða þetta lán út, þegar verst gegnir fyrir viðskiptabankana og lánakerfið í landinu, og það er áreiðanlega vel kunnugt þessum hv. þm., að það stendur í hvað stríðustu um þessar mundir, rétt fyrir áramótin, og þetta mundi leiða til þess, að það mundi valda samdrætti í útlánum til atvinnuveganna og almennings, einmitt þegar erfiðast væri fyrir bankakerfið, en hins vegar væri um miklar þarfir atvinnuveganna að ræða. Það var þetta, sem ég gagnrýndi, og það er á þessum grundvelli og með þessum röksemdum, sem við í minni hl. fjhn. leggjum til, að 1. gr. frv. verði breytt þannig, að útboð lánsins eigi sér ekki stað fyrr en eftir áramót.

Úr því að framkvæmdaáætlunin er ekki til og verður ekki til fyrr en eftir áramót, þá er engin ástæða til þess að bjóða út þetta lán nú og valda þeim vandræðum, sem hljóta að verða á lánamarkaðinum, og truflunum fyrir bankakerfið, sem leiðir af þessu lánsútboði. Hér er um næstum þrefalda upphæð þess fjár að ræða, sem undanfarin ár hefur verið aflað með spariskírteinum, og það hefur verið föst regla undanfarin ár, að það hefur verið gengið út frá því í samningum við bankakerfið, sem leggur, eins og hv. þm. tók fram, 10% af sparifjáraukningu til fjárfestingarlánasjóðanna innan framkvæmdaáætlunarinnar, að bönkunum yrði þá gerð grein fyrir því, hvað ætti að gefa út mikið af spariskírteinum. Heimildin í ár hefur verið notuð, og hér er ætlunin að gefa út 200 millj. í viðbót, sem er auðvitað algerlega að koma aftan að bönkunum í þessu sambandi og hlýtur að verða til þess að torvelda samkomulag við bankakerfið á næsta ári í sambandi við framkvæmdaáætlunina þá.

Ég held, að það væri þess vegna öllum fyrir beztu, að það væri fallizt á þá brtt., sem við höfum leyft okkur að flytja við frv., að þetta lánsútboð eigi sér ekki stað fyrr en eftir áramót. Við erum alveg samþykkir frv. að öðru leyti, enda engin ástæða til, að um það verði ágreiningur, og það er ekkert óeðlilegt að afla fjár með þessum hætti. Það hefur verið gert um 6 ára bil. Hins vegar vörum við alvarlega við því, að farin sé þessi leið, sem hæstv. fjmrh. ætlar sér hér að fara, að draga út úr lánakerfinu peninga, sem hér er gert ráð fyrir, um 200 millj. kr. Ég veit, að hv. frsm. meiri hl., sem er bankastjóri, veit mætavel, að meginhlutinn af þessu fé hefur á undanförnum árum farið út úr lánastofnunum, en hefur ekki leitt til mikils aukins sparnaðar. Það hefur að vísu eitthvað verið, en það er aðeins sáralítið hlutfall af því, sem selzt hefur.

Herra forseti. Við leggjum til, að frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem um getur á þskj. 111, en ef sú brtt. verður ekki samþ., þá leggjum við til, að frv. verði fellt, ekki vegna þess að við séum efnislega á móti því, heldur af því, að það sé algerlega ótímabært.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á nál. 112 skrifa ég undir með fyrirvara, en eins og kom fram í framsöguræðu áðan fyrir nál., þá voru uppi skiptar skoðanir um það innan bankakerfisins að bjóða þetta lán út strax, og ég tel, að það sé hæpið að gera það í des. Hins vegar, eins og fyrrv. hæstv. fjmrh. drap á, hefur þetta verið gert undanfarin mörg ár, og samtals er búið að veita til ríkissjóðs frá 1964 heimild til að taka lán upp á 787 millj. og þegar á yfirstandandi ári fyrir 103 millj. Það eru því nokkuð gild rök fyrir því að hafa ekki þetta 200 millj. kr. skuldabréfaútboð núna í síðasta mánuði ársins, því að allir þekkja mætavel, að erfitt er um víxlafyrirgreiðslu og ýmislegt fleira í des. Hins vegar er ég efni frv. samþykkur. Það er eðlilegt, og um það deila menn ekki. En miklu fremur væri það æskilegt vegna fjármálaástandsins í landinu, að hæstv. ríkisstj. féllist á það, að útboðið færi fram í jan.

Það eru náttúrlega rök fyrir því að draga úr þeirri spennu, sem ríkir í fjármálum landsins og hæstv. forsrh. hefur oft imprað á, bæði í ræðum á hv. Alþ. og í blaðaviðtölum, og kann það að vera hvöt hæstv. ríkisstj. að gera það með slíku láni. En það kemur óneitanlega aftan að ýmsum, ef slíkt verður gert, og þess vegna vildi ég hafa fyrirvara. Mér sýnist rétt að samþykkja brtt., en verði hún felld, þá mælist ég eindregið til þess, því að ég mun styðja frv., að það verði ekki selt allt í einum áfanga vegna þess ástands, sem ríkir í bankakerfinu, og það mun koma illa við ýmsa, ef svo mikið sparifé hverfur fyrirvaralaust út.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. var undrandi á því, hvernig ég byggði upp mína ræðu, og hann minntist m. a. á gagnrýni á frv. Ég gat þess ekki, að hann hefði gagnrýnt frv., en sagði, að gagnrýni hefði komið fram við frv. Það var bæði í n. og við umr. í Nd., sem gagnrýni kom fram um, að framkvæmdaáætlun hefði ekki legið fyrir og það lægi ekki ljóst fyrir, til hvers nota skyldi þetta fé.

Það er að vísu alveg rétt, að það stendur ekki vel á í bankakerfinu yfirleitt í des., og sízt skyldi ég mæla því bót, mér er það vel kunnugt. En eins og kom fram, að mig minnir í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., við 1. umr. þessa máls, og eins og flestir vita, þá eru samningar við bankana um það, að þeir leggi fram 10% af sparifjáraukningunni í sambandi við framkvæmdir ríkisins. Svo slæmt sem það er, að það sé komið á bak við bankana með meiri útgáfu bréfa síðar á árinu en gert er ráð fyrir í byrjun, þá er þess að geta, að þrátt fyrir þessa sölu bréfa munu kaup bankanna á þeim ekki nema hærri upphæð en 10% af þeirri sparifjáraukningu, sem verður á þessu ári. Ég hygg, að það muni láta mjög nærri. Þó hef ég ekki þá tölu nákvæmlega í höndunum og get ekki fullyrt það, en ég hygg, að sparifjáraukningin hafi aukizt svo, að það muni ekki vera fjarri lagi. Þungur baggi, þungur kross var lagður á hv. þm., sagði hann. Við vitum það sjálfsagt báðir, hv. þm. Magnús Jónsson og ég, að bankamenn verða stundum að bera krossa. En ef það yrði ekki lagður þyngri kross á neinn mann, sem væri í fyrirsvari fyrir banka, en að mæla með þessu frv. núna, þá tel ég, að það væri vel.

Til viðbótar því vil ég bæta við, að nú þessar vikurnar mun vera að koma aukin fyrirgreiðsla til viðskiptabankanna í formi aukinna afurðalána, bæði út á land-

búnað og í sambandi við sjávarútveg. Það er a. m. k. meiningin, hvort sem það er orðið eða ekki. Það ætti að létta bönkunum, þó að það yrði nokkuð erfitt fyrir þá að koma til móts við þær óskir ríkisins, ef öll þessi bréf verða sett á markað í einu, sem þetta frv. gerir raunar ráð fyrir. Útlánaaukningin hefur sjálfsagt orðið allmikil hjá viðskiptabönkunum á árinu. En ég hygg samt, að á móti þessu komi sparifjáraukning og hækkun á afurðalánunum. Það hlýtur að létta fyrir þeim eitthvað. Samtals er sennilega búið að gefa út spariskírteini, að ég held, fyrir kringum milljarð frá upphafi, og ég vil endurtaka það, að ég held, að ég fari þar með rétt mál, að þrátt fyrir þessa aukningu núna muni sparifjáraukningin á árinu nærri því jafnast á við þetta útboð. Það breytir ekki því, að það er erfitt að fá þetta útboð síðari hluta ársins, ég get vel tekið undir það með hv. þm.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf., sem ég sé ástæðu til þess að minnast á. Annað atriðið var varðandi 10% sparifjáraukninguna, sem ég held, að hv. þm. hljóti að hafa misskilið. Það er auðvitað ekki ætlunin að lina á þeirri skuldbindingu bankanna, þó að þessi bréf verði gefin út. Bankarnir lofuðu í ár að láta 10% af sparifjáraukningu sinni til framkvæmdaáætlunar ríkisins. Mér skildist hins vegar, að hv. þm. teldi, að þetta mundi rúmast innan þeirra marka. Þetta er alger misskilningur, vegna þess að 10% standa eftir sem áður, þannig að þetta er alger viðbót, hreint nýtt álag á bankakerfið, að svo miklu leyti sem þessir peningar fara út úr bönkunum. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að vera mætavel kunnugt um, þannig að þetta byggist á einhverjum misskilningi.

Um afurðalánin er það að segja, að það eru engar líkur til þess, að bankarnir fái þá lagfæringu fyrir áramót. Það eru rétt aðeins nýlega komin tilmæli til Seðlabankans frá hæstv. viðskmrh. um það, að Seðlabankinn taki til athugunar að endurskoða afurðalán til útflutningsframleiðslunnar, og vissulega er það mikils virði, ef það verður gert. En ég held, að það sé meira en bjartsýni, það sé algerlega óraunhæft að láta sér detta í hug, að það geti orðið nú fyrr en um áramót. Mér hefur skilizt á öllum aðilum málsins, að það hafi aldrei komið til álita, að það yrði fyrr, þannig að þessi rök út af fyrir sig, – að svo miklu leyti sem það eru rök varðandi aukna fyrirgreiðslu viðskiptabankanna að þessu leyti, ef það verður þá ekki ætlazt til, að þetta verði beinlínis sem aukin aðstoð við útflutningsframleiðsluna, – þau eru hreinn stuðningur við þá brtt., sem við í minni hl. n. flytjum hér um, að lánsútboðið eigi sér ekki stað fyrir áramót. Og það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykn. tók fram og tók undir með mér, að það hafa ekki komið fram nokkur minnstu rök fyrir því, af hverju þurfi að bjóða þetta lán út fyrir áramót. Ég fæ þess vegna ekki séð annað en það sé ósköp vel hægt að sameinast um þetta mál efnislega, það er engin deila um málið efnislega, með því að samþykkja þá brtt., sem við höfum hér lagt fram.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að deila um málið. Það er búið að ræða það, og eins og ég segi, hef ég ekkert við efnisatriði þess að athuga að öðru leyti en því aðeins, hvenær þetta útboð skuldabréfa eigi að fara fram.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég kann nú ekki við annað en fá að leggja nokkur orð í belg, þegar rætt er um útboð á skuldabréfum og spariskírteinum ríkissjóðs. Það má segja, að það sé orðinn nokkurs konar barnsvani hjá mér að taka til máls undir þeim umr., en ég lofa því að lengja þær ekki að neinu marki.

Hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Norðurl. e., sagði, að það hefðu engin minnstu rök komið fram fyrir því eða ástæður fyrir því að bjóða þessi skuldabréf út núna fyrir áramót. Þetta er að því leyti til rétt, að í aths. við lagafrv. segir, að það eigi ekki að nota fjármagnið, sem inn kemur, fyrr en á næsta ári. Áætlun um framkvæmdir og fjármögnun þeirra liggur ekki fyrir, og það hefur verið rakið hér í fyrri umr. um þetta mál, hvers vegna það er ekki, og menn hafa tekið það gilt. Hv. ræðumaður tók það algerlega gilt, þannig að það er ástæðulaust fyrir mig að ræða það frekar. Ég er ekki svo stálminnugur, að ég geti fullyrt, að það hafi aldrei komið fyrir, að framkvæmdaáætlun hafi ekki legið fyrir um leið og frv. til skuldabréfaútboðs var lagt fyrir Alþ. Þó minnir mig fastlega, að það hafi komið fyrir í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh., að frv. um fjáröflunina hafi legið fyrir á undan framkvæmdaáætluninni. (**MJ:** Aldrei verið lagt fram fyrir áramót.) Nei, það er alveg rétt, það fellst ég fyllilega á. En þau rök, sem hæstv. fjmrh., – hann var nú ekki hér í d., þegar ég kvaddi mér hljóðs, og hann er það nú reyndar ekki núna, – hafði uppi, voru þau, sem í aths. segir, og þetta eru að mínum dómi rök fyrir því að gefa skuldabréfin út núna fyrir áramótin, – þar segir, með leyfi forseta:

„Telur ríkisstj., að skilyrði séu nú hagstæð til útgáfu verulegra viðbótarfjárhæða í ríkisskuldabréfum, þar sem tekjur almennings eru miklar, eins og skýrt hefur komið fram í mjög auknum innflutningi og hækkandi verði á fasteignamarkaði. Með því að gefa almenningi nú kost á að kaupa spariskírteini með hagstæðum kjörum, vill ríkisstj. reyna að stuðla að því, að meira af ráðstöfunarfé þjóðarinnar verði bundið sem sparnaður, sem staðið geti undir nauðsynlegri efnahagslegri uppbyggingu."

Þetta eru þau rök, sem liggja fyrir því, að þetta frv. er sett fram. En hér er sem sagt meiningarmunur. Hv. 2. þm. Norðurl. e. vill kannske af eðlilegum ástæðum sem bankastjóri fremur hafa aukið fjármagn til útlána og geta sinnt fleiri beiðnum almennings og atvinnuveganna. Ég skil það sjónarmið ákaflega vel. En hitt er vissulega einnig sjónarmið, að það beri að reyna að draga úr þenslunni með því að gefa fólki kost á að kaupa spariskírteinin fremur en að verja fjármagni sínu til annarra kaupa. Ég held, að þetta séu talin nokkur rök fyrir því, að þetta fjármagn verði núna tekið úr umferð. Það mun draga úr þeirri geysimiklu þenslu, sem er í efnahagslífinu.

Hv. þm. taldi, að þessi aðferð mundi torvelda samkomulag við viðskiptabankana á næsta ári um það, að þeir legðu af mörkum 10% eða hvað sem það væri, sem farið yrði fram á við þá, til framkvæmdaáætlunarinnar, eins og þeir hafa gert nokkuð mörg undanfarin ár. Ég

vil nú segja það, miða það við fyrri reynslu, að það má helzt ekki torvelda samkomulagsmöguleikann, því að hann hefur satt að segja ekki verið svo ýkjamikill, og ég hef stundum látið þau orð falla hér, að mikil spurning væri, hvort unnt væri að tala um það sem samkomulag, en látum það nú vera. Ég vona, að hv. þm. meini þetta ekki svo, að sá banki, sem hann stjórnar, verði miklu erfiðari en annars hefur verið í þeim samningum, án þess að ég vilji nokkuð fullyrða um það. En gera má ráð fyrir, að leitað verði eftir því við bankakerfið að fá svipaða fyrirgreiðslu og verið hefur. Hv. 5. þm. Reykn. talaði um það, að jafnvel þó að frv. yrði samþ. núna, þá væri hægt að koma til móts við þessar óskir með því að gefa ekki bréfin út eða selja þau ekki öll í des. Það er auðvitað hægt að haga því með ýmsu móti, og ég get ekki gefið nein fyrirheit um það yfirleitt, hvenær þessi bréf verða seld, en vissulega er hægt að hlusta á slíkar beiðnir.

Það, sem vekur þó sérstaka athygli mína í þessum umr., er það, að hv. 2. þm. Norðurl. e. virðist ganga út frá því algjörlega sem gefnu, að öll þessi bréf seljist á svipstundu, um leið og þau eru boðin almenningi til kaups. Það er ekki hægt að skilja málflutning hans og hv. 5. þm. Reykn. öðruvísi en þessi bréf muni öll seljast á svipstundu. Sú hefur raunin verið. En frá fyrri lagasetningu um þetta mál hefur sú breyting orðið í þessu frv., að nú er talað um það og ákveðið í 3. gr. frv., að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Þessi till. hefur verið borin fram á hv. Alþ., hér í þessari hv. d., mjög mörg undanfarin ár, og hún hefur verið borin fram í þeirri trú, að slík skráning á nafn eigenda mundi auðvelda skattaeftirlit, hún mundi auðvelda að fylgjast með því, hverjir kaupa þessi bréf og hverjir eiga þessi bréf. En með því fyrirkomulagi, sem verið hefur, má telja hartnær útilokað, að hægt hafi verið að rekja slóð bréfanna. Um það held ég að mönnum komi almennt saman. Þegar þessi ríkisstj., sem nú hefur setzt að í stjórnarráðinu um stundar sakir a. m. k., og stendur að þessu lagafrv., fer fram á heimild Alþ. til að gefa út og selja slík skuldabréf og spariskírteini, þá hefur hún fallizt á það sjónarmið, sem hér var haldið fram af okkur, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, að það væri rétt að gera þessa tilraun til þess að auðvelda eftirlit með þessum bréfum. En þessi till. var alltaf felld af hæstv. þáv. fjmrh., ekki vegna þess að hann út af fyrir sig viðurkenndi ekki, að það mundi ef til vill geta eitthvað auðveldað eftirlit með þessum bréfum, heldur vegna þess, að slíkt ákvæði í lögum mundi koma í veg fyrir sölu skuldabréfanna. Ég veit, að hv. 2. þm. Norðurl. e. minnist þessara umr. Við höfum endurtekið þær hér árlega og stundum oftar á ári undanfarið langt tímabil. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að nú virðist svo sem þessi hv. þm. og hv. 5. þm. Reykn., sem stóðu að því að fella þessa brtt. ásamt öðrum þm. Alþfl. og Sjálfstfl. á sínum tíma, telji nú þetta ákvæði einskis virði. Nú er reiknað örugglega með því, að öll skuldabréfin seljist fyrir áramót, og talað um það, að svo og svo mikið þýði fyrir bankakerfið, að þau verði gefin frjáls, sett á markaðinn. Hér finnst mér gæta ósamræmis í málflutningnum, sem breytzt hefur á einu ári, og það vekur athygli mína og mér er þetta svo minnisstætt frá fyrri árum, að ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því. Ef hv. þm. trúa því, sem þeir sögðu í fyrra, að bréfin muni ekki seljast vegna þessa ákvæðis, þá getur tæpast verið að þeir hafi þessar áhyggjur, sem hér var lýst, af því, að bankakerfinu muni verða ógurlega íþyngt. En ég tek fram, að skoðun mín er óbreytt frá því í fyrra, að bréfin muni seljast þrátt fyrir þessi ákvæði, vegna þess að ég veit, að það eru fjölmargir sparifjáreigendur, sem hafa ekki nein skattsvik í huga, þegar þeir geyma sparifé sitt, og þeir munu þess vegna óhræddir við öll framtalsákvæði hiklaust kaupa þessi skuldabréf vegna þess, hvað þau hafa að geyma miklu betri kjör en nokkurt annað sparifjárform, sem leyft hefur verið hér í landinu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. núv. utanrrh. tók jafnan til máls, þegar áður voru hér á dagskrá hliðstæð frv. En má ég vekja athygli hans á því, sem segir í 3. gr. og gerði það að verkum, að ég fór ekki að tala sérstaklega um þá breyt., að nú skyldu skuldabréf og spariskírteini hins vegar skráð á nafn. En 1. málsl. 3. gr. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu."

Það væri umtalsvert skref að telja fram, það væri umtalsvert skref fram á við. Þá gæti vel verið, að sumir hugleiddu málið andartak, áður en þeir keyptu. Hins vegar segir í 2. gr.: „Heimilt er að verðtryggja skuldabréf". Og því miður er ástandið ekki þannig í dag, að við getum búizt við öðru, því miður, en að verðbólgan haldi á sæmilegu brokki áfram, kannske hún fari á stökk, ég skal ekki segja. A. m. k. er sæmilegur brokkgangur í henni. Þó að skuldabréfin séu skráð á nafn, þá eru þau enn hvöt og það góð hvöt að kaupum, því að rétt er, sem fram hefur komið, að þau eru undanþegin framtalsskyldunni. Það er stærsta atriðið. En það gildir sama um sparifé. Ef við værum sammála um að gera þau framtalsskyld, sem ég skal alveg vera með, þá er það allt í lagi. Það er svo annað mál, hvort við setjum þau ákvæði, að þau skuli vera skattlaus sem slík. Það má sleppa því. En það eru rök fyrir því að gera þau framtalsskyld og skrá þau á nafn. Ég skal standa með slíkri breytingu með aðstoð hæstv. ríkisstj. Það er alveg sjálfsagt. Ég vildi aðeins gera þessa aths. Þau eru verðtryggð. Í því liggur áhugi manna fyrst og fremst, að tryggja sparifé sitt.

Fyrst og fremst eru haldnar hér langar ræður af hálfu núv. stjórnarmanna um verðrýrnun á sparifé, og skal ég ekki fara í almennar stjórnmálaumr. um það. En það er stærsta hvötin fyrir almenning í landinu að geta verðtryggt sitt sparifé með einu eða öðru móti, og þetta er einn þátturinn í að koma slíku sparifé í örugga höfn.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér fannst nú dálítið gaman að því, að hæstv. utanrrh. skyldi taka þátt í þessum umr., og það er, eins og hann sagði, kannske nánast til þess að fylgja gamalli venju. Hann hefur undanfarin ár alltaf sagt nokkur orð um þetta mál, þegar það hefur verið til meðferðar, tekið því prúðmannlega, eins og hans er von og vísa, en hins vegar haft þá ýmislegt við það að athuga. Auk þess sem

hann hafði við það að athuga, eins og hann sagði réttilega, hefur nú verið bætt inn í frv., að bréfin væru ekki skráð á nafn, og ef ég man rétt, þá var a. m. k. í sumum tilfellum jafnan talið rétt, að þau væru framtalsskyld, þótt það hafi ekki verið nú síðustu árin, en á sínum tíma hafði verið talið, að þau ættu að vera það, þá hefur jafnan komið fram hjá honum í þessum umr. töluverð gagnrýni á það, að hér væri þrengt að bankakerfinu, – það held ég að sé ekki rangmunað hjá mér, – sem hann þekkingar sinnar vegna vissi mætavel, að meginhlutinn af þessu fé fer út úr bankakerfinu. Þess vegna undraðist ég eiginlega, að hann skyldi lesa þá röksemdafærslu, sem er í grg. frv., að þetta væri tilvalinn tími, vegna þess hve mikið fé væri í umferð, að fá fólk til að spara með því að selja þessi bréf.

Það skapast ákaflega lítill nýr sparnaður í gegnum þessi bréf. Reynslan hefur sýnt það, og ég veit, að hæstv. utanrrh. veit þetta mætavel sem reyndur bankastjóri, að þó að hafi verið notað e. t. v. í ýmsum tilfellum fé, sem ekki hafi verið skattlagt, – það skal ég ekkert um segja, það getur enginn um það fullyrt, en það má gera ráð fyrir að það hafi verið, – þá vitum við, að slíkt fé hefur einnig verið í bönkunum, en ekki geymt utan þeirra. En að svo miklu leyti sem það hefur verið, þá er ég algjörlega samþykkur þeirri hugsun að selja þessi bréf, að svo miklu leyti sem það stuðlar að einhverjum sparnaði. Um það greinir okkur alls ekki á. Ég hef sjálfur haldið því fram undanfarin ár, að þessi bréf gætu að einhverju leyti stuðlað að auknum sparnaði, en þó væri það fyrst og fremst, að með þessu væri fólki á vissan hátt gefinn kostur á að verðtryggja sparifé sitt, og þá var ég sannarlega sem fjmrh. ekki með skattsvikarana í huga, heldur einmitt heiðarlega borgara, sem gætu þarna tryggt fé sitt. Að svo miklu leyti sem þetta frv. getur leitt til þess, að menn hætti við að eyða fé sínu í aðra hluti, – það mun þó ekki verða til þess, að fólk hætti að kaupa tóbak og áfengi, – þá hallar á sama hátt undan fyrir mínum ágæta hæstv. eftirmanni. Ég veit, að hæstv. utanrrh. og hv. 4. þm. Vestf., sem báðir eru reyndir bankamenn, vita, að meginhlutinn af þessu fé fer úr bankakerfinu. Það er ekkert efamál. Auk þess verður að benda á það, að í upphafi var nokkur tregða á sölu þessara bréfa, en eftir því sem árunum hefur fjölgað, er mönnum orðið ljóst, að hér er um einstæð kjör að ræða. Það hefur verið upplýst, m. a. skýrt frá því í blöðum í dag, sem er ekki til að draga úr sölu bréfanna, að verðgildi þeirra bréfa, sem hefðu verið gefin út fyrst, hefði fjórfaldazt, þannig að hér er náttúrlega um að ræða þá hagstæðustu ávöxtun á sparifé, sem hægt er að hugsa sér.

Ég hef ekki heldur nú síðustu tvö árin, að ég hygg, haldið fram þeim rökum, að ég væri andvígur því að nafnskrá bréfin, vegna þess að ég væri hræddur um, að þau seldust ekki. Það hef ég ekki gert. Og sízt af öllu hef ég nokkurn tímann sagt það, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það, að bréfin mundu alls ekki seljast. Ég hef hins vegar sagt á undanförnum árum, að það mundi draga úr sölu þeirra. En síðustu tvö árin hef ég, held ég, ekki notað þetta orðfæri um þetta, a. m. k. ekki á síðasta ári, heldur gat ég þess, að ég teldi ekki rétt að breyta þessum reglum, þar sem skattalöggjöfin væri í endurskoðun og m. a. reglurnar um skattfrelsi sparifjár og skuldabréfa almennt, hvaða reglum það skyldi lúta. Þá taldi ég ekki rétt að fara að breyta þessum reglum, ekki sízt í sambandi við endurútgáfu skuldabréfa, það væri rétt, að það biði þess, að þessi lagaákvæði lægju fyrir eða till. um, hver framtalsskylda yrði í sambandi við hinar ýmsu tegundir sparnaðar. Þetta a. m. k. tók ég skýrt fram á síðasta þingi. Og ég veit, að hæstv. utanrrh. veit mætavel, að undanfarin tvö ár hafa þessi bréf selzt upp á svipstundu, og það hefur verið biðlisti í bönkunum að fá bréfin. Ég hygg, að þannig sé einnig ástatt nú, þannig að ég get fyrir fram óskað hæstv. fjmrh., eftirmanni mínum, til hamingju með það, að hann getur selt bréfin. Það er ég ekki í nokkrum vafa um, að það tekst mjög auðveldlega. En það, hvort það verður til mikillar gleði fyrir alla, það er önnur saga, og skal ég ekki aftur fara að endurtaka ummæli mín og röksemdir í því efni.

ATKVGR.

Brtt. 111 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG, ÞK, AuA.

nei: BGuðbj, BFB, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, PÞ, RA, StH, ÁB, BJ.

1 þm. (GH) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 13:6 atkv.

2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 124).

---

2. Tekjur sveitarfélaga.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um tekjur sveitarfélaga samkvæmt gjaldskrám og reglugerðum [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum og þarf lítilla skýringa við. Eins og alkunnugt er, er ætlunin, að nýtt fasteignamat taki gildi með næstu áramótum, en margir tekjustofnar sveitarfélaga miðast við þetta fasteignamat og mundu margfaldast að krónutölu að óbreyttum lögum og reglugerðum og gjaldskrám. Þannig er um vatnsskatt, holræsagjald, gangstéttagjald, sorphreinsunargjald og lóðaleigu. Öll þessi gjöld mundu 15—20 faldast að upphæð, ef þetta frv. væri ekki flutt. Ég hygg því, að allir séu sammála um, að það sé sjálfsagt að samþykkja

frv. sem þetta til þess að koma í veg fyrir slíka margföldun á þessum ákveðnu tekjustofnum sveitarfélaganna.

Ég hef ekki fleiri orð um frv., tel það fullskýrt fyrir þm. og legg til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 80).

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 8, um tekjur sveitarfélaga samkv. gjaldskrám og reglugerðum. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Frv. er flutt vegna væntanlegrar gildistöku hins nýja fasteignamats 1. jan. n. k., en ýmsar tekjur sveitarfélaga miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, holræsagjald, gangstéttagjöld, sorphreinsunargjöld, lóðaleiga o. fl. Þar sem hið nýja fasteignamat er svo miklu hærra en það, sem nú gildir, er sveitarfélögum nauðsynlegt að setja nýjar gjaldskrár fyrir þá þjónustu og annað það, sem ég nefndi hér að framan og miðað er við fasteignamat. Í grg. frv. segir, að mjög ólíklegt sé, að allar sveitarstjórnir gæti þess að samræma þessi gjöld hinu nýja fasteignamati í tæka tíð, og er það sjálfsagt rétt, þótt engum detti í hug, að sami hundraðshluti af fasteignamati verði innheimtur fyrir þjónustu, eftir að hið nýja mat tekur gildi. Þau sveitarfélög, sem ekki gæta þess að fá staðfestar nýjar gjaldskrár, verða því að sætta sig við óbreyttar tekjur í krónutölu, þar til úr hefur verið bætt, verði þetta frv. að lögum.

Ég hef orðið var við þann misskilning, að með frv. þessu sé verið að meina sveitarfélögum að breyta gjaldskrám sínum. Þennan misskilning vil ég leiðrétta með vísun til þess, sem ég hef þegar sagt.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fengið þetta frv. til umsagnar og mælir með samþykkt þess.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 14. og 16. fundi í Ed., 22. og 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 125).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til 2. umr., er stjfrv. og komið frá Nd. Þar var það ágreiningslaust samþykkt.

Efni frv. er á þá leið, að tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, holræsagjöld og fleiri slík ásamt lóðaleigu, skuli óbreytt vera í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, og skuli þetta ástand samkv. efni frv. gilda þar til nýjar gjaldskrár og reglugerðir varðandi tekjur, sem grundvallast á fasteignamati, hafa verið staðfestar.

Eins og kunnugt er, tekur nýtt fasteignamat gildi frá 1. jan. n. k. Hækkun frá núgildandi fasteignamati mun nema fimmtán- og allt að tuttuguföldu. Þegar gjöld þau, sem ég minntist á, og reyndar fleiri, sem miðuð eru við fasteignamat, eru reiknuð út, mundu slík gjöld hækka að sjálfsögðu í réttu hlutfalli við hækkun mats að óbreyttum málum. Það er mjög ólíklegt, að allar sveitarstjórnir séu svo fljótar til eða gæti þess að samræma þessi gjöld hinu nýja fasteignamati í tæka tíð. Mætti því búast við óhæfilegum hækkunum á þessum gjöldum, ef þetta frv. yrði ekki lögtekið. Þess má geta, að í ráði er, að lög um fasteignaskatt til sveitarfélaga taki gildi 1. jan. 1972, þannig að það má búast við, að frv. þess efnis verði lagt nú innan tíðar fyrir Alþingi.

Um þetta litla frv. þykir mér ekki ástæða til þess að ræða frekar, en heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur athugað það og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 140).

---

3. Áfengislög (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969 [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta litla frv. á þskj. 5 inniheldur tvö atriði. Hið fyrra er það, að með því er gert heimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda minna en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Annað atriði er það, að felld eru niður þau ákvæði í áfengislögunum, sem enn segja, að áfengissektir og andvirði upptæks áfengis skuli renna í menningarsjóð.

Um fyrra atriðið er það að segja, að frá því að áfengislögin nr. 58 1954 voru sett, hefur með öllu verið óheimilt að flytja inn öl til landsins. En áður en þau áfengislög voru sett, gilti hins vegar sú regla samkvæmt áfengislögunum frá 1935, að heimilað var að flytja öl til landsins, ef það hefði ekki inni að halda meiri vínanda en hér er gert ráð fyrir. En ástæðan til þess, að þetta ákvæði er nú flutt og till. gerð um að skjóta þessu ákvæði á ný inn í áfengislög, er eingöngu vegna EFTA-aðildar. Það er talið nauðsynlegt að taka þetta ákvæði inn í áfengislöggjöf, til þess að hægt sé að fullnægja samkomulagi sem gert hefur verið á grundvelli EFTA-aðildar og nánari grein er gerð fyrir í aths. með frv.

Um síðara atriðið er það að segja, að lengi vel var það svo í áfengislögum og í lögum um menningarsjóð, að áfengissektir og andvirði upptæks áfengis rann í menningarsjóð, en þessu var breytt með lögum nr. 35 frá 14. apríl 1971, um breyt. á lögunum um menningarsjóð. Þá er fellt niður, að þessar áfengissektir og andvirði þess áfengis renni í menningarsjóð, heldur er þar gert ráð fyrir því, að menningarsjóður fái fé með beinni fjárveitingu. Það þótti af einhverjum ástæðum ekki viðeigandi eða eðlilegt, að hann byggði afkomu sína á þessum tekjustofnum lengur. En þegar þessi lög nr. 35 frá 1971 voru sett og afgreidd hér á Alþ., var þess ekki gætt, að í áfengislögunum voru ákvæði um þetta efni, sem mæltu svo fyrir, að áfengissektir o. s. frv. skyldu renna í menningarsjóð. Þessi ákvæði standa því enn í áfengislögunum, þrátt fyrir það að búið sé að fella þau niður í lögum nr. 35 1971, sem eiga að öðlast gildi nú 1. jan. n. k. Þetta er eingöngu leiðrétting, breyting formlegs efnis, sem rétt þótti að leggja hér til um leið.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég held, að skýring á því sé gefin nokkuð glögg í aths., og ég leyfi mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 36).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. þetta, sem hér er á dagskrá, til breyt. á áfengislögum. Frv. er stjfrv., og fyrir því mælti í s. l. viku hæstv. dómsmrh. Hér er um þrjár breytingar að ræða, ekki veigamiklar þó, á áfengislögunum, eins og þau eru í dag:

1. Að leyfður verði innflutningur á öli, sem eigi hefur meira vínandamagn að rúmmáli en 2.25%. Eins og lögin eru nú, er algerlega óheimill innflutningur á öli. En þessi breyting er gerð til samræmis við það samkomulag, sem varð á sínum tíma, þegar Ísland gerðist aðili að Fríverzlunarbandalaginu.

2. Þegar lög um menningarsjóð og menntamálaráð voru afgreidd í fyrra var horfið að því ráði, að menningarsjóður fengi starfsfé sitt samkv. ákvæðum fjárlaga. En áður hafði það gilt, að m. a. hefði menningarsjóður tekjur í fyrsta lagi af upptæku áfengi og í öðru lagi af öllum þeim sektum, sem ákveðnar voru fyrir brot á áfengislögum. En svo vildi til, að við afgreiðslu laga um menningarsjóð og menntamálaráð láðist að nema úr gildi þessi ákvæði áfengislaga um upptæka áfengið og sektirnar. Með þessu frv. er hér gerð bót á og þau ákvæði, er þessar tvenns konar fyrri tekjur til menningarsjóðs varða, eru felld úr gildi.

Allshn. mælir eindregið með samþykkt þessa frv. Ég vil geta þess, að fjarstaddir voru afgreiðslu þessa máls í n. þeir hv. þm. Magnús Jónsson og Bjarni Guðbjörnsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 8. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. hefur ágreiningslaust verið samþ. í hv. Ed. Í þessu frv. er um að ræða tvær lítilfjörlegar breyt. á áfengislögunum. Í öðru tilfellinu er raunar aðeins um leiðréttingu að tefla. Fyrri breyt. lýtur að því að fella niður það fortakslausa bann, sem er í núgildandi áfengislögum við innflutningi óáfengs öls. Ef sú breyt. verður samþ., verður sú grein, sem um þetta efni fjallar, samhljóða því, sem gilti fyrir 1954, þegar áfengislög þá voru sett, eða eins og var í áfengislögum frá 1935. Þessi breyting er talin nauðsynleg vegna EFTA-aðildar, og hún er eingöngu flutt af þeim ástæðum. En eftir sem áður er auðvitað algerlega óheimilt að flytja inn áfengt öl.

Síðari breyt. er aðeins leiðréttíng. Hún er um að fella niður þau ákvæði í áfengislögum, sem segja, að sektir fyrir áfengislagabrot og andvirði upptæks áfengis renni í menningarsjóð. En á síðasta Alþ. voru sett ný lög um menningarsjóð og menntamálaráð, og þá var þessum

ákvæðum í þeim lögum breytt, þannig að samkv. núgildandi lögum um menningarsjóð eiga ekki lengur, eins og áður var, áfengissektir og andvirði upptæks áfengis að renna í menningarsjóð, heldur er gert ráð fyrir því, að honum sé séð fyrir tekjum með öðrum hætti. En þegar þessi breyt. var gerð á menningarsjóðslögunum, láðist að fella niður samsvarandi ákvæði í áfengislögum. Að sjálfsögðu gildir sú regla, sem þegar hefur verið samþ. í lögum um menningarsjóð, og skal ég nú láta ósagt um, hvaða ástæður hafa valdið þeirri breyt., hvort það er að einhverju leyti af því, að mönnum hafi þótt eitthvert óbragð að því að láta þessar tekjur renna sérstaklega til menningarmála, en líklegra finnst mér samt, að þar um hafi meiru ráðið, að þessir tekjustofnar eru heldur óvissir og þess vegna hafi þótt réttara að styðja menningarsjóð við fastari grundvöll. En hvað sem um það er, þá er ljóst, að þessi ákvæði, sem enn eru í áfengislögum um þetta, standast ekki lengur, og þess vegna þykir sjálfsagt og eðlilegt í leiðinni að leiðrétta þetta og fella þau ákvæði niður.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta litla frv., en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og sé að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 85).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér er á dagskrá, um breyt. á áfengislögum, nr. 82 frá 1969. Frv. er stjfrv., og mælti hæstv. dómsmrh. fyrir því, er það var lagt fram. Breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, snerta tvenn svið áfengislaganna, annars vegar innflutning á öli, hins vegar tengsl þeirra við menningarsjóð.

1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir því, að leyfður verði innflutningur á öli, sem eigi hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Fram að þessu hefur innflutningur á öli verið óheimill með öllu, en heimildar til þessa innflutnings er leitað nú vegna samkomulags Íslands við Fríverzlunarsamtök Evrópu um innflutning á öli, gerðu úr malti, og skulu kvótar fyrir slíkum innflutningi settir í fyrsta lagi þann 1. jan. 1972. Verði frv. þetta að lögum, er því gert ráð fyrir gildistöku þeirra þann dag. 1. gr. þessa frv. felur því í sér samræmingu á ákvæðum í áfengislögum við fyrrnefnt samkomulag vegna EFTA-aðildar.

Breyt., sem 2. og 3. gr. þessa frv. gera ráð fyrir, eru gerðar til samræmis við breyt. á lögum um menningarsjóð og menntamálaráð, sem gildi tóku í fyrra, en þá voru felld niður ákvæði um tekjur menningarsjóðs af upptæku áfengi og áfengissektum. Var þá gert ráð fyrir, að fjár til menningarsjóðs yrði aflað með öðrum hætti. En um leið láðist að nema úr gildi samsvarandi ákvæði áfengislaga um þessar umræddu tekjur menningarsjóðs. Með þessu frv. er því lagt til, að þau ákvæði verði úr gildi felld.

Allshn. mælir með samþykkt þessa frv. Ég vil geta þess, að hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, var fjarstaddur afgreiðslu þessa máls vegna veikinda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér við þessa umr. um frv. þetta að flytja skrifl. brtt. við það frv. til l. um breyt. á áfengislögum, sem hér er til meðferðar. Þessi brtt. er í því fólgin, að á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„2. mgr. 7. gr. l. orðist þannig:

Ríkisstj. er heimilt að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og útflutnings, sem hafi inni að halda allt að 4½% vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli skal setja í reglugerð. Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi."

Þótt ég flytji þessa skrifl. brtt. nú svo seint við umr. þessa máls, skal ég fúslega viðurkenna, að það er m. a. vegna þess, að ég hef ekki óskað eftir því, að upp hæfust neinar sérstakar umr. um málið. Það hefur margoft verið efnislega rætt hér á Alþ. á undanförnum árum, og ég geri ráð fyrir því, að sá mikli fjöldi nýrra þm., sem hér hefur tekið sæti, hafi sínar fastmótuðu skoðanir á þessu máli, eins og reyndar þjóðin virðist hafa öll, þannig að umr. í sjálfu sér, efnislegar umr. um málið, mundu ekki hér valda neinum stórbreytingum meðal hv. þm. Hins vegar tel ég, að það sé rétt vegna hingaðkomu hins mikla fjölda nýrra þm., eins og ég tók fram áðan, að þeir fái þá að láta skoðun sína í ljós á þessu máli.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu lengri, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég vil aðeins undirstrika það, sem kemur fram í síðari hluta till., að ef samþykkt yrði, og þetta eru heimildarákvæði fyrir ríkisstj., sem þarna er um að ræða, og framkvæmt, þá mundi slíkt öl af þessum litla styrkleika lúta sömu lögum og reglugerðum og annað áfengi og njóta sömu meðferðar. Það er því út í hött að hefja umr. um það, að þetta mundi verða til sölu í hvaða öldurhúsi eða búð sem fyndist í kaupstöðum landsins eða annars staðar. Þetta mundi sæta sömu meðferð og annað áfengi, sem sagt, það væri Áfengisverzlunin, sem það seldi, og þá þau veitingahús, sem til þess hefðu leyfi.

Herra forseti. Ég veit, að till. er of seint fram borin, og það þarf að sjálfsögðu að leita afbrigða fyrir henni, og ég vil óska þess, að þeirra verði leitað, þannig að hún geti þá legið fyrir hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 115) leyfð og samþ. með 20:1 atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að hefja neinar umr. um efni þessarar till., en vil aðeins koma á framfæri smáaths.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. á sínum tíma, tók ég það skýrt fram, að sú breyt., sem í því felst, er eingöngu gerð vegna þess, að hún er talin nauðsynleg vegna aðildar okkar að EFTA. Og ég tók það ennfremur fram, að þarna væri alls ekki um að ræða innflutning áfengs öls. Ég tel, að till. hv. 10. þm. Reykv. feli í sér meginbreytingu, eins og öllum má vera ljóst. Ég tel, að það hefði verið eðlilegra, að hún hefði komið fram á fyrri stigum þessa máls, en sé ekki fyrst borin fram við 3. umr. um málið í síðari deild. Ég verð satt að segja að láta í ljós, að ég tel það mjög óeðlilega meðferð, og mér mundi þykja rétt og eðlileg vinnubrögð hjá hv. þm. að taka þessa till. aftur og hreyfa síðan þessu máli með eðlilegum og þinglegum hætti. Ég hef ekkert á móti því, að um þetta mál fari fram umr. En mér finnst það nokkuð vera farið aftan að siðunum að ætla að hafa þennan hátt á.

Ég vil aðeins skjóta þessu fram, en ætla, eins og ég sagði, ekki á þessu stigi og eins og þetta mál ber nú að að fara að ræða efnislega um það, sem felst í þessari tillögugerð hv. 10. þm. Reykv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef skilið þetta frv. þannig, að það sé miðað við það, að óheimilt sé að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira áfengismagn eða af vínanda að rúmmáli en heimilt er að framleiða hér innanlands. Og ef till. hv. 10. þm. Reykv. yrði samþ., að heimilt væri að framleiða hér innanlands öl með vínanda að rúmmáli um 4.5%, þá geri ég ráð fyrir, að þyrfti að breyta einnig 1. gr. Ég tel þess vegna eðlilegt – (Gripið fram í.) Trúlega, já. Þess vegna held ég, að eðlilegt væri að fresta umr. um þetta mál og láta málið ganga til n. til athugunar á þessu atriði, áður en til atkv. um þetta yrði gengið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekkert við þá till. að athuga, sem hv. 1. þm. Reykv. kom hér fram með, að málið fari til n. til athugunar, að svo verði á því haldið. Hins vegar vil ég benda á það, að það, sem í frv. felst, er till. um að leyfa innflutning á öli, sem telst samkv. íslenzkum lögum óáfengt. Ég er hins vegar að leggja hér til, að leyfður verði tilbúningur á öli, sem er áfengt eftir skilgreiningu íslenzkra laga og fellur þess vegna algerlega og eingöngu undir ákvæði íslenzkra laga þar um.

Vegna orða hæstv. forsrh. um það, að eðlilegt hefði verið að hreyfa málinu með þinglegum hætti, er mér spurn, og ég leyfi mér að varpa þeirri spurningu til hæstv. forseta d.: Er ekki þinglega farið að með þessa till.? Er hún ekki samkv. þingsköpum? Og er eitthvað óeðlilegt við að flytja skrifl. brtt. við 3. umr. máls?

Forseti (GilsG): Ég vil í tilefni af því, sem hv. 10. þm. Reykv. nú sagði og beindi til mín, aðeins segja það, að þó að það sé að sjálfsögðu heimilt að þingsköpum að bera fram brtt. á þessu stigi máls, þá verð ég að líta þannig á, að það sé a. m. k. óvenjuleg málsmeðferð að flytja svo veigamikla brtt. eins og hér er um að ræða við 3. umr. máls í síðari d. (**PS:** Ef samþykkt er, þá er önnur d. eftir.) Að athuguðu máli sýnist mér, að sú ábending, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., sé réttmæt og að þetta atriði þurfi verulegrar athugunar við, að því er varðar aðrar gr. frv., sem þá kynnu að þurfa að breytast. Því tel ég þá málsmeðferð eðlilegasta og mun leggja hana til, að umr. um málið verði frestað og þess óskað, að sú n., sem hafði málið til meðferðar, sem ég hygg að hafi verið hv. allshn., taki þessa brtt. og þá frv. í sambandi við hana til sérstakrar meðferðar, áður en málið verður endanlega afgreitt.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 5, 115).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 115 tekin aftur.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 147).

4. Mat á sláturafurðum.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. maí s. l. Í lögum nr. 30 frá 1966 er veitt heimild til handa landbrh. að veita þeim sláturhúsum, sem ekki hafa hlotið löggildingu, undanþágu til eins árs í senn. Þessi heimild var fallin úr gildi á s. l. ári, og þess vegna voru þessi brbl. gefin út. Gert er ráð fyrir því í þessum lögum að framlengja heimildina til ársins 1973 með því þó að gefa leyfi fyrir eitt ár í senn, og er það háð samþykki héraðsdýralæknis hverju sinni, hvort hægt sé að gefa þetta leyfi út.

Það munu nú vera um 60 sláturhús á landinu, sem slátrað er í, án þess að þau séu löggild, svo að mikið átak þarf til þess að koma þessum málum í það horf, sem stefnt er að og ætlast er til. Nú eru aðeins um fimm sláturhús á landinu, sem eru fullgild sláturhús, þ. e. í Borgarnesi, Selfossi, Búðardal, Blönduósi og Húsavík. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er ekki á neinn hátt til þess að leysa þennan vanda, sem þarna er við að fást, heldur til þess, að bjarga málunum, á meðan ekki er hægt að fá slátrað í löggildum sláturhúsum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 60).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á brbl. frá 19. maí þessa árs. Samkv. lögum frá 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum eru gerðar strangar kröfur um sláturhús, kælingu, frystingu og meðferð alla á sláturfénaði. Þau lög gerðu svo ráð fyrir, að hægt mundi að byggja upp og endurbæta flest sláturhús landsins á þremur árum, þar sem segir, að undanþágur megi ekki veita nema í 3 ár frá gildistöku laganna, sem eru frá 1966.

Sláturhúsbyggingar kosta mikið fjármagn, svo að vart er hugsanlegt að byggja þau upp á skömmum tíma, og til þess þarf vafalaust allmörg ár. Frv. þetta gerir svo ráð fyrir, að þau sláturhús, sem ekki fást löggilt, megi þó nota áfram, ef brýn nauðsyn krefur. Landbrh. getur, ef yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telur sláturhúsin viðunandi, leyft slátrun í þeim til eins árs í senn. En undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. landbrh. fyrir frv. þessu, eru það aðeins fimm sláturhús í landinu, sem teljast fullkomin að tækni og útbúnaði. En það munu vera nálægt 60 sláturhús, sem ekki fá viðurkenningu nema til eins árs í senn, svo að mikið verk er framundan að byggja og breyta þeim sláturhúsum, sem nauðsynlegt er að nota.

Árið 1969 starfaði n. á vegum Framleiðsluráðs landbúnaðarins að því að athuga ástand sláturhúsanna og gera till. um byggingu þeirra. N. taldi, að á árunum 1970-1975 þyrfti að byggja og lagfæra 14 sláturhús, og var kostnaður við það áætlaður sem næst 300 millj. kr. á því verðlagi, sem gilti árið 1970. Þessi áætlun sýnir það bezt, hve hér er um mikið og kostnaðarsamt verk að ræða, og eru þó ekki talin nema þau sláturhús, sem mest er aðkallandi að byggja og endurbæta. Mér kemur það ekki á óvart, að Alþ. megi nokkrum sinnum enn þá breyta lögunum og samþykkja undanþáguheimildir, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Ber að sjálfsögðu að fagna því, að Framleiðnisjóður landbúnaðarins fær aukið fjármagn á næsta ári, en hann hefur, eftir því sem fjármagn hefur leyft, veitt talsverðan styrk og lán til sláturhúsabygginga í landinu ásamt Stofnlánadeild landbúnaðarins, því að eigið fé þeirra, sem þurfa að koma upp sláturhúsum, er af mjög skornum skammti og starfræksla húsanna er yfirleitt skamman tíma á ári hverju, og því er erfitt að borga þau niður nema á nokkuð löngum tíma, og þarf, ef vel á að fara, að fá fjármagn að láni til margra ára og helzt eitthvað óafturkræft.

Þá hefur landbn. lagt til, að í staðinn fyrir atvmrn. komi landbrn., því að þessi lög um sláturfjárafurðir eru frá 1966, en eftir það var lögum um Stjórnarráð Íslands breytt, og höfum við lagt til, að það kæmi landbrn. í stað atvmrn., eins og lög gera ráð fyrir nú. En nál. okkar er birt á þskj. 60, og mæla allir nm. með, að brbl. verði samþykkt ásamt þeim breytingum, sem fram koma á því þskj.

ATKVGR.
Brtt. 60 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 77).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 19 var flutt í hv. Ed., og er til staðfestingar á brbl. frá 19. maí 1971, sem er breyt. á l. nr. 30 frá 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Ástæðan til þess, að þessi brbl. voru gefin út, var sú, að heimild til þess að veita undanþágu frá lögunum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum var úr gildi fallin, en nauðsyn bar til að framlengja þetta ákvæði laganna, þar sem ljóst er, að nú eru um 60 sláturhús í notkun á landinu, sem starfa skv. undanþágu, en aðeins 5 sláturhús eru hér á landi, sem hafa leyfi skv. lögunum og uppfylla þau skilyrði, er lögin gera ráð fyrir.

Með þessu lagafrv., sem hér er lagt fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir, að framlengja megi heimildina til 1973, en þó er gert ráð fyrir, að aðeins verði um framlengingu að ræða til eins árs. Þetta frv. fór í gegnum hv. Ed., án þess að deildin skiptist um það, og ég vona, að svo verði einnig hér í þessari hv. deild.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 77, n. 139).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. maí s. l. Það hefur þegar hlotið afgreiðslu Ed., og var þar gerð lítils háttar breyt. á lögunum umfram það, sem í brbl. fólst, að í stað atvmrn., sem kemur fyrir nokkrum sinnum í lögunum, komi landbrn. Lög þessi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum eru frá árinu 1966. Þá var gert ráð fyrir, að ekki mætti veita leyfi til að starfrækja þau hús, sem ekki fá löggildingu, nema í næstu 3 ár. Nú eru liðin 5½ ár síðan þessi lög öðluðust gildi, og þó eru aðeins fimm sláturhús á öllu landinu, sem hafa nú löggildingu. Það er því mjög líklegt, að

Alþ. megi oft fjalla um þá breyt. á lögunum á næstu árum, sem nú er verið að gera á þeim, nema mikið átak verði gert í þessum málum á næstu tveim árum. En sláturhúsabyggingar kosta mikla fjármuni og því ekki líklegt, að uppbygging þeirra verði gerð á mjög stuttum tíma. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að þau sláturhús, sem ekki fá löggildingu, megi þó nota áfram, ef landbrh. gefur leyfi til þess og ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til eins árs í senn og eins og frvgr. er nú, þá ekki lengur en til ársloka 1973.

Eins og ég sagði áðan, eru það aðeins fimm sláturhús í öllu landinu, sem talin eru svo fullkomin að tækni og öðrum útbúnaði, að þau standist þær kröfur, sem gerðar eru til slíkra húsa, svo að þau geti fengið löggildingu. En það munu vera um 60 sláturhús í öllu landinu, sem ekki fá viðurkenningu nema til eins árs í senn.

Árið 1969 starfaði n. á vegum Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að athuga og gera till. um skipan þessara mála. N. taldi, að á árunum 1970–1975 þyrfti að endurbæta eða byggja upp minnst 12 sláturhús til viðbótar þeim tveimur húsum, sem þá voru í byggingu, þ. e. a. s. sláturhúsunum í Borgarnesi og í Búðardal. Stofnkostnaður við byggingu og breytingu þessara 14 sláturhúsa var talið, að mundi verða 285.6 millj. á því verðlagi, sem var í marzmánuði 1970. Á þessu sést, að hér er um stórt verkefni að ræða, því að þessi áætlun nær ekki til nema ¼ af öllum sláturhúsum landsins. En að vísu er þar um að ræða þá staði, sem fjárfjöldinn er mestur á.

Landbn. hv. d. afgreiddi þetta mál á fundi sínum s. l. þriðjudag og varð sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts, eins og það kom frá Ed. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 158).

---

5. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það um staðfestingu á brbl., sem hér með er lagt fyrir hv. Alþ. af hálfu ríkisstj., er sprottið af stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar. Þar var ákveðið í kaflanum um kjaramál að gera leiðréttingu á vísitölu og vísitölugreiðslum, og í meðförum var ákveðið að hafa þann hátt á að bæta launþegum vísitölustigin 1.3, sem þeir höfðu farið á mis við, með því m. a. að fella niður námsbókagjald. Sú ráðstöfun var einnig í samræmi við það yfirlýsta markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að beita sér fyrir því að felldir yrðu niður nefskattar. Námsbókagjaldið varð hér fyrir valinu. Það nam samkv. útreikningi Hagstofunnar 0.31 F-stigi, en greiða þurfti niður 1.3 kaupgjaldsvísitölustig. Síðan áttu aðrar niðurgreiðslur sér stað einnig til vísitöluleiðréttingar, og munu frv. um þær koma til meðferðar Alþ. á sínum tíma. En eins og í lagagr. stendur, voru jafnframt því að fella niður námsbókagjaldið gerðar ráðstafanir til þess, að ríkissjóður tæki á sig þann kostnað, sem ríkisútgáfa námsbóka hefur fengið upp borinn af námsbókagjaldinu. Þessi ráðstöfun er þó að svo stöddu aðeins gerð til eins árs. Það hefur orðið að ráði að taka lögin um ríkisútgáfu námsbóka til athugunar og þá sérstaklega kostnaðarhliðina. Það verður gert á vegum menntmrn. og með þátttöku fjmrn.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa að sinni fleiri orð um þetta frv., en vil leggja til við hæstv. forseta, að því verði vísað til fjhn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt fsp. til hæstv. menntmrh. Í framsöguræðu sinni ræddi hann um lækkun nefskatta. Mig langar til þess að spyrja hann, hvort ríkisstj. hafi í sínum fórum vitneskju um það, hversu mikil eða há sú upphæð er, sú lækkun nefskatta, sem þessi gjöf ríkisstj. til þjóðarinnar nemur. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er sjálfsagt að endurtaka fsp. mína til hæstv. ráðh. Hún er á þá leið, hvort í fórum ríkisstj. sé vitneskja um það, hversu há sú upphæð sé, t. d. á vísitölufjölskylduna hér á Íslandi á ári, sem þessi gjöf ríkisstj. til þjóðarinnar nemi.

Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. hafi tekið á móti þessari fsp. og skilji, hvað ég er að fara með þessari *spurningu*.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 10. þm. Reykv. er það að segja, að mér er nú ekki nákvæmlega ljóst ennþá, hvort hann á við, hvort ríkisstj. sé kunnugt um, hverju nemi á vísitölufjölskyldu niðurfelling námsbókagjaldsins eins, eða aðrar breytingar líka. (Gripið fram í.) Samkv. þeim útreikningum, sem hér liggja fyrir, er um að ræða 19.3 millj. kr. Það er sú heildarupphæð, sem hverfur úr nefskattheimtunni, en greiðist beint úr ríkissjóði eftir þessum brbl. Því miður hef ég ekki á takteinum tölur um það, hvernig þessar 19.3 millj. skiptast, hvað kemur í hlut hverrar vísitölufjölskyldu, en það er að sjálfsögðu unnt að reikna út og skal fúslega gert fyrir hv. þingmann. **(Gripið fram í:** Fyrir hv. þingmenn.) Að sjálfsögðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 113).

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þetta frv. er staðfesting á brbl., sem voru gefin út 30. júlí s. l., um að fella niður svo kallað námsbókagjald. Tildrög þeirra brbl. voru þau, að í stjórnarsáttmálanum var því heitið, að felldir skyldu niður ýmsir svo kallaðir nefskattar, og var þetta gjald eitt af þeim. Námsbókagjaldið var áætlað á þessu ári rúmar 1000 kr. á barn, sem foreldrar urðu að greiða af öllum börnum eldri en 6 ára. Hér er þess vegna um fjárhæð að ræða, sem skiptir verulegu máli fyrir stærri fjölskyldur.

Fjhn. Nd. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 2 liggur fyrir hv. d. stjfrv., breyt. á l. nr. 51 1956, um ríkisútgáfu námsbóka. Þetta er frv. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 30. júlí í sumar. Efnislega fjalla þessi brbl. um það, að námsbókagjald, sem leggjast átti á gjaldendur eftir reglum, sem um það hljóða, á árinu 1971, skuli koma til greiðslu úr ríkissjóði með samsvarandi fjárhæð og ríkisútgáfa námsbóka hefði átt að fá frá þeim gjaldendum, sem námsbókagjald hvíldi á lögum samkv. Hér er um að ræða framkvæmd á því stefnuatriði núv. ríkisstj. að draga eftir föngum úr nefsköttum, sem leggjast á gjaldþegna án tillits til tekna og afkomu. Það varð að ráði í sumar, þegar í meðförum var, hversu efna skyldi fyrirheit ríkisstj. um að bæta launþegum vísitölustig, sem geymd höfðu verið samkv. fyrri lögum, að það skyldi m. a. gert með þessari niðurfellingu námsbókagjaldsins á árinu 1971. Hér er um að ræða tekjumissi fyrir ríkissjóð á árinu, sem samkv. áætluðum tekjum nemur 19.3 millj. Um frekari tilhögun á fjárreiðum ríkisútgáfu námsbóka verður síðan fjallað, og mun n. á vegum menntmrn. og fjmrn. fjalla um það mál, og verða niðurstöður af störfum hennar á sínum tíma lagðar fyrir hv. Alþ.

Frv. þetta er nú komið frá Nd., og vil ég leyfa mér að leggja til við hæstv. forseta, að d. vísi því til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 159).

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það sem hér er til meðferðar og lagt var fram í hv. Nd., er staðfesting á brbl., sem út voru gefin 30. júlí s. l. og efni þess var að fella niður hið svokallaða námsbókagjald. Ástæðan fyrir útgáfu þessara brbl. kemur fram í grg. fyrir frv., en það voru fyrirheit í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. að fækka nefsköttum, og var námsbókagjaldið einn af þeim sköttum. Námsbókagjaldið var áætlað á árinu 1971 um 1000 kr. á hvert barn á skyldunáms- og unglingastiginu, eða samtals 19.3 millj. í heild. Það er sú upphæð, sem ríkissjóður tekur á sig að greiða ríkisútgáfu námsbóka, en þangað hafa tekjur af þessu gjaldi áður runnið.

Frv. þetta var afgr. samhljóða í gegnum allar umr. í hv. Nd. Fjhn. þessarar hv. d. hefur rætt þetta mál og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

6. Orlof.

Á 14. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um orlof [89. mál] (stjfrv., A. 102).

Á 16. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Aðdragandinn að samningu þess frv., sem hér liggur fyrir, er í aðalatriðum sá hinn sami og ég gerði grein fyrir áðan, þegar ég ræddi um frv. um styttingu vinnuvikunnar. Frv. um orlof er samið af n. manna, skipaðri fulltrúum vinnumarkaðarins að jöfnu og að auki ráðuneytisstjóranum í félmrn., formanni n.

Aðalefni frv. og breyt. frá gildandi löggjöf um orlof

eru þær, að orlofstíminn lengist í 4 vikur, þ. e. úr 21 degi virkum í 24 virka, og orlofsfé hækkar úr 7% af vinnulaunum í 8⅓%.

Önnur breyt. frá gildandi lögum er sú samkv. frv., að í því eru engin ákvæði um orlofsmerki, orlofsbækur og vottorðsgjafir í sambandi við töku orlofs. Þetta allt er talið heppilegra að ákveða með reglugerð, enda eru nú til skoðunar hugsanleg úrræði til að gera framkvæmd orlofslaganna einfaldari og helzt á þann hátt, að minni skriffinnska fylgi. Þá verður lögð áherzla á það, að reglugerðin tryggi ekki síður en gildandi löggjöf, að orlofsþegi fái orlofsfé sitt í hendur, alltaf þegar hann fer í orlof. N. hefur ekki ennþá samið frumdrög að reglugerð, en stefnir að sjálfsögðu að því, að reglugerðin verði sett þegar eftir gildistöku laganna.

Þriðja breyt. frá gildandi orlöfslöggjöf er sú, að orlofstíminn á ári hverju er lengdur og heimild er til skiptingar á orlofi.

Í fjórða lagi er nýmæli í frv. varðandi töku orlofs, þegar orlof er veitt öllu starfsfólki fyrirtækis samtímis, en það færist nú mjög í vöxt og oftast nær með samþykki beggja aðila.

Að lokum er í frv. nýmæli um flutning orlofsfjár milli orlofsára, þannig að ef orlofsþegi hefur ekki tekið út orlofsfé sitt innan árs frá lokum orlofsársins á undan, þá rennur það sem aukaiðgjald til lífeyrissjóðs hans.

Frv. er flutt eins og samkomulag varð um það í n. að öðru leyti en því, sem snertir 4. gr. og upphæð orlofsfjár, sbr. 7. gr. Í stað 18 daga í 4. gr. leggja fulltrúar Alþýðusambands Íslands til, að komi 21 dagur, og beini ég því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að gr. breytist þannig. Ennfremur leggja fulltrúar Alþýðusambands Íslands til, að orlofstíminn verði frá 2. maí til 15. sept. Um það atriði er till. atvinnurekenda, að orlofstíminn verði frá 2. maí, í stað 1. júní, og til 30. sept., og legg ég til, að á það verði fallizt. Varðandi orlofsfjárhæðir leggja fulltrúar atvinnurekenda til, að það verði 8%, en fulltrúar Alþýðusambands Íslands, að orlofsfjárhæðin verði 8⅓%. Ég legg til við n., sem um málið kemur til með að fjalla, að orlofsfé verði 8⅓%. Í aths. með frv. er gerður vandlegur samanburður á ákvæðum frv. og gildandi orlofslaga, og held ég, að allar breyt. þess séu þar fullskýrðar. Ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við.

Með samþykkt þessa frv. mundi Ísland standa nokkurn veginn jafnfætis nágrannalöndum okkar um orlofsréttindi verkafólks, en á seinni árum höfum við dregizt nokkuð aftur úr á því sviði. Þó er orlofsfé sums staðar mun hærra en hér er lagt til. Þannig er það t. d. hjá Dönum, 9% orlofsfé.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég legg nú í það einu sinni enn að lýsa yfir ánægju minni yfir framkomu þessa frv. að öllu meginefni, sem á sjálfsagt rætur að rekja til 2. tölul. í málefnasamningi hæstv. núv. ríkisstj., þar sem segir, að orlof verði lengt í 4 vikur og framkvæmd orlofslaganna auðvelduð.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að geta þess, að um það bil mánuði eftir að ég tók við starfi félmrh. árið 1965, eða nánar tiltekið 27. okt. 1965, skipaði ég n. til þess að undirbúa sams konar frv. Áður en ég lét af störfum sem félmrh. um áramótin 1969–1970, þegar breyting var gerð á skiptingu ráðherrastarfa, þá hafði þessari ágætu n. því miður ekki unnizt tími til að ljúka störfum, og meginástæðan var ekki sú, að menn væru ekki sammála þar eða greindi á, heldur hitt, að þeir gátu afgreitt með tiltölulega stuttum fyrirvara – og buðust til þess – svipað frv. sem hér er á ferðinni, þ. e. a. s. sjálfan rammann utan um lögin. Það var ekki út af fyrir sig vandamálið, hver prósentan skyldi vera og orlofsdagarnir, heldur hitt, sjálf framkvæmdin, og samkv. bráðabirgðaáliti, sem þeir skiluðu á starfsferli sínum, þremenningar, sem að þessu unnu, þá kom í ljós, að í einni af allra stærstu verstöðvum landsins, sem nánast er byggð eingöngu verkafólki, hafði samkv. rannsókn þeirra á 5 árum verið borgaðar 75 kr. í orlofsfé. Allir hljóta að sjá, hvílík herfileg framkvæmd er á lögunum, þegar slíkt á sér stað, enda er því miður sannleikurinn sá, að í allt of ríkum mæli hefur verið brugðið frá meginefni gildandi laga og mönnum borgað orlofsfé í beinum peningum, jafnvel vikulega með sínum launum. Þannig hafa launin týnzt í eðlilegum eyðslueyri fjölskyldnanna og síðan verið gripið í tómt, þegar til sumarleyfis átti að taka, ef menn töldu sig þá hafa efni á því. Ennfremur var því ákvæði gildandi laga ekki fylgt fram, að menn tækju sér orlof, og nú samkv. framsögu hæstv. ráðh. er þetta ennþá sami vandinn.

Vandinn er tvenns konar, þ. e. að orlofsfé vill verða í framkvæmd venjulegur eyðslueyrir, en er ekki það orlofsfé, sem hugsað var til þess að grípa til þann tíma, sem viðkomandi átti að vera í hvíld og taka sér sitt sumarleyfi. M. ö. o. er enn óleystur sá meginvandi, sem verður að felast í reglugerðinni, sjálf framkvæmd laganna. Voru þó í þeirri n., sem ég skipaði til þessa starfs, valinkunnir menn, sem vildu gera allt sitt bezta til lausnar málinu, en þeir höfðu ekki komizt að niðurstöðu, eins og ég áðan sagði, þegar ég skildi við þann ráðherrastól. Í þeirri n. áttu sæti Eðvarð Sigurðsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Bergs, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands, sem jafnframt var kjörinn formaður n. Þeir viðuðu að sér miklu af gögnum um þessi mál frá öðrum löndum, sem í þessum efnum eins og oft áður er erfitt að heimfæra beint upp á Ísland eða gera íslenzk nema að hluta til, og höfðu í undirbúningi nákvæmari lagasetningu, sem vel mætti eins koma fyrir í reglugerð, eins og núv. hæstv. félmrh. hyggst gera, en enn er óleystur aðalvandi málsins, þ. e. a. s. sjálf framkvæmd orlofslaganna. En í málefnasamningi ríkisstj. er því lofað, að hann skuli auðveldaður. Til þess að lengja nú ekki um of þetta mál, því að það tvinnaðist töluvert inn í það mál, sem hér var til umr. á undan, þá mundi ég vilja benda á í fyrsta lagi eða gera fsp. um, hvernig á því stendur, að í 4. gr. frv. er byggingarvinna talin með landbúnaði og samgöngum, þar sem má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins. Ég hygg, að þetta hljóti að vera einhver vansmíð, af því að á eftir frv. hefur sjálfsagt verið rekið úr prentun, og þar eru fleiri atriði, sem óþarft er að tefja þingfundartíma á. Væntanlega gefst færi á að leiðrétta það í n., þegar þar að kemur.

Eins og ég sagði áðan, skilaði umrædd n., sem skipuð var af rn. 27. okt. 1965, ekki endanlegu áliti, en í bráðabirgðaáliti hennar kom fram, sem reyndar flestir vissu, sem afskipti hafa af verkalýðsmálum, að sjálf framkvæmd laganna hefur verið í algerum molum. Jafnþörf og ágæt og þessi löggjöf var á sínum tíma og mikil kaflaskipti urðu þá í sögu verkalýðshreyfingarinnar, þegar þau voru sett, þá er eins nauðsynlegt, að þetta sé skoðað nú. Eins og hæstv. ráðh. minntist á, hafa ýmsir nýir hlutir komið til sögunnar síðan, sem gætu e. t. v. auðveldað framkvæmdina og gert hana raunhæfari en hún því miður hefur reynzt, eins og t. d. gírósamband bankanna og annað slíkt, sem hugsanlegt væri að nota í þessu sambandi. En ég hygg, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að áður en málið verður afgr. úr hv. heilbr.- og félmn., sem það fer til, verði n. gerð grein fyrir því, með hvaða hætti hv. rn. hyggst tryggja betur sjálfa framkvæmdina. Ég get vart trúað því, að um stórágreining geti verið að ræða um frv. sjálft, en það er eins og ég segi, aðeins rammi utan um raunveruleikann. Raunveruleikinn og það, sem að verkafólkinu snýr og atvinnurekendum, er sjálf framkvæmdin. Það hefur því miður verið liðið af allt of mörgum verkalýðsfélögum, að þessir hlutir væru brotnir, og það eru of margir atvinnurekendur, sem hafa brotið ákvæði gildandi laga um að greiða ekki orlofsfé nema í merkjum, heldur hefur það verið greitt með launum og orðið í raunveruleikanum því miður að eyðslueyri í stað þess að tryggja mönnum ákveðna hvíld á ákveðnum árstíma, þeim árstíma, sem við höfum hingað til talið, að væri okkur hentugastur til þeirra hluta.

Ásamt því að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. enn á ný vildi ég láta þessi orð falla nú við 1. umr. málsins.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að draga umr. á langinn. Ég á ekki von á því, að það verði eins miklar umr. um þetta frv. og það, sem var síðast rætt hér í hv. þd., og vil í því sambandi vekja athygli á því, að hér er um að ræða frv. um málefni, sem hefur verið skipað með lögum í senn þrjá áratugi hér á landi. Í þessu frv. felast ýmsar breyt. frá gildandi lögum um orlof, og það er rakið í grg., hverjar þær eru. Auk þess hefur hæstv. félmrh. skýrt þær ítarlega. Ég held, að það sé óhætt að segja, að hvað sjálft frv. snertir sé aðalbreytingin sú, að orlof skuli lengjast úr 21 í 24 daga og um leið hækka sú prósenttala af launum, sem orlof er miðað við. Það kemur fram í grg. með frv., að hliðsjón hefur verið höfð af gildandi reglum um orlof í okkar nágrannalöndum, nánar tiltekið Norðurlöndunum, sem ekki er óeðlilegt að gert sé, eftir því sem við á.

Í niðurlagi grg. segir, að það hafi verið fullt samkomulag um frv., sem samið er annars vegar af fulltrúum frá vinnuveitendum og hins vegar af fulltrúum frá launþegasamtökum, – það væri fullt samkomulag um frv. að öðru leyti en um örfá atriði, sem þar greinir frá, og hæstv. félmrh. hefur látið í ljós vilja sinn um það, hvernig n. afgreiddi þau ágreiningsmál. Þau eru út af fyrir sig ekki stórvægileg, og ég held, að það sé ekki hægt að segja um neitt af þessum ágreiningsatriðum, sem talin eru upp þarna í niðurlagi grg., að þau séu stórvægileg.

Mér sýnist, að það séu allar horfur á því, að ekki verði erfitt að ná samkomulagi um afgreiðslu á frv. í þeirri n., sem það fær til meðferðar. Ég á sæti í þeirri n. Það eru að vísu ýmsar upplýsingar, sem ég mun óska eftir að fá við yfirlestur frv., og mér gefst þá tækifæri til þess í n. og sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 129).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. sé ljóst, hver eru meginatriði þessa frv., og ætla ég því ekki að fara langt út í þá sálma að skýra þau. En ég nefni þó aðeins, að það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að orlofstíminn verði lengdur í 4 vikur úr 3½ viku, sem nú er, þ. e. a. s. úr 21 degi virkum í 24 virka daga, og jafnframt ákveðið, að orlofsfé hækki úr 7% í 8⅓%. Þá er lagt til í sambandi við framkvæmdakafla orlofslaganna, að þeim málum sé nú skipað með reglugerð, það sem áður hefur verið bundið í lögum, að póst- og símamálastjórnin sæi um framkvæmdina, og er það gert til þess að opna leið til þess að bæta um ýmis framkvæmdaatriði, sem áfátt hefur verið í sambandi við framkvæmd laganna, eins og hér kom mjög greinilega fram við 1. umr. málsins. Orlofsmerkjafyrirkomulagið hefur reynzt illa að mörgu leyti, og þyrfti þar um að bæta. Hins vegar hefur ekki unnizt tími til þess að rannsaka það mál nægilega gaumgæfilega í sambandi við setningu þessara laga, og hefur því verið horfið að því ráði að skipa framkvæmd laganna með reglugerð, og er það ekkert einsdæmi, að það sé gert hér á landi, því að þannig er þetta í orlofslöggjöf ýmissa grannþjóða okkar, t. d. Dana, þar sem framkvæmdin er ákveðin með reglugerð. Hins vegar er það skilyrði um setningu reglugerðarinnar, að hún sé gerð í samráði við samtök launþega og samtök atvinnurekenda, og ætti það að vera nokkur trygging fyrir því, að setning reglugerðarinnar fari vel úr hendi og að tilætluðum notum komi þær breytingar, sem á þessu kunna að verða gerðar.

Þá er einnig gert ráð fyrir nokkurri lengingu á orlofstímanum, þ. e. a. s. því tímabili, sem lögin takmarka, að orlof sé veitt, en það hefur verið frá 15. maí til 15. sept., en nú er gert ráð fyrir að rýma þennan tíma, þannig að orlof megi taka allt frá 2. maí. Í lagafrv. var gert ráð fyrir því, að orlofstíminn yrði allar götur til 30. sept. Hins vegar varð um það atriði ágreiningur í þeirri n., sem undirbjó málið. Fulltrúar launþega lögðu áherzlu á það, að orlofstíminn næði ekki lengra en til 15. sept., m. a. af þeim ástæðum, að það er erfitt fyrir fjölskyldur að fara í orlof eftir miðjan sept. sökum þess, að þá eru skólar byrjaðir og fjölskyldan er bundin þeim böndum, sem af því leiðir.

Þá eru nokkur minni háttar nýmæli í lögunum, t. d. um það, að þar sem svo er ástatt, að fyrirtæki hætti algerlega starfsemi sinni yfir orlofstímann, eigi menn

þó ekki rétt á kaupi fyrir þá daga, sem orlofsstöðvunin stendur, þ. e. a. s. ef þeir hafa ekki unnið til slíks orlofs. Þetta er í samræmi við ákvæði danskra laga um þetta efni. Þá er einnig nýmæli um það, að orlofsfé megi flytja á milli ára, þannig að ef orlofsþegi hefur ekki tekið út orlofsfé innan árs frá lokum orlofsársins, þá rennur það sem aukaiðgjald til lífeyrissjóðs hans, sbr. 13. gr.

Þetta eru helztu atriði frv., og um þessi meginatriði öll varð sú n., sem hafði þetta til meðferðar, heilbr.- og félmn., sammála og mælir með frv. Hins vegar þótti n. nauðsynlegt og rétt að gera nokkrar breyt. á frv., eins og það var lagt hér fyrir, og eru brtt. n. á þskj. 129. Þessar breyt. eru fæstar veigamiklar. Margar þeirra eru nánast orðalagsbreytingar, sem gefa frvgr. ofurlítið annan blæ, eins og t. d. fyrsta brtt., sem er um það, að í 2. mgr. 1. gr. bætist orðið „hagkvæmari". Það þótti rétt til þess að leggja áherzlu á, að þarna gætu komið til greina önnur ákvæði en þau, sem beinlínis ákveða lengd orlofs eða orlofsfé eða annað slíkt. Það gætu verið önnur atriði, sem aðilum þættu hagkvæm og stæðu í samningum, og er gert ráð fyrir, að þau ákvæði samkv. þessu haldist eða rýrist ekki þrátt fyrir ákvæði laganna. En lögin eru í heild þannig, að þau eru til þess gerð að tryggja launþegum lágmarksrétt til orlofs, en banna hins vegar ekki, að samið sé um meiri réttindi til handa launþegum heldur en í þeim eru ákveðin, enda er það svo, að í ýmsum tilvikum er það þannig, að gildandi samningar kveða á um meiri rétt en í lögum felst.

Þá er í öðru lagi brtt. við 3. gr. frv. um, að orlofsárið sé frá 1. maí til 30. apríl. Þetta er nánast leiðrétting. Í frv., eins og það var lagt fram, var orlofsárið ákveðið frá 15. maí til 14. maí. Hins vegar segir í 4. gr. frv., að orlof megi taka frá 2. maí til 30. sept., en öllum má auðvitað ljóst vera, að orlof verður naumast tekið fyrr en orlofsárið er úti, þannig að því yrði þá að vera lokið fyrir mánaðamótin apríl–maí, ef það á að vera mögulegt. Þessi breyt. er því í raun og veru bein afleiðing af ákvæðum 4. gr., en hins vegar hafði frv.-höfundum láðst að breyta þessu ákvæði 3. gr. til samræmis við ákvæði 4. gr.

Þá eru tvær brtt. við 4. gr. frv. Það er í fyrsta lagi, að í staðinn fyrir, að 18 orlofsdagar hið minnsta skuli veittir á tímabilinu frá 2. maí til 30. sept., eins og segir í frv. eins og það var lagt fram, komi 21 orlofsdagur, og síðan í öðru lagi, að í staðinn fyrir „vinnu við landbúnað, byggingar og samgöngur" komi: vinnu við landbúnað og síldveiðar. Síðar talda atriðið er þess eðlis, að ástæða er til að vekja athygli á því. Samkv. brtt. eru þessi ákvæði um undantekningar um það, hvenær helmingur af orlofi skuli tekinn, bundinn við nákvæmlega sömu atriði og nú eru í gildi. Í núgildandi orlofslöggjöf er ákveðið, að allt að helming orlofs megi veita utan orlofstímans í landbúnaði og sjávarútvegi, og n. flytur till. um að færa þetta í sama horf. En í frv. voru byggingar og samgöngur settar inn að ósk atvinnurekenda, en gegn mjög ákveðnum mótmælum launþega í þessum starfsgreinum, sem telja, að réttur þeirra yrði mjög skertur, ef þeim yrði gert að skyldu eða þeim a. m. k. mjög beint inn á þær brautir að taka allt að helmingi orlofsins utan orlofstíma. Þeir sætu þá ekki við sama borð og aðrir launþegar, og finnst mér sú afstaða þeirra vera mjög skiljanleg. Það hefur ekki heldur þótt fært við nánari athugun að leyfa það, að meira en sú viðbót, sem nú er ákveðin almennt í orlofslögunum, komi á annan tíma árs en var áður veitt. Það yrði raunverulega skerðing á þeim rétti, sem launþegar hafa til þess að taka orlof að sumrinu til, en öllum er auðvitað ljóst, að á það leggur launafólk mikla áherzlu að taka orlof einmitt meðan okkar stutta sumar stendur, þannig að þeir fái notið þess að einhverju leyti.

Loks er svo orðalagsbreyting, sem ekki verður talin efnisbreyting, við 5. gr. frv., en þar segir svo:

„Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar." Síðan kemur í frv.: „Atvinnurekandi skal tilkynna launþega svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli."

Blærinn á þessari gr., eins og hún nú er í frv., er á þann veg, að það mætti kannske halda, að það væri að einhverju leyti verið að taka aftur í síðari hluta gr. það, sem sagt er í þeim fyrri. En andinn er vitanlega sá, að orlofstíminn, hvenær orlof skuli tekið, sé ákvörðun, sem sé í eins miklu samráði milli launþega og atvinnurekanda og unnt er, og það sé talið sjálfsagt, að atvinnurekandi kynni sér óskir launþegans um þetta efni, eins og raunar má segja, að ákveðið sé í fyrri hluta gr. Þess vegna þykir rétt, að tilkynning frá honum um, hvenær launþegi skuli fara í orlof, sé ekki gefin, fyrr en gengið sé úr skugga um vilja fólksins á vinnustaðnum eða við fyrirtækið, og ætla ég, að þetta sé auðskilið mál.

Það er svo að lokum brtt. við ákvæði til bráðabirgða um það, að 2. liður ákvæðis til bráðabirgða falli úr, en þar segir:

„Ákvæði í kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda um, að 21 orlofsdagur skuli veittur á tímabilinu 1. júní til 15. sept., skulu breytast til samræmis við 1. mgr. 4. gr., nema aðilar verði með nýjum samningum ásáttir um annað."

Þetta ákvæði þykir í fyrsta lagi fremur óviðfelldið, þar sem verið er að ýja í þá átt, að ákvæðum í gildandi kjarasamningum verkalýðsfélaga sé breytt með þessum lögum, og á hinn bóginn er það í raun og veru ástæðulaust, þar sem aðilar hafa eftir sem áður rétt til þess að semja um annað en lögin ákveða um það, hvenær orlofið eða þessi hluti af því sé veittur. Það er algerlega opið og virðist vera ástæðulaust, að í lögunum séu nokkrar leiðbeiningar um það, hvernig um það verði samið milli launþeganna og atvinnurekenda.

Þetta eru sem sagt breyt., sem n. varð ásátt um að gera á frv., og tel ég þá ekki ástæðu til að fara um það öllu fleiri orðum. Ég vil þó aðeins að lokum nefna það, að ég tel a. m. k., að hér sé náð verulegum áfanga í því mikla réttindamáli allra launþega í landinu, sem orlofslöggjöfin er. Með samþykkt þessa frv. stöndum við nú í fyrsta skipti, að ég held, algerlega jafnfætis grannþjóðum okkar um þetta mikla réttindamál, en á Norðurlöndum öllum er nú fjögurra vikna orlof samningsbundið eða lögfest og orlofsfé þó öllu hærra í þeim löndum en það er hjá okkur. Þó eru þau ákvæði að sumu leyti öðruvísi, þannig að munurinn er í því efni

ekki heldur ýkjamikill okkur í óhag. Ég tel þess vegna, að það beri sérstaklega að fagna þessu frv., og við erum nú ekki lengur eftirbátar annarra um þennan rétt, sem er svo mikilsverður, ekki aðeins fyrir það líf, sem menn lifa, og þá lífsfyllingu, sem það veitir, að geta tekið sér frí og hvíld frá störfum, heldur einnig að því leyti, að ef framkvæmd orlofslaganna er í lagi og er með þeim hætti, sem beztur getur orðið, þá er líka enginn vafi á því, að í slíkri löggjöf felst í fyrsta lagi heilsuvernd á öllum sviðum mannlegrar heilsu, og einnig ætti það, sem til þessara hluta er lagt, að skila sér að verulegu leyti í betra vinnuafli og glaðari starfandi mönnum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 129, hefur orðið samstaða í n., en þó undirritum við tveir af nm. nál. með fyrirvara.

Þegar frv. var hér til 1. umr. í hv. þd., beindi hæstv. félmrh. því til n., að hún tæki til greina breyt. á frv. í samræmi við það, sem fram kemur í niðurlagi grg. með frv. að séu óskir Alþýðusambandsins, þ. e. a. s. það eru brtt. í nál., sem eru nr. 3, a og b.

Við, sem undir nál. skrifum með fyrirvara, vorum nokkuð hikandi, satt að segja, við þessa breyt., sem liggur fyrir í frv., eins og það var lagt fyrir þd., og ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér það. Er sagt, að í samningum í byggingariðnaðinum muni vera í ýmsum tilvikum stefnt í þessa átt. Við höfum þó eftir atvikum fallizt á, að þessi brtt. verði flutt við frv. Hins vegar er getið þriggja ágreiningsmála í niðurlagi grg. með frv. Tvö atriði, sem hafa verið lögð til af fulltrúum Alþýðusambandsins, eru komin þarna inn í brtt., en það þriðja er aftur atriði, sem fulltrúar atvinnurekenda leggja til að breytist, og það er orlofsfjárhæðin. Í frv. er eiginlega meginbreytingin sú, að orlof lengist úr 21 degi í 24, það lengist sem sé um 1/7, og hefði þá orlofsfjárhæðin til samræmis við það átt að hækka úr 7% í 8%. Hins vegar mun þessi þriðjungur úr prósentu, sem þarna er bætt við það, sem eftir beinum útreikningi hefði átt að vera niðurstaðan, rökstuddur með því, að fastir starfsmenn fái orlof af orlofi, en um það sé ekki að ræða fyrir þá, sem taka orlofið í peningum. Það hefði mátt segja, að það hefði þá verið réttmætt að taka tillit til þessara þriggja atriða hjá báðum aðilum, sem þarna eru upp talin, en við, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, höfum þó tekið ákvörðun um að flytja ekki slíka brtt.

Ég vil láta þess getið, að mig rámar í, – ég hef ekki haft tíma til þess að ganga úr skugga um það, – að frv. hafi verið flutt hér á þingi um lengingu orlofs einmitt í 24 daga og jafnframt 8% orlofsfjárhæð. Ég hef ekki getað kynnt mér það nú. Ég veit ekki heldur, hvort það hefði breytt afstöðu nokkurs manns til málsins. Það verður þá kannske hægt að rifja það upp, ef ástæða þykir til, síðar í meðförum málsins á hv. Alþingi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, vildi aðeins gera grein fyrir þessum viðhorfum okkar, sem undir nál. skrifum með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.–17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 132).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á s. l. hausti skipaði félmrn. n. til þess að endurskoða lög um orlof. Það varð að samkomulagi, að n. væri skipuð tveimur fulltrúum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einum fulltrúa frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og þremur frá Alþýðusambandi Íslands, en oddamaður í n. og formaður yrði ráðuneytisstjórinn í félmrn. Þessi n. tók þegar til starfa og ræddi hugsanlegar breytingar á orlofslöggjöfinni og þá einkanlega út frá því sjónarmiði, að á henni yrðu gerðar breyt. þannig að orlofsmálum væri skipað með líkum og helzt ekki lakari hætti en í nágrannalöndum okkar, sem við höfðum á vissu tímabili átt samleið með, en dregizt nokkuð aftur úr á seinni árum. Fyrir örskömmu afgreiddi þessi n. frv. að nýjum orlofslögum, og bar þar ekki mikið á milli aðilanna á vinnumarkaðinum, og var málið tekið til umr. í hv. Ed., og þar varð fullt samkomulag um nýja orlofslöggjöf, hún afgreidd út úr d. fyrir nokkru með shlj. atkv.

Meginbreytingarnar í þessu orlofslagafrv. eru þrjár, skulum við segja.

Í fyrsta lagi skal orlof vera tveir dagar fyrir hvern unnin mánuð miðað við síðasta orlofsár, en til þessa hefur þetta verið 1½ dagur fyrir hvern mánuð.

Önnur breytingin, sem er nokkurn veginn afleiðing af þessari lengingu orlofsins, er sú, að atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 8⅓% af launum, en nú er það 7%. Það fer nokkuð eftir því, hvaða forsendur menn gefa sér, hvert orlofsféð á að vera tilsvarandi við tvo daga í mánuði eða 24 virka daga á ári, og gæti þar verið um að ræða 8% eða jafnvel allt upp í 9%. Hjá Dönum er orlofið 4 vikur, en orlofsféð er þar reiknað 9%. Hér deildu menn ekki um annað en það, hvort rétt væri, að orlofsféð yrði 8% eða 8⅓%, svo að það var nú ekki mikið, sem þar bar á milli.

Það þriðja, sem ég vil segja, að geti verið nokkuð veigamikil breyt. frá gildandi orlofslögum, er það, að í þessu frv. er ekkert ákvæði um orlofsmerki eða það kerfi, að orlofsþegar skuli fá orlofið greitt í merkjum. Það kerfi hefur ekki gefizt að öllu leyti vel. Það hefur sýnt sig, að bæði atvinnurekendur og verkafólk hafa komizt fram hjá þessum ákvæðum, sem áttu þó að vera til þess að tryggja, að orlofsfjárgreiðslunum væri ekki blandað saman við almennar launagreiðslur, og gallar því sýnilega komið fram á þessu kerfi, auk þess sem það er anzi mikil skriffinnska, sem því fylgir. Öll ákvæði varðandi orlofsféð og það fyrirkomulag allt saman varðandi orlofsmerki er tekið út úr frv. og gert ráð fyrir, að um það verði sett ákvæði í reglugerð. Ef mönnum sýnist ekki fært að finna annað kerfi, sem betur henti og betur tryggi rétt orlofsþeganna, þá verða sjálfsagt reglugerðarákvæðin svipuð og í gildandi löggjöf. En í athugun er, hvort ekki sé hægt í gegnum gírókerfið að tryggja þennan rétt orlofsþeganna öllu betur en gamla kerfið gerir og jafnframt að losna við skriffinnsku í sambandi við það. Þetta er í athugun, en henni ekki fullokið, og mun þó ekki áframhaldandi athugun á þessu máli verða látin tefja það, að reglugerð verði þegar tilbúin og sett, þegar þetta frv. hefur fengið staðfestingu sem lög. En þá yrðu sem sé ákvæðin svipuð í reglugerð og hingað til hafa verið í gildandi lögum, ef ekki þættu sýnilegir kostir við það að taka upp nýtt kerfi í sambandi við gírókerfið.

Það er einnig breyting á orlofstímanum, og heimiluð er skipting á orlofi vegna lengingarinnar, þó þannig, að 21 orlofsdagur sé veittur á tímabilinu 2. maí til 15. sept., en heimilt að geyma þá þrjá daga til annars hluta ársins eftir samkomulagi. Það er atvinnurekandinn, sem ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt, en hann á að verða við óskum launþega um orlofstímann, orlofstökuna, þegar unnt er vegna starfseminnar að taka tillit til óska orlofsþeganna. Það er þó sem sé að verulegu leyti samkomulagsatriði.

Ég held, að þetta séu þau atriði, sem helzt víkja frá gildandi löggjöf um orlof. Að öðru leyti höfum við haft reynslu af orlofslöggjöf hér um langan tíma, svo að við getum ekki um það deilt, að þetta er eitt af þeim réttindaatriðum vinnandi fólks, sem samkomulag hefur verið um, að skipað skuli með löggjöf, þó að ýmis atriði varðandi orlof hafi einnig verið og upphaflega verið ákveðin með samningum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, enda er í öllum okkar nágrannalöndum þessum málum skipað með löggjöf.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 204).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti, Heilbr.- og félmn. hefur einróma mælt með samþykkt þessa frv., sem hér er til umr. Frv. þetta er samið af n., sem félmrh. skipaði 29. sept. s. l. og felur í sér þær helztu breyt., að með samþykkt þess lengist orlofstíminn úr 21 degi í 24 daga virka og hækkun orlofsfjár úr 7% í 8⅓%. Auk þess eru í frv. ýmsar breyt. frá fyrri lögum um orlof, svo sem skiptingu orlofs og flutning orlofs milli orlofsára og fleira.

Samningar þeir, sem gerðir voru milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda nú í mánuðinum, byggjast á því, að frv. þetta verði að lögum og taki gildi um næstu áramót og því megi treysta, að frv. fái fulla afgreiðslu hér á hv. Alþ., áður en þm. taka sér jólafrí. Með samþykkt þessa frv. verður enn eitt atriði úr málefnasamningi ríkisstj.-flokkanna komið til framkvæmda, og hefur verkalýðshreyfingin jafnframt unnið sigur í einu aðalbaráttumáli undanfarinna ára.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, enda hefur hæstv. félmrh. útskýrt málið í ítarlegri ræðu, er málið var hér til 1. umr. í d. Frv. var afgr. frá Ed. með shlj. atkv., og það er von mín, að svo verði einnig hér í hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

---

7. 40 stunda vinnuvika.

Á 14. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um 40 stunda vinnuviku [90. mál] (stjfrv., A. 103).

Á 16. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstj. er því lýst yfir, að stjórnin vilji að því stuðla að bæta kjör og afkomu verkafólks, bænda, sjómanna og annarra þeirra, sem við hliðstæð kjör búa. Síðan segir í málefnasamningnum, að í því skyni, að hægt verði að tryggja láglaunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur, muni ríkisstj. beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í kjaramálum:

1. Vinnuvikan verði með lögum stytt í 40 stundir án breytinga á vikukaupi.

2. Orlof verði lengt í 4 vikur og framkvæmd orlofslaga auðvelduð.

3. Kaupgjaldsvísitalan verði leiðrétt um þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögunum, og komi sú leiðrétting þegar til framkvæmda.

4. Þau 2 vísitölustig, sem ákveðið var í verðstöðvunarlögunum, að ekki skyldu reiknuð í kaupgjaldsvísitölu fram til 1. sept., verði strax tekin inn í kaupgjaldsvísitöluna.

Og að lokum var því lýst yfir, að auk þeirra kjarabóta, sem að framan greinir, telji ríkisstj., að með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. eigi að vera mögulegt að auka í áföngum kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum, og muni hún beita sér fyrir því, að þessu marki verði náð.

Nú kunna menn að spyrja: Hvað er nú með efndir þessara fyrirheita? Jú, það er fljótsagt, að kaupgjaldsvísitalan hefur verið leiðrétt og hinum niður felldu vísitölustigum þannig skilað aftur. Sama er að segja um vísitölustigin tvö, sem frestað hafði verið að reikna með í kaupgjaldsvísitölu. Og nú hefur verið lagt fyrir hv. Alþ. frv. til laga um 40 stunda vinnuviku og einnig frv. til laga um orlof, þ. e. lengingu þess úr 3 vikum í 4 vikur. Í þessum frv. báðum felast umtalsverðar réttinda- og kjarabætur. Þegar frv. þessi hafa öðlazt lagagildi, hefur fyrirheitum þeim, sem ég áðan greindi frá, öllum verið fullnægt.

Ég vil vænta þess, að ekki gæti mikillar tregðu hér á hv. Alþ. um viðurkenningu þeirra réttarbóta, sem í frv. þessum felast verkafólki til handa. Andspyrna við þau væri raunar í algeru ósamræmi við afstöðu þeirra hv. þm., sem studdu fyrrv. ríkisstj., en hún stytti vinnutíma starfsmanna ríkisins úr 44 stundum á viku í 40 stundir eða gerði nákvæmlega hið sama, sem verið er að gera með frv. því, sem hér er til umr. varðandi fólkið við framleiðslustörfin, erfiðu störfin í þjóðfélaginu, fólkið í verkalýðshreyfingunni. Með fordæmi það í huga, sem fráfarandi stjórn gaf, væri um algert misrétti að ræða, ef ekki kæmi sams konar leiðrétting, sem nú er fram borin í frv. um 40 stunda vinnuviku. Ég vænti þess því, að hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, verði sjálfum sér samkvæmir varðandi þetta mál.

Ekkert var raunar auðveldara fyrir mig en að snara strax fram frv. um styttingu vinnuvikunnar í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans. En það taldi ég þó að athuguðu máli óhyggilegt að gera. Þetta er allstórt mál og varðar mjög báða aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna taldi ég affarasælast að gefa bæði Alþýðusambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda kost á að fjalla um málið strax á undirbúningsstigi þess. Ég kvaddi því strax í haust fulltrúa þessara samtaka á minn fund og innti þá eftir, hvort þeir vildu eiga samstarf um undirbúning lagasetningar um styttingu vinnuvikunnar úr 44 stundum í 40 stundir. Og er þar skemmst af að segja, að þótt atvinnurekendur lýstu sig strax andvíga lagasetningu um málið, þá vildu þeir þó heldur eiga hlut að því, hvernig lagasetningu yrði háttað, ef fastákveðið væri á annað borð, að lög yrðu sett um þetta. Niðurstaðan varð því sú, að samstarfsnefnd var sett til að semja frv. til laga um styttingu vinnuvikunnar. Alþýðusamband Íslands tilnefndi þrjá menn í n., Vinnuveitendasamband Íslands tvo og Vinnumálasamband samvinnufélaganna einn, þannig að verkið skyldi unnið af jafnmörgum mönnum frá verkalýðssamtökum og samtökum atvinnurekenda. Ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, var svo oddamaður í n. og formaður hennar.

Síðan hefur starfið verið í höndum þessarar n., sem að mínu áliti hefur nú skilað ágætu verki. Fram hafa komið m. a. í blöðum ásakanir í garð ríkisstj. um að hafa legið á málinu og tregðazt við að efna gefin loforð um styttingu vinnuvikunnar. En þessar ásakanir eru tilefnislausar með öllu og eru áreiðanlega á algerum misskilningi byggðar. N. lauk störfum nú s. l. laugardag. Sérstakar ráðstafanir voru gerðar til að fá frv. prentað á sunnudag, og því var svo útbýtt, að ég hygg, hér í þinginu á mánudag. Annars væri réttast, að fulltrúar Alþýðusambands Íslands segðu til um það, hvort það sakar félmrn. um að hafa dregið málið á langinn eða ekki, því að ásakana um slíkt er sennilega ekki að vænta frá atvinnurekendum eðli málsins samkvæmt, þar sem þeir hefðu látið sér í léttu rúmi liggja, þó að það kynni að dragast eitthvað á langinn.

Með tilliti til hinna viðamiklu og viðkvæmu kjarasamninga, sem nú standa yfir, held ég, að það hafi verið vel ráðið að leita fulls samráðs við samtök atvinnurekenda um samningu þess frv., sem hér liggur nú fyrir. Í skipunarbréfi n., sem frv. samdi, sagði, að nú ætti að semja frv. til laga um vinnutíma, sérstaklega með það fyrir augum, að vinnuvikan verði með lögum stytt í 40 stundir án skerðingar á vikukaupi. Þessu meginmarkmiði lagasetningarinnar er fullnægt með ákvæðum 2. og 8. gr. frv. 40 dagvinnutímar í viku eru hámarksákvæði, og það er líka beint fram tekið, að heimilt sé að semja um skemmri vinnuviku. Af ákvæðum frv. leiðir, að sú upphæð, sem nú er greidd fyrir 44 klukkustundir, skal, þegar það hefur hlotið lagastaðfestingu, greiðast óskert fyrir 40 unnar stundir. Þetta er óneitanlega veruleg kauphækkun, en á móti koma vafalaust í hlut atvinnurekenda aukin vinnuafköst, enda hefur sú orðið reynslan í öllum þeim löndum, þar sem reynsla af styttingu vinnutíma hefur verið könnuð nákvæmlega.

Um auknar vinnutekjur verkafólks er þó ekki að ræða, ef aðeins er unninn lögákveðinn dagvinnutími. Þannig kemur því aðeins til aukins vinnulaunakostnaðar hjá atvinnurekendum, að þeir láti vinna aukavinnu, og það er ávallt undir mati og ákvörðun þeirra sjálfra komið, en ekki verkafólksins. Í aths. með frv. er gerð nákvæmlega grein fyrir efni þess, og vísast til þess, sem þar segir. Lögin skulu taka gildi 1. jan. 1972.

Á fskj. með frv. gera fulltrúar atvinnurekenda grein fyrir sjónarmiðum sínum og helztu ágreiningsefnum. Þar kemur fram, að þeir telja vinnutímastyttinguna of mikla, og gera þar samanburð á Íslandi og nágrannalöndum okkar, og það er rétt, að verði frv. að lögum, verður nettóvinnutími nokkru styttri en í nágrannalöndum okkar. En ég vil ekki viðurkenna það sem neitt algilt lögmál, að Ísland skuli í einu og öllu og alltaf vera eftirbátur annarra þjóða, og það er rétt, að við lögfestingu frv. yrðum við Íslendingar í fremstu röð þjóða varðandi vinnutíma. Fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaganna játar þó hreinskilnislega, að búið sé að segja a með ákvörðun um 40 stunda vinnuviku opinberra starfsmanna og því verði ekki hjá því komizt að segja b. Um þetta segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins ber þó að gæta, að í des. 1970 gerðu stjórnvöld

samninga við starfsmenn ríkisins, þar sem ákveðin er stytting vinnuvikunnar úr 44 klst. í 40 klst. á viku „brúttó", þ. e. að meðtöldum greiddum kaffitímum og aukahelgidögum. Samkv. þessu er t. d. vinnutími verkamanna, iðnaðarmanna og verzlunarfólks í opinberri þjónustu 35.13–35.27 unnar klst. á viku.

Er ljóst, að fordæmi sem þetta hefði gefið tilefni til þess að taka vinnutímamálin til sérstakrar meðferðar í yfirstandandi samningagerðum milli aðilanna á hinum almenna vinnumarkaði."

Ég vek athygli á, að þetta eru orð atvinnurekendafulltrúa, og það er ekki sízt þetta fordæmi fyrrv. stjórnar, sem veldur því, að ekki fékkst heldur samkomulag um annað meginágreiningsmál aðilanna á vinnumarkaðinum, sem sé það, hvort vinnutímastyttingin ætti að eiga sér stað í einum áfanga frá næstu áramótum að telja eða í tveimur eða fleiri áföngum. Fulltrúum verkamanna fannst það undansláttur frá jafnréttiskröfu, *ef málið væri ekki leyst í einum áfanga*. En það sýnir þó bezt, að til verks hefur verið gengið með fullum samkomulagsvilja og sáttahug, að fallizt var á svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði aftan við frv.:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins [þ. e. a. s. hinum einstöku verkalýðsfélögum í þessu tilfelli] heimilt að semja um að fresta til 1. jan. 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir."

Þetta er bráðabirgðaákvæðið. Í þeim tilfellum, að slíkir samningar væru gerðir, mundi sem sé þessi aðgerð eiga sér stað í tveimur áföngum, og mundi þá kauphækkun, sem því næmi, koma á móti. Þarna er bersýnilega haldið opnum dyrum, þar sem gagnkvæmur vilji kynni að vera fyrir hendi um að leysa málið í tveimur áföngum.

Herra forseti. Með því, sem ég nú hef sagt, hef ég leitazt við að skýra þetta mál, svo að það liggi í meginatriðum fullljóst fyrir öllum hv. alþm. Ég þakka svo öllum þeim, sem unnið hafa að samningu frv. og þannig stuðlað að farsællegri lausn málsins. Ég legg svo til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. deildarinnar.

Ingvar Jóhannsson: Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr. um 40 stunda vinnuviku, fylgja tvö sérálit, annars vegar sérálit þeirra Björgvins Sigurðssonar og Hauks Björnssonar, fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, og hins vegar Júlíusar Valdimarssonar, fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Fram kemur nokkurn veginn samdóma álit þessara fulltrúa hinnar ráðherraskipuðu n., sem sjá átti um samningu frv. til laga um vinnutíma, sérstaklega eins og fram kemur í skipunarbréfi n., með það fyrir augum, að vinnuvika verði með lögum stytt í 40 stundir án skerðingar á vikukaupi. Þessi tvö sérálit eru í samræmi við niðurstöður kjararannsóknarnefndar, sem er hlutlaus n., skipuð fulltrúum vinnumarkaðarins. Í skýrslu kjararannsóknarnefndar frá 18. ágúst 1971 um raunhæfan samanburð vinnutíma í Svíþjóð, Noregi og Danmörku kom m. a. eftirfarandi í ljós:

Vinnutími er lengstur á Íslandi, 44 klst., en stytztur í Danmörku, 41 klst. og 45 mín. Greiddir helgidagar eru svipaðir hjá öllum löndunum, eða frá 1.16 klst. á viku í Noregi til 1.36 klst. í Svíþjóð. Hins vegar eru Íslendingar einir um að hafa greitt hlé, þ. e. a. s. kaffitímann, sem er 3.40 klst. á viku hjá Dagsbrún. Af þessu leiðir, að þótt lengstur vinnudagur sé á Íslandi, verða unnar vinnustundir á viku fæstar eða 38.50 klst., en í Svíþjóð 40.54 klst., í Danmörku 40.30 klst. og í Noregi 41.14 klst. Orlof eru 3.5 vika eða 21 virkur dagur á Íslandi og í Danmörku, en 4 vikur eða 24 virkir dagar í Svíþjóð og Noregi.

Með tilkomu efnahagsbandalaganna og inngöngu Íslands í EFTA hefur þörfin á meiri samræmingu á vinnutímatilhögun og annarri aðstöðu íslenzkra atvinnuvega orðið æ brýnni, til þess að hægt sé að vega samkeppnishæfni okkar gagnvart öðrum löndum. Aðrar þjóðir hafa skilgreint hugtakið 40 stunda vinnuviku sem raunverulega virkan vinnutíma, þ. e. a. s. þann tíma, sem starfsmaður er við framleiðslustörf. Matar- og kaffihlé lengja aðeins viðverutíma hjá starfsmönnum þessara þjóða. Þótt hér hafi viðgengizt, að kaffihlé teljist til vinnutíma, þá verður það að teljast mjög varhugavert að lögfesta vinnutíma að kaffitíma meðtöldum niður í 40 klst. dagvinnu á viku. Slíkt mun óneitanlega hafa alvarleg áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenzkra atvinnuvega í framtíðinni. Með samþykkt þessa frv. óbreytts mun virkur dagvinnutími á viku fara niður í tæpar 35 klst. eða milli 5 og 6 klst. skemmri dagvinnu á viku en á hinum Norðurlöndunum.

Af því, sem hér að framan hefur verið sagt, er ljóst, að með frv. þessu óbreyttu er verið að lögfesta styztu vinnuviku, sem vitað er um í allri Vestur-Evrópu. Ég vil því aðeins spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hafi við gerð málefnasamnings síns gert sér grein fyrir þeim mismun virkrar dagvinnuviku hér og í nágrannalöndum okkar. Auk þess er rétt að geta þess, að fækkun vinnustunda í dagvinnu leiðir óhjákvæmilega til aukningar á eftir- og næturvinnu, og sé reiknað með óbreyttri álagsprósentu fyrir eftir- og næturvinnu, skal þess getið, að hún er mun hærri hér á landi en á öðrum Norðurlöndum.

Ég hef við 1. umr. þessa máls viljað vekja athygli á þessum sjónarmiðum, því að vissulega er það svo með þetta mál eins og mörg önnur, að á því eru tvær hliðar. Vinnutímastyttingin mun koma mjög mismunandi niður í hinum ýmsu starfsgreinum, því að í sumum hverjum mun þetta leiða til tekjuaukningar hjá launþegum, vegna þess að verkefnum verður að ljúka án tillits til þess, á hvaða tíma sólarhringsins er, eins og t. d. í fiskiðnaði. Í öðrum atvinnugreinum, t. d. í iðju, verður engin aukning á heildartekjum launþega.

Frv. það, sem hér er til umr., er vottur um breytingu á starfsaðferðum stjórnvalda, hvað viðvíkur deilum samningsaðila vinnumarkaðarins. Hingað til hefur löggjöf varðandi lausn vinnudeilna verið í samræmi við niðurstöður samkomulags deiluaðila og frv. því verið flutt í samkomulagi við þá, nema um hafi verið að ræða sérstakar bráðabirgðaráðstafanir. Með frv. þessu er brotið blað í afskiptum ríkisstj. af kjarasamningum, og kom reyndar skýrt fram í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., að ætlunin er að blanda sér beint í þau mál, sem hingað til hafa verið samningsatriði aðila vinnumarkaðarins. Það er skoðun mín, að sú staðreynd, að enn hafa ekki náðst samningar milli aðila á vinnumarkaðinum þrátt fyrir tveggja mánaða samningaumleitanir,

sé bein afleiðing af þessum nýtilkomnu afskiptum hæstv. ríkisstj. af þessum viðkvæmu málum. Á þessum málum hefur verið tekið með fádæma klaufalegum hætti, og því hefur nú svo farið sem farið hefur, að verkföll hafa verið boðuð eftir fáa daga.

Ég lýsi því afdráttarlaust yfir sem minni skoðun, að lengd vinnutíma á að ákveða með frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins, en ekki með einhliða valdboðum stjórnvalda, eins og gert er í einræðisríkjum. Það er því nauðsynlegt, að þetta mál fái nákvæma skoðun og yfirvegun í n., áður en til 2. umr. kemur.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hlýt að fagna því, að þetta frv. er fram komið, ekki síst með hliðsjón af því, að það voru einróma kröfur fólks úr öllum pólitískum flokkum, að ég hygg, að setja þetta inn í aðalkröfur verkalýðsfélaganna í þeirri deilu, sem verkalýðsfélögin standa nú í við vinnuveitendur um laun sín og kjör. Og ég á þá ósk eina í sambandi við framgang þessa máls, að hér verði, eins og sagt er á slæmu máli, um að ræða „effektíva" aukna hvíld fyrir verkafólk almennt í landinu, en komi ekki fram í því, sem of oft vill brydda á hjá því miður of stórum hópi manna, sjálfsagt vegna lágra tekna, að það sé beinlínis gert að kröfu, þegar um nægjanlegt vinnuframboð er að ræða, að hlutaðeigandi fái svo og svo mikla eftirvinnu. Það er sem sagt von mín og ósk, að sá aukni frítími, sem frv. þetta boðar fyrir það fólk, sem lögin ná til, verði raunverulegur og fólkið fái raunverulega meiri hvíld frá oft erfiðum störfum, sem það innir af hendi.

Það er út af fyrir sig ekki út í bláinn að vitna til þess, að við starfsfólk ríkisins og velflestra bæjarfélaga hefur verið samið eða samkomulag við það gert í einu eða öðru formi um styttingu vinnutímans ofan í 40 stundir. Það mun vera hægt að leiða að því rök, að velflest af því fólki vinnur a. m. k. ekki svo líkamlega erfiða vinnu, að það sé sambærilegt við velflest það fólk, sem hér um ræðir, þó að ég harmi það á sama tíma, að of stór hópur verður eftir sem áður, þrátt fyrir samþykkt þessara laga, utan við þá tryggingu um hvíld, sem í lögum þessum felst, og á ég þá fyrst og fremst við sjómannastéttina, sem tvímælalaust vinnur áhættusömustu og líkamlega erfiðustu störf þjóðfélags okkar um leið og þau eru hin mikilvægustu hvað afkomuna eða þjóðarbúskapinn snertir.

En ég stend hér upp í fyrsta lagi til þess að láta ánægju mína í ljós með frv. og efni þess, en hlýt að harma það á sama hátt, hve margir verða þar út undan, sem lögin ná ekki til, svo sem í 1. gr. frv. greinir.

En þá kem ég að höfuðástæðunni til þess, að ég stend upp, en það eru tvær spurningar, sem mig langaði til að beina til hæstv. félmrh. Það er í fyrsta lagi: Með hvaða hætti er hugsað að ganga til móts við þær starfsstéttir, sem ekki koma undir lögin? Eiga þær að fá þær kjarabætur, sem tvímælalaust felast í þessum lögum fyrir þá, sem þeirra njóta, bættar með einhverjum öðrum hætti? Þetta er nauðsynlegt, að þetta fólk viti, og eðlilegt, að um sé spurt á þessum tíma.

Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, og reyndar hæstv. ráðh. einnig, hafa þessi ákvæði ekki verið lögbundin fyrr, heldur verið samningsatriði verkalýðsfélaganna og eru, eins og ég áðan sagði, eitt af kröfuatriðum þeirra í núv. deilum. Af því leiðir aðra spurningu. Hún er þessi: Úr því að fyrirhugað er að leysa tvo liði í kröfugerð verkalýðsfélaganna nú með lagasetningu, þ. e. a. s. tvö fyrstu dagskrármálin hér í hv. þd. í dag, annars vegar það mál, sem hér er til umr., og hins vegar orlofslögin, er þá ætlunin að leysa deiluna í heild með lagasetningu? Nú er útlit þannig, eftir því sem haft er eftir forustumönnum beggja samningsaðila, að nánast ekkert miðar frá degi til dags í samkomulagsátt, og það eina, sem virðist eygjast í um niðurstöður, eru þau tvö frv., sem hér liggja frammi og ég áðan nefndi. Eftir er ein af þremur meginkröfum verkalýðssamtakanna, nefnilega kaupgjaldsliðurinn. Hugsar hæstv. núv. ríkisstj. sér að leysa hann einnig með lagasetningu, ef til hinna boðuðu vinnustöðvana kemur, því miður? Ég segi: því miður fyrir alla aðila í landinu, en ég hygg, að sá finnist ekki, sem telji, að ágóði geti orðið af vinnustöðvun, þá í hæsta lagi ímyndaður pólitískur ávinningur fyrir einhverja aðila, sem ég þekki ekki í dag. En fyrir þá aðila, sem í deilunni standa, og þjóðfélagið í heild, verður það ávallt neyðarúrræði og hefur ekki verið til þess gripið, nema fulla nauðsyn beri til. En það er ljóst af öllu því, sem eftir forustumönnum þessara samtaka er haft og maður heyrir af því fólki, sem væntanlega mun þátt taka í vinnudeilunni, að þessi tvö frv. nægja ekki til að leysa yfirvofandi vinnudeilu. Og þess vegna er önnur spurning mín þessi, sem ég ítreka hér með: Hugsar hæstv. núv. ríkisstj. sér að leysa aðra þætti deilunnar en þá, sem um er fjallað í þessum tveimur frv., með lagasetningu?

Það er óþarfi að eyða dýrmætum tíma forustumanna verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda í samningaumleitanir, sem nú hafa staðið, eins og áður hefur verið bent á, yfir rúmlega tveggja mánaða skeið, ef þetta er hugsun ríkisstj., og ég held, að það sé eðlilegt, að það komi fram, þegar verið er að leysa hluta af þeim kröfum, sem verkalýðshreyfingin hefur lagt fram.

Eitt atriði að lokum, sem ekki er fsp., heldur aðeins til áminningar fyrir okkur öll. Þegar frv. að meginefni, það, sem hér hefur verið lagt fram, og það, sem fyrr er á dagskránni, eru orðin að lögum, þá hvílir önnur þung skylda á verkalýðssamtökum okkar, ekki síst og kannske fyrst og fremst með hliðsjón af því, að mikið hefur verið vitnað til Norðurlandanna. Ég skal ekki rengja þær tölur, sem fulltrúar atvinnurekenda hafa hér lagt fram í fskj. sínum og sérálitum. Með hliðsjón af því, að þær séu réttar, þá munum við verða í fremstu röð með stuttan vinnutíma að þessum frv. samþykktum. En þá hvílir sú þunga skylda á okkur, að jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess, að verkafólki okkar sé gert kleift með einhverjum þeim hætti, sem fyrirmyndir eru til á Norðurlöndum um, að verja auknum frítíma sínum á hagkvæman og heilsusamlegan hátt. Það er bein afleiðing af þessu frv. og reyndar auknu orlofi einnig, að þetta sé gert mögulegt því fólki, sem nú á þess vart kost, því miður, vegna efnalegrar fátæktar að njóta þess sumarleyfis, sem lög annars bjóða því. Ég hlýt að minna á þetta atriði hér, því að það er ekki nægjanlegt eitt að sýna þessu fólki lög, sem hafa verið samþ., og afrek, sem hafa verið unnin því til handa, ef þessi afrek koma ekki fram í raunveruleikanum, þannig að því sé gert

kleift að njóta aukins frítíma með eðlilegum og heilsusamlegum hætti.

Þetta vildi ég, að fram kæmi nú við 1. umr. málsins. Að öðru leyti á ég sæti í þeirri n., sem um málið fjallar, og hef þess vegna aðstöðu til þess síðar að koma fram smærri atriðum, sem e. t. v. væri þörf á, en ég hlýt að ítreka það einnig, að ég harma mjög, að ekki skuli liggja ljóst fyrir, hve margir eru utan þeirra fríðinda, sem í frv. þessum felast, og spyr þá jafnframt, eins og ég áðan gerði, með hvaða hætti eigi að ganga til móts við þá.

Björn Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja hér nokkur orð í belg um þetta frv., sem hér er til umr., þó að svo vilji nú til, að ég eigi sæti í þeirri n., sem fær það til meðferðar, og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þá gefast væntanlega tækifæri til þess að athuga einstök atriði á síðari stigum málsins.

Hið fyrsta, sem ég vildi víkja að í sambandi við þetta mál, er það, sem kom að sumu leyti fram hjá hv. 3. þm. Reykn. og hefur annars verið á lofti haldið varðandi málið, að með þeirri málsmeðferð, sem hér er í frammi höfð, þ. e. a. s. að leysa þetta atriði, sem hér ræðir um, vinnutímamálið, með löggjöf, þá séu bæði þeir flokkar, sem að því standa, og verkalýðshreyfingin í heild sinni að víkja frá þeirri stefnu, sem hún hefur haft um frjálsa samninga um kaup og kjör. Hér er auðvitað alls ekki um slíkt að ræða, og engin stefnubreyting hefur átt sér stað um þetta, a. m. k. ekki frá verkalýðshreyfingarinnar hálfu. Við teljum frjálsa samninga um launakjör vera grundvallarréttindi í þjóðfélagi okkar, og það hefur ekki að neinu leyti breytzt. Við erum andstæðir gerðardómum, tilskipunum og löggjöf um kaupgjaldið, og ég vona, að við verðum það áfram. Þetta er, held ég, líka alveg samdóma álit verkalýðshreyfingarinnar og þeirra flokka, sem henni eru tengdastir, og ekki nein ný stefna, því að t. d. Alþfl. hefur a. m. k. tvisvar sinnum komið ríkisstj. frá því, að gerðardómar yrðu settir í vinnudeilum, og stefna annarra flokka, sem tengdir eru verkalýðshreyfingunni, er augljós í þessum efnum.

En það má svo kannske bæta því við, að það virðist koma eiginlega úr hörðustu átt, þegar þessum áróðri er sérstaklega haldið uppi af sjálfstæðismönnum, sem hafa haft ákaflega mikil og margs konar afskipti og neikvæð afskipti af kjaramálum á undanförnum árum. Settir hafa verið lögþvingaðir gerðardómar í mörgum málum. Þeir hafa viljað banna öll verkföll og með ýmsum hætti gengið á lögbundinn rétt verkalýðssamtakanna til frjálsra samninga. Það er svo aftur önnur saga, að á s. l. ári stóð hæstv. fyrrv. fjmrh., 2. þm. Norðurl. e., sérstaklega fyrir því og fetaði þar í fótspor fyrirrennara síns, hv. þm., Gunnars Thoroddsens, sem var fjmrh. 1963, um að lyfta embættismönnum alveg sérstaklega upp fyrir alla aðra í sambandi við kjaramálin og nú með þeim hætti m. a. á s. l. ári að stytta vinnutíma þeirra um 4 klst. á viku umfram aðra og jafnframt að hækka launin um 16–72% umfram það, sem almenningur hafði fengið í næstu kjarasamningum á undan.

En ég held, að til þess að menn skilji afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í þessu, þá verði menn að gera sér grein fyrir því, að hún gerir skarpan greinarmun á þessu tvennu, annars vegar kaupgjaldinu sjálfu, kaupgjaldskjörunum, og hins vegar þeim málefnum, sem lúta að menningarlegu hliðinni, félagslegu hliðinni, og kannske ekki sízt þeirri, sem lýtur að vernd vinnandi manna, öryggi þeirra, heilsu og almennri velferð. Hér eru auðvitað mjög greinileg skil á milli, sem ættu ekki að þurfa að valda neinum ruglingi í þessu efni. En það hefur alltaf verið skoðun verkalýðshreyfingarinnar, að löggjafarvaldinu væri ekki aðeins heimilt, heldur væri því skylt að sinna slíkum málum, og frá sjónarmiði hennar hefur það vissulega verið mælikvarði á löggjafarvald á hverjum tíma, hvort og hvernig þessum málum hefur verið sinnt. Og það eru auðvitað úr sögu íslenzks löggjafarvalds fjölmörg dæmi um slík jákvæð afskipti, og mætti þar t. d. nefna löggjöf eins og vökulögin, löggjöf um öryggi á vinnustöðum, orlofslöggjöfina, löggjöf um vernd barna og ungmenna, hvíldartíma verkamanna, réttindi tíma- og vikukaupsmanna og reyndar fjölmörg önnur. Hér skortir ennþá almenna vinnuverndarlöggjöf, en það hefur verið lengi á dagskrá hjá verkalýðshreyfingunni, að slík löggjöf yrði sett, og hefur þetta m. a. komið fram í því, að fyrrv. forseti Alþýðusambandsins, núv. hæstv. félmrh., hefur þing eftir þing flutt frv. til heildarlöggjafar um þessi efni, en hingað til án árangurs. En nú er það ljóst, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að setja slíka löggjöf, og er það vissulega vel, og það má segja, að það frv., sem er á ferðinni, sé í rauninni byrjun á því starfi að setja heildarlöggjöf um vinnuvernd. En hér er vissulega aðeins og auðsæilega aðeins um eitt atriði vinnuverndarlöggjafar að ræða, en engu að síður atriði, sem er bæði mikilsvert, tímabært og nauðsynlegt.

Nú spyrja menn kannske, hvers vegna sé nauðsynlegt núna að setja slíka löggjöf. Ég svara því þannig, að það væri nauðsynlegt í fyrsta lagi vegna þess, að vinnutími á Íslandi er of langur og sígur nú frekar í þá áttina að lengjast heldur en hitt. Upp undir 30% af almennri vinnu verkamanna eru iðulega unnin í eftir- og næturvinnu, og það eru tölur, sem hvergi eru finnanlegar annars staðar í nokkru menningarlandi og örugglega ekki a. m. k. í Vestur-Evrópu. Afleiðingin af þeirri miklu yfirvinnu, sem hér er unnin, er alveg vafalaust ofþjökun margra erfiðismanna, þannig að heilsu þeirra sé hætta búin, auk þess, sem þetta vinnufyrirkomulag útilokar menn frá eðlilegu félagslífi og eðlilegri þátttöku í hvers konar menningarlífi. Og sannleikurinn er sá, að engar hömlur, sem verkalýðsfélögin hafa reynt að setja um þessi efni, hafa komið að verulegu haldi. Þótt hærra kaup hafi verið fyrir eftir- og næturvinnu, þá er ekki horft í það. Kaupgjald hefur almennt verið hér svo lágt, að vinnuveitendur hafa séð sér hag í því að kaupa eftir- og næturvinnu dýrara verði og ekki virzt vera í neinum vandræðum með það, þó að þeir að hinu leytinu kvarti enn um það, að möguleikar þeirra til kauphækkunar séu litlir. Það er líka enginn vafi á því, að afleiðingin af þessum langa vinnutíma, sem víða viðgengst í atvinnulífinu, er atvinnurekendum sjálfum óhagstæður. Hann leiðir af sér verri nýtingu vinnuafls, tækja, véla og fjárfestingar, og að honum er vafalaust fjárhagstjón, þegar öll kurl eru komin til grafar.

Það er vissulega rétt, sem kom fram hjá hæstv. félmrh., að allar vinnutímastyttingar, sem vitað er um og hafa verið rannsakaðar, hafa leitt til aukinna afkasta.

Það hefur alls staðar verið reynslan, og ég hygg, að reynslan muni vera eins hér. Þetta er að mínu viti fyrsta ástæðan, að það þarf að stytta vinnutímann, og stytting sú, sem hér um ræðir, er vafalaust aðgerð til þess að stytta vinnutímann í heild.

Þegar menn eru að bera saman vinnutímann hér og á Norðurlöndunum, þá verða menn að vita, hvað þeir eru að bera saman. Annars vegar eru menn að bera saman dagvinnutíma í löndum, þar sem hann er allsráðandi sem almennur vinnutími, og hins vegar Ísland, þar sem það segir ekki nema hálfa sögu, hvað hinn skráði dagvinnutími er. Hitt er svo annað mál, að það hefur verið reynsla okkar, að þegar dagvinnutíminn hefur verið styttur og kannske ekki sízt nú, síðasta styttingin úr 48 stundum í 44, þá verkar það, a. m. k. þegar til lengdar lætur, sem stytting á almennum vinnutíma, og hann er of langur núna, og þetta er aðgerð til að stytta hann. Það er fyrsta og kannske veigamesta ástæðan fyrir því, að það er nauðsynlegt að lögfesta þá breytingu, sem hér er um að ræða, eða tryggja hana með öðrum hætti.

Í öðru lagi vil ég svo segja, – sumir mundu kannske segja í fyrsta lagi, – er það fordæmi, sem gefið var á s. l. ári með samningum þáv. ríkisstj. og BSRB. En þá gerðist það, eins og ég áður sagði, að jafnframt því sem kaupið var hækkað hjá embættismönnum frá 16–72% umfram kaup verkamanna, þá var vinnutíminn styttur í flestum tilfellum eða meiri hluta tilfella úr 44 stundum í 40, þannig að virkur vinnutími á viku, þ. e. a. s. viku, þar sem ekki falla inn í frídagar, verður 37 stundir og 5 mínútur, og 36 stundir og 50 mínútur, þegar um 6 daga vinnuviku er að ræða. Það mátti auðvitað hverjum verða ljóst, eftir að 10 eða 20 þúsund manns í landinu fengu slíka breytingu á sínum vinnutíma, að það mundi ekki standa á því, að einhverjir kynnu að gera samanburð á kjörum þeirra manna, sem vinna kannske fyrir embættismennina, en starfsmenn ríkisins og starfsmenn bæjarfélaganna hafa eftir þessa samninga 40 stunda viku, og hinna, sem vinna við hliðina á þeim með 44 stundir. Þar blasir vitanlega við annars vegar óréttlætið gagnvart erfiðismönnum og hins vegar vanmat á störfum þeirra. Það er þess vegna auðsætt, að stytting vinnuvikunnar til samræmis við það, sem fram fór hjá opinberum starfsmönnum, er ekki aðeins félagslegt og fjárhagslegt nauðsynjamál fyrir erfiðismennina, heldur er ekki síður þar um að ræða jafnréttismál þegnanna. Ég þykist vita að hv. fyrrv. fjmrh. muni benda á það hér á eftir, að það hafa ekki allir starfsmenn hins opinbera fengið vinnutímastyttingu á s. l. ári, og hafa meira að segja sumir þeirra fengið lengingu. Það er vissulega rétt, að það voru nokkrir, sem áður höfðu styttri vinnutíma, og meðalvinnutími var ákveðinn 40 stundir. Engu að síður var hér um almenna aðgerð að ræða og alveg greinilega skorið á það, að nokkur sambærilegur vinnutími væri hjá opinberum starfsmönnum annars vegar og verkafólki hins vegar, jafnvel þótt þetta fólk ynni hlið við hlið. Og ég vil nú spyrja: Hvernig er hugsanlegt að synja verkafólkinu, erfiðisfólkinu, sem vinnur sína vinnu við verstu skilyrði, um styttingu vinnuvikunnar, eftir að þeim, sem búa við hækkanir og betri ytri skilyrði, hefur verið veittur þessi vinnutími? Ég segi það alveg útilokað, hvað sem öllum útreikningum um kostnaðarauka hjá atvinnurekendum og öðrum líður, hvað sem um það er sagt. Og ég held, að í þessu öllu saman, annars vegar, hvað gert var fyrir embættismannastéttina og opinbera starfsmenn, og hins vegar hvaða afstaða er til erfiðismanna í þessu efni, þurfi allir aðilar að læra þá lexíu, að verkafólkið, sem vinnur við verstu skilyrðin, heimtar sinn rétt alveg til jafns við aðra. Það neitar því algerlega að vera utangarðsmenn í þessu þjóðfélagi og vera metið eftir allt öðrum mælistikum en þeir, sem búa bæði við betri kjör og betri vinnuskilyrði.

Ég sagði áðan, að þegar menn eru að bera saman vinnutíma hér og annars staðar á Norðurlöndunum, þá verða þeir að vita, hvað þeir eru að bera saman. Það þarf að bera saman fleira en virkan vinnutíma. Það þarf að bera saman vinnutímann í heild, og það þarf að bera saman kaupgjaldið, og ég held, að þegar þetta er allt saman athugað, þá sé það alveg öruggt, að það sé ekki gengið nær atvinnurekstrinum hér þrátt fyrir þessa vinnutímastyttingu en þar er gert, og það er vitanlega sérstaklega vegna þess, að kaupgjaldið er svo miklu hærra t. d. á Norðurlöndunum, að þó að vinnuveitendum væri gert að kaupa jafnlangan eða lengri vinnutíma og þó að gengið væri að öllum kröfum verkalýðssamtakanna nú, þá mundi það ekki nálgast það að verða sambærilegt, kaupgjaldið hér og á Norðurlöndum. Meðalkaup í iðnaði í Svíþjóð er núna 215 ísl. kr. á klst. a. m. k. og fer hækkandi, það hefur verið samið um stórkostlegar hækkanir á því, en iðnverkafólk á Íslandi hefur á milli 80 og 90 kr. á klst., þannig að menn verða að bera fleira saman en bara virkan vinnutíma.

Varðandi það, að hér sé einhver stórkostleg hætta á því, að það verði svo snögg umskipti á vinnutímanum, að það leiði til samdráttar í framleiðslu annars vegar og hins vegar til þess að samkeppnisstaða okkar við önnur lönd verði mjög léleg, held ég, að ekki geti verið um slíkt að ræða. Það má kannske segja, því miður, en ég hef ekki trú á því, að þessi dagvinnutímastytting leiði til mjög snöggra, raunverulega umskipta á heildarvinnutímanum. Hins vegar mun hún auðvitað leiða til þess, að atvinnurekendur verða að greiða meira af vinnunni með eftir- og næturvinnu, og það er vitanlega kaphækkun og kjarabót fyrir fólk. En smám saman mun þetta svara þeim rétta tilgangi að stytta raunverulegan vinnutíma.

Það er líka auðsætt, að þessi aðgerð hvetur vinnuveitendur til betri vinnunýtingar, til betra skipulags á atvinnurekstrinum, og hann er raunverulega þannig hvati til að gera hann samkeppnisfærari, en ekki til að draga úr samkeppnishæfni hans, því það er auðvitað engin leið til þess að gera atvinnurekstur á Íslandi samkeppnishæfari að láta hann búa við allt önnur og betri skilyrði, hvað kaupgjald snertir, hvað vinnutíma snertir o. s. frv. Samkeppnishæfnin liggur auðvitað fyrst og fremst í því, að atvinnuvegirnir hér á landi geti búið þeim, sem við þá vinna, sambærileg kjör á öllum sviðum við það, sem annars staðar tíðkast. Það er a. m. k. sú samkeppnishæfni, sem ég hygg, að menn almennt taki eftir.

Þá er þess að geta í sambandi við það, hvað hart sé gengið hér að atvinnuvegunum, að í þessu frv. er gert

ráð fyrir því, að lagaákvæðin séu mjög rúm. Í fyrsta lagi er heimiluð frestun á allt að helmingi vinnutímastyttingarinnar, ef samkomulag getur orðið um það milli atvinnurekendanna og verkalýðsfélaganna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að heimild sé til vaktavinnu og þar með opnuð leiðin til að nýta betur fjárfestingu og fjármagn og vinnuafl. Ennfremur eru svo heimilaðar í frv. undantekningar á meginreglum þeirra, ef samningar geta tekizt þar um og öðrum sérstökum atriðum er fullnægt, þannig að það er auðsætt, að löggjafarvaldið ætlar sér ekki með þessu frv. og með þessum lögum að ganga lengra en ýtrustu nauðsyn ber til.

Það er svo auðsætt, að þessi vinnutímastytting veldur einhverjum kostnaðarauka, a. m. k. fyrst í stað, og það er líka auðsætt, að sá kostnaðarauki veldur því, að beinar kauphækkanir í þeim samningum, sem nú standa yfir, verða minni en ef engin vinnutímastytting hefði átt sér stað. Þetta gera aðilar sér auðvitað ljóst, og vegna þess að báðum aðilum er þetta ljóst, þá er það auðvitað útilokað, að þessi löggjöf torveldi á nokkurn hátt sættir eða samninga í þeirri deilu, sem nú er yfirstandandi. Hins vegar þykir mér auðsætt og þarf varla rök fyrir því að færa, að þegar tvö deiluatriðin, sem um er að ræða, af fimm meginatriðum, sem þetta launauppgjör okkar núna stendur um, eru frá og auðsætt, hvernig þau verða leyst, og undan því verður ekki vikið, hvorki af hálfu atvinnurekenda né annarra, þá er allt málið, sem eftir er, orðið einfaldara í sniðum og því auðveldara til lausnar. Ég held þess vegna, að það sé á miklum misskilningi byggt, að það sé hægt að saka ríkisstj. um, að með því að flytja með fullum vilja verkalýðssamtakanna þessi frv., frv. um vinnutímastyttingu og um orlofið, sé hún að torvelda þá samninga, sem nú standa yfir. Málin eru einfaldlega þannig, að verkalýðssamtökin skoða þetta sem slíkt réttlætismál, bæði vinnutímastyttinguna til jafns við opinbera starfsmenn og orlofslenginguna til jafns við þá og reyndar fjöldamarga aðra, sem þegar hafa fengið hana, að það hefði sjálfsagt ekki breytt neinu að því leyti, að þetta hefði verið knúið fram í núverandi vinnudeilu, hvort sem löggjafinn hefði skipt sér af því eða ekki. En ég ætla, að það verði öllum sársaukaminna, að það verði gert með þessum hætti, sem hér er ráðgert að gera.

Ég get tekið undir sitthvað af því, sem hv. 1. landsk. sagði um þetta mál, m. a. það, að það er auðvitað vandamál, að frv. nær ekki til allra launþega, þótt reyndar sé þar ekki verulega stór launþegahópur, aðrir en fiskimennirnir, en ég álít það alveg rétt hjá honum, að hyggja verður að málum þeirra í sambandi við vinnutíma sérstaklega, og það verður að gera það alveg í kjölfar þessarar löggjafar. Það er staðreynd, að bátasjómenn vinna allt að því 108 klst. á viku, og ég held, að það sé alveg útilokað að ganga fram hjá svo mikilvægri og fjölmennri stétt, án þess að nokkuð sé fyrir hana gert í sambandi við vinnutíma. Það kunna að vera á því mjög miklir örðugleikar að ákveða vikulegan vinnutíma hjá slíkum mönnum. Ég geri ráð fyrir því, en þá þarf líka að leita annarra leiða til þess að ársvinnutími þeirra verði ekki stórkostlega miklu lengri en annarra, m. a. með því að þeim verði sett sérstök orlofslöggjöf eða eitthvað annað komi í staðinn, þannig að þeir fái hliðstæðar kjarabætur að þessu leyti og aðrir. Þetta tel ég sjálfsagt, og það ætti vissulega að greiða fyrir því, að þetta geti átt sér stað, að aðrir erfiðismenn fái þau réttindi og þær kjarabætur, sem hér ræðir um.

Ég ætla ekki að fara að svara hér fyrir hæstv. félmrh. þeim spurningum, sem hv. þm. beindi til hans, en ég vil aðeins segja það, sem ég reyndar sagði í upphafi míns máls, að í mínum huga eru skörp skil á milli annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar ákvarðana um kaupgjaldið, og ég held, að það eigi engan hljómgrunn í verkalýðshreyfingunni, að þessi vinnudeila eða nokkrar aðrar, sem fjalla um kaupgjaldið, verði leystar með löggjöf. Með því teldi ég vera gengið á þann frjálsa samningsrétt, og gildir þar einu, þó að svo kynni að vilja til í eitt skipti, að það væri hagstætt fyrir verkalýðshreyfinguna. Ég held, að það yrði fordæmi, sem fyrr eða síðar mundi hefna sín.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég fagna þessu frv. og einnig frv. um orlof, og ég trúi því, að ég mæli fyrir munn allrar verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, þegar ég fullyrði, að það tákni tímamót a. m. k. í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi, að viðhorf löggjafarvaldsins til baráttumála og réttindamála verkalýðshreyfingarinnar er nú orðið annað og að mínu viti heillavænlegra en áður hefur verið, þar sem nú er tekið á með verkalýðshreyfingunni í baráttu hennar fyrir jafnrétti erfiðismanna við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Í öðru lagi tel ég, að þessi löggjöf sé verulegt spor í langri og oft örðugri baráttu verkafólks fyrir mannsæmandi vinnudegi, sem á komandi árum muni opna þeim leiðir til að geta lifað fyllra menningarlífi en hingað til.

Ég vil svo leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir gott samstarf við verkalýðshreyfinguna um lausn á þessu mikilvæga máli og læt í ljós þá von, að það megi hljóta greiða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er fyrst og fremst sú, að nafn mitt hefur nokkrum sinnum verið nefnt í þessum umr. og, að því er mér skilst, þá sé ég í rauninni upphafsmaður að þessari miklu kjarabót, sem hér sé verið að lögfesta öllum verkalýð til handa, og vissulega ætti ég að taka mér það til inntekta, því það er út af fyrir sig mjög gott mál að stytta vinnutíma fólks, ef hægt er að gera það sem raunverulega kjarabót. En þetta byggist á þeim ummælum, bæði hjá hæstv. félmrh., sem hann að vísu, held ég, hafi lesið upp úr ummælum, sem birt eru sem fskj. með frv., en taldi þó ástæðu til að benda á sem rök í málinu, og einnig hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., forseta Alþýðusambands Íslands, þar sem þeir töldu, að samningur sá, sem ég hefði sem fjmrh. gert við opinbera starfsmenn um 40 stunda vinnuviku, hefði markað stefnuna, sem hlyti að vera fylgt í þessu máli.

Það er alveg rétt, að það var ákveðin með samningum á s. l. ári 40 stunda vinnuvika almennt hjá opinberum starfsmönnum. En það, sem er villandi í þessari umsögn varðandi vinnutímann, er það, að útreikningar sýndu, að vinnutímalenging annarra flokka opinberra starfsmanna var ámóta og vinnutímastyttingin. Hér var um að ræða samræmingu á vinnutíma. Það hafði lengi tíðkazt, að ýmsir starfshópar hefðu mun styttri vinnutíma en 40 stundir, en þessir hópar fórnuðu þessum

stutta vinnutíma sínum í rauninni fyrir starfsfélaga sína á þann hátt að fallast á, að vinnutíminn yrði almennt hjá öllum 40 stundir. Ég held, að það sé kannske nokkuð mikið lof að segja, að með þessu móti hafi verið af hálfu fjmrh. mörkuð sú stefna, sem hljóti að verða farin, því að hér hafi algerlega verið farið inn á nýja braut. Þetta er að þessu leyti, eins og ég segi, skakkt, að hér var um samræmingu að ræða, þannig að þegar starfshópar ríkisins voru teknir sem heild, þá var lenging vinnutímans hjá hinum ýmsu vinnuhópum álíka mikil samtals, miðað við vinnustundir á ári, og styttingin, sem fólst í því að stytta vinnutímann hjá öðrum starfshópum í 40 stundir. Þetta tel ég aðeins rétt að komi hér fram sem upplýsingar í málinu, þótt ég heyrði að vísu á hv. 6. þm. Norðurl. e., að hann gerði sér fulla grein fyrir þessu.

Þá var aftur annað, sem ég einnig vil leiðrétta og í rauninni mótmæla, og það er sú kenning, sem hv. núv. forseti Alþýðusambands Íslands hefur með einkennilegum hætti gerzt mjög ákveðinn talsmaður fyrir, og það er að gera þessa samninga ríkisins við opinbera starfsmenn að árásarefni á fyrrv. ríkisstj. Hann gerði það í þessum umr. á þann hátt að segja, að opinberum starfsmönnum hefði öllum verið lyft yfir hinar almennu launastéttir eða a. m. k. verkamenn, og ef ég man rétt, þá sagði hann, að kjör opinberra starfsmanna hefðu verið hækkuð frá 16–72% umfram gildandi kjör verkamanna. Þetta eru mjög villandi upplýsingar. Það, sem gerðist í sambandi við opinbera starfsmenn, var starfsflokkun og starfsmat, sem var gert í fullu samræmi og samkomulagi við forráðamenn opinberra starfsmanna. Og mér er ekki kunnugt um, að þeir, sem þar eru fremstir í flokki, hafi verið neinir sérstakir stuðningsmenn fyrrv. ríkisstj. Það var með fullu samkomulagi við þá, að gerður var verulegur greinarmunur á hinum ýmsu störfum í opinberri stjórnsýslu, sem auðvitað einnig er í þjóðfélaginu í heild, að það er mjög mikill munur gerður á störfum á hinum almenna launamarkaði verkamanna, verzlunarmanna, iðnaðarmanna og margra annarra starfshópa, sjómanna o. fl., sem hverjir um sig hafa mjög mismunandi háar tekjur og það verulega mismunandi. Það, sem gerðist í samningum við opinbera starfsmenn, var ekki annað en það að reyna að finna ákveðið hlutfall milli hinna ýmsu starfa, sem ég tel vera til fyrirmyndar og Alþýðusamband Íslands og launþegasamtökin ættu að taka upp sem fyrirmynd til þess að reyna að forðast hin eilífu illindi milli hinna mismunandi stéttarfélaga um það, hvernig hlutfallið eigi að vera á milli launa einstakra starfshópa. Þetta er mjög mikið nauðsynjamál og mundi eyða miklum ófriði í þjóðfélaginu, ef hægt væri að komast að þessari niðurstöðu, og þessi niðurstaða fékkst að verulegu leyti, þótt allir væru ekki ánægðir í þessum samningum við opinbera starfsmenn, og þess vegna tel ég þessa síðustu samninga við þá hafa í rauninni verið með merkustu, ef ekki merkustu kjarasamninga, sem hér hafa verið gerðir. Það er alveg rétt, að þar var gerður greinarmunur á launum verkamanna og fjölmargra annarra starfshópa, en eins og ég segi, í samræmi við það, sem gerist annars staðar í þjóðfélaginu.

Samningar við opinbera starfsmenn í fyrra voru miðaðir við gildandi laun, sem þá voru á vinnumarkaðinum, og það er algerlega rangt með farið, að það hafi verið stefnt að einhverri allsherjarkauphækkun í þjóðfélaginu vegna þessara samninga. Það var miðað við og athugað gaumgæfilega, hvaða kjör væru á hinum almenna launamarkaði í hliðstæðum störfum. Verkamaður hjá ríkinu hefur ekki hærri laun en verkamaður á hinum almenna launamarkaði, iðnaðarmaður hjá ríkinu hefur ekki heldur hærri laun, og ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að ýmsir starfshópar, m. a. iðnaðarmenn, hafa mun hærri tekjur á hinum frjálsa markaði en þeir hafa samkv. launasamningi ríkisstarfsmanna. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt að komi fram sem andmæli gegn því, að með samningunum við opinbera starfsmenn hafi verið hafin einhver allsherjar launaskriða. Og ég legg á það ríka áherzlu að munurinn á launum í hinum lægstu og hæstu launaflokkum opinberra starfsmanna, sem er fjórfaldur munur, er nákvæmlega sá munur, sem stjórn BSRB lagði til í sínum launakröfum að yrði, en sannarlega ekki munur, sem var fundinn upp af ríkisstj. á þeim tíma. Þetta tel ég einnig að sé nauðsynlegt að komi fram, að þetta var í samræmi við skoðanir starfsmannanna sjálfra, að þessi launamunur ætti að vera.

Að öðru leyti sé ég ekki, að ég hafi ástæðu til þess að vera að gerast hér einhver sérstakur baráttumaður eða talsmaður fyrir málstað opinberra starfsmanna, nema reyna að skýra það hvað gerðist. Forráðamenn þeirra hafa ábyggilega möguleika á að svara fyrir sig sjálfir. En mig hefur oft undrað það, hvernig stendur á því, hversu köldu hefur andað úr hópi forustumanna verkalýðssamtakanna til opinberra starfsmanna og þeirra kjarasamninga, sem þarna voru gerðir. Og ég leyfi mér nú að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. félmrh. og í rauninni hjá forseta Alþýðusambands Íslands, sem eru miklir ráðamenn í núv. ríkisstj., þó að launamál opinberra starfsmanna heyri í rauninni ekki formlega undir þeirra regiment: Er það ef til vill ætlun ríkisstj., að þessir kjarasamningar, sem nú eru gerðir, hafi engin áhrif á laun opinberra starfsmanna? Segja mætti, að þeir séu þegar búnir að fá kjarabót samkv. vinnutímastyttingunni. Látum það gott heita. En ef almenn kauphækkun verður, sem mér skilst að liggi nú í loftinu að að sé stefnt, er það þá hugmyndin, að opinberir starfsmenn fái ekki kjarabætur, heldur séu þau rök notuð, sem forseti Alþýðusambandsins notaði hér áðan, að þarna sé raunverulega verið að lagfæra kjör annarra til samræmis við opinbera starfsmenn, þegar einmitt í sambandi við samning opinberra starfsmanna var verið að reyna að finna út laun annarra, sem aftur var miðað við, svo sem gera skal samkv. þeim lögum, sem gilda um kjör opinberra starfsmanna? Þetta held ég að væri ákaflega fróðlegt og eftirtektarvert að fá upplýst.

Ég skal ekki fara að ræða um það hér sérstaklega, hvort ástæða sé til þess að framkvæma þessar kjarabætur, sem hér er talað um, með beinni löggjafaraðgerð, svo sem hér er gert og byggist á stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá í sumar, eða ekki. Og ég ætla ekki á minnsta hátt að hafa á móti því, að þessar kjarabætur séu veittar að því marki sem launþegar í landinu telja þar vera um kjarabætur að ræða. Allt er það góðra gjalda vert, ef tekst með þessum hætti að stuðla að því að ná saman

endum í þeirri alvarlegu kjaradeilu, sem er yfirvofandi. En ég er ákaflega hræddur um, að það sé mikið til í því, sem hér var áðan sagt, að þessar yfirlýsingar allar hafi ekki stuðlað sérstaklega mikið að því að auðvelda þessa kjarasamninga, enda dragast þeir mjög á langinn, og virðist vera nokkuð beðið eftir því, hvaða aðgerðir ríkisstj. hugsi sér í sambandi við kjaramálin, því að vitanlega hefur bæði vinnutímastytting og orlof áhrif á launagreiðslur og launakostnað atvinnuveganna, það gefur auga leið. Að hve miklu leyti þetta verður metið sem kjarabætur, því er auðvitað launþega að svara, en ekki annarra.

Ég minni á það, sem fram kom í viðtali við einn gamlan og gróinn verkalýðsleiðtoga fyrir nokkru í Þjóðviljanum, einn af forráðamönnum iðnverkafólks, að hann taldi vera mikið vafamál, hvort hér væri um raunhæfar kjarabætur að ræða. Stytting vinnutíma væri að vísu góðra gjalda verð, en með styttingu vinnutíma út af fyrir sig bætti fólk ekki kjör sín eða yki kaupmátt launa sinna, nema því aðeins að ætlunin væri sú, að fólk ætti að vinna því meiri eftirvinnu, þá gæti þetta orðið kjarabót. En það væri mjög mikill aðstöðumunur hjá hinum ýmsu starfshópum í því sambandi, hverjir gætu átt kost á eftirvinnu og hverjir ekki. Það má vel fallast á það, að vinnutími hér á Íslandi sé of langur, „effektífur" vinnutími, en reyndin hefur, held ég, alltaf orðið sú, og ég býst við, að hún muni einnig verða það nú, – einnig örlaði nú á þeim skilningi hjá 6. þm. Norðurl. e., hæstv. forseta þessarar deildar, – að þetta mundi leiða til þess, að yfirvinna ykist, en ekki, að raunverulegur vinnutími styttist.

Hvað verður um þessa kjaradeilu, skal ég auðvitað ekkert um spá. Það vita þeir meira um, sem hér hafa talað. Ég ætla ekki að fara að gerast neinn talsmaður fyrir lögfestingu eða lagaákvörðun eða þvingunum í sambandi við kjaramál. En mér fannst það þó ekki alveg út í loftið, sem hv. 1. landsk. spurði að, þar sem hér er verið að tala um að lögfesta ákveðnar kjarabætur, að það kynni að vakna sú spurning, hvort ríkisstj. kynni að finnast það í rauninni nokkuð fjarstæðara að lögfesta þriðja atriðið í sáttmála ríkisstj. hvað varðar kjaramálin, þ. e. a. s. hvernig eigi að tryggja 20% kaupmáttaraukningu. Ég held, að þetta sé spurning, sem sé ákaflega mikið atriði, ekki hvað sízt í huga launþega, og skiptir auðvitað atvinnuveitendur líka geysilega miklu máli, því að það hefur verið lögð á það áherzla af hæstv. ríkisstj., að þetta merki ekki endilega það, að eigi að hækka kaupið sem þessu nemur, enda held ég, að það sé vafalaust unnt að reikna það út, en það er þó vandreiknað, að kaup þyrfti að hækka miklu meira en þetta í prósentutölu, til þess að það væri hægt að tala um 20% kaupmáttaraukningu. Það er allt annað mál. Hér hljóta að verða að koma til ýmiss konar stjórnarathafnir, hvernig tryggja skuli kaupmáttaraukninguna að þessu marki, sem talað er um í stjórnarsáttmálanum, og það væri vissulega upplýsandi og mundi geta haft mikla þýðingu fyrir úrslit kjaradeilunnar nú, ef t. d. væri vitað, með hvaða hætti ætti að tryggja þessa kaupmáttaraukningu. Það er og eðlilegt, að vinnuveitendur eigi erfitt með að semja um hækkað kaup, nema því aðeins að þeir viti, að þeir eigi að fá einhverjar uppbætur eða kjarabætur á móti til að geta risið undir þessu kaupi. Þetta hygg ég, að eigi sinn þátt í því að torvelda þessa samninga mjög mikið, að það liggur ekkert fyrir um þetta atriði annað en einhverjar óljósar hugleiðingar, en þó engar yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda um það, hvað þau hyggist fyrir í þessu sambandi.

Ég tek það fram, að ég er hvorki talsmaður fyrir lögfestingar í þessum efnum né öðrum, nema um neyðarúrræði sé að ræða, og á undanförnum tímum hefur ekki verið gripið til lögfestingar í kjaradeilum nema, eins og hv. 3. þm. Reykn. sagði, í undantekningartilfellum og til bráðabirgða, þegar stórkostlega brýnt vandamál hefur skapazt. Það er ekki heppilegt og ekki góð lausn í kjaradeilum, þar sem frjáls verkalýðshreyfing og frjáls samningsréttur er viðurkenndur. En mér sýnist þó engu að síður, að það sé íhugunarefni, hvort ríkisstj. verði ekki a. m. k. að gera það ljóst, hvaða stefnu hún ætli að fylgja til að tryggja þennan 20% aukna kaupmátt, og það sé erfitt fyrir atvinnuvegina að standa andspænis því að framkvæma auk þeirra fríðinda, sem hér eru veitt með orlofi og styttingu vinnutíma, miklar kauphækkanir, án þess að vita, að hve miklu leyti eigi að létta þunga bagga atvinnuveganna í staðinn.

Það hefur einnig verið bent á það hér, að það eru vissir hópar, sem eru utan við þetta. Það er einnig annað, sem er enn óskýrt og er mjög óljóst, eins og margt annað í sáttmála hæstv. ríkisstj., og það er það, hverjir eigi að teljast hinir lægst launuðu. Mér skilst nú jafnvel, eftir því sem hér hefir verið sagt, að opinberir starfsmenn eigi ekki að falla undir þá hópa. Þeir eru vissulega margir vel launaðir, en ég held, að stórir hópar þeirra séu illa launaðir.

Hvaða hópar manna eiga að fá þessa 20% kjarabót eða kaupmáttaraukningu? Hæstv. forsrh. lýsti yfir því í þessari hv. d. að gefnu tilefni frá mér, að það væri ekki átt við nema þá, sem byggju við lakari kjör í þjóðfélaginu eða hina launalægri. En hvaða starfshópar eru hinir launalægri starfshópar? Eru t. d. bændur ekki í þeim hópi? Það hefur stundum verið talað um, að þeir væru launalægsta stétt í þjóðfélaginu, og ég veit ekki, hvort vinnutímastyttingin á að ná til þeirra. Hún getur auðvitað ekki náð til þeirra „effektíft" á annan hátt en þann, að þeir fái það bætt upp í verði afurða sinna. Þetta held ég að sé spurning, eins og svo ótalmargar aðrar spurningar, sem enn er ósvarað í sambandi við öll þessi mál.

Herra forseti. Það var ekki ætlunin, að fara lengra út í þessa sálma, þótt vissulega gefi málið tilefni til ýmissa hugleiðinga. Ég er ekki á neinn hátt að lýsa andstöðu við þær kjarabætur, sem hér er verið að veita, og það er mjög ánægjulegt, ef það getur orðið til að auðvelda þá kjaradeilu, sem nú vofir yfir og ógnar með algerri stöðvun í þjóðfélaginu á einum hinum versta og alvarlegasta tíma. Þá er það allt góðra gjalda vert. En hingað til er það ljóst, að þessar hugleiðingar allar eða lögfestingar um eitt og annað, sem yfir hafa vofað, hafa ekki orðið til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilunnar. Það held ég, að sé alveg ótvírætt, þannig að það færi betur, að menn a. m. k. sæju fyrir endann á því, hvað ætlunin er að gera í þeim efnum af hálfu stjórnvalda.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég

þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að svara ræðu hv. 3. þm. Reykn. Björn Jónsson, hv. forseti d., svaraði honum, og þarf þar engu við að bæta. Hann sagði þó, að þetta væri ólýðræðisleg aðferð, að ákveða vinnutíma með löggjöf, og nefndi einræðisríki í því sambandi. Þetta er á algerum misskilningi byggt hjá hv. þm. Vinnutími í öllum nágrannalöndum okkar er ákveðinn í löggjöf, í vinnuverndarlöggjöf þessara landa. Þannig verður þá að kalla Danmörk einræðisríki, þar er þessum málum skipað á þennan veg, það verður að kalla Svíþjóð einræðisríki, það verður að kalla Noreg einræðisríki, og þannig mætti lengi telja. Við erum á sömu brautum, að því er þetta snertir, og þessar þjóðir, sem ég nefndi, og margar aðrar lýðræðisþjóðir. Hann má vera alveg viss um það, að við erum ekki að fara inn á brautir einræðisins, sem ég hygg, að honum séu ógeðfelldar eins og flokksmönnum hans öllum, og við höldum okkur við troðnar slóðir lýðræðisríkja. Ég vil vona, að hann taki þetta trúanlegt og verði rórra eftir en áður.

Þá vék hann að núverandi vinnudeilum og sagði, að á þeim málum hefði nú verið haldið með fádæma klaufalegum hætti. Já, þeir tala nú mest um Ólaf konung, sem aldrei hafa heyrt hann eða séð. Ég veit ekki hve mikla reynslu þessi maður hefur í samningum um launamál, launadeilum yfirleitt, en sannarlega taka frá báðum aðilum vinnumarkaðarins þátt í þessum launasamningum menn með allmikla reynslu í þeim efnum, bæði frá hendi vinnuveitendasamtakanna og hendi verkalýðssamtakanna. Það má því furðulegt heita, ef óreyndir menn í þessum efnum geta sagt þeim til og talað um klaufaskap hinna. En ef menn sitja inni með einhverja vizku, sem geti betur leyst þessar deilur, þá bið ég í guðanna bænum þá menn, sem með þá vizku eru, að liggja ekki á henni, heldur koma henni á framfæri við klaufana. Nóg um það.

Ég þakka hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinssyni, fyrir hans jákvæðu undirtektir við þetta mál, og átti ég þess sannarlega von, svo reyndur maður sem hann er við störf í verkalýðshreyfingunni. En hann talaði um það sem annmarka á þessu frv., að sjómannastéttin félli ekki undir löggjöfina og hún veitti þannig ekki sjómannastéttinni, fiskimönnunum, þær réttarbætur, sem hér er verið að veita vinnandi fólki framleiðslustéttanna. Víst er það rétt, að í 1. gr. frv. er tekið fram, að þessi lög taki til allra launþega í landinu annarra en þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og þar eru nefndir fyrstir sjómenn á fiskiskipum. En af hverju eru þeir undanteknir þarna? Er verið að níðast á þeim af einhverjum vondum mönnum, sem að frv. standa? Ég hygg, að hv. þm. beri sér það ekki í munn og sé ekki að vekja athygli á þessu í því skyni, að þarna sé verið að níðast á sjómannastéttinni að ósekju. Hitt gæti líka verið, að þetta væri klaufaskapur, að haga því svona, að sjómenn séu undanteknir og nokkrir fámennir hópar auk þeirra, sem við, sem að frv. stöndum, og einnig þeir, bæði úr röðum vinnuveitendasamtakanna og Alþýðusambandsins, sem að samningu þess unnu, töldum, að ekki væri hægt að koma undir réttarbætur þessa frv. Enginn veit það betur en hv. 1. landsk. þm., að það er ekki hægt að ákveða reglubundinn, lögákveðinn vinnutíma fiskimanna, og þannig hef ég ekki komið auga á það, að hægt sé með löggjöf eins og þessari að tryggja þeirra rétt að þessu leyti. Mér er hins vegar kunnugt, að ein fyrsta löggjöf til vinnuverndar og sá vísir, sem einna helzt er til hér á landi að vinnuverndarlöggjöf á einu sviði, þ. e. vökulögin, er varðandi sjómenn. Það er þá helzt sú leið fær að lögákveða hvíldartíma þeirra og setja löggjöf, að því er snertir fiskimenn á vélbátaflotanum, eitthvað í líkingu við vökulög sjómanna á botnvörpungum. Ég held, að það sé jafnvel komið svo um vinnutíma þessara manna, að það þurfi að setja þar vökulög. En sú löggjöf væri allt annars eðlis en þessi, en tæki þó á vandamálinu, að vísu frá allt annarri hlið. Ef það er svo, að hv. 1. landsk. þm. hafi einhverja till. fram að færa varðandi sjómenn á fiskiskipum, sem tryggi það, að þeir geti fengið réttindi varðandi vinnutíma sinn samkv. þessari löggjöf, þá vænti ég þess, að hann leggi slíka till. fram í þeirri n., sem málið fer til og hann kvaðst einmitt eiga sæti í.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, hef ég leitazt við að svara fyrri spurningu hans, sem hann beindi til mín, en hún var á þann veg, með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við þær stéttir, sem ekki njóta réttarbóta laganna, en þannig skrifaði ég spurninguna hjá mér, og eitthvað var hún á þessa leið, og hef þá aðeins gefið vísbendingu um það, að kannske væri hugsanlegt að tryggja fiskimenn á vélbátaflotanum með eins konar vökulögum.

Í öðru lagi spurði hann að því, úr því að ákveðið er að leysa tvö atriði deilunnar með lagasetningu, – þar mun hann eiga við vinnutímann og orlofið, – hvort þá væri ætlunin að leysa deiluna í heild með þeim hætti. Ég skal svara því strax, að ríkisstj. hefur engin áform uppi um það að leysa deiluna í heild með lagasetningu. Vinnudeila getur breytzt frá degi til dags, eins og hv. þm. er kunnugt, og það geta skapazt ný viðhorf á morgun í deilu, sem geisar í dag, og horfir þá allt öðruvísi við. Ég held samt, að það komi varla upp sá flötur á þessum deilumálum, að þau verði ekki leyst af hinum réttu aðilum, sem þau eiga að leysa, sem eru samtök vinnuveitendanna og samtök verkalýðsins. Það er hin rétta, eðlilega leið til lausnar deilunni, og ég tel enga ástæðu til þess að fara að bollaleggja um önnur úrræði til að leysa þessa deilu á þessari stundu, því að ég hef litið þannig á, að deilan hafi fram að þessu verið í algerlega eðlilegum farvegum. Það hafa verið settar nefndir og undirnefndir til skoðunar á fjöldamörgum einstökum og viðkvæmum og vandasömum málsatriðum og unnið að því að skoða þessi atriði frá öllum hliðum, og málin hafa þokazt, eftir því sem mér sýnist, áfram frá degi til dags og engin stöðvun orðið á þeim fram að þessu. Ég hef ekki heyrt það frá neinum aðilum, ekki heldur frá sáttasemjara ríkisins eða sáttasemjurum, að neitt hafi farið í strand enn sem komið er. Og meðan svo er, eiga menn alls ekki að vera með neinar bollaleggingar um það, að deiluna eigi að leysa með öðrum hætti en eðlilegum hætti. Þessi tvö atriði gekk hv. þm. út frá að leyst yrðu með löggjöf, þ. e. ákvæðin um vinnutímann, sem er vinnuverndarlöggjafaratriði, sem leyst hefur verið með löggjafarákvæðum í öllum okkar nágrannalöndum, og orlofslöggjöf þarf ekki að hræða einn eða neinn, því að orlofslöggjöf hefur verið í gildi á Íslandi um langan tíma. Ég veit ekki annað en hæstv. fyrrv.

ríkisstj. léti þær einræðisaðferðir vera í góðu gildi, að orlof á Íslandi væri ákveðið með löggjöf. Hún hreyfði að vísu treglega við þeirri löggjöf, því að það kostaði réttindaauka fyrir fólkið, og það var látið vera, en hún hefði vafalaust ekki talið sig vera að brjóta neitt af sér gagnvart einum eða neinum, þótt hún hefði breytt orlofslöggjöfinni. Hér er um það eitt að ræða varðandi það atriði, að það er verið að breyta gildandi löggjöf um orlof á Íslandi, og það kemur þess vegna nokkuð spánskt fyrir, að það sé fært undir óvenjuleg vinnubrögð um löggjafaratriði á Íslandi.

Seinni spurningu hv. þm. svara ég eindregið neitandi og tel ekkert það hægt að draga inn í umr. um þetta mál, sem bendi til þess, að ríkisstj. sé búin að ákveða að leysa núverandi vinnudeilu með löggjöf.

Þá vék hv. 1. landsk. að því, að það þyrfti að gera eitthvað meira en að setja löggjöf eins og þessa til þess að tryggja nýtingu frítímans, sem tengist við styttan vinnutíma. Það er alveg rétt, og í fjárlagafrv. fyrir árið 1972 eru nú 4.5 millj. kr. ætlaðar til orlofsheimila verkafólks, en verkalýðshreyfingin hefur á undanförnum árum gert allmyndarlegt átak í þá átt að byggja upp orlofsheimili víðs vegar um landið, hér sunnanlands, norðanlands og austan, og er að vinna að þessum málum eftir því, sem hún hefur fjárhagslegt bolmagn til, með nokkurri en takmarkaðri aðstoð frá ríkinu. Ég held, að það hafi verið hálf önnur milljón, sem var ætlað til þessa máls á síðustu fjárlögum, en sú upphæð verður nú þrefölduð eða nálægt því, og er það þó allt of lítið, ég játa það, því að hún þarf að færast mikið í fang. Vissulega er það rétt, að það þarf að gera verkafólki kleift að nýta frítíma sinn, fyrst og fremst innanlands, en einnig með því að geta farið út fyrir landsteinana og séð sig um í heiminum, rétt eins og aðrar stéttir leyfa sér að gera.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. var dálítið upp með sér af því að vera bendlaður við það að stytta vinnutíma opinberra starfsmanna, og lái ég honum það ekki. Ég hefði líka verið ánægður með það hlutverk í hans sporum, en hann vildi samt sem áður reyna að gera þetta að engu, og skil ég það ekki fyllilega. Hann sagði, að það hefði komið ámóta lenging á vinnutíma ýmissa opinberra starfsmanna eins og sú stytting, sem hefði orðið á vinnutíma þeirra, með því að samningsbinda það, að vinnutíminn yrði 40 stundir á viku. Ég held, að þó að hv. þm. fullyrði þetta, þá sé það alrangt. Ég held, að vinnutímastyttingin hjá opinberum starfsmönnum hafi verið hin almenna breyting, og í nokkrum undantekningartilfellum, tiltölulega fáum, eftir því sem ég hef kannað það, hafi verið um lengingu vinnutíma að ræða, og gætti þar að sjálfsögðu nokkurrar óánægju. Þeir sögðu fljótt til sín, sem höfðu orðið fyrir því, að þeir voru komnir áður niður fyrir 40 stundir og fóru nú upp í það mark. En þarna var um verulega heildarstyttingu á vinnutíma að ræða hjá opinberum starfsmönnum og því algerlega ómögulegt að komast fram hjá því að líta á þessa aðgerð hæstv. fyrrv. ríkisstj. sem fordæmi, sem vinnulýður landsins við framleiðslustörfin, erfiðustu störfin í þjóðfélaginu, hlyti að bera fram kröfu um sem jafnréttiskröfu. Um það þarf a. m. k. ekki að deila, að markið var sett af fyrrv. hæstv. ríkisstj. 40 stundir á viku, og það er það, sem verkalýðshreyfingin fer núna fram á, að verði einnig hlutskipti framleiðslustéttanna.

Nokkuð hefur dregizt hér inn í umr. samanburður á þeim launahækkunum, sem urðu hjá opinberum starfsmönnum á s. l. ári, og launahækkunum hjá öðrum stéttum. Það var upplýst í tímariti BSRB, að launahækkanirnar hefðu verið frá 16% hjá þeim lægst launuðu og upp í a. m. k. 72% hjá þeim hæst launuðu. Þannig var stiginn. Þá voru langminnstar hækkanir, margfaldlega minnstar hækkanir, hjá þeim lægst launuðu við þessa breytingu launakerfisins hjá opinberum starfsmönnum og margfaldlega mestar hjá þeim hæst launuðu.

En svo sagði hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann vissi ekki til, að það væri neitt ósamræmi milli launa verkamanna, iðnaðarmanna og verzlunarmanna hjá opinberum aðilum, ríki og bæjum, miðað við almennt kaup verkamanna og iðnaðarmanna og verzlunarfólks í verkalýðshreyfingunni. Þetta er líka rangt. Jafnvel þessir menn, sem fengu langminnsta launahækkun meðal opinberra starfsmanna, hafa þó síðan búið við ósambærileg kjör við það, sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa orðið að búa við á hinum almenna vinnumarkaði. Þeir gera nú samanburð á þessu, og grundvöllurinn undir kröfu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur núna er einmitt þessi, að það heimtar að fá kjör sín lagfærð og bætt til jafns við verzlunarfólkið í opinberri þjónustu við nákvæmlega sömu störf, og vænti ég þá, að það verði auðvelt að verða við þessari réttlátu kröfu, ef munurinn er enginn. En hann er verulegur.

Þá var að síðustu spurt um það, hvort það væri virkilega meiningin hjá verkalýðshreyfingunni og ríkisstj. að reyna að halda þeim kauphækkunum, sem nú yrðu hjá verkalýðshreyfingunni, innan einhverra ákveðinna marka og láta þær ekki flæða yfir allt þjóðfélagið. Ég get svarað því hiklaust játandi, að það er ætlun ríkisstj. að reyna að gera þessar kauphækkanir, sem nú verða hjá verkafólki, að raunverulegum kauphækkunum, sem eitthvert gildi hafi lengur en daginn í dag og daginn á morgun, með því að láta þær helzt ekki flæða yfir allt þjóðfélagið, með því að láta þær ekki leiða til launahækkana hjá hinum hærra launuðu í þjóðfélaginu, því að til þess er engin ástæða. Svo vel var búið að gera við þá á fyrra ári af hæstv. fyrrv. ríkisstj., að þar er engu á bætandi. Nei, það voru hinir lægst launuðu meðal opinberra starfsmanna, sem fengu litlar kauphækkanir á síðasta ári, þeir hæst launuðu miklar, og það er það, sem þarf að gera leiðréttingar á, og við þetta er líka miðað af öðrum, eðlilega að mér finnst, og ég hefði vænzt þess einmitt, að það yrði um það allsherjarsamstaða að láta það launauppgjör, sem nú á sér stað á hinum almenna vinnumarkaði, verða raunverulegt og helzt verða upphaf að meira jafnvægi í launamálaþróun og verðlagsþróun í landinu en tekizt hefur hingað til að ná. Mér finnst, að það ætti í raun og veru að vera markmið allra að stefna að því. Það er ekkert réttlæti í því, að ef verkamaðurinn fær einhverja smálagfæringu á sínum lágu launum, þá hoppi allir upp í launum í þjóðfélaginu um sömu prósentutölu. Með því viðhöldum við því launamisrétti, sem því miður á sér stað í þjóðfélaginu. Við eigum sem íslenzk þjóð að stefna að meira jafnrétti í efnahags- og launamálum en nokkur

önnur þjóð. Við þá stefnu verður þjóðfélag okkar styrkast og réttlátast.

Ég vék áðan að áhyggjum manna út af því, að samningar dragast á langinn. Vissulega hefði verið æskilegt, að samningum milli aðilanna á vinnumarkaðinum hefði miðað hraðar áfram en orðið hefur, en samt sem áður sé ég ekki annað en þeir hafi gengið, eins og ég áðan sagði, mjög eðlilega, séu í höndum réttra aðila og það sé ástæðulaust að vera með neitt vonleysishjal um, að það náist ekki saman endar, þó að verkalýðsfélögin séu nú hvert á fætur öðru að boða verkföll með þeim lögskylda viku fyrirvara. Það hefur raunar alltaf verið svo, alltaf í hvert einasta skipti, það hefur ekkert miðað í samningum, a. m. k. ekki til úrslita, fyrr en verkalýðshreyfingin hefur gripið til síns neyðarúrræðis, verkfallsvopnsins. Og það hefði verið eitthvað nýtt, ef samningar hefðu smollið saman sjálfkrafa, án þess að verkföll væru boðuð.

Það var spurt um það af atvinnurekendum fyrir nokkru, hvort þeir mættu vænta þess, að byrðar þeirra yrðu að einhverju leyti léttar til þess að auðvelda þeim samninga. Fyrir nokkru tilkynnti ríkisstj. þeim það, að lánstími yrði lengdur að því, er varðaði almenn lán til atvinnuveganna, og vextir lækkaðir um 1%. Meðan vaxtabyrðin er gífurleg, þá er þetta til bóta, og einhverjum upphæðum skiptir þetta. En ég hef ekki frétt enn af þeim launahækkunartilboðum, sem út á þetta hafa komið, en það kemur væntanlega. Þetta hafa þeir fengið vitneskju um.

En það, sem ég hef verið að ræða núna, er þó nokkuð langt utan við ramma þess frv., sem hér er til umr., en ég hef einungis svarað þessum atriðum að gefnu tilefni. Aðalatriðið er þetta: Geta menn fallizt á lögfestingu 40 stunda vinnuviku fyrir almennt verkafólk, eins og ákveðið var á liðnu ári fyrir opinbera starfsmenn? Finnst þeim samræmi í því að neita verkafólkinu um þann sama rétt, sem þá var veittur opinberum starfsmönnum, eða finnst þeim það vera sjálfsagt? Í raun og veru er þetta það, sem um er að ræða í þessu máli, og tæplega annað eða meira. Almennar umr. um vinnudeilurnar, sem yfir standa, eru langt fyrir utan ramma frv., því að báðir aðilar á vinnumarkaðinum hafa vitað það allt frá því í sumar, að vinnuvikan yrði færð í 40 stundir og að orlofið yrði lengt úr 3 vikum í 4. Það er aðeins búið að eiga samstarf um það, í hvaða lagaformi þessu verði komið á, og það er það þakkarvert, að vinnuveitendasamtökin í landinu hafa lagt vinnu í það með samtökum verkalýðsins að búa til þennan lagaramma og fylla hann út og hafa gert það með beztu prýði. Og það held ég, að sé alveg áreiðanlegt, að einmitt þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið varðandi þessa lagasmíð, bæði hvað snertir orlofið og styttingu vinnuvikunnar, hafa fært aðilana heldur saman en hitt og frekar bætt samningsstöðuna en spillt henni, og held ég, að fullyrðingar í þá átt hafi verið alveg út í hött.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt, þegar þeim áfanga er náð, að unnt er að stytta vinnuvikuna í 40 klst. og lengja orlof í 4 vikur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það hafi verið algjörlega óþarfi og fullkomin sýndarmennska hjá hæstv. núv. ríkisstj. að setja þetta í málefnasamning sinn. Það hefur komið fram, að hefði verkalýðshreyfingin sjálf sett þessar kjarabætur á oddinn, þá hefði út af fyrir sig ekki verið mikil fyrirstaða á þeim, miðað við, að heildarkjarabætur séu miðaðar við greiðslugetu atvinnuveganna. Það er þess vegna skrautblóm í hnappagat núv. hæstv. ríkisstj., sem um er að ræða, og verið getur, að henni sé ekki vanþörf á slíku skrautblómi, en ég hygg þó, að það verði fljótt að visna.

Það er ljóst af því, sem hér hefur verið sagt, að ríkisvaldið tekur með þessu lagafrv. ákvörðunarvald úr höndum stéttarfélaga. Stéttarfélögin hafa ekki frelsi til þess að ákveða, í hvaða röð kjarabætur eigi að koma, hvort kauphækkanir í krónutölu eigi að ganga fyrir vinnutímastyttingu, svo að ég nefni dæmi. Það hefur verið stefna stéttarfélaga og, ég hygg, beggja aðila vinnumarkaðarins, að frjálsir kjarasamningar fjölluðu sem mest um kjör almennt, og þótt undantekningar finnist og til bráðabirgða hafi verið gerðar ráðstafanir er áhrif hafa á laun, af hálfu löggjafarvaldsins, þá er ég sammála þeim hv. þm., sem hér hafa talað og lagt áherzlu á, að slíkt beri eingöngu að gera í undantekningartilfellum og ef brýna nauðsyn ber til. En hv. forseti d. og forseti Alþýðusambands Íslands vildi gera greinarmun á því, að það væri unnt að kveða á með löggjöf um það, sem hann kallaði félagsmál launþega, og taldi vinnutíma þar með, en hins vegar væri ekki unnt og rétt að kveða á með löggjöf um kjaramál launþega, sem hann taldi vera kaup í krónutölu. Ég hygg, að í þjóðfélagi okkar nú séu þarna svo óljós mörk, að hv. forseti Alþýðusambands Íslands og forseti d. okkar fari inn á mjög hættulega braut, þegar hann segir annað vera í góðu lagi gagnvart launþegum, en hitt jaðra við kúgunarráðstafanir gagnvart þeim.

Það er staðreynd, að langur vinnutími er almennt hjá öllum stéttum hér á landi, og þetta frv. út af fyrir sig styttir ekki vinnutímann. Þær kjarabætur, sem launþegar gera sér vonir um við styttingu vinnuvikunnar, eru ekki sízt í því fólgnar, að þeir álíta, að vinnudagurinn verði jafnlangur eftir sem áður og kauphækkanir komi þannig fram í krónutölu með meira yfirvinnukaupi, eftir- og næturvinnu.

En hver er þá höfuðástæðan fyrir löngum vinnudegi hér á landi? Ég hygg, að það sé rétt að hafa það í fleirtölu, að það séu margar ástæður, sem liggi þar til grundvallar. Það má annars vegar nefna það, að dagvinnukaup hinna lægst launuðu hefur ekki verið meira en svo, að erfitt hefur verið eða illmögulegt fyrir þá að lifa af því kaupi, og þess vegna hefur verið þrýstingur af þeirra hálfu að leita uppi aukavinnu í formi yfirvinnu. Önnur ástæða er einnig fyrir löngum vinnudegi hér á landi, og það er hið sérstaka eðli íslenzkra atvinnuvega. Það eru vertíðaskipti. Það er hin mikla lotuvinna, sem hér tíðkast umfram annars staðar í heiminum og skapast af séreðli atvinnuvega okkar. Þess vegna hygg ég, að með þessu frv. út af fyrir sig sé ekki stefnt að minni vinnuþrælkun, ef haldið er fram, að um vinnuþrælkun sé almennt að ræða í þessu þjóðfélagi í formi of langs vinnudags, meðan kaup hinna lægst launuðu í dagvinnu er ekki gert að höfuðkjarabótarmáli, og meðan ekki er unnt að aðlaga vinnutímann hinum sérstöku aðstæðum íslenzks atvinnulífs, þá verður vinnutíminn ekki styttur verulega. Þess vegna held ég að það hafi

gengið eins og rauður þráður í máli forsvarsmanna stéttarfélaga, að meginatriðið í kjarabótum launþegum til handa ætti að vera kauphækkun til hinna lægst launuðu. Ef þeir hefðu samið kjarabótakröfurnar, þá hefðu þeir sett það efst á listann.

Nú þykir þetta e. t. v. djarft mælt af mér í garð t. d. okkar ágætu þingbræðra, hv. forseta Alþýðusambands Íslands, fyrrv. og núv. Ég held þó, að þeir hafi tekið þessa kröfugerð um vinnutímastyttingu fram yfir kaupgjaldshækkun í dagvinnu sem málefnaatriði í ríkisstjórnarsamningnum algerlega af pólitískri hentisemi og án þess að sú kröfugerð hafi hlotið þá meðferð, sem eðlilegt hefði mátt telja, að hún hlyti í röðum launþegasamtakanna sjálfra, verkalýðsfélaganna, eins og kröfugerð þeirra almennt hlýtur. Það er athyglisvert, að kaflinn í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar um kjaramál gengur mjög á einn veg, þ. e. að öll kjaramál skuli helzt ákveðin af ríkisvaldinu sem allra mest. Með ákvæðum um styttingu vinnuviku í lögteknu formi, orlof og ákveðin önnur atriði er auðvitað verið að skerða valfrelsi launþeganna sjálfra, hvaða kjarabætur þeir leggi mesta áherzlu á og hvernig þeir raði þessum kjarabótum í kröfugerð. Þegar sagt er í þessum kafla, að að því skuli stefnt, að Stéttarsamband bænda og ríkisvaldið skuli semja sín á milli um verðlagningu búvara, þá er verið að taka þetta úr höndum nefndar bænda og neytenda. Ríkisvaldið er þarna enn komið sem annar aðili. Og þótt niðurfall verkfallsréttar opinberra starfsmanna miði ekki að breytingu á þessu efni, er ríkisvaldið eftir sem áður annar aðilinn. Þá er og talað um að fella niður í frjálsum samningum ríkis og bandalags opinberra starfsmanna þá viðmiðun, sem opinberir starfsmenn eiga að hafa við almenn launakjör í landinu. Öll þessi þrjú atriði miða að því að draga ákvörðunarvaldið um kaup og kjör í landinu í hendur ríkisvaldsins, og ég hygg, að þetta sé í andstöðu við þá stefnu, sem bæði fyrrv. og núv. hv. forsetar Alþýðusambands Íslands hafa markað á undanförnum árum, og ég held, að þetta sé í andstöðu við hagsmuni þjóðarinnar og í andstöðu m. a. við stefnu Sjálfstfl.

Það var sagt hér, að núverandi vinnudeila væri algerlega í eðlilegum farvegum, ég held, að það hafi verið hæstv. félmrh., sem orðaði það svo. Nú eru liðnir hér um bil tveir mánuðir, síðan samningar runnu út. Það er fróðlegt að rifja upp síðustu vinnudeilu. Síðast þegar almennir kjarasamningar runnu út, það var, held ég, 1. maí 1970, þá var boðað til verkfalla, ég held innan hálfs mánaðar, eða eitthvað um það bil, eftir að kjarasamningar runnu út, og verkföll hófust þrem vikum eftir að kjarasamningar runnu út. Hver skyldi ástæðan hafa verið? Hún skyldi þó ekki hafa verið sú, að þessir hv. þm., forseti Alþýðusambands Íslands, núv. og fyrrv., voru að stofna til stjórnmálasamtaka, og það olli mjög miklu í aðgerðum þeirra, að þeir þurftu á pólitískum verkföllum að halda, og það vildi svo til, að framsóknarmenn og Alþb.-menn voru sammála um, að pólitísk verkföll væru nauðsynleg, vegna þess að það áttu að fara fram sveitarstjórnarkosningar í lok maímánaðar, og þessir stjórnarandstöðuflokkar páv. ætluðu sér mikinn hlut í þeim kosningum og m. a. að ná meirihlutavaldi í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar var um pólitískar aðgerðir að ræða. Þá var það ekki eðlilegur gangur vinnudeilunnar, að það liði hálfur mánuður, eftir að samningar runnu út, án þess að samningar tækjust. Nei, það var allt of langur tími. Nú eru liðnir tveir mánuðir, og það er ósköp eðlilegt. Hvar er nú samræmið í þessu?

Ég skal aðeins taka það fram til þess að koma í veg fyrir misskilning, að ég er ekki að gagnrýna það út af fyrir sig, að aðilar vinnudeilu taki sér góðan tíma til þess að kanna öll mál til botns, eins og hæstv. félmrh. sagði, að tíminn hefði verið notaður til, en þá á það að vera viðtekin regla og viðtekin venja. Hæstv. félmrh. sagði, að það ætti ekki að vera svo, að ef verkamaður og hinn lægst launaði fengju einhverja hækkun, þá hlypu allir aðrir upp í tekjum. Ég er honum alveg sammála í því. En sannleikurinn er sá, að á undanförnum árum, þegar fyrrv. ríkisstj. reyndi að hafa hönd í bagga með lausn vinnudeilna einmitt á þessum grundvelli, þá voru það gjarnan einmitt ýmsir félagar í hinum hærri launaflokkum innan vébanda Alþýðusambands Íslands, sem létu hina lægst launuðu, verkamennina, standa í verkföllunum til að byrja með og hirtu svo sitt á þurru og tóku meira að segja eitthvað til viðbótar. Þessi vinnubrögð tíðkuðust þá innan vébanda launþegasamtakanna sjálfra og í andstöðu við stjórnarstefnu fyrrv. stjórnar, og ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. félmrh. hefði gjarnan mátt standa betur með hæstv. fyrrv. stjórn í þeim efnum en hann þá gerði. Ég vonast til, að honum takist að halda þessari stefnu, sem núv. stjórn sýnist einnig marka, og ég veit, að hann mun þá fá fylgi stjórnarandstöðunnar til þess, sem fyrrv. stjórn hafði of litla.

Ég skal nú láta máli mínu lokið, taldi rétt, að þetta kæmi fram. En ég vil aðeins að lokum fagna þeim ummælum hæstv. félmrh., að hann taldi algjörlega óþarft að gera því skóna, að yfirstandandi kjaradeila yrði leyst með löggjöf. Ég vonast til þess, að hann reynist sannspár í þeim efnum, að til slíks neyðarúrræðis þurfi ekki að grípa.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Eftir ræðu hæstv. félmrh. fannst mér nauðsynlegt, að ég segði hér örfá orð til viðbótar þeim, sem ég sagði áðan í minu fyrra spjalli. Ég verð þá fyrst að byrja á því, að það er dálítið erfitt að koma hæstv. núv. ríkisstj. til liðs, því að það virtist svo sem þar bólaði á hinum gamla forseta Alþýðusambandsins. Mér fannst óma af því, að við værum komnir á Alþýðusambandsþing einu sinni enn, þar sem barizt var með fárra atkvæða mun, hverjir skyldu hafa forustu, en þá heyrðist oft hvessa í honum með svipuðum hætti og hér áðan. Hann hafði eftir mér orð, eins og t. d. það, að hann spurði: Erum við að níðast á sjómönnum, bátamönnum? Aðrir höfðu þá ekki harmað það, að bátasjómenn verða utan þessa frv. Ég vona, að þótt hann leiti með logandi ljósi í stuðningsræðum mínum nú dag eftir dag við hæstv. ríkisstj., þá finni hann ekki eitt einasta orð í þessa átt, og ef liðveizlu minni verður tekið með þessum hætti, þá hlýt ég að endurskoða afstöðu mína. Ég var hins vegar í mínu fyrra spjalli að harma það, að jafnveigamikil starfsgrein og bátasjómenn eru skyldu verða utan laganna. En af því að hann skoraði á mig, að mér fannst, – það er kannske misskilningur, þá leiðréttir hann það hér á eftir, ef þörf er á, – eða aðra menn, sem hér voru

viðstaddir, að koma með einhverjar till. um að koma til móts við sjómennina í þessum efnum, og hann minntist þar á, að nánast einu möguleikarnir, sem sér kæmu í hug, væru vökulög lík því, sem gerist á togaraflotanum og um er ákveðin löggjöf. Ég vil síður en svo ýta því frá mér, að einhverjir möguleikar kunni þar að felast, en tel þó, að þar sé um mjög ólíkar vinnuaðstæður að ræða hjá vélbátaflotanum annars vegar og togurunum hins vegar. Það má segja, að það sé hægara að koma við beinum reglum í hverri veiðiferð hjá togurum en mögulegt er að koma almennt við á bátaflotanum. Eitt atriði vil ég þó minna hér á, sem útgerðarmenn og sjómenn hafa sjálfir fundið upp í sambandi við breytt veiðisvæði okkar vélbátaflota og þá sérlega á Norðursjávarmiðunum og við Hjaltland, en þar hafa þeir sjálfir tekið upp til þess að forða skipverjum sínum frá allt of löngum dvölum að heiman að skrá fleiri menn á skipið en skylda er, þannig að einn eða tveir væru þar til afleysinga og þá jafnmargir í orlofi á milli. Þetta er leið, sem hlutaðeigandi aðilar hafa sjálfir fitjað upp á, og mér finnst það þess vert, að hér sé minnzt á og athugað verði í sambandi við þessi lög hvor tveggja og þá ekki sízt þau lög, sem hæstv. forseti þessarar deildar, 6. þm. Norðurl. e., minntist á í sambandi við almenna vinnuverndarlöggjöf. Það er ljóst, að þessi starfsgrein verður ekki til langframa höfð utangarðs í þessum efnum, og mér finnst rétt, að hlutaðeigandi aðilar íhugi umbætur í þessum efnum og þá reynslu, sem fengin er á m. a. þessu atriði.

Við eigum orðið svo stóra báta í vélbátaflota okkar, að það er viðbúið, að þeir fari að meira eða minna leyti að vera langdvölum frá heimabyggð sinni, og það má búast við því, að þótt um ákveðinn tíma ársins sé ekki síld að fá í Norðursjó eða við Hjaltland, þá geti þessir bátar farið t. d. á Grænlandsmið eða annað, þar sem þyrfti þá að taka tillit til eðlilegs hvíldartíma og orlofs þessara aðila. Þetta tvinnast mjög saman, og þrátt fyrir góða tekjuvon er það staðreynd, að það hefur gengið töluvert erfiðlega að manna t. d. Norðursjávarbátana okkar, vegna þess hve mönnum óaði við því að vera kannske frá því að vori til og fram undir jól í fjarveru að heiman. En að ég væni hæstv. félmrh. um það, að hann vilji með einum eða öðrum hætti níðast á þessari starfsgrein, það hef ég aldrei sagt, og ég vona, að hann gefi mér aldrei tilefni til, að ég þurfi að segja það.

Þá saklausu spurningu mína, hvort hugsanlegt væri að leysa önnur atriði kjaradeilunnar með lagasetningu, tók hann einnig nokkuð óstinnt upp og svaraði, að því að mér fannst, nokkuð afdráttarlaust. Ég hygg, að í vinnudeilum geti ráðh. yfirleitt ekki útilokað neina leið til lausnar þeim, svo sem sagan hefur sannað undanfarna áratugi, og menn í minni stöðu hafa undir svipuðum kringumstæðum orðið að renna niður fyrri kenningum sínum með ískalda reynsluna fyrir augum og staðreyndir fram undan, og allt eins gæti það komið fyrir hæstv. núv. ríkisstj., eins og það hefur hent aðra áður. Það er ekki til neitt algert nei eða algert já í þessum hlutum. Þá verður að meta með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, og þá er það skylda ráðh. að meta þjóðarhag umfram hag einstakra starfsgreina. Ég vil þess vegna algjörlega vísa því frá, að hér hafi verið um nokkrar hlustarverkjarhugleiðingar að ræða, heldur fullkomna alvöru um að heyra mat hæstv. ráðh. á því, hvernig þessir hlutir stæðu nú. Það vita allir, sem vilja kynna sér efni þeirra tveggja frv., sem hér eru á dagskrá, að þetta var ein af meginkröfum verkalýðssamtakanna. Eðlilegt framhald af því hlaut því að vera að spyrja, hvort til mála kæmi að leysa aðra þætti þessara krafna verkalýðssamtakanna einnig með sama hætti. Í því felst síður en svo neitt vonleysishjal og allra sízt það, að verið sé að væna þá aðila, sem í samningaviðræðunum standa, um, að þeir vinni ekki sitt verk hver eftir beztu getu. Eigi að síður er það staðreynd, sem ég endurtek hér aftur og er grundvöllur að spurningu minni, að allir ábyrgir forustumenn, báðum megin við samningaborðið, hafa látið fjölmiðla hafa það eftir sér dag eftir dag, að ekkert miði í samkomulagsátt. Stundum er sagt, að þeir óski ekki eftir því að ræða málið opinberlega, meðan það sé á samningastigi, en hér hefur báðum borið saman um, að ekkert hafi miðað í samkomulagsátt. Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að í sambandi við mál eins og þetta verður vart komizt hjá því að spyrja, hvort þetta sé ekki í samhengi og hvort ekki sé þá eðlilegt að huga að einhverjum öðrum lausnum. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. segi satt og rétt frá, að viðræður hafi gengið með eðlilegum hætti, n. hafi verið settar og undirnefndir til að fjalla um einstök atriði samninganna. En eftir sem áður stendur það, að báðir aðilar telja að ekkert hafi miðað í samkomulagsátt, þrátt fyrir tveggja mánaða umr. Áður hefur það verið venja, að aðilar hafa komið sér saman um að ræða málið ekki við fjölmiðla, meðan á samningaumleitunum stendur. Hér er reginmunur á.

Lokaorð ráðh. í svarræðu hans áðan voru þau, að meginatriði þessa máls séu þau, hvort menn geti fallizt á 40 stunda vinnuviku þeim til handa, sem ekki hafa hana nú. Um það liggja fyrir jákvæð svör frá minni hendi og, ég held, flestra þeirra, sem hér hafa talað, þannig að stjórnin þarf ekki að óttast um framgang þessa máls. En ég vona, að ráðh. misvirði það ekki, þó að spurt sé um leið um önnur efni, náskyld þessu máli, og það er ekki af neinum illvilja mælt, nema síður sé. Hann hefur fyrir fram stuðning minn, og ég vildi gjarnan í samræmi við upphafsorð mín vona það, að ríkisstj. beri gæfu til þess að fá með sér meðmælendur um sem allra flest nauðsynjamál, en ekki í þeim anda, að hér þurfi að vera þras eða óþarfar umr. um hluti, sem allir eru sammála um.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en ég tek nánast til máls til þess að koma því á framfæri, hvort ég hafi skilið hæstv. félmrh. rétt, því að hafi svo verið, þá gaf hann hér mjög eftirtektarverða yfirlýsingu áðan, þegar rætt var um kjör opinberra starfsmanna. Í ræðu sinni tók hann mjög undir það, sem hæstv. forseti d. hafði sagt í sinni ræðu, að opinberir starfsmenn hefðu í öllum launaflokkum farið umfram vinnumarkaðinn, hinn almenna vinnumarkað, ekki aðeins í hálaunaflokkunum, heldur einnig í láglaunaflokkunum, og ég skildi hæstv. ráðh. svo, að með þessum kjarasamningum, sem nú væri verið að gera, væri stefnt að því að bæta kjörin til jafns við það, sem opinberir starfsmenn hafa fengið umfram aðrar stéttir, og hann vitnaði þar alveg sérstaklega til verzlunar-

manna, sem byggðu kröfugerð sína á því, hvað þeir væru orðnir á eftir opinberum starfsmönnum. Ég tel ákaflega þýðingarmikið að heyra þessa yfirlýsingu, því að það er mjög merkilegt að gera á þessu samanburð.

Það hafa vissulega orðið mistök í samningum opinberra starfsmanna, ef það hefur farið svo, að þeir hafi fengið kjör verulega umfram það, sem var á hinum almenna vinnumarkaði. Og það er einnig mjög merkilegt, að það sé kannað, og fróðlegt að fá að vita það, að stefnan sé nú, að aðrir séu þá færðir aðeins til samræmis við opinbera starfsmenn, og geri ég þá ráð fyrir, að jafnframt felist í því svar við þeirri fsp. minni, hvort opinberir starfsmenn eigi ekki að fá neinar kjarabætur. Vinnutímann hafa þeir þegar fengið að dómi hæstv. ráðh., sem rétt er, og þeir eiga ekki að fá aðrar kjarabætur. Nú kann það að vísu að vera svo, að það sé hugmyndin, að einhver hópur þeirra eigi að falla undir hið svokallaða láglaunafólk, en hæstv. ráðh. svaraði ekki heldur fsp. minni um, hvað væri átt við í stjórnarsamningnum, hvað væri láglaunafólk. Og þá merkir það að sjálfsögðu það, að það er ætlunin að raska því starfsmati, sem samkomulag varð um á s. l. ári við launþegasamtökin, en ég lít á BSRB sem alveg jafnfullgild launþegasamtök og Alþýðusamband Íslands, og þar varð að samkomulagi sú flokkun, sem þar var gerð milli starfa. Nú kann það vel að vera, að það sé að verða á þessu einhver breyting. Ég skal ekkert fullyrða, hvað er hjá opinberum starfsmönnum. Kannske hafa forráðamenn þeirra eitthvað skipt um skoðun á þessu efni frá því, að þeir gerðu kröfu um, að það yrði fjórfaldur launamismunur, á sama hátt eins og mér skilst, að Alþýðusamband Íslands hafi skipt um skoðun, vegna þess að hingað til hafa launin á hinum frjálsa vinnumarkaði falið í sér geysilegan mismun á hinum ýmsu starfsgreinum. Og mér er ekki grunlaust um, að Alþýðusambandið sjálft, þ. e. a. s. forráðamenn verkamanna þar, hafi átt mjög erfitt um vik og í rauninni alls ekki getað komið fram því starfsmati eða hlutfallskvörðun launa milli hinna ýmsu starfsgreina, sem reynt var að gera í samningnum við opinbera starfsmenn og ég tel að sé ákaflega nauðsynlegt að verði gert og menn reyni að komast að niðurstöðu um.

Það vekur nokkra eftirtekt í þessu efni líka að rifja upp, hvað gerzt hefur á undanförnum árum, þegar vikið er að því, að fyrrv. ríkisstj. hafi átt hlut að því að koma hér á einhverju hálaunakerfi fyrir vissa starfshópa, að fyrrv. ríkisstj. lenti hvað eftir annað í átökum við hálaunafólk í þjóðfélaginu, bæði meðal opinberra starfsmanna og í öðrum greinum. Það var þar barátta við lækna, sem á sínum tíma brutu launakerfið, við verkfræðinga, við flugmenn, yfirmenn á farskipum og fleiri starfshópa, og ég man ekki betur og held, að mig rangminni það alls ekki, að ríkisstj. hafi verið mjög vítt fyrir að reyna að spyrna gegn kröfum þessara starfshópa og það einmitt úr hópi þeirra manna, sem nú fara með völd hér á Alþ. og í landinu. Það er mjög fróðlegt að vita, hvort það sé skoðun núv. ráðamanna, eftir að þeir eru komnir í valdastóla, að það eigi að draga úr launamismun milli þessara manna, sem þá var talið sjálfsagt að fengju sín laun eins og þeir kröfðust, og þeirra, sem lægra eru launaðir.

Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Ég tel, að það beri brýna nauðsyn til að leggja áherzlu á að bæta kjör þeirra lægst launuðu, án þess að það endilega þurfi að leiða af sér skriðu yfir allt þjóðfélagið, eins og jafnan hefur orðið. Það er þess vegna síður en svo í andstöðu við skoðanir okkar sjálfstæðismanna, að þetta verði reynt að gera. Ef það tekst að gera í þessum kjarasamningum, þá er það allt gott og blessað. En það er þá andstætt því, sem áður hefur gerzt. Þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj., sérstaklega undir forustu forsrh. Bjarna Benediktssonar, reyndi að koma því fram að bæta sérstaklega kjör láglaunafólks, þá tókst það ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess að hin hærra launuðu samtök innan Alþýðusambandsins létu verkamennina, eins og hv. þm. sagði, oftast ríða á vaðið og komu svo á eftir með hærri launakröfur, og þá var gjarnan tekið undir það, jafnvel af verkalýðssamtökunum sjálfum í heild, að það yrði orðið við þeim kröfum. Ég tel því, að þetta sé mjög mikið gleðiefni, ef á að reyna að lagfæra eitthvað í þessa átt, en legg hins vegar á það ríka áherzlu, að launamunurinn, sem ákveðinn var í kjörum opinberra starfsmanna, var nákvæmlega í samræmi við það hlutfall, sem starfsmannasamtökin sjálf lögðu til í sínum upphaflegu kröfum að launamunurinn yrði, þ. e. a. s. fjórfaldur.

Hæstv. ráðh. sagði í tilefni af fsp. minni, að auðvitað væri ætlun ríkisstj. að stuðla að verndun kaupmáttar. Ég hef ekki efazt um það á nokkurn hátt, að það hlyti að vera ætlun hennar, en ég taldi, að það hefði mikla þýðingu fyrir lausn kjaradeilunnar og hefði auðvitað mikla almenna þýðingu fyrir þjóðfélagið í heild, þróun atvinnulífs og fyrir launþega, að vita, hvernig ætti að gera þetta. Mér er óskiljanlegt, að það hafi verið sett á blað í stjórnarsamningnum, að það ætti að tryggja 20% kaupmáttaraukningu þeirra, sem lakar eru settir í þjóðfélaginu, á tveimur árum, án þess að forráðamennirnir, sem sömdu þetta makalausa plagg, hafi haft einhverja hugmynd, a. m. k. í stórum dráttum, hvernig ætti að fara að því. Það er ekki minnst um vert að gera sér grein fyrir því, það er höfuðatriði og kjarni málsins, sem hefur auðvitað áhrif á efnahagsþróunina, hvort hún stefnir í jákvæða átt eða ekki.

Ingvar Jóhannsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. lét þess getið, að það væri ekki einhlítt að bera saman vinnutímastyttinguna á Norðurlöndum. Þar til þyrfti að koma m. a. samanburður launa, og gat hann um hinn mikla launamismun milli Íslendinga og Svía. Það er rétt. En hv. þm. láðist að geta verðlags í Svíþjóð samanborið við Ísland. Ég er nýkominn úr ferðalagi með atvinnurekendum og forsvarsmönnum launþegasamtakanna í járniðnaði til Svíþjóðar, og það vakti ekki furðu okkar sérstaklega atvinnurekendanna, heldur einnig forsvarsmanna launþegasamtakanna, hve dýrt er að lifa þar. Það segir einnig sína sögu, hve margir Íslendingar hafa skilað sér heim aftur eftir flóttann svokallaða frá þessu landi, sem hv. þm. minntist á, frá Svíþjóð.

Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir mildi hans í minn garð að dæma ekki svo hart óreyndan mann í kjaramálum. Rétt er það, að ég hef ekki mikla reynslu í kjarasamningum, því að yfirleitt hafa samtök vinnumarkaðarins hér í Reykjavík verið stefnumarkandi í

þeim málum. En það gætti svolítils misskilnings hjá hæstv. félmrh. Ég var ekki með ummælum mínum að leggja dóm á samningsaðila vinnumarkaðarins, heldur leggja dóm á afskipti ríkisstj., sem leitt hafa til þess, að allar samningaumleitanir til þessa hafa ekki borið árangur.

Að lokum, þar sem hæstv. félmrh. gat þess, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði svarað fyrirspurn minni, þá held ég, að hann hafi þar með misskilið mig, vegna þess að fyrirspurn mín var til hæstv. ríkisstj., og hún var á þessa leið: Ég vildi aðeins spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir mismun virkrar dagvinnuviku hér og í nágrannalöndum okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 136).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., var ítarlega rætt fyrir nokkru við 1. umr. málsins hér í hv. d. og skýrt ítarlega af hæstv. félmrh. Það er því minni ástæða en ella fyrir mig til þess að tala hér langt mál, sérstaklega þar sem svo ánægjulega og e.t.v. nokkuð óvænt hefur farið, að heilbr.- og félmn. leggur fram shlj. álit og mælir einróma með samþykkt frv.

Meginatriði þessa frv. eru löggjafarrammi utan um það ákvæði, að 40 stunda vinnuvika, dagvinnuvika, skuli almennt vera í gildi hér á landi. Frá þessu eru fáar undantekningar og eru tilgreindar í 1. gr. frv., þ. e. a. s. það eru sjómenn á fiskiskipum, kaupafólk og vinnuhjú, launþegar, sem vinna heimavinnu við önnur störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með, og loks forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verður ekki við komið. Þetta eru sem sagt undantekningar, og þær eru ekki ýkjamargar. Í sérálíti Vinnuveitendasambandsins um málið eða fulltrúa þess í þeirri n., sem undirbjó það, kom fram hugmynd um, að bætt yrði þarna við flugverjum, þ. e. a. s. þeim mönnum, sem eru í áhöfnum flugvéla. Það mál var ítarlega rætt í n., og komu ekki fram nein rök, sem metin voru gild, til þess að það væri sérstök nauðsyn að undanskilja þessa menn. Þó að sérstaða vinnutíma þeirra sé nokkur, þá er hún þess eðlis, að auðvelt virðist vera samkv. öðrum ákvæðum frv. að semja sérstaklega um þann vinnutíma, sem þar hefur nokkra sérstöðu, þ. e. a. s. svokallaðan biðtíma, þegar flugáhafnir verða að vera viðbúnar því að starfa um borð í flugfari, en eru hins vegar ekki raunverulega að störfum að öðru leyti. Þetta er nokkur sérstaða, sem að vísu á sér hliðstæður við vinnu í landi í nokkrum greinum, að menn þurfa að vera við því búnir að vera kallaðir til starfa, en þessi sérstaða þykir ekki vera þess eðlis, að ástæða sé til að undanskilja flugverja með öllu því að verða að koma undir ákvæði þessara laga.

Það er ástæða til þess að vekja strax athygli á því í sambandi við þetta frv., að með því er ekki um það að ræða, að sett séu ófrávíkjanleg ákvæði um raunverulega virkan vinnutíma. Ber þar að líta á þá grein frv., sem fjallar um kaffitíma. Hún gerir ráð fyrir því, að kaffihlé séu innreiknuð í vinnutímanum og sé greitt fyrir þau. Hins vegar eru ekki ákvæði um það, hvað þessi hlé skuli vera löng eða hve mörg, og leiðir af því, að það er algert samningamál milli aðila vinnumarkaðarins, hver hinn virki vinnutími er innan þeirra marka, sem ákvæði um 40 stunda vinnuviku markar. Hitt er svo aftur annað mál, að augljóslega er stefnt að því af hálfu verkalýðssamtakanna, að virki vinnutíminn verði hinn sami og samið var um í des. á s. l. ári milli ríkisstj. og BSRB, en hann er 37 klst. og 5 mín. á 5 daga vinnuviku og 36 stundir og 50 mín. miðað við 6 daga vinnuviku. Það væri þess vegna misskilningur að halda, að vinnutímamálið sé alveg tekið af samningaborðinu í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur yfir. Það er eitt af þeim málum, sem þar er verið að semja um, og eins og ég sagði, ákvarða lögin ekki, hvernig þetta verður samið, nema að nokkru leyti. Það er þess vegna alger misskilningur, sem stundum örlar á í sambandi við þetta mál, að hér sé verið að lögbinda vinnuviku, sem sé undir 35 klst., eins og kemur fram í sérálíti Vinnuveitendasambandsins. Misskilningurinn er fyrst og fremst í því fólginn, að hléin, sem þarna hafa veruleg áhrif á lengd virks vinnutíma, eru ekki ákveðin í lögunum. Hins vegar tel ég, að allar horfur séu á því, að um þetta verði samið á þeim grundvelli, sem samningar BSRB og ríkisstj. í des. í fyrra lögðu í þessu máli. Lögin taka ekki heldur til þess, hvenær dagvinna sé unnin á sólarhringnum og hvernig skipting dagvinnunnar kemur fram á vinnudaga vikunnar, sbr. þó 2. gr. frv., 2. mgr., þar sem segir:

„Að jafnaði skulu ekki unnar fleiri en 8 klst. í dagvinnu á degi hverjum, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum."

Einnig er heimilt samkv. 2. gr. að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að þeir verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári ekki fleiri en 40. Þetta ákvæði gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku þessara laga. Enda er þess að gæta, að lögin eru rúm að því leyti, að ákvæði er þar að finna í 1. mgr. 7. gr. frv. um, að víkja megi frá lögunum, ef samið er um það af hlutaðeigandi verkalýðsfélögum og vinnuveitendasamtökum og slíkir samningar eru staðfestir af hlutaðeigandi heildarsamtökum, sem nánar er greint frá í síðari hluta gr. hverjir séu.

Enn er svo þess að gæta, þegar hugað er að því, hvað lögin eru í raun og veru rúm, að í ákvæðum til bráðabirgða er heimilað, að nú í þetta skipti sé heimilt fyrir samtök vinnumarkaðarins að semja um frest til 1. jan. 1973 um allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir. Það er kannske ástæða til að minnast aðeins á þetta atriði, vegna þess að í sérálitum bæði Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins, sem prentuð eru sem fskj. með frv., er þess sérstaklega getið, að allt yrði þetta léttbærara fyrir atvinnureksturinn, ef um áfangaskiptingu væri að ræða. En þó að þarna sé opnuð leið til þess

í löggjöfinni, þá hefur enn ekki komið fram við samningaborðið, að vinnuveitendur mundu meta það nokkurs verulegs, þó að það yrði horfið að þeim hætti, sem heimilað er í ákvæðunum til bráðabirgða, svo að ég hygg, að það sé ekki í raun og veru eins stórt atriði og ýmsir hafa kannske álitið og vinnuveitendur að sumu leyti halda fram.

Ég ætla ekki að fara langt út í það að rekja það, hverjar eru helztu röksemdirnar fyrir flutningi þessa frv. Ég sagði við 1. umr. og læt mér nægja að endurtaka það, að ég tel, að hér sé um aðgerð að ræða til þess að stytta vinnutímann, sem tvímælalaust er yfirleitt of langur hér á landi frá öllum sjónarmiðum séð, frá sjónarmiði atvinnurekenda, sem vegna of langs vinnutíma uppskera oft og tíðum lélega nýtingu á vinnuafli og hvers konar fjárfestingu, sem þeir hafa með höndum og þurfa að nýta með vinnuaflinu. Hættur eru á hverju leiti á óeðlilega lágum og lélegum afköstum og töfum við vinnu og óþörfum hléum vegna hins langa vinnutíma, hléum t. d., sem fólk tekur sér vegna langþreytu og vinnuleiða vegna hins langa vinnudags, sem hér ríkir. Frá sjónarmiði verkafólks er vinnutíminn, sem hér tíðkast, varhugaverður af beinum heilsufarsástæðum, ef ekki stundum beint hættulegur, og líka frá því sjónarmiði séð, að hinn langi vinnudagur setur verkafólk oft og tíðum nokkuð utangarðs bæði í menningarlegum og félagslegum efnum.

Í öðru lagi er svo hér um hreint jafnréttismál að ræða. Stór hluti þjóðarinnar, a. m. k. 15–20 þús. manns af vinnuaflinu, svo sem opinberir starfsmenn, skrifstofumenn, bankastarfsmenn og ýmsir fleiri, hafa nú þegar 40 stunda vinnuviku. En það eru enn sem komið er fyrst og fremst og nær eingöngu þeir, sem vinna yfirleitt við miklu betri ytri skilyrði og aðbúð við vinnu sína á allan hátt en hinir, sem enn verða að vinna lengri vinnutíma. Það er auðsætt, að til þess að þetta mætti verða, að 40 stunda vinnuvika varð raunveruleiki fyrir opinbera starfsmenn og ýmsa fleiri, þá hefur ríkisvaldið komið þar mjög til hjálpar til þess að hrinda því máli áleiðis fyrir það fólk. Og nú þegar eftir stendur, að allir erfiðismennirnir eða flestir verða að vinna 4 stundum lengur í hverri viku, þá er málið einfaldlega orðið að mínu viti spurning um það, hvort erfiðismennirnir, verkafólkið, eigi að búa við önnur lög og annan og minni rétt en þeir, sem í flestu tilliti mega sín betur, bæði í launum, vinnuskilyrðum og öðrum hliðstæðum efnum.

Það var, held ég, augljóst öllum, sem um kjaramál og samningamál á vinnumarkaðinum hugsa, að um leið og 40 stunda vinnuvikan varð raunveruleiki fyrir þann mikla fjölda, sem fékk hana í des. á s. l. ári, þá var um leið teiknuð á vegginn sú ófrávíkjanlega krafa fyrir verkalýðshreyfinguna alla, að jafnræði yrði komið á í þessum efnum og 40 stunda vinnuviku með einhverjum hætti komið fram í næstu kjarasamningum. Það er þess vegna alger misskilningur, sem örlaði á við 1. umr. málsins, að hér sé um eitthvert mál að ræða, sem eigi upptök sín í stjórnarsáttmálanum frá s. l. sumri. Ég tel alveg tvímælalaust, að sú aðstoð, sem núv. ríkisstj. hefur veitt í þessu efni, að fá þessa kröfu fram, hafi haft verulega þýðingu. Hitt er auðvitað alger misskilningur, að upptökin séu þar. Upptökin er að rekja fyrst og fremst til þess, að ríkisvaldið hjálpaði og studdi að því, að verulegur hluti af vinnuafli þjóðarinnar fengi þennan vinnudag, og þá var auðvitað orðið auðsætt mál, að vinnutími annarra stétta yrði einnig að breytast í samræmi við það.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast örfáum orðum á þær helztu mótbárur, sem hafa komið fram gegn þeirri lagasetningu, sem hér er fyrirhuguð. Það er þá í fyrsta lagi það, að með flutningi þessa frv. og hugsanlegri lagasetningu sé ráðizt á frjálsan samningsrétt um kaup og kjör. Það er líka sagt í þessu sambandi, að ríkisstjórnarflokkarnir og ríkisstj. hafi tekið fram fyrir hendur verkalýðshreyfingarinnar og farið að skipa henni fyrir um það, með hverjum hætti hún raðaði sínum kjarabótamálum, það væri jafnvel gert af pólitískum leikaraskap. Ég held, að þetta sé alger misskilningur, eins og ég sagði, að það hafi verið augljóst, að þessari kröfu mundi verða fram haldið og fram hrundið, eftir að opinberir starfsmenn og fleiri voru búnir að gera hana að raunveruleika. Og hitt er líka vert að minna á í þessu sambandi, sem ég gerði reyndar við 1. umr. málsins, að a. m. k. við í verkalýðshreyfingunni og ég held flestir aðrir hljóti að gera verulegan mun á því, hvort um bein kaupgjaldsatriði er að ræða eða hvort um er að ræða félagsleg atriði og menningarleg atriði. Og vissulega er þetta mál ekki sízt af þeim toga spunnið, eins og ég held, að flestir muni viðurkenna, a. m. k. að einhverju leyti.

Það hefur líka komið fram, að með þeirri löggjöf, sem hér er fyrirhuguð, séum við komnir langt niður fyrir önnur okkar grannlönd, hvað dagvinnutíma snertir, og með því sé boðið heim misrétti fyrir atvinnurekendur, sem að meira eða minna leyti verði að standa í samkeppni um framleiðslu sína á alþjóðlegum mörkuðum, hér sé sem sagt verið að bjóða heim misrétti í samkeppnisaðstöðunni. Ég held, að það sé augljóst, að tölur um sjálfan vinnutímann segja ekki hér alla sögu, því að þegar samkeppnisaðstaðan er metin, þá kemur náttúrlega til fyrst og fremst, hvað greiða þarf fyrir vinnuaflið í ákveðinn tíma. Enn stöndum við ekki nálægt því í sömu sporum í þeim efnum og Norðurlandaþjóðirnar, sem yfirleitt búa við miklu hærra, jafnvel helmingi hærra kaupgjald en hér er, þannig að þegar samanburður á slíkri samkeppnisaðstöðu er gerður, þá verður hvort tveggja að koma til. Í þessu sambandi skiptir það vitanlega ekki máli, þó að dýrtíð sé meiri í ýmsum þeim löndum, sem hér er samanburður gerður á, vegna þess að framleiðslukostnaðurinn fyrir atvinnurekendur mælist ekki í því, hvað fólk fær fyrir kaup sitt, heldur vitanlega í því, sem atvinnureksturinn þarf að borga. Og það liggur á borðinu ljósar en flest annað, að atvinnurekendur t. d. á öðrum Norðurlöndum verða að gjalda stórkostlega miklu hærra kaupgjald, hvort sem er fyrir dagvinnu, viku, mánuð eða ár.

Hér er líka þess að geta, að allur munur verður ekki á hér um virkan vinnutíma. Ég nefni t. d. Finnland, en þar hefur verið lögboðin 40 stunda vinnuvika allt frá 1965, en Finnar hafa einnig kaffihlé eins og við, að vísu ekki alveg eins löng, venjulega 12 mínútur tvisvar sinnum á dag, þannig að þeirra vinnutími verður á venjulegri viku kringum 38 stundir á móti rúmlega 37 hér, svo að það munar ekki nema innan við klukkutíma

á viku. Um þetta mál, þetta mikla kaffitímamál, sem blásið er upp, er líka þess að geta, að á öðrum Norðurlöndum, þar sem ekki er gert ráð fyrir því, að fastir kaffitímar séu teknir, er sá vinnuháttur ákaflega víða, að menn hafa bita og sopa með sér í vinnuna og neyta þess, þegar tækifæri gefast, þannig að þar er um meiri eða minni hlé að ræða á vinnunni af þeim sökum. Beinharðar tölur í þessum efnum segja ekki alla sögu.

Séu þessi mál borin saman hjá okkur og á Norðurlöndunum, verður líka að gæta þess, að á öðrum Norðurlöndum eru í gildi mjög ströng vinnuverndarlög, sem þrengja mjög að því, að yfirvinnu megi vinna, og leggja ýmsar aðrar og jafnvel fjölmargar skyldur og margvíslegan kostnað á atvinnureksturinn þar umfram það, sem hér er. Þannig er t. d. í Noregi bannað að vinna eftirvinnu nema með sérstökum leyfum og í sérstökum undantekningartilfellum, og undir engum kringumstæðum geta slík leyfi verið veitt í ríkara mæli en svo, að samanlagðar yfirvinnustundir á ári verði 250 hjá einum manni. En hér á landi eru yfirvinnu- og næturvinnustundir oft og tíðum hjá hverjum manni mörgum sinnum þessi tala, sem er þó aðeins fræðilega hugsanleg samkv. vinnuverndarlöggjöf þeirra.

Það er líka sagt í sambandi við vinnutímann, og það er kannske ein helzta röksemdin, sem haldið er uppi á móti löggjöfinni, að hún leggi of mikinn kostnaðarauka á atvinnureksturinn. Í þessu sambandi endurtek ég það, sem ég sagði, og minni á, að lögin rúma mismunandi virkan vinnutíma, þannig að það er mjög teygjanlegt, hve mikinn kostnaðarauka þarf að leggja á atvinnureksturinn af þeim sökum og raunverulegt samningsatriði, sem kemur til greina við samningaborðið hverju sinni. Hitt er svo auðvitað ljóst bæði okkur í verkalýðshreyfingunni og öðrum, að við tökum ekki sama hlutinn nema einu sinni, og sá kostnaðarauki, sem leiðir af vinnutímastyttingunni, verður vitanlega ekki tekinn í kauphækkunum með öðrum hætti og samtímis. Þetta hafa menn gert sér ljóst frá upphafi og tekið tillit til þess, bæði við kröfugerðina í þeim samningum, sem nú standa yfir, og við sjálf samningaborðin. En í hugum manna í verkalýðshreyfingunni hefur það hins vegar aldrei verið vafamál, að það bæri að vinna til að láta sér nægja minni kaupgjaldshækkanir heldur en hægt hefði verið að ná fram, ef vinnutímastytting hefði engin verið.

Þeirri röksemd, sem líka hefur örlað á, að þessi löggjöf stytti ekkert raunverulegan vinnutíma eða dragi úr vinnuþrælkun, eins og það er orðað, vísa ég algerlega á bug. Ég held, að það sé alveg augljóst mál, að af þessari löggjöf muni a. m. k. smátt og smátt leiða verulega styttingu á vinnutímanum sjálfum, og það er vitanlega aðalatriði málsins. Þeim, sem bera svo meir fyrir brjósti, að kaup láglaunafólksins hækki, en að vinnutíminn styttist, má svo benda á það, að fari svo sem þeir spá, að þetta leiði ekki til mjög mikillar styttingar á vinnutímanum, þá leiðir það a. m. k. til þess, að fleiri stundir eru keyptar með því verði, sem er á eftirvinnu og næturvinnu, og þýðir þá vitanlega auknar tekjur fyrir þetta sama fólk.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv., sérstaklega vegna þess, eins og ég sagði, að fullkomin eining hefur orðið í heilbr.- og félmn. um það, en ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði reyndar hér við 1. umr. málsins, að ég teldi, að þetta frv. og sú löggjöf, sem væntanlega fylgir í kjölfar þess, markaði tímamót í tvennum skilningi: Í fyrsta lagi væri hér um breytt viðhorf löggjafarvaldsins til réttlætis- og baráttumála verkalýðshreyfingarinnar að ræða, þar sem tekið væri á með verkalýðnum í baráttunni fyrir jafnræði við aðrar stéttir þjóðfélagsins, og í öðru lagi, að hér væri um stórt spor að ræða í þá átt að ná fram mannsæmandi vinnudegi, sem gæti tryggt menningarlegra og félagslegra líf íslenzkra vinnustétta. Ég hafði þá naumast hugboð um, þegar ég sagði þetta, eða gat ekki vænzt þess, að það yrði full samstaða um þetta mál hér á hv. Alþ., eins og nú má vænta, eftir að heilbr.- og félmn. hefur reynzt einhuga í málinu. Það er þess vegna kannske ástæða til að taka enn þá dýpra í árinni en ég gerði þá. Ég veit, að að því leyti er hér um breytt viðhorf löggjafarvaldsins að ræða í þessum málum. Ég tel, að samstaða um þetta mál nú, svo viðkvæmt sem það er að ýmsu leyti, sé góður vitnisburður um skilning og góðan vilja löggjafarvaldsins hvað viðkemur því stóra málefni, sem hér er um að ræða. Ég hygg, að allir, sem hlut hafa átt að því að skapa þessa samstöðu, sem ég vonast eftir að nú verði um málið hér á hv. Alþ., muni hafa sóma af, svo og Alþ. í heild sinni. Fyrir okkur, sem erum virkir í verkalýðssamtökunum, er þessi samstaða sérstaklega ánægjuleg og að mínu viti merkilegt tímanna tákn og verður örugglega metin að verðleikum bæði nú og síðar.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hv. deildarforseti hefur nú fylgt nál. úr hlaði og hefur þar verið frsm. n., en að öðru leyti hefur hann flutt mál sitt sem þm. stjórnarliðsins og forsvarsmaður annars aðila í þeim samningaviðræðum, sem nú standa yfir. Það er nú kannske að fara aftan að siðunum að fara í deilur við frsm. fyrir nál., sem maður sjálfur stendur að, og ég skal að mestu leyti leiða hjá mér að víkja að ræðu hans. Hann vitnaði til þess, að opinberir starfsmenn hefðu fengið 40 stunda vinnuviku viðurkennda. Um þetta urðu töluverðar umr. við 1. umr. málsins, og ég skal ekki að því víkja með öðru en því að segja, að um það var samið. Þær umr., sem hér urðu við 1. umr. málsins, viku margar hverjar að því sama og þeim atriðum, sem hv. deildarforseti vék áðan að, og skal ég þess vegna ekki tefja umr. með því að fjölyrða um þau atriði.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 136, legg ég ásamt öðrum nm. til, að þetta frv. verði samþ. En þegar ég undirrita nál. með fyrirvara, þá felst í því nánar tiltekið það, að ég vil skýra viðhorf mitt til málsins að öðru leyti.

Ég vil í upphafi taka það fram, að ég tel, að það hafi verið misráðið af ríkisstj. að setja það í stjórnarsáttmálann, að hún mundi beita sér fyrir lögbindingu 40 stunda vinnuviku, dagvinnuviku. Með því er verið að taka fram fyrir hendur samningsaðila um kjaramál um atriði, sem ávallt hefur verið samningsatriði milli aðilanna. Það er staðreynd, að þegar eru í samningum ýmissa stéttarfélaga komin inn ákvæði um styttingu vinnuvikunnar, sem koma á í áföngum. Og það er fyllsta ástæða til að ætla og reyndar enginn vafi á því, að í þeim samningum, sem nú standa yfir, hefði það atriði orðið mjög ofarlega á baugi. Og get ég þar vitnað

til þess, sem hv. deildarforseti sagði áðan, að verkalýðshreyfingin væri einhuga um þá kröfu.

Ég veit satt að segja ekki, hvort öllum þeim, sem um stjórnarsáttmálann fjölluðu, hefur verið það fyllilega ljóst, að raunverulegur dagvinnutími hér er þegar styttri en á hinum Norðurlöndunum. En ég held, að það sé engum vafa bundið, að fyrirrætlanir ríkisstj. um lögbindingu dagvinnutímans hafa átt sinn þátt í því, að samningaviðræður hafa dregizt svo mjög á langinn sem orðið er. Þessu frv. var útbýtt hér á Alþ. *á mánudaginn í* síðustu viku, og þá höfðu samningaviðræður staðið í nær tvo mánuði, en þangað til frv. var fram komið, ríkti að sjálfsögðu í ýmsum atriðum óvissa um það, hvað í frv. mundi enda með að felast, þegar það kæmi fram, nema hvað talað hafði verið í stjórnarsáttmálanum um 40 stunda vinnuviku. Í því sambandi skal það rifjað upp, að á næstsíðasta þingi flutti þáv. forseti Alþýðusambandsins, núv. hæstv. félmrh., ásamt öðrum þm. frv. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. Þetta frv. er á þskj. 191 frá þinginu í hittiðfyrra. Í 8. gr. þess frv. segir:

„Almennur dagvinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring, og er vinnuviku lokið eftir 40 unnar vinnustundir."

Unnar vinnustundir, hvað um þá margumtöluðu kaffitíma, þeir geta tæpast verið taldir unnar vinnustundir? Það hefði því mátt spyrja, hvort í stjórnarsáttmálanum, sem hæstv. flm. þessa frv. stóð að, hafi verið átt við unnar vinnustundir eða hvort ríkisstj. ætlaði þá einnig að hlutast til um kaffitímana. Það má svo sem svara því til, að það hafi verið fráleitt, að láta sér detta slíkt í hug. En það hefði þó mátt spyrja, hvað við hefði verið átt.

Þetta frv. var til umr. hér í hv. þd. á miðvikudag í síðustu viku. Á fimmtudagsmorgun, daginn eftir sem sé, var boðað til fundar í heilbr.- og félmn., sem hefur haft frv. til meðferðar. Það mun hafa verið ætlun ríkisstj. að drífa frv. áfram með sem mestum hraða gegnum þingið, en það fékkst þó frestur til nánari athugunar á því. Á föstudag mættu á fundi hjá n. fulltrúar frá samningsaðilum, þ. e. a. s. annars vegar frá ASÍ og hins vegar frá Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og n. voru látnir í té nokkrir útreikningar, sem gerðir höfðu verið á vegum Efnahagsstofnunarinnar, og Jón Sigurðsson hagsýslustjóri mætti einnig á fundinum og útskýrði þá. Einnig lágu fyrir nokkrir útreikningar frá Vinnuveitendasambandinu. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að draga hér fram tölur. Þetta eru atriði, sem einnig hafa verið mjög umdeild í n. Þótt það sé ekki út af fyrir sig vefengt, að reikningslega væri rétt með farið, var hins vegar vefengt, að forsendur fyrir ýmsum útreikningum hafi verið réttar. Það var beðið af hálfu okkar þm. Sjálfstfl. í n. um frest, þar til okkur hefði gefizt möguleiki á að ræða málið í þingflokki okkar eftir nefndarfund um upplýsingar, sem þar hefðu komið fram. Var svo seinasti nefndarfundurinn haldinn á þriðjudag og tekin afstaða til málsins, eins og fram kemur í nál.

Úr því sem komið er, er það alveg ljóst, um hvað er að ræða. Héðan af er það áreiðanlega engum til góðs að efna til ágreinings um þetta frv. né að tefja á nokkurn hátt afgreiðslu þess. Ég mun því, eins og fram kemur í nál., greiða frv. atkvæði, en ég endurtek það, að ég tel það hafa verið misráðið af hæstv. ríkisstj. að taka fram fyrir hendur samningsaðila með þessum ákvörðunum sínum í stjórnarsáttmálanum, og eftir að það hafði verið gert, hafi verið óheppilega að málinu staðið af hennar hálfu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa ánægju minni með þá samstöðu, *sem hefur náðst um mál þetta, og mun ég ekki verða til* þess að rjúfa hana. Engu að síður vildi ég gera grein fyrir nokkrum sjónarmiðum mínum, áður en ég greiði atkv. með þessu frv.

Ég er út af fyrir sig hlynntur því að stytta vinnuvikuna, ef styttingin er raunhæf. Ég tel hins vegar nokkuð vafasamt að láta að því liggja, sem mér sýnist, að álykta megi af frv. þessu og ýmsu, sem í því sambandi hefur verið sagt, að við Íslendingar getum sætt okkur við að vinna jafnvel skemmri vinnutíma en þær þjóðir, sem iðnvæddastar eru, þjóðir, sem hafa framleiðni langtum meiri en við, þjóðir, sem hafa jafnvel tvöfalda þjóðarframleiðslu á við okkur. Satt að segja tel ég ekkert athugavert við það, þótt við Íslendingar verðum að una eitthvað lengri vinnutíma en ýmsar þjóðir. Við höfum fyrir miklu að vinna, m. a. okkar ágæta landi, landi, sem hlýtur að vera nokkuð dýrt fyrir fámenna þjóð.

Einna mikilvægast tel ég þó, að stytting vinnuvikunnar verði raunhæf, að hún leiði ekki til þess, að aukin yfirvinna hljótist af. Vil ég í því sambandi leggja áherzlu á þær upplýsingar, sem komu fram áðan hjá hv. frsm. um takmörkun á yfirvinnutíma, sem aðrar þjóðir hafa hjá sér. Vil ég gjarnan beina því til þeirra, sem um þessi mál fjalla, að slíkt verði athugað hjá okkur.

En ég tel einnig í þessu sambandi afar mikilvægt, að þeim, sem hljóta styttri vinnutíma, sé gert kleift að njóta þess á skynsamlegan máta, t. d. við útiveru í okkar ágæta landi eða við menntun, t. d. endurmenntun og þess háttar. Virðist mér þar víða vera pottur brotinn og *ástæða til þess að herða róðurinn eilítið á því sviði.*

Mér virðist að ýmsu leyti mjög eðlilegt, að samanburður sé gerður við aðrar vinnandi stéttir, t. d. við opinbera starfsmenn. Og *ég sé enga ástæðu til* þess að vinnutími þeirra sé styttri en vinnutími annarra. Að því leyti er ég samþykkur þessum samanburði. Ég fagna því jafnframt, sem kom fram hjá hv. frsm., að í þeim samningum, sem nú fara fram, mun verða tekið tillit til þess, að kaffitími opinberra starfsmanna er nokkru styttri en verið hefur hjá svokölluðum erfiðisvinnumönnum, sem hann hefur nefnt svo, og ekki verður seilzt þar lengra.

Hins vegar skal ég gjarnan upplýsa, að þegar ég fyrir mitt leyti í málefnasamningi samþykkti 40 vinnustundir á viku, gerði ég ráð fyrir, að það yrðu unnar stundir. Ég upplýsi þetta vegna þeirrar spurningar, sem kom fram áðan. Ég hef þó ekki séð ástæðu til þess að gera aths. við þetta út af fyrir sig, því að önnur stétt, sem ég hef nefnt, opinberir starfsmenn, hefur minna en 40 unnar stundir. Mér sýnist hins vegar full ástæða til þess að taka þessi mál öll til endurskoðunar. Ég fyrir mitt leyti tel skynsamlegt markmið að vinna 40 stundir, en þær séu þá allar unnar.

Hins vegar vil ég gera nokkrar aths. við annan sam-

anburð, sem hér hefur verið gerður við opinbera starfsmenn. Annars vegar er talað um erfiðisvinnumenn og hins vegar skrifstofumenn. Ég leyfi mér að efast um þann samanburð, sem í þessu felst. Ég er mjög efins um það, að stúlka, sem situr allan daginn við ritvélina og hefur bæði líkamlega og andlega áreynslu, hafi minna erfiði en maðurinn, sem er við skófluna. Satt að segja efast ég um, að ýmsir þeir menn, sem t. d. standa í kennarastöðu allan daginn, eða menn, sem sitja á fundum allan daginn, hafi raunar minna erfiði, og grunar mig, að heilbrigðisskýrslur sýni það, að heilsa þeirra sé síður en svo betri en hinna, sem erfiðisstörfin vinna. Ég harma því, þegar verið er að skapa þannig einhvern mismun á milli þessara stétta. Svo megum við minnast þess, að sem betur fer hefur tæknin haldið innreið sína í þetta land í vaxandi mæli, og það eru færri og færri menn, sem vinna erfiðisvinnu með skóflu og haka. Flestir eru komnir á vélar.

Eins og ég sagði áðan, mun ég greiða þessu frv. atkv. mitt, ég geri það ekki sízt með tilliti til þess, að hér er stefnt að nokkru jafnrétti, meira en verið hefur í þessu þjóðfélagi. Einnig geri ég það í trausti þess, að frv. stuðli að lausn þeirrar kjaradeilu, sem nú stendur yfir. Ég vil jafnframt leggja áherzlu á það, að vinnulöggjöfin verður að þessu leyti öll tekin til endurskoðunar, m. a. vinnutími sjómanna og fjölmargra annarra stétta, sem þessi löggjöf nær ekki til.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það getur verið nauðsyn á, að Alþ. grípi inn í mál lík og þetta, þó að ég lýsi því strax í upphafi máls míns sem minni skoðun, að slíkt eigi ekki að gerast nema í ýtrustu neyð. Aðilar vinnumarkaðarins eiga helzt og helzt eingöngu að leysa þessi mál með samningum. Ég tel það fráleitt, að ríkisstj. setji það í stefnuskrá sína að grípa inn í, eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerði með málefnasamningi sínum, sbr. 1. tölul. í kafla um kjaramál.

Ég ætla ekki að ræða frekar þann málefnasamning, þó að vissulega sé þar margt, sem mér sýnist, að fram sé sett án þess, að þess sé getið, að um raunverulegar athuganir hafi fyrst verið að ræða, og því margt sett fram sem óskir, af því að hv. núv. stjórnarliðar voru lengi búnir að vera í stjórnarandstöðu, og það virðist mega álykta, að þeir hefðu ekki þá gert sér grein fyrir hlutverkaskiptunum. Það er annað óskhyggja en veruleiki.

Ég minnist þess, að skömmu eftir að Olof Palme tók við stöðu forsrh. í Svíþjóð, fylgdist ég með viðtali, sem sjónvarpsfréttamenn áttu við hann fyrir norska sjónvarpið. Það var auðheyrt og auðséð, að þeir komu vel undirbúnir og ætluðu að þjarma að forsrh., komu með margar tilvitnanir í ummæli hans frá fyrri árum, þegar hann var ungur maður. Ég vil meina, að það á að vera ungra manna háttur að setja fram stórhuga hugmyndir um eitt og annað, m. a. í efnahagsmálum. Hann var spurður um það, hvort hann tryði því, að honum tækist að koma þessu og hinu fram. Palme viðurkenndi, að þeir færu með rétt mál. Hann hefði átt og ætti sér hugsjónir. En hann benti á, að í mörgum tilvikum væri það ekki á hans valdi eða hans þjóðar að ráða því, hver þróunin yrði, staðreyndum yrði ekki breytt, þótt menn gjarnan vildu það.

Íslenzkum efnahagsmálum er líkt farið. Þar eru vissar staðreyndir, sem við höfum ekki ráðið við og munum ekki gera, og við afgreiðslu fjárlaga munu þær staðreyndir nú blasa við hv. stjórnarliðum, að hver króna verður ekki notuð nema einu sinni. Við skiptum ekki meiru en við öflum. Undanfarin ár finnst mér á stundum nokkuð hafa á vantað, að núv. hæstv. stjórnarliðar vildu viðurkenna þetta. Því verður ekki á móti mælt, að þeir voru með óraunhæfar till., ráku harðan áróður fyrir því, að gerðar yrðu háar kaupkröfur. Má vera, að svo og svo margir hafi trúað á þessar till., og nú liggur mér við að segja, að hinn yfirborðskenndi málefnasamningur – eða óskalista vil ég frekar nefna hann – beri þess nokkurn vott, að þeir hafi sjálfir verið blindaðir af eigin fullyrðingum. En víst er, að þar er að finna viðurkenningu og trú á því, að þeir hafi tekið við blómlegu búi. Ég benti á, hve yfirborðslegur áróður þeirra er. Sem dæmi má nefna tal þeirra um, að nú sé við völd stjórn hinna vinnandi stétta. Í þingræðislandi er ávallt stjórn hinna vinnandi stétta.

Í Þjóðviljanum 30. nóv. er forsíðuleiðari, og vil ég aðeins, með leyfi forseta, vitna í hann. Þar segir:

„Breytt viðhorf eftir 13. júní! Viðhorfin gerbreyttust frá og með kosningum í sumar. Ríkisstj. vinnandi fólks var mynduð, og hún hét þegar, að hún mundi beita sér fyrir margvíslegum kjarabótum til handa verkafólki. Meðal þess, sem heitið var í málefnasamningnum, var, að sett skyldu lög um 40 stunda vinnuviku, að orlof skyldi verða 24 dagar. Þá var því heitið, að kaupmátt láglaunafólks skyldi auka um 20%."

Ég get þess sem dæmi um, að núv. stjórnarliðum er ekki fullljóst, að þeir eru í annarri stöðu nú en þeir voru fyrir kosningar, að tvö aðalmálgögn ríkisstj. hafa gerzt sek um að halda áfram að efna til úlfúðar og tortryggni milli aðila vinnumarkaðarins. Auðvitað ber stjórnmálamönnum og málgögnum þeim, sem þá styðja, ávallt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að bera sáttarorð á milli aðila vinnumarkaðarins. En það kastar þó fyrst tólfunum, þegar málgögn stjórnarinnar gera sig sek í þessu efni. Það sannar það, sem ég hef hér áður sagt, að menn geta verið fastir í eigin neti, þegar það m. a. hendir jafngáfaðan og reyndan stjórnmálamann og hv. 4. þm. Reykv. og formann þingflokks forsrh., ritstjóra Tímans, Þórarin Þórarinsson, að skrifa þannig í forustugrein í blaði sínu, að 18 manna samninganefnd ASÍ sér sig tilneydda að bera fram mótmæli. Eða þetta í áður umræddri forustugrein í Þjóðviljanum frá 30. nóv., með leyfi forseta:

„Og munurinn á atvinnurekendum og verkafólki er, að fyrirtæki skilar því aðeins arði og er því aðeins starfrækt, að verkafólk komi til vinnu, en það má einu gilda fyrir starfsemi fyrirtækis, hvar atvinnurekandinn er niður kominn."

Eru þetta vinnubrögð, sem líkleg eru til þess að leiða til sátta á örlagaríkustu stundunum, þegar allir aðilar eru að leitast við að ná samkomulagi? Það getur verið, að það sé mat hins unga Þjóðviljaritstjóra, að það skipti meginmáli, að hann og hans lið mæti til vinnu, en skipti hann engu, hvar atvinnurekandi hans er niður kominn.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, koma með enn eina tilvitnun í sama leiðara. Hún gefur vísbendingu um, hvað fyrir þeim Alþb.-mönnum vakir:

„Vilji ríkisstj. vera húsbóndi í þjóðfélaginu, verður hún að láta atvinnurekendur skilja, hver á að hafa valdið á Íslandi.“

Skoðanabræður þeirra Alþb.-manna eru ekki að hika við það að láta þjóðir sínar vita, þar sem þeir ráða, að stjórnin er húsbóndi á sínu heimili í orðsins fyllstu merkingu. Þessi ungi ritstjóri á sér máske þær afsakanir, að hann trúir á, að svona eigi að stjórna. Þetta er ungur, áhugasamur maður, sem sjálfsagt getur alið í brjósti sér þær vonir að komast áfram með það m. a. í huga, að nú sitji í ráðherrastólum tveir fyrrv. ritstjórar blaðs hans. Þessi ungi maður reynir eflaust að feta í fótspor meistara síns, hæstv. núv. iðnrh., í því að vera stórorður og sem öfgafyllstur. Setti einmitt sá ritstjóri ekki fram kenninguna um Alþingi götunnar?

Þá vil ég, herra forseti, víkja hér að því frv., sem til umr. er. Og þá er það 1. gr. Það hlýtur að hafa verið erfitt og valdið ráðh. stjórnar hinna vinnandi stétta miklu hugarangri að þurfa að taka upp í grg. þá stafl., sem þar eru upp taldir, t. d. hæstv. félmrh. og forseta Alþýðusambands Íslands um áraraðir, varðandi 1. liðinn, a-liðinn: sjómenn á fiskiskipum, – eða hæstv. sjútvrh., sem vill þó auðheyrilega láta líta á sig sem öruggan bakhjarl og bjargvætt fiskimannanna. Síðan frv. hefur verið lagt fram, hefur núv. forseti ASÍ fundið, að við svo búið má ekki standa, og hefur hann flutt till. til þál. um það mál.

Eða annar stafliðurinn. Mér er hugsað til hæstv. landbrh., sem alinn er upp í sveit og þekkir af eigin raun langan vinnudag sveitafólksins. Það má nærri geta, hvort þetta hefur ekki valdið honum þungum áhyggjum, að ég tali nú ekki um hæstv. menntmrh., þar sem það er vitað, að meginhluti aðkeypts vinnukrafts í sveitum landsins varðandi sumarvinnuna er skólafólkið, sem ég þykist vita, að hæstv. ráðh. ber hvað mest fyrir brjósti.

Í aths. við frv. er getið þeirra laga um vinnutíma, sem sett hafa verið. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því, sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta, og ég vík hér að niðurlagi aths. um lagafrv. Þar er áður búið að telja upp varðandi vinnutíma og lágmarkshvíldartíma fyrir togarasjómenn og verkamenn. Síðan er minnzt á lög nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, sem varða vinnutíma barna og ungmenna. Það hefur af einhverjum ástæðum farið fram hjá mönnum, sem þarna áttu hlut að máli, að núgildandi lög varðandi vernd barna og ungmenna, sem varða vinnutíma þeirra, eru nr. 53 frá 13. maí 1966. Þegar þau lög voru til meðferðar hér á hv. Alþ., urðu um þau miklar umr. og það alveg sérstaklega um 41. gr. frv. Nú væri freistandi að vitna til þeirra umr. og þá alveg sérstaklega skeleggs málflutnings hv. þáv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar. En þar sem ég þykist vita, að áhyggjur hæstv. menntmrh. séu ærnar fyrir, vil ég ekki með því að rifja þetta upp auka þar frekar á, en get þessa hér að gefnu tilefni, vegna þess að búið er að nema úr gildi, eins og ég áður sagði, lög um þessi efni frá 1947.

Eða þá c-liðurinn í 1. gr. frv. og það, sem um hann er skráð, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Táknrænt dæmi um undanþágu samkv. c-lið er prjónakonan, sem prjónar fatnað utan fasts vinnustaðar og tekur laun sín í ákveðinni greiðslu fyrir hvert fat, sem hún vinnur. Eftirliti með vinnutíma í slíkum tilfellum verður naumast komið við af hálfu vinnuveitenda né annarra.“

Mikið hlýtur þetta að hafa tekið á hinar fínu taugar hæstv. iðnrh., sem svo sannarlega vill látast vera einlægur talsmaður lítilmagnans, þegar gerð er þessi ítarlega grg. um prjónakonurnar.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 136, þá styð ég frv. með þeirri breyt., sem þar er lögð til. Ég tel þetta sanngirnismál, þar sem stór hópur opinberra starfsmanna hefur fengið með samningum, sem þeir gerðu við fyrrv. ríkisstj., styttan vinnutíma. Þetta tókst á þeim tíma, þó að stjórnin væri ekki stjórn hinna vinnandi stétta að mati núv. stjórnarliða. Ég heyri það á samflokksmönnum mínum og öðrum í launþegastétt, að þeir lögðu á það megináherzlu að ná þessu máli fram, eftir að slíkir kjarasamningar voru gerðir við opinbera starfsmenn. Og ég treysti því, að raunsæi launþegasamtakanna sé svo mikið, að þau skilji, að samhliða styttingu á dagvinnutíma er óraunhæft að krefjast jafnmikilla kauphækkana og ef ekki hefði komið til umrædd stytting dagvinnutímans. Við Íslendingar erum svo fáir og smáir meðal þjóðanna, að við höfum þurft að afkasta hver og einn meiru en krefjast þarf af hverjum þegni hinna fjölmennu þjóða. Við þurfum að nýta hug og hönd til hins ýtrasta. Öllum ber að gera sitt til að friður ríki á vinnumarkaðinum, og þar ber að stuðla að sem gagnkvæmustu trausti þeirra aðila, sem þar er um að ræða. Við verðum að finna leiðir til þess, að svo geti orðið. Þurfum við ekki að hafa stofnun, þar sem þessir aðilar koma saman allt árið, ekki aðeins, þegar vinnudeilur eru á næsta leiti, heldur allt árið, þar sem þeir ásamt sérfræðingum, sem þeir verða að treysta, fái niðurstöðu um, hvaða kaupgjald atvinnuvegirnir raunverulega þoli hverju sinni?

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki tilefni fyrir mig til þess að lengja hér umr. mikið, en ég get þó ekki stillt mig um að segja hér nokkur orð um þann undarlega hátt, sem tveir af nm. í heilbr.- og félmn. hafa hér á, þ. e. a. s. halda hér ræður hvor á fætur öðrum til þess að tala á móti þeirri afstöðu, sem þeir hafa tekið í n. og þeir segjast ætla að greiða atkv. samkv. Þetta er dálítið óvenjulegt hér á þingi og ástæða til að vekja athygli á því, að það er eins og hugurinn fylgi ekki hendinni eða eitthvað í þá áttina, þó að ég voni nú, að þeir haldi ekki svona margar ræður í þessum stíl til þess að þvo af sér allan þann sóma, sem þeir kynnu að hafa af afstöðu sinni og þeir eiga skilinn.

Það er margt fleira, sem þessir hv. nm. þurftu að ræða hér, og ég ætla ekki að blanda mér inn í. Ég tel það ekki mitt verkefni að fara að deila hér við hv. 3. þm. Reykn. um það, sem stendur í Þjóðviljanum. Það er öðrum skyldara en mér hér í hv. d., og ég læt þann lestur alveg hlutlausan. En hv. þm. ræddi þetta svo lengi, að hann varð að geta þess sérstaklega, að hann ætlaði nú að víkja að efni frv., sem hér væri til umr.

Þessi sami hv. ræðumaður ýjaði mjög í þá átt, að það hlyti að hafa verið erfitt fyrir okkur, sem stöndum að þessu frv., að tína upp þær upptalningar, sem eru í 1. gr., varðandi þá, sem ekki falla undir lögin. Og engu var líkara en hann teldi, að hér væri um einhver alveg

svívirðileg ákvæði að ræða, að fiskimennirnir skyldu ekki vera undir þessu, kaupafólk og vinnuhjú og launþegar, sem vinna heimavinnu. En ég vil nú aðeins spyrja hv. þm.: Hvers vegna í ósköpunum stendur á því, að hann flytur ekki brtt. um, að þetta skuli falla út úr 1. gr.? Það ætti að vera ákaflega einfalt mál, ef hann teldi það svo sjálfsagt sem af máli hans varð að ráða, að þessir hópar ættu einnig að hafa lögbundna 40 stunda vinnuviku. Ekkert er auðveldara og tæki hv. þm. varla meira en mínútu að semja um þetta skrifl. brtt., sem hann gæti lagt fram við umr., fyrst hann hefur ekki komið auga á þetta fyrr en nú, að málið er tekið á dagskrá, því að ekki var á þetta minnzt við afgreiðslu málsins í n. á þeim þremur fundum, sem haldnir voru um málið þar. Ég held, að sannast mála sé um þetta efni, að hér sé um svo sjálfráða hluti að ræða, sem mest má verða, og er þó ekki sagt, að ekki beri að huga að vinnutíma þess fólks, sem þarna ræðir um. En það verður þá að gerast með öðrum hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég veit ekki til þess, að í vinnuverndarlögum þeirra þjóða, sem við sækjum oftast fyrirmyndir til, sé í neinum hliðstæðum efnum um það að ræða, að vinnutími þess fólks, sem hér ræðir um, sé algerlega ákveðinn eða takmarkaður með lögum. A. m. k. held ég, að það sé alveg ljóst, að þau mál verður að taka öðrum tökum en gert er með þessu frv., og kæmi vissulega til greina að taka það til sérstakrar meðferðar í almennri vinnuverndarlöggjöf, sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni undirbúa og leggja fyrir Alþ., þegar nauðsynlegum undirbúningi er lokið.

Fleira held ég, að ég sjái ekki ástæðu til að taka fram í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Reykn., annað en það, að einhvern veginn læddist að mér sá grunur, að sú afstaða, sem þeir hafa tekið í heilbr.- og félmn. með þessu frv., muni ekki eiga sér alveg einhuga stuðning í flokki þeirra, þar sem hv. þm. virtist telja nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram, að launþegahópurinn í Sjálfstfl. hefði áhuga á málinu. Ég er ekkert hissa á þessu og veit það, en það virðist af því, hvernig hv. þm. hagar orðum sínum um þetta, að allir hafi ekki verið jafnsammála um þessa afstöðu, og þykja mér það í sjálfu sér ekki nein sérstök tíðindi.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði hér alllangt mál, sem var mjög í sama anda eins og hjá hv. 3. þm. Reykn. Yfirleitt taldi hann upp heldur andmæli og röksemdir gegn frv., en ekki með því, en niðurstaðan varð þrátt fyrir það sú, að það ætti að greiða atkv. með því. Ég er nú eiginlega sannast sagna undrandi á því, að hv. 6. þm. Reykv., sem sagði, að það ætti sinn þátt í erfiðleikunum í samningunum nú, að þetta frv. hefði verið lagt fram, skuli þá vilja endilega samþykkja það. Ég sé ekki, hvernig þeim málflutningi kann að verða komið heim og saman.

Atriði eins og það, hvort stjórnarflokkarnir hafi gert sér ljóst, að dagvinnutíminn væri svo stuttur eins og hann er hér á landi í samanburði við önnur Norðurlönd, þegar yfirlýsingin var gefin á s. l. sumri, það tel ég nú heldur óraunsætt, að ekki hafi flestir, sem um fjölluðu, verið nokkuð heima í því, hvernig það var, og eins að menn hafi gert sér það alveg ljóst, að vinnuhættir eru með nokkuð mismunandi sniði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum, sérstaklega í þessu tilliti varðandi kaffihléin, sem hér eru reglubundin og ákveðin, en yfirleitt annars staðar á Norðurlöndunum tekin eftir efnum og ástæðum í dagvinnutímanum og ekki sérstakur tími til þess ætlaður. Hér er að verulegu leyti um mismunandi hætti að ræða, en ekki alfarið það, að sá munur fáist út úr vinnutímanum, ef allt væri skoðað niður í kjölinn. Hitt er auðsætt, að eftir því sem dagvinnutími styttist og vinnutími yfirleitt, þá leiðir það af hlutarins eðli, að atvinnurekendur munu reyna að losa sig við sem flest af óþarfahléum, sem á vinnunni verða, og ég hygg, að hér á landi hafi atvinnurekendur mikinn akur að plægja og geti með þeim hætti verulega bætt sér upp þá vinnutímastyttingu, sem hér verður með samþykkt þessa frv. og þeim samningum, sem í kjölfar þess verða væntanlega gerðir.

Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, en bendi honum á, að það er ekki alfarið víst – og reyndar öruggt, að þessi vinnutímastytting þýðir það ekki, að Íslendingar taki núna, a. m. k. alveg á næstunni, að vinna aðeins þann virka vinnutíma, sem yrði um að ræða eftir þessu frv. og að gerðum þeim samningum, sem nú standa yfir. Vafalaust verður þar unnið miklu lengur.

Þar sem hann gerði samanburð við aðrar iðnvæddar þjóðir, sem hefðu jafnvel allt að tvöfalda þjóðarframleiðslu, þá er líka vert að minna á það, að vinnutími styttist stöðugt annars staðar í heiminum og er víða kominn langt niður fyrir 40 stundir, jafnvel allt niður í 24 stundir á viku hjá iðnvæddustu þjóðum veraldarinnar í sumum greinum. Á Norðurlöndunum er 35 stunda vinnuvika nú orðið dagskrármál hjá stórum hópum og verður alveg vafalaust knúin fram á allra næstu árum, kannske næsta ári eða svo, a. m. k. hjá opinberum starfsmönnum og jafnvel miklu víðar, þannig að ég held, að ekki líði mjög langur tími, þangað til sá virki vinnutími, sem í kjölfar þessarar löggjafar fer og þeirra samninga, sem beint leiðir af henni og standa í sambandi við hana, verði lengri en víða annars staðar, og þá verði ekki mjög lengi, sem við verðum fremstir í flokki, hvað stuttan dagvinnutíma snertir hér á landi. Ég held, að Norðurlöndin muni mjög þróa sín mál í þá átt, að vinnutími styttist eins og alls staðar annars staðar meðal þróaðra og iðnvæddra þjóða.

Ég vil taka það fram líka í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Vestf., að þó að ég hafi verið að bera saman hér opinbera starfsmenn og þá sem ég kalla gjarnan erfiðismenn, þá felst ekki í því neinn metingur milli þessara stétta. Ég tel þær vera jafnnauðsynlegar fyrir okkar þjóð, fyrir atvinnulífið og þjóðina í heild, og vafalaust leggja margir, sem vinna við skrifborð, mikið að sér. Hitt bendi ég á, að yfirleitt eru ytri vinnuskilyrði, allt umhverfi, sem slíkir menn vinna í, annað og betra en fyrir erfiðismenn, sem verða að vinna oft sín störf við verstu ytri skilyrði, bæði hvað veðráttu snertir og allan aðbúnað. Ég held, að á þessu sé ekki neinn vafi og vel megi taka eitthvert tillit til þess, þegar aðstaða og vinnutími þessara stétta eru borin saman.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp til að mótmæla því, að ég hafi talað gegn þessu frv., eins og síðasti ræðumaður hélt fram. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði um það mál, með leyfi forseta: Eins og fram kemur í nál. á þskj. 136 styð ég frv.

með þeirri breyt., sem þar er lögð til. Ég tel þetta sanngirnismál, þar sem stór hópur opinberra starfsmanna fékk með samningum, sem þeir gerðu við fyrrv. ríkisstj., styttan vinnutíma. Ég drap einnig á það, að ég hefði heyrt það á flokksbræðrum mínum í launþegasamtökunum, að verkalýðshreyfingin, launþegasamtökin, setti þetta sem svo sterka kröfu á oddinn nú, en gerði sér um leið grein fyrir því, að samhliða því að fá styttan dagvinnutíma yrði ekki gerð krafa um jafnmikla kauphækkun.

Ég vék hins vegar nokkuð að atriðum, sem ég tel málinu skyld, þ. e. a. s. þeim vinnubrögðum, sem núv. stjórnarliðar beittu, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, þ. e. a. s. að efna til úlfúðar milli aðila vinnumarkaðarins. Má vera, að þetta hitti þá sjálfa nokkuð í dag. Ég vakti athygli á því, að jafnvel þó að þeir beri ábyrgð á framkvæmd mála, þá gera aðalmálgögn þessara flokka sig sek um það að auka fremur á úlfúð og tortryggni milli þessara aðila á einmitt viðkvæmustu stundum samningatímabilsins. Ég tel, að það sé vel þess vert að vekja athygli á þessum vinnubrögðum, þegar verið er að ræða um mál eins og þetta. Ég held, að það sé miklu fremur æskilegt, að við stuðlum að því, hvort sem við erum í stjórnarliði þetta árið eða stjórnarandstöðu, að efla skilning milli þessara aðila og eyða tortryggni. Ég held, að það verði okkar þjóð til farsældar í framtíðinni, og legg ríka áherzlu á þessi lokaorð mín, að ég held, að það sé nauðsyn, að við finnum upp önnur vinnubrögð til þess að leysa kjaramál á Íslandi en verið hafa hjá okkur fram að þessu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eftir að hafa séð það, að hv. n. skilar óklofin nál. um frv. um styttingu vinnuvikunnar í 40 stundir, og hafa heyrt það, að fulltrúar allra flokka hér leggja til, að frv. verði samþ., eins og n. gengur frá því, þá hef ég fyrst og fremst það erindi hingað í ræðustól að þakka fyrir mjög rösklega og myndarlega afgreiðslu málsins og þakka þann einhug, sem málið hefur mætt hér í hv. d. Þótt það hafi að vísu verið svolítill tvísöngur í ræðuflutningi hér í dag, ýmiss konar andmæli höfð uppi gegn bæði vinnubrögðum við framgang málsins og frv. sjálft, en ræður síðan endað með meðmælum með frv., þá set ég það ekki svo mjög fyrir mig. Það er eins og þegar Biblían bögglast eitthvað fyrir brjósti manna, sem hafa lært hana skyndilega.

Það hefur verið rætt hér aðeins um upphaf málsins, að það hafi verið ótilhlýðilegt af ríkisstj. að fara að lýsa yfir stefnu varðandi þessi málsatriði vinnumarkaðarins.

Upphafið er ekki þetta, eins og hv. frsm. n. gat um. Á Alþýðusambandsþingum, þing eftir þing, höfðu verið bornar fram till. og þær samþykktar þar um vinnuvernd og ákvörðun vinnutímans með löggjöf, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Vinnutíminn er alls staðar hjá þeim lögfestur í vinnuverndarlöggjöf. Og það var einmitt í umboði Alþýðusambandsþinga, sem ég sem forseti sambandsins bar fram, ekki bara einu sinni, eins og hér var vikið að áðan, heldur margsinnis með mönnum úr ýmsum flokkum, einnig úr Sjálfstfl., ... (Gripið fram í.) Já, það mun hafa verið þetta síðasta, sem ég flutti. Og þar var sérstakur kafli í þeirri vinnuverndarlöggjöf um vinnutímann, og rétt er það, að þar stendur, að við gerðum þá ekki meiri kröfu en viðurkenningu á 40 stundum unnum. Og hvað þýðir það? Eftir íslenzkum venjum um langt, langt árabil er viðurkenndur vinnutími á Íslandi að meðtöldum kaffitímunum greiddur, það er hinn greiddi vinnutími, sem þarna er átt við. Atvinnurekendur hafa viðurkennt hér vinnutímann að meðtöldum kaffitímum og greiða fyrir kaffitímann. Það er greiddi vinnutíminn, sem þarna var farið fram á að yrði 40 stundir, þ. e. a. s. 40 stunda vinnuvika, eins og frv. ber með sér. Þar að auki voru svo ákvæði um það í þessu vinnuverndarfrv. okkar, að ef vinna væri sérstaklega hættuleg eða erfið, þá skyldi vinnutíminn fara niður í 36 stundir, og voru sérstök ákvæði um það í frv. Meðflm. höfðu verið úr Alþfl., úr Framsfl. og úr Sjálfstfl. að þessum frv. á ýmsum stigum, svo að málið var búið að vera á dagskrá hjá verkalýðshreyfingunni og fá undirtektir hjá fulltrúum allra flokka innan verkalýðssamtakanna, þegar ríkisstj. góðu heilli lýsti yfir því, að hún tæki undir þessa stefnu verkalýðssamtakanna. Og það get ég ekki séð, að hafi verið brot gegn einum eða neinum né óhyggilegt, því að þetta var búið að vera lengi á dagskrá og þannig undirbúið í verkalýðshreyfingunni sjálfri. Það voru allir á því á s. l. hausti, að það væri samt bezt að reiða ekki lagasverðið að þessu máli til þess að afgreiða það, heldur hafa málið í höndum fulltrúa vinnumarkaðarins á samningaborðinu og freista þess, hvort þeir gætu komið sér saman um málið í heild eða einstök atriði þess, einstaka þætti þess, og nú hefur þetta gerzt. Með fullu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins var málið undirbúið af n. frá þessum aðilum, og þeir hafa komizt að niðurstöðu um það, að vissa þætti málsins vilji þeir hafa í sínum höndum innan settrar rammalöggjafar. Þannig hefur verið farið bil beggja í málinu, að það eru að vísu sett eðlileg vinnuverndarlagaákvæði, mjög rúm, en aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um ýmsa þætti málsins, sem samrýmast þessu frv. En allir vissu frá upphafi samninganna nú í haust, að endanlega yrðu þessi lok málsins, að hér yrði 40 stunda vinnuvika, og þessi vitneskja kom því í veg fyrir tafir í samningum áreiðanlega, en olli ekki drætti í samningunum. Hér er því áreiðanlega ekki verið að taka fram fyrir hendur samningsaðilanna. Það er algerlega rangt. Það er verið að taka í höndina á samningsaðilunum, og það ber ekki að harma af neinum þeim, sem fylgja svo málinu endanlega.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, að það er sjálfsagt hollt að gera sem allra minnsta aðgreiningu á tegundum starfa í þjóðfélaginu og meta þau nokkurn veginn jafnt. En það hygg ég þó, að það sé rökrétt, að eftir því sem störf eru unnin við erfiðari aðstæður eða útheimta meira líkamlegt þrek og erfiði, eftir því sé eðlilegt, að vinnutíminn við þau störf sé styttri en við þau önnur störf, sem auðveldara er að vinna, útheimta minni líkamsorku og eru framkvæmd við hina beztu aðstöðu. Ef gera á mismun um vinnutíma við störf eftir eðli þeirra og aðstöðu, þá hygg ég, að við séum sammála um það, að svo framarlega sem nokkurn mismun á þarna að gera, þá eigi vinnutíminn að vera styttri við þau störfin, sem erfiðari eru og við erfiðari skilyrði framkvæmd, en ekki öfugt, eins og komið var nú, þegar samið hafði verið um styttingu vinnutímans hjá skrifstofufólkinu, verzlunarfólkinu, 40

stundir á viku, en var lengri hjá fólkinu, sem erfiðisstörfin vinnur í þjónustu framleiðslunnar. Þetta misræmi bar að leiðrétta, og þetta er þingheimur nú eiginlega sammála um að leiðrétta, og fyrir það er ég mjög þakklátur.

Hv. 3. þm. Reykn. staðnæmdist mjög við 1. gr., þau atriði, að þarna næði löggjöfin ekki til allra. Ég veit, að þessi þáttur ræðu hans hefur eingöngu verið hugsaður sem áróðurspistill, en þetta hefur ekki komið mjög frá hjarta hans. Hann veit alveg eins og við öll, að það væri ekki neitt vit í því að lögbinda, að sjómenn skyldu vinna bara 40 stundir á viku, hvernig sem stæði á um aflabrögð, og hann mun ekki hafa látið sér detta í hug, þó að hann héldi, að þetta kæmi við taugar manna, að koma með brtt. í þá átt. Ef hann hefði talið þetta framkvæmanlegt, þá hefði hann komið með brtt. um það. (**AJ:** Það er ekki hægt að banna að vinna meira en 40 stundir.) Nei, nei, ekki banna að vinna, nei, nei. En til hvers er að setja það, þar sem menn vita, að ekki er hægt að framkvæma það að hafa 40 stundir sem viðurkennda vinnuviku? Ef hann hefði getað komið með eitthvert form þarna inn í frv., þá er ég viss um, að hann hefði gert það. Ef hann hefði t. d. viljað fara inn á svipaða braut og með yfirvinnu- og næturvinnukaup fólks í landi og segja: „Sjómaður, sem hefur unnið 40 stundir á einni viku, skal fá 50% álag á fiskverðið sitt, eftir að hann hefur unnið þennan vinnutímafjölda, og 100% hækkun á fiskverðinu, ef hann hefur aflað að nóttu til.“ Kannske það væri framkvæmanlegt. En ætli það kæmu þá ekki einhver hljóð úr horni frá öðrum herbúðum, ef menn færu inn á slíkt? Ef þessi leið er ekki fær, þá sé ég ekki, hvaða leið er fær til þess að koma sjómönnunum undir verndarákvæði þessara laga. Ég hef hins vegar minnt á það hér fyrr í umr., að helzt væri hægt að ná með réttarbætur til fiskimanna okkar með löggjöf með því að setja einhvers konar vökulagaákvæði þeim til verndar, ef úr hófi keyrði með langan vinnutíma hjá þeim. Kannske eigum við eftir að verða sammála um það að flytja slíkt frv.

Öll þessi atriði, sem eru upp talin í 1. gr., eru um tegundir vinnu, þar sem ekki er auðvelt að koma þeim vinnuverndarákvæðum við, sem þetta frv. fjallar um. Og ég er alveg viss um það, að ef þar þætti eitthvað ofupptalið, þá mundu þm. hafa komið með brtt. því til úrbóta. En það, að þeir gera það ekki, finnst mér vera fullkomin staðfesting á því, að þeir hafi ekki komið auga á úrræði til þess að bæta þarna um.

Einhver hafði nefnt núv. ríkisstj. stjórn hinna vinnandi stétta, og það kom illa við hv. 3. þm. Reykn. og nefndi það, að enginn hefði gefið þáv. stjórn það heiti, stjórn hinna vinnandi stétta. Nei, af góðum og gildum ástæðum. Hún var oft og tíðum síður en skyldi stjórn vinnandi stétta. Hún hafði komið þannig við hjá sjómannastéttinni, að hún varð ekki kennd við sjómannastéttina, með gerðardómslögum og öðru slíku og riftingu á hlutaskiptum. Og þegar hún gerði samninga um 40 stunda vinnuviku opinberra starfsmanna, þá gleymdi hún að setja löggjöf um 40 stunda vinnuviku hjá erfiðismönnum Íslands. Þess vegna fékk hún ekki nafnið stjórn hinna vinnandi stétta, því miður. Það hefði mátt vera heiðursheiti á henni, ef hún hefði getað unnið fyrir því. Ég skal játa, að þetta er gamalt orðalag, og í raun og veru eru miklu fleiri vinnandi stéttir en þær, sem erfiðu störfin vinna, það skal játað. (Gripið fram í.) Ja, það eru til landeyður, letingjar og iðjuleysingjar náttúrlega, en þeir eru stéttleysingjar vafalaust. Við skulum kalla þá stéttleysingja.

Þá vék hv. 3. þm. Reykn. að því, að úr vinnuverndarfrv., sem við höfðum áður flutt, ég og fleiri, hefði verið sleppt ýmsum köflum, eins og vinnuverndarákvæðum fyrir börn og ungmenni o. fl., o. fl. Þetta er alveg rétt. Það þótti, eftir að ég hafði átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins á s. l. hausti, rétt að taka þetta eina vinnuverndarákvæði út úr almennri vinnuverndarlöggjöf og fela þessum nefndum eingöngu að vinna að frv. um þetta vinnuverndaratriði. En það væri of viðamikið og tæki of langan tíma að taka alhliða vinnuverndarlöggjöf til athugunar nú, en að því skyldi unnið í samræmi við stjórnarsáttmálann, og það verður gert. Og það var meira að segja um það talað af fulltrúum vinnumarkaðarins, að síðar teldu þeir sjálfsagt að fella þessa löggjöf um styttingu vinnuvikunnar inn í almenna vinnuverndarlöggjöf, og það hygg ég líka, að verði að ráði, þegar frá heildarlöggjöf hefur verið gengið um þessi mál. En svo mikið er víst, að enn erum við mjög langt á eftir nágrannaþjóðum okkar um vinnuverndarlöggjöf alla, því að Danir, Norðmenn og Svíar eru um áratugi búnir að hafa mjög fullkomna vinnuverndarlöggjöf hjá sér. Þetta eru heilar bækur og koma mjög víða við, en við erum þarna aðeins með vísi að því er snertir vökulög sjómanna og um öryggi á vinnustöðum, að viðbættum ákvæðum um vinnuvernd barna. Það má heita, að við höfum enga vinnuverndarlöggjöf á Íslandi, og er það mjög miður. En úr því verður nú bætt, og ég geri mér góðar vonir um, að slík löggjöf fái ekki síður almennan stuðning manna úr öllum flokkum en þetta frv., sem hér er til umr., hefur nú fengið, góðu heilli.

Ég lýk svo máli mínu með því að þakka fyrir rösklega og myndarlega afgreiðslu þessa máls og einnig frv. um orlof og fagna mjög þeim einhug, sem birzt hefur í endanlegri afstöðu manna úr öllum flokkum varðandi málið.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð. En hæstv. deildarforseti sagði í síðari ræðu sinni við þessa umr., að við hv. 3. þm. Reykn. hefðum haft uppi gagnrýni á efni frv. og ætluðum samt að samþykkja það, og honum þótti þetta vera nokkuð mótsagnakennt. Ég vil alveg vísa þessum ummælum hans á bug hvað mig snertir. Ég leiddi yfirleitt hjá mér að ræða efni frv. Það voru vinnubrögðin, sem ég tjáði mig ósamþykka og gerði grein fyrir því.

Svo sagði hæstv. félmrh., að með ákvörðuninni í stjórnarsáttmálanum hefði ekki verið tekið fram fyrir hendur samningsaðila, heldur hefði verið tekið í hendur þeirra. Ríkisstj. hefði hins vegar ekki kosið að hafa lagavöndinn reiddan yfir samningsaðilum í upphafi viðræðna. En það er nú bara það, sem hefur staðið allan tímann, að lagavöndurinn hefur verið reiddur yfir samningsaðilum. Hitt er svo til viðbótar, að það var auðvitað ekki vitað hvert yrði efni frv., það var ekki vitað með fullri vissu, fyrr en það var lagt fram, og það

er ekki vafi á því, að þessi óvissa og þessi ákvörðun um fyrirætlun ríkisstj. hefur orðið til þess að draga samningaumr. á langinn, enda kom það greinilega fram hjá fulltrúa vinnuveitenda á nefndarfundi, þegar spurt var um þetta atriði. Það hefði ugglaust flækt minna samningaviðræðurnar, ef frv. hefði legið fyrr fyrir en raun hefur á orðið.

Þá sagði hæstv. deildarforseti í ræðu sinni, skildist á honum, að honum þætti hálfhlálegt að gera því skóna, að menn hefðu ekki vitað, að raunverulegur vinnutími hér var styttri en á Norðurlöndunum – raunverulegur dagvinnutími. Ég vil nú bara vitna til þess, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um þetta atriði. Ég held, að ég hafi alls ekki misskilið hann, að hann hafi sagt áðan, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir þessu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að hafa fleiri orð um málið. Ég vil bara enn undirstrika það, að ég hélt ekki uppi gagnrýni á efni frv., heldur vinnubrögðin, hvernig að því hefði verið staðið af hæstv. ríkisstj., og segi ég það enn og aftur, að það held ég, að hafi verið misráðið.

ATKVGR.
Brtt. 136 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þó að þetta sé stórmál, stytting vinnuvikunnar úr 44 stundum í 40 stundir, þá er ekki ástæða til þess að hafa um það langar orðræður, þar sem svo giftusamlega hefur til tekizt, að í hv. Ed., þar sem málið var fyrst flutt, hefur orðið fullkomið samkomulag um afgreiðslu þess. N., sem hafði það til meðferðar, skilaði óklofnu áliti, og í gær var frv. samþ. með shlj. atkv. út úr hv. Ed. Ég fagna þessari niðurstöðu, að allir flokkar þingsins skuli þannig hafa orðið á einu máli um að afgreiða þetta réttindamál verkalýðssamtakanna, og tel, að það eitt með öðru spái góðu um það, að samkomulagsvilji beggja aðila vinnumarkaðarins leiði til fullrar lausnar á öðrum ágreiningsmálum, sem þar er við að fást.

Meginefni frv. er, eins og öllum hv. dm. mun kunnugt, að vinnuvikan styttist úr 44 stundum í 40 stundir. Ákvæði eru í frv. um, að heimilt skuli vera að færa til dagvinnutíma, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 stundir á tilteknum árstímum, en þá aftur færri á öðrum, og eru mörg slík ákvæði í frv., sem gefa það til kynna, að þetta er rammalöggjöf, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa orðið ásáttir um, og rúmar heimildir eru víða í frv. um, að aðilar megi með samkomulagi vinnuveitenda og verkalýðssamtaka og í einstökum tilfellum heildarsamtakanna fyrir báða aðila koma sér saman um breytta tilhögun innan ramma laganna.

Til málsins var stofnað á þann hátt, að í stað þess að setja strax löggjöf og leggja hana fyrir þingið í þingbyrjun, var þess óskað við aðilana, að þeir tækju þátt í samningu frv. um styttingu vinnuvikunnar, og þó að fyrir lægi strax yfirlýsing um það, að atvinnurekendur vildu síður, að þetta ákvæði væri tekið út úr samningum og lögfest, þá vildu þeir þó, ef löggjöf skyldi um þetta sett á annað borð, eiga hlutdeild í því, hvernig slíkri lagasetningu yrði háttað, og tóku þannig bæði fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna þátt í nefndarstarfi til þess að undirbúa þetta frv., sem í öllum aðalatriðum varð strax í því nefndarstarfi samkomulagsmál, þó að um nokkur einstök atriði bæri þar á milli, og þó aðallega um það, hvort um þetta bæri að setja löggjöf eða hafa það eingöngu á samningaborðum aðilanna.

Um það atriði, hvort slíkt atriði sem þetta eigi að festa í lögum, þá er um það að segja, að í öllum nágrannalöndum okkar hefur vinnutíminn verið lögfestur, þó að það hafi ekki verið hér fram að þessu. Og alls staðar, þar sem almenn vinnuverndarlöggjöf hefur verið sett, þá hefur vinnutíminn verið atriði í vinnuverndarlöggjöf þessara landa. Á mörgum undanförnum þingum Alþýðusambandsins höfðu verið gerðar samþykktir um að fá setta vinnuverndarlöggjöf, og þær samþykktir margendurteknar, og í krafti þess höfðu frv. verið borin fram hér á Alþ. um almenna vinnuvernd. Í þeirri löggjöf voru ákvæði um vinnutímann, um 40 stunda vinnuviku og um heimildir til þess, að undir vissum kringumstæðum mætti vinnutíminn vera styttri. Ákvæði í þessu frv. um 40 stunda vinnuviku eru hámarksákvæði, en heimild beinlínis gefin til þess að semja um styttri vinnutíma, þegar sérstaklega standi á.

Um matartíma er og samið, að hann skuli ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutímans, en aðalaðilar skulu semja um það, hvenær matartímar séu teknir.

Sú hefð hefur fyrir löngu skapazt hér á landi, að kaffitímar hafa verið viðurkenndir sem hluti af vinnutímanum og talizt til hins greidda vinnutíma, og þetta er staðfest í 5. gr. frv. Þar segir, að kaffitímar teljist til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fari eftir samkomulagi aðila. Það er sem sé eitt af mörgu, sem aðilar áskilja sér innan þessarar rammalöggjafar að semja um. Það eru því aðeins útlínur málsins, sem verða lögfestar, en mjög rúm aðstaða fyrir aðilana á vinnumarkaðinum að semja um ýmiss konar tilhögun innan ramma þeirra. Það er hins vegar venja víða í nágrannalöndum okkar, að kaffitímar teljist ekki til hins greidda vinnutíma, en hins vegar framkvæmdin sú og kannske betra að koma henni við í hinum þróuðu iðnaðarlöndum, að fólk hefur frjálsræði til þess í vinnutímanum að taka sér bita eða sopa, og fara auðvitað í það einhverjar mínútur

hverju sinni. Það er ekki talið utan vinnutímans og ekki ákveðin hlé gerð á vinnu til kaffidrykkju.

Það má segja, að þessi stytting vinnutímans á viku hverri um 4 stundir leggi nokkrar byrðar á hendur atvinnurekendum, atvinnulífinu í landinu, því að þeim er með þessu gert að borga sömu krónutölu fyrir 40 stundir nú eins og þeir áður greiddu fyrir 44, og hefur þetta þannig áhrif á greiðslu fyrir hverja vinnustund til hækkunar. En á móti kemur það, að vafalaust á þessi stytting vinnutímans að geta leitt til aukinna vinnuafkasta, og kæmi það þá aftur í teknadálk atvinnurekenda, ef svo fer. En alls staðar, þar sem vinnutíminn hefur verið styttur niður í svo hófleg mörk sem hér er um að ræða, hafa rannsóknir sýnt það, í öllum löndum, að vinnuafköst hafa aukizt nokkuð við styttingu vinnutímans. Atvinnurekendur verða ekki fyrir auknum útgjöldum umfram þær launagreiðslur, sem þeir nú annast, og verkafólk fær ekki auknar atvinnutekjur við styttingu vinnutímans á viku hverri eða mánuði, nema því aðeins að atvinnurekendur ákveði, að yfirvinna skuli unnin eða nætur- og helgidagavinna. Þá kemur að vísu fyrr í hana, og þar með geta komið náttúrlega auknar launagreiðslur yfir á herðar þeim, auk þess sem þeir borga, eins og ég áðan sagði, sömu krónutölu fyrir hverja unna viku, 40 stunda vinnuviku, eins og þeir áður greiddu fyrir 44 stundir.

Þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað í n., sem tók það verk að sér á liðnu hausti að semja frv. um þetta, voru fyrir hönd Alþýðusambandsins Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og Magnús Geirsson, en af Vinnuveitendasambandi Íslands voru til starfsins nefndir Björgvin Sigurðsson framkvstj. sambandsins og Haukur Björnsson og fyrir hönd Vinnumálasambands samvinnufélaganna Júlíus Valdimarsson. Formaður þessarar n. var svo ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, og var hann í oddaaðstöðu í n. En það mæddi lítið á honum sem slíkum, þar sem samkomulag náðist um flestöll meginatriði þessarar rammalöggjafar. N. var sem sé falið að semja frv. til laga um vinnutíma, sérstaklega með það fyrir augum, að vinnuvikan yrði með lögum stytt í 40 stundir án skerðingar á vikukaupi. Það er það, sem í þessu frv. felst, þó að mikið svigrúm sé, eins og ég áðan sagði, gefið atvinnurekendum og verkalýðsfélögum að semja um margvísleg tilbrigði um tilhögun vinnu innan þess ramma, sem lögin marka.

Ég held, að málið skýri sig að öðru leyti sjálft og þurfi því ekki langa framsögu fyrir því. Niðurstaðan varð sú við meðferð málsins í hv. Ed., að þar var það samþ. shlj. í gær og hefur þannig gengið fljótt og greiðlega og farsællega í gegnum þrjár umr. þar.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa samþykki Alþfl. við þetta frv., enda þótt það hafi þegar komið fram í Ed. Ég tel ástæðu til að lýsa ánægju yfir því, að frv. siglir nú hraðbyri og verður væntanlega að lögum, áður en langt líður. Ég hygg, að það muni síðar meir verða talið til merkari lagasetningar á sviði atvinnu- og verkalýðsmála. Er sérstaklega ánægjulegt, að það virðist vera almennur stuðningur við frv. meðal allra þingflokka, ekki sízt bæði hjá launþegum og atvinnurekendum, sem stóðu að samningu þess fyrir atbeina hæstv. ráðh.

Það er eitt af viðkvæmari og erfiðari deilumálum í þjóðfélagi okkar, hversu mikil afskipti ríkis og löggjafa skuli vera af kaup- og kjaramálum. Verkalýðshreyfingin og önnur launþegasamtök standa dyggilega vörð um samningsréttinn og spyrna undantekningalítið hart gegn því, að afskipti ríkisvalds og löggjafarsamkomu á þessu sviði gangi of langt. Þetta tel ég í grundvallaratriðum vera eðlilega afstöðu, enda þótt reynslan hafi sýnt, að fyrir koma þau atvik, er slík afskipti virðast óhjákvæmileg, og hefur það hér og annars staðar ekki síður komið fyrir hjá ríkisstj., sem flokkar vinsamlegir launþegum hafa staðið að, heldur en öðrum.

Ég hygg þó, að þetta frv. þurfi ekki að snerta deiluna um afskipti löggjafans af kjaramálum. Það er augljóst, að á ýmsum sviðum hlýtur að koma löggjöf til að tryggja lágmarksmannréttindi og ýmsar aðstæður, sem gera launþegum kleift að fá þau kjör, sem þeir geta bezt fengið og eiga kröfu á. Hér er greinilega um eitt slíkt grundvallaratriði að ræða, rammalöggjöf um vinnutíma, og um þetta atriði virðist einnig vera samkomulag með aðilum, svo að það ætti ekki að torvelda framgang málsins.

Það er einkenni á íslenzku atvinnulífi, hve vinnutími hefur verið og er langur hér á landi. Ég efast ekki um, að þessi langi vinnutími er ein meginástæða þess, að lífskjör þjóðarinnar hafa batnað svo á síðustu áratugum sem raun ber vitni. Samt eru allir sammála um, eins og fram hefur komið við afgreiðslu þessa frv., að vinnutímalengd séu takmörk sett, þess verði að gæta, að menn þurfi ekki mikinn hluta ævinnar að vinna stöðuga eftirvinnu og sæta svo þungri vinnubyrði, að það gangi út yfir líf þeirra eða heilsu.

Það er nú talið til frumstæðustu réttinda, að menn hafi lágmark frístunda bæði til hvíldar og til að gefa lífi sínu menningarlegt gildi. Það hefur því verið takmark okkar Íslendinga að reyna að koma málum svo fyrir, að fyrir eðlilega dagvinnu og eðlilegan vinnutíma væri hægt að greiða það kaup, sem nægði fyrir lífskjörum þeim, sem þjóðin óskar eftir og hefur að verulegu leyti haft með hinni miklu eftirvinnu. Það hefur þó sótzt seint að ná þessu marki, en það er von mín, að þetta frv. muni, þegar frá líður, verða liður í því að þoka okkur nær því.

Enda þótt þetta frv. verði gert að lögum, vitum við öll, að sá vinnutími, sem þar um ræðir, verður ekki að veruleika þegar í stað. Þegar eftirspurn eftir vinnuafli er töluvert meiri en framboðið, eins og nú er hér á landi, er við því að búast, að menn bjóði vinnu sína fram og auki þar með tekjur sínar. Það mun því vafalaust taka sinn tíma að gera inntak þessa frv. að raunveruleika. En við skulum vona, að það verði ekki of langur tími og okkur takist að finna jafnvægi í þessum efnum, þannig að vinnutími verði ekki aðeins eðlilegur, heldur jafn, og við getum forðazt þær sveiflur, sem hafa gengið yfir okkur, þegar sum árin hefur verið stórkostlegur skortur á vinnuafli, en önnur hefur ástand snúizt svo við, að komið hefur til atvinnuleysis.

Ég ætla ekki að gera einstök atriði frv. að umræðuefni. Er eðlilegra að gera það seinna, og raunar er búið

að fjalla um þau atriði ítarlega og gera nokkrar breyt. á frv. í Ed. Ég vil aðeins að lokum nefna einn alvarlegan annmarka, sem er á þessu frv. Hann er sá, að það nær ekki til allra vinnandi manna á Íslandi. Meðal þeirra, sem frv. nær ekki til, eru bátasjómenn, ein af þýðingarmestu vinnustéttum okkar og ein af þeim stéttum, þar sem vinnan er oft hvað erfiðust fyrir einstaklingana. Má því segja, að það væri enn ríkari ástæða til að gera endurbætur á vinnutíma fyrir þessa stétt en nokkra aðra. Hitt vitum við þó, að það er erfiðara að tryggja bátasjómönnum bætta stöðu í þessu efni, vegna eðlis vinnunnar á skipunum, heldur en er fyrir stéttir í landi.

Umr. um þetta frv. í Ed. hafa þegar leitt til þess, að fram eru komnar tvær till., önnur frá Alþfl.-mönnum, hin frá þm. SF í Ed., um að þetta mál verði tekið upp sérstaklega. Og það var raunar mál manna í Ed., að það yrði að taka vinnutíma og hvíldartíma bátasjómanna til sérstakrar athugunar. Ég vil því skora mjög á hæstv. ríkisstj. og raunar þingið allt að sinna þessu máli og láta ítarlega rannsókn á vinnutíma og hvíldartíma bátasjómanna fylgja þegar í kjölfar þessa frv., þannig að ekki þurfi langur tími að líða, þangað til við getum gert sambærilegt átak fyrir sjómennina.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vildi mega segja nokkur orð um þetta mál, áður en það fer til nefndar. Ég er alveg sammála hæstv. félmrh. um það, að of langur vinnutími er engum til hagræðis, hvorki atvinnurekstrinum, atvinnuveitendum né heldur launþegunum, og þessi sjónarmið eiga mikið rúm í hugum manna hér á landi. En ég vil líka biðja menn að gæta þess, að of stuttur vinnutími er ekki heldur til góðs, hvorki fyrir atvinnureksturinn né fyrir launþegana. Ýmsar þjóðir, sem gengið hafa lengst í þessum efnum, hafa þegar fengið smjörþefinn af því að hafa gert fristundir fólksins of miklar, almennings í landinu. Menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að lífsgleðin er meiri við að vinna hæfilegan vinnutíma við vinnu og með hæfilegu móti heldur en í fristundum, sem oft og tíðum er varið til annarra hluta og eykur lífsgleðina engan veginn jafnt og vinnustundin hjá öllum almenningi. Þess vegna ber að gæta þess, að vinnustundirnar séu ekki heldur of fáar.

Varðandi það, sem rætt hefur verið hér um, að það sé mikil samstaða um þetta frv. hér í þingi, þá vil ég gera við það þá aths., að það er samstaða yfirleitt um hæfilegan vinnutíma í landinu. Um það atriði er samstaða. En það er langt í frá, að það sé mikil samstaða um þetta frv., þó að menn hafi ekki viljað bregða fyrir það fæti, heldur láta það ganga fram, og það er vegna þess, að það eru margir, sem telja, að það hafi verið mikið óráð hjá hæstv. ríkisstj. að taka það inn í pólitíska málefnasamning að lögfesta vinnutíma hér á landi.

Þó að sumir hafi haldið fram, að það mundi greiða fyrir kjarasamningum, þetta frv. og lögfesting þess, þá er ég algerlega annarrar skoðunar. Ég álít, að það hafi tafið fyrir samningum. Og spyrja mætti: Hvers vegna hafa samningar tekið svo langan tíma í bezta árferði, sem við höfum haft á Íslandi, eins og raun ber vitni um?

Við höfum búið við þá þróun hér á landi á undanförnum árum, að vinnutíminn hefur verið að styttast smátt og smátt og í áföngum og í frjálsu samkomulagi á vinnumarkaðinum, og ég álít, að áframhaldandi þróun á þessum vettvangi hefði verið farsælli en að löggjafarvaldið gripi inn í, enda hefur það verið gagnrýnt af hv. þm., sem þó hafa ekki viljað bregða fæti fyrir frv. og fylgt því í Ed.

Hæstv. félmrh. sagði, að frv. legði verulegar byrðar á atvinnureksturinn, og þá verða menn auðvitað að meta það og launþegar hafa eflaust metið það á mismunandi hátt, hvað þeir legðu upp úr styttum vinnutíma annars vegar og beinum kauphækkunum og kjarabótum í þeim skilningi hins vegar. Atvinnurekendur hafa sjálfsagt verið sömu skoðunar og hæstv. félmrh., að þetta frv., ef að lögum yrði, legði á þá verulegar byrðar og þar af leiðandi talið sig miður færa til þess að verða við öðrum kröfum launþeganna, sem eru þess eðlis, að sumir þeirra meta þær miklu meira en þessa vinnutímastyttingu, og það er vegna þess, að vinnutímastytting, lögboðin yfir alla línuna, ef svo má segja, eins og hér, kemur mjög mismunandi niður. Hún felur í sér mismunandi hlunnindi fyrir launþegana, og hún felur í sér mismunandi álögur á atvinnurekendur. Að því leyti væri æskilegra, að málin þróuðust á frjálsum grundvelli og ekki aðeins út frá almennu sjónarmiði, að varhugavert sé, að löggjafinn grípi fram í kjarasamninga, heldur einnig frá sérsjónarmiði þessa máls.

Þegar ég segi, að það sé varhugavert, að löggjafinn grípi almennt inn í kjaramál aðila vinnumarkaðarins, þá geta sumir sagt, að ég hafi staðið að því að lögfesta atriði í sambandi við kjarasamninga í einum eða öðrum tilfellum. En það hefur aldrei verið gert af minni hálfu vegna þess, að ég teldi það æskilegt eða ætti að vera almenn regla, heldur sem undantekning í neyðartilfellum. Það er hins vegar eftirtektarvert, að hæstv. félmrh. taldi heimildir til samkomulags innan frv. vera mjög rúmar. Nú hef ég ekki getað áttað mig á, að þær séu svo mjög rúmar, eins og hann vill vera láta, en það er gott, ef það er, og æskilegt að athuga það nánar við meðferð málsins í n. Ef einhver efi er á því, að heimildirnar séu nógu rúmar, t. d. að hæstv. ríkisstj. ætlar þeim meira rúm en menn hafa skilið, þá kemur það fram undir meðferð málsins og við athugun í nefnd.

Þegar ég taldi, að það væru mjög mismunandi hlunnindi, sem þetta frv. veitti stéttunum, þá er það af ýmsum ástæðum. Sumar stéttir hafa þegar samið á frjálsum grundvelli um styttingu vinnutímans í áföngum og eru komnar langt að því að ná því marki, sem hér um ræðir, en aðrar ekki. Að þessu leyti verða þetta mismunandi hlunnindi. Að öðru leyti er aðstaða stéttanna þannig og starfsgreinanna, að sumar eygja von um aukna yfirvinnu og meta það, telja það til gildis að eiga von á aukinni yfirvinnu og bera þá meira úr býtum með ekki lengri vinnutíma en þarna er lögfestur. Aðrar gera sér enga von um það og vita, að það verður ekki um neitt slíkt að ræða, þær fá engar beinar kauphækkanir, heldur aðeins þau hlunnindi, sem af því leiðir að vinna skemmri tíma. Og ég spyr, þó að það þurfi ekki að svara því hér, bæði tímans vegna og af öðrum ástæðum, en væri rétt, að kæmi til athugunar í n.: Hvernig á að fara t. d. með ákvæðisvinnuna? Er ekki ætlað, að þetta frv. snerti neitt slíkt, eða á að meta t. d. styttingu vinnutímans hjá öðrum til hlunninda fyrir ákvæðisvinnufólk, þannig að það fái eitthvert beint á-

lag eða viðbót á kaupgreiðslur, sem það fær fyrir ákvæðisvinnu sína?

Það er ofmælt hjá hv. 8. landsk. þm., að það hafi orðið samkomulag beggja aðila við samningu frv. Ég ætla ekkert að fara út í þann ágreining, sem þar varð, en hann er auðvitað verulegur, eins og fram kemur í frv., því að aðilar atvinnurekendanna telja allt of langt gengið. Ég er ekkert að mæla því bót. En þeir segja, að hér sé allt of langt gengið, vegna þess að við förum niður fyrir öll Norðurlöndin um vinnutíma með samþykkt þessa frv. Það hefur einnig heyrzt hér í þinghúsinu, þó að það hafi ekki verið rætt opinberlega í þingsölunum, að ýmsir þm. töldu allt annað felast í stjórnarsáttmálanum að þessu leyti heldur en nú er komið fram, og á ég þar einnig ekkert síður við þm. úr röðum stjórnarliðsins. Þeir hafa alls ekki gert sér grein fyrir því, að unnar vinnustundir væru innan við 40 stundir á viku almennt, eins og fram kemur í grg. atvinnurekendanna, eða 38 stundir og 50 mínútur, sem er minna en hjá nokkru hinna Norðurlandanna. Þess vegna er það mín skoðun, að þessi mál hefðu þróazt betur almennt í frjálsu samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins, og einnig er ég mjög vantrúaður á það, eins og ég sagði áður, að lögfesting þessa máls geti með nokkru móti orðið til þess að greiða fyrir kjarasamningunum eða geri það. Við skulum segja, að ef samkomulag hefði orðið um að taka vinnutímastyttinguna upp í áföngum almennt, eins og um hefur verið samið í einstökum tilfellum, þá hefðu auðvitað atvinnurekendur verið færari um að gefa aðrar kjarabætur í beinum kauphækkunum til verkafólksins. Með þessu frv., ef að lögum verður, yrðu raunverulega unnar vinnustundir orðnar innan við 35 tíma á viku hjá okkur, eins og fram kemur í fskj. málsins, og í raun og veru miklu styttri sums staðar vegna flutninga á vinnustað og annars slíks. Og það mun fara að nálgast það, að sums staðar séu ekki unnar vinnustundir nema rétt liðlega 30 stundir á viku.

Það er rétt, sem fram kemur í grg., að ákvæði í íslenzkum lögum um vinnutíma hafa yfirleitt miðað að því að vernda menn gegn ofþjökun við vinnu. En hér sé farið inn á aðra leið, að stytta hinn almenna vinnutíma almennt, og ég held, að sá almenni vinnutími hafi ekki verið um of þjakandi fyrir Íslendinga. Hitt viðurkenni ég, sem fram hefur komið, að íslenzka þjóðin hefur verið vinnusöm þjóð, og hún hefur lagt mikla vinnu á sínar herðar og byggt af þeim sökum upp á skemmri tíma meiri verðmæti í þjóðfélaginu en í ýmsum öðrum nálægum þjóðfélögum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri um frv. Það var ekki mín meining að bregða fæti fyrir framgang þess. En ég legg megináherzlu á það, að ef nokkur kostur væri að rýmka heimildir frv. til frjáls samkomulags á milli aðila vinnumarkaðarins, þá verði það athugað í n. og einkum og sér í lagi með vísun til þeirrar skoðunar hæstv. félmrh., að heimildirnar í þessum efnum séu mjög rúmar, og ætti þar ekki á milli að bera. En það, að ég legg áherzlu á þetta, er vegna þess, sem áður hefur komið fram í máli mínu, að þetta kemur mjög mismunandi við hinar einstöku stéttir og starfsgreinar, og þess vegna gæti aukið frjálsræði jafnað nokkuð metin að þessu leyti. Ég held, að þróun undanfarinna ára gefi einnig það til kynna, að slíkt mál þurfi ekki að vera erfitt baráttumál af hálfu launþeganna gagnvart atvinnurekendum, þótt sumum finnist, að það hafi sótzt of seint, og kann vel að vera, að það hafi sótzt of seint. Það verður að leggja á það mismunandi mat líka, því að það er mjög mismunandi í hinum einstöku starfsgreinum.

Ég skal ekki tefja tímann lengur að þessu sinni, en þætti vænt um, ef það gætu komið til athugunar einhverjar lagfæringar í n. á þeim grundvelli, sem ég hef vísað til. Ég geri ráð fyrir því, að hvorki ég né aðrir úr flokki mínum leggi stein í götu þessa frv. eða bregði fyrir það fæti. En við erum, eins og ég sagði í upphafi, miklu hlynntari hugmyndinni um hæfilegan vinnutíma hjá þjóðinni heldur en það sé borið fram með þeim hætti, sem verið hefur, gert að samningsatriði í stjórnarsáttmála og lagt svo fram til lögfestingar á Alþingi.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða fyrir mig að segja hér nokkuð mörg orð um aðdraganda þess frv., sem hér er nú til umr., um 40 klst. vinnuviku, og væri þar af nógu að taka. Ég skal þó ekki tefja þessa 1. umr. um frv. mjög mikið, langar aðeins til þess að bæta hér nokkrum orðum við það, sem sagt hefur verið af hv. þm., sem hér hafa talað.

Spurningin er um það, sem menn hafa nokkuð velt fyrir sér, hver sé hæfilegur vinnutími á Íslandi. Erum við að nálgast það mark kannske nú að stytta vinnutímann um of? Erum við að nálgast það mark, að það sé að verða okkur hættulegt, hvað vinnutíminn sé orðinn stuttur? Þessu svara ég hiklaust neitandi. Markið hjá okkur í vinnutíma á Íslandi er þvert á móti hitt, að við erum með allt of langan raunverulega unninn tíma hjá launþegunum í dag, svo langan, að það er að verða í raun og veru að heilsufarslegu atriði og heilbrigðisatriði að stytta hann. Ég ætla ekki hér að tíunda fyrir hv. þm. öll þau dæmi, sem ég þekki og get bent á, um slys og sjúkdóma, sem beint er hægt að rekja til of langs vinnudags. Það liggur ljóst fyrir, að þó að hið háa Alþ. lögfesti nú 40 klst. vinnuviku, þá, eins og komið hefur fram fyrr í þessari umr., verður 40 klst. vinnuvika í raun ekki að veruleika strax eða alveg á næstunni, því miður. Enn munum við launþegar vinna eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu, eins og verið hefur um alllangt árabil og kannske alla Íslandssöguna.

Ég hef margoft verið spurður að því, á meðan þetta mál hefur verið á döfinni: Er þetta bara ekki fals að vera að stytta dagvinnustundirnar? Verður ekki bara bætt við sem svarar 4 tímum í yfirvinnu? Það er ekki óeðlilegt kannske, að þeir, sem þekkja ekki gjörla til þessara mála, velti slíkri spurningu fyrir sér. Ég hef bent mönnum á, að það er ekki ýkjalangt síðan vinnuvikan hjá hinum almenna launamanni á Íslandi var 48 klst., og styttingin niður í 44 klst. varð á nokkrum tíma raunveruleg. Staðreyndin varð ekki sú, að til viðbótar 10 eftirvinnuklst. á viku væri bætt 4 næturvinnuklst. Það var bætt kannske nokkrum klst. í næturvinnu við fyrstu vikurnar, en síðar varð raunveruleg 4 klst. vinnutímastytting á viku við þá samninga, sem gerðir voru.

Ég vil því fagna þessu frv., sem hér liggur nú fyrir Nd. Alþ., og ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að við í verkalýðshreyfingunni fögnum því einmitt sérstaklega, að

núv. ríkisstj. skuli hafa tekið þetta mál upp í stjórnarsáttmála sinn. Krafan um 40 klst. vinnuviku er í mörg ár búin að vera ein af höfuðkröfum verkalýðsins á Íslandi. Hann hlýtur því að fagna því, þegar ríkisvaldið sjálft réttir honum hjálparhönd til þess að gera þann draum að veruleika.

Vissulega eru til meðal fólks í kringum okkur mismunandi skoðanir á því, hvort þetta sé rétt leið. Og í þeim skoðanaskiptum hafa menn oft velt fyrir sér spurningunni, hvort atvinnuvegirnir þoli í raun þær álögur, sem af því leiðir, að vinnuvikan sé stytt úr 44 klst. í 40 klst. Er ekki verið að ofgera greiðsluþoli atvinnuveganna? Okkur hafa verið birtar ýmsar útreiknaðar tölur, sem hafa átt að sanna okkur á vísindalegan hátt, að afleiðing þess að stytta vinnuvikuna í 40 klst. væri svo og svo mörg prósent í álögum á atvinnuvegina. Staðreyndin er samt sú, að það er ekki til sá talnaspekingur, sem getur reiknað út, hverjar álögur það eru nákvæmlega í prósentum, sem af þessu mundi leiða, einfaldlega vegna þess, að það eru margir aðrir þættir en kaldur talnaútreikningur, sem verka á þetta. Það er t. d.: Hver verða aukin afköst á klst. vegna styttingar vinnuvikunnar? Það er dæmi, sem enginn getur reiknað út fyrir fram. Það er hægt að reikna út eftir á með samanburðarreikningi. Við vitum, að í öllum nálægum löndum hefur stytting vinnutímans leitt til aukinna afkasta, og aukin afköst leiða til lækkunar á rekstrarkostnaði atvinnuveganna að ýmsu leyti og aukinnar framleiðni. En það er ekki ýkjafjölmennur hópur í þjóðfélaginu nú, sem ekki hefur 40 klst. vinnuviku. Að vísu hef ég ekki um það tölur hér handbærar nú, en þær eru til. Og við launþegar, sem annaðhvort vinnum erfiðustu störfin, eða hinir, sem erum fulltrúar þeirra, viljum gjarnan spyrja: Hafa undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar betra greiðsluþol til þess að bera 40 klst. vinnuviku þess, sem kalla mætti flibbakarlalaunþega, heldur en 40 klst. vinnuviku þess launþega, sem vinnur sóðalegustu og erfiðustu störfin í þjóðfélaginu? Svar mitt er aðeins eitt. Það er nei. Við neitum að trúa því, að það séu bara þeir, sem vinna erfiðustu störfin og þau sóðalegustu, sem með því að fá 40 klst. vinnuviku lögfesta væru að ofgera greiðsluþoli atvinnuveganna.

Það er að vísu ekki í mínum verkahring og reyndar alls óþarft, að ég svari neinu fyrir hönd hæstv. félmrh. En hér var vikið að áðan, hversu rúmur rammi þetta lagafrv. væri, það var gert af hv. 1. þm. Reykv., Jóhanni Hafstein. Ég hygg, að það, sem félmrh. hafi átt við með orðum sínum eða a. m. k. liggur það í augum uppi fyrir okkur, sem höfum mikið um þessi mál fjallað, er, að frv. ákveður ekki, hver hinn raunverulegi vinnutími á að vera. Og það er ekki rétt, sem segir hér í séráliti fulltrúa atvinnurekenda, að við launþegar höfum krafizt þess, að hann yrði langtum styttri en á hinum Norðurlöndunum. Þar gefa þeir sér sem forsendu, að kaffitímar verði óbreyttir frá því, sem þeir eru lengstir í dag, eða 11 20 mín. kaffitímar á viku. Það er langt síðan fulltrúar okkar í 18 manna nefnd við samningaborðið lögðu það fram, að hinn raunverulegi vinnutími væri nákvæmlega hinn sami og hjá opinberum starfsmönnum, þ. e. a. s. miðað við 5 daga vinnuviku 37 klst. 10 mín., en miðað við 6 daga vinnuviku 36 klst. 50 mín. Okkur var að sjálfsögðu ljóst, að um leið og við vorum að krefjast að fá sömu vinnustundatíma á viku og opinberir starfsmenn, þá væri óraunhæft af okkur að gera ráð fyrir því, að hinn raunverulegi vinnutími okkar ætti að vera styttri en annarra þjóðfélagsþegna, sem væru með sömu skráðu vinnuviku. Þetta vildi ég aðeins, að hér kæmi fram.

Það er einnig innan ramma þessara laga samningsatriði, hvenær eigi að byrja vinnutíma að morgni. Og ég vil að vísu engu spá um það, hvernig það verður í einstökum atriðum, en töluverðar líkur eru á því, að það verði mikið samræmt nú frá því, sem áður hefur verið innan sömu starfsgreina til hagsbóta m. a. fyrir atvinnureksturinn og án þess að um óhagræði ætti að vera að ræða fyrir launþega. Það er einnig innan ramma laganna gert ráð fyrir heimild til þess að semja um vaktavinnufyrirkomulag, sem hlýtur að verða það vinnutímaform, sem tekið verður upp í stórauknum mæli frá því, sem áður hefur verið, með styttingu vinnudagsins. Eins er um tilhögun kaffitíma og matartíma. Það er algerlega frjálst að semja um það milli aðila innan ramma þessara laga. Þessi lög ákveða einungis lengd vinnutímans, en tilhögun hans að öðru leyti er sett í hendur aðila vinnumarkaðarins að semja um. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að það fyrirkomulag verður með ýmsu móti, eftir því sem bezt hentar hverri starfsgrein fyrir sig, og reyndar væri allt annað óeðlilegt, því að það væri í hæsta máta óeðlilegt að ætla sér að fara að setja nákvæma reglu um eina tilhögun vinnutímans í öllum starfsgreinum þjóðfélagsins.

Ég vil aðeins að lokum segja þetta, herra forseti: Ég hef í verkalýðshreyfingunni lengi verið virkur þátttakandi í því að bera fram kröfuna um 40 klst. vinnuviku til handa launþegum. Mér er það því mikil ánægja að vera nú þátttakandi í því hér á Alþ. að lögfesta 40 klst. vinnuviku og gera þar með eina af höfuðkröfum verkalýðshreyfingarinnar að raunveruleika.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skil það svo, að hæstv. félmrh. vilji koma þessu frv. í n., áður en þm. fara í ferðalag hér á eftir, og þess vegna get ég orðið við því að tala á undan honum. En ég hefði heldur viljað tala á eftir, ef öðruvísi hefði staðið á.

Það er nú ekki meiningin að þessu sinni að hefja hér neina stranga ræðu út af þessu frv., sem hér er til meðferðar. Ég er að sjálfsögðu fylgjandi því, að vinnutíminn sé samræmdur og að hann sé sem eðlilegastur og þess vegna er ekkert óeðlilegt, þótt verkamenn og allir launþegar, sem ekki hafa enn fengið 40 stunda vinnuviku, fái það eins og aðrir starfshópar, sem hafa fengið slíka vinnuviku án lögfestingar með frjálsum samningum. Og það er vitanlega engin þörf á því að lögfesta 40 stunda vinnuviku, ef um það næst samkomulag á milli aðilanna.

Ég tel það mjög óheppilegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi lýsa yfir því í málefnasamningi sínum, að hún ætlaði sér að lögfesta 40 stunda vinnuviku og lengingu orlofsins, – tilkynna þetta, áður en á það hafði reynt, hvort þetta næðist með frjálsu samkomulagi. Hæstv. ríkisstj. hafði í hendi sér að vinna að þessu, ef frjálst samkomulag hefði ekki fengizt. Ég tel einnig óheppilegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi í upphafi göngu sinnar lýsa yfir því, að hún ætlaði að beita sér fyrir því, að kaupmáttur launa skyldi

hækka um 20% á næstu tveimur árum. Ég tel óheppilegt að koma með slíkar yfirlýsingar langt fram í tímann, sem engin vissa er fyrir, hvort unnt er að standa við. Ég held, að það hefði verið miklu skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að lýsa yfir því, að hún ætlaði að beita sér fyrir því að bæta hag launþega og allra landsmanna eftir því, sem efni stæðu til og unnt væri að gera. En með því að koma með þessar yfirlýsingar um styttingu vinnuvikunnar, lengingu orlofsins og 20% kaupmáttaraukningu, þá lítur þannig út eins og hæstv. ríkisstj. hafi farið í kapphlaup við forustumenn launþeganna. Og þegar þetta liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. og enginn veit, hvað 20% kaupmáttaraukning þýði, hvað þurfi margra prósenta kauphækkun til þess að ná því, þá er það svo, að forustumenn launþeganna verða, þegar þeir ganga að samningaborðinu, að krefjast a. m. k. þeirra kjarabóta, sem ríkisstj. hefur boðið, og helzt meira, til þess að forustumenn launþegasamtakanna geti haldið andlitinu, eins og það er kallað, gagnvart sínu fólki. Þessar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. hafa áreiðanlega spillt fyrir samkomulagi milli vinnuveitenda og launþega og tafið það, að samningar hafi fengizt.

Nú er það alveg vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki ætlað sér að tefja samninga eða spilla fyrir þeim. Það verður að segja, að þetta hafi verið klaufaskapur hjá hæstv. ríkisstj., en ekki að hún hafi meint illa með því.

Þetta er staðreynd, 40 stunda vinnuvika. Það er æskilegt í tækniþróuðu þjóðfélagi, þar sem lífskjörin eiga að vera góð og geta verið góð, að vinnutíminn sé takmarkaður. En vitanlega þarf að stilla þessu í hóf.

Hv. þm., sem talaði hér áðan, talaði um, að vinnutíminn væri oft of langur, og þetta mun vera rétt undir mörgum kringumstæðum, kannske hættulega langur. En þetta frv., þótt að lögum verði, tryggir það ekki, að vinnutíminn geti ekki orðið of langur, vegna þess að fjöldi manna mun sækjast eftir því að fá eftirvinnu og mikla eftirvinnu til þess að auka tekjur sínar, ekkert síður þótt 40 stunda vinnuvika hafi verið lögfest. Ég held, að það hefði verið miklu æskilegra, að það hefði á það reynt, hvort ekki hefði verið unnt að ná frjálsu samkomulagi um 40 stunda vinnuviku og lengingu orlofsins.

Ég vil taka undir það, sem einn hv. þm. sagði hér áðan, að það er galli á þessu frv., að það nær ekki til allra landsmanna. Það nær ekki til bátasjómanna. Og hv. þm. hefði getað á það minnzt, að það nær ekki heldur til bænda. Þegar nú á að lengja orlof og stytta vinnuvikuna, þá vitanlega þarf að hugsa um það, hvernig eigi að tryggja bændum og bátasjómönnum það, að þeir verði ekki afskiptir. Við erum allir þeirrar skoðunar, að það eigi að vera sem mestur jöfnuður á meðal þjóðfélagsþegnanna og menn eigi ekki að vera afskiptir og sízt af öllu, þegar lög eru sett. Ég vil benda á, að það er nauðsynlegt að athuga það í n. í sambandi við þetta frv., hvernig eigi að tryggja það, að engar stéttir í þjóðfélaginu verði afskiptar, þegar þetta frv. verður lögfest.

Ég get ekki annað en glaðzt yfir því, að hæstv. ríkisstj. leit svo á, þegar hún tók við völdum um miðjan júlímánuð, að það væri unnt að bæta kjör almennings í þessu landi eins mikið og hún lofaði. Það lítur þannig út, að staða atvinnuveganna hafi verið sérstaklega góð og úttekt þjóðarbúsins, sem hefur farið fram, sennilega í júlíbyrjun, hafi sýnt það að áliti hæstv. ríkisstj., að óhætt væri að lofa jafnmiklum kjarabótum og ríkisstj. gerði.

Ég vil segja það, að hæstv. forsrh. hefur vitnað í þessu máli í ræðu 15. nóv. s. l. Það var, þegar hann var spurður að því, hvort hæstv. ríkisstj. hefði athugað það, hvort það hefði verið óhætt að lofa þeim kjarabótum, sem hæstv. ríkisstj. gerði. Í tilefni af því sagði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Að sjálfsögðu var ríkisstj. búin að kynna sér þau gögn, sem lágu fyrir, og þær upplýsingar, sem hún fékk í hendur frá ýmsum aðilum, áður en hún gaf sína yfirlýsingu út. Þetta var hennar mat á þeim gögnum, sem fyrir lágu, að þannig væri hægt að standa að málum, að því markmiði, sem þar var sett fram, yrði náð.“ Og enn fremur segir hæstv. forsrh. í sömu ræðu: „Vitaskuld geta menn svo alltaf lagt mismunandi mat á gögn og upplýsingar, sem fyrir liggja, og það má vel vera, að aðrir, t. d. atvinnurekendur, hefðu viljað meta þetta á einhvern annan veg en við gerðum. En þessi stefnuyfirlýsing okkar byggðist auðvitað á því mati, sem við gerðum þá, þegar verið var að mynda stjórnina, og á grundvelli þeirra gagna og þeirra upplýsinga, sem við þá gátum aflað okkur um ástand og horfur um stöðu atvinnuveganna.“

Þetta er ágætt, að hæstv. ríkisstj. fékk slík gögn í hendur í júlímánuði s. l., sem hún taldi fært að byggja hin glæstu loforð á. Og ég verð nú að segja það, að það gæti greitt fyrir samningum og samkomulagi, ef vinnuveitendur fengju þessi gögn í hendur. En fyrir tveimur dögum höfðu þeir ekki séð þau gögn, sem loforð hæstv. ríkisstj. eru byggð á.

Við skulum vona, að allsherjarverkföllum verði afstýrt núna um helgina, og þá má segja, að það sé ástæðulaust að vera að tala um orðinn hlut. Við skulum vona það. Það vona það allir, að verkföllum verði afstýrt núna um helgina. En eigi að síður tel ég sjálfsagt, að alþm. fái þessi gögn, þessa úttekt, sem ríkisstj. hafði undir höndum um miðjan júlí s. l., því að það er fróðlegt fyrir alþm. að fá þessi gögn í hendur, enda þótt verkföllunum verði aflýst. Og ég vil ennfremur taka undir það, sem ýmsir þm. sögðu hér fyrir tveimur vikum, þegar þeir óskuðu eftir því að fá þau gögn, sem samninganefndirnar hafa frá Efnahagsstofnuninni um stöðu atvinnuveganna og stöðu þjóðarbúsins. Það er sagt, að þetta sé trúnaðarmál, en það eru þó a. m. k. 100 menn, sem eru með þessi gögn í höndunum. Og það er alveg hættulaust að láta hv. alþm. fá þessi gögn sem trúnaðarmál. Það er nauðsynlegt fyrir alþm. að fylgjast með og fá þau gögn í hendur, sem þannig er safnað og fyrir liggja, því betra eiga alþm. með það að setja sig inn í málin og taka afstöðu til málanna. Hæstv. forsrh. er hér ekki viðstaddur, en ég bið hæstv. félmrh. að koma þessu á framfæri, og ég óska eindregið eftir því, að það verði orðið við ósk minni og annarra þm., að við fáum þessi gögn í hendur, bæði frá Efnahagsstofnuninni og einnig þau gögn, sem ríkisstj. fékk um miðjan júlí s. l. og byggði loforð sín á.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég vil ekki setja fótinn fyrir þetta frv., enda þótt ég hefði talið eðlilegra að þetta væri samningamál á frjálsum grundvelli.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Varðandi síðasta kapítula í ræðu hv. 1. þm. Sunnl., ósk eftir gögnum, þá get ég sagt honum það, að ríkisstj. er fyrir þó nokkuð mörgum dögum búin að taka um það ákvörðun, að öllum þm. skuli afhent þau gögn, sem farið hafi í hendur samninganefndanna. Ef það er ekki komið, þá hefur orðið einhver framkvæmdartöf á því. En varðandi önnur gögn hjá Efnahagsstofnuninni, hygg ég, að sé engin tregða á því hjá henni að láta þm. í té skýrslur og upplýsingar um stöðu þjóðfélags og atvinnuvega. Ég held, að þm. hljóti að eiga greiðan aðgang að því. Ég hef a. m. k. alltaf reiknað með því, og sem þm. hef ég oft og tíðum farið í Efnahagsstofnunina til þess að óska slíkra gagna og jafnan fengið þau með einni undantekningu. Það var þegar Vestfjarðaáætlunarfyrirbrigðið var á ferðinni, en það var alltaf einhver hula yfir því, hvort það plagg væri til eða ekki.

Ég vil annars þakka þær undirtektir, sem frv. um styttingu vinnuvikunnar hefur fengið, einnig hér í hv. Nd., og undrast það ekkert, þó að menn hafi eitthvað við það að athuga, hvernig málið hafi borið að, eða hvort þeir telji, að um þetta eigi að setja lög eða ná samningum um það. Það er búið að leita samninga um þetta mál í fleiri en eitt skipti, og það hefur ekki gengið greiðlega. Þess vegna var það mörkuð stefna verkalýðshreyfingarinnar og fulltrúa hennar, sem sátu við samningaborð, þegar verið var að mynda þessa hæstv. ríkisstj., að nú skyldi bundinn endi á þrætu með því að ákveða þetta með lögum, enda er þetta efnisatriði, sem í öllum nágrannalöndum okkar hefur verið ákveðið með lögum sem þáttur í vinnuverndarlöggjöf.

Það er rétt, sem hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sagði, að verkalýðshreyfingin heldur fast í samningsréttinn og helgi hans, en hins vegar hefur hún alltaf verið á því, að mannréttindamál, sem verkalýðshreyfingin legði mikið upp úr að fá varanlega staðfest sem þjóðfélagsréttindi, yrðu afgreidd með löggjöf, og þarf ekki að minna hv. þm. á mörg slík mál. Annað slíkt mál er hér á dagskrá, sem hv. þm. hafa áður tekið þátt í að lögfesta, mannréttindamálið um orlof.

Þetta frv. byggir á því, að verkafólkið, fólkið, sem vinnur erfiðu störfin í þjóðfélaginu, fái sama vinnutíma viðurkenndan af ríkisvaldinu og ríkisvaldið viðurkenndi á liðnu ári til handa opinberum starfsmönnum. Það er ekki verra en þetta. Og svo eru menn hér að tala um það, að það ríði á að stilla vinnutímanum í hóf. Hefur honum ekki verið stillt í hóf af fráfarandi ríkisstj. með því að ákveða 40 stunda vinnuviku hjá opinberum starfsmönnum? Við erum að fara þessa sömu hófsemdarleið. Ef hér er farið út í eitthvert óhóf um stuttan vinnutíma til handa fólkinu, sem framleiðslustörfin vinnur í þjóðfélaginu, þá er fordæmið hjá fráfarandi ríkisstj. og engum öðrum. Það hefur nú verið upplýst hér í umr., að ef menn telja, að frv. fari fram á skemmri vinnutíma í raun en opinberir starfsmenn búa við, þá er það misskilningur, því að einmitt innan ramma laganna rúmast það að haga kaffitímum svo, að vinnutíminn verði sá sami og hjá opinberum starfsmönnum, og það eru aðilarnir við samningaborðið búnir að koma sér saman um, að vinnutíminn samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, skuli vera hinn sami og hjá opinberum starfsmönnum.

Það var, held ég, hv. 8. landsk. þm., sem minntist á það sem annmarka á frv., að stytting vinnuvikunnar næði ekki til fiskimanna á vélbátum, sjómanna á fiskiskipum. Þetta er rétt. Það er í fjórum atriðum talið upp fólk og starfshópar og stéttir, sem menn hafa ekki fundið ráð til að láta löggjöf sem þessa ná til. Og engin af þeim þjóðum, sem hefur sett vinnuverndarlöggjöf, hefur sett vinnuverndarlöggjöf í þessu formi, sem næði til sjómanna, kaupafólks og vinnuhjúa, sem ekki eru ráðin samkv. stéttarfélagasamningum, og forstöðumanna og annarra slíkra, sem atvinnurekendur geta ekki fylgzt með vinnutíma hjá. Það er ekki af ásetningi, að verið er að taka þessar stéttir út úr og neita þeim um þau réttindi, sem þessi löggjöf fer fram á. Það hefur hvergi fundizt ráð til þess að gera það í formi slíkrar löggjafar. En ég vík því til þeirra manna úr öllum flokkum, sem taka þátt í nefndarstarfi, að ef þeir finna ráð til þess að taka t. d. sjómenn á fiskiskipum með í löggjöf sem þessa, þá komi þeir með till. um það. Annars hef ég sagt, að ég held, að það verði að gera í öðru formi, í annars konar löggjöf, eitthvað helzt í líkingu við vökulögin, sem helga togarasjómönnum ákveðinn hvíldartíma og fyrirbyggja, að þeir séu ofþjakaðir með of löngum vökum. Það gekk ekki vel á Alþingi Íslendinga að tryggja sjómönnum þau mannréttindi á sínum tíma, og mættu ýmsir menn minnast þess. Ég veit vel, að það á sér nú stað á vélbátaflotanum okkar, að vinnutími fer í aflahrotum langt fram úr öllu hófi. Ég veit, að þess eru allmörg dæmi, að vinnutími fari þar yfir 100 tíma á viku, og það er vafalaust komið svo, að það er full ástæða til að reisa þar skorður við. En hitt veit ég, að það er öllum ljóst, að það er ekki til neins að setja ákvæði um 40 stunda vinnuviku á fiskibátum, að menn skuli vinna 40 stundir aflaleysisvikuna og ekki fara yfir 40 stundir, þegar aflahrotan kemur. Það mundi enginn stunda sjó á Íslandi undir slíkri löggjöf, svo mikið er víst, ef menn vilja færa það endilega í þennan búning og segja, að úr því að það fylgi ekki, þá sé það galli á löggjöfinni. Þessu er ekki hægt að koma við í þessu formi. En ég segi: Ef einhver hefur hugkvæmni til, þá komi hann með till. um það innan ramma þessa frv. Það á ekki andúð að mæta af minni hendi.

Hér er talað um, að það sé skammt öfganna á milli, það sé nauðsynlegt að fyrirbyggja of langan vinnutíma, og það sé líka slæmt, ef ákvæði séu sett um of stuttan vinnutíma. Ég get vel fallizt á þetta. Þarna verður að vera ákveðið hófsemdarsvið. Ef ákveðinn er stuttur vinnutími, þá leiðir af því, að hinum auknu tómstundum þarf að verja á skynsamlegan hátt, og þá er það skylda menningarþjóðfélags að búa svo um með félagslegum aðgerðum, að tómstundirnar verði notaðar fólkinu til góðs, en ekki til ills, þeim veitt menningarleg aðstaða til þess að neyta tómstundanna. Og það er m. a. skylda okkar á Alþingi Íslendinga að búa svo um, að allir, ungir og gamlir, í hvaða stétt sem er, eigi þess kost að neyta tómstunda sinna á mennilegan hátt.

Ég sagði, að einhugur og samstaða hefði náðst um frv. í hv. Ed., og átti ég þá við þá niðurstöðu, sem þar varð, að allir nærstaddir dm. úr öllum flokkum greiddu atkv. með frv., og taldi ég það óræka sönnun þess, að menn væru sammála um þessa mannréttindalöggjöf verkafólki til handa. En þessu er hálfvegis mótmælt

hér, og veit ég ekki, hvað að baki býr, en má vera, að það hafi verið mikill ágreiningur innan þingflokks Sjálfstfl. um afstöðu til málsins. En svo mikið er víst, að mér virðist niðurstaðan hafa orðið sú, að menn skyldu greiða atkv. með frv., og það er það eina, sem máli skiptir. Hins vegar er það rétt, að líkt og menn í ýmsum atriðum gerðu aths. við frv., höfðu uppi andmæli um, hvernig það hefði borið að, það ætti ekki að lögfesta þetta o. s. frv., það er eins og um manninn, sem sagði:

„Biblían er sem bögglað roð fyrir brjósti mínu.
Lærði ég hana alla í einu,
þótt ekki kæmi að gagni neinu."

Þetta virðist eitthvað bögglast fyrir brjósti manna, þó að þeir séu búnir að kyngja því að vera með frv.

Hér var sagt áðan, ég held af hv. 1. þm. Reykv., að hann teldi óráð, að ríkisstj. skyldi ákveða að setja um þetta löggjöf. Já, sér er nú hvert óráðið að taka undir margra ára margyfirlýsta stefnu verkalýðshreyfingarinnar! Það er óráðið, sem hér er verið að tala um. Ég tel þetta ekkert óráð, engan klaufaskap, eins og hv. 1. þm. Sunnl. vildi kalla þetta líka. Það er ekkert óheppilegt við það frá sjónarmiði verkalýðshreyfingar eða núv. ríkisstj. að hafa tekið um það ákvörðun og lýst yfir því, að ríkisstj. ætli sér að ná þeim markmiðum, sem leiddu til kjarabóta fyrir verkafólk, og lofa því ákveðið að setja löggjöf um fjögurra vikna orlof og 40 stunda vinnuviku, – ekkert óráð. Það var ekki nema gott fyrir alla, bæði atvinnurekendur og verkalýðsfélögin, að vita það, að um þetta þyrfti ekki að þvæla fram og aftur, þetta mundi gerast. En hins vegar var boðið upp á þau vinnubrögð, að menn tækju þátt í að móta löggjöf um, hvernig þetta skyldi gert, og það er það, sem hefur gengið svo farsællega, að samkomulag hefur náðst um tvenn lög, annars vegar um orlofið og hins vegar um styttingu vinnuvikunnar, þannig að mjög lítið, um örfá atriði, ber á milli, en samkomulag algert um yfirgnæfandi meiri hluta atriða, sem hér koma til greina. Ég er alveg undrandi á því að kalla þetta óheppileg vinnubrögð og hafa uppi fullyrðingar um það, að þetta hafi tafið fyrir samningum. Þessi atriði hefðu áreiðanlega orðið illleysanleg við samningaborð, ef ekki hefði legið fyrir nú frá byrjun, að þetta þyrfti ekki að þvæla um, þetta yrði gert, en þeir ættu kost á að hafa áhrif á, hvernig það yrði gert.

Ég held, að það sé því alveg röng ályktun að slá því fram, að þessi leið ríkisstj., að lögfesta þessi tvö atriði, hafi þvælzt fyrir samningum og tafið samningana. Ég held áreiðanlega, að þessi atriði hafi greitt fyrir samningunum. Hitt er vitanlega rétt, að þegar það liggur á borðinu, að þetta tvennt eigi að gerast í kjaramálum og réttindamálum verkalýðsins, þá er það alveg sjálfsagt, og það er hárrétt, að þá minnkar svigrúm til sjálfra kaupbreytinganna, sem gætu orðið, og það er öllum ljóst. Það var líka öllum ljóst, að það hefði áhrif á það svigrúm, sem væri til kaupbreytinga, hvort þessi mannréttindi væru fengin í einum áfanga eða í tveimur, þremur eða fjórum. En svo mikla áherzlu lögðu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar við samningaborðið á þessi mannréttindaatriði, að menn vildu heldur þrengja svigrúm sitt í kaupgjaldsbreytingunum og taka þetta í einum áfanga. Það val hefur verið gert. Þó er hugur manna svo opinn til samkomulags um þetta, að ákvæði til bráðabirgða eru aftan við frv., þar sem gefið er svigrúm einmitt í þessu tilfelli að semja um það, þar sem aðilar gætu komið sér saman um það, hvort þetta skuli tekið í einum áfanga eða tveimur. Ákvæði til bráðabirgða eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um að fresta til 1. jan. 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir."

Þarna er haldið opnum dyrum um það, að á þeim félagssvæðum, þar sem samkomulag geti orðið um að skipta þessu í tvennt, þá sé það heimilt. Og þetta er einmitt sýnishorn af því, hversu rúmar heimildir felast í þessu frv.

Ég sagði áðan, að þetta væri rammalöggjöf, þar sem möguleikar væru til að semja um margvísleg ágreiningsefni milli aðilanna innan ramma laganna. Í 2. gr. stendur, að að jafnaði skuli ekki unnar fleiri en 8 klst. í dagvinnu á degi hverjum, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé þá samið af aðilum. Í þessari gr. eru strax rúmar heimildir. Í framhaldi af þessu segir svo: „Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum." 3. gr. byrjar svo: „Heimilt er að semja um vaktavinnu." Í 4. gr. eru líka heimildir um að semja um það, hvenær matartímar skuli teknir. Í 5. gr. er algert samningafrelsi um lengd kaffitímanna til þess að fella þá inn í þann viðmiðunarramma, sem samkomulag hefur orðið um, að vinnutími skuli vera sá sami hjá erfiðisvinnufólkinu og hjá skrifstofufólki og öðru því fólki, sem öðlaðist þann rétt í fyrra. Í 7. gr. segir, að víkja megi frá lögunum með samningum, sem staðfestir verði af hlutaðeigandi heildarsamtökum, og heildarsamtökin, sem þarna eiga að skera úr, eru svo tilgreind. Ég held, að ég hafi því ekki ofmælt áðan, þegar ég sagði, að innan þessarar rammalöggjafar væru víðtækar heimildir, sem verkalýðsfélögum og atvinnurekendasamtökum væri ætlað að fylla út í við samningaborðið.

Ég held, að ég hafi með því, sem ég sagði áðan, um fullyrðingarnar um, að það væri óheppilegt að ákveða þetta með lögum, klaufaskapur að gera það þannig og þar fram eftir götunum, svarað þeim aðfinnslum, sem komu fram frá tveimur eða þremur hv. þm. um það. Ég held að þetta hafi verið alveg sjálfsagt, þegar litið er á forsöguna, að búið er að þreyta samninga um þetta hvað eftir annað án þess að ná árangri, og þegar búið var af fráfarandi hæstv. ríkisstj. að ákveða 40 stunda vinnuviku hjá öðrum stéttum, sem léttari störfin vinna, þá var það sjálfgefið, að verkalýðshreyfingin hlaut að taka þetta upp til úrslita. Og ég held, að það hafi hlotið að auðvelda allar samningaflækjur um þessi atriði, hvað sem öðru líður, að báðir aðilar gerðu sér ljóst, að þetta yrði. En þannig hefur verið á málum haldið, að aðilarnir gætu samt sem áður, þrátt fyrir ákvörðunina um 40 stunda vinnuviku, samið um margs konar tilhögunaratriði, og það hafa þeir gert og hafa náð eiginlega í öllum aðalatriðum samkomulagi um þau.

Þegar við lítum svo til annarra þjóða, eins og ég hef áður tekið fram, þá verða þessi ákvæði alls staðar í vinnuverndarlöggjöf þjóðanna. Og báðir aðilar vinnumarkaðarins sögðu í haust, þegar ég ræddi við þá: „Við

viljum taka vinnutímaákvörðunina út úr almennri vinnuverndarlöggjöf, af því að við teljum það mál svo viðamikið og flókið, að það hljóti að taka langan tíma og geti ekki orðið samhliða þessum samningamálum nú, en teljum eðlilegt, að þetta atriði um vinnutímann verði síðan fellt inn í almenna vinnuverndarlöggjöf." Að þessu leyti er einnig farið að till. aðilanna á vinnumarkaðinum. (**Forseti:** Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann eigi langt mál eftir.) Ég skal bara setja punkt hérna og amen, ef hæstv. forseti vill, og láta máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 205).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur einróma mælt með samþykkt þess frv., sem hér er til umr. Frv. er samið af n., sem félmrh. skipaði 29. sept. s. l., og felur í sér það meginákvæði, að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna beri á dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, hjá þeim aðilum, sem þetta frv. nær til.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða neitt um þetta frv., enda hefur hæstv. félmrh. skýrt það í ítarlegri ræðu við 1. umr. og Ed. búin að fjalla um það og afgreiddi það frá sér með shlj. atkv., og ég vona, að hv. d. muni eins að fara.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mig langaði við 2. umr. þessa máls að ræða lítillega um þetta frv., þótt það hafi nú þegar verið mjög rækilega rætt bæði í Ed. og við 1. umr. málsins.

Það er nú svo á þessum dögum vinnuþrælkunar hér á hv. Alþ., að mér er í raun og veru sannkallað gleðiefni að fást við frv., sem fjalla um orlof og hvíldartíma og 40 stunda vinnuviku. Það hefur sömu áhrif á mig og vafalaust marga þm., að það er eins og að hugsa um vor og sólskin í svartasta skammdeginu.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. skrifuðum undir nál. um að mæla með samþykkt þessa frv. Ég vil samt taka fram um þetta frv. eins og raunar hið næsta á undan, að þau eru bæði samin með stoð í víðlesnu riti frá 14. júlí s. l., og það er skoðun okkar og var skoðun flestra þeirra, sem nú fylgja hæstv. ríkisstj., að um mál sem þetta eigi fremur að fjalla í frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins en með beinni löggjöf, nema þá í hreint óefni sé komið um samkomulag þessara aðila. Nú var þó það ráð tekið að byrja á því, áður en til nokkurra samninga kom, að setja löggjöf um þetta atriði, og umr. um frv. í fyrri deild stóðu sem hæst, þegar samningar voru einmitt á mjög erfiðu stigi.

Ég tek fram í sambandi við þetta frv., að æskilegt hefði verið, að slík réttarbót sem þetta raunverulega felur í sér gæti náð til fleiri stétta þjóðfélagsins. Ég játa þó, að ég bý ekki yfir ráðum til þess nú á stundinni, hvernig það ætti að framkvæma, en ég bendi á, að mjög æskilegt er, að þetta sé athugað rækilega af þeim aðilum, sem mest hafa um þessi mál fjallað.

Þegar þessi mál voru hér til 1. umr. og þm. komu hér í ræðustól hver á fætur öðrum til að benda á, að þessi stétt eða hin væri afskipt að þessu leyti, það þyrfti að stytta vinnutíma sjómanna og það þyrfti að stytta vinnutíma bænda, þá einhvern veginn fór ekki hjá því, að mér dytti í hug vinnutími einnar stéttar, sem ég er kunnugust af stéttum landsins, en það er húsmæðrastéttin. Ég veit að vísu ekki, hvernig hægt væri að koma fyrir með löggjöf styttum vinnutíma húsmæðra, og gætu þá vafalaust risið deilur, eins og raunar gerðist hér á dögunum, um það, hver væri virkur vinnutími og hver ekki og hversu kaffitíminn mætti vera langur. Ég mundi nú vafalaust sjálf vera hikandi við að láta skerða kaffitíma minn í vinnutíma mínum sem húsmóður. Við nánari athugun þessara mála sé ég, að það er enn einn kostur við þetta frv., sem við nú væntanlega samþykkjum hér á eftir. Einmitt þetta frv., ef samþ. verður, getur að mínu viti orðið til þess, að raunverulegur vinnutími fjölmargra húsmæðra í landinu styttist, því að með styttum vinnutíma þess hóps þjóðarinnar, sem er í meiri hluta í þeim störfum, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. karlmannanna, þá hljóta þeir að hafa meiri tíma aflögu til að aðstoða húsmæðurnar við heimilisstörfin.

Þetta vildi ég gjarnan láta koma hér fram og ítreka það, að er við fulltrúar Sjálfstfl. í n. styðjum þetta frv., þá er það ekki sízt vegna þess, að við höfum það í huga, að þegar er búið að gera ráð fyrir efni frv. í samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég sé það á nál. um þetta mál, að allir hafa orðið sammála og engin aths. gerð við frv. Ég hef oft veitt því eftirtekt, að það, sem óviturlegt er, fer í loftstökkum, þegar það, sem viturlegt er, fer hægaganginn. En vitleysan rekur sig á vegg, sem heitir raunveruleiki, því að það er ekki hægt að framkvæma vitleysu nema takmarkað.

Ég er ráðinn í að greiða atkv. á móti þessu frv., og þess vegna vildi ég gera með nokkrum orðum grein fyrir afstöðu minni. Ég var svo lánsamur, að ég var að rýja, þegar þessi stjórnarsáttmáli var samþykktur, svo að ég var ekki við. Ég mun hins vegar styðja þessa ríkisstj. af heilum hug til allra góðra hluta, en ég tel mig ekki bundinn af þeim vitleysum, sem eru í stjórnarsamningnum.

Þegar talað hefur verið um kaup og kjör, þá hefur því verið lýst yfir af leiðtogum hinna vinnandi stétta, og í rauninni lít ég svo á, að allar stéttir í landinu vinni, að helgur væri samningsrétturinn, til að gera verkföll og rétturinn til að semja um eigin laun. Að vissu leyti get ég gengið inn á þetta, en það er með allar deilur, að þær þurfa að eiga sín takmörk.

Fyrrv. stjórn féllst á það við opinbera starfsmenn, að þeir fengju samningsrétt. Kjaradómur fjallar um deiluatriði, en ríkið hættir að ákveða laun einhliða. Síðan þetta var gert, hafa opinberir starfsmenn alltaf verið að rífast, alltaf að deila um kaup og kjör. Þegar búið er að semja við þá í heild, þá fara þeir að rífast innbyrðis. Þessi deilugirni er í okkur mönnunum. Þeir

fyrir austan tjaldið hafa séð við þessu, ríkið ákveður þar kaup og kjör, og ef menn fara að gera verkföll, þá er séð fyrir því á einhvern annan hátt og tekið fyrir slíkt ónæði við stjórnarvöldin.

Það eru tvær leiðir til, og deila má um, hvor sé betri. Það er, að ríkisvaldið ákveði kaup og kjör allra manna í landinu, ekkert frekar verkamanna en annarra, eða að það sé samið um kjörin. Skoðun mín er, að annaðhvort sé að hafa samningana frjálsa eða kjörin séu ákveðin af óhlutdrægum aðila. Vitanlega mætti hafa einhvern dómstól í þessum málum, sem hefði öll gögn í höndum og væri algjörlega óhlutdrægur eða ætti að vera það a. m. k., hliðstætt og hæstiréttur. Þarna eru tvær leiðir, og það má deila um hvor sé réttari. En ég held, að lakasta leiðin sé sú, að löggjafinn sé að grípa inn í á vissum sviðum, en að öðru leyti sé þetta óbundið.

Ég sé ekki tilgang með þessu frv. Það er þegar búið að semja um 37 klst. vinnutíma á viku, og þegar þetta frv. var lagt fram, þá var hinn raunverulegi vinnutími fyrir neðan 40 stundir á viku. En þeir, sem hafa staðið að þessu, hafa gert heldur lítið að því að reikna út vinnuskýrslur og hafa þess vegna ekki verið nógu vel inni í þessu með vinnutímann. Það hlýtur að vera þannig.

Hér er verið að ákveða með lögum kjör fólksins, því að það er meira en að vinnutíminn sé ákveðinn, heldur er líka ákveðið, að heildarkaup skuli óbreytt þrátt fyrir styttri vinnutíma, og þar er gripið inn í launakjör. Annars verða menn að gera sér ljóst, þegar þeir eru að knýja þetta frv. fram, að ef hægt er að fækka vinnustundum með lögum og ákveða, að kaupið lækki ekki, sem þýðir kauphækkun, þá er alveg eins hægt fyrir löggjafann að fjölga vinnustundunum, án þess að kaupið hækki. Þarna er verið að fara inn á nýjar leiðir. Það er verið að gefa fordæmi. Ég er ofurlítið hissa á þeim, sem hafa álitið, að samningsrétturinn sé helgur, að óska eftir þessu.

Ég hef talað við ýmsa um þetta mál, og ég verð ekki var við áhuga hjá fólkinu fyrir því. Það er ósköp mannlegt og eðlilegt, að fólkið vilji hafa hærra kaup. Ég skil það vel, en ég held, að það væri betra fyrir fólkið að fá 10% hærra kaup og óbreyttan vinnutíma. Það var annað með togaralögin. Þar var um vinnuþrælkun að ræða, sem var hættuleg fyrir heilsu sjómanna. Með þeim lögum var lágmarkshvíldartími ákveðinn, en nú er aðeins dagvinnutími ákveðinn. Hér er einnig ákveðið, að kaffitíma megi eigi draga frá. Það skal teljast vinnutími. Það er þá alveg eins hægt að ákveða með lögum, að kaffitíma megi ekki telja með vinnutíma. Þarna er líka farið inn á hættulega leið fyrir þá menn, sem aðhyllast frjálsa samninga.

Ég skal viðurkenna, að í 2. gr. gætir skilnings á atvinnulífinu. Það má hagræða þessu dálítið, og satt að segja bjóst ég við þessu frv. enn þá vitlausara en það er.

Annars fer að verða skoplegt með þetta orlof. Það á að vera mánuður. Ýmis verk er eigi hægt að vinna nema vissa tíma ársins, og við getum tekið dæmi á landsbyggðinni, þar sem mikið er að gera við vélar og verkfæri um sumartímann, en aftur sama og ekkert yfir vetrartímann. Svo er fólk í fríum, þegar helzt þarf að vinna. Þetta er ákaflega óhentugt fyrir atvinnulífið. Það er vel, að menn fái frí, en það er óhagkvæmt, að menn taki það frí, þegar verst stendur á.

Svo er hér í 7. gr. dásamleg setning: „Víkja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.“ M. ö. o.: þarna á að vera opin leið til að semja, og þá sé ég ekki, hvað unnið er við að binda þetta í lögum, ef það má víkja frá því með frjálsum samningum. Það væri bezt að láta þetta vera eins og það hefur verið.

Fólk vill fá hærra kaup. En það telur ekkert eftir sér að vinna 40 stundir á viku, og ég hygg, að í framkvæmd skaði þetta fólk, sem vinnur t. d. við iðnað, því að ég er ekki viss um, að eftirvinna verði unnin. Við vinnslu sjávarafurða eru menn neyddir til að taka eftirvinnu og næturvinnu, þannig að ég hygg, að vinnutími fólksins verði óbreyttur þar. Ég skal játa, að ég hef oft verið hissa á vinnuveitendum, hvað þeir hafa verið tregir að bjóða beinar kauphækkanir. Ég held, að þeir hafi skaðað sjálfa sig á þessu. Þessar samninganefndir hafa setið þegjandi viku eftir viku, og vinnuveitendur hafa verið tregir til að bjóða nokkurn hlut. Ég hef aldrei séð eftir þessum beinu kauphækkunum, fólkið þarf þeirra með í flestum tilfellum. Ég held, að þeir hafi skaðað sig á þessu. Af þessu hefur leitt ýmsar hliðarráðstafanir, sem hafa orðið atvinnuvegunum enn óhagkvæmari en ef þeir greiddu dálítið hærra kaup. Árið 1964 er farið inn á launaskattinn. Hann var ákveðinn fyrst 1%, sem átti að ganga í byggingarsjóð, hjálpa fólki að byggja yfir sig. Annars hélt ég, að atvinnuvegunum á þeim tíma og næstu árin á eftir hefði ekki veitt af sínu, þótt þeir færu ekki að leggja fé í íbúðarhúsabyggingar, og ekki varð það til að treysta gengið að leggja þennan viðbótarskatt á, en þetta er einn af mörgum sköttum. Hann er nú kominn í 2½%, og ætli hann eigi ekki eftir að hækka. Við síðustu samninga var farið inn á lífeyrissjóðina, og nú er lífeyrissjóður fyrir alla meðlimi í Alþýðusambandinu. Bændur þurftu endilega að fara að apa þetta eftir, héldu, að þetta væri svo mikið hagræði fyrir þá. Ég á eftir að taka það mál betur í gegn, ég hef ekki komið því í verk ennþá, en ég get fullyrt, að þetta er vitlausasta tryggingalöggjöf, sem til er í heiminum. Það er verið að hækka nú ýmsar tryggingabætur, og ég ætla að greiða atkvæði með þeim, því að það er skynsamlegt og sanngjarnt, en þegar kerfið er allt orðið tvöfalt og þrefalt, þá fer mér að ofbjóða. Ég hygg, að nú séu vinnulaun í landinu yfir 30 milljarða. Það eru nær allir komnir í þetta tryggingakerfi. Ég gæti hugsað, að í þessa lífeyrissjóði hjá öllum landsmönnum fari um 3 milljarðar á ári. Svo bætist allt hitt tryggingakerfið við. Nú er tryggingakerfinu hjá okkur svo dásamlega fyrir komið, að embættismenn, sem eru búnir að starfa fulla embættistíð, geta haft allt að 70% í eftirlaun gegnum hina verðtryggðu lífeyrissjóði, sem ríkið stendur að. Svo kemur ellilífeyririnn, en þá eru menn komnir á full laun. Eigi er öll sagan sögð með þessu, því að ýmsir hafa fleiri lífeyrissjóði, þannig að þeir verða fyrst vel launaðir og geta farið að græða, þegar þeir eru komnir yfir 67 ára aldur. Þetta tryggingakerfi er orðið svo fáránlegt, að það þekkist hvergi hliðstæða. Þetta er afleiðing þess að vera að gera þessa hliðarsamninga í staðinn fyrir að hækka kaupið, því þess þarf fólkið með. Ef við værum lausir við vinnutímastyttingu og lífeyrissjóðavitleysuna, væri hægt að borga launþegum 20% hærra kaup án þess að íþyngja atvinnuvegunum, og ætli það væri ekki

hagkvæmara fyrir þá, því að þeir fá aldrei aftur fé sitt úr lífeyrissjóðunum?

Ég er búinn að fá tvær virðulegar stofnanir hér í bænum til að reikna þessar upphæðir út, sem bændur þurfa að borga. Ef það eru reiknaðir vextir og vaxtavextir, eru þetta um 20 millj. með 10% vöxtum og vaxtavöxtum, sem bóndinn á að leggja á borð með sér eftir 67 ára aldur.

Ég hygg, að þessi löggjöf verði frekar til að skaða launþega en að bæta kjör þeirra. Það er miklu hagkvæmara fyrir þá að fá 10% hærra kaup og vinna sama vinnutíma og þeir gerðu. Það má vera, að það sé of seint að breyta þeim samningum, ég skal ekki segja það, en það kemur ár á eftir þessu ári og dagur á eftir þessum degi. Svo heldur þetta áfram.

Nú er komið frv. fram hér í þinginu að fara athuga, hvað vinnutíminn sé hjá sjómönnum. Ég held, að það verði erfitt að reka þetta þjóðfélag, ef gerðar væru hliðstæðar ráðstafanir með sjómennina, þeir mættu ekki vinna nema 37 stundir á viku, þótt vel gæfi á sjó. Það hagar þannig til í landi okkar, að veðráttan er breytileg og dagamismunur mikill. Þess vegna verðum við að vinna vissa tíma mikið, en höfum aftur léttara aðra tíma. Ég hef aldrei álitið nema eðlilegt og sjálfsagt, að sjómennirnir tækju sér tveggja mánaða hvíld á ári, en það vilja þeir gera og eiga að gera, þegar erfiðast er að sækja sjóinn, en ekki þegar gæftirnar eru beztar, eins og t. d. í marz og apríl. Alveg eins er með bóndann. Þannig er það í landi okkar og þannig verður það. Þess vegna er vafasamt að vera að setja strangar reglur um, að það megi ekki vinna nema 37 stundir á viku, því að það sé einhver sérstök sæla fyrir menn að vinna lítið.

Það er búið að semja um 37 stunda og 5 mínútna vinnuviku, það gefur auga leið, að eigi þarf nema 4 daga til að vinna þessar 37 stundir, og þá hafa menn frí 3 daga vikunnar. Nú má vel vera, að sumir geti unnið fyrir sig heilbrigð og nauðsynleg störf, en það eru aðrir, sem ekki gera það, og þá eru þessir 3 dagar eyðslu- og leiðindadagar. Við vitum, að þegar sjómenn eru í landi iðjulausir, drekka þeir gjarnan vín og eyða launum sínum, en þegar gæftir eru góðar og mikið er að gera, þá liggur vel á sjómanninum, hann er heilbrigður á sál og líkama og aflar verðmæta, sem hann getur notað sér og fjölskyldu sinni til gagns. Það er ágætt að vinna ekki um of, en ég hygg þó, að hæfileg vinna sé ein af náðargjöfum forsjónarinnar, og ég óttast ekkert, þótt Íslendingar geri smávitleysur, og það er aukaatriði, en ef þjóðin hættir að vilja vinna, þá verð ég hræddur við það. Reynsla mín í lífinu er sú, að manni, sem nennir að vinna, má yfirleitt treysta, en manni, sem vinnur lítið eða ekkert, er aldrei að treysta.

Ég held því, að það væri bezt fyrir alla, að þetta frv. fengi að daga uppi. Það hefur ekki gert gagn viðvíkjandi þessum samningum, sem gerðir hafa verið, frekar hið gagnstæða og ég held, að það væri því bezt að lofa því að daga uppi. Vafalaust finnst ríkisstj. það ekki samboðið virðingu sinni, og þetta verður samþ. Ég vona, að mér auðnist sá heiður að vera einn á móti þessu frv. Það hefur komið fyrir áður hér í þinginu, að ég hafi verið einn á móti því, sem hefur verið óviturlegt, og ég er ánægður með það. Ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni. Ég var t. d. einn á móti þessari lífeyrissjóðavitleysu, og ég var einn á móti því hér í d., þegar átti að setja menn í tveggja ára fangelsi, ef þeir létu unglinga innan 18 ára gera handtak eftir kl. 5 að deginum eða sækja kýr á sunnudegi. Það átti að vera tveggja ára tugthús við því. Ég álít þetta óþarft frv. og óviturlegt og ætla þess vegna að greiða atkv. á móti því.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér viðstaddur við 1. umr. málsins, en mér finnst brydda hér mjög á líkum rökum og fram hafa komið í umr. hér og víðar um þetta mál, þ. e. a. s. að löggjafarvaldið eigi ekki að skipta sér af málum sem þessum, hér sé í raun og veru verið að fara inn á hið mjög svo helga svið hins frjálsa samningsréttar. Ég átti þess kost að mæta á fund heilbr.- og félmn. Ed., þegar þetta mál var þar til meðferðar, og gerði þá grein fyrir afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þessa máls og ekki hvað sízt einmitt þessu atriði málsins. Nú er það svo, að hvort tveggja verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda eru út af fyrir sig ekki sérstaklega meðmælt því, að það sé gripið inn í samningamál með löggjafarvaldi, og oft hefur verkalýðshreyfingin orðið að mótmæla því, að slíkt væri gert. En það segir hins vegar ekki, að við í verkalýðshreyfingunni, fólkið í verkalýðshreyfingunni, séum andvígir því, að löggjafarvaldið leggi lið sitt með velferðarmálum stéttarinnar, síður en svo.

Þetta mál, sem hér er til umr., er ekki samningamál eða kaupgjaldsmál í þeim skilningi, sem venjulega er lagður í þau mál. Hér er miklu frekar um að ræða vinnuverndarmál, og það er sú hlið þessa máls, sem við höfum lagt alveg sérstaka áherzlu á, og sannarlega er það löggjafaratriði og hefur verið hér í þessu landi sem og öðrum löndum, að vinnuvernd þegnanna er skipað með löggjöf. Ég ætla ekki að fara að telja upp mjög mörg dæmi þessa hér á landi, að Alþ. hafi sett lög í þeim efnum, og ég vænti þess, að þess verði ekki langt að bíða, að við fáum hér fullkomna vinnuverndarlöggjöf. Það mál, sem hér er nú til afgreiðslu, er aðeins einn þáttur slíkrar löggjafar og hlýtur að koma inn í þá löggjöf, þegar þar að kemur. Ég ætla ekki heldur að tefja hér tíma þingsins með því að ræða þetta mál neitt nákvæmlega og ekki að fara að rekja sögu þess, hvers vegna þessi krafa verkalýðshreyfingarinnar um 40 stunda vinnuviku hlaut að verða dagskrármál þessa árs. Ég gerði það hér á þingi á s. l. vetri og lýsti þá yfir, að það væri ekki nokkur vafi á því, að verkalýðshreyfingin bæri fram við komandi samninga sem aðalkröfu 40 stunda vinnuviku, og bað alla, sem þar ættu hlut að máli, að taka það inn í sín dæmi.

Ég held, að það sé ekki neinn vafi á því, að kjaradeilan, sem nú að hluta til er leyst, – erfiðasti hluti hennar hefur þegar verið leystur án alvarlegrar vinnustöðvunar, – hefði orðið miklum mun erfiðari úrlausnar og áreiðanlega komið til harðra verkfallsátaka, ef ekki hefðu orðið þau stjórnmálalegu umskipti, sem urðu þess valdandi, að ríkisstj. tók einmitt þetta mál upp á sína arma á s. l. sumri og lagði síðan fram frv. um bæði þessi mál, sem hér hafa nú verið rædd. Ég fullyrði það og tel mig hafa kunnugleika til að geta sagt það, að þessar vinnudeilur hefðu orðið mörgum sinnum erfiðari og átakameiri, ef þetta hefði ekki til komið.

Þeir tveir hv. þm., sem hér töluðu á undan, komu inn á nokkur einstök atriði. Það er alveg rétt, sem hv. 12. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sagði, að æskilegt væri, að þessi lög hefðu tekið til fleiri. Það var öllum ljóst, þegar frv. var undirbúið. Það var alveg sérstaklega varðandi fiskimennina, sem mikið var rætt um, og mál þeirra verður að taka sérstaklega til meðferðar. Ég ætla ekki að fara að hugleiða hér, hvað hægt sé að gera. Varðandi húsmæðurnar verð ég að segja, að ég er hv. þm. mjög sammála, að það muni vera erfitt að setja lög, sem ákveða vinnutíma þeirra, en frv. sem þetta ætti að geta stuðlað að því einmitt varðandi húsmæður, hvort sem þær vinna einvörðungu á heimilum sínum eða utan þeirra þá ekki síður, að vinnuálag þeirra yrði ekki jafnmikið og þá í því tilliti, að vinnutími utan heimilis, bæði húsmóður og húsbónda, yrði styttri og þá meiri tími til að vinna sameiginlega að málum heimilisins, að ég tali ekki um, ef vinnutími húsmóðurinnar utan heimilis yrði styttri en annars væri.

Varðandi það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, sagði hér, þá verð ég að segja það, að mér þykir eiginlega leitt að hlusta á slíka ræðu frá að ýmsu leyti mætum manni. En hún var nú meira eins konar námskeiðsfyrirlestur, sem hefði átt að flytjast frekar í hópi stéttarbræðra hans, atvinnurekenda, en hér. Þar hefði hún sjálfsagt getað átt vel heima, því að ýmislegt var þess efnis, sem þeir ágætu menn hefðu gott af að heyra. Ég ætla ekki að fara að ræða einstök atriði úr ræðu hans. Ég held, að við séum fullkomlega sammála um það og áreiðanlega allir þm. hér, að það er ekki hollt, að menn vinni ekki, og sannarlega er það ekki stefnumark verkalýðshreyfingarinnar, heldur þveröfugt, en hins vegar, að það séu sett takmörk fyrir vinnutíma, það held ég, að sé jafnrétt.

Síðan er kenningin um það, að kaupið væri hægt að hækka býsna mikið, allt upp í 20%, ef losnað væri við ýmsar vitleysur, sem búið væri að gera, svo sem lífeyrissjóði og annað þess háttar. Það er sjónarmið, sem ég gæti með engu móti deilt með hv. þm. Verkalýðshreyfingin hefur valið milli kjaraatriða oft á tíðum, hvort sem það er í formi beinna kauphækkana eða annarra kjaraatriða, sem hún metur meir, og kjaraatriða, sem eru þess eðlis, að þau eru varanlegri, brenna ekki eins upp í þeim ólgusjó efnahagsmálanna, sem við höfum nú orðið við að búa. En hins vegar höfum við gjarnan orðið þess varir, að atvinnurekendur vildu kaupa þessi kjaramál býsna háu verði, og það stóð ekki á því núna, að okkur væri boðið býsna hátt verð í kaupi fyrir styttingu vinnutímans. En við völdum núna þarna á milli og höfum gert það áður.

Það er ákaflega einfalt mál, hvers vegna atvinnurekendur vilja heldur þennan kostinn, þ. e. a. s. borga hærra kaup, en að láta af hendi önnur fríðindi. Það er einfaldlega vegna þess, að beinum kaupgjaldsákvæðum geta þeir ákaflega léttilega velt af sér, og sú er reynslan a. m. k. síðasta áratuginn, að það hefur þeim tekizt býsna vel, en hins vegar ekki öðrum kjaraatriðum, sem eru annars eðlis.

Að lokum fagna ég því, að þetta mál skuli vera til svo til endanlegrar afgreiðslu í þinginu. Hér er um stórmál verkalýðshreyfingarinnar að ræða, mál, sem var algert undirstöðuatriði þess, að samningar nú gátu tekizt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. sagði þér nokkur orð. Ég hef vanalega haft ánægju af að hlusta á hann halda ræðu, þótt hann tala skynsamlega, en ég var í dálitlum vafa um það nú. Ég hef ekki heyrt það fyrr, að það hafi greitt fyrir samningunum, að þetta frv. var á ferðinni. Allir, sem ég hef talað við um þetta efni áður, hafa látið að því liggja, að það hafi verið aðalvörn vinnuveitenda, að þeir gætu ekki hækkað kaupið nema sem þessu svaraði, og gert meira úr því, hvað þetta væri mikil óbein kauphækkun, en raunverulega er. Satt að segja álít ég, að þessi vinnutímastytting sé ekki nema 5–9% kauphækkun. Ég álít, að þetta sé ekki meiri kauphækkun. En þeir töldu, að þetta væri 10–14%, þannig að ég held, að þetta hafi frekar spillt en bætt fyrir því að fá hækkað kaupið. En vera má, að það séu deildar meiningar um það.

Viðvíkjandi því, að þarna sé um vinnuvernd að ræða, þá held ég, að svo sé ekki, því að það er ekki gerð nein tilraun til að banna, að það sé unnið meira en 8 stundir. Það er því aðeins um kauphækkun að ræða, sem á að lögbjóða, óbeint. Það eru engar skorður reistar við því, að það sé unnið lengur, og þetta verður ekki nein vinnustytting nema þá í iðnaðinum, og það er ekki af því, að fólkið vilji þá vinnustyttingu, heldur vegna þess að það eru vinnuveitendurnir, sem hlífast við að láta vinna eftirvinnu og næturvinnu, og það verður því til að skaða fólkið. Íslendingar telja ekkert eftir sér að vinna, nema örfáir menn. En þeir vilja fá sem hæst kaup, og það er ekki nema eðlilegt, og það er atriði, sem ég var að benda á áðan, að ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar með vinnustyttinguna og lífeyrissjóðina, væri hægt að borga að skaðlausu 20% hærra kaup, og það þyrftu launþegar raunverulega að fá.

Í grg., sem var með þessu frv., var skýrt frá því, hver vinnutíminn væri í nágrannalöndum okkar. Þar búa menn yfirleitt við sómasamleg kjör á allan hátt, og vinnutíminn var alls ekki lengri hjá okkur, áður en þetta vinnustyttingarfrv. kom, og er nú orðinn styttri. Þeir eru tæknilega þróaðri en við, og við höfum nóg að gera í okkar landi. Þess vegna held ég, að það hafi ekki verið þörf á að fara niður í 37 stundir. Ég skyldi hafa greitt atkvæði með 40 stundum skilyrðislaust, því að vinnutíminn var ekki lengri, og það er hæfilegur vinnutími, átta stundir á dag, fyrir heilbrigt fólk, og það mætti gjarnan setja einhverjar skorður við því að hafa næturvinnu að óþörfu. Þótt ég telji, að það sé nauðsynlegt undir vissum kringumstæðum, þá er næturvinna óholl og leiðinleg fyrir þá, sem hana vinna. Hér er því verið að ganga inn á leið, sem ekki er hliðstæð í nágrannalöndum okkar. T. d. er eitt, sem er dálítið hættulegt í vinnulöggjöf okkar. Það er að telja það vinnu, sem ekki er unnið, og þetta gera nágrannaþjóðir okkar ekki. Ég hef talað við mann, sem var í Ameríku, og hann segir, að kaffitímar séu þar alls ekki. Þeir vinna 4 stundir fyrir kl. 12, frá kl. 8–12. Þeir mega hafa kaffi með sér á geymi og drekka það við vinnuna, en þar eru ekki kaffitímar eins og hér. Það er nefnilega siðferðilega séð dálítið hæpið að reikna það vinnu, sem ekki er unnið. Það er miklu frjálslegra og ánægjulegra fyrir fólkið sjálft, að það sé ekki talið vinnutími, þegar það vinnur ekki, og það er alveg eins gott að borga fólkinu hærra kaup og reikna bara raunverulegan vinnutíma.

Það er eins hægt að finna upp á að hafa matartímann í vinnutíma. Það er betra fyrir báða, bæði þann, sem vinnur og eins vinnuveitendann, að það sé reiknaður hinn raunverulegi tími, allt í lagi þótt hann sé styttri, það er betra fyrir vinnulegt siðgæði.

Við erum þarna komnir inn á leiðir, sem eru ekki tíðkaðar í öðrum löndum, þ. e. að telja það vinnutíma, sem ekki er unnið, og lögbjóða styttri vinnutíma en nágrannaþjóðir okkar hafa. Ef þetta væri til þess, að fólkinu liði betur, þá væri allt í lagi. Þarna er verið að ákveða kauphækkun með löggjöf. Fólkið átti sannarlega skilið að fá kauphækkun, en það átti að fá hana eftir öðrum leiðum og heilbrigðari leiðum. Annars skal ég ekki gera þetta frekar að þrætumáli. Þarna eru atriði, sem ég hef bent á, sem ég tel að séu til þess að gera vinnusiðgæði okkar lakara.

Viðvíkjandi sjómönnum og húsmæðrum væri á vissan hátt meiri þörf að tala um langan vinnutíma. Húsmæður, sem ekki hafa nema húsverkin, hafa litla vinnu, en vinni þær úti allan daginn og þurfa svo að bæta heimilisverkunum á sig, þá er vinnutíminn orðinn langur. Ég hefði gaman af að sjá þessa ágætu menn skipuleggja vinnutíma sjómannanna, þannig að vel henti, bæði að hann sé ekki of langur og eins að sjómaðurinn og þjóðfélagið í heild fari atvinnulega og fjárhagslega vel út úr því. Ég held, að það sé bezt að lofa því að vera svipað og það er. Sjómennirnir telja ekki eftir sér að fiska, þegar gefur á sjóinn og vel fiskast, en þeir vilja hvíla sig og skemmta sér, þegar ekki hentar að vera á sjónum. Það fer vel á því eins og það er. Má vera, að vissa daga sé gengið of langt, menn leggi fullmikið að sér, en menn þurfa á þessum tekjum að halda, og ég er ekki viss um, að þeir yrðu sérstaklega þakklátir, ef það væri farið að lögbjóða það, hvað þeir mættu vinna margar klst. í hverri viku.

Ég er sannfærður um það, að fólkið er ekkert þakklátt fyrir þessa vinnutímastyttingu. Það vildi hærra kaup, og það var eðlilegt. Ég hef ekki heyrt það á fólkinu, og þekki þó dálítið til, að það sé þakklátt fyrir það. Ef það ætti að kjósa um það, hvort það hefði 10% hærra kaup og sama vinnutíma og það hafði, leynilegri kosningu, þá er ég sannfærður um, að það vildi heldur 10% kauphækkun og löggjafinn léti hlutlausa þessa vinnutímastyttingu. Fólkið var ekkert leitt yfir því að þurfa að vinna. Það var leitt yfir því að hafa ekki vinnu. Það taldi ekkert eftir sér að vinna. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt hjá öllum að vilja hafa sem mest upp úr vinnu sinni. Reynsla mín er sú, að sanngjarnast í kaupkröfum er láglaunafólkið, en ekki hálaunafólkið, og eftir því sem manninum er borgað betur og meir látið eftir honum, eftir því krefst hann meira.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26:1 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

---

8. Happdrættislán vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi.

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið [99. mál] (stjfrv., A. 117).

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 117 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að skömmu eftir að ég tók við starfi fjmrh., kynnti ég mér, hvernig horfur væru með að koma af stað happdrættisláni vegna framkvæmda á Skeiðarársandi samkv. lögum þeim, sem samþ. voru hér á síðasta Alþ. Það kom í ljós að áliti Seðlabankans, að lög nr. 12 frá 23. marz 1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi mundu ekki reynast eins farsæl og gert hafði verið ráð fyrir. Það var mat stjórnar Seðlabankans, að skilyrðin fyrir happdrættisláninu væru ekki svo æskileg, að líkur væru á því, að bréfin mundu seljast verulega. Af þeirri ástæðu var farið að íhuga það, hvort ekki væri rétt að endurskoða málið og semja nýtt frv., þar sem þau happdrættisbréf, sem seld yrðu, yrðu gerð aðgengilegri. Í sambandi við þetta mál kynnti ég mér álit þm. Austf. á þessu máli, enda voru þeir einu hv. þm., sem leitað höfðu til mín og ýtt á málið við mig, svo að þess vegna lét ég þá hafa þann forgang í sambandi við þetta mál, og er ekki annan að saka en mig um þá ákvörðun að haga málinu svo til.

Niðurstaðan varð sú að athuguðu máli við stjórn Seðlabankans og þm. Austf., að rétt þótti að flytja þetta frv. og breyta kjörunum frá því, sem áður var, á þessum happdrættisskuldabréfum, sem selja átti. Og það, sem gert hefur verið í því sambandi, er, að nú á að binda endurgreiðslur höfuðstóls við vísitölu. Jafnframt er lagt til að hækka fjárhæðina úr 200 millj. kr. í 250 millj. kr. Enn fremur er lagt til, að fjmrn. ákveði, hve mikill hluti lánsins skuli boðinn út á hverjum flokki, og þykir það hagkvæmara í sambandi við sölumöguleika en áður var. Gert er ráð fyrir í þessu frv., eins og í lögunum, að 7% af heildarfjárhæðinni gangi til vinnings í happdrættinu, og er því haldið. En nú er ákveðið, að fjmrn. ákveði tölu vinninga, upphæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, sem tilgreindur verður á happdrættisskuldabréfunum.

Ég treysti því, að þessari breytingu verði vel tekið hér á hv. Alþ., enda á hún að tryggja það, að málið komi að þeim notum, sem stefnt var að með frv., þegar það var flutt hér í fyrra.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera að umræðuefni eða taka neina afstöðu til þess mats eða þeirrar spár, sem Seðlabankinn hefur haft um þau lög, sem samþ. voru á síðasta þingi um happdrættislán ríkisins, og sem verður þess valdandi, að þetta nýja frv. er flutt varðandi þetta málefni. Mig langar aðeins nú við 1. umr. að gera að umræðuefni einstök atriði, en þau fá, sem ég vil benda á.

Höfuðbreytingin, sem gerð er á gildandi lögum, er sú, að sú heildarlánsupphæð, sem ákveðið er að gefa út, er hækkuð um 50 millj. kr., úr 200 millj. í 250 millj. kr. Að sjálfsögðu hef ég ekkert við það að athuga. Þessi hækkun er ugglaust ákveðin vegna þess, að það hefur þótt sýnt, að ekki mundi veita af því að bjóða út þetta vegna kostnaðar við vegagerðina.

Annað veigamikið atriði, sem hér kemur til í þessu efni, er það, að gert er ráð fyrir að verðtryggja skuldabréfin, en það var ekki í þeim lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi. Út af fyrir sig má ætla, að skuldabréfin muni seljast betur með þessu móti, og það er þess vegna ekki ástæða til þess og sízt fyrir mig að hafa neinar aths. við það að gera. En að sjálfsögðu getum við ekki gengið fram hjá því, að sú ákvörðun verður að lokum til þess að auka kostnaðinn við þessa vegagerð, og ef hún er talin óhjákvæmileg, er ekkert við því að segja.

En það er eitt, sem ég tel sérstaklega, að ég þurfi að gera aths. við í sambandi við þetta lagafrv., og það er, að mér sýnist, að það, sem í gildandi lögum var fastákveðið, er nú að meira eða minna leyti bundið í heimildir. Í fyrsta lagi er það, að því er ekki slegið föstu, að skuldabréfin skuli verðtryggð, heldur er í 3. gr. sagt: „Heimilt er að verðtryggja skuldabréfin.“ Í annan stað er gerð um það till. í 6. gr., að fjmrn. ákveði tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag. Í lögum, sem eru í gildi, var þetta ákveðið. Þar voru ákveðnar tölur vinninga, og þar voru ákveðnir tveir útdráttardagar á ári. Hér er gert ráð fyrir, að dregið sé út einu sinni á ári, og hygg ég, að það muni þó heldur verða til þess að gera bréfin óútgengilegri en þau annars væru, ef tvisvar væri dregið. Í þriðja lagi er ekki heldur ákveðið, hversu stór hver flokkur um sig verði, sem gefinn er út, heldur er það á valdi fjmrn. að ákveða það hverju sinni.

Þetta má kannske ætla, að séu ekki veigamikil atriði. En ég hygg, að það sé þó rétt, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, reyni að gera sér grein fyrir því, hvort ekki væri affarasælla að binda þetta meira í fastar ákvarðanir í lögum en hafa jafnmarga hluti með heimildarákvæðum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 160).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. þetta og mælir með því einróma, að það verði samþ.

Frv. felur í sér nokkrar breyt. á lögunum, sem sett voru á síðasta þingi um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerðar á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Það er orðið mikið áhugamál, ekki einungis þeirra, sem búa í grennd við Skeiðarársand, heldur þjóðarinnar allrar, að það takist, áður en langur tími líður, að gera akfært sunnan jökla og tengja þar með akvegasambandið um landið allt. Skeiðarársandur er erfiðasti þröskuldurinn á hringveginum umhverfis landið. Það hefur stundum komið fram í ræðum manna, að svo muni hafa verið jafnvel frá fyrstu tíð byggðar hér á landi, en þessu er ekki alls kostar þannig farið. Að sönnu hefur Skeiðarársandur alltaf verið torfær og þurft varfærni til þess að komast þar leiðar sinnar, en á meðan hesturinn var aðalsamgöngutækið, þá voru þær torfærur, sem á Skeiðarársandi eru, yfirleitt yfirunnar og ekki látnar hindra ferðir manna, og fram yfir 1940 var haldið uppi reglubundnum ferðum landpósta þessa leið. En með aukinni tækni og með þeirri breytingu, að bifreiðarnar eru nú orðnar aðalsamgöngutækið á landi, þá hefur orðið afturför að því er varðar samgöngur yfir Skeiðarársand, á sama tíma og stórfelldar framfarir hafa átt sér stað víðast hvar annars staðar á landinu á þessu sviði. Nú á þessari öld hinnar miklu tækni má vitanlega ekki við svo búið standa, enda er ákveðið, að hafizt skuli handa á næsta ári um framkvæmdir vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, og mun það vera allri þjóðinni fagnaðarefni. Það mark hefur verið sett, að þessum framkvæmdum verði lokið á árinu 1974 og að vissu leyti tengt afmæli 1100 ára byggðar landsins. Væri vel, að þessu marki yrði náð, en þess er þó ekki að dyljast, að vegamálastjóri og verkfræðingar, sem undirbúa þessa mannvirkjagerð tæknilega, telja ekki fullvíst nú, að það heppnist að gera þessi mannvirki á svo skömmum tíma.

Það er vitanlegt, að þessi mannvirkjagerð hlýtur að verða mjög kostnaðarsöm, og sú fjáröflunarleið, sem fjallað er um í lögum um happdrættislán ríkissjóðs og þetta frv. gerir nokkrar breyt. á, er hugsuð sem þáttur í þeirri nauðsynlegu fjáröflun, sem verður að eiga sér stað í sambandi við vega- og brúagerðina á Skeiðarársandi. Þar sem ákveðið er, að framkvæmdir hefjist á næsta sumri, er vitanlega mjög nauðsynlegt, að sala á þeim happdrættisbréfum, sem hér er fjallað um, geti hafizt sem allra fyrst, og eigi síðar en á fyrstu mánuðum næsta árs. Þess vegna er ástæða til að hraða afgreiðslu þessa máls, þannig að það verði lögfest, áður en hlé verður gert á þingstörfum fyrir jól.

Aðalbreytingarnar, sem felast í þessu frv. frá lögunum, sem sett voru í fyrra, eru í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 250 millj. kr., í stað þess var áður ákveðið, að fjárhæðin yrði 200 millj. Hér er því um hækkun að ræða, sem nemur 50 millj., og vil ég vera svo bjartsýnn, að með þessu sé markið ekki sett of hátt í sambandi við þessa fjáröflunarleið.

Önnur breyting í þessu frv. felst í 3. gr. þess, þar sem heimilað er að verðtryggja skuldabréfin, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslur höfuðstóls við vísitölu. Með þessari breytingu er stefnt

að því að örva sölu bréfanna og gera hagnaðarvon þeirra, sem bréfin kaupa, meiri en lögin, sem sett voru í fyrra, ákveða, og ætti það að ýta undir, að þessi fjáröflunarleið verði gildur þáttur í þeirri fjármagnsöflun, sem fara þarf fram í sambandi við þessar framkvæmdir.

Þriðja brtt. felst í 6. gr. frv., en í lögunum frá í fyrra eru ákveðnir tveir útdráttardagar árlega næstu 10 ár, en sú breyting er nú gerð, að dregið skuli einu sinni á ári og fjmrn. ákveði tölu vinninga, fjárhæð þeirra og útdráttardag. Segja má, að með þeirri breytingu, sem ég nú síðast greindi frá, sé málinu vikið til á þann hátt, að það sé meira í heimildarformi en í lögunum, eins og þau voru sett í fyrra.

Ég hef átt þátt í því ásamt öðrum þm. Austf. að ræða þetta mál og fyrirhugaða framkvæmd á þeirri löggjöf, sem hér er fjallað um, við bankastjóra Seðlabankans, og eftir þær viðræður hef ég fulla ástæðu til að ætla, að það sé vilji þeirra og fyrirætlun í samráði við fjmrn., að eftir þessari leið, sem hér er fjallað um, verði aflað eins mikils fjármagns og auðið er til framkvæmdanna, og tel ég því ekki neina hættu á, að sú breyting, sem í 6. gr. felst, verði málinu til skaða. Það er því von okkar í fjhn., að hv. þd. fallist á þá till., sem n. gerir, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 117 er stjfrv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. og hefur nú hlotið afgreiðslu þar.

Hinn 23. marz s. l. voru afgreidd hér á hv. Alþ. lög nr. 12, en tilgangur þeirra var sá sami og þessa frv. um happdrættislán ríkissjóðs vegna brúa- og vegagerðar á Skeiðarársandi, að opna hringveg kringum landið. Skömmu eftir að ég kom í stjórnarráðið í sumar, ræddi ég við Seðlabanka Íslands um þetta mál, og þeir þm. Austf. höfðu rætt það við mig, að hraðað yrði afgreiðslu þess. Að dómi stjórnar Seðlabanka Íslands var talið óhyggilegt að framkvæma lögin, eins og þau höfðu verið samþ., vegna þess að þeir kostir, sem boðið væri upp á í útboðinu í sambandi við happdrættislánið, væru ekki svo æskilegir sem skyldi, og væri því nokkur hætta á, að sala bréfanna næðist ekki, og að þeirra ráði var horfið að því að flytja þetta frv. til þess að tryggja það, að tilgangur laganna næðist, að það fjármagn fengist, sem fyrirhugað var með upphaflega frv. Í sambandi við þá breytingu var einnig ákveðið að hækka fjárhæðina úr 200 í 250 millj. kr. og að binda endurgreiðslu höfuðstólsins vísitölu. Þá er og í þessu frv. gert ráð fyrir því, að fjmrn. ákveði, hve mikill hluti af þessu happdrættisláni verði sett á sölumarkað hverju sinni. Það var mat stjórnar Seðlabankans, að þessi leið mundi tryggja betur sölu bréfanna og það, að það fjármagn næðist, sem stefnt var að með þessu frv. Nú vil ég taka það fram, að þótt horfið hafi verið að þessu ráði, þá er ekki verið að gera lítið úr þeim, sem stóðu að frv. hér í fyrra og lagasetningunni þá, þó það hafi að yfirlögðu og athuguðu máli verið talið hyggilegra að ganga svo frá málinu, að salan væri nokkurn veginn örugg. Um þetta atriði hafði ég samráð við þm. Austf., sem, eins og ég áður greindi, höfðu rætt við mig um þetta mál og allir vita, að eru miklir áhugamenn um hringveginn, svo sem við erum allir, en þó þeir mest. Þetta frv. gekk greiðlega í gegnum hv. Ed., og ég vona, að svo verði einnig í þessari hv. d., að frv. fái hér samþykki og verði afgr. nú fyrir þinghlé. Ég held, að í því sé ekki neitt ágreiningsatriði, sem gæti haft áhrif á gang málsins.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að leggja stein í götu þessa frv. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að á síðasta þingi var mikill áhugi fyrir þeirri lagasetningu, sem heimilaði að gefa út happdrættisskuldabréf til þess að afla fjár í hringveginn, og mig minnir, að þau lög væru samþ. mótatkvæðalaust, a. m. k. í þessari d., og ég held einnig í hv. Ed. Það var rætt um það á milli þm., en ég held ekki í þingræðum, hvort nauðsynlegt væri að hafa heimild til að vísitölutryggja bréfin til þess að tryggja sölu þeirra, eins og sagt er, en að athuguðu máli fannst þm. ekki þörf á því, vegna þess að hér væri um mál að ræða, sem ætti hug ekki aðeins allra þm., heldur flestra landsmanna, og þess vegna mundu bréfin seljast, þótt þau væru ekki vísitölutryggð, auk þess sem hér væri um happdrættisskuldabréf að ræða og vinningar mundu gjarnan verða girnilegir, og það mundi hvetja landsmenn til þess að taka þátt í þessum kaupum ásamt því að styðja gott málefni, sem fjöldi manna hefði áhuga á.

Nú upplýsir hæstv. fjmrh., að Seðlabankinn hafi ekki talið ráðlegt að bjóða út bréfin til sölu, án þess að vísitölubinding væri með. Ég ætla ekki að gera lítið úr Seðlabankanum. Þeir, sem stjórna honum, hafa vitanlega reynslu í þessu, en ég hefði haldið, að þessi happdrættisbréf mundu seljast, án þess að vísitölutryggingin væri með. Og ekki er að efa það, að heppilegra væri fyrir vegasjóð að taka lán, sem ekki væri vísitölubundið. Reynslan hefur sýnt það, að vísitölubundin lán hafa hækkað býsna mikið, og hætt er við, að svo muni einnig verða eftirleiðis.

Ég vildi nú vekja athygli á þessu. En í þessu frv. er aðeins um það að ræða að veita heimild til þess að verðtryggja skuldabréfin. Það er ekki skylt samkv. frv., og það er vitanlega á valdi hæstv. fjmrh. og þá sennilega

hæstv. samgrh. einnig að meta það ásamt sínum rn., hvort þessi heimild verði notuð. Það er auðvitað alveg rétt, að tilgangslaust er að gefa út þessi bréf, ef þau ekki seljast. En ef þau seljast án vísitölutryggingar, þá er það mikið atriði fyrir vegasjóð að fá lán með þeim hætti frekar en þau séu vísitölutryggð.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu. Það er skoðun mín, og það var skoðun okkar allra, sem áttum sæti á Alþ. í fyrra, að bréfin mundu seljast, án þess að þau væru vísitölubundin. Ég tel svo eðlilegt að hækka heimildina, hafa 250 millj. í stað 200 millj., eins og er í lögunum, vegna þeirra hækkana, sem fram undan eru á vegagerðar- og brúagerðarkostnaði. Það veitir áreiðanlega ekkert af því.

Það var ágætt hjá hæstv. fjmrh. að hafa samráð við þm. Austf. Ekki ætla ég að gera lítið úr því. En ég vek athygli á því, að það var hv. 6. þm. Sunnl., sem kom með fsp. hér í þinginu í haust um það, hvað hefði tafið þetta mál, og ég held, að það sé enginn vafi á því, að þm. Sunnl. a. m. k. hafa mikinn áhuga fyrir þessu máli, og ég ætla flestir þm. Við Sunnlendingar höfum alveg sérstakan áhuga fyrir þessu, og ég tel það hagsmunamál fyrir Sunnlendinga, að þetta komist í kring.

Ég er ekkert að vitna í þetta, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, vegna þess að ég sé afbrýðisamur eða móðgaður út af því, að það skyldi ekki vera við okkur talað um leið og talað var við hv. þm. Austf. En ég spyr nú: Getur verið, að það hafi haft einhver áhrif á skoðun bankastjórnar Seðlabankans í þessu máli, að þeir hafi hugsað sér, að áhuginn væri aðallega á Austurlandi fyrir þessu máli? Ef svo væri, að bankastjórar Seðlabankans hafi hugsað sem svo, að áhugi fyrir þessu máli sé aðeins á Austurlandi, þá sé ekki við því að búast, að skuldabréfin seljist, nema þau séu gerð sérstaklega girnileg. Skoðun mín er, að áhuginn sé ekki aðeins á Austfjörðum og ekki heldur aðeins á Suðurlandi, heldur víða um land, hér í Reykjavík og víða um land. Og ég vil nú fara þess á leit við hæstv. fjmrh., að hann tilkynni bankastjórum Seðlabankans þetta og kanni, hvort það gæti haft nokkra breytingu í för með sér á skoðun þeirra á þessu máli. Ef bankastjórar Seðlabankans tryðu því, að það væri almennur vilji landsmanna að fá hringveginn og hraða honum sem mest, þá mætti vel vera, að þeir teldu óþarft að vísitölubinda bréfin, til þess að þau seljist.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Fyrst til þess að lýsa enn einu sinni yfir ánægju minni út af því, að hæstv. ríkisstj. hefur gert það að stefnumáli sínu að koma upp þessum vegi og þeim brúm, sem til þarf til að brúa bilið, sem ólokið er á hringveginum um landið. Eins og kunnugt er, er ákvæði um þetta í stjórnarsáttmálanum, og hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir sem sinni stefnu, að þetta bæri að gera á þremur árum.

Ég er meðmæltur þessu frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að Seðlabankinn telur, og þeir hafa þar, að manni skilst, æði mikla reynslu í þessu, tryggara, að bréfin seljist með því að vísitölutryggja þau, eða sem sagt hefur ekki nægilegt traust á því, að þau seljist án þess. Það mun hafa komið fram hjá Seðlabankanum, að þeir teldu mikils vert, hvernig tækist í fyrsta skipti, sem þessi happdrættislánaleið væri reynd nú um sinn, því að ef vel tækist til, mætti svo fara, að hægt væri að beita þessari fjáröflun meir en áður hefur verið gert. Ég hygg, að frá því sjónarmiði einnig hafi þeir í bankanum haft mikinn áhuga fyrir því, að það gæti gengið snurðulaust og hrukkulaust að koma út þessum bréfum. Af þessum sökum höfum við þm. af Austfjörðum, eftir að hafa heyrt skoðanir bankans á þessu, verið meðmæltir því, að sú lagabreyting ætti sér stað, sem hér er stungið upp á. Ég teldi óvarlega farið að hafa þessi ráð Seðlabankans að engu, vegna þess hve mikið við eigum hér í húfi.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að Seðlabankanum hefði kannske ekki verið kunnugt um áhuga þm. á Suðurlandi fyrir þessu máli, en ég held, að Seðlabankanum hafi hlotið að vera kunnugt um hann, vegna þess að þeir hafa látið hann í ljósi hvað eftir annað undanfarið og ekkert verið yfir þeim að kvarta í því. Ég held því, að það hljóti að hafa borizt til Seðlabankans, að þeir hefðu mikinn áhuga fyrir málinu. Hitt er annað mál, að ég veit ekki, hvort hv. þm. Sunnl. hafa heimsótt Seðlabankann sérstaklega út af þessu máli til þess að ýta á eftir því, eins og þm. Austf. hafa gert. Heldur er mér ekki kunnugt, hvort hv. þm. Sunnl. hafa s. l. sumar gengið oft á fund ríkisstj. til þess að ýta á eftir þessu, eins og þm. Austf. hafa gert. Það er langt frá því, að ég sé nokkuð að álasa þeim, þó að þeir hafi ekki gert það, því að vilji þeirra og áhugi hefur verið þekktur, og ég held, að það geti ekki verið, að Seðlabankinn hafi neitt misskilið í þessu. A. m. k. höfum við þm. Austf. alltaf, bæði í stjórnarráðinu og Seðlabankanum og alls staðar alveg sérstaklega dregið fram þennan áhuga þeirra og margra annarra þm. hvaðanæva af landinu, sem er almennur orðinn. Við höfum ekki sparað það. Ég held, að sé hér um mistök að ræða að hafa eingöngu sýnt okkur þm. Austf., en ekki neinum öðrum þetta frv., áður en það var lagt fram, þá hafi ríkisstj. í því eina afsökun, og hún er sú, að við séum þeir einu, sem höfum á s. l. sumri og í haust haft sérstakt samband við hana og Seðlabankann og vegamálastjóra út af þessu máli. Held ég, að hæstv. stjórn geti afsakað sig með því.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er einhver smávegis misskilningur hjá hv. 1. þm. Austf. Ég var ekki að tala um það, að Seðlabankanum hefði kannske ekki verið ljóst, að við Sunnlendingar hefðum áhuga fyrir því að fá hringveginn. Ég sagði, að Seðlabankanum hefði e. t. v. ekki verið ljóst, að það væri almennur vilji fyrir þessu, vilji allra þm. og vilji flestra landsmanna. Það var þetta, sem ég sagði. Hitt vissi ég, að Seðlabankinn vissi vel um hug okkar Sunnlendinga og þá sérstaklega minn, vegna þess að það lá fyrir bréf í Seðlabankanum, sem ég skrifaði í maímánuði s. l., um það, að þessu máli yrði hraðað. Ég skrifaði fjmrn., og fjmrn. skrifaði aftur Seðlabankanum, og ég er hér með afrit eða tilvitnun í bréf frá mér, þannig að það fer ekkert milli mála. En hv. 1. þm. Austf. hefur misskilið orð mín áðan, og það getur alltaf komið fyrir, og skal ég ekkert lasta það. Það getur komið fyrir okkur alla, en ég átti við almennan áhuga, en ekki aðeins okkar Sunnlendinga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér nú ekki hljóðs til að leggja dóm á það, hvorir hefðu meiri áhuga á þessu máli, hv. þm. Austf. eða hv. þm. Sunnl., og læt mig það ekki miklu skipta, hvorir meiri áhugann hafa. Hitt veit ég, að velflestir landsmenn hafa á því mikinn áhuga, að þjóðvegakerfi landsins í heild verði upp byggt, þannig að Ísland haldi ekki áfram að vera það vanþróaða land í vegamálum, sem það er. Ég tel þetta mál merkilegt, bæði vegna þess að þarna er fundin leið til þess að koma upp sérstöku vegamannvirki og einnig vegna hins, að vera má, að þarna sé vísir að almennri fjáröflunarleið til uppbyggingar þjóðvegakerfisins, sem ég tel náttúrlega enn stærra mál.

Ég kvaddi mér hljóðs aðallega vegna ummæla hv. 1. þm. Sunnl., þar sem hann lét einhver orð falla um það, að það gæti orðið dýrt fyrir vegasjóðinn að vísitölubinda skuldabréfin. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að það sé ríkissjóður, sem gefi út þessi skuldabréf og greiði bæði vinningana og vexti og afborganir af þessum lánum, en ekki vegasjóður. Það finnst mér skipta mjög miklu, og ef það væri á annan veg og hér væri verið að leggja alveg sérstaka byrði á vegasjóð, þá mundi ég hugsa mig betur um, áður en mál þetta verður endanlega afgreitt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég taka það fram, að eins og frv. ber með sér, þá er hér um að ræða happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, svo að það orkar ekki tvímælis, að ríkissjóður er hér aðili sá, sem er að taka þetta lán.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Sunnl., að vísitölutryggð bréf geta orðið dýr, en svo er einnig og ekki síður með erlend lán, sem hafa verið tekin til vegagerðar og hafa reynzt þjóðinni alldýr, þó að framkvæmdin hafi verið eftirsótt og enginn hafi viljað af henni sjá. Betra er þó, að það sé innlent fjármagn, sem þannig er tryggt, heldur en erlent.

Hitt vil ég svo segja út af þessum ábendingum frá Seðlabankanum í sambandi við happdrættislánið, að mér þótti það of mikil ábyrgð á minni hendi, ef ég hefði ákveðið án samráðs við nokkurn að láta málið ganga fram án þess að gera á því breytingu eftir að hafa verið aðvaraður um, að nokkur hætta gæti verið á ferðum, ef málið mistækist. Þess vegna var það, sem ég óskaði eftir því við Seðlabankann, að hann hefði samband við þm. Austf., sem hefðu rætt við mig um málið og sýnt á þessu mikinn áhuga, til þess að ekki væri teflt í neina tvísýnu. Þess vegna er þessi heimild hér fram komin, og það mun að sjálfsögðu verða skoðað mjög gaumgæfilega, hvort menn vilja taka á sig þá áhættu að bjóða þetta út, ef það mistækist, sem ég dreg í efa, að menn mundu gera, þegar það er skoðað í heild.

Út af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að þarna gæti orðið um tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð, eða fjárútvegunarstofn er nú réttara að orða það, þá hafði ég nú velt því fyrir mér um tíma, hvort þetta ætti ekki að verða stærra mál og tengja það þá fleiri vegum, en að athuguðu máli og til þess að ekki væri hægt að segja með neinum rétti, að verið væri að spilla fyrir þessu máli á einn eða annan hátt, þá varð það niðurstaðan í ríkisstj., að málið skyldi verða einangrað, eins og hér er gert, og reynt að tryggja framgang þess eins og frekast væri unnt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hygg, að það sé engin deila meðal landsmanna um það, að æskilegt væri að fá veg þarna austur, svo að við gætum skroppið austur yfir Skeiðarársandinn. Ég hef lítið ferðazt um Austurland, en mundi hafa mikla ánægju af að geta farið það. Ég er heldur ekki kunnugur þessari leið, en ég hef lesið um það, að þegar flóðin verða þarna á söndunum, þá sé það svipað og Amazonfljótið, en það er stærsta fljót í heimi. Ég man ekki, hvort það eru 3000 teningsmetrar af vatni á sekúndu, sem þeir telja, að þetta sé. Ég álít, að það væri ekki óhyggilegt að byggja dálítinn kafla þarna á söndunum, steypa trausta brú á einhverja kvíslina og byggja einhvern smávegarkafla og bíða eftir næsta flóði – það er sennilegt, að það fari að koma, það er svo langt síðan síðasta flóð kom – og sjá, hvernig þetta stæði. Ég held, að það sé dálítið óhyggilegt að rjúka í það núna að leggja veg yfir sandinn fyrir allt að 400 millj. – ég efast nú um, að búið sé að gera áætlun, sem trygg sé, enda alltaf breytilegt, hvað þetta kostar, það getur kostað yfir 400 millj. – svo kæmi e. t. v. flóð árið eftir að búið væri að fullgera veginn og færi með allt út í sjó. Það væri réttara að byggja dálítinn kafla, bíða svo eftir að flóðið kæmi, og þá væri hægt að læra af því, í fyrsta lagi hvort brýrnar og þessi vegarkafli stæðust og í öðru lagi á hvern hátt væri hagkvæmast að byggja veginn.

Viðvíkjandi hinu atriðinu um vísitölulánin, þá fór ég nú nokkrum orðum um það um daginn, að ef reiknað er með lánunum frá 1964, þá eru það allt að 30% vextir. Vonandi verður þessi stjórn betri en sú fyrri hvað gengislækkanir snertir, þannig að krónufjölgunin verði ekki eins mikil, en þó virðist mér eftir ýmsum veðrabrigðum að dæma, að talsverðar líkur séu til, að um hækkanir verði að ræða, m. a. af því hvað ríkisútgjöld hækka mikið, þannig að ég hygg, að þetta geti orðið dálítið dýrt, ef í fyrsta lagi kemur vísitala á bréfin og í öðru lagi færi vegurinn út í haf, þegar flóðið kæmi, svo að ég vildi helzt fara varlega í hvort tveggja, bæði að taka þessi vísitölulán og eins að leggja allan veginn, áður en nokkur reynsla er fengin fyrir, hvort vegurinn stendur þrátt fyrir þessi vatnsmiklu flóð. Og ég held satt að segja, af því að við höfum baslað þetta hingað til án þess að hafa veg yfir Skeiðarársand, að við gætum nú beðið 3–4 ár enn, án þess að ríkisbúskapurinn hallaðist mikið, þó að ég sé fús að styðja það, að vegur sé lagður þarna og m. a. s. góður vegur, svo framarlega sem álitið er, að hægt sé að treysta því, að hann verði varanlegur. Ég er á móti vísitölulánum, jafnt þessu vísitöluláni sem öðrum, ég tel, að ríkið ætti að hlutast til um það, ef ekki er hægt að selja bréfin án þess að taka vísitölulán, að fá lán á annan hátt, jafnvel þó að vextirnir væru eins og venjulegir útlánsvextir. Það væri hagkvæmara en vísitölulán.

Ég hef ekkert á móti frv. eins og það var í fyrra, að seld séu venjuleg bréf án vísitölu. Þá væri hægt að borga 10% vexti, þá væri það í lagi. En mér er heldur illa við þessi vísitölulán. Eins tel ég óviturlegt að rjúka í það að byggja veg yfir allan sandinn án þess að hafa reynslu fyrir því, hvort vegurinn þolir þetta eða ekki. Mér er

sagt, að verkfræðingar telji, að steyptar brýr standist þessi flóð, og það má vel vera. En það væri gott að prófa það fyrst, steypa eina brú og vita, hvort hún hyrfi. Þeir sögðu nú líka, að einhver garður stæði í Grímsey, og svo kom brim og skolaði honum öllum í burt, þannig að þeir eru eigi alvitrir, þessir verkfræðingar. Þetta eru nú mínar hugmyndir um þetta mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Það er náttúrlega ekki ætlazt til þess, að þessi vegur verði eingöngu til þess að fara eftir honum austur á land. Þetta verður hluti af hringleiðinni um landið, og menn fara þarna fram og aftur alla vega, ekki bara til þess að skoða Austurland, heldur verður þetta liður í ferðalögum manna. **(Gripið fram í:** Og að Löngumýri líka.) Og m. a. að Löngumýri, já.

Ég held, að hv. þm. hafi ekki, sem ekki er heldur von, kynnt sér þetta mál nægilega ítarlega, og ég efast ekki um, að hann kæmist að nokkuð annarri niðurstöðu, ef hann gerði það. Ég vil gefa þær upplýsingar, að símalína hefur staðið þarna á þessum slóðum, þar sem brýrnar eiga að vera, nálega áfallalaust í 30 ár, og á þeim tíma hafa komið mörg flóð. En flóðin eru að vísu mjög mismunandi stór, og síðan 1934 hefur ekki komið þarna neitt flóð, sem mundi granda þeim brúm, sem fyrirhugað er að byggja. Við skulum taka dæmið þannig, að af og til kæmu einhver flóð, sem færu með eitthvað af görðum, t. d. á 10 ára fresti eða svo. Það er auðvitað alger hégómi samanborið við þann ávinning, sem verður af veginum fyrir allt þjóðarbúið. Við skulum t.d. taka það dæmi, að framkvæmdin kosti 300–400 millj. eða svona þrjú togaraverð og að á 10 ára fresti færu mannvirki þarna, svo að við séum reglulega svartsýn, sem svöruðu til hálfs eða eins togaraverðs. Slíkt væri léttbært miðað við gagnið. Hér yrði sem sé um algera byltingu að ræða í öllu lífi þjóðarinnar, þegar veginum verður komið upp. Þessa áhættu sýnist vera skynsamlegt að taka og ekki sízt, þegar þess er gætt, hvað óralangt er síðan stórflóð hefur komið, sem hefði verulega áhættu í för með sér. Ég vil fara fram á það við hv. þm., að hann kynni sér þetta mál nánar og ræði t. d. við vegamálastjóra og menn hans um þessi efni.

Varðandi vísitölutrygginguna er þess að gæta, að við höfum samþ. hér stórfelldar lánsheimildir með vísitölutryggingu, þannig að það er ekkert sérstakt, þó að löggjöf yrði sett um það í þessu falli, og ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á, að það er afar þýðingarmikið, að þetta útboð mistakist ekki, vegna þess að þetta gæti orðið upphaf að fjáröflun í fleiri framkvæmdir, ef vel tækist til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 117, n. 213).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

9. Gjaldaviðauki.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 22 er kunnugt þeim hv. alþm., sem setið hafa hér á undanförnum þingum, en það er um heimild til þess að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Það hefur aldrei komið til neinna átaka um það hér í hv. Alþ. um, að það næði fram að ganga, og ég treysti því, að svo verði einnig nú.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 93).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka er samhljóða frv. um þetta efni, sem lögð hafa verið fram á mörgum undanförnum þingum. Fjhn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 22, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka, er gamall kunningi hér í hv. d. og er í sama formi og verið hefur um meðferð á slíku máli. Þetta mál hefur verið afgr. frá hv. Nd. með samhljóða afgreiðslu, og ég vona, að það verði eins hér í þessari hv. d. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 247).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. d. hefur fjallað um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka. Óþarft mun að eyða mörgum orðum að þessu frv. Frv. svipaðs efnis hafa verið samþ. hér á Alþ. um margra ára skeið, og er þarna einungis um það að ræða, að heimilt er að innheimta tiltekin gjöld með sama hætti og gert hefur verið áður, stimpilgjöld og gjöld af innlendum tollvörutegundum og fleiri gjöld. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 258).

---

10. Vörugjald.

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:
Frv. til l. um vörugjald [121. mál] (stjfrv., A. 157).

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 157 er frv. til l. um vörugjald. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að með aðild Íslands að EFTA skuldbatt Ísland sig til að afnema í áföngum á tímabilinu 1972–1975 innflutningshömlur á sælgæti og öðrum vörum, sem tollvörugjald hefur verið innheimt af, til þess að skapa jafnræði milli innfluttra vara og innlendra. Því varð að breyta núgildandi lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innfluttum tollvörum. Frv. miðar að því, að hvað snertir álagningu gjalda þessara séu innlendir framleiðendur og innflytjendur nákvæmlega jafnt settir í þessu tilfelli.

Þau vandkvæði komu fram í sambandi við gerð þessa frv., að ýmis styrktarfélög hafa haft sérstakt gjald af þeirri framleiðslu, sem hér er fjallað um, svo sem sælgæti, öli og gosdrykkjum o. fl. Ef þetta gjald átti að haldast áfram, sat íslenzk framleiðsla við verri hlut en innflutningurinn, og því var lögð nokkur vinna í það að ná samkomulagi um, hvernig með þetta mál yrði farið. Niðurstaðan hefur svo orðið sú, að ríkissjóður greiðir til aprílloka n. k. Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra það gjald, sem ákveðið var af hverju kg af sælgæti, en þá munu lögin falla úr gildi. Hins vegar er gert ráð fyrir því, og verður gert ráð fyrir því á fjárlögum, að þessi samtök fái sömu fjárhæð áfram og verið hefur, þó að lögin falli úr gildi.

Kveðið er á í lögunum, að ríkissjóður skuli greiða til júníloka 1976 framlag til Styrktarfélags vangefinna 1.95 kr. af hverjum lítra, sem framleiddur er af öli, sbr. lög nr. 78 frá 1966. Sérstakt gjald, sem Hjartavernd hafði, er fallið úr lögunum, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessir aðilar fái sömu fjárhæð á fjárlögum næsta ár og þeir hefðu fengið samkv. þeim ákvæðum, sem gilt hafa og þessi markaði tekjustofn aflaði þessum samtökum.

Í sambandi við þetta frv. er rétt að vekja athygli á því, að þar er sett það ákvæði, að skylt er að merkja allar smásöluumbúðir innflutts sælgætis með nafni innflytjandans eða umboðssala. Nánari ákvæði um þetta yrðu sett í reglugerð, en þetta er gert með tilliti til þess, að vegna hárra tolla og vörugjaldsins verður eflaust uppi mikil viðleitni í sambandi við þetta til að smygla til landsins erlendu sælgæti. Á að koma í veg fyrir það með því, að hið löglega innflutta sælgæti, sem greiddir hafa verið af tollar og vörugjald svo sem lög þessi munu mæla fyrir um, verði merkt innflytjandanum eins og áður greinir. Hér er því um það að ræða að tryggja, að þessi lög komi ekki til með að leiða af sér ólöglegan innflutning á þeim vörum, sem hér um ræðir.

Þetta frv., sem hér er til 1. umr., felur ekki í sér neina nýja tekjuöflun. Hér er aðeins um það að ræða, að skipta þessu framleiðslugjaldi á milli innflutnings og þess sælgætis, sem í landinu er framleitt, og gert til þess að koma í framkvæmd þeim hluta EFTA-samningsins, sem þetta varðar.

Ég treysti því, að um þetta mál verði ekki skiptar skoðanir hér á hv. Alþ., og þó að það sé ekki fyrr á ferðinni, þá leyfi ég mér að fara þess á leit við hv. d., að hún hraði afgreiðslu málsins, því að það þarf að verða að lögum fyrir næstu áramót, því að upp úr þeim getur innflutningur hafizt, og ég treysti hv. alþm. til þess að greiða fyrir því.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 189).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, orðið sammála um afgreiðslu þess og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 157, 224).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. flytur nú við 3. umr. þessa máls þrjár brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 224. Fyrsta brtt. er nánast leiðrétting á skakkri tilvísun í lög. Um hinar tvær brtt. vil ég taka þetta fram: Eftir að málið hafði verið afgr. við 2. umr. hér í d., kom fram ábending frá Félagi ísl. stórkaupmanna og Sambandi ísl. samvinnufélaga um það, að erfitt kynni að reynast að fullnægja þeim ákvæðum, sem felast í 7. og 9. gr. frv. um merkingar á smásöluumbúðum sumra þeirra vörutegunda, sem hér er um að ræða. Þetta á við sælgæti, t. d. karamellur og annað slíkt sælgæti, sem er selt þannig, að smásöluumbúðirnar eru raunar aðeins á smæstu einingum vörunnar. Fjhn. tók þessar ábendingar til athugunar, ráðgaðist um málið við deildarstjóra í fjmrn., Björn Hermannsson, og varð sammála um það að taka þessar ábendingar til greina á þann hátt að gefa ráðuneytinu nokkru rýmri hendur varðandi merkingu smásöluumbúðanna en í frv. felst, eins og það liggur hér fyrir nú. Að því lúta þær brtt. fjhn., sem ég áðan nefndi, þ. e. 2. og 3. brtt. á þskj. 224.

ATKVGR.
Brtt. 224,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
– 224,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
– 224,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 239).
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 239, n. 248).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um vörugjald. Frv. hefur verið afgr. í Nd., og á fundi fjhn. Ed. gerði Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri nokkra grein fyrir þessu máli og gaf ýmsar upplýsingar. Fjhn. Ed. hefur nú ekki fjallað jafnítarlega um málið eins og fjhn. Nd., en hefur aflað sér upplýsinga um eðli þess.
Það liggur fyrir, að hér er um að ræða, að skapað verði jafnræði milli innlendra og innfluttra vara hvað snertir ákveðnar álögur á þessar vörutegundir. Samkv. samkomulagi Íslands um aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu verða innflutningshömlur á sælgæti afnumdar í áföngum á árunum 1972–1975. Jafnframt verða tollar á innfluttu sælgæti frá aðildarríkjum EFTA lækkaðir á árunum 1970–1980 í ákveðnum áföngum. Má því segja, að flutningur og samþykkt þessa frv. sé bein afleiðing téðra ákvæða í samningnum um aðild Íslands að EFTA. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 259).

---

11. Framkvæmdastofnun ríkisins.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins [86. mál] (stjfrv., A. 96).

Á 14. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má segja, að í frv. þessu á þskj. 86 um Framkvæmdastofnun ríkisins felist einkum eftirtalin meginatriði:
Efling atvinnuveganna skal í framtíðinni byggð á skipulegum áætlunarvinnubrögðum. Er því í frv. að finna allítarleg ákvæði um margvíslega áætlanagerð og hagrannsóknir áætlunum til undirbúnings. Áætlanagerð og fjármagnsöflun er tengd saman hjá einni

stofnun, þannig að samræmi og samstarf sé um áætlun, ákvörðun um framkvæmd og fjáröflun og fjármagnsráðstöfun til hennar. Stofna skal til samstarfs margra aðila um áætlanagerð, sem til þessa hafa haft of litla samvinnu sín á milli. Er þar um að ræða opinberar stofnanir, aðila vinnumarkaðarins, rannsóknar- og vísindastofnanir, lánastofnanir og fleiri aðila. Með slíku samstarfi má fá betri og öruggari yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn og forðast margvísleg mistök og óþarfan kostnað. Starfsemi þriggja stofnana, Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, sem eftir frv. á að nefnast Byggðasjóður, er tengd saman í einni stofnun og lögð undir eina stjórn. Mörkuð er eindregin byggðaþróunarstefna, sem byggð skal á sérstakri áætlanagerð, sem gerð skal í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga, verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Byggðasjóður er stórefldur með sérstöku framlagi úr ríkissjóði næstu 10 árin. Auk þess er framkvæmd byggðaáætlunar byggð með traustum tengslum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar eru og ákveðnar á hverjum tíma. Framkvæmdastofnun ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja. Hún getur annazt rannsóknir, áætlanir og annan undirbúning að stofnun þeirra, tryggt þeim eðlilegt lánsfé til stofnunar og starfrækslu og samið síðan við aðila atvinnuveganna um að hrinda málinu í framkvæmd. Tekin er upp tiltekin heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Sú fjárfestingarstjórn er fyrst og fremst óbein og er fólgin í áætlanagerðinni, skipulagningu fjármagnsöflunar til þeirra framkvæmda, sem forgang eiga að hafa, og samræmingu útlána opinberra stofnlánasjóða og þeim víðtæku áhrifum, sem framkvæmdastofnunin getur haft á allt lánakerfið. Þá getur og Framkvæmdastofnunin sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

Þetta eru þau höfuðatriði, sem stefnt er að með þessu frv., þau aðalsjónarmið, sem í því felast. Það er byggt á málefnasamningi stjórnarflokkanna, en þar segir:

„Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlunargerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnunin skal gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greindar eru þær fjárfestingarframkvæmdir, sem forgang skulu hafa. Stofnunin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið, að falli undir hana. Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein."

Enn fremur segir: „Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæða þykir til."

Þetta frv. er í samræmi við þessi fyrirheit málefnasamningsins og miðar að því að koma þeim í framkvæmd. Ég hygg, að naumast sé lengur deilt um gildi margvíslegrar áætlanagerðar í nútímaþjóðfélagi. Þær eru víðast hvar viðurkenndar sem mikilvægt hagstjórnartæki. Á það í rauninni jafnt við, hverjar svo sem stjórnmálaskoðanir manna eru og hver sem þjóðfélagslegu markmiðin eru, sem keppt er að. Mönnum verður æ ljósara, að mistök vegna þekkingarleysis og skipulagsleysis eða vegna rangra ákvarðana og markmiða geta eigi aðeins skipt sköpum fyrir fyrirtæki, heldur einnig valdið alvarlegum áföllum í efnahagslífi og framfarasókn þjóðar. Þess vegna er það, að háþróuð nútímaþjóðfélög og stórfyrirtæki beita í æ ríkara mæli stöðugri, víðtækri og nákvæmri áætlanagerð til þess að forðast ýmiss konar byrjunarmistök og ná sem fullkomnastri nýtingu allra framleiðsluþátta til hagsbóta jafnt fyrir einstaklinga og þjóðfélagsheildina. Það segir sína sögu, að engir verja hlutfallslega meira fjármagni í margvíslega áætlanagerð, rannsóknir og tilraunir en stærstu og voldugustu auðhringar veraldar, enda þótt þeir séu að öðru leyti reknir eftir ströngustu lögmálum einkaframtaks og gróðahyggju. Svo nauðsynleg sem áætlanavinnubrögð eru stórþjóðum, eru þau þó enn nauðsynlegri smáþjóð eins og okkur Íslendingum. Smáþjóð með takmörkuð efni á nær öllum sviðum hefur ekki efni á mistökum, sem hægt er að komast hjá með skynsamlegum búskaparháttum. Hún er viðkvæmari fyrir mistökum við uppbyggingu atvinnulífs en stórþjóð, sem hefur gnægð framleiðsluþátta og á margra kosta völ. Hún hefur ekki efni á þeirri sóun, sem felst í tvíverknaði og margverknaði í rannsóknarstörfum, upplýsingasöfnun og áætlanagerð. Þess vegna er þörf á að koma fastara skipulagi á þessi málefni hér hjá okkur en verið hefur. Við eigum að mínu áliti að stefna að skipulegum áætlanabúskap í framtíðinni. En hann þarf að byggja á vel gerðum og traustum grunni. Þetta frv., ef að lögum verður, miðar að því að skapa slíkan grunn.

Því verður ekki neitað, að félagshyggju hefur talsvert gætt í þjóðarbúskap okkar. Ég nefni þar t. d. margháttaða starfsemi samvinnufélaganna. Þegar á heildina er litið, verður það þó líklega að teljast einkenni á íslenzku efnahagskerfi og á íslenzkum þjóðarbúskap, að hann hefur í meginatriðum þróazt samkv. lögmálum einkaframtaks og einstaklingshyggju, og því miður hefur handahófið allt of oft verið þar áberandi einkenni. Það kannast t. d. allir við, hvernig viðbrögðin hafa verið, þegar vel hefur árað í einhverri atvinnugrein um sinn. Þá hafa menn þyrpzt þangað án skynsamlegrar athugunar, fjárfest þar án fyrirhyggju og án tillits til almennra þjóðfélagsaðstæðna. Á slíkum ævintýrum hefur oft orðið snögglegur og sorglegur endir. Það er saga, sem allir þekkja og óþarft er hér að rekja.

Því skal ekki neitað, að nokkrar tilraunir, ekki hvað sízt á síðari árum, hafa verið gerðar til skipulags á vissum sviðum og til áætlunarvinnubragða og nokkuð hefur verið unnið að áætlunum í tilteknum greinum og á afmörkuðum sviðum. En þessar tilraunir hafa verið nokkuð fálmkenndar og ósamræmdar. Þar hefur ekki hvað sízt á skort, að framkvæmd áætlana hefur ekki verið nægilega tryggð, vegna þess að áætlanagerðin hefur ekki verið tengd fjármagnsöflun, svo sem þurft hefði að vera. Við þessa áætlanagerð hefur þó fengizt nokkur reynsla. Við höfum því þegar á að skipa nokkrum efnilegum mönnum, sem hafa aflað sér þekkingar og öðlazt starfsreynslu á þessu sviði. Lögð

verður áherzla á að nýta starfskrafta þessara manna í hinni nýju stofnun.

Með þeirri lagasetningu, sem hér er fitjað upp á, er ætlunin að taka mál þessi öll nýjum og fastari tökum en áður, skoða þau meira heildstætt, samræma áætlanagerðir, tengja þær sem mest inn í eina stofnun undir sameiginlegri stjórn, en hafa þó jafnan náið samráð við þá aðila, sem í hlut eiga hverju sinni. Enn fremur er lögð rík áherzla á hinn rétta og nauðsynlega grundvöll áætlana. Rannsóknirnar og þekkinguna má sízt af öllu vanta.

Það skal skýrt tekið fram, að með frv. þessu er ekki vegið að einstaklingsframtaki. Það er síður en svo ætlunin að leggja fjötur á einkaframtak. Þvert á móti geta rannsóknir og áætlanagerð orðið heilbrigðu einkaframtaki og félagsframtaki ómetanlegur stuðningur. Framkvæmdastofnunin á einmitt að verða aflvaki nýrra fyrirtækja. Hún á að rétta atvinnuvegunum örvandi hönd alveg án tillits til þess, í hvaða formi atvinnurekstur inn er. Hún á fyrst og fremst að meta arðsemi og þjóðhagslegt gildi atvinnugreina og fyrirtækja.

Eins og frv. þetta ber með sér og ég hef þegar sagt, er Framkvæmdastofnuninni ætlað það hlutverk að semja áætlanir, bæði áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, enn fremur landshlutaáætlanir og áætlanir um einstakar atvinnugreinar. Stofnunin á enn fremur að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Er rétt, eins og ég vék að áðan, að undirstrika sérstaklega þann þátt í verkefnum hennar. Hann má að mínum dómi ekki falla í skuggann. Henni er sem sagt ætlað að hafa ákveðna forustu í atvinnumálum. Sú forusta getur verið með ýmsu móti bæði bein og óbein, ef svo má segja. En lögð er rík áherzla á, að stofnunin hafi náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein. Ennfremur ber Framkvæmdastofnuninni í samvinnu við landshlutasamtök að stuðla að þróun byggðar og atvinnulífs í hverjum landshluta. Verður síðar vikið nánar að hlutverki hennar í sambandi við byggðaþróunina. En af öllu þessu er auðsætt, að það eru margs konar áætlunarverkefni, sem koma í hlut Framkvæmdastofnunarinnar.

Samkv. því, sem nú hefur verið rakið, verða áætlanir hvers konar og hagrannsóknir höfuðverkefni Framkvæmdastofnunarinnar og má segja hennar frumverkefni. Er sérstök ástæða til að undirstrika gildi og mikilvægi hagrannsóknanna, ekki aðeins sem undirstöðuatriðis áætlana, heldur og fyrir mótun þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgja á fram á hverjum tíma. Í þeim efnum verður Framkvæmdastofnunin ríkisstj. til ráðuneytis með svipuðum hætti og Efnahagsstofnunin hefur verið. Má sérstaklega benda á, að hagrannsóknadeild annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Verður starfsemi hagrannsóknadeildarinnar því skynsamlegum ríkisbúskap og þjóðarbúskap óhjákvæmileg undirstaða.

Annað höfuðverkefni Framkvæmdastofnunarinnar verður forsjá tiltekinna fjárfestingarsjóða og lánveitingar úr þeim, samræming lánastefnu og heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Það er nokkuð augljóst mál, að samfærsla fjárfestingarsjóða, sem þjóna svipuðu markmiði, á einn stað og undir eina stjórn horfir til hagræðingar. Því ætti að öðru jöfnu að fylgja verksparnaður og minni kostnaður fyrir hið opinbera. Kostir þess fyrir þá, sem erindi eiga við sjóðina, liggja nokkuð í augum uppi. Því fylgir ekki lítið óhagræði og kostnaður að þurfa að sækja um fyrirgreiðslu til fleiri aðila, að þurfa að þvælast frá einni stofnun til annarrar. Þá píslargöngu þekkja margir af eigin raun. Þá sögu þarf ekki að rekja hér. Mér þykir því líklegt, að margir taki að stefnu til undir það, að æskilegt sé að sameina eða samtengja hina ýmsu lánasjóði, sem settir hafa verið á fót. Kerfið, sem við nú búum við í þeim efnum, er allflókið, sjóðirnir tiltölulega margir, en smáir og sundurleitir, og stjórn þeirra og starfsemi með mismunandi hætti. En hitt er svo annað mál, að þegar til framkvæmdanna kemur, geta verið á því ýmsir tæknilegir örðugleikar.

Eins og áður er sagt, er um þetta mælt svo í málefnasamningi stjórnarflokkanna, að stofnunin skuli fara með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið, að falli undir hana. Niðurstaðan hefur orðið sú, að í þessu frv. og að þessu sinni er aðeins lagt til, að Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður, sem nefnist hér eftir Byggðasjóður, eins og áður er sagt, eru lagðir undir Framkvæmdastofnunina. Hins vegar er gert ráð fyrir, að svo kunni að verða ákveðið síðar, að fleiri lánasjóðir verði fengnir Framkvæmdastofnuninni til forsjár.

Rétt þykir að gera hér örstutta grein fyrir þeim sjóðum, Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, sem hér er lagt til, að falli undir Framkvæmdastofnunina. Vík ég þá fyrst að Framkvæmdasjóðnum.

Framkvæmdasjóður var stofnaður með lögum nr. 66 frá 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. I. kafli þeirra laga fjallar um Framkvæmdasjóðinn, og er efni þess kafla í sem stytztu máli það, að sjóðurinn tekur við eignum og skuldum Framkvæmdabanka Íslands, sem er lagður niður, og við hlutverki hans í megindráttum. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, en Seðlabankinn annast umsjón hans og rekstur og undirbýr fyrir stjórnina áætlanir um lánveitingar. Framkvæmdasjóður veitir fé til opinberra fjárfestingarsjóða og til meiri háttar opinberra framkvæmda, en ekki til einstakra framkvæmda á vegum einstaklinga og félaga. Sjóðurinn hóf starfsemi sína í ársbyrjun 1967 og liggja nú fyrir reikningar fjögurra ára. Á þessum fjórum árum voru útlán sjóðsins þessi: Árið 1967 námu þau 170 millj., 1968 námu þau 272 millj., 1969 námu þau 602.1 millj. og 1970 námu þau 324.7 millj. Eins og sagt var, er þessi sjóður eins konar sjóður sjóðanna, og lán hans hafa að langmestu leyti gengið til annarra lána- og fjárfestingarsjóða. Þannig hefur verið lánað til Atvinnujöfnunarsjóðs, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, veðdeildar Búnaðarbankans, Iðnlánasjóðs, Verzlunarlánasjóðs, Byggingarsjóðs verkamanna, Ferðamálasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Lánasjóðs sveitarfélaga. Langmestu af umráðafé sjóðsins hefur verið varið í lánveitingar til þessara sjóða, en nokkur lán og á sumum árunum talsverð hafa auk þess verið veitt til opinberra framkvæmda. Og nokkuð hefur verið veitt í annað sundurgreint, þó naumast verulega nema árið 1969. Á

þessu fjögurra ára tímabili eða í árslok 1970 námu heildarútlán sjóðsins, og er þá miðað við forvera hans einnig, Framkvæmdabankann, 3499.9 millj. kr., en höfuðstóll og varasjóðir námu þá 473 millj. kr., og er þá höfuðstóll Mótvirðissjóðs, sem nam 410 millj. kr., ekki með talinn.

Atvinnujöfnunarsjóður tók til starfa á árinu 1966 og starfar samkv. lögum nr. 69 frá 12. maí 1966. Með þeim lögum voru úr gildi felld lög um Atvinnubótasjóð frá árinu 1962, en eignir hans runnu til Atvinnujöfnunarsjóðs. Að öðru leyti var stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs framlag úr ríkissjóði, 150 millj. kr., sem greiðast skyldi með jöfnum fjárhæðum árlega á 10 árum og mótvirðisfé samkv. c- og d-lið 2. gr. laganna, sem nam alls um 78 millj. kr. Auk þess lagði ríkissjóður sjóðnum til 50 millj. kr. samkv. fjárlögum 1969. Í lögunum er Atvinnujöfnunarsjóði lagður til fastur tekjustofn af skattgjaldi álbræðslunnar í Straumsvík. Á árinu 1970, sem var fyrsta árið, sem sjóðurinn naut þessara tekna, námu þær 41.4 millj. kr. Sjóðurinn lýtur stjórn sjö þingkjörinna manna, en er í vörzlu Landsbanka Íslands, sem annast bókhald og daglega afgreiðslu. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs og skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að björgulegar byggðir og byggðahlutar fari í eyði. Í árslok 1970 var höfuðstóll sjóðsins 290 millj. kr., en heildarútlán að meðtöldum skuldabréfum Norðurlandsáætlunar og atvinnumálanefndar ríkisins námu 727 millj. kr. Á því tímabili, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa bæði verið veitt úr honum lán og styrkir. Á þessu fimm ára tímabili, eða til ársloka 1970, hafa verið samtals veitt 677 lán að upphæð 306.2 millj. Á sama tíma hafa verið veittir 89 styrkir að upphæð 22.2 millj. kr. Auk þess veitti sjóðurinn styrki til atvinnumálanefndar Norðurlands, alls 22 millj. kr., á árunum 1966–1969 og til togaraflotans samkv. sérstökum fjárveitingum Alþ. 1969 og 1970 20 millj. hvort ár. Lán þessa sjóðs eru yfirleitt frá 8–12 ára og með 6% vöxtum.

Á árinu 1969 fól ríkisstj. Atvinnujöfnunarsjóði að annast lánveitingu og aðstoð við framkvæmdir í samræmi við tillögugerð í atvinnumálakafla Norðurlandsáætlunar innan ramma þeirrar fjáröflunar, sem ríkisstj. ákvað. Í samræmi við það tók Atvinnujöfnunarsjóður lán hjá Framkvæmdasjóði í þýzkum mörkum að upphæð 176 millj. kr. Á árunum 1969 og 1970 voru af þessu fé veitt 34 lán að upphæð 146 millj. kr. Lánin eru með 8% vöxtum, og er meiri hluti þeirra til að flýta opinberum framkvæmdum og endurgreiðist á 2–3 árum, og verður féð þá endurlánað atvinnufyrirtækjum. Önnur lán eru til 8–10 ára. Á árinu 1969 voru samþ. á Alþ. lög um aðgerðir í atvinnumálum. Með þeim var atvinnumálanefnd ríkisins falið að veita lán og styrki til atvinnuframkvæmda og atvinnuaukningar. Rann starfstími nefndarinnar út í árslok 1970, og tók þá Atvinnujöfnunarsjóður við skuldum, sem til hafði verið stofnað vegna starfsemi nefndarinnar, svo og eignum. Ber sjóðurinn ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess fjár, sem aflað var. Á þessum tveimur árum úthlutaði nefndin 267 lánum að fjárhæð 400 millj. kr. Af þeim höfðu verið afgreiddar 284 millj. kr. í árslok 1970, enda voru aðeins 300 millj. til ráðstöfunar, 200 millj. kr. erlent lánsfé og 100 millj. kr. innlent. Sum lánin eru til skamms tíma, og verður það fé endurlánað.

Þetta örstutta yfirlit yfir þessa tvo sjóði, sem gert er ráð fyrir, að renni undir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, þótti mér rétt að gefa hér.

Aðrir opinberir lánasjóðir en þeir, sem lagt er til, að falli undir Framkvæmdastofnunina, eru þessir helztir: Fiskveiðasjóður, en í árslok 1970 nam eigið fé hans 1409.4 millj. króna. Fiskimálasjóður, höfuðstóll hans nam við síðustu áramót 138.2 millj. kr. Stofnlánadeild landbúnaðarins, en eigið fé hennar nam í árslok 1970 169 millj. kr. Veðdeild Búnaðarbankans, en eigið fé hennar nam í árslok 1970 17 millj. kr. Framleiðnisjóður landbúnaðarins, en höfuðstóll hans í árslok 1970 var 30.2 millj. kr. Iðnþróunarsjóður, en innborgað stofnfé hans um síðustu áramót nam 310 millj. kr., en eigið fé 5.4 millj. kr. Iðnlánasjóður, en höfuðstóll hans var í árslok 1970 280 millj. kr. Verzlunarlánasjóður, en höfuðstóll hans nam um síðustu áramót 1.5 millj. kr. Atvinnuleysistryggingasjóður, en í árslok 1970 nam höfuðstóll hans 1691 millj. kr. Enn fremur má svo nefna sjóði eins og Ferðamálasjóð, Lánasjóð sveitarfélaga og Orkusjóð. Auk þess mætti nefna Byggingarsjóð ríkisins, sem eingöngu lánar til íbúðabygginga.

Tölur þær, sem ég hef hér nefnt um eigið fé og höfuðstól, segja í sjálfu sér ekkert til um útlán sjóðanna, því að margir þeirra starfa að mestu leyti með lánsfé. En ég sé ekki ástæðu til í þessu sambandi að gera grein fyrir skipulagi þeirra og starfsemi, þar sem ekki er lagt til, að þeir verði lagðir undir Framkvæmdastofnunina. Um suma þeirra kemur slíkt til álita síðar, að fenginni reynslu af stofnuninni, en um aðra kemur slíkt vart til greina. Um flesta eða alla þessa sjóði gildir það, að um þá eru sérstök lög, og sumir þeirra eiga sér sérstæðan uppruna og tilteknar félagslegar forsendur. En þó að ekki þyki rétt að svo stöddu að færa neinn þessara sjóða til Framkvæmdastofnunarinnar, gildir það um þá alla, að við þá verður stofnunin að hafa náið samstarf, ef vel á að vera. Fyrir því er sérstaklega gert ráð, bæði í 12. og 15. gr. frv. Góður árangur af starfi stofnunarinnar er ekki hvað sízt undir því kominn, að vel takist til um þetta samstarf, því að það er augljóst mál, að ásamt vandaðri áætlunargerð er samhæft og samvirkt lánakerfi eitt áhrifamesta tæki til að veita atvinnuþróuninni í eðlilega átt. Það er og án efa æskilegast, að hægt sé að hafa viðhlítandi vald á fjárfestingunni með þeim hætti, að ekki þurfi að grípa til annarra ráðstafana. En náist ekki fullnægjandi árangur með þeim hætti, er Framkvæmdastofnuninni heimilt að setja almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Ég tel ástæðu til að undirstrika, að hér er aðeins um að ræða heimild til að setja almennar reglur. Það er ástæða til þess, því að ef að vanda lætur verða einhverjir sem hrópa: Höft, leyfakerfi, skömmtun. Hér er ekki um neitt slíkt að tefla. Það er ekki verið að taka upp nein höft eða leyfakerfi. Það þarf ekki samkv. þessum væntanlegum lögum að sækja um neitt leyfi til einstakra framkvæmda, hvorki stórra né smárra. Þær almennu reglur, sem hér geta komið til greina, eiga ekkert skylt við leyfakerfi og skömmtun fjárhagsráðsins

sáluga, en allir vita eða ættu að vita, hverjir fyrst og fremst stóðu að því.

Ég ætla að láta þessar almennu hugleiðingar um málið nægja, en skal nú gera nokkru nánari grein fyrir frv. í einstökum atriðum.

Í I. kafla frv. er fjallað um hlutverk stofnunarinnar og skipulag. Um það segir í 1. gr. með almennum orðum, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé sjálfstæð stofnun, sem sé ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. því, sem nánar er fyrir mælt í lögum. Verkefnin eru svo auðvitað nánar útfærð í II.–VI. kafla frv.

Framkvæmdastofnunin lýtur yfirstjórn þingkjörinnar sjö manna nefndar. Ríkisstj. skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna. Um verkefni stjórnarinnar eru fyrirmæli í 3. gr. frv. Skulu þau ekki rakin hér. Auk þess eru ákvæði um vald hennar og verkefni á víð og dreif í frv. Þriggja manna framkvæmdaráð, skipað af ríkisstj., annast daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar, að sjálfsögðu í eðlilegu samráði við forstöðumenn deilda. Í 4. gr. eru sérstaklega nefnd nokkur verkefni framkvæmdaráðs, en samkv. eðli málsins verða þau ekki tæmandi talin. Vald framkvæmdaráðsins er vitaskuld takmarkað af þeim fyrirmælum, er fela stjórninni tiltekið verkefni.

Starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar er skipt í þrjár deildir. Svarar sú deildaskipting til þeirra verkefna, sem stofnuninni eru falin, nema hvað heitið lánadeild gefur e. t. v. ekki fullkomlega til kynna verkefni þeirrar deildar. II.–IV. kafli frv. fjalla svo um þessar deildir.

II. kafli frv. fjallar um hagrannsóknir. Er hann kaflanna minnstur fyrirferðar, aðeins ein gr., 6. gr., en af því má auðvitað ekki draga þá ályktun, að þar sé um eitthvað þýðingarminni þátt að ræða, heldur stafar það að hinu, að eðli málsins samkv. er ekki hægt að hafa svo mörg orð um það efni í lögum. Í 6. gr. segir, að hagrannsóknadeild annist nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra ályktana, sem gerðar hafa verið og samþ. af ríkisstj. Hagrannsóknadeild annast auk þess gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins. Deildin annast enn fremur þær hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstj., er hún kann að óska eftir. Hún getur og annazt hagfræðilegar athuganir fyrir Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst. Ákvæði þessi þurfa ekki neinna skýringa við umfram það, sem áður er sagt. Þó er rétt að vekja athygli á þeirri heimild, sem deildin hefur til að taka að sér verk fyrir Seðlabankann og aðra opinbera aðila.

III. kafli frv. fjallar um áætlanadeild. Segir þar m. a., að deildin geri áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og heildarþróun atvinnulífsins. Felst í þessu m. a., að deildin á að gera iðnþróunaráætlun, áætlun um þróun landbúnaðar o. s. frv. Enn fremur á deildin að gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs víðs vegar um land með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun. Þarna er um ný og skýr ákvæði um byggðaáætlanir að ræða. Fjármögnun framkvæmda samkv. slíkum áætlunum er með öðrum fyrirmælum frv. og eflingu Byggðasjóðsins tryggð svo sem kostur er. Það er mikil breyting frá því, sem verið hefur, þó að reynt hafi verið að útvega fjármagn til einstakra byggðaáætlana jafnóðum og þær hafa legið fyrir, en allt hefur það verið óvissu háð fyrir fram. Þá segir í 9. gr., að deildin geri áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst. Í 10. gr. eru ákvæði um það samráð og samvinnu, sem deildinni ber að hafa við aðra aðila um gerð áætlana. Þá er í 11. gr. þýðingarmikið ákvæði, þar sem segir, að áætlanir skuli sendar ríkisstj. til samþykktar, en hún geri síðan Alþ. grein fyrir þeim. Framkvæmdastofnunin á að fylgjast með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstj. hefur samþ. Það er lítið gagn að áætlunum, sem verða bara pappírsgagn. Er með þessum ákvæðum reynt að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað.

IV. kafli frv. fjallar um lánadeild. Þar er að finna mörg mikilvæg ákvæði og alger nýmæli, sem nokkuð hefur verið vikið að áður. Ég bendi á 12. gr., þar sem segir, að lánadeild vinni að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar. Deildin fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir till. um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur. Um þær almennu reglur, sem setja má um forgangsframkvæmdir, hefur áður verið rætt. Einnig hefur áður verið gerð nokkur grein fyrir ákvæðum 13. gr. um arðsemisútreikninga og rannsókn á þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina, svo og því frumkvæði, sem lánadeildin getur átt að stofnun nýrra fyrirtækja, og skal eigi hér fjölyrt frekar um það.

Í 14. gr. segir, að lánadeild taki við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annist athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþ., skal lánadeildin reyna að tryggja með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist og eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

Í 15. gr. segir, að framkvæmdaráð skuli hafa náið samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslenzku efnahags- og atvinnulífi.

Ákvæði 16. gr. um bókhald sjóðanna og vörzlu þeirra þurfa ekki nánari skýringar við, en á það skal bent, að aðalreglan er sú, að handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skuli geymt í Seðlabankanum.

Í 17. gr. er mælt, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar skuli leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingafélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

Eins og ljóst er af því, sem hér hefur verið sagt, og ákvæði IV. kafla frv. bera með sér, er Framkvæmdastofnuninni ætlað að beita sér fyrir samræmdri lánastefnu og skynsamlegri fjárfestingarpólitík – ekki með valdboði, heldur með frjálsum samningum og sam-

vinnu við þá aðila, sem um þau efni hafa mest að segja.

V. kafli frv. fjallar um Framkvæmdasjóð. Eru þau ákvæði að breyttu breytanda samhljóða núgildandi lagafyrirmælum um Framkvæmdasjóð Íslands. Sé ég því ekki ástæðu til að ræða þau sérstaklega, en vísa til þeirra upplýsinga, sem ég gaf áður um Framkvæmdasjóð Íslands.

Í VI. kafla frv. eru svo ákvæði um Byggðasjóð. Eru þau ákvæði að miklu leyti sniðin eftir fyrirmælum núgildandi laga um Atvinnujöfnunarsjóð. Þó eru þetta nokkur nýmæli, sem ásamt öðrum ákvæðum frv., sem þegar hafa verið rakin, renna stoðum undir mun ákveðnari og skilvirkari byggðastefnu en áður. Þar skiptir þó auðvitað mestu máli hið stóraukna framlag til Byggðasjóðs. Samkv. 2. tölul. 28. gr. skal Byggðasjóður fá framlag úr ríkissjóði að upphæð 1000 millj., sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum. Þar sem hér er um óafturkræft framlag að ræða, sem ber vexti sjóðnum til handa, er auðsætt, hver höfuðstóll hér getur safnazt. Og þetta framlag kemur til viðbótar öðrum tekjum sjóðsins samkv. 28. gr. Starfsgrundvöllur sjóðsins verður því vitaskuld hér eftir allur annar en áður. Með hinum auknu fjárráðum sjóðsins ætti að vera hægt að gera stórátak í byggðamálum. Þess er þörf. En í lánveitingum sjóðsins og úthlutunum úr honum má ekkert handahóf ríkja, þar þarf að byggja á traustum athugunum og áætlunum. Að því er stefnt í þessu frv. Í byggðamálunum þarf ekki aðeins að stöðva þá öfugþróun, sem þar hefur átt sér stað, heldur þarf að snúa straumnum við. Það er í samræmi við stefnu stjórnarinnar að leggja höfuðáherzlu á þessi mál. Ég skal að svo stöddu ekki hafa um það fleiri orð.

Hin ýmsu ákvæði í VII. kafla frv. þurfa held ég ekki skýringar við.

Ég hef þá gefið stutt yfirlit yfir efni frv. í megindráttum og skal nú fara að ljúka máli mínu.

Það er að sjálfsögðu svo, eins og getið er um í aths. þeim, sem frv. fylgja, að reynslan kann að leiða í ljós, að þörf sé á einhverjum endurbótum og breytingum á þessari fyrirhuguðu löggjöf. Slíkt er eigi nema það, sem oft á sér stað. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim atriðum, sem bent er á í aths., að síðar muni trúlega koma til skoðunar, þótt ekki hafi að svo stöddu þótt fært að setja um þau lagaákvæði. Þau eru sérstakt samstarf við vísinda- og rannsóknarstofnanir, samstarf við viðskiptadeild Háskólans og að Framkvæmdastofnunin geti tekið að sér ýmis störf, sem nú er venja að fela nefndum að vinna. Ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á síðast talda atriðið, þ. e. a. s. þá hugmynd, að Framkvæmdastofnunin geti e. t. v. síðar leyst af hólmi ýmsar nefndir, sem venja hefur verið að grípa til við ýmsar kannanir og undirbúning mála. Ég held, að það væri æskileg þróun. Það má segja, að í málefnasamningi stjórnarflokkanna sé nokkuð að því vikið, þar sem segir svo: „Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæður þykja til.“ Í því efni hefur að svo stöddu ekki verið gengið lengra en raun ber vitni. En að mínum dómi verður síðar að huga að því í fullri alvöru, hvort ekki sé rétt að ganga lengra í þá átt.

Ég vil svo að lokum enn á ný leggja á það áherzlu, að með þessari væntanlegu lagasetningu er ekki verið að taka upp neitt hafta- eða leyfakerfi. Staðhæfing um slíkt á sér enga stoð í frv. Það getur hver og einn gengið úr skugga um með því að fara nákvæmlega í gegnum frv. og lesa það frá orði til orðs. Þessari lagasetningu er ekki ætlað að leggja neinn fjötur á einkaframtak. Þvert á móti er að því stefnt að leysa það úr læðingi, örva það og styðja með margvíslegri fyrirgreiðslu. Á það auðvitað ekki síður við um félagsframtak og fyrirtæki, sem opinberir aðilar eiga hlutdeild í. En öll þekkjum við það, að tækifæri hafa stundum glatazt vegna tregðu og skilningsskorts opinberra aðila.

Með þessari lagasetningu er stefnt að því að byggja atvinnuþróunina í landinu á skipulegum vinnubrögðum í stað handahófs. Hver vill vera á móti því? Með þessari lagasetningu er stefnt að samhæfðu og samvirku útlánakerfi lánastofnana, byggðu á frjálsu samkomulagi fyrir tilstuðlan Framkvæmdastofnunarinnar. Hver vill vera á móti því? Störf sín að eflingu atvinnuvega og þróun íslenzkra byggða á Framkvæmdastofnunin samkv. þessari löggjöf að vinna í nánu samstarfi við aðila atvinnulífsins og landshlutasamtökin. Hver vill vera á móti því? Með þessum lögum er stórauknu fjármagni beint til Byggðasjóðs. Á því er brýn þörf, eins og nú stendur á. Hver vill vera á móti því? Með þessari löggjöf er stefnt að því að veita þeim framkvæmdum forgang, sem nauðsynlegastar eru fyrir þjóðarheildina og hverja atvinnugrein og bezt búa í haginn fyrir framtíðina. Hver vill vera á móti því? Með þessari lagasetningu er stefnt að því að láta hugkvæmni, framtak og þekkingu njóta sín á Íslandi. Hver vill vera á móti því? Með þessari löggjöf er stefnt að því að leiða atvinnuvegina og eflingu atvinnulífsins til öndvegis á Íslandi. Það á að ganga fyrir öllu öðru. Hver vill vera á móti því? Samkv. þessum lögum kemur ein stofnun í stað þriggja, sem fyrir voru. Hver vill vera á móti því?

Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef hlustað með mikilli athygli á ræðu hæstv. forsrh., enda er hún með einstæðari ræðum, sem ég hef heyrt fluttar í sambandi við mál hér á þingi, ekki vegna þess að hún væri ekki í samræmi við þá prúðmennsku, sem hann alltaf viðhefur, heldur vegna þess að höfuðinnihald hennar var að leggja áherzlu á, hvað ekki væri í þessu frv. Ég hef ekki heyrt, að ráðamenn, allra sízt forráðamenn ríkisstj., hafi áður talað fyrir frv. af jafnmikilli óttatilfinningu um það, hvað menn mundu leggja í frv. Hæstv. forsrh. taldi í lok ræðu sinnar upp ótal atriði, sem í frv. væru, og sagði: „Hver vill vera á móti því?“ Flestu af því eru menn alls ekki á móti. En hann hljóp líka yfir ákaflega einkennilega margar setningar, sem eru í frv., og spurði ekki: „Hver vill vera á móti því.“ Sannleikurinn er líka sá, að ef þetta frv. væri í samræmi við þá ræðu, sem hæstv. forsrh. hélt, þá þyrfti þetta frv. aldrei að hafa verið flutt. En einmitt vegna þess að frv. er um allt annað efni en hæstv. ráðh. vill vera láta, er nauðsynlegt að flytja það.

Efni frv. er að mörgu leyti ákaflega fallegt, eins og hæstv. ráðh. líka flutti ákaflega fallega tölu um alls konar atriði, sem auðvitað enginn getur verið á móti, að

sé nauðsynlegt að gera í þjóðfélaginu. En þetta eru raunverulega aðeins umbúðir til þess að fela raunverulegan tilgang þessa máls. Og allir vita, hver er tilgangur málsins, hvað sem hæstv. forsrh. segir. Ef það væri ekki tilgangurinn, væri málið óþarft. Ef skoða á það, sem hæstv. ráðh. sérstaklega taldi, að væri einkennandi fyrir frv., er allt slíkt að finna í þjóðfélaginu í dag. Hann rakti réttilega einmitt í ræðu sinni margt af því, sem gert hefur verið á undanförnum árum í jákvæða átt, bæði í áætlanagerð, í skipulagningu lánveitinga og heilbrigðum stuðningi við atvinnuvegina, og taldi það hið brýnasta nauðsynjamál, sem það vissulega líka er. Það er ekkert nýtt, að stundaðar séu hagrannsóknir, sem vissulega hafa grundvallarþýðingu fyrir þjóðfélagið. Þessum hagrannsóknum var komið í skipulegt horf í tíð fyrrv. ríkisstj. með því að setja Efnahagsstofnunina á laggirnar, en sú stofnun hefur æðioft orðið fyrir barðinu á hv. núv. stjórnarflokkum og stundum á það bent, að hún væri dæmi um skriffinnskubákn, sem fyrrv. ríkisstj. hefði komið á laggirnar. Efnahagsstofnunin hefur stundað hagrannsóknir í lengri tíma, og það er ekkert nýtt að finna í þessu frv. um það hlutverk, þó að það eigi að færast frá henni til þessarar nýju stofnunar. Það er heldur ekkert nýtt fyrirbæri, að gerðar séu áætlanir. Þeim var komið í gang einmitt í tíð fyrrv. ríkisstj. með skipulagsbundnum hætti, margvíslegum áætlanagerðum bæði til langs tíma og til skamms tíma, almennum áætlunum um þróun einstakra atvinnuvega, áætlunum um þróun og framkvæmdir í ýmsum greinum, sem ríkið stendur að, svo sem áætlunum í skólamálum, hafnamálum og margvíslegum öðrum slíkum áætlanagerðum, árlegum fjárfestingaráætlunum fyrir ríkið sjálft og áætlunum um eflingu ýmissa einstakra atvinnugreina. Ekkert af þessu er nýtt. Og það hefur þróazt með heilbrigðum hætti án beinna afskipta, sem hæstv. forsrh. fordæmdi líka í ræðu sinni, af einstökum aðilum í þjóðfélaginu, heldur til að vera upplýsandi um stöðu þjóðfélagsins að þessu leyti, um stöðu atvinnuveganna, og má þar nefna mikilvægasta þáttinn, sem ég tel vera að mörgu leyti, í starfi Efnahagsstofnunarinnar, en það er fjölþætt upplýsinga- og gagnasöfnun, sem átt hefur sér stað í þágu atvinnuveganna til að auðvelda kjarasamninga, til að auðvelda ákvörðun bæði búvöruverðs og verð sjávarafurða, sem byggt hefur verið að verulegu leyti á gögnum Efnahagsstofnunarinnar. Með þessum hætti hefur á jákvæðan hátt verið stuðlað að geysilega mikilvægri gagnasöfnun í þjóðfélaginu og jafnframt stuðlað að því, að bæði einstaklingar og ekki sízt félagasamtök gætu átt aðgang að hlutlægum upplýsingum, sem væri hægt að leggja til grundvallar í kjarasamningum og ákvarðanatöku í ýmsum framkvæmdagreinum. Þetta hefur hvort tveggja verið til. Það er ekkert nýtt fyrirbæri.

Það er heldur ekkert nýtt fyrirbæri starfsemi Framkvæmdasjóðsins, sem er einn þáttur þessa máls og hæstv. ráðh. fór að vísu ekki mörgum orðum um, en hann benti á, að þetta væri í samræmi við það, sem hefði þegar gilt um nokkurt árabil. Framkvæmdasjóðurinn hefur haft það hlutverk, sem hæstv. ráðh. lagði áherzlu á að væri mjög mikilvægt, að greiða fyrir fjáröflun til hinna ýmsu sjóða atvinnuveganna, og það er ekkert nýtt, sem á að gerast með þessum lögum varðandi það atriði. Það er ekki gert ráð fyrir nema samvinnu við aðra sjóði, ekki neinum samruna þeirra við þessa nýju stofnun, heldur aðeins samstarfi og að Framkvæmdasjóðurinn hafi áfram það hlutverk, eða þessi nýja stofnun, að útvega fé til stofnsjóða atvinnuvega. Þetta er því ekki nýtt, og það getur enginn verið á móti þessu.

Um Byggðasjóð hafa gilt lög um Atvinnujöfnunarsjóð, en einmitt sá sjóður var stofnsettur í tíð fyrrv. ríkisstj., og hann hefur verið efldur smám saman mjög verulega og síðast mest með ákvörðuninni um árgjaldið frá Straumsvík, sem rennur í sjóðinn, og vissulega skal ég taka undir það með hæstv. forsrh., að þessi sjóður hefur unnið mjög mikið gagn, og það ber fúslega að þakka, að það er ætlunin að efla þennan sjóð með þessu frv., sem reynslan verður þó að leiða í ljós, ef ætlunin er að leggja á sjóðinn auknar kvaðir, sem ég vænti þó, að verði ekki, þ. e. með þeim hætti, að sjóðnum verði ætlað að taka að sér hlutverk, sem aðrir aðilar gegna nú. Byggðaáætlanir hafa verið gerðar á undanförnum árum, og þær hafa sannarlega ekki orðið nein pappírsplögg, heldur hafa þær verið framkvæmdar jafnóðum og þeim hefur verið lokið. Að undanförnu hefur verið unnið að margvíslegum áætlanagerðum fyrir einstaka þætti mála varðandi einstök byggðarlög, einstaka framleiðslugreinar og ýmsa aðila í þjóðfélaginu, eftir því sem efni hafa staðið til hverju sinni. Ekkert af þessu er því nýtt – það hefur vissulega með öllum þessum aðgerðum verið reynt að greiða fyrir einkaframtakinu og efla þróun atvinnu- og efnahagslífs í þjóðfélaginu, eins og hæstv. forsrh. sagði, að væri brýn nauðsyn, þannig að ekkert af því er heldur nýtt.

Skoðun mín er því ákveðið sú, að ef ekki felst eitthvað annað en þetta, sem hæstv. ráðh. fór um langflestum orðum í þessu frv., þá sé það gersamlega ástæðulaust og þarflaust. Það er talað um nauðsyn þess að sameina sjóði. Það kemur á daginn, að enga þá sjóði á að sameina með þessu frv., sem réttlæta það, að um það sé flutt sérstakt frv., svo sem hér liggur fyrir framan okkur. Varðandi þá tvo sjóði, sem er ætlunin að sameina hér, þá hafa aldrei orðið árekstrar á milli þeirra, og þeir hafa alveg sérstöku og sérhæfðu hlutverki að gegna. Annar er sjóður sjóðanna, hann aflar fjár einmitt fyrir aðra stofnsjóði, sem ætlunin er, að hann geri áfram. Hinn sjóðurinn, Atvinnujöfnunarsjóður, hefur starfað undir þingkjörinni stjórn að alveg ákveðnum verkefnum, þar sem hann hefur leyst einmitt af höndum verk, sem ekki hefur fallið undir aðra sjóði að gera, og hefur haft með höndum framkvæmd byggðaáætlana. Það er ekki gert ráð fyrir því í rauninni, að nein breyting verði á þessu, þó að hér sé látið heita svo, að verið sé að sameina þessa tvo sjóði undir þessari stofnun. Byggðaáætlanir hafa verið á vegum Efnahagsstofnunarinnar og Atvinnujöfnunarsjóðs, að svo miklu leyti sem ríkisstj. sjálf hefur ekki að því staðið. Að því mætti áfram vinna fullkomlega eins og gert hefur verið og verður naumast unnið með meiri hraða að þeim en gert hefur verið til þessa með núverandi skipulagi. Það þarf því enga nýja löggjöf til þess að koma þessu við. Og með þessari löggjöf sem slíkri, ef annað felst ekki í henni varðandi sjóðina, er ekki stuðlað að neinni sam-

ræmingu, sem hæstv. forsrh. gat um, þannig að menn þurfi ekki að ganga milli Péturs og Páls til þess að fá lausn sinna fjármála, sem vissulega er hárrétt hjá hæstv. forsrh., að er mikill galli. En það leysist ekki með því að sameina undir þetta kerfi hér Framkvæmdasjóð Íslands og Atvinnujöfnunarsjóð. Það þarf jafn mikla Kanossagöngu eftir sem áður milli annarra sjóða, og í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að sameina aðra sjóði. Hæstv. forsrh. sagði að vísu um þetta atriði eins og ýmislegt annað, að það væri í athugun og ætti að gerast eftir því sem reynslan leiddi í ljós, en það er a. m. k. ekki lagt til hér, þannig að Kanossagangan milli allra þeirra mörgu sjóða, sem hann sjálfur taldi upp í ræðu sinni, mun halda áfram eftir sem áður, nema eitthvað annað felist í þessu frv. en hann vill vera láta.

Þetta er um umbúðir málsins, sem hæstv. forsrh. lagði mesta áherzlu á, en þá er að víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri í frv. Af hverju skyldi hæstv. ráðh. leggja svona óskaplega áherzlu á að svara því fyrir fram, áður en nokkur hefur hafið máls á þessu frv. a. m. k. hér á hinu háa Alþ., hvað ekki væri í frv., nema af því að hann sé hræddur um, að þar séu einhverjir hlutir, sem hinn almenni þjóðfélagsborgari óski ekki eftir, að sé leitt í lög, en sem kunni að vera í þessu frv. og í ýmsum setningum frv., sem hæstv. ráðh. las ekki og forðaðist að gera að umtalsefni í sinni ræðu? Og ég held, að það sé kjarni málsins, að það hafi verið full ástæða fyrir hæstv. ráðh. að leggja svo ríka áherzlu á, hvað ekki væri í frv., því að þar sé nefnilega að finna atriði, sem eru í hrópandi mótsögn við alla ræðu hans, í hrópandi mótsögn við áhugann á eflingu atvinnulífsins, í hrópandi mótsögn við stuðninginn við einstaklingsframtak og frjálst félagaframtak í landinu. Það skyldi nú ekki vera, að einmitt þetta væri í frv.? Má vera, að ég hafi lesið þetta frv. skakkt og lagt í það skakkan skilning, enda er það harla auðvelt, vegna þess að sannleikurinn er sá, að frv. er fjarri því að vera samið á þann hátt, að auðvelt sé að skilja það. Hvort það er viljandi gert eða af klaufaskap, skal ég láta algerlega ósagt. Sumt er að vísu af klaufaskap, eins og það, að það kemur fram sums staðar, að höfundarnir þekkja ekki gildandi lög. En sleppum því. Höfundarnir eru óþekktir eins og höfundar Íslendingasagna. Hvort þeir fá sömu frægð af þessu frv. sínu eins og höfundar Íslendingasagna af þeim merku bókmenntum, skal ég láta ósagt. Þar mun reynslan skera úr. En það er kannske heppilegt fyrir þá að fela nöfn sín og heppilegt fyrir ríkisstj. að skýra ekki frá því, hverjir helzt hafi komið hér við sögu.

Skilningur minn á þessu frv. er allt annar en skilningur hæstv. forsrh. Samkv. mínum skilningi er með þessu frv. verið í fyrsta lagi að setja á laggirnar geysilegt skrifstofubákn algerlega að óþörfu. Í öðru lagi er verið að framkvæma slíkan samruna valds á einni hendi, að ég efast um, að áður hafi verið meira á mestu haftatímum, sem við höfum búið við. Og í þriðja lagi, sem er að vísu tengt þessu öðru atriði, er í frv. að finna möguleika til stórfelldra ríkisafskipta, ef ekki er beinlínis gert ráð fyrir þeim, þó að reynt sé að fela það, jafnvel stórfelldari ríkisafskipta en við áður höfum búið við. Og það skyldi nú ekki vera, að hrollvekjan sé loksins komin á dagskrá og felist í þessu frv., hrollvekjan fyrir allan landslýð og ekki sízt fyrir þá, sem hæstv. forsrh. virtist helzt bera fyrir brjósti, mennina, sem legðu áherzlu á að vinna að eflingu atvinnulífs, framtaks og framfara í þjóðfélaginu.

Ég skal nú víkja að einstökum atriðum þessa máls. Það er alveg ljóst, að þessi stofnun mun verða geysilega dýr, ef henni er ætlað að starfa eins og frv. gerir ráð fyrir og setja skal á laggirnar alla þá starfsemi, sem þar er um fjallað. Nú er þetta starf unnið með tiltölulega litlum kostnaði. Efnahagsstofnunin er að vísu nokkuð dýr stofnun, en bæði Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður eru tengdir bönkum, Framkvæmdasjóður Seðlabankanum og Atvinnujöfnunarsjóður Landsbankanum, og eru reknir mjög hagkvæmt báðir. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að í stað tveggja stjórna, sem nú eru yfir þessum sjóðum, verði stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ein, skipuð sjö mönnum. En það segir ekki nema litla sögu. Forstöðumenn eiga að sjálfsögðu að vera fyrir hverri deild stofnunarinnar. Og þær deildir eru fimm. En það, sem skiptir þó meginmáli, eru hinir pólitísku kommissarar. Það eru mennirnir þrír, sem eiga öllu að ráða. Af hverju skyldu þeir vera þrír? Af hverju máttu þeir ekki vera tveir eða fjórir? Það skyldi þó ekki vera af því, að ríkisstjórnarflokkarnir eru þrír? Hér er að finna gleggsta dæmið um pólitíska óbragðið af þessu máli. Hér eru settir á laggirnar, eins og ég kallaði þá, kommissarar af því að þetta minnir ákaflega mikið á skipulag í vissum hópi ríkja, sem eiga ráðamestu aðdáendur í hæstv. núv. ríkisstj. Og það er eftirtektarvert, eins og einmitt er um kommissara í þeim ríkjum, að það verður ekki séð, hvaða hlutverki þeir gegna. Ég býst að vísu ekki við, að það verði eins og stundum í rússnesku sendiráðunum, að það sé bílstjórinn, sem ræður og sé æðstur, það er ekki reynt að fela það. En mér er óskiljanlegt í rauninni, hvað þessir menn hafa hér að gera, ef þeir eiga ekki að vera hér sem pólitískir eftirlitsmenn, sem sjái til þess, sem stofnununum er ekki treystandi til, að ekkert gerist, nema það sé í anda ríkjandi stjórnarflokka. Það eru forstöðumenn fyrir hverri deild, og síðan er stjórn yfir stofnuninni. Af hverju þurfa þessir menn að vera hér? Hvað eiga þeir að gera? Það er ákaflega óljóst, hvað þessir menn eiga í rauninni að gera. Og það verður dálítið afkáralegt, þegar það er borið saman við rök, sem er að finna í grg. frv., að allt eigi þetta að stuðla að því að gera leiðina til keisarans skemmri, ef svo má segja, að hraða ákvarðanatöku og sjá til þess, að Kanossagangan verði ekki allt of löng. Er nú líklegt, að það hraði ákvörðun frá því, sem nú er, að fyrst þurfi mál að ganga til deildarstjóra viðkomandi stofnunar, svo að við sleppum nú starfsliðinu. Síðan þarf það að ganga til kommissaranna. Þá þarf það að ganga til hinnar stjórnskipuðu nefndar, a. m.k. ef kommisörunum þóknast það, og síðan á það að ganga til rn. Ég held, að þetta sé orðin nokkuð löng og torsótt ganga og í litlu samræmi við það, að þessu frv. sé ætlað að auðvelda framtaksmönnum í þjóðfélaginu að koma góðum hugmyndum á framfæri.

Þetta læt ég nægja um hina pólitísku kommissara, en legg aðeins áherzlu á það, að þeir fara að sjálfsögðu með valdið, enda er ekki farið dult með það í rauninni í grg. Þeir eiga að vera gæzlustjórar ríkisstj. um það, hvernig þróunin í þjóðfélaginu verður og hvað menn

fái að gera og fái ekki að gera. Nú er það að vísu ekki ljóst, sem hæstv. forsrh. vafalaust getur þó upplýst, þar sem hér er um algerlega pólitískt ráð að ræða, hvort ætlunin sé, að þessir menn séu embættismenn eða hvort þeir eigi að fylgja ráðherrum úr sínum stóli, eins og aðstoðarráðherrar eiga að gera.

Ég álít, að fyrirhuguð breyting á Efnahagsstofnuninni sé mjög til hins verra. Það hefur verið reynt að byggja Efnahagsstofnunina upp sem ópólitíska stofnun. Hún er að vísu undir sérstakri stjórn, en sú stjórn er ópólitísk, þ. e. embættismannastjórn, og stjórn þeirra aðila, sem mest hafa skipti við stofnunina, eða fulltrúa frá þeim aðilum, sem mest hafa skipti við stofnunina, og einmitt sett á laggirnar til þess að samrýma og samræma starfsemi Efnahagsstofnunarinnar og þessara annarra þjóðfélagsstofnana, bæði fjmrn., Hagstofu og Seðlabanka. Og ég álít, að mesti kosturinn við að koma Efnahagsstofnuninni á laggirnar og hvernig hún hefur starfað, sé fyrst og fremst sá, að það hefur verið reynt að skipa þannig málum, að stofnunin hefði ekki pólitískan blæ. Auðvitað vinnur hún að áætlanagerð fyrir ríkisstj., alveg eins og hér er gert ráð fyrir. Og ég álít, að það sé þjóðarnauðsyn, að slík stofnun sé svo hlutlaus í mati sínu á staðreyndum, að hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, hvort sem þeir eru vinnuveitendur eða launþegar eða aðrir hópar, geti treyst því, að upplýsingar hennar séu réttar. Þess vegna álít ég, að hér sé stigið spor aftur á bak að setja þessa stofnun undir þennan pólitíska hatt, sem hér er gert ráð fyrir, enda gersamlega óþarft, nema það þurfi að gera þetta til þess að skapa umbúðir um málið, og er mjög leitt, að til þessa úrræðis skuli hafa verið gripið í því efni.

Ég álít einnig, að það sé skakkt að leggja niður Hagráð. Það hefur kannske ekki unnið neitt óskapagagn, en þar koma saman fulltrúar bæði stjórnmálaflokka og atvinnuvega úr öllum greinum þjóðfélagsins til þess að bera saman ráð sín, og Efnahagsstofnunin hefur sem ópólitískur aðili verið látin leiða starfsemi Hagráðs og undirbúa skýrslur fyrir fundi þessa, og ég fullyrði það, að margt gott hafi komið út úr þeim skoðanaskiptum, sem þar hafa átt sér stað. Nú er slíkt úr sögunni. Þarna var um frjáls skoðanaskipti að ræða, sem höfðu veigamikla þýðingu. Nú er ljóst, að um það getur ekki orðið að ræða, þar sem Hagráð er úr sögunni og Efnahagsstofnunin er orðin pólitísk deild nánast undir hæstv. ríkisstj. og undir stjórn þessara pólitísku kommissara, sem ég vék að.

Varðandi það atriði, sem ég gat um, að svo virtist sem þeir, sem sömdu þetta frv., hafi ekki verið ýkja fróðir um ýmsa löggjöf, þá sýnist mér, að þeim ágætu mönnum hafi láðst að gera sér grein fyrir því samkv. 9. gr. frv., að það er önnur stofnun nú en Efnahagsstofnunin, sem vinnur að áætlanagerð fyrir opinbera aðila í sambandi við framkvæmdaáætlanir hvers árs. Það er fjárlaga- og hagsýslustofnunin, og það er gert ráð fyrir því í lögum um Stjórnarráð Íslands. Það hefur kannske farið fram hjá mér, en það virðist gengið út frá því í grg., að það sé Efnahagsstofnunin, sem gerir þessar áætlanir.

Hitt er annað mál, sem ég sé nú lítið um í þessu frv. og raunar hvergi nokkurs staðar minnzt á, held ég, það er hver eigi að annast tekjuáætlun. Væntanlega er þó ætlunin að fá einhverja peninga til að starfa með í öllum þessum deildum og stofnunum, þó að það hafi að vísu láðst hjá hæstv. ríkisstj. til þessa að leggja mikla áherzlu á að sjá fyrir fé. En það má nú væntanlega skilja það af eðli málsins, að áætlanir eigi einnig að ná til fjáröflunar. Ég skal nú ekki ræða meira um það.

Hæstv. forsrh. fannst nafnið á IV. kafla kannske ekki alveg heppilegt eða ná því, sem væri efni kaflans, að kalla hann lánadeild, og ég er honum ákaflega sammála um það, því að þetta nafn er mjög fráleitt. Það er hins vegar áferðarfallegt, að menn geti fengið lán. En þessi kafli ætti frekar að heita eftirlitsdeild eða skipulagningardeild. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja, þó að menn geri sér grein fyrir því, alveg eins og gert er í dag og hefur verið gert undanfarin ár, hvaða framkvæmdir séu mikilvægastar í þjóðfélaginu. Og hinir ýmsu sjóðir, sem starfa í þágu atvinnuveganna, sinna verkefnum í samræmi við þetta. Og ég sé í raun inni ekki, að það út af fyrir sig breytist neitt, eins og ég gat um áðan, með þessu frv., þar sem allir þessir sjóðir eiga að nafninu til að vera sjálfstæðir áfram. En það, sem er andstætt vilja manna, og það skilur hæstv. forsrh. mjög vel, er það, að upp verði tekið nýtt hafta- og leyfakerfi. Hæstv. ráðh. segir, að það felist ekki í þessu frv. Ég skil nú satt að segja ekki, hvað frv. felur þá í sér. Það er talað í því um heildarstjórn fjárfestingarmála, og það er lögð rík áherzla á, að hér eigi nú að verða alger breyting á frá því, sem nú sé, vegna þess að það eigi að taka upp heildarstjórn á fjárfestingarmálum, og það á að vísu að vinnast með því að koma undir eina stjórn stofnunum og sjóðum, sem til þessa hafa starfað sjálfstætt. Það virðist að vísu svo sem höfundur grg. hafi ekki vitað, hvað stóð í frv. sjálfu, vegna þess að þar er ekki um neina slíka samræmingu eða sameiningu sjóða að ræða, eins og ég hef áður vikið að. Og stofnunin á að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Allt getur þetta verið gott og blessað. Samræming útlána opinberra stofnlánasjóða og samvinna við þá, þetta er allt ágætt. En þetta er það, sem Framkvæmdasjóður annars vegar og Seðlabankinn hins vegar vinna að nú. Og það er hægt að ná þessu markmiði með almennum reglum alveg án þess að setja ný lög. Hér er auðvitað ekkert launungarmál, að stefnt er að því að vega að Seðlabankanum. Skal ég láta ósagt, hvort það sé til góðs eða ills. Sennilega hlýtur að koma eitthvað í framhaldi af því um Seðlabankann, vegna þess að í 15. gr. frv. segir, að stefna framkvæmdavaldsins, kommissaranna, skuli miða að því að verða til eflingar íslenzku efnahags- og atvinnulífi. Og það er víða talað um efnahagslíf. Ég held, að það geti ekki farið fram hjá neinum. Það er hægt út af fyrir sig að tala um framkvæmdir, en skipulag efnahagslífsins og stjórn þess er lögum samkv. nú í höndum Seðlabankans, þ. e. stjórn peningamálanna og samræming í starfi opinberra sjóða og banka. Hér er gert ráð fyrir því, að þessi nýja lánadeild taki upp samvinnu við aðra sjóði um hagræðingu og tilhögun lána. Er ætlunin að taka þetta vald af Seðlabankanum? Á kannske að leggja Seðlabankann niður? Eða hvernig á að samræma? Þarna finnst mér vera augljós skortur á samræmingu, þótt látið sé liggja á milli hluta, hvort þetta er gott eða illt. Og hér hlytu að koma til mjög verulegir árekstrar eða a. m. k. hætta á árekstrum, og

hvorir skulu þá ráða, kommissarar eða Seðlabankinn?

Hér er sagt í 12. gr., að Framkvæmdastofnunin geti sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgöngu umfram aðrar. Sennilega er þetta nú rúsínan í þessu öllu saman, þó að það sé ljóst, að þetta beri ekki jafn góðan ávöxt og rúsínur. Hæstv. forsrh. segir, að þetta eigi ekki að merkja það að hafa eftirlit og hafa höft. En hvernig er hægt að útfæra þessar almennu reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar? „Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.“ Það er merkileg setning. E. t. v. ætlar hæstv. forsrh. að gæta þess jafnvendilega og hann gerði í sinni ræðu, að kommissararnir misstígi sig ekki og fari ekki að taka sér of mikið vald. Eftir þessu að dæma er nú hægt að ganga nokkuð langt í að setja reglur um, að tiltekin mannvirki skuli ekki leyfð á tilteknum stöðum, og það er hægt að gera þetta án þess beinlínis að banna þetta ákveðnum aðilum eða hafa leyfaveitingar. Ég vil í þessu sambandi minna á, að við settum löggjöf, sem var mjög svipuð þessari, beinlínis með það í huga að geta ráðið yfir því, hvaða atvinnufyrirtæki væru sett á laggirnar, og það var í sambandi við EFTA. Og þá voru allir hjartanlega sammála um, að það væri hægt að ná þessum tilgangi með svipuðu orðalagi og hér er um að ræða, að hindra það, að fyrirtækin væru sett á laggirnar, sem við vorum þá sammála um, að rétt væri að gera gagnvart útlendingum, ef valdhöfunum þætti það ekki henta, þannig að hér er auðvitað hægt að ná með þessum ákvæðum algerlega því markmiði, sem ég vil halda fram, að sé aðalatriði þessa máls, þ. e. að ráða yfir því, að hvaða framkvæmdum er unnið í landinu og hverjir fá að vinna að þeim. Auk þess segir 13. gr., að lánadeildin annist rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna o. s. frv. En hlýtur þá ekki matið á þessu að verða þannig, að ef þessir voldugu kommissarar telja ekki rétt að setja þessar nýju atvinnugreinar á laggirnar, þá er a. m. k. alveg ljóst, að með þessu ákvæði hafa þeir í hendi sinni líf og dauða allra þeirra, sem hugsa sér einhverjar nýjungar? Þetta rekst að vísu dálítið einkennilega á ákvæði 7. gr. hjá áætlanadeildinni, að hún eigi að gera áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og heildarþróun atvinnulífsins, en lánadeildin á að annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina. Hvor á að ráða, ef þarna ber á milli? Líklega kommissararnir.

Þá er enn ein ástæða til þess að óska eftir upplýsingum um ákveðið atriði, vegna þess að ég get ekki fundið það í frv., – kannske er það skilningsleysi mitt, – en það segir í 3. mgr. 12. gr., að Framkvæmdastofnunin geti sett almennar reglur. Hvað er Framkvæmdastofnunin í þessu tilfelli? Er það framkvæmdaráðið, svo að ég noti nú það fína orð, eða er það stjórn stofnunarinnar? Ég fæ ekki séð gerla, hvað við er átt með þessu, þó að þetta skipti nú kannske ekki öllu máli.

Þá hef ég áður vikið að því, sem hæstv. forsrh. ræddi einnig um í máli sínu, að til þess að ná samvinnu um lánveitingar til mikilvægra framkvæmda, sem við erum algerlega sammála um, þá sé samstarf æskilegt milli hinna ýmsu lánastofnana í landinu. Ég hef áður leitt rök að því, að þetta frv. leysir ekkert í þeim efnum, ekki neitt, *því að það nær ekki til nema tveggja sjóða.* Annars vegar er sjóður annarra sjóða, Framkvæmdasjóðurinn, og hins vegar Byggðasjóðurinn, sem aldrei hefur lent í árekstrum við aðra sjóði og sem kannske einna mest allra sjóða í landinu hefur lagt áherzlu á að efna til samstarfs við aðra sjóði. En allur sá fjöldi sjóða, sem starfandi eru, er enn utan við þetta kerfi. T. d. vil ég nú benda á eitt atriði, sem hlýtur að hafa komið til álita og mér þykir ótrúlegt, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tekið til sérstakrar meðferðar, og það er að setja reglur um ráðstöfun á fé lífeyrissjóða. Það eru heldur engar reglur ákveðnar um ráðstöfun á fé Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég veit ekki, hvort ætlunin er t. d., að Atvinnuleysistryggingasjóður ráðstafi áfram í samráði við Atvinnujöfnunarsjóð, eða svokallaðan Byggðasjóð, þeim fjórða *hluta af tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs,* sem hann ráðstafar nú og er raunverulega hluti af núverandi tekjum Atvinnujöfnunarsjóðs. Það verður ekki séð af þessu frv. En lífeyrissjóðirnir eru að verða svo geysilegt bákn í þjóðfélagi okkar, að burtséð frá þessu máli út af fyrir sig væri alveg brýn nauðsyn að gera sér grein fyrir því, hvert þetta mikla fjármagn eigi að stefna til uppbyggingar í íslenzku þjóðfélagi, því að Atvinnuleysistryggingasjóður og lífeyrissjóðirnir munu smám saman safna til sín svo geysilegu fjármagni, að það hlýtur að verða nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið að setja um það ákveðnar reglur, hvert það skuli beinast.

Varðandi það, að ætlunin sé, sem vissulega er fallegt og gott, eins og margt annað, sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að hvetja til þess, að sem flestir *vísindamenn og lærðir sérfræðingar* í þjóðfélaginu vilji ganga til starfa hjá ríkinu, þó að það hafi nú að vísu hingað til verið kallað útþensla í ríkiskerfinu, þegar aðrir hafa átt hlut að máli, – sleppum því, ég skal ekki nota það orð og ekki ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það, þó að hún bæti við nokkrum sérfræðingum, – held ég sannast sagna, að þetta frv. sé hægasta leiðin til að koma í veg fyrir, að þeir vilji koma þar til starfa. Því að hvaða maður vill starfa undir þessu skipulagi, sem hér er gert ráð fyrir? Það eru settir sérfræðingar yfir þessar deildir, sem hér eru nefndar í þessu frv., svo sem gerist um margar aðrar stofnanir, og við erum svo heppnir að hafa nú mjög færa menn t. d. í Efnahagsstofnuninni, sem veita deildum þar forustu, Framkvæmdasjóði líka og Seðlabankanum, marga mjög færa menn. En halda menn nú, að það verði sérstakur hvati fyrir þessa menn, þegar þeir eiga að fara að hafa yfir sér sérstaka kommissara, sem a. m. k. með allri virðingu fyrir þeim mönnum, hverjir sem þeir kunna að verða, eru ekki líklegir til að hafa mikla sérþekkingu á öllum þeim málum, sem hér koma til meðferðar. Er það líklegt, að þetta verði fremur til að laða að slíka menn en það mundi hafa verið eins og er nú, að þessir menn eiga beinan aðgang að sínum rn. milliliðalaust, og einmitt lög um Stjórnarráð Íslands, sem voru sett hér með samþykki allra flokka, beindust að meginefni til í þá átt, að stofnanirnar ættu sem mest beint undir rn. að sækja, milliliðalaust, og þess vegna voru rn. efld. Nú er ekki sjáanlegt, að það sé ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að draga úr eflingu

rn., nema síður sé. Þar hefur bæði verið bætt við mönnum, og ég tala nú ekki um aðstoðarráðherrana. En í ofanálag eiga svo þessir milliliðir aðkoma til,stjórn þessarar stofnunar, þetta framkvæmdaráð eða kommissararnir, sem hér verða nýir milliliðir milli þessara sérfræðinga stofnananna og rn., en að lokum þarf að koma til þeirra kasta, því að væntanlega ætlar ríkisstj. ekki að afhenda þessum mönnum vald sitt. Það þarf þá að komast í gegnum þessar hindranir allar til þess að ná til hins æðsta valds, þ. e. a. s. ríkisstj. Ég held þess vegna, að einnig á þessu sviði sé með þessu verið að setja nýja þröskulda, skapa nýja erfiðleika og auk þess sé verið að seinka öllu og draga úr möguleikum til þess, að endanlegar ákvarðanir verði teknar í málum, eftir því sem milliliðunum fjölgar.

Eins og ég sagði áðan, þá ber vissulega að þakka eflingu Byggðasjóðs, sem hann á nú að heita, ef, eins og ég sagði, það er ekki ætlunin, að fé hans eigi að nota að einhverju leyti til þess að fullnægja þörfum, sem eðlilega er nú fullnægt af öðrum aðilum. Þetta sést ekki á þessu frv., og ég skal ekki vera með neinar getgátur um það, en ég segi, að það er aðeins með þessum fyrirvara, sem ber að þakka það. Það hefur að vísu dregið nokkuð úr þeim till., sem uppi hafa verið í þessu efni, um það, að 2% af ríkistekjum rynnu til sjóðsins, en látum það vera. Það er nú eins og annað, sem menn segja í stjórnarandstöðu, sem verður dálítið minna úr, þegar menn komast í stjórn, og skiptir minnstu máli í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri. Árið 1960 var stefnt inn á nýjar brautir í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, frá höftum til frjálsræðis. Þetta hefur haft í för með sér mesta framfaratímabil í sögu íslenzku þjóðarinnar. Á þessum tíma hefur verið unnið bæði að áætlanagerð, hagrannsóknum, byggðaáætlunum og fjármögnunum hinna ýmsu stofnsjóða atvinnuveganna, eins og ég hef hér áður vikið að, og upphafið að flestu þessu er að finna á þessu stjórnartímabili frjálsræðis í landinu, sem ríkt hefur síðustu 12 árin. Með þessu frv., sem hér er lagt fram, er a. m. k. mikil hætta á, ef ekki víst, að horfið verði mörg ár aftur í tímann og tekin upp vinnubrögð, sem ekki eru tíðkuð í þróuðum þjóðfélögum nú á dögum. Áætlanagerð út af fyrir sig og höft og bönn út af fyrir sig eru vissulega, eins og hæstv. forsrh. sagði, tvennt, sem ekki þarf að fylgjast að, en mér sýnist eftir efni þessa frv., að það óhreina barnið, sem hæstv. forsrh. ekki sýndi í sinni ræðu, sé það barnið, sem eigi að ráða og marka stefnuna. Þess vegna óttast ég, að með þessu frv. sé horfið áratug aftur í tímann og frv. þetta geti orðið til að vera lamandi á allt framtak og framfarir í þjóðfélaginu. Það hefur aldrei verið til happs að setja upp pólitískar nefndir með jafn stórkostlegu valdi og gert er ráð fyrir, að þetta framkvæmdaráð eða hinir pólitísku kommissarar hér hafi, og þegar á að fara að stjórna vandamálunum eingöngu út frá flokkspólitískum línum, þannig að ekki hallist á milli flokka, eins og hér er tvímælalaust stefnt að, þá hefur það ætíð leitt til ills. Sjálfstfl. er fylgjandi áætlanagerð, og hann er fylgjandi flestum þeim atriðum, sem hæstv. forsrh. taldi í sinni ræðu, að menn ættu að fylgja, og í rauninni flestu því, sem hann sagði í sinni ræðu. En hann er algjörlega andvígur því, sem er efni þessa máls, en sem hæstv. forsrh. sagði, að væri ekki efni málsins. Sjálfstfl. hefur alltaf hvatt til skynsamlegra vinnubragða, og það er þróun tímans, að í öllum atvinnurekstri sé tekin upp hagstjórn meiri en verið hefur, og hann hefur sýnt það með forgöngu sinni um þær stofnanir, sem hæstv. forsrh. vék að mjög rækilega og réttilega, þegar þær hafa verið settar á laggirnar. Hann er fylgjandi öllu þessu starfi og telur það horfa til góðs. En hann er á móti því og telur reynsluna hafa sannað það, að þegar gripið er til hafta, þegar gripið er til algerrar ríkisforsjár, þegar fáum mönnum er ætlað að ráða yfir öllu þjóðfélaginu og þróun þess og ákveða, hvað megi gera og ekki gera, þá hefur það leitt til ills, og þessu er Sjálfstfl. á móti. Sjálfstfl. telur, að hægt sé að ná öllu því góða, sem þarf að ná, öllu því, sem er til bóta og sem hæstv. forsrh. vék að í ræðu sinni, með gildandi lögum um þetta efni, e. t. v. með ýmsum minni háttar lagfæringum, en þetta mál hér stefni í algjörlega öfuga átt við það, sem hæstv. forsrh. gat um. Einmitt með hliðsjón af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að væri skoðun sín á því, hvernig ætti að vinna að þessum málum, þá teljum við sjálfstæðismenn, að við gerum honum beztan greiðann með því að vera á móti þessu frv. og væntum þess, að það takist hér í Alþ. að upplýsa svo málið, sem virðist ekki vera alveg ljóst fyrir hæstv. forsrh., að hann geri sér grein fyrir því, að með því að samþykkja það, þá er hann að vinna gegn því, sem hann telur þó að eigi að vera höfuðtilgangur heilbrigðra ríkisafskipta.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú skýrt málið allmiklu ljósar en frv. sjálft, sem hér er til umr., um Framkvæmdastofnun ríkisins, ber með sér, en þó er enn allmargt óupplýst, sem væntanlega fæst upplýst við meðferð málsins í n., þegar þar að kemur, væntanlega fjhn. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem væntanlega fjallar um málið, leyfi ég mér hér að leggja nokkur orð í belg.

Það frv., sem hér er til umr., er allviðamikið, en aðeins fram komið fyrir þremur dögum, eins og hv. þdm. er kunnugt, þannig að tiltölulega lítill tími hefur gefizt til að athuga það til hlítar, svo sem vert væri, svo víðtækt sem málið er. Við fyrstu yfirsýn virðist áreiðanlega mörgum, að verið sé að feta sig til hins gamalkunna Fjárhagsráðs, sem síðan hét innflutningsnefnd og innflutningsskrifstofa o. s. frv. Hæstv. forsrh. undirstrikaði það sérstaklega, að hér væri ekki um slíkt að ræða, en slíkar hugmyndir virðast nú fá byr undir báða vængi. En til fyrrgreindra ráðstafana var þó á sínum tíma gripið vegna neyðarástands og þáverandi gjaldeyriskreppu, vegna þess að gjaldeyristekjur þjóðarinnar önnuðu ekki þeirri eftirspurn, sem fyrir hendi var í þjóðfélaginu. Nú verður ekki með nokkru móti hægt að beita þeirri sömu forsendu. Aflamagn er í hámarki, og fiskverð hefur á árinu hækkað yfir 63%, og allt frá miðju árinu 1970 hafa ýmist opinberir aðilar eða einstaklingar staðið í samningum innanlands og utan um endurnýjun veiðiflotans og þá sérstaklega þeim tegundum, sem enginn hafði um margra ára skeið sýnt áhuga á. Hér á ég við smærri fiskibáta og togara. Á erfiðleikaárunum 1967 til og með árinu 1969, þegar aflabrögð og verðmæti afurðanna voru í algjöru lág-

marki, var þáv. ríkisstj. legið mjög á hálsi fyrir að kaupa ekki nokkra tugi togara, sem var áætlað, að kostuðu 80–160 millj. kr. hver, ásamt tilheyrandi fjölda báta. Þessum fullyrðingum var veifað framan í almenning, þótt enginn fyndist til að kaupa og því síður að reka slíkt skip vegna ríkjandi neyðarástands, sem með engu móti var hægt að saka innlenda aðila um.

Í árslok 1969 fór hins vegar að birta til í efnahagsmálum þjóðarinnar, m. a. vegna aðgerða innanlands með lagasetningu og stjórnarathöfnum, ásamt auknum afla m. a. vegna nýrra veiðiaðferða, sem voru afleiðingar langra og kostnaðarsamra veiðitilrauna. Má í því sambandi nefna skelfisk-, humar- og rækjuveiðar ásamt mjög gjöfulli grálúðuveiði, sem voru algjörar nýjungar á þessu árabili. Síðast en ekki sízt varð umtalsverð hækkun á verðlagi fiskafurða erlendis á þessu tímabili, þótt það væri ekki innlendum aðilum að þakka. Innlendu aðgerðirnar til að gera útgerð og sjósókn eftirsóknarverða á ný voru ekki líklegar til vinsælda og komu óneitanlega harkalega niður á öllum almenningi. Fyrst og fremst bitnuðu þær þó á sjómönnum, sem næstu árin á undan höfðu átt því láni að fagna að hafa allgóðar tekjur og uppgripaafla á síldveiðum. Þar urðu hin snöggu viðbrigði mest og sárust. Á þessa strengi léku þáv. stjórnarandstæðingar vel og dyggilega utan þings og innan, að ekki sé minnzt á kosningabaráttuna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1970 og svo aftur fyrir alþingiskosningarnar s. l. vor. Þetta gerðu þeir, þótt þeir hefðu undir höndum haldgóðar upplýsingar um ríkjandi ástand og fulla vissu um, að ef ekkert yrði að gert, boðaði það enn meiri þrengingar alls almennings og meira atvinnuleysi, sem flestum þótti þó þungbært þá. Þáv. ríkisstj. hélt þó ótrauð sinni stefnu í fullvissu um, að hún segði þjóðinni sannleikann um ástandið og hvert stefndi. Það væri svo þess virði nú, ef einhver hlutlaus aðili mundi reikna það út, þegar reynslan hefur sjálf talað, hvað gerzt hefði og hvert ástandið væri nú í atvinnumálum landsmanna og efnahagsmálunum almennt, ef fyrrv. ríkisstj. hefði ekki þorað að gera þær ráðstafanir, sem hún gerði á þessu erfiðleikatímabili. Úr hvaða sjóðum hefði núv. ríkisstj. þá ausið nú? Hvaða ný skip hefðu verið keypt eða samið um smíði á nú?

Í umr. um till. fyrrv. ríkisstj. hér á hv. Alþ. voru hv. stjórnarandstæðingar, sem nú skipa stjórnarlið, oft að því spurðir, hvort þeir hefðu aðrar till. að gera til lausnar vandanum og þá hverjar. Svör þeirra voru nokkuð mismunandi, og til voru raddir, sem sögðu, að vandinn væri mun minni en ríkisstj. vildi vera láta og e. t. v. nánast enginn. Þeir, sem vildu þó vera raunsæir, sögðu efnislega á þessa leið: Í fyrsta lagi er það ekki í okkar verkahring, sem erum í stjórnarandstöðu, að leysa vandann, það er ykkar verk, sem eruð í stjórnarliðinu. Í öðru lagi þarf meira og betra skipulag á fjárfestingu landsmanna og að ríkisstj. hafi meiri heildarstjórn á útlánum hinna ýmsu lánastofnana, stýri fjármagninu, eins og það var orðað. Önnur svör fengust ekki úr þeim herbúðum þá. Ríkisstj. þáv. hélt hins vegar að settu marki og náði því. Efist einhverjir um það, þá er hinum sömu hollt að muna, að strax á árunum 1969 og 1970 hófst á ný vakning fyrir endurnýjun veiðiflotans, og fjörkippur kom í velflesta þjóðþrifafjárfestingu, og var í því efni veitt aðstoð og fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Þannig höfðu ýmist verið keyptir eða samið um smíði á allmörgum nýjum skuttogurum og fjölda hinna minni fiskibáta á árinu 1970 og fram á mitt þetta ár, þegar hæstv. núv. ríkisstj. settist í valdastólana 14. júlí s. l.

Alþfl. lýsti yfir því við valdatöku hæstv. núv. ríkisstj., að þrátt fyrir stjórnarandstöðu sína mundi hann ekki bregðast þinglegum skyldum sínum með því einu að segja, að sér komi ekki við vandamál, sem að þjóðinni kunni að steðja. Þvert á móti mun hann meta einstakar stjórnarathafnir eftir málefnunum sjálfum, þ. e. fylgja góðum málefnum, er til heilla horfa, hverjir sem þau kunna að flytja. Þetta eitt er í samræmi við rúmlega hálfrar aldar starf flokkslns innan þings og utan.

Frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins mun af stjórnarflokkunum eiga að teljast efndir á fyrri yfirlýsingum um nauðsyn þess að stjórna betur fjárfestingu landsmanna og gjaldeyriseyðslu undir einni heildarstjórn. Um þetta frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins verður að sjálfsögðu fjallað í fjhn., og þar munu vonandi fást á því nánari skýringar en hér hafa þegar verið fluttar. Þó kunna einhverjar að slæðast fram við frekari umr. málsins.

Það er eitt meginatriði efnahagsmálanna, hvernig fjár er aflað til framkvæmda og hvernig því er varið. Enda þótt fáar þjóðir noti stærri hlut af þjóðartekjum til fjárfestingar en við Íslendingar höfum gert, er sífellt skortur á fé til þeirra hluta, því að viljinn til að byggja upp, framtak fólksins, er og verður vafalaust um langa framtíð meiri en það fé, sem við höfum undir höndum. Af þessum sökum er mjög mikilvægt, hvernig fjármunum til framkvæmda er deilt niður, hvernig verkefnum er raðað. Það er eitt af meginatriðum í stefnu jafnaðarmanna, að ríkisvaldið eigi að gegna miklu og víðtæku hlutverki í efnahagslífinu og ráða þeirri stefnu, sem þar ríkir. Þetta á að gera fyrst og fremst með víðtækri áætlanagerð og beitingu þeirra hagstjórnartækja, sem ríkisvaldið aflar sér. Athyglisvert er að gera sér grein fyrir, hver þróunin hefur verið í þessum málum undanfarinn áratug eða í tíð fyrrv. ríkisstj., og þegar að er gáð, kemur í ljós, að á þessu tímabili var komið upp veigamestu hagstjórnartækjunum, sem ríkisvaldið hefur nú á að skipa, og þáttur þess í öflun lánsfjár og hagnýtingu þess varð sífellt meiri. Þýðingarmesta skrefið á þessari braut var áreiðanlega stofnun Seðlabanka Íslands með lögum frá 1961, fyrir liðlega 10 árum. Þessi banki annarra banka og banki íslenzka ríkisins er nú ein af áhrifamestu stofnunum efnahagslífsins, sem framfylgir stefnu ríkisstj. hverju sinni á sviði gjaldeyris- og peningamála og fylgir henni eftir. Engum dettur nú í hug að leggja Seðlabankann niður. Hins vegar heyrast raddir um, að hann sé of stór og valdamikill. Hvað um það, með stofnun og uppbyggingu Seðlabankans fékk fyrrv. ríkisstj. hinu opinbera í hendur áhrifamesta hagstjórnartækið, sem hefur víðtæk afskipti af öllu efnahagslífi þjóðarinnar.

Þá er rétt að rifja upp, að á síðastliðnum áratug var mikið gert til að fjölga fjárfestingarsjóðum og efla þá, eins og fram hefur komið í þessum umr. nú þegar. Samkv. grein í nýlegu hefti Fjármálatíðinda eru nú í landinu 14 fjárfestingarsjóðir, sem hafa það að aðal-

verkefni að lána til fjárfestingar og framkvæmda, enda þótt til séu miklu fleiri sjóðir, sem að einhverju leyti lána í þeim tilgangi, en hafa þó annað aðalhlutverk. Af þessum 14 fjárfestingarlánasjóðum voru 7 eða helmingurinn af þeim stofnaðir í tíð síðustu ríkisstj. Það eru Ferðamálasjóður, Framkvæmdasjóður, Iðnþróunarsjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Verzlunarlánasjóður. Hinir 7 voru allir stofnaðir fyrr, en á síðustu 10 árum hefur verið sett ný löggjöf um flesta þeirra og starfsemi þeirra styrkt og endurbætt. Tekjur sínar hafa þessir sjóðir af margvíslegum framlögum ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega í skattlagningu ýmiss konar og að sjálfsögðu vöxtum. Er hér um að ræða mjög veigamikinn þátt í íslenzku efnahagslífi og verulegan hluta allrar fjárfestingar í landinu. Það má helzt færa fram sem gagnrýni á þetta kerfi, að sjóðirnir séu of margir og of oft verði, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þeir, sem standa fyrir framkvæmdum, að ganga frá einum sjóði til annars og reyna að fá eitthvað frá tveimur eða þremur mismunandi stofnunum. Má þá einnig gera ráð fyrir, að samræming á starfsemi sjóðanna sé of lítil miðað við stjórn þeirra. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir aðeins ráð fyrir sameiningu tveggja þessara sjóða, Atvinnujöfnunarsjóðs og Framkvæmdasjóðs, en þeir eiga meira en þriðjung allra eigna hinna fyrrnefndu 14 sjóða. Þá tel ég einnig rétt að nefna hina miklu aukningu í áætlanagerð á tímabili síðustu ríkisstj. Tilraunir til að gera heildaráætlanir um þjóðarbúið allt til nokkurra ára voru gerðar, en gáfu ekki nógu góða raun, það ber að játa. Hins vegar var tekið upp það fasta kerfi að gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert ár, og var það mikil framför. Þar eru valin þau fjárvana verkefni, sem ríkisstj. og Alþ. telja að verði að ganga fyrir öðru, og er aflað til þeirra nauðsynlegs fjármagns á einni hendi. Þá var hafin gerð landshlutaáætlana og reyndar valin Vestfjarðaáætlun. Þarf ekki að efa, að þessi stefna var rétt og hefur þegar gefið góða raun, enda má nú heyra till. um slíkar áætlanir fyrir alla landshluta. Þessi þróun hefur verið stórt skref í áttina til meiri áætlanagerðar á Íslandi, enda þótt gerð og framkvæmd þessarar áætlunar hafi verið helzt til laus í reipunum. Þá hefur verið tekin upp áætlanagerð á ýmsum sviðum opinberra framkvæmda, svo sem með lögskipaðri gerð vegaáætlunar og hafnaáætlun. Hefur reynslan á þessum sviðum orðið mjög góð, og kemur nú engum til hugar að hverfa aftur til fyrri vinnubragða.

Af því, sem ég nú hef sagt, má marka, að víðtæk áætlanagerð á sviði opinberra framkvæmda varð að veruleika á Íslandi í tíð fyrrv. ríkisstj. Alþfl. telur það eitt af því mikilvægasta, sem síðasta ríkisstj. gerði, enda þótt þessari staðreynd sé ekki veitt athygli eins og skyldi af mörgum. Það er að sjálfsögðu enn þá stefna Alþfl. að halda áfram á þessari braut og hagnýta í framtíðinni á enn víðtækari hátt áætlanagerð og áætlunarbúskap.

Með því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt hér fram og til umr. er, er gert ráð fyrir að koma upp Framkvæmdastofnun ríkisins. Hér verður þó ekki um algera nýjung að ræða, því að sameina á aðeins tvo sjóði, Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð, svo og Efnahagsstofnunina. Ein yfirstjórn kemur, þar sem nú eru þrjár, en þriggja manna framkvæmdaráð er nýtt. Það ætti að vera vinningur og leiða til hagnýtari starfsemi að sameina sjóðina tvo, þó að skrefið sé stutt. Þannig mun fást betra yfirlit um framkvæmdir og skipulegri vinnubrögð, a. m. k. við það. Efnahagsstofnunin, sem hefur sannað tilverurétt sinn á undanförnum árum, svo að fáir munu nú efast um hann, á að starfa í stórum dráttum eins og deild í hinni nýju stofnun. Efnahagsstofnun hefur einna ótvíræðast sannað gildi sitt við gerð kjarasamninga og hvers konar verðlagsákvarðana, sem eru nú margar í voru þjóðfélagi. Sérstök áætlanadeild verður hins vegar að teljast greinilegur ávinningur. Gerð og framkvæmd hvers konar almennra áætlana, svo sem birgðaáætlana, hefur verið of laus í reipunum, og er nauðsynlegt að taka það mál fastari tökum, ef þjóðin vill hagnýta sér áætlanagerð í vaxandi mæli á komandi árum. Lánadeild hinnar nýju stofnunar er með frv. fengið allmikið vald til að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða, eins og í frv. segir, og setja reglur um, hvaða framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Ég legg áherzlu á, að það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að hér velti algerlega á framkvæmdinni, og verður að ætla a. m. k. að óreyndu, að þeim verði ekki beitt til að koma á óeðlilegum höftum, heldur til þess að samræma framkvæmdir í landinu, greiða fyrir fjármögnun þeirra, sem augljóslega þurfa að ganga fyrir, og gera þeim, sem leita eftir lánum til fjárveitinga, betur ljóst, hvers þeir mega vænta, án þess að þeir þurfi að ganga á milli margra banka og sjóða, þar sem um of hefur virzt, að hver starfi í sínu horni án samráðs við aðra. Það er tvímælalaust til bóta, ef unnt reynist að tengja saman betur en áður öflun fjármagns til framkvæmda og gerð áætlana, enda hefur þegar verið að því unnið, svo sem fyrr er sagt í þessari ræðu, og það er einnig til bóta að tryggja samstarf margvíslegra aðila, svo sem ríkisvalds og sveitarfélaga, að áætlanagerð.

Herra forseti. Það skulu svo verða lokaorð mín nú, að Alþfl. telur frv. þetta það athyglisvert, að hann mun taka jákvæðan þátt í að athuga það í þeirri n., sem það fær til meðferðar. Alþfl. er því samþykkur yfirlýstri meginstefnu frv. í trausti þess, að framkvæmd laganna og setning nauðsynlegrar reglugerðar verði í reynd í samræmi við þann vilja og stefnu, sem í frv. felst og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ekki er vafi á, að það frv., sem hér liggur fyrir og hefur verið lagt fram af hæstv. ríkisstj., er eitt mikilvægasta málið, sem Alþ. hefur til meðferðar nú á þessu hausti. Samþykkt frv. mun vafalaust hafa í för með sér mjög verulega og afdrifaríka stefnubreytingu í efnahags- og atvinnumálum. Með þessu frv. er hafizt handa um að vinna að verkefnum, er hafa verið vanrækt, sum að miklu leyti og önnur að öllu leyti. Þar verður fyrst og fremst um að ræða, að tekin verður upp víðtæk áætlanagerð á fjölmörgum sviðum og meiri stjórn á fjárfestingarmálum en verið hefur.

Hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, hefur rætt hér nokkuð um afstöðu flokks síns til þessa máls, og í ræðu sinni í öndverðu lagði hann áherzlu á það, að í þessu frv. fælist í rauninni fátt nýtt. Hann lagði á það sérstaka áherzlu, að þó svo ætti að heita, að hér væri um

víðtæka áætlanagerð að ræða, þá væri það nú svo, að til væru þegar áætlanir á fjöldamörgum sviðum. Ekki ætla ég að neita því, að í störfum fyrrv. ríkisstj. hafi verið gert ráð fyrir áætlanagerð, en ég leyfi mér að fullyrða, að það, sem unnið hefur verið á þessu sviði, hefur verið á mjög frumstæðu stigi, og áætlanagerð er öll mjög skammt á veg komin hér á Íslandi. Svo litið sé á einstakar hliðar áætlanagerðar, þá er fyrst til að taka opinberar áætlanir, sem vissulega eru til í dag á örfáum sviðum, m. a. á sviði vegamála, en segja má, að þetta frv. breyti þar minnstu, þótt þar sé ein grein, sem fjalli um þetta atriði, sem er 9. gr. frv.

Ef aftur á móti er litið á 8. gr. frv., þar sem fjallað er um þróun byggðar og atvinnulífs og hinar svo kölluðu byggðaáætlanir, þá er rétt að undirstrika það, að þó að rétt sé, að inn á þá braut hafi verið farið nú á seinasta áratug, þá hefur þar verið um mjög frumstæða áætlanagerð að ræða, sem er mjög skammt á veg komin. Það eru líklega ein 6 ár síðan ríkisstj. fyrrv. gaf yfirlýsingu um það til verkalýðssamtaka á Norðurlandi vestra og eystra, að hafizt yrði handa um gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurland, þar sem séð yrði fyrir því, að útrýmt yrði atvinnuleysi á Norðurlandi með öllu. Allmörg ár liðu, þar til þetta loforð kom til framkvæmda eða byrjað var á því að reyna að framkvæma það, og þó var farið í það að lokum að hefja starf, sem hét því nafni Norðurlandsáætlun, en skemmst er að segja af því starfi, að þar hefur raunverulega aldrei verið um raunverulega áætlun að ræða enn sem komið er, þótt liðin séu 6 ár frá því það loforð var gefið. Þar hefur nær eingöngu verið um talnalega spásögn að ræða um þróun atvinnulífs í viðkomandi landsfjórðungi og um væntanlega þróun mannafla og aðrar hagfræðilegar staðreyndir, sem dregnar voru saman, en um raunverulega áætlun um tilteknar framkvæmdir, sem koma skyldi fram, hefur aldrei verið að ræða, nema þá að mjög takmörkuðu leyti. Það hafa verið gerðar fjöldamargar skýrslur, sem nefndar hafa verið þessu ágæta nafni, Norðurlandsáætlun, og það hefur verið útvegað fé, sem veitt hefur verið í gegnum Atvinnujöfnunarsjóð, til ýmiss konar framkvæmda og nefnt því nafni, að það væri á Norðurlandsáætlun, en það hefur þó enginn fengið að sjá neina raunverulega afmarkaða áætlun til nokkurra ára um það, hvað gera skyldi. Þess vegna vil ég undirstrika það, að á þessu sviði hefur verið um mjög frumstæða áætlanagerð að ræða, og þarna þarf að verða mjög veruleg breyting, ekki aðeins að áætlanagerðin verði miklu fullkomnari en áður hefur verið, heldur einnig að hún nái til miklu fleiri landshluta en verið hefur.

Varðandi þriðju tegund áætlanagerðarinnar, sem fjallað er um í 7. gr. frv., vil ég undirstrika það hér, að fram að þessu hafa engar áætlanir verið gerðar um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreinanna. Það hafa hreinlega engar áætlanir verið gerðar á þessu sviði, og segja má, að einmitt þessi þátturinn sé kannske hvað mikilvægastur, þegar um verður að ræða hina stórauknu áætlanagerð, sem hefjast á með störfum þessarar stofnunar.

Eins er það með áætlanagerð um heildarþróun atvinnulífsins. Hún hefur aldrei verið gerð, og eiginlega má segja hið sama um áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins. Það var að vísu nokkur viðleitni uppi fyrir allmörgum árum til að gera slíkar áætlanir um þróun þjóðarbúsins til nokkurra ára, en ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. geti verið mér sammála um það, að ekki hefur borið mikið á slíkri áætlanagerð seinasta hálfa áratuginn.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi, að frv. það, sem hér liggur fyrir, væri mikil vansmíð og að einstakar frumvarpsgreinar stönguðust á við núgildandi lög að einhverju leyti. Hann vildi fá að vita, hverjir hefðu átt sæti í nefnd þeirri, sem ríkisstj. hefði fengið til að undirbúa frv., og ég skal ekki leyna því, þar sem ég stend hér í ræðustól, að ég átti sæti í þessari nefnd meðal annarra. En ég vil upplýsa það í þessu sambandi vegna þess, sem hv. þm. var að nefna, um fjárlaga- og hagsýslustofnun, að að sjálfsögðu var nefndinni vel kunnugt um starfsemi hennar og gerði fyllilega ráð fyrir því, að hún héldi störfum sínum áfram, þótt þannig sé tekið til orða í 9. gr. frv., að deildin geri áætlanir fyrir rn. og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst. Það segir sig sjálft, að áfram munu einstök rn. hafa áætlanagerð með höndum, ef það þykir henta, og að sjálfsögðu mun fjárlaga- og hagsýslustofnunin halda áfram starfi sínu. En staðreyndin er bara sú, að áætlanagerð á þessu sviði er enn sem komið er ákaflega ófullkomin, og vafalaust er það, að rn. telja sig vanta starfskrafta oft og tíðum til þess að geta unnið slík verkefni, og þá er hér gert ráð fyrir því, að sé opin leið fyrir viðkomandi rn. að snúa sér til stofnunarinnar og biðja hana að vinna slík verkefni, ef ástæða þykir til. Það er rétt að undirstrika þau orð, sem hér standa í 9. gr. frv., að slíkt má gera, eftir því sem um semst. (**MJ:** Má ég grípa fram í fyrir hv. þm. til þess að spara tíma?) Ef forsetinn leyfir, þá er það velkomið af minni hálfu. (**MJ:** Hv. þm. þarf að lesa aths. við 9. gr., það er það, sem ég átti við.) „Hér er gert ráð fyrir áætlanagerð um opinberar framkvæmdir af svipuðu tagi og Efnahagsstofnunin hefur haft með höndum undanfarin ár.“ Ég sé ekki, að aths. við 9. gr. stangist á nokkurn hátt á við það, sem ég hef hér sagt. Það er laukrétt, sem hér er bent á í þessari viðkomandi aths., að Efnahagsstofnunin hefur að nokkru leyti haft með slíka áætlanagerð að gera. Ég er hræddur um, að ef hv. þm. vill ekki kannast við það, þá sé auðvelt að benda honum á það, að Efnahagsstofnunin hefur t. d. haft með höndum núna seinustu mánuðina og veitt aðstoð í sambandi við samgöngumál á Norðurlandi. Ég býst við því, að hv. þm., sem er fulltrúi byggðanna á Norðurlandi, hljóti að kannast við það, að sendimenn frá Efnahagsstofnuninni hafa verið á ferðalagi um Norðurland núna á seinustu mánuðum, og starfsmaður á vegum þeirrar stofnunar hefur einmitt verið að fjalla um þau mál. Þannig að ég held, að það nægi að nefna það eina dæmi til þess að sýna fram á, að þessi aths. á fyllsta rétt á sér.

Hv. þm. spurði, hvaða aðili ætti að undirbúa fjáröflun til að framkvæma þær áætlanir, sem gerðar verða, og ég álít, að 12. gr. frv. svari þessu mjög skilmerkilega, svo ég vitni til hennar, með leyfi forseta:

„Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra

framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlun stofnunarinnar."

Þarna er það greinilega á verksviði lánadeildar að vinna að þessum málum. Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur. Hér er sjálfsagt um náskyld verkefni að ræða. Fjáröflun til einstakra fjárfestingarsjóða annars vegar og fjáröflun til einstakra áætlana eru að sjálfsögðu náskyld verkefni, sem ekki verða skilin að. Það er einmitt gallinn á því kerfi, sem í gildi hefur verið fram að þessu, að þarna hefur ekki verið um nægilega samræmingu að ræða, og þar hefur ekki verið neinn einn aðili, sem hefur unnið að því samtímis að útvega fjármagn til fjárfestingarsjóðanna annars vegar og svo hins vegar til hinna fáu áætlana, sem fráfarandi ríkisstj. hefur verið að vinna að.

Hv. þm. spurði að því, hvort það væri þá þetta margumtalaða framkvæmdaráð eða stjórn stofnunarinnar, sem ætti að taka ákvarðanir, sem að þessu lytu, og ég vil aðeins benda á það, sem stendur í 3. gr. frv., 4., 5. og 6. tölul., en þar segir í fyrsta lagi, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar fjalli um og samþykki allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstj. Í öðru lagi fari hún með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og í þriðja lagi með stjórn Byggðasjóðs, og að sjálfsögðu annast hún úthlutun úr þessum sjóðum öllum. Það leiðir því af líkum, að enda þótt framkvæmdaráðið fjalli allítarlega um þessi mál öll, þá hlýtur stjórnin að setja þar sinn lokastimpil á, vegna þess að það verður ekki aðskilið að útvega fjármagn til hinna einstöku framkvæmdaáætlana og svo hins vegar hitt að annast lánveitingar úr þessum tveimur sjóðum.

Hv. þm. gerði mikið veður út af því, að það væru þrír menn, sem ættu sæti í viðkomandi framkvæmdaráði, og spurði, að því er virtist í fullri alvöru, af hverju þeir hefðu ekki verið tveir eða fjórir. Ég efast nú um, að svona einkennileg spurning hafi um langan tíma verið borin upp hér á Alþ. Hvers vegna fjöldi ráðsmanna sé ekki tveir eða fjórir. Skyldi það ekki tíðkast hjá okkur Íslendingum að skipa við stofnanir ráð og nefndir, þar sem fjöldinn stendur á jafnri tölu. Ég er hræddur um, að það sé æði sjaldgæft og það sé yfirleitt talið heldur heppilegra að láta standa á stakri tölu.

Hv. þm. spurði um Atvinnuleysistryggingasjóð og spurði, hvort ekki væri ætlunin að setja einhverjar reglur um Atvinnuleysistryggingasjóð annars vegar og svo hins vegar lífeyrissjóðina almennt, og í því sambandi nægir að nefna 17. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar."

Það liggur nokkuð í hlutarins eðli, að eðlilegra er að hafa þennan háttinn á, að leita eftir samvinnu og frjálsu samkomulagi við viðkomandi sjóði, þar sem um er að ræða stofnanir, sem settar hafa verið á fót með frjálsum samningum einstakra aðila í þjóðfélaginu, og sé ekki rétt að grípa þar inn í nema að undangengnu samkomulagi og því ekki tímabært á þessu stigi málsins að fara að setja neinar reglur hér í þetta frv. um það, hvernig þessu verði háttað.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. lagði á það býsna mikla áherzlu í upphafi síns máls og lengi fram eftir sinni ræðu, eins og ég tók hér fram áðan, að það væri í sjálfu sér ekkert nýtt í frv. En hann var nú ekki kominn nema svona eiginlega rétt fram í miðja ræðu, þegar hann venti sínu kvæði í kross allverulega, og þá var það hreint ekki það, að það væri ekkert nýtt í frv. Það mátti skilja, að þar væri eiginlega hrollvekjan sjálf, holdi klædd, komin. Og hann undirstrikaði það, að þarna væri sem sagt um þrennt að ræða, geysilegt skriffinnskubákn, sem ætti að byggja upp, ískyggilega samþjöppun valds og svo stórfellda aukningu ríkisafskipta. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram, að í sjálfu sér skiptir það minnstu í sambandi við þetta mál, hvort hrollur fer um hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann horfir á þetta frv., en hitt er laukrétt, sem hann tekur hér fram, að í frv. er fólgin mjög veruleg og veigamikil breyting á því kerfi, sem í gildi er í dag. Ef við tökum tilfinningahitann úr þessum einkunnum, sem hann gaf frv., þá má segja, að nokkur sannleiksneisti felist á bak við orð hans. Hann nefndi það, að þarna yrði um geysilegt skriffinnskubákn að ræða. Ég vil ekki samþykkja það. Hitt er rétt, að þarna verður um að ræða mjög víðtæka starfsemi, sem ekki er fyrir hendi nú. Þarna verður unnið að mjög nauðsynlegum og mikilvægum störfum, sem enginn aðili vinnur að nú, og þar af leiðir, að þar koma nýir starfskraftar til sögunnar, en þarna verður þó frekar um einföldun að ræða á því kerfi, sem fyrir er, þar sem eftirtaldar fjórar stofnanir, Hagráð, Efnahagsstofnun, Atvinnujöfnunarsjóður og Framkvæmdasjóður, hverfa úr sögunni sem sjálfstæðir aðilar og falla inn í þessa nýju stofnun. Þegar hann ræðir um þá ískyggilegu samþjöppun valds, sem þarna verði um að ræða, þá er það að því leyti rétt, þegar tilfinningahitanum er sleppt, að þarna er um að ræða að sameina í einni stofnun náskyld verkefni, sem að dómi stjórnarflokkanna verður að fjalla um með nauðsynlegri heildaryfirsýn og því óhjákvæmilegt að fella inn í eina stofnun. Þegar hv. þm. leggur á það áherzlu, að þarna verði um að ræða stórfellda aukningu ríkisafskipta, þá er það vafalaust ofmælt, en hitt er aftur á móti rétt, að með þessu frv. má ætla, að ríkið fari að sinna forustuskyldu sinni í atvinnumálum, óhjákvæmilegri og nauðsynlegri forustuskyldu sinni í atvinnumálum.

Hv. þm. Magnús Jónsson lýsti andstöðu sinni og flokks síns við frv., og það kemur mér ekki á óvart, vegna þess að mér er kunnugt um, hver er afstaða flokks hans til efnahagsmála almennt, og í sjálfu sér tel ég það frekar meðmæli með frv., að svo íhaldssamur flokkur sem hann fylgir skuli ekki telja það til mikilla bóta, því að þetta frv. táknar mjög verulega stefnubreytingu í efnahags- og atvinnumálum, og á því var vissulega ekki vanþörf.

Hv. 1. landsk. þm. fjallaði einnig um það frv., sem hér liggur fyrir, og var ræða hans hófsamleg. Hann fjallaði aðallega um verk fráfarandi stjórnar, minnti á uppbyggingu Seðlabankans og stofnun hinna ýmsu fjárfestingarsjóða, sem hann nefndi að væru 14 starfandi nú, og hefðu þar af 7 verið stofnaðir í tíð fráfarandi stjórnar. Þær athugasemdir, sem hann gerði í því sam-

bandi, voru vafalaust skynsamlegar, en hann virtist samþykkur meginstefnu frv. og þeim nýmælum, sem í frv. eru, en tók það fram, að miklu máli skipti, hvernig framkvæmdin yrði, og það er vissulega hverju orði sannara. Ég undirstrika það hér að lokum, að það ber að fagna því sérstaklega, að Alþfl. skuli reynast svo jákvæður til þessa mikilvæga máls.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þessa frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, eins og fram hefur komið. Ég vil fyrir mitt leyti segja, að ég er mjög ánægður með, að frv. er komið fram og það þetta tímanlega. Þetta er mikið og stórt mál, sem hefur þurft að undirbúa mjög vandlega og orðið að líta í mörg horn, áður en frv. var samið.

Ekki þurfti heldur lengi að bíða viðbragða stjórnarandstöðunnar, einkum Sjálfstfl., við þessu frv. Við höfum lesið það í Morgunblaðinu, og við hlustuðum á það nú hjá hv. 2. þm. Norðurl. e.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hafði ekkert við það að athuga, þótt nokkur hrollur færi um hv. 2. þm. Norðurl. e., en satt að segja er mér ekki vel við það. Það er e. t. v. vegna þess að við erum sessunautar. Ég ætla mér því í fáum orðum að reyna að fara yfir nokkur þau atriði, sem hann minntist á, ef ég mætti með því móti draga nokkuð úr þeim hrolli.

Satt að segja sýndist mér, að nota mætti sömu orð um málflutning hans og hann notaði um málflutning hæstv. forsrh. Mér fannst hann ræða mjög mikið um ýmislegt annað en í frv. er að finna. Mér virtist hann í raun og veru sjá grýlu í hverju horni.

Hv. þm. talaði um það, að hann sæi ekki annað en að þrátt fyrir frv. yrðu þeir, sem þurfa að sækja fjármagn í opinbera sjóði, að ganga frá einum til annars. Mér sýnist, að í 14. gr. þessa frv. sé a. m. k. gerð mjög virðingarverð tilraun til þess að reyna að koma í veg fyrir slíkt, þar sem lánadeildinni er falið að reyna að útvega fjármagn til framkvæmda, svo að nægilegt sé hverju sinni. Það er orðað svo, ef ég má lesa það, með leyfi forseta:

„Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka."

Ég tel þetta mjög mikilvægt ákvæði og einmitt til þess fallið að draga úr þeirri pílagrímsgöngu, sem svo mjög hefur tíðkazt hjá sjóðum hins opinbera upp á síðkastið, þar sem sá siður hefur yfirleitt verið á hafður að skera niður lánveitingar um verulegan hluta, a.m.k. helming, og láta svo þar við sitja og umsækjanda sjá um að afla þess, sem á vantar. Staðreyndin er áreiðanlega sú, að þær lánveitingar, sem þannig hafa orðið til, hafa ekki alltaf, og satt að segja mjög oft, ekki komið að tilætluðum notum.

Ég hef ritað hérna hjá mér, að hv. þm. taldi, að deildirnar yrðu fimm. Það vil ég leiðrétta. Þær eru þrjár. Þær eru rannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild. En þetta skiptir að sjálfsögðu engu máli. (**MJ:** Má ég skjóta fram í. Ég átti við sjóðina líka.) Já, það er rétt.

Ræðumaður fann að því, að í frv. væru engin ákvæði um það að afla fjár til hinna ýmsu framkvæmda og ýmsu sjóða. Mér sýnist þó, að í 12. gr. frv. sé þetta einmitt tilgangurinn, en þar segir:

„Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar."

Einnig er rætt um það, þegar frv. er gagnrýnt, að engin samræming sjóða eigi sér þar stað. Þetta tel ég, að sé víðs fjarri. Víða kemur fram í frv. og ekki sízt t. d. í 12. gr., sem ég las áðan, og víðar reyndar, að starfseminni er einmitt ætlað að taka upp mjög náið samstarf við hina ýmsu sjóði, sem starfandi eru í landinu, og koma þannig á þeirri samræmingu, sem mjög hefur verið ábótavant hjá okkur upp á síðkastið. Þetta tel ég vera eitt af merkari ákvæðum þessa frv. og vænti mikils af.

Einnig fannst mér nokkuð á því bera, þar sem í frv. eru lagðar línur, ef svo má að orði komast, að því sé slegið föstu sem einhverri grýlu, ef ég má nefna það svo, t. d. segir í 12. gr.: „Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar." Þetta var túlkað þannig, að Framkvæmdastofnunin setji reglur um það, hvort þessa byggingu megi reisa og aðra ekki. Ég skil ekki frv. þannig. Ég skil það eins og þarna stendur skrifað. Mér virðist það fullljóst, að stofnunin setur, eins og þarna segir, *almennar reglur* um framkvæmdir í landinu. Sýnist mér, að það hefði raunar fyrr mátt gera og sé mikilvægt ákvæði.

Einnig var að því fundið, að lánadeild annist rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, sem segir í 13. gr., og þótti mér það satt að segja undarlegt. Ég trúi því varla að athuguðu máli, að unnt sé að finna að þessu ákvæði. Er ekki nauðsynlegt, og hefur því ekki raunar verið mjög ábótavant hjá okkur, að fyrirtæki, sem leita til banka og sjóða um stofnlán, hafi í fyrsta lagi lagt fram sjálf nægilega ítarlegar athuganir á arðsemi þeirra fyrirtækja, sem setja á á stofn, og í öðru lagi að aðstaða væri til þess hjá sjóðum eins og t. d. Atvinnujöfnunarsjóði, þar sem hv. þm. hefur verið í formennsku lengi, að athuga arðsemi þessara fyrirtækja? Hefur það oft leitt til mikilla og stórra vandræða. Ég trúi því ekki að athuguðu máli, að nokkur geti fundið að því, þó að þessari stofnun sé falið að veita fyrirtækjum, veita einstaklingum, veita öðrum, sem vilja koma af stað fyrirtæki, þessa sjálfsögðu aðstoð við stofnsetningu fyrirtækisins.

Á það hefur einnig verið minnzt, að ekki sé mikla samræmingu um að ræða eða fækkun sjóða. Ég skal viðurkenna það, að ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan viljað sjá sjóðunum fækkað meira en þarna er gert ráð fyrir. Hins vegar bind ég miklar vonir við það ákvæði, sem er að finna í frv., að að því skuli stefnt, að sjóðunum verði fækkað fremur, og sömuleiðis það ákveðna ákvæði, sem þar kemur fram, að stofnun skuli beita sér fyrir langtum nánara samstarfi á milli þessara sjóða en hefur verið til þessa. Á þetta hefur skort, og vitanlega er þar ekki skrefið stigið til fulls, en mikilvægt skref í þá átt, að sjóðirnir starfi betur saman sem ein heild.

Á það var minnzt, að vísindamenn mundu varla vilja starfa undir slíku bákni, eins og mig minnir, að það hafi

verið orðað. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því. Í þessu frv. er að finna ýmis ákvæði, sem t. d. ættu að geta orðið athyglisverð eftirbreytni fyrir aðra sjóði. Gert er ráð fyrir því, að lagt verði fram verulegt fjármagn til alls konar rannsókna, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings nýjum atvinnugreinum og nýjum fyrirtækjum. Mér reiknast svo til, að ákvæði, sem er í 24. gr., geti þýtt a. m. k. 20 millj. kr. framlag á ári til slíkra rannsókna, og margir fleiri sjóðir, sem eru utan þessa kerfis, fara að þessu fordæmi.

Ég vil einnig leyfa mér að draga það mjög í efa, að í þessu frv. sé að finna ákvæði eða vinnubrögð, sem hvergi tíðkist annars staðar. Ég vil t. d. benda á mjög athyglisverða stofnun, sem Frakkar settu á fót fyrir nokkrum árum og fjallar um áætlanagerð þar, og hefur hún þótt afar mikið til fyrirmyndar og er mjög áhrifamikil, ekki síst í sambandi við forgangsröðun framkvæmda í þessu auðvaldslandi. Og ég get bent á stofnanir einnig í Svíþjóð og víðar, sem starfa mjög í þessum anda. Þó er það skoðun mín, að óvíða sé nauðsynlegra en hjá okkur, þar sem fjármagn er af afar skornum skammti, að þessi vinnubrögð, skipulagshyggjan, séu viðhöfð.

Ég hygg, að segja megi um hv. 2. þm. Norðurl. e., að rétt sé það, sem hann sagði, að í stjórnarandstöðu segja menn eflaust meira en þegar þeir eru í stjórn, og mér sýnist að hann hafi tekið upp þau vinnubrögð nú þegar.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um gagnrýni hv. þm. á frv. Ég vil aðeins segja við hann að lokum, að ég vona það, að við nákvæmari lestur frv. muni hann sjá, að það eru ekki svo margar grýlur þar í hverju horni sem hann þykist sjá á þessari stundu, og ég vona, að hrollurinn fari þá fljótlega úr honum.

Ég vil lýsa ánægju minni með þann stuðning, sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., við frv. Þótti mér vænt um að heyra það. Greinilega kom fram, að hann og hans félagar vilja skoða frv. málefnalega. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að við ýmis ákvæði frv. má gera einhverjar breytingar, einhverjar lagfæringar, og skal ég með ánægju taka þátt í því.

Ég vil svo segja það að lokum, að ég hygg, að andstaðan gegn þessu frv. sé að ýmsu leyti á mjög miklum misskilningi byggð. Ég held, að hún sé byggð á þeim rótgróna misskilningi, sem víða ríkir hjá auðvaldsfyrirkomulagi og þeim flokkum, sem því fylgja, að enn skuli fylgt hinni gömlu reglu um, að framboð og eftirspurn skuli ráða efnahagsþróun. Staðreyndin er vitanlega sú, að þessi gamla grundvallarkenning er fyrir löngu úrelt orðin, jafnvel í þeim ríkjum, sem auðugust eru og lengst hafa haldið í einstaklingsframtakið og framtak fyrirtækja og stórathafnaraðila. Það er staðreynd, að hin risastóru iðnaðarfyrirtæki hafa fyrir löngu kollvarpað öllum slíkum kenningum. Kemur það glöggt fram í ýmsum ritum og ræðum fræðimanna, sem um þetta hafa talað. Þetta kemur einnig glöggt fram t. d. í ýmsum aðgerðum, sem jafnvel Bandaríkjaforseti, sem ekki þykir sérstaklega frjálslyndur eða vinstrisinnaður í skoðunum, hefur orðið að beita í sínu landi, einmitt til þess að beina þróuninni inn á þær brautir, sem eðlilegri eru fyrir þjóðina í heild.

Það er einnig staðreynd, að eins og þróunin er orðin, hefur þessi óheillaþróun, ef ég má kalla hana svo sýnt sig að hafa svo örlagarík áhrif á fjölmargt, sem snertir hvern einasta einstakling, m. a. umhverfi hans, t. d. í sambandi við mengun, sem er orðin stórkostlegt vandamál víðast um heim, að óhjákvæmilegt hefur verið, að hið opinbera grípi í taumana með meiri og minni beinum aðgerðum. Ég held þó, að hér á landi hafi það sannazt einna gleggst, að við getum alls ekki farið eftir slíkri happa- og glappastefnu. Okkar land er tiltölulega stórt miðað við fámennið. Við byggjum dýrt land tiltölulega, höfum tiltölulega lítið af fjármagni, og það er ekki sízt með tilliti til þeirrar reynslu, sem fékkst í stjórnartíð síðustu ríkisstj., að langtum skipulagðari vinnubrögð verða að koma til. Raunar hefur þetta sannazt af aðgerðum hennar sjálfrar, t. d. í sambandi við vaxandi áætlanagerð, sem hefur verið notuð við ýmsar framkvæmdir, og áætlanagerð í sambandi við landshluta. Hér liggur t. d. nú skýrsla um skipasmíðar. En það er eftirtektarvert, að þessar áætlanagerðir hafa margar hverjar ekki komið til framkvæmda vegna þess, að því er mér virðist, að skort hefur aðila í landinu, sem ber að taka þær og framkvæma þær eða sjá um, að þær verði framkvæmdar. Það er enginn vafi á því, að þarna hefur skort að mjög verulegu leyti samræmingu.

Mér sýnist að þetta hafi einnig vel sannazt í þeim fjölmörgu sjóðum, sem hér voru taldir upp áðan, og settir hafa verið á stofn í tíð fyrrv. ríkisstj. Það hefur sýnt sig, að sú ríkisstj. fann sig knúða til þess að nota sjóði og aðrar opinberar aðgerðir til þess að beina fjármagninu inn á ákveðnar brautir fram hjá þessu svo kallaða frjálsa framtaki, sem svo mikið er talað um. Þannig hefur það hér á landi verið margbrotið og eðlilega.

Ég vil leggja áherzlu á, að ég tel mig ekki síður vera málsvara heilbrigðs einstaklingsframtaks heldur en t. d. hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég tel það vera einn máttarstólpann í þjóðfélagi okkar. En ég lít einmitt á þetta frv. sem mjög mikilvæga tilraun til þess að aðstoða einstaklinginn og fyrirtæki hans á þeirri braut, sem þeir vilja fara, veita þeim alls konar þjónustu með útreikningum m. a. á arðsemi, reyna að tryggja fjármagn til þeirra framkvæmda, sem sérfræðingar telja, að séu skynsamlegastar hverju sinni. Ég er sannfærður um, að þessi stofnun, ef hún fær að þróast, eins og ég geri mér fyllilega vonir um og að er stefnt, verði fljótlega talin ein meginmáttarstoð þess framtaks, sem við erum að tala um, hins frjálsa framtaks einstaklingsins og fyrirtækja hans.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að andstaðan við þetta frv. byggðist á misskilningi. En það var misskilningur hjá honum, að hann skyldi ekki skýra þetta nánar, því að hvað sem verður sagt um þessa ræðu hans hér áðan, þá verður það ekki sagt, að hann skýrði þetta. Ég vil þess vegna koma nokkru nánar einmitt inn á það grundvallaratriði, um hvað þetta frv. er.

Í grg. frv. er talað um áætlanagerð, sem sé ætlað að auðvelda mótun og framkvæmd efnahagsstefnu, sem tryggi þjóðfélaginu sem örastar framfarir og sem mesta hagsæld allra þjóðfélagsstétta. Allir geta tekið undir þetta markmið, og áætlanagerð er í sjálfu sér ekki á-

greiningsefni í íslenzkum stjórnmálum. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði í upphafi þessara umr., að það er naumast deilt um gildi áætlanagerðar. En það er ágreiningur um það, hvers eðlis þjóðhags- og framkvæmdaáætlun á að vera, og ekki síður, með hverjum ráðum á að framkvæma áætlunina.

Kommúnistar telja sér til gildis að vera miklir áætlunarmenn, og þeir tala um áætlunarbúskap, þar sem þeir ráða ríkjum. Þetta er eðlilegt viðhorf, þar sem búið er við kommúnistískt hagkerfi. Þar eru ákvarðanir um alla framleiðslu teknar af ríkisvaldinu. Ríkið ákveður, hvað er framleitt og hve mikið í hverri framleiðslugrein. Ríkið ákveður, hvaða fyrirtæki skulu stofnuð og rekin. Ríkið ákveður, hvernig hagnýta skuli hráefni og aðrar auðlindir. Ríkið ákveður verðið í hverri grein framleiðslunnar. Í kommúnistísku þjóðfélagi er hvorki spurt að vilja forstöðumanna fyrirtækja, verksmiðja eða annarra framleiðslueininga um þessi efni. Það er ekki heldur spurt um vilja neytendanna. Þeir verða að sætta sig við það, sem ríkisvaldið ákveður að hafa á boðstólum. Þeir hafa ekki í önnur hús að venda, því að öll framleiðslan er í höndum ríkisins. Bæði framleiðendur og neytendur eru því undir strangri stjórn. Ríkisvaldið kemur vilja sínum fram með ýmsu móti, en fyrirætlunum sínum í efnahagsmálum kemur kommúnistísk ríkisstj. fram í formi þjóðhags- og framkvæmdaáætlana. Slíkar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir þekkjum við vel frá Austur-Evrópulöndunum.

Í Vestur-Evrópu og öðrum löndum með frjálst hagkerfi gegnir öðru máli með þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Þetta leiðir af eðli hagkerfisins, sem samrýmist ekki því að vera stjórnað í einu og öllu af ríkisvaldinu. Í frjálsu hagkerfi er valdinu skipt. Eigendur atvinnutækjanna og forstjórar fyrirtækjanna ákveða, hvaða vörur þeir framleiða og hversu mikið af hverri þeirra. Þeir ákveða sjálfir, hvaða hráefni og orku þeir nota. Þeir ákveða, í hvaða framkvæmdir þeir ráðast og hvernig þeir afla fjár til framkvæmdanna. Þeir ráða söluverði framleiðslu sinnar. En þetta vald eigenda framleiðslufyrirtækjanna og forstjóra fyrirtækjanna lýtur vilja neytendanna. Það er neytandinn sjálfur, sem ræður, hvaða vöru hann kaupir. Frjálst vöruval tryggir, að neytandinn fær komið fram vilja sínum. Þetta er það hagkerfi, sem við búum við.

Kommúnistar telja, að þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir séu gagnslausar í slíku hagkerfi. Þeir telja, að ekki sé hægt að framkvæma slíkar áætlanir, nema ríkið eigi framleiðslutækin eða geti ráðið ákvörðunum stjórnenda fyrirtækjanna. Þetta hefur verið afsannað rækilega.

Eftir heimsstyrjöldina síðari var farið að taka upp þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir í hinum vestræna heimi. Þetta hefur verið gert með góðum árangri í löndum, sem búa við hagkerfi frjáls markaðar og frjálsrar verðmyndunar. Þar hafa þættir atvinnuveganna í þjóðhags- og framkvæmdaáætlunum verið byggðir upp fyrst og fremst af upplýsingum og áætlanagerð samtaka atvinnuveganna sjálfra og einstakra fyrirtækja. Gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana hefur þannig ýtt undir áætlanagerð fyrirtækjanna sjálfra og stutt að skipulögðum vinnubrögðum þeirra. Þannig hafa í senn verið efldar framleiðslueiningarnar og varazt að skerða frelsi þeirra. Um leið hefur verið tryggt, að heildaráætlunin verði eins raunhæf og kostur er á. Með almennri stefnu ríkisvaldsins í efnahagsmálum, einkum peningamálum og fjármálum, er síðan stutt að framkvæmd þjóðhagsáætlana og framkvæmdaáætlana.

Við Íslendingar vorum heldur síðbúnir með þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir og var raunar ekki grundvöllur fyrir slíkri áætlanagerð, fyrr en lokið var gerð þjóðhagsreikninga, sem hagdeild Framkvæmdabankans gerði fyrir tímabilið 1945–1960. En Efnahagsstofnunin tók síðan upp þráðinn, og lagði viðreisnarstjórnin fram á Alþ. 1963 fyrstu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina, sem var fyrir tímabilið 1963—1966, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur þegar skýrt frá í þessum umr.

Hér liggur ekki fyrir þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, en hins vegar frv. til l., sem kveður á um starfsemi stofnunar, sem ætlað er að vinna að gerð slíkra áætlana, ef að lögum verður. En því hef ég gerzt svo fjölorður um mismunandi eðli og tilgang þjóðhags- og framkvæmdaáætlana, að afstaða mín til þessa frv. mótast af því, hvers konar áætlanagerð það miðar að, hvort það er í anda áætlanagerða í frjálsu hagkerfi eða áætlunarbúskapar austan járntjalds. Er nú rétt að láta frv. sjálft skera úr um þetta grundvallaratriði.

Í aths. við frv. segir, að Framkvæmdastofnun ríkisins eigi að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Nokkur atriði í frv. gefa til kynna, í hverju þessi ríkisforsjá á að vera fólgin. Í 7. gr. frv. segir, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar skuli gera áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins. Í aths. um gr. þessa segir, að hún feli í sér nýmæli. Hvert er nýmælið? Ekki áætlanagerðin í sjálfu sér. Mætti segja, að það væri eðlilegt framhald af brautryðjendastarfi viðreisnarstjórnarinnar varðandi þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Eðli áætlunarinnar er hins vegar nýmæli. Greinilegt er, að áætlunin á að vera tæki fyrir ríkisstj. til að koma fram vilja sínum gagnvart atvinnurekstrinum, en henni er ekki ætlað að skapa heildaryfirsýn um þróun atvinnulífsins eftir upplýsingum og áætlunum um fyrirætlanir einstakra fyrirtækja og framleiðslueininga í landinu. Þetta nýmæli er bæði fólgið í sjálfri gerð áætlunarinnar og framkvæmd hennar, eins og hún er hugsuð. Áætlunina á ekki að byggja á ákvörðunum eigenda og forstöðumanna fyrirtækja, sem í frjálsu hagkerfi mótast af lögmálum frjáls markaðar og verðmyndunar. Í stað þess á svo kölluð lánadeild Framkvæmdastofnunarinnar að annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn. Þessi forsjá ríkisvaldsins nær ekki einungis til nýrra atvinnufyrirtækja, heldur er lánadeildinni falin rannsókn á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar.

En það er ekki látið við það sitja, að taka eigi fram fyrir hendur þeirra aðila, sem kunna að vilja stofna ný fyrirtæki eða endurskipuleggja gömul. Þessi lánadeild á að geta haft frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja. Svo mikil á náðarsól ríkisvaldsins að vera, að jafnvel skal séð fyrir þessu. Ég spyr hæstv. forsrh.: Í hverju á

þetta frumkvæði lánadeildarinnar að vera fólgið? Það er þeim mun meiri ástæða að spyrja um þetta, þar sem í frv. er opnuð leið fyrir beina þátttöku ríkisins í atvinnurekstri landsmanna. Ég á við ákvæði 30. gr. frv., þar sem Byggðasjóði er heimilað að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum. Er kannske ætlunin að efna til þjóðnýtingar atvinnufyrirtækja með því að ganga að því verki um bakdyrnar, þar sem vitað er, að meginþorri þjóðarinnar mundi hafna slíkri stefnu, ef gengið væri hreint til verks?

En lítum nánar á, hvernig ætlunin er að koma í framkvæmd áætlunum Framkvæmdastofnunarinnar. Það er gert með því að veita lánadeild Framkvæmdastofnunarinnar meira vald yfir peningastofnunum landsins en nokkur dæmi eru til. Lánadeild á að vinna að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar, eins og segir í frv. En ekki nóg með þetta. Þessi lánadeild á að fylgjast með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gera till. um fjáröflun til þeirra. Þetta mikla bákn, sem lánadeildinni er fengið, leiðir af eðli áætlunarinnar sjálfrar. Í staðinn fyrir að áætluninni sé ætlað að vera hjálpartæki ríkisvaldsins til mótunar efnahagsstefnunnar, er henni ætlað að vissu leyti að koma í staðinn fyrir frjálst markaðs- og verðmyndunarkerfi. Til þess að tryggja framkvæmd slíkrar áætlunar þarf ríkisvaldið að beita þvingunum, sem í grg. frv. er kallað fjárfestingarstjórn.

Þessa fjárfestingarstjórn á að gera mögulega m. a. með því að leggja Framkvæmdasjóð Íslands og Atvinnujöfnunarsjóð undir Framkvæmdastofnunina. En það er yfirlýst stefna frv., eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. hér fyrr í dag, að leggja eigi fleiri lánastofnanir undir stofnunina. Í 17. gr. frv. segir, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar skuli leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar. Í aths. við frv. segir, að litið sé svo á, að þessa sjóði sé ekki fært að sameina, eins og það er orðað, sameina Framkvæmdastofnuninni. Það liggur nærri, að eðlilegt sé að gagnálykta frá þessu og gera ráð fyrir, að alla aðra fjárfestingarsjóði eigi að leggja undir Framkvæmdastofnunina, alla aðra en þá, sem tilteknir eru í 17. gr. Af þessu má nokkuð marka, hvert ríkisstj. er raunverulega að fara, hvílíkum heljartökum hún hyggst beita til að tryggja framkvæmd áætlunarinnar. Hæstv. forsrh. gat þess hér áður, að ekki ætti að leggja alla fjárfestingarsjóði landsmanna undir Framkvæmdastofnunina. En hér er um að ræða svo mikilvægt mál, að eðlilegt verður að teljast, að forsrh. gefi hér í þessum umr. nánari skýringar á því, hvaða fjárfestingarsjóði hann telur þess eðlis, að einkum komi til greina að leggja síðar undir Framkvæmdastofnunina.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur þegar bent á mörg atriði í þessu frv., sem eru viðsjárverð, svo að ekki sé meira sagt. Ég skal ekki endurtaka það, sem hann sagði, en ég vil sérstaklega taka undir það, sem hann sagði um þau ákvæði frv., sem fela í sér, að Efnahagsstofnunin og Hagráð skuli felld niður, að svo miklu leyti sem verkefni þessara stofnana eru ekki falin Framkvæmdastofnuninni. Ég tel, að það sé mjög misráðið að hverfa að þessu ráði. Hér er um að ræða stofnanir, sem þurfa að vinna að verkefnum sínum á sem hlutlægastan hátt og varast þurfa að vera leiksoppar pólitískrar togstreitu. Við þurfum í stjórnkerfi okkar að efla slíkar stofnanir og gera þær óháðar duttlungum stjórnmálanna, eftir því sem framast má verða. Auðvitað á Alþ. að setja þær reglur, sem slíkar stofnanir vinna eftir. En í störfum sínum þurfa þær stofnanir, sem eiga að vinna eftir reglunum, að vera sem mest óháðar framkvæmdavaldinu. Þetta er að sínu leyti áþekk hugsun eins og felst í aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds, sem er stjórnarskrárvarin skipan, svo sem kunnugt er. Það er líka athyglisvert, að sums staðar hefur verið farið inn á þá leið að tryggja visst sjálfstæði hinna mikilvægustu stofnana. Í Svíþjóð er það t. d. svo, að réttur Seðlabankans til ákveðins sjálfstæðis er varinn með stjórnarskrárákvæði. Ég nefni þetta ekki vegna þess, að ég sé að leggja neitt slíkt til hér, heldur til að undirstrika, hve frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur í öfuga átt með því að leggja starf það, sem nú er unnið af Efnahagsstofnuninni, undir Framkvæmdastofnunina.

Ég sagði í upphafi máls míns, að fylgi mitt við þetta frv. færi eftir því, hvort við athugun kæmi í ljós, að áætlanagerð samkv. frv. þessu væri miðuð við frjálst hagkerfi eða hagkerfi, sem við þekkjum fyrir austan járntjald. Af því, sem ég hef nú sagt, er það augljóst mál, að það frv., sem hér er lagt fram, miðar ekki við eðlilega framkvæmd á því hagkerfi, sem við búum við. Það er einstætt í sinni röð hvað þetta snertir um slíka löggjöf í hinum vestræna heimi. Og ég vísa algerlega á bug þeim fullyrðingum, sem fram komu hjá síðasta ræðumanni, að slíkt þekktist, að því mig minnir að hann sagði, í Frakklandi og Svíþjóð, að ég ekki segi í Bandaríkjunum. Ég held, að hver sanngjarn maður eigi líka að sjá þetta. Þetta er staðreynd, og við eigum ekki að vera að deila um staðreyndir. Ég kalla hér til vitnis og mér til stuðnings ekki ómerkari mann en hæstv. viðsk.- og sjútvrh. Hann ræddi þessi mál fyrir nokkrum dögum á landsfundi Alþb., og það er skýrt frá því, sem þessi hæstv. ráðh. sagði, í Þjóðviljanum nú fyrir nokkrum dögum. Þar segir þessi hæstv. ráðh., að þessari löggjöf, sem stefnt er að með þessu frv., sé ætlað að verða „vísir að áætlunarbúskap". Ég held, að þetta sé rétt lýsing. Auðvitað hefur mér ekki komið til hugar að halda fram, að með samþykkt þessa frv. séum við búnir að setja á stofn algeran áætlunarbúskap, eins og þekkist fyrir austan járntjald. Fyrr má nú vera. En þetta er tvímælalaust vísir að áætlunarbúskap, eins og þar gengur og gerist, og það er í þessu efni, sem ég er algerlega sammála þessum hæstv. ráðh. Það styrkir mig einnig í þeirri skoðun minni, að mér beri að vera á móti þessu frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil nú aðeins nota tækifærið, meðan hæstv. forsrh. hlýðir hér á umr., að gera nokkrar fsp., vegna þess að ég er í n., sem fær þetta mál til meðferðar. Það er þá fyrst, að í 4. gr. segir svo: „Ríkisstj. skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins," og hæstv. forsrh. bætti við: „í eðlilegu samráði við

forstöðumenn deilda." Ég tók ekki eftir því, sé ekki í 8. gr. frv., að neitt sé fjallað um menntun þessara manna né ráðningartíma. Það er þó allra manna mál, að áætlanagerð hlýtur aðeins að ná árangri, séu til þess ráðnir hæfir menn. Það hlýtur því að vakna sú spurning, hvaða menn eigi þar að starfa eða hvaða menntun og hverja starfsreynslu þessir menn eigi að hafa, sem þessi 4. gr. fjallar um. Að vísu er nú tekið fram nokkuð, hvaða verksvið þetta framkvæmdaráð á að hafa, en engu að síður finnst mér þetta nokkuð stangast á í kaflanum síðar um lánadeildina, en í 12. gr. stendur: „Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur" o. s. frv. Ég hefði persónulega talið í betra samræmi við það, sem segir í 3. gr., að „stjórn stofnunarinnar getur sett almennar reglur" o. s. frv. Þetta skiptir e. t. v. ekki miklu máli. Þó tel ég, að rétt sé að hafa þetta á hreinu.

Eins má segja, að eilítið ósamræmi sé á milli 15. og 17. gr. Í 17. gr. stendur skýlaust: „Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal", þar er það ákveðið og eðlilegt, en í 15. gr. er fjallað um, að framkvæmdaráð skuli hafa náið samstarf. Ég mundi persónulega telja, að þessir menn, forstjórar deildanna, hljóti að vera lykilmenn við stjórnina. Hins vegar hlýtur, eins og fram hefur komið í umr., hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma að vera sá aðili, sem endanlega setur stimpil sinn á þetta, ef stjórn efnahagsmála og peningamála á að vera í samræmi við stefnu viðkomandi ríkisstj. hverju sinni.

Annað atriði vil ég fá upplýsingar um. Það er mjög vitnað í, að Rannsóknaráð ríkisins skuli vera þarna ráðgefandi aðili. Er það heppilegasti aðilinn í mörgum tilfellum? Er þetta ekki of þröngt, því að þar segir, að það skuli leita til annarra aðila, en þeir hafa ekki verið nefndir. Það eru í landinu mörg samtök, sem eðlilegt er að leita til og hefur verið leitað til undanfarið við áætlanagerðir og við mat á aðstæðum, og þessir aðilar eru í athafnalífinu til og frá. Þess vegna varpa ég fram þessari spurningu: Er það heppilegt að vitna oft í Rannsóknaráð ríkisins, nema þegar um sérstakar stórframkvæmdir er að ræða og stórmiklar undirbúningsrannsóknir þarf að framkvæma, áður en til ákveðinnar fyrirtækjastofnunar kemur?

Ég sé ekki, síðan í kaflanum um Framkvæmdasjóð Íslands, hvort honum eru skaffaðar beinar tekjur umfram það, sem vextir gefa honum og svo lántaka til ráðstöfunar. Hins vegar er Byggðasjóði ætlað ákveðið fjármagn, og er það vel. Það væri ekkert á móti því að fá nánari upplýsingar um það, hvernig ætti að fjármagna Framkvæmdasjóð.

Svo vil ég aðeins minna á það, að sú var tíðin í sambandi við Atvinnujöfnunarsjóð, – hann hét nú annað þá, – að dregin var ákveðin bannlína, og yfir þessa bannlínu fékk ekkert fjármagn að fara. Nú er það svo, að þegar jafnmikilvægur sjóður og Byggðasjóður starfar hér á landi og á að fá jafnmikið fjármagn og segir í 33. gr., lánsfé allt að 300 millj. kr. á ári umfram beint framlag, sem er að lágmarki 100 millj., og síðar fær hann ýmsar aðrar tekjur, þá vildi ég gjarnan vita það, hvort nokkur maður hefur í huga að draga ákveðna bannlínu og segja: Handan þessarar línu rennur ekkert fjármagn frá þessum sjóði, vegna þess að staðreyndir sýna okkur það, að atvinnuleysi stingur sér víða niður og enginn mannlegur máttur ræður við það. Það veltur á árferði til lands og sjávar. Og í umr., sem urðu um þetta vandamál 1969 á hv. Alþ., gerði ég sömu fsp. til hæstv. þáv. forsrh., Bjarna heitins Benediktssonar, og viðurkenndi hann þá, að það væri í eðli sínu engin lausn að færa fjármagn til og frá í landinu, þannig að það lyfti annars vegar undir atvinnulíf, en skildi auðn eftir hins vegar. Því miður hefur umdæmi mitt oft verið undir þessari bannlínu, og vil ég fá skýr svör um það, hvort Reykjanesumdæmið er nokkuð í sviðsljósinu í þessu efni. Það veltur á miklu.

Hæstv. forsrh. vitnar í, að handahóf hefði ríkt um stefnumið fyrrv. stjórnarflokka í þessum efnum. Það er oft gott að vera vitur eftir á, en ég man eftir því, að allir voru sammála um að reisa Síldarverksmiðjur ríkisins bæði norðanlands og austan, og má segja í dag, að það hafi verið misráðið með sumar hverjar, en engu að síður er það eðlilegt, að menn séu bjartsýnir, þegar vel viðrar og vel aflast. Þá kemur að því, að einmitt sjóður eins og Byggðasjóður sé til ráðstöfunar frjáls um allt landið, en honum sé ekki ætlað algerlega bindandi hlutverk, þannig að ákveðin svæði séu í banni. Hitt er jafneðlilegt, að hlutfallslega aukið fjármagn úr þessum byggðasjóði renni í þau svæði, sem eiga jafnan við erfiðleika að búa, ég segi, jafnan við erfiðleika að búa. Það vitum við af langri reynslu, að er fyrir hendi á vissum stöðum á landinu, því miður.

Umr. hafa orðið alllangar um frv., og skal ég ekki fara að deila um það hér, en ég held, að allir geti verið sammála því, – það voru fyrrv. ríkisstj.-flokkar, og það eru menn almennt í dag, – að gott skipulag fram í tímann, hvort sem það er eitt ár eða þrjú ár, er æskilegt, bæði hér á landi og víða annars staðar, og að því stefnir þetta frv. En það verður aðeins góður árangur, – ég vil endurtaka það, – ef uppbygging er skynsamleg, og til þess að ná árangri, þarf vel að takast um þá menn, sem eiga að bera jafnmikla ábyrgð á herðum sér og frv. gerir ráð fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann með því að fara að fást við þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á frv. Mér virðist, að hún hafi verið sett fram fremur af vilja en mætti, og það verður tækifæri til þess síðar að taka þau atriði til athugunar, og enn fremur hefur þeim verið svarað að nokkru af öðrum þátttakendum í þessum umr. En það eru aðeins nokkur atriði hér, sem um hefur verið spurt, sem ég vildi koma á framfæri upplýsingum um.

Það hefur verið bent á það, að í 3. mgr. 12. gr. stæði „Framkvæmdastofnunin", en slíkt orð væri yfirleitt ekki haft annars staðar, heldur talað um stjórn eða þá framkvæmdaráð. Þarna er vafalaust, að átt er við stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, og má segja, að út af fyrir sig séu það pennaglöp að tala ekki þarna hreint um stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, og ef n. sýnist rétt að breyta þessu í þá átt, þá hef ég vitaskuld ekki neitt við það að athuga.

Um þetta spurði bæði hv. 2. þm. Norðurl. e. og eins hv. 5. þm. Reykn. Hv. 5. þm. Reykn. spurðist fyrir um það, hvort einhver skilyrði væru sett um menntun framkvæmdaráðsmanna og hver væri ráðningartími þeirra, og að hinu sama vék hv. 2. þm. Norðurl. e. nokkuð. Það eru ekki gerðar neinar sérkunnáttukröfur

til framkvæmdaráðsmanna, enda er það náttúrlega svo, að það gæti nú kannske vafizt fyrir mönnum að koma sér þá saman um, hvers konar sérkunnáttukröfur ætti að gera. En varðandi sérfræðikunnáttu, sem hér þarf til að koma, þá er gert ráð fyrir henni sérstaklega hjá þeim sérfræðingum, sem eiga að vinna hjá þessari stofnun og væntanlega einnig hjá forstöðumönnum deildanna. Það eru ekki nein ákvæði í lögum um, til hve langs tíma framkvæmdaráðsmenn séu skipaðir. Ég lít svo á og hef litið svo á, að það væri eðlilegt, að þeir væru skipaðir tímabundið, þannig að ný ríkisstj. hefði tök á því að breyta um í þessum stöðum, og það giltu að því leyti til sömu reglur um þá eins og um stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. Tækifæri væru til að skipta um menn, eftir því sem afstaða breytist á Alþ.

Hv. 5. þm. Reykn. benti á, að honum fannst eitthvert ósamræmi á milli 15. og 17. gr., þar sem í 17. gr. er talað um stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, en í 15. gr. um framkvæmdaráð. Ég vona nú, að hann komist að þeirri niðurstöðu að athuguðu máli, að hér gætir ekki ósamræmis, vegna þess að það er nokkuð um tvennt að ræða þarna. Annars vegar er í 17. gr. gert ráð fyrir sérstökum samningum við þá ákveðnu sjóði og aðila, sem þar er talað um, og það er eðlilegt að mínum dómi, að það sé í höndum stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Hins vegar er í 15. gr. fremur um að ræða náið, daglegt, ef svo má segja, samband við þær stofnanir, sem þar er um að ræða, og það er auðvitað óhjákvæmilegt, að það sé í höndum þeirra, sem hafa fast starf hjá Framkvæmdastofnuninni og geta sinnt þannig daglegum störfum. Og á þessu byggist þessi munur.

Hv. þm. gerði aths. við það, að þarna er á einum tveimur stöðum sérstaklega talað um samráð við Rannsóknaráð ríkisins, og taldi, að eins mætti nefna fleiri stofnanir. Auðvitað er þetta álitamál, og það getur komið til athugunar út af fyrir sig hjá n. að bæta við nýjum aðilum, ef henni sýnist það. Ég held nú, að Rannsóknaráðið hafi þarna nokkra sérstöðu. Þetta á t. d. sérstaklega við, ef ég man rétt, þegar um er að ræða könnun á nýjum atvinnugreinum, en það er líka, og á það vil ég benda, í mörgum öðrum ákvæðum frv. gert einmitt ráð fyrir því, að haft sé samráð við ýmsa aðila, sem þar eru nafngreindir, t. d. í sambandi við áætlanagerðir.

Hv. þm. spurði um tekjur Framkvæmdasjóðs. Í þessu frv. er ekki sérstaklega gert ráð fyrir sérstökum tekjustofnum honum til handa. Þá spurði hv. þm. um það, hvort einhverjar bannlínur væru í þessu frv., þannig að byggðaaðstoð mætti ekki fara nema til ákveðinna landshluta. Það er ekki gert ráð fyrir neinni bannlínu í þessu sambandi, og geta allir landshlutar og allar byggðir komið þarna til greina, eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Ég held, að það hafi ekki komið fram neinar aðrar spurningar, sem ég þurfi að svara, en hins vegar ætla ég að leiða hjá mér og ekki falla í þá freistni að fara að ræða um ýmsar aðrar aths., sem hafa komið fram. Það verður þá að bíða betri tíma, af því að ég vildi gjarnan, að hægt væri að afgreiða þetta frv. til n. nú.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að taka mér hæstv. forsrh. til fyrirmyndar, eins og vera ber, og lengja ekki þessar umr. mikið, þó að vissulega hafi margt komið fram í ræðum sumra hv. þm. hér, sem gæfi tilefni til nokkurra orðræðna.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. gaf hér nokkrar athyglisverðar upplýsingar, sem ég þakka honum fyrir, og þeim mun verða haldið til haga, m. a. varðandi það, að nú ætti áætlanagerð að vera með allt öðrum hætti en hún hefði verið undanfarin ár. Hv. 5. þm. Vestf. vék einnig nokkuð að þessu atriði, og auðvitað skiptir meginmáli, hvernig þessi áætlanagerð er hugsuð og hvort hér er um að ræða byrjun á áætlunarbúskap, eins og hann er hugsaður á sósíalíska vísu, sem ekki nema viss hópur þjóða í heiminum tileinkar sér, eða áætlanagerð, sem allar vestrænar og þróaðar þjóðir telja sjálfsagða, og að meginstefnu til hefur áætlanagerð hingað til hér á landi verið byggð á þeim aðferðum við áætlanagerð. Og það, að hv. þm. telur þessar áætlanir mjög frumstæðar og ófullkomnar, gefur nokkuð eftirtektarverða ábendingu um, hvað það raunverulega er, a. m. k. af hálfu hans flokks, sem eigi að felast í þessu frv.

Það voru einnig önnur atriði eftirtektarverð, sem ég þakka honum fyrir. Það var, þegar hann ræddi um ádeilur mínar á lánadeildarkafla frv., en þá tók hann það fram, að þótt ég að vísu hefði komizt nokkuð hvasst að orði og of róttækt, þá væri því ekki að neita, að hér væri bæði um að ræða samþjöppun valds og, eins og hann orðaði það, að ríkið færi að sinna óhjákvæmilegri forustu í efnahagsmálum. Þetta er ég honum einnig þakklátur fyrir að upplýsa og gott að vita, hvað þetta merkir þá nokkru nánar en felst í frv., sem ég tel vera til staðfestu því, sem ég hafði haldið fram í minni upphaflegu ræðu hér.

Hv. þm. taldi það ákaflega barnalegt hjá mér að tala um, hvernig stæði á því, að þeir væru hafðir þrír, þessir kommissarar, í frv. Hvernig dytti mér í hug, að það væri hægt að hafa annaðhvort tvo eða fjóra menn í nefnd. Það vill nú svo til, að ég er í stofnun, þar sem eru tveir menn, sem stjórna, tveir bankastjórar, og það eru fleiri slíkar stofnanir til, og ég hef aldrei vitað neitt vandamál í því efni og ekkert sérstakt, sem leiðir til þess, að nauðsyn sé, að þarna sé oddaaðstaða. Ef unnið er með skipulagsbundnum hætti að afgreiðslu mála, og mér skilst, að þarna eigi ekki að koma raunverulega til atkvgr. nema að litlu leyti, menn eigi að vinna þarna eftir almennum áætlunum, – ef taka á það gott og gilt, sem hæstv. forsrh. sagði við túlkun á frv., þá fara þar ekki fram atkvgr. um úthlutanir eða annað þess konar – þá er það auðvitað ekkert vandamál, hvort mennirnir eru tveir, þrír eða fjórir. Hitt sagði ég í ræðu minni, að ég skildi ákaflega vel, af hverju þeir væru þrír, og ég held, að hv. þm. viti líka mætavel, hvernig á því stendur.

Ég vil taka það skýrt fram út af ræðu hv. 1. þm. Vestf., að það er fjarri því, að ég sé á móti athugun á arðsemi fyrirtækja. Langt í frá. Það er misskilningur á orðum mínum, ef ég hef komizt svo klaufalega að orði, að hann hefur skilið þau á þann hátt. Ég álít, að það hafi grundvallarþýðingu fyrir fyrirtækin sjálf, að það sé gert og þær leiðbeiningar séu ákaflega mikilvægar, sem nú er byrjað á í stórum stíl í bankakerfinu og af hálfu ýmissa þjóða að kanna einmitt arðsemi fyrirtækja. En ég skil bara setninguna á töluvert annan veg en hann í

gr., að þetta eigi ekki eingöngu að vera leiðbeiningaratriði, heldur geti það með þessum hætti orðið ærið mikið úrskurðaratriði þessara opinberu aðila, sem þarna taka ákvörðun um það, hvað gera skuli varðandi þessi fyrirtæki. Og í rauninni sé hægt að dæma þau úr leik með einhverjum slíkum aðferðum að taka upp verulegt eftirlit umfram það, sem felst í því að sannfæra menn, eins og iðulega tekst með frjálsum upplýsingum um arðsemi fyrirtækja, að koma þeim í skilning um, að það sé ekkert vit í því að setja slík fyrirtæki á laggirnar sjálfra þeirra vegna.

Við þekkjum nú öll hér í þessari hv. d., að þótt það sé ágætt að raða framkvæmdum og ágætt að hafa skipulag og engum detti í hug í nútímaþjóðfélagi að halda því fram, að það eigi að vera einhver óheft samkeppni og ekki neitt skipulag á hlutunum, þá er nú sannleikurinn sá, að við höfum ekkert ákaflega góða reynslu af haftakerfi, þar sem hægt var að koma við fullkomnu skipulagi. Og við búum því miður við atvinnulíf, sem er þess eðlis, að það er mjög erfitt að fást við áætlunarbúskap, þótt menn vilji taka hann upp. Ég vík hér aðeins að einu atriði, sem hv. 5. þm. Reykn. kom nokkuð inn á í þessu efni, og það má vel vera, að það hefði mátt saka fyrrv. ríkisstj. um það, að hún skyldi ekki stöðva byggingu síldarverksmiðja á sínum tíma, og vitanlega varð reynslan sú, að þær voru allt of margar byggðar, af því að síldin fór, en það er bara svo margt í okkar þjóðarbúskapi, sem er þessa eðlis. Eitthvað hefði verið sagt, ef ríkisstj. hefði þá stöðvað byggingu síldarverksmiðju á Austurlandi t. d. Segja má, að þjóðhagslega hefði verið miklu skynsamlegra að flytja síldina til gömlu verksmiðjanna á Norðurlandi og jafnvel á Vestfjörðum, þar sem þær voru til, heldur en að fara að byggja þarna nýja verksmiðju. Ég er ákaflega hræddur um, að jafnvel þó að við hefðum verið komnir með kommissarastjórn og þeir hefðu verið hinir ágætustu menn, þá hefði þetta orðið ákaflega miklum vandkvæðum bundið. Vegna þess hvernig okkar skipulag allt er á atvinnumálum og atvinnuþróun hér, þá er ákaflega erfitt, – og það hafa þeir sem hafa fengizt við áætlanagerð undanfarin ár, hinir mætustu menn, oft bent á, – að koma hér við áætlunarbúskap.

Ég er hv. 1. þm. Vestf. einnig algjörlega sammála um, að það er alveg nauðsynlegt, að opinberar stofnanir séu til, sem geti veitt atvinnurekstrinum þjónustu og leiðbeiningar, og það gleður mig stórlega, að hann lýsir sig fylgjandi einkarekstri og frjálsum atvinnuvegum, og við erum þarna algjörlega sammála, þótt við séum ekki sammála um það atriði, að það verði gert með því haftakerfi nýja, sem hér er ætlunin að koma á, en e. t. v. er hann annarrar skoðunar um þetta frv. en ég, og vonandi er hans skoðun rétt, að það felist alls ekki í því, sem er kvíði okkar hinna, sem teljum, að hér sé farið inn á nýjar leiðir, og þá hefði óneitanlega verið líka heppilegra, eins og hv. 5. þm. Vestf. benti hér á, að tala ekki allt of mikið um það, að hér ætti að fara inn á algjörlega nýjar leiðir og allar þær miklu nýjungar, sem eru í þessu frv. Því að ef ekki er ætlunin að taka hér upp nýtt skipulag, heldur að halda áfram og aðeins þróa það, sem þegar er búið að gera og komið er áleiðis í þessum efnum, þá á ekki að vera að tala um nýjungar, heldur aðeins að lagfæra og bæta það, sem fyrir er.

Aðeins að lokum eitt atriði, sem mig langaði til þess að bera fram fsp. um til hæstv. forsrh., til þess að vera ekki að lengja þessar umr. neitt. Ég tel það vera töluvert veigamikið atriði. Ég fékk hér senda bók í dag, m. a. s. í hátíðlegu umslagi og virðulegu, þannig að það hefur ábyggilega verið gert með það í huga, að maður tæki sér hana til fyrirmyndar. Ég hygg, að bókagjöfin sé jafnvel frá hæstv. forsrh. Það er stefnuskrá um málefnasamning ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, og hann vitnaði oft í þennan málefnasamning í frumræðu sinni, sem var heldur ekki neitt að undra. En það er eitt atriði í málefnasamningnum, sem brýtur í bága við eitt atriði í þessu frv. Það eru ákvæðin um Byggðasjóð, þ. e. a. s. stjórn Byggðasjóðs, sem ég álít mjög veigamikið atriði. Það er tekið fram í málefnasamningnum, að ætlunin sé að efla þennan sjóð, og það er allt gott og blessað, en ætlunin sé að hann sé undir sjálfstæðri stjórn. Þetta tel ég, þar sem ég hef nokkuð mikla reynslu af starfi þessa sjóðs, að hafi geysiveigamikla þýðingu, vegna þess að miðað við hlutverk sjóðsins, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, – ég man nú ekki, hvort það orðalag er notað núna, en það hefur löngum þótt gott og gilt orðalag, og ég býst ekki við, að það sé ætlunin að breyta því, – þá veltur það að sjálfsögðu á miklu, hvernig valin er forusta þessa sjóðs. Ég er alls ekki viss um það, þótt það geti verið hinir mætustu menn, sem veljast í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að það séu menn, sem eru sérstaklega kunnugir staðháttum víðs vegar um landið, en þannig hefur verið reynt að velja menn í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, eins og hann hefur verið skipaður til þessa, og þar af leiðandi held ég, að þetta sé í málefnasamningnum nokkru veigameira atriði en kannske virðist í fljótu bragði, og mæli ég þar af nokkurri reynslu. Þótt stjórn sjóðsins sé pólitískt skipuð, þá hefur ærlazt þannig til, að í hana hafa valizt menn víðs vegar af landinu, sem hafa haft sérþekkingu á málefnum byggðarlaga sinna, og mér skilst, að það sé ekki ætlunin að breyta í grundvallaratriðum eðli og starfsemi þessa sjóðs. Því getur þetta haft töluvert mikla þýðingu, og þess vegna þætti mér fróðlegt að vita, hvort það sé einhver sérstök ástæða til þess, að frá þessu er horfið í málefnasamningnum, því að ekki hefur þessi stjórn verið það þung á fóðrunum fjárhagslega, að það hefði getað ráðið úrslitum í þessu efni, heldur hlýtur það að hafa verið eitthvað annað, sem hér kom til greina og veldur því, að frá þessu er horfið. Fyrir byggðirnar úti um landið er það að sjálfsögðu ákaflega veigamikið atriði að geta átt hér aðgang að mönnum í stjórn þessa sjóðs, sem þekkja til á hinum ýmsu stöðum, þannig að þeir verði kannske ekki of háðir neinu Reykjavíkurvaldi í því efni.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að í málefnasamningi stjórnarflokkanna var gert ráð fyrir því, að það yrði sérstök stjórn fyrir Byggðasjóð, en að athuguðu máli hefur verið horfið frá því og hitt talið einfaldara og horfa til hagræðingar að hafa eina stjórn fyrir þessari stofnun. Hitt hefði verið heldur þyngra í vöfum að hafa tvær stjórnir í stofnuninni. Stjórn þessarar stofnunar er kosin með algjörlega sama hætti og stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur verið kjörin. Ég held þess vegna, að

hv. Alþ. eigi hér eftir sem hingað til alveg eins kost á að velja menn í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem hafi þau sjónarmið í huga, sem hv. þm. minntist á. En ástæðan er sem sagt þessi, að að athuguðu máli var þetta kerfi, sem kemur þarna fram í frv., talið einfaldara en að vera með tvö höfuð, ef svo má segja, á þessari stofnun. Ég vænti, að flestir geti fallizt á, að það sé eðlilegt að stefna í þá átt að gera hlutina sem einfaldasta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 153 og 155, 150, 154, 156).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Segja má, að áratugum saman hafi djúpstæður ágreiningur verið í íslenzkum stjórnmálum um hagstjórnarkerfið í þjóðarbúskap Íslendinga. Vinstri flokkar, sem aðhyllzt hafa sósíalísk viðhorf, hafa beitt sér fyrir áætlanagerð og áætlunarbúskap, og verklýðssamtök hafa löngum aðhyllzt slíka stefnu, en hægri öflin hafa löngum spyrnt á móti og hrópað aðvörunarorð í nafni einkaframtaks og einstaklingshyggju. Sé horft um öxl, er augljóst, að heildarþróun þessara mála hefur gengið nokkuð í rykkjum. Annars vegar hefur miklu ráðið, hverjir hafa verið við stjórn og hvort hægrisinnuð eða vinstrisinnuð öfl hafa ráðið ferðinni í aðalatriðum. Hins vegar má fullyrða, að pólitísk sjónarmið, þ. e. valdahlutföll hægri og vinstri stefnu, hafi þó ekki verið í sjálfu sér einráð hvað þetta snertir, því að oft hafa borgaralegir flokkar stutt hugmyndir um skipulagningu og áætlanagerð. Það hefur þó fyrst og fremst verið, þegar miklir efnahagslegir erfiðleikar hafa steðjað að þjóðinni, svo sem heimskreppa, markaðshrun, aflabrestur og annað þess háttar, að hugmyndum um gildi skipulagningar og áætlanagerðar hefur verið gefinn sérstakur gaumur og menn hafa séð þýðingu þess, að samfélagið reyndi að gernýta þá takmörkuðu fjármuni, sem það hefur úr að spila. En oftast hefur farið svo, að þegar hretið var gengið yfir, hefur þessi hugsun gleymzt og allt sótt aftur í sama farið.

Fyrsta og veigamesta tilraunin til skipulagningar og áætlanagerðar hér á landi var tvímælalaust gerð árið 1934 með skipun nefndar, sem bar heitið skipulagsnefnd atvinnumála. Sú nefnd átti að hafa með höndum rannsókn á fjármálum ríkis og þjóðar eða hvers konar atvinnurekstri í landinu, framkvæmdum og framleiðslu, og sú rannsókn átti jafnt að ná til atvinnureksturs ríkis og bæja og einstakra manna og félagsfyrirtækja. Að þessari rannsókn lokinni átti nefndin að leggja fram rökstuddar tillögur, og sem nákvæmastar áætlanir um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu, þ. á m. stofnun nýrra atvinnugreina, svo og um það, hvernig komið yrði föstu skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, þannig að þau yrðu rekin sem hagkvæmast með hag almennings fyrir augum. Þessi orð eru úr skipunarbréfi skipulagsnefndar atvinnumála, og þarna er orðrétt tekið fram, að byggja eigi upp svo nefnt „planökonomi“. Án þess að fara lengra út í þessa sálma er ljóst, að hér var um mjög víðtækt verkefni að ræða, og má segja, að þarna hafi verið um umfangsmikil afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífi landsmanna að ræða, enda stóð ekki á því, að hægri öflin rækju upp sitt ramakvein yfir þeim sósíalísku úrræðum, sem hér átti að beita og jöðruðu að áliti íhaldsmanna þeirra tíma við hinn argasta bolsévisma. Þessi nefnd starfaði í mörg ár og hlaut viðurnefnið „Rauðka“, eins og kunnugt er. Óhætt er að fullyrða, að starfsemi „Rauðku“ hafði mjög örvandi og bætandi áhrif á íslenzkt atvinnulíf á sínum tíma, enda var þá í fyrsta sinn hreyft ýmsum stórmálum, sem sum komust þá þegar í framkvæmd, en önnur voru ekki tekin á dagskrá fyrr en alllöngu síðar.

Því miður lagðist sú áætlunarvinna, sem „Rauðka“ hafði komið af stað, niður, þegar styrjöldin skall yfir og atvinnuleysið hvarf úr sögunni og þau algjöru umskipti urðu vegna ytri aðstæðna úr erfiðleikum krepputímans til meiri velmegunar en nokkur dæmi eru til um áður í sögu þjóðarinnar. Áhugi á skipulagningu og áætlanagerð dvínaði stórum, fólksflótti úr strjálbýli til Faxaflóasvæðisins margfaldaðist með tilheyrandi nýjum vandamálum. Það var eiginlega ekki fyrr en í lok styrjaldarinnar, þegar Íslendingar áttu mikinn óeyddan þjóðarauð og komin var til valda ný ríkisstjórn, sem að nokkru leyti var skipuð róttækum flokkum með sósíalíska stefnuskrá, að aftur var farið að hugsa um skipulögð vinnubrögð við nýbyggingu og endurnýjun framleiðslutækja. Nýbyggingaráð, sem þá var stofnað og hafði með höndum áætlanagerð í uppbyggingarstarfinu fyrst eftir styrjöldina, tók tvímælalaust ýmsar merkar ákvarðanir, en það varð heldur skammlíft, og við tók fjárhagsráð á árinu 1947. Meginhlutverk þess var þó raunverulega aldrei áætlanagerð, heldur má segja, að aðalhlutverk þess hafi verið að halda hjólum efnahagslífsins gangandi á erfiðleikatímum, með ýmiss konar skömmtunarstarfsemi og höftum. Fjárfestingareftirlit var þá nokkuð nákvæmt og það ítarlegt, að flestum mun nú þykja nóg um, ef litið er til baka, enda voru þetta sérstakir erfiðleikatímar, en eiginleg áætlanagerð fór ekki fram á vegum fjárhagsráðs. Ráðið var svo lagt niður árið 1953, og þá kemur alllangt hlé í starfsemi af þessu tagi.

Á tímum vinstri stjórnarinnar voru uppi ráðagerðir um áætlanagerð, en segja má, að skoðanir hafi verið nokkuð skiptar um, hvernig ætti að hefja það starf, og stjórninni vannst ekki tími til þrátt fyrir vilja að koma á fót stofnun til skipulagningar áætlanagerðar. Alþb. og fulltrúar þess á Alþ. voru þeirrar skoðunar á þessum tíma og hreyfðu þeim skoðunum, að fela ætti Seðlabankanum að standa fyrir áætlanagerð til að byrja með og lögðu beinlínis til, að bankastjórn Seðlabankans yrði falin yfirstjórn áætlanagerðar. Af því varð þó ekki, en ótvírætt má segja, að á þeim tíma sem vinstri stjórnin starfaði, hafi ýmislegt undirbúningsstarf verið unnið að áætlanagerð, en hins vegar féll það í hlut ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. að koma upp svo nefndri Efnahagsstofnun með samkomulagi Framkvæmdabankans og Seðla-

bankans í ágúst 1967, en þeir gerðu sem sagt samkomulag við ríkisstj. um stofnun Efnahagsstofnunar, og hún hefur nokkuð unnið að áætlunarmálum, þótt kannske hafi þar orðið minna úr en vonir stóðu til. Ég vil samt undirstrika, að Efnahagsstofnunin hefur óneitanlega unnið þýðingarmikið starf á sviði áætlanagerðar. Jafnframt held ég, að við getum orðið sammála um, að áætlanagerð sú, sem þar hefur farið fram, hefur verið á algjöru frumstigi.

Árið 1961 var hafinn undirbúningur þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem átti að vera fyrir árin 1962–1967, en varð fyrir árin 1963–1966, og áætlun þessi var mjög almenns eðlis og raunverulega aðeins lausleg spásögn um þróun efnahagslífsins, sett fram í nokkrum talnatöflum, en sú áætlun var raunverulega ekki í neinum tengslum við aðrar smærri áætlanir á afmörkuðum sviðum, og mér er nær að halda, að þó að kannske megi ekki algjörlega líta fram hjá mikilvægi þessa fyrsta spors, þá hafi sú áætlun orðið að heldur takmörkuðu gagni. Áætlanir af þessu tagi féllu svo algjörlega niður og önnur langtímaáætlun hefur ekki verið gerð síðan. Að öðru leyti hefur Efnahagsstofnunin unnið í samvinnu við aðra aðila að framkvæmda- og fjáröflunaráætlunum fyrir ríkissjóð og fyrir ríkisstofnanir til eins árs í senn í tengslum við fjárlög, eins og kunnugt er, og stigin hafa verið fyrstu skrefin að undirbúningi áætlana um þróun og framkvæmdir í einstökum landshlutum, þó að þar hafi sem sagt enn verið um heldur frumstæða áætlanagerð að ræða.

Samkvæmt upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar vinna aðeins þrír menn í dag beint að áætlanagerð í áætlanadeild Efnahagsstofnunarinnar. Sú deild hefur það verkefni að undirbúa framkvæmdaáætlanir opinbera geirans, einkum samgönguframkvæmda, undirbúa landshlutaáætlanir og sérverkefni varðandi ríkisstofnanir og vinna að mannfjölda- og mannaflaáætlunum, og þar hafa sem sagt starfað í fyrsta lagi deildarstjóri, sem hefur fjallað um almennar landshluta- og framkvæmdaáætlanir, í öðru lagi sérfræðingur við samgönguáætlanir og hagrænar athuganir samgöngumála og í þriðja lagi sérfræðingur, sem unnið hefur að mannfjölda- og mannaflaskýrslum og -spá og rannsakað félagslega aðstöðu og tekjumál einstakra landshluta. Það er óhætt að segja, að starfsemi, sem ekki hefur verið meiri og stærri í sniðum en þessi starfsemi, hefur auðvitað ekki getað náð ýkja langt.

Með stofnun og uppbyggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins er tvímælalaust stigið stærra spor til aukinnar áætlanagerðar og heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum en nokkru sinni fyrr um margra áratuga skeið. Það er ætlunin að hverfa frá handahófsvinnubrögðum og happa- og glappastefnu fráfarandi stjórnar í atvinnumálum og taka upp hagstjórnaraðferðir, sem að vísu óneitanlega bera nokkurn keim af sósíalískum úrræðum, eins og hvers konar áætlanagerð hlýtur að gera. Það er einmitt þess vegna, sem Sjálfstfl. sér rautt, þegar hann lítur þetta frv., líkt og fyrirrennarar þeirra sjálfstæðismannanna, íhaldsmennirnir, fyrir 37 árum sáu rautt, þegar skipulagsnefnd atvinnumála sá dagsins ljós, og það er af sömu ástæðu sem Alþfl. hefur tekið þá gleðilegu ákvörðun að styðja þetta frv., minnugur uppruna síns og sósíalískrar grundvallarstefnu sinnar.

Það, sem mestu máli skiptir, er, að hér er stefnt að því að sameina tvo mikilvægustu þættina í stjórn efnahags- og atvinnumála, annars vegar alhliða áætlanagerð um þróun atvinnulífsins, hins vegar eftirlit og yfirstjórn fjárfestingarmála. Með því að taka föstum tökum bæði þessi vanræktu viðfangsefni í einni sameiginlegri stofnun gefst ótvírætt tækifæri til þess að hraða uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega til þess að tryggja jafna og fullkomna atvinnu um land allt og til að tryggja, að tiltækt fjárfestingarfjármagn renni fyrst og fremst til þjóðhagslegra og arðbærra framkvæmda.

Fjhn. hefur haft til athugunar frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. N. hefur kvatt á sinn fund nokkra aðila til ráðagerða um einstök atriði þessa frv. Forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, Bjarni Bragi Jónsson, og Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, sem ber það heiti, deildarstjóri hagdeildar Efnahagsstofnunarinnar, hafa mætt á nefndarfundi og gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og svarað fsp. Einnig hafa seðlabankastjórarnir, Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson, komið á fundi n. og veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og ábendingar.

N. hefur hins vegar ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv., og meiri hl. fjhn. flytur brtt. við frv., um leið og hann mælir með samþykkt þess, annars vegar brtt. á þskj. 154 og hins vegar nál. á þskj. 153. Ég vil nú víkja að þessum brtt. örfáum orðum og vík þá fyrst að fyrstu brtt. sem meiri hl. fjhn. gerir við 4. gr. frv.

Eins og kemur skýrt fram í frv., þá er gert ráð fyrir því, að auk stjórnar, sem hefur með höndum almenna heildarstjórn á stofnuninni, verði dagleg stjórn í höndum þriggja manna framkvæmdaráðs. Hins vegar segir ekkert um það í gr., til hve langs tíma framkvæmdaráð skuli skipað, og hefur því þótt rétt að bæta þar úr með viðbót við 4. gr. Eins og skýrt kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh., þá er ráð fyrir því gert og engin launung á því, að þetta þriggja manna framkvæmdaráð verði skipað sérstökum trúnaðarmönnum ríkisstj., og það gegnir sem sagt nokkru öðru máli um skipan þess en um skipan embættismanna almennt, sem eiga rétt til þess að gegna störfum sínum, meðan heilsa þeirra og kraftar leyfa, og þess vegna þykir n. rétt að bæta við setningu í 4. gr. frv. um það, á hvern hátt framkvæmdaráð verði leyst frá störfum. Það er gert ráð fyrir því, að það verði gert með mánaðar fyrirvara, en vegna þess að segja má, að í þessu sé nú lítið atvinnuöryggi fólgið, þá þykir eðlilegt, að framkvæmdaráðsmenn eigi rétt til óskertra launa eins og nú má heita venja í slíkum tilvikum í a. m. k. þrjá mánuði.

Í seinni hluta brtt. er að því stefnt, að Framkvæmdastofnunin hafi sjálfstætt launakerfi líkt og er um ýmsar ríkisstofnanir af svipuðu tagi, svo sem Seðlabanka og Efnahagsstofnun, og því er gert ráð fyrir, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar taki ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna, en að það sé ekki beint tengt launakerfi ríkisins og opinberra starfsmanna.

Við 5. gr. frv. hefur smávægileg brtt. verið lögð fram af hálfu meiri hl. n., en þar er gert ráð fyrir því, að þegar starfsfólk er ráðið að stofnuninni, eigi forstöðumenn deilda tillögurétt um þær ráðningar.

Við 11. gr. frv. hefur verið gerð svolítil viðbótartillaga á þá leið, að ríkisstj. gefi Alþ. árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, og virðist það nú ekki þurfa frekari skýringa eða rökstuðnings með.

Við 12. gr. frv. hefur verið gerð brtt., en þar stóð, að Framkvæmdastofnunin gæti sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skyldu hafa forgang umfram aðrar, og skyldu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það. Í fyrsta lagi hefur verið gerð sú orðalagsbreyting, að tekin eru öll tvímæli af um það, að það er stjórn stofnunarinnar, sem getur sett þessar almennu reglur. Í öðru lagi er orðaröð hnikað til á þann veg, að gr. eigi við lánastofnanir almennt og við opinbera sjóði, en það þótti ekki nægilega ótvírætt af fyrra orðalagi. Í þriðja lagi hefur svo einni setningu verið bætt framan við þessa málsgr. á þá leið, að lánastofnanir og opinberir sjóðir veiti Framkvæmdastofnuninni yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Ég geri ráð fyrir því, að menn þurfi ekki mikla útskýringu á því, hvers vegna þessi brtt. er gerð. Það liggur í augum uppi, að forsenda þess, að stjórn stofnunarinnar geti sett almennar reglur um það, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar, er, að fram fari nokkur upplýsingasöfnun um það, hvaða framkvæmdir séu í gangi og hvaða lánveitingar séu fyrirhugaðar eða hafi átt sér stað, og að þetta verði stofnunin að hafa til hliðsjónar, til þess að hún eigi þess kost að marka stefnu og setja almennar reglur á þessu sviði.

Við 13. gr. hefur verið gerð lítils háttar brtt., sem er ekki fólgin í öðru en breytingu á seinustu setningu fyrri mgr. 13. gr., en breytingin er á þá leið, að í staðinn fyrir að leita skuli samráðs við Rannsóknaráð ríkisins er gerð till. um það, að leita skuli umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknastofnana. Er að sjálfsögðu ljóst, við hvað átt er í þeim tilvikum, það eru svo að nefnd séu dæmi Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins o. s. frv.

Á 18. og 19. gr. hafa verið gerðar nokkrar breytingar, sem fyrst og fremst verða að teljast tæknilegs eðlis og fela ekki í sér neina efnislega breytingu. Svo sem raunverulega er ljóst af orðalagi 18. gr., eins og hún var í frv., þegar það var lagt fyrir hv. d., þá er hér um að ræða sama sjóðinn og starfað hefur undir nafninu Framkvæmdasjóður Íslands, og það er ekki raunverulega ætlunin, að þarna verði um breytingu að ræða, þannig að nýr sjóður taki við af fyrri sjóði. Það er ætlunin, að Framkvæmdasjóður Íslands, eins og hann er og starfar í dag, flytjist í heilu lagi, með öllum sínum réttindum og sínum skyldum, inn í Framkvæmdastofnun ríkisins úr því umhverfi, sem hann er í nú, þ. e. hjá Seðlabanka Íslands, og það er ekki ætlunin, að þarna verði um neina eðlisbreytingu að ræða. Virðist því vera óeðlilegt orðalag á 18. gr., eins og hún liggur fyrir, og eins á 19. gr., og væri mjög óheppilegt að orða þetta á þennan veg, því að með því er verið að gefa í skyn, að um breytingu á sjóðnum sé að ræða og nýr sjóður hafi tekið við, en það mundi hafa það í för með sér, að tilkynna yrði öllum lánardrottnum og væntanlega skuldunautum líka, að nýr sjóður hefði tekið við af hinum fyrri. Ég held, að orðalag á þessum gr., eins og þær liggja fyrir í frv., hljóti að byggjast á einhverjum misskilningi, og reyndar er mér kunnugt um, hvernig hann er til kominn, en hirði nú ekki um að rekja það hér. Aðalatriðið er, að þarna er um misskilning að ræða, og n. gerir till. um það, að 18. gr. breytist þannig, að hún verði orðuð svo:

„Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri."

Með þessari breyt. á 18. gr. virðist algjörlega mega fella niður 1. mgr. 19. gr.

Við 24. gr. hefur verið gerð svolítil orðalags- og efnisbreyting, sem virðist þó ekki skipta ýkja miklu máli. Sú grein fjallar um heimild stjórnarinnar til þess að ráðstafa fé úr sjóðnum til nýjunga í atvinnulífi, og er þar átt við rannsóknir á nýjungum í atvinnulífinu. Í 24. gr. í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að ráðstafa megi allt að helmingi árlegs tekjuafgangs, og þótti n. óeðlilegt að binda þetta á þennan veg, og leggur hún til, að þessu verði sleppt, þ. e. þessari takmörkun, um leið og það sé skýrt tekið fram, að þarna sé um að ræða fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífinu, en ekki beinlínis lán til nýjunga. Og er mér nær að halda, að orðið „rannsóknir" hafi fallið niður í meðferð frv., frá því að það fór frá nefndinni, sem undirbjó það, og þar til að það kom hér inn í þingið. Hvað snertir umsagnir í þessu tilviki hefur verið gerð lítils háttar breyting, og er hún í svipuðum anda og hin fyrri breyting hvað 13. gr. snertir, að leita skal umsagnar viðkomandi rannsóknastofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á.

N. hefur gert lítils háttar brtt. við 29. gr., og er þar einungis um litla viðbót að ræða, þ. e. orðin „og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum." Það kemur fram í gr., eins og hún var fyrir, að það er hlutverk Byggðasjóðs að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlununum, en þetta viðbótarorðalag þótti gefa sjóðnum svolítið rýmra athafnasvið, og var það samróma álit nm., að þessi brtt. væri til bóta.

Við 31. gr. hefur verið gerð lítils háttar lagfæring, og er hún einungis í því fólgin, að sú greiðsla, sem sjóðnum er heimilað að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga, er ekki bundin því skilyrði, að þau ráði sér sérmenntaðan starfsmann til starfa, heldur einungis rætt um, að þau skuli hafa starfsmann í þjónustu sinni, sem vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild. Þetta orðalag þótti of óljóst og að það væri ekki ótvírætt, hvað átt væri við, þegar um væri að ræða sérmenntaðan mann, undirbúning og gerð landshlutaáætlana. Slíkir menn munu ekki vera á hverju strái, sem sérmenntazt hafa í slíku starfi.

Hvað snertir 38. gr., sem n. gerir fáeinar brtt. við, er þar einungis um tæknileg atriði að ræða. Í ýmsum lögum er getið um það, að Efnahagsstofnunin skuli skipa menn í stofnanir. T. d. er Efnahagsstofnuninni ætlað að skipa fulltrúa í Rannsóknaráð ríkisins, og verður að setja í lögin ákvæði um, að það sé stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem annist úrlausn slíkra

verkefna. Eins er það verkefni yfirmanns hagrannsóknadeildar, sem nefnist hagrannsóknastjóri, samkv. þeim samningum, sem í gildi eru í dag um Efnahagsstofnunina, en sá maður hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins. – Já, ég biðst nú afsökunar, en þetta er reyndar misskilningur hjá mér eða misminni. Mér er nær að halda, og það mun vera nokkuð öruggt, að það er forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, sem hefur það starf með höndum að vera oddamaður í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins. – En það er till. n., að það verði forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans, sem gegnir þessu starfi, eftir að breyting hefur verið gerð.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um brtt. meiri hl. fjhn. Ég vil hins vegar víkja örfáum orðum að þeim brtt., sem minni hl. n. hefur lagt hér fram, en meiri hl. hefur ekki getað fallizt á.

Í fyrsta lagi er það brtt. frá Jóni Árm. Héðinssyni þess efnis, að framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunarinnar skuli skipað forstöðumönnum deilda, og er þá átt við forstöðumenn hagrannsóknadeildar, áætlanadeildar og lánadeildar. Ég vil undirstrika það, að þó að meiri hl. fjhn. hafi ekki getað fallizt á að binda skipun framkvæmdaráðs með þessum hætti, þá er það að sjálfsögðu svo, að í frv. er ekkert, sem hindrar það, að ríkisstj. skipi einhvern af forstöðumönnum deilda, ef ekki þá alla, í þetta framkvæmdaráð. Það er þeim algjörlega opið, og það verður að metast af ríkisstj., hverja hún telur eðlilegast að skipa í framkvæmdaráðið út frá þeim sjónarmiðum, sem hún hefur í huga, og við, sem skipum meiri hl. fjhn. í þessu máli teljum ástæðulaust að binda þetta á þennan hátt.

Hvað snertir brtt. frá minni hl. fjhn., hv. þm. Geir Hallgrímssyni og Halldóri Blöndal, þá er þar fyrst til að taka, að gert er ráð fyrir því, að felld verði niður 3. gr. 6. tölul., en að Byggðasjóður verði undir sérstakri stjórn, eins og reyndar kemur fram í 5. brtt., en um þetta atriði var fjallað af hæstv. forsrh., þegar frv. var lagt fram, og sé ég nú ekki ástæðu til að bæta þar neinu við. Það hefur sem sagt þótt ákjósanlegra að hafa skipulag þessarar stofnunar sem einfaldast. Sú er ástæðan til þess, að bæði Byggðasjóður, Framkvæmdasjóður og stofnunin í heild lúta einni stjórn.

Önnur till. er snertir það sama og till. Jóns Árm. Héðinssonar, og þarf ég ekki að endurtaka það.

Þriðja till. gerir ráð fyrir því, að hagrannsóknadeild verði felld út úr frv. og út úr þessari stofnun, og geri ég þá ráð fyrir því, að undanskilið sé, að sett verði á fót önnur stofnun, sem gegni hlutverki hagrannsóknadeildar, úr því að ekki er gerð brtt. við 39. gr. frv. um það, að Efnahagsstofnunin skuli lögð niður, eins og þar er gert ráð fyrir. Ég geri þar af leiðandi ráð fyrir því, að tillögumenn ætlist til þess, að komið verði á fót sérstakri stofnun, sem hafi með höndum verkefni hagrannsóknadeildar,.og á það hefur meiri hl. fjhn. ekki getað fallizt. Það sjónarmið varð ofan á hjá meiri hl. líkt og hjá ríkisstj., þegar hún lagði fram þetta frv., að það væri mikils virði að gera skipulag þessara mála sem einfaldast og hafa stofnanirnar frekar eina heldur en tvær, og ég sé nú satt að segja ekki, að það skipulag, sem hér hefur verið valið, hafi þá annmarka, að það réttlæti það, að þessi skipting fari fram. Ég álít, að þau verkefni, sem falin eru hagrannsóknadeild, sem eru m. a. ýmiss konar skýrslugerð og gagnasöfnun fyrir t. d. aðila atvinnulífsins og fyrir ýmsa aðila, eigi að geta farið fram í þessari stofnun óáreitt og verið framkvæmd með hlutlausum hætti, enda þótt deildin sem slík falli inn í stofnunina sem heild. Ég vil hins vegar undirstrika það, að með því að slíta þessa deild út úr stofnuninni væri talsvert óþurftarverk unnið og hætt við, að starfsemi stofnunarinnar sem slíkrar yrði mjög raskað. Það er gert ráð fyrir því í frv., eins og það liggur hér fyrir, að áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins skuli gerðar í hagrannsóknadeild, og sér hver maður, að með því að slíta deildina út úr stofnuninni yrðu um leið slitin tengslin á milli þessa starfs, þ. e. vinnu að áætlun til langs tíma, og svo hins vegar þeirra áætlana, sem ætlazt er til, að áætlanadeildin vinni að, og það væri áreiðanlega ekki heppilegt að slíta þannig í sundur þessa starfsemi, sem er að vísu aðskilin þarna í tveimur deildum, en verður að vinnast í samhengi. Eins er um það, að fjölmargt það, sem lánadeild og áætlanadeild koma til með að vinna að, verður að undirbúa í hagrannsóknadeild, og það væri ótvírætt mikið óhagræði að því að flytja það starf yfir í allt aðra og nýja stofnun. Ég held nú, að þessi brtt. sé ein veigamesta brtt., sem minni hl. n. gerir till. um, en ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það atriði.

Minni hl. hefur einnig gert till. um það, að 3. málsgr. 12. gr. verði felld niður. Meiri hl. hefur hins vegar gert allmiklar breytingar á þeirri gr., en getur ekki á þetta fallizt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja grg. n. frekar.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frsm. meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. hóf mál sitt með því að geta um nokkurn ágreining, sem ríkti varðandi afstöðu pólitískra flokka til áætlana og áætlanagerðar. Ég held, að það sé rétt þess vegna að gera strax í upphafi máls míns nokkra grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. til áætlanagerða og reyna að skýra fremur en hv. síðasta ræðumanni tókst að mínu áliti að gera ágreining þann, sem ríkir milli stjórnmálaflokka á þessu sviði. Ég held, að áætlanir eða áætlanagerð sé ekki ágreiningsefni sem slík. Hvort heldur um er að ræða einstakling, heimili, fyrirtæki, stofnun, sveitarfélag eða ríkið sjálft, þá hlýtur það svo að vera, að hver aðili fyrir sig geri sér grein fyrir hinum mismunandi fyrirætlunum sínum og geri sér um leið grein fyrir, í hvaða röð unnt er að framkvæma þær fyrirætlanir. Enginn einn þessara aðila er væntanlega þannig úr garði gerður, að hann geti veitt sér allt, sem hann æskir sér, hann verður að velja á milli mismunandi valkosta. Og það er ekki nema skynsamra manna háttur og fyrirhyggjusamra að raða þessum fyrirætlunum sínum niður og gera sér grein fyrir, hvernig bezt sé að koma þeim í framkvæmd. Í þeim skilningi er áætlanagerð, að ég hygg, ágreiningslaus. Áætlanagerð er í þessum skilningi að leggja niður fyrir sér vandamálin, skilgreina markmiðin, sem unnt sé eða æskilegt að keppa að, og áætlanagerð felur um leið í sér að benda á leiðir og valkosti til að ná þessu markmiði. Í þessum skilningi er áætlanagerð sjálf ekki ákvörðun, og áætlanir þær, sem samdar hafa verið hér á landi og víðar um

lönd, eru í þessum skilningi ekki ákvarðanir, um leið og þær eru gerðar. Þær eru fyrst ákvarðanir, þegar sjálfstæð afstaða er tekin til einstakra þátta áætlananna, eins og t. d. þegar fjárlög eru samþykkt til hvers árs fyrir sig, sem byggjast á slíkum áætlunum að vissu marki, og þegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir hafa verið samþykktar til eins árs í senn.

Áætlun og áætlanagerð í þessum skilningi á að vera hjálpargagn, viðmiðun við ákvörðunartöku. En þótt við séum, býst ég við, flest ef ekki öll sammála um þetta hlutverk áætlanagerðar og að þessu marki, þá getur verið ágreiningur um það, hvernig að áætlanagerðum er staðið og á hvern hátt ákvörðun eða ákvörðunarvaldið er tengt áætlanagerðinni sjálfri. Á að fylgja áætluninni fram með valdboði, eða á að gera það með fortölum og samningum og með fyrirmynd? Er áætlunin föst og ákveðin fyrirmæli eða viðmiðun, sem aðila ber að hafa í huga við ákvarðanatöku?

Það bar á góma hér í 1. umr. um þetta mál, að það væri úrelt að byggja áætlanagerð á lögmálum framboðs og eftirspurnar. Lögmál markaðarins væru nú úrelt orðin og önnur sjónarmið bæri að hafa í huga við gerð áætlana. Ég hygg, að þetta sé á miklum misskilningi byggt, og raunar gerir þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., þessa skoðun algerlega að engu, en í þessu frv. er, held ég, á fleiri stöðum rætt um, að nauðsynlegt sé að gera áætlanir og rannsaka arðsemi fyrirtækja, ýmist þeirra, sem setja á á stofn, eða hinna, sem eru starfandi og þarfnast endurskipulagningar við. Slíkar arðsemisáætlanir hljóta að byggjast á því, hvað framleiðslan gefur í aðra hönd á markaðnum samkv. lögmálum framboðs og eftirspurnar. Það kann vel að vera, að við áætlanagerð sé vikið frá svo kölluðum arðsemissjónarmiðum, vegna þess að aðrir hagsmunir eru taldir eiga að sitja í fyrirrúmi. Við það hef ég í sjálfu sér ekkert að athuga, einungis ef menn gera sér grein fyrir, hvenær þeir víkja frá þessu arðsemissjónarmiði og í hvaða tilgangi. Ef það er t. d. gert í þeim tilgangi að líta lengra fram á veg til lengri tíma og líta á arðsemissjónarmiðið frá þeim sjónarhóli heldur en til örfárra eða nokkurra ára, þá tel ég það mjög vel viðunandi. Ef það er gert t. d. til þess að viðurkenna byggðasjónarmiðið í framkvæmd á þeim grundvelli, að heildarhagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið með því að byggð haldist í sem flestum sveitum landsins til frambúðar, þá tel ég að beri að viðurkenna slík frávik frá því arðsemissjónarmiði, sem kann að leiða til annarrar niðurstöðu, ef til skamms tíma er litið, en í heild sinni hlýtur grundvöllurinn fyrir allri áætlanagerð að vera arðsemissjónarmiðið. Við erum að tala um áætlanagerð í þeim tilgangi að ná ákveðnum efnahagslegum markmiðum. Við erum að tala um áætlanagerð til þess að tryggja öran hagvöxt, fulla atvinnu og efnahagslegt jafnvægi, og við það ber okkur að miða áætlanagerðina, en það breytir ekki hinu, að miklu máli getur skipt, hvernig að áætlanagerðinni sjálfri er staðið, hvort ætlunin er, að hún fari fram ofan frá eða hvort eðlilegra þyki, að hún eigi upphaf sitt í hinum einstöku rekstrarheildum, allt frá einstaklingnum einum, samtökum og fyrirtækjum hans, sveitarfélögum eða stofnunum, og sé að einhverju leyti síðan samræmd í heild sinni. Þetta skiptir miklu máli. Ég álít áætlanagerð, sem á upphaf sitt að ofan, dauðadæmda þegar í upphafi, og er það e. t. v. meingallinn á þessum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj., sem birtast í því frv., sem hér er til umr.

Það er ástæða til þess að skýra afstöðu Sjálfstfl. til áætlanagerðar með því að vitna nokkuð til afskipta fyrrv. ríkisstj. af þessum málum, en segja má, að hún hafi verið brautryðjandi að raunhæfri áætlanagerð hér á landi. Síðasti ræðumaður nefndi að vísu, að skipulagsnefnd atvinnumála væri talin brautryðjandi að þessu leyti, en ég efast um, að þær tilraunir, sem þar fóru fram varðandi rannsókn efnahagsmála og til þess að beita þeim niðurstöðum við stjórn efnahagsmála, geti jafnazt á við áætlanagerð, sem við erum nú að tala um. Þá voru engir þjóðhagsreikningar til né neinar þær upplýsingar um ástand og þróun efnahagsmála, sem hægt var að byggja áætlanir á, enda er tæpast hægt að tala um áætlanagerð í þeim skilningi, sem hér um ræðir, nema eftir styrjöldina síðustu. Á þetta bendir Jónas H. Haralz í merkri grein um áætlanagerð, sem er samhljóða erindi sem höfundurinn hélt á fundi Hagfræðafélags Íslands 1964, og birtist í tímaritinu Úr þjóðarbúskapnum, tímariti Framkvæmdabankans. Á sama hátt er ekki hægt að líkja þeirri starfsemi nýbyggingaráðs, viðskiptaráðs, fjárhagsráðs og innflutningsskrifstofunnar á árunum eftir styrjöldina við þá áætlanagerð, sem við erum að ræða um. Það er í raun og veru ekki fyrr en með brautryðjendastarfi fyrrv. ríkisstj., sem hér á landi er lagt út í þjóðhags- og framkvæmdaáætlanagerð. Mér þykir hlýða í því sambandi að vitna til þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir árin 1963–1966 og sérstaklega til ræðu þáv. forsrh., Ólafs Thors, á Alþ. 16. apríl 1963, með leyfi forseta, en þar segir svo í upphafi:

„Í yfirlýsingu þeirri um stefnu ríkisstj., sem ég flutti Alþ. hinn 20. nóv. 1959, var skýrt frá því, að ríkisstj. mundi taka upp samningu þjóðhagsáætlunar, er verða skyldi leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.“ Enn fremur segir svo síðar í þessari ræðu, þar sem greint er frá hlutverki þessarar þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, að líta beri á hana „fyrst og fremst sem yfirlitsáætlun, er hafi þann tilgang að marka höfuðlínur í þróun þjóðarbúskaparins. Hún hefur hins vegar ekki að geyma sundurliðaðar áætlanir um framkvæmd hins opinbera á þessu tímabili né um fjárhagslega aðstoð þess við framkvæmdir einstaklinga eða einstakra aðila. Á grundvelli þeirrar heildarstefnu, sem mörkuð er í áætluninni, þarf síðan að gera séráætlanir, bæði um þróun og framkvæmdir á einstökum árum áætlunartímabilsins og um þróunina í atvinnuvegum og mikilvægum þáttum þjóðarbúskaparins. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í þessa átt með áætlun þeirri, sem samin hefur verið fyrir árið 1963, og að nokkru leyti árið 1964, um helztu tegundir opinberra framkvæmda og starfsemi opinberra fjárfestingarsjóða og fjáröflun vegna þeirra. Jafnframt hefur verið hafinn undirbúningur að slíkum séráætlunum fyrir lengri tíma“, segir þar. Og enn fremur, ef ég má vitna í sömu ræðu um tilgang áætlunarinnar, en þar segir: „Áætluninni er hins vegar ekki ætlað að verða þröngt sniðinn stakkur, er hefti frjálsar athafnir manna eða þröngvi

þeim í eitt mót. Hana ber öllu fremur að skoða sem leiðarvísi og stefnumið fyrir alla þá, sem framkvæmdum ráða, hvort sem það eru stjórnarvöld, atvinnurekendur eða einstaklingar. Hún á m. ö. o. að sýna þjóðinni, hvaða markmiðum hún getur náð, ef hún sameinar krafta sína að einu marki, og hún mun þannig ekki hindra menn eða hefta, heldur leysa öfl framtaks og dugnaðar úr læðingi með því að gefa þeim raunhæft markmið að stefna að."

Ég hygg, að með þessum tilvitnunum í ræðu þáv. forsrh., Ólafs Thors, megi segja, að fram komi stefna Sjálfstfl. varðandi áætlanagerð. Ég vil enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, til frekari áréttingar þessu vitna til ræðu eða skýrslu þáv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967, sem hann flutti í Sþ. 7. apríl það ár. En þar segir svo, og er í því m. a. skýring á því, hvers vegna sú áætlun tekur aðeins til eins árs, með leyfi forseta:

„Leggur ríkisstj. því að þessu sinni aðeins fram áætlun til eins árs, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Eigi að síður telur ríkisstj. miklu máli skipta, að áfram sé haldið að starfa að áætlanagerð til langs tíma. Í þessu sambandi vill ríkisstj. leggja sérstaka áherzlu á það, að grundvöllur slíkrar áætlanagerðar sé treystur sem bezt. Verður raunar að telja þetta miklu þýðingarmeira en það, hvenær formlega er gengið frá nýjum áætlunum til langs tíma. Má í þessu sambandi einkum nefna þrennt.

Í fyrsta lagi er þýðingarmikið, að nákvæmari athuganir en gerðar hafa verið fari fram á þróun einstakra atvinnugreina og vandamálum þeirra í samvinnu við samtök hlutaðeigandi atvinnugreina. Slíkar kannanir eru nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að móta stefnu stjórnarvaldanna varðandi þróun þessara atvinnugreina.

Í öðru lagi er þýðingarmikið, að gerðar séu athuganir á einstökum greinum opinberra framkvæmda og samdar áætlanir til langs tíma um þessar greinar. Að þessum málum hefur verið unnið allmikið á undanförnum árum, einkum á sviði raforkumála, samgöngumála og menntamála. Á hinn bóginn hefur ekki verið aðstaða til þess að sinna öðrum greinum opinberra framkvæmda og þjónustu á þennan sama hátt, og ber mikla nauðsyn til þess, að svo verði gert. Þetta krefst hins vegar breytinga á starfi og starfsaðstöðu rn. og stofnana.

Í þriðja lagi skiptir miklu máli, að aðferðir við undirbúning og mat framkvæmda og töku ákvarðana séu endurskoðaðar og fullkomnaðar. Með stofnun fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. hefur skapazt nokkur aðstaða til þess að sinna þessum málum, og hafa till. um endurbætur í þessu efni verið lagðar fram í frv. til l. um framkvæmdir á vegum ríkisins."

Ég vil einnig til þess m. a. að sýna, hver stefna fráfarandi ríkisstj. var í þessum málum og hvað var gert á vegum hennar varðandi áætlanagerð og vinnu við skipulagningu áætlanagerða leyfa mér sérstaklega að fara lauslega yfir álit og till. um áætlanagerð, sem stjórn Efnahagsstofnunarinnar lét frá sér fara í lok marzmánaðar 1968, en þessa stjórn skipuðu þá Jónas H. Haralz, formaður, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Klemens Tryggvason hagstofustjóri og Sigtryggur Klemenzson heitinn, að ég hygg, þáv. seðlabankastjóri. Þar er getið almennt um áætlanagerð á þá leið, sem ég skal nú greina, með leyfi forseta:

„Áætlanir um þjóðarbúskap, einstakar greinar atvinnulífs og framkvæmda eða um einstakar byggðir fjalla fyrst og fremst um æskilega og sennilega þróun þjóðarbúskapar, greinar eða byggðar á tilteknu tímabili og þá stefnu, sem stjórnarvöld geti fylgt til að stuðla að þeirri þróun. Með því að veita yfirlit um þróun og stefnu geta áætlanir verið þýðingarmikið hjálpartæki, þegar ákvarðanir eru teknar um einstakar aðgerðir eða framkvæmdir. Þær fela hins vegar yfirleitt ekki í sér beinar ákvarðanir. Undantekningar frá þessu eru þó árleg fjárlög og árlegar framkvæmdaáætlanir, sem fela í sér ákveðnar fyrirætlanir, sem ákvarðanir hafi verið teknar um. Áætlanir fela heldur ekki í sér tæknilegan eða fjárhagslegan undirbúning einstakra verka. Á hinn bóginn eru þær nátengdar þessum undirbúningi á því stigi, sem er undanfari þess, að ákvarðanir séu teknar. Kemur þar hvort tveggja til, að áætlunargerð getur stuðlað að vandlegum undirbúningi verka, og slíkur undirbúningur er jafnframt forsenda góðrar áætlunargerðar."

Eftir að hafa síðan gert nokkra grein fyrir, að hvers konar áætlunum hefur verið unnið undanfarin ár, þá er þessa getið um reynslu af áætlanagerð, sem hér segir:

„Áætlanir til langs tíma um einstakar greinar, framkvæmd eða atvinnulíf verða jafnframt að styðjast við almennt yfirlit um þróun efnahagsmála á því tímabili, sem þær fjalla um, og tengjast fjárlögum og árlegum framkvæmdaáætlunum. Á hinn bóginn bendir reynslan, bæði hér á landi og annars staðar, til þess, að þær almennu þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir til fjögurra eða fimm ára, sem mjög hafa verið í tízku, hafi ekki mikið hagnýtt gildi og allra sízt í löndum, þar sem efnahagsþróunin er háð mikilli óvissu. Þar sem þessi tegund áætlunargerðar krefst geysimikils starfs jafnframt því, sem viðtæk áætlunargerð um einstakar greinar er í raun og veru forsenda hennar, virðist einsætt, að hér á landi beri á næstunni að leggja höfuðáherzlu á árlegar áætlanir annars vegar og áætlanir til langs tíma um einstakar greinar hins vegar."

Síðan eru í þessu áliti gerðar sundurliðaðar tillögur um áætlanagerð á næstu árum og skipulag hennar. Þar er í fyrsta lagi gerð tillaga um almennar þjóðhagsáætlanir, að haldið sé áfram gerð almennra þjóðhagsáætlana til eins eða tveggja ára, er notaðar séu sem hjálpartæki við mótun stefnu í efnahagsmálum og við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana. Og um framkvæmdina er þess getið, að heppilegast virðist, að Efnahagsstofnunin haldi áfram gerð þjóðhagsreikninga og söfnun grundvallarupplýsinga, en varðandi þær er tekið fram, að þetta verði að vera fyrst og fremst á ábyrgð Hagstofu Íslands, og þessar tvær stofnanir verði að starfa að sameiginlegri áætlun um aukna skýrslugerð á þessu sviði og um verkaskiptingu sín á milli. Þá er bent á þýðingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og nauðsynlegt sé, að meira af því, sem unnið hefur verið í Efnahagsstofnuninni varðandi fjárlaga- og framkvæmdaáætlanir, færist yfir til hagsýslustofnunarinnar. Það er gengið út frá því, að Seðla-

bankinn vinni að áætlun um þróun greiðslujafnaðar, um peningalega þróun og áhrif hennar á þróun eftirspurnar. Þá er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn vinni að skýrslugerð um fjármagnsmarkaðinn og þróun fjármagnsmyndunar í efnahagskerfinu, og sömuleiðis, að hann hafi tengsl við fjárfestingarlánastofnanir og fjármunamyndun eða sjóði tryggingarfélaga og lífeyrissjóði.

Þá er í öðru lagi rætt um undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana, að haldið sé áfram þeim umbótum á undirbúningi fjárlaga, sem hafnar hafa verið undir forustu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, haldið sé áfram samningu árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana, jafnframt stefnt að því, að sá hluti þessara áætlana, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, verði í framtíðinni felldur inn í fjárlög, og tekið sé til athugunar að hefja gerð áætlunar um langtímaþróun ríkisfjármála, áður en langt um líður. Það er ítrekað, að þessi þáttur fari meira til fjárlaga- og hagsýslustofnunar en verið hefði, en eftir sem áður væri það hlutverk Seðlabankans og Framkvæmdasjóðs að gera sérstakar áætlanir um starfsemi og fjáröflun fjárfestingarlánasjóða.

Í þriðja lagi er lögð áherzla á að halda áfram því starfi, sem hafið hefur verið í áætlanagerð til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda og auka þær jafnframt og efla. Samhliða þessu þarf að leggja áherzlu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka. Þar er bent á áætlanir um menntamál, samgöngumál og samstarf við Hagstofuna, að því er mannfjöldaáætlanir og nemendaskrá Hagstofunnar snertir. Þar er rætt um samgöngumálaáætlun, að því er tekur til undirbúnings að lagningu hraðbrauta, og bent á, hve æskilegt það væri að hefja áætlun um heilbrigðismál.

Í fjórða lagi er svo lagt til, að stefnt sé að því að vinna áætlun um gerð og þróun einstakra greina atvinnulífsins á víðtækari grundvelli og forusta fyrir slíkri áætlanagerð um einstakar greinar atvinnulífsins verði hjá hlutaðeigandi rn., er komi á fót starfshópum til að vinna að henni með þátttöku samtaka atvinnugreinanna og hlutaðeigandi opinberra stofnana.

Það er áréttað, að réttara sé, að frumkvæði og áætlanagerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá hlutaðeigandi rn. í náinni samvinnu við samtök atvinnugreinanna sjálfra og þær stofnanir, sem að málefnum þeirra starfa. Enn fremur er áréttað, að þýðingarmikið sé, að Efnahagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabankinn, Framkvæmdasjóður og Hagstofa eigi hlutdeild að starfshópunum, eftir því sem við á hverju sinni, og greint frá starfsskiptingu þessara aðila á þann veg, að hlutverk Efnahagsstofnunarinnar mundi þá fyrst og fremst vera að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun landsins, tengja áætlanagerðina annarri áætlanagerð og framkvæma tæknilegar athuganir, eftir því sem geta hennar leyfði. Hlutverk fjárlaga- og hagsýslustofnunar mundi vera að fjalla fyrst og fremst um tengsl áætlananna við opinbera starfsemi, fjárlög og fjárlagaþróun. Þátttaka Seðlabanka og Framkvæmdasjóðs beindist að fjármögnunarvandamálum og vandamálum varðandi fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækja, og hlutverk Hagstofunnar og hagdeilda annarra stofnana að sjá starfshópunum fyrir nauðsynlegum skýrslum til starfseminnar.

Í fimmta lagi er lögð áherzla á áframhald byggðaáætlana, og í sjötta lagi er rætt um skipulag og starfslið þeirra stofnana, sem að áætlanagerð vinna, og bætt skipulag þeirra og aukningu á sérhæfðu starfsliði. Og þar er sérstaklega tekið fram, að sú aukning starfsliðs, sem hér um ræðir, þurfi að eiga sér stað hjá rn. og stofnunum, sem fjalla um opinberar framkvæmdir, hjá Efnahagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og hagfræðideild Seðlabankans. Síðast en ekki sízt verður hún að eiga sér stað hjá Hagstofunni og öðrum stofnunum, er safna og vinna úr frumgögnum.

Ég hef, herra forseti, vitnað svo ítarlega í þessar tillögur stjórnar Efnahagsstofnunarinnar frá því á árinu 1968 til þess að sýna mönnum fram á, hve frábrugðin eru vinnubrögð stjórnar Efnahagsstofnunarinnar um tillögugerð að tilhögun áætlanagerðar og svo aftur vinnubrögð þeirrar nefndar, sem undirbjó þetta frv., sem hér er til umr. Það er ljóst mál, að þar sem stjórn Efnahagsstofnunarinnar gerir sundurliðaðar og ítarlegar tillögur um, hvernig haga skuli þessari áætlanagerð, þá er aftur á móti tillaga þeirrar nefndar, sem undirbjó þetta frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, ákaflega losaraleg, yfirborðskennd og almennt orðuð með heildarumboði væntanlegri stjórn og einkum framkvæmdaráði stofnunarinnar til handa til þess að fylla inn og upp í þann ramma, sem lögin setja, sem þó er mjög víður.

Það er ekki á neinn hátt tekin afstaða til þess í þessu frv., hvernig haga skuli áætlunum í einstökum atriðum. Og að svo miklu leyti sem unnt er að lesa á milli línanna og draga ályktanir af framsöguræðu hæstv. forsrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn., þá er ljóst, að ætlunin er að ganga í þveröfuga átt við álit og tillögur um áætlanagerð, er stjórn Efnahagsstofnunarinnar lét frá sér fara á árinu 1968. Í stað þess að þar var gerð grein fyrir nauðsyn þess að dreifa áætlanagerðinni um allt ríkiskerfið, fyrst og fremst milli rn., einstakra stofnana í ríkiskerfinu og meðal allra rekstraraðila í þjóðfélaginu, þá er nú með þessu frv. verið að leggja áherzlu á að draga þessa vinnu saman á einn stað. Í stað þess að áætlanagerðin komi og verði undirbúin neðan frá af þeim, sem næstir standa hinu lifandi atvinnulífi í landinu, þá er nú stjórnarherrum falið það verkefni að stjórna og gefa fyrirmælin ofan frá.

Á sama veg gera tillögur stjórnar Efnahagsstofnunarinnar frá árinu 1968 ráð fyrir því, að nokkur aðgreining sé annars vegar á milli áætlanagerðar og ákvarðanatöku á þeim grundvelli, að áætlanir geti ekki verið annað en viðmiðun og hjálpargögn, en eigi í sjálfu sér ekki að fela í sér ákvarðanir. Þvert ofan í þetta gerir frv. beinlínis ráð fyrir því, að á sama stað sé til staðar sá aðili og sameinist í sama aðila áætlanagerðarmaðurinn og ákvörðunartökuaðilinn.

Það má svo geta þess hér á milli þátta, að það er ákaflega einkennandi fyrir núv. hæstv. ríkisstj., sem hefur svo mörg orð um gildi og nauðsyn áætlanagerðar eða áætlunarbúskapar, að hún hefur nú hafið göngu sína á þann veg, að með því fjárlagafrv., sem lagt var fram, fylgir ekki framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir næsta ár. Nú eru liðnir bráðum 5 mánuðir frá

valdatöku núv. hæstv. ríkisstj., og það sýnist hafa verið nægur tími til að útbúa slíka áætlun. Það er meira að segja anað áfram án skipulagðra vinnubragða í mörgum mismunandi tilvikum af hæstv. ríkisstj., eins og dæmin sanna, útboð á 200 millj. kr. skuldabréfaláni núna fyrir áramótin, sem þó er sagt, að eigi ekki að verja til framkvæmda fyrr en á næsta ári, en enginn veit enn, til hvaða framkvæmda, enda mun sanni næst, að þessir peningar eigi að jafna upp eyðslu ríkisstj. á þessu ári, sem enn fremur byggist á ákvörðunum sundurslitnum og án alls samhengis, samræmis eða allsherjar áætlanagerðar. Fjárlagafrv. er í algeru öngþveiti, eins og hv. þm. vita. Þrátt fyrir það, að núverandi tekjustofnar gefi 3000 millj. kr. hærri tekjur, eða hækkun, sem nemur 27% frá síðustu fjárlögum, er talað um nauðsyn á nýjum sköttum. En um það er þó ekki komið neitt fram, sem á er að byggja, þótt slíkt þurfi þó væntanlega að samþykkja um leið og fjárlög innan 10 daga eða hálfs mánaðar. Það eru lengd lán og lækkaðir vextir, án þess að gerð sé grein fyrir því, hvað fjárhagsgeta viðkomandi sjóða skerðist af þessum sökum. Það er farið hljótt með nýtt frv. um tekjustofna sveitarfélaga og nýtt frv. um beina skatta til ríkisins. Þar er sama pukrið og reyndar var lengi vel við undirbúning þessa frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þessi frv. eru samin meira og minna og flestöll af pólitískum trúnaðarmönnum núv. ríkisstj., án þess að eðlilegt samráð sé haft við aðila í þjóðfélaginu, sem þessi mál skipta, og þannig mætti lengi telja.

Ég vil aðeins sérstaklega varðandi undirbúning að því frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem við erum hér að ræða, benda á, hvaða háttur hefur verið hafður á undirbúningi þess, með því að vitna í bréf frá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, Bjarna Braga Jónssyni, sem útbýtt var í fjhn. d. En hann skrifar fyrst til nefndarinnar 6. ágúst 1971 og síðan 8. okt. 1971, hið síðarnefnda til hæstv. forsrh., þar sem hann segist hafa sent nefndinni, sem undirbjó frv., grg. 10. ágúst. Í viðræðum við nefndina þá hafi verið gert ráð fyrir, að hann væri fenginn til frekara samráðs, þegar málið kæmist á tillögustig, en fyrir tveim vikum hafi það verið ítrekað og gert ráð fyrir, að hann kæmi umsögn á framfæri, ef ástæða reyndist til. Síðan hafi það verið ítrekað við einn nm., að hann yrði kallaður á fund nefndarinnar, en það hefur farizt fyrir. Síðan lætur hann sem sagt í té 8. okt. leiðbeiningar í þessu máli. Málið er ekki lagt fyrir Alþ. fyrr en, að ég hygg, 19. nóv. og áður var þm. ekkert um þetta mál kunnugt.

Það hefur farið hljótt, hverjir skipa þessa undirbúningsnefnd, sem samdi þetta frv., en einn nm., hv. þm. Ragnar Arnalds, hefur þó gengizt við faðerninu að sínu leyti. Það er virðingarvert, vegna þess að þetta verk er ekki lofsvert að einu eða neinu leyti. Það er mikið öfugmæli, þegar hæstv. forsrh. segir, að tillögur um áætlanagerð byggist á vel byggðum og traustum grunni, eins og hann komst að orði í 1. umr. um málið, og hef ég þegar gert grein fyrir þeim mun, sem er á tillögum stjórnar Efnahagsstofnunarinnar um fyrirkomulag áætlanagerðar hér á Íslandi og því frv., sem við höfum rætt um.

Ég skal þá snúa mér að einstaka atriðum í frv. Það er þá fyrst að víkja að hlutverki hagrannsóknadeildar. Í 6. gr. frv. er kveðið á um verkefni hagrannsóknadeildar og segir þar, að deildin skuli annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Segja má, að þetta sé hið sama og í 13. gr. núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Enn fremur segir, að deildin annist hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstj. og Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst, og er það sömuleiðis hliðstætt c-lið 13. gr. núgildandi laga. Mismunurinn samanborið við núgildandi lög er hins vegar fólginn í tvennu, í fyrsta lagi því, að liður b í 13. gr. núgildandi laga fellur niður, þ. e. að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Í öðru lagi er nú sagt, að deildin annist þær hagfræðilegu athuganir fyrir ríkisstj., er hún kann að óska eftir. Hér gæti verið um veigamiklar breytingar að ræða. Stofnunin er með þessu fjarlægð ríkisstj. Hún virðist ekki hafa skyldu til að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum að því leyti til að hafa frumkvæði að athugunum fyrir ríkisstj., heldur eingöngu að framkvæma það, sem um er beðið.

Það er ástæða til, að ríkisstj., eins og segir í nál. okkar í minni hl., hafi ávallt efnahagsráðgjafa, sem vekji athygli ríkisstj. á þróun efnahagsmála á hverjum tíma og nauðsynlegum aðgerðum á því sviði. Þetta er svo víðast hvar, a. m. k. hér á Vesturlöndum, eins og rakið er í nál. okkar í minni hl.

Þá er, eins og ég gat um, hagrannsóknadeildin gerð háðari en áður var og fjarlægð ríkisstj. Hún heyrir nú ekki eingöngu undir sinn deildarstjóra, heldur og þrjá pólitíska framkvæmdastjóra og þingkjörna stjórn.

Af þessum sökum höfum við leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. nr. 156 á þann veg, að 6. gr. frv. ásamt kaflafyrirsögn fellur niður. Að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, frsm. meiri hl. fjhn., vil ég geta þess, sem stendur raunar í nál., að ástæðan til þess, að við gerum ekki breyt. á 39. gr. í tengslum við þessa brtt. okkar, er sú, að þar er gerður fyrirvari um það, að ef þessi brtt. okkar yrði samþ., um að fella 6. gr. niður, er ætlunin að bera fram brtt. við lög nr. 66 frá 1966, um Efnahagsstofnun, Framkvæmdasjóð og Hagráð, þannig að kaflinn, er fjalli um Efnahagsstofnunina, haldi sér að því er tekur til verkefna hagrannsóknadeildar, og sömuleiðis var það ætlun okkar, að kaflinn um Hagráð héldi sér, því að við teljum, að Hagráð hafi gert töluvert gagn með starfi sínu að vera vettvangur skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, vinnuveitenda og launþega, milli þeirra og hinna einstöku atvinnugreina í þjóðfélaginu og fulltrúa stjórnmálaflokka. Það er að vísu svo, að ýmsir annmarkar hafa komið fram í starfi Hagráðs, en þeir eru ekki slíkir, að ekki sé unnt að leiðrétta þá og færa til betri vegar. Hér er um þann vettvang að ræða, sem hefur skapað skilyrði fyrir upplýsingamiðlun, sem nauðsynlegt er, að eigi sér stað milli mismunandi stétta í þjóðfélaginu og hagsmunahópa. Þótt aðeins eitt atriði í starfsemi Hagráðs sé nefnt, hefur það slíkt gildi, að mjög óheppilegt, að ekki sé sagt skaðlegt, er að fella það niður, en það er skylda sú, sem hvílir á Efnahagsstofnuninni að gefa Hagráði reglulegar skýrslur um framvindu þjóðarbúsins. Þess vegna er það ætlun okkar með þessari brtt. nr. 3 á þskj. 156, að hagrannsóknadeildin starfi áfram að sínum verkefnum og sömuleiðis, að Hagráð starfi áfram, og gerum við

þann fyrirvara í nál., að nauðsynlegar brtt. þar að lútandi og samræmingu á öðrum gr. þessa frv., svo og lögum nr. 66 frá 1966 mundum við bera fram fyrir 3. umr., ef þessi till. fær framgang.

Þá hefur því verið mjög haldið á lofti, að þetta frv. væri spor í þá átt að samræma og koma á auknu samstarfi milli þeirra aðila og stofnana, sem að þessum málum hafa hingað til unnið. En sannleikurinn er sá, að í öfuga átt er stefnt að mörgu leyti. Í stjórn Efnahagsstofnunarinnar sitja fulltrúar frá Hagstofu Íslands, fjmrn., Seðlabanka og Framkvæmdasjóði. Þessi skipan hefur tryggt samvinnu milli þessara aðila og verkaskiptingu milli þessara aðila. Með þessu frv. er algerlega skorið á tengslin við Hagstofu Íslands, við fjmrn. og við Seðlabankann. Það liggur í augum uppi, að þetta er spor aftur á bak og til þess fallið, að verið sé að gera sama hlutinn á fleiri en einum stað í ríkiskerfinu.

Ég vil þá víkja að 2. brtt. okkar á þskj. 156, þar sem lagt er til, að forstöðumenn deilda skipi framkvæmdaráð og það skuli annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hv. frsm. meiri hl. n. taldi núverandi orðalag frv. ekki koma í veg fyrir það, að þessi háttur yrði á hafður og taldi jafnvel möguleika á því, að ríkisstj. veldi þessa leið, ef ekki að öllu leyti, þá að einhverju leyti. Ég vonast til þess, að hann hafi eitthvað til síns máls í þeim efnum, en sé ekki með blekkingum að reyna að komast hjá því að rökræða gildi tillögunnar sjálfrar með þessum hætti. Ég er ósköp hræddur um, að 4. gr. frv. um þriggja manna framkvæmdaráð hafi ákveðið gildi og þýðingu í augum hæstv. ríkisstj. og tillögugerðarmanna þessa frv., nefnilega það að auka pólitíska íhlutun í öllum málefnum landsmanna. Ef hæstv. ríkisstj. hefur slíkt í huga, sem brtt. okkar felur í sér, þá vonast ég hins vegar til, að hún stígi skrefið strax og fallist á þessa brtt. Frá starfslegu og starfrænu sjónarmiði eru þessir þrír svo kallaðir „kommissarar" alger óþarfamilliliður, og það má geta þess, að í gildandi lögum er heimild fyrir ráðh. að skipa aðstoðarráðherra. Hér virðist vera um útvíkkaða heimild að þessu leyti, að það eigi enn á ný að skipa aðstoðaraðstoðarráðherra eða, eins og sumir vilja kannske vera láta og kalla, yfirráðherra.

Ég vil ekki orðlengja þessa brtt. að svo komnu máli, en nefni þá 1. brtt. okkar á þskj. 156 um að fella niður úr verkefnum stjórnar Framkvæmdastofnunar það hlutverk að fara með stjórn Byggðasjóðs. Þessi brtt. er í tengslum við 5. brtt. okkar á þskj. 156, um það, að 26. gr. orðist svo:

„Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sérstakri sjö manna stjórn, kjörinni hlutfallskosningu í sameinuðu Alþ., að afstöðnum kosningum til Alþingis."

Þessi brtt. er flutt með þeim rökum, að hér sé um það mikil og viðtæk verkefni að ræða, annars vegar stjórn Framkvæmdasjóðs og stjórn Framkvæmdastofnunarinnar í heild sinni, og hins vegar stjórn Byggðasjóðs, að nauðsynlegt sé að hafa nokkra verkaskiptingu á milli. Það er einnig skoðun okkar, að menn hljóti í stjórn Byggðasjóðs að leggja sérstakt byggðasjónarmið til grundvallar afgreiðslu mála, byggðasjónarmið, sem fengi e. t. v. ekki að njóta sín í stjórn Framkvæmdasjóðs sem skyldi. Í því sambandi má geta um ályktun Fjórðungssambands Norðlendinga, sem nefndarmönnum fjhn. hefur borizt og ég leyfi mér að vitna til, en þar telur atvinnumálanefnd Fjórðungssambandsins að vísu, að stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins stefni í rétta átt, en hins vegar varar nefndin við þeirri hættu, að stofnunin verði nýtt miðstöðvarvald í höfuðstaðnum, enda hafa landshlutasamtökin í dreifbýlinu enga hlutdeild um störf Byggðasjóðsins eða að sjóðurinn lúti sjálfstæðri stjórn, eins og fyrirhugað var. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, að í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir sérstakri stjórn Byggðasjóðs, og er því brtt. okkar í samræmi við þá grein málefnasamningsins.

Í tengslum við Byggðasjóðinn er 6. brtt. okkar. Við 32. gr. bætist ný mgr., að stjórn Byggðasjóðs skuli hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Þetta mun hafa verið gert, eins og fram kemur í fyrrnefndri ályktun atvinnumálanefndar Fjórðungssambands Norðlendinga, hingað til í sambandi við framkvæmd Norðurlandsáætlunar og ráðstöfun fjár úr Atvinnujöfnunarsjóði til Norðurlands. Ég teldi það mikla afturför, ef frá þessari sjálfsögðu starfsaðferð yrði horfið.

4. brtt. okkar er svo um það, að 3. mgr. 12. gr. falli niður. Þeirri gr. hefur nú verið breytt með brtt. meiri hl. fjhn., en þó ekki á þann veg, að við getum fallið frá brtt. okkar, vegna þess að ef nokkuð er, þá er brtt. öllu verri og skaðlegri en upphaflegt orðalag frv. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gat þess, að nauðsynlegt hefði verið talið að breyta röð orða, að því er tók til skyldu lánastofnunar opinberra sjóða til að haga lánveitingum í samræmi við reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Í þessari breytingu felst það, að nú eru öll tvímæli tekin af um það, að einkabankar falla engu síður en ríkisbankar undir þessa skyldu, og þá má segja, að allir sjóðir og lánastofnanir í landinu séu skyldugir til þess að hlíta fyrirmælum þessarar einu stofnunar í landinu. Því fékkst ekki svarað í fjhn., hvað yrði um innlánsdeildir kaupfélaganna í þessu sambandi, og var jafnvel dregið í efa, að þær féllu undir þetta orðalag. Ég vil aðeins ítreka það sem mína skoðun, að vitaskuld hljóta innlánsdeildir kaupfélaganna að falla undir þetta orðalag, og vitaskuld hlýtur þeim að vera jafnskylt að hlíta fyrirmælum eins og öðrum lánastofnunum. En hins vegar má e. t. v. marka af þeim loðnu svörum, sem við fengum, er við spurðum þessarar spurningar, eða raunar engum svörum, að ekki er ætlunin að láta það sama yfir alla ganga.

Þá er það þó aðalatriði þessarar gr., að hún ásamt með valdsviði framkvæmdaráðs, sem grunur og meira en grunur leikur á, að verði skipað pólitískum „kommissörum", geri það að verkum, að þessi stofnun getur í framkvæmd með þeim viðtæku heimildum og óákveðna og almenna orðalagi, sem lagafrv. hefur að geyma, orðið til þess, að í framkvæmd verði beitt sams konar höftum og hömlum, leyfum og skömmtunum eins og tíðkaðist á dögum fjárhagsráðs og þvílíkra stofnana áður fyrr og jafnvel slíkur formælandi opinberra afskipta sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. gat ekki annað en sagt, að óskemmtilegar endurminningar væru bundnar við. Það er þessi 3. mgr. 12. gr., sem opnar fullkomlega leið í þá átt að gera þetta að skömmtunarskrifstofu, sem heftir framtak borgaranna, ásamt hinni

almennu stefnumörkun, svo og túlkun á einstaka ákvæðum þessa frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla mjög um brtt. þær, sem meiri hl. fjhn. hefur flutt, en get þó ekki stillt mig um að nefna nokkur atriði. Það er rætt um, hvenær leysa megi framkvæmdaráð frá störfum, og út af fyrir sig er það til bóta, en það er unnt með stuttum fyrirvara, þótt ég hafi alla samúð með því sjónarmiði hv. frsm. meiri hl. fjhn., að það væri lítið starfsöryggi, eins og hann komst að orði. En ég hlýt að vekja athygli á því, að í 2. mgr. er talað um, að þar eigi að vera sjálfstætt launakerfi. Ýmsir aðstandendur núv. hæstv. ríkisstj. höfðu orð á því í fjhn., að það kynni að vera nauðsynlegt, vegna þess að ella fengjust ekki nægilega góðir og sérmenntaðir starfskraftar, ef byggja ætti á kjarasamningum ríkisins og opinberra starfsmanna. Þetta er vitni um það, að þessir formælendur núv. hæstv. ríkisstj. vilji semja um hærri laun starfsmönnum Framkvæmdastofnunar ríkisins til handa, og má vel vera, að það sé nauðsynlegt, en það verður þó allavega lítið úr þeim orðum þessara sömu manna, sem hafa talið fyrrv. ríkisstj. hafa gengið of langt í sambandi við þá kjarasamninga, sem gerðir voru fyrr á þessu ári við opinbera starfsmenn, ef ekki er nú hægt að ráða fólk til starfa samkv. þeim til slíkrar stofnunar.

Sumt af þessum brtt. er heldur til bóta, annað, sem ég hef einnig nefnt, fremur til skaða. Aðalatriðið er það, að frv. í heild er skaðlegt. Þar er horfið frá þeirri stefnu fyrrv. ríkisstj., sem fól í sér heilbrigða áætlanagerð, sem fólst í því, að hver einstaklingur fyrir sig, hvert fyrirtæki fyrir sig, hvert sveitarfélag fyrir sig og hver stofnun fyrir sig gerði sér grein fyrir markmiðum sínum og þeim valkostum, sem fyrir hendi væru til þess að ná markmiðunum, sem gerði ráð fyrir því að örva alla þessa einstöku og dreifðu aðila í þjóðfélaginu til skynsamlegrar áætlanagerðar, sem síðan, þegar saman kæmi, gæti orðið grundvöllur að heildaráætlanagerð, sem byggðist ekki á því, að hún kæmist í framkvæmd með valdboði ofan að, heldur með frjálsum samskiptum hinna fjölmörgu einstaklinga, samtaka þeirra og sveitarfélaga í landinu. Það er þessi reginmunur á áætlanagerð og framkvæmd áætlana, sem veldur skoðanaágreiningi í þessu máli og fleirum milli sjálfstæðismanna og aðstandenda þessa frv. Það er spurningin um það, hvort þurfi og eigi að hafa vit fyrir fólkinu eða hvort fólki er treystandi til að ráða málum sínum sjálft. Það er spurningin um það, hvort dreifa eigi valdinu í þjóðfélaginu eða þjappa því saman á einn stað. Það er spurningin um það, hvort byggðir landsins eigi að hafa sjálfsstjórn eða hvort stjórn þeirra eigi að flytjast hingað til höfuðborgarinnar. Þetta frv. er því alvarleg tilraun til þess að ræna fólk, hvar sem er á landinu, sjálfsákvörðunarrétti, alvarleg tilraun núverandi valdhafa til þess að styrkja stöðu sína og vald, nýta pólitískan stundarmeirihluta í þeim tilgangi að festa sig í sessi með þeim hætti, sem boðar pólitíska spillingu. Sumir aðstandendur núv. hæstv. ríkisstj. höfðu orð á því í kosningabaráttunni, að hið pólitíska vald væri of mikið í þessu þjóðfélagi, og ég get út af fyrir sig vel fallizt á það, að æskilegt væri að dreifa valdinu og hið flokkspólitíska vald væri ekki eins áberandi og þrúgandi og það kann að vera á mörgum sviðum þjóðlífsins. En þetta frv. er til þess fallið að efla slíkt flokkspólitískt vald, og ef versta hugboð andstæðinga frv. rætist, til þess fallið smátt og smátt að gera einstaklinga, samtök þeirra og sveitarfélög landsins háðari miðstjórn pólitískra flokka en áður hefur verið. Þess vegna vænti ég þess og vonast til þess í fyrsta lagi, að þetta frv. nái ekki fram að ganga, en nái það fram að ganga, þá leyfi ég mér að lokum að vara mjög við þeirri framkvæmd á frv., sem orðalag þess og efni og túlkun formælenda þess gefur okkur tilefni til að halda, að geti orðið, en slíkt mundi skaða íslenzka þjóð um langa framtíð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í framsöguræðu hjá hv. frsm. meiri hl., skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, en það byggðist fyrst og fremst á því, að ég gat ekki fellt mig við anda 4. gr. frv., og ætla ég nú lítillega að fjalla um málið þess vegna. Ég hef leyft mér á þskj. 150 að koma fram með brtt., sem orðast svo:

„4. gr. orðist svo:

Framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipað forstöðumönnum deilda, og annast það daglega stjórn stofnunarinnar."

Frsm. meiri hl. vék að þessu nokkuð og sagði, að ekkert hindraði það í sjálfu sér, að þessir menn væru skipaðir í þetta framkvæmdaráð. Ef á að skilja þetta sem svo, að hann sé því hlynntur, að forstöðumenn deilda taki þetta verk að sér, því þá að halda svo fast við það, sem sett var fram í frv. og er ekkert annað heldur en að tryggja, að þrír pólitískir fulltrúar starfi þarna sem eins konar eftirlits- og yfirmenn? Það er mjög óæskilegt, vegna þess að það hefur verið margundirstrikað af talsmönnum hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh., að hér eigi að gera átak í hagrannsóknum, átak í áætlanagerð og að tryggja eðlilega og skipulega lánastarfsemi. Og til þess að slíkt átak megi verða eins gott og menn geta gert, þá hlýtur að vera eðlilegt, að stjórn slíkra mála sé falin hæfustu mönnum, sem um er að ræða. Forstöðumenn viðkomandi deilda eru að mínu mati þeir hæfustu, sem völ er á í þessu tilfelli, þó að eðlilegt sé, að slík stofnun sem þessi eigi stjórn yfir sér og hún sé, eins og sagt er í 2. gr., skipuð sjö mönnum, sem kosnir séu hér á Alþ. Það er mikill munur á því að hafa embættismenn í þessu eða pólitíska fulltrúa, ég tala nú ekki um, þegar í hlut á stofnun eins og þessi, sem á að fjalla um svo mikilvæga þætti í þjóðarbúskapnum, eins og gert er ráð fyrir að verði, þegar þetta hefur náð fram að ganga og orðið að lögum, sem á að verða um n. k. áramót. Enginn hefur dregið dul á það, að hagrannsóknir eru hér lífsnauðsyn. Hagrannsóknir eiga að vera óháðar og þess verðugar, að þær veki traust beggja aðila, vegna þeirra átaka, sem eiga sér stað um kaup og kjör í þessu landi. Einnig hefur það verið undanfarið, að Efnahagsstofnunin hefur verið fengin til aðstoðar við úrskurð á fiskverði og hefur þá lagt fram margvísleg gögn, sem báðir aðilar hafa tekið alvarlega og tekið sína afstöðu í samræmi við það. Þetta má ekki verða svo litað pólitík, að menn tapi trausti á slíkri starfsemi. En það er mjög hætt við því, að svo fari, verði 4. gr. samþ., eins og talsmenn ríkisstj. vilja. Þá koma þar inn því miður pólitískir fulltrúar, sem eiga lítið erindi inn í þessa stofnun. Ef ríkisstj. vill hafa áhrif, þá á hún, hver

sem hún verður, sinn meiri hl. tryggan í gegnum stjórnina, auk þess sem stofnunin heyrir beint undir hana, og hún mun áreiðanlega koma sjónarmiðum sínum fram eins og hún hefur tök á hverju sinni í gegnum sinn meiri hl.

Það er von mín, að hagrannsóknir geti eflzt hér, vegna þess að það er undirstaða undir því, að við tökum skynsamlegar ákvarðanir. Áætlanagerðin sem slík er oft pólitískt mat og útlánastarfsemi er afleiðing af því. Það er oft erfitt að meta rétt á Íslandi. Minna má á staðsetningu síldarverksmiðja og margra annarra fyrirtækja og jafnvel minkabúanna, sem meiri hl. Alþ. stóð að hér fyrir skömmu, að sett yrðu á stofn, og eiga nú erfitt uppdráttar. Það rýrir þó engan veginn, að hagrannsóknir séu góðar og þar af leiðandi áætlanir, sem byggðar eru á þeim. Það rýrir það ekki, að við vöndum sem mest val manna til þess að sinna þessu, og því vil ég mjög undirstrika það, að menn meti það, að hinir hæfustu menn skipi framkvæmdaráðið. Ég trúi varla öðru en a. m. k. Framsfl. hugsi málið mjög alvarlega, áður en hann tekur ákvörðun um að hafna slíku, svo að ég tali nú ekki um, eins og síðasti ræðumaður kom inn á, að Frjálslyndir og vinstri menn höfðu það sem aðalslagorð í síðustu kosningum, að nú skyldi svo sannarlega höggvið að hinu pólitíska valdi í þjóðfélaginu og misbeiting þess fara minnkandi, svo að þeir ættu að vera minnugir sinna sterku orða í því sambandi.

Nokkuð hefur verið vikið að því, að Efnahagsstofnunin hafi ekki skilað sínu hlutverki sem skyldi undanfarin ár, og það kom fram bæði áðan í tali frsm. meiri hl. og á sínum tíma við 1. umr. þessa máls. Það getur vel verið, að Efnahagsstofnuninni hafi ekki tekizt allt. Ég held, að fáum takist það í þessu landi. En hitt vil ég undirstrika, að það var mikilvægt skref, sem stigið var af fyrrv. ríkisstj., og má engan veginn kasta hnútum að því, og er það óréttmætt, að það hafi ekki verið til stórra framfara og það er bókstaflega byggt á því nú í þessu frv. að halda áfram að gera betur, og það er gott. Og þess vegna styðjum við í Alþfl. meginhugsunina í þessu frv. En við hörmum það, að það skuli vera talið nauðsynlegt að setja pólitíska kommissara yfir slíka menn. Við hörmum slíkt skref og vonum, að það nái ekki fram að ganga.

Hér komu á sínum tíma á vegum Efnahagsstofnunarinnar í París þrír norskir sérfræðingar, sem skipulögðu þetta starf og hjálpuðu til við að koma á stofn Efnahagsstofnuninni eða við samningu frv. um það. Þessir menn höfðu mikla reynslu. Við höfðum hins vegar minni reynslu eða vorum reynslulítið fólk í þessu efni, og það var því eðlilegt, að allt bæri ekki jafngóðan árangur og vonir stóðu til. Auk þess vitum við, hversu utanríkisviðskipti okkar eru mikil og verðsveiflur gera það að verkum, að jafnvel skynsamlegar ákvarðanir í dag geta orðið næsta óskynsamlegar eftir 1–2 ár. Það eru ytri þættir, sem enginn maður ræður við, jafnvel þó að vel sé að unnið. Hitt er svo annað mál, að með skipulagðri áætlun leitumst við við að hafa atvinnulífið fastara og jafnara og tryggja þannig betri lífskjör í landinu, og það er von mín, að þessi stofnun, því að vissulega verður hún sett á laggirnar, verði vanda sínum vaxin í þessu efni.

Ég vil nú ekki fara að elta ólar við gömul mál hér á Alþ., jafnvel allt að 30–40 ár aftur í tímann, og svara ýmsu, sem fram kom hjá frsm. meiri hl., hverjir væru hinir beztu skipuleggjendur og hefðu haft mestan áhuga á því, en aðeins minna á það, að lítið hefur farið fyrir því á sínum tíma, þegar Sósfl. var hér og síðan Alþb.-menn, að þeir væru einhverjir forustumenn á þessu sviði. Það hefur verið meira í nösunum á þeim en í alvöru. Það voru aðrir flokkar, sem höfðu forustu um þetta mál, og er byggt á því núna að halda áfram og reyna að gera betur. En það mun framtíðin skera úr um, hvort betur tekst til.

Ég vil undirstrika það og skal ekki lengja þessar umr. mikið, að allt veltur hér á góðri og skynsamlegri framkvæmd. Stofnunin ein sem slík mun ekkert gildi hafa, ef ekki tekst vel til um mannaráðningar og stjórnun. Hún leysir ekkert vandamál með þremur pólitískum fulltrúum, sem eiga að vaka dag og nótt yfir störfum hinna almennu starfsmanna í stofnuninni. Hún mun aðeins sanna gildi sitt með því, að þar sé starfað af heilindum og ákvarðanir teknar með þjóðarhag fyrir augum, en ekki í pólitískum tilgangi. Þá mun þetta verða til framfara í landinu og öllum til heilla. Og það er von mín, að slík skipan megi verða á þessu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún hefur afgr. þetta mál. Hún hefur skipzt í tvo hluta, meiri hl. og minni hl., eins og vænta mátti. Meiri hl. leggur til, að frv. sé samþ., en gerir nokkrar brtt., en minni hl. hefur þá aðalstefnu í þessu máli að leggja til, að frv. sé fellt, en flytur svo eins og til vara nokkrar brtt. við það.

Framkomið nál. minni hl., svo og ræða hv. frsm. minni hl. gæfi út af fyrir sig tilefni til þess að fara um það nokkrum orðum. Ég skal þó reyna að stilla máli mínu í hóf, vegna þess að mér er hugleikið, að þetta mál fái hér sem skjótasta afgreiðslu. En um nál. minni hl. verð ég að segja það, að mér finnst það byggjast að allt of miklu leyti á sjúklegu ímyndunarafli. Það úir og grúir af órökstuddum getsökum, sem ekkert tilefni er gefið til, hvorki í frv., grg. með því né í framsöguræðum hér á Alþ. Þvert á móti hefur verið tekið skýrt fram, bæði í grg. og eins í framsöguræðum, að það er ekki ætlunin að stefna í þá átt, sem hv. frsm. minni hl. vill vera láta eða fram kemur í áliti minni hl. Þar er talað um, að það eigi að stofna til þjóðnýtingar, það sé stefnt að pólitískri misnotkun, það sé stefnt að haftakerfi, skömmtunarkerfi o. s. frv. í stíl við hið gamla og góða fjárhagsráð, sem hv. sjálfstæðismenn veittu forstöðu á sínum tíma.

Þar af er skemmst að segja, að fyrir þessu skrafi er ekki stafur, eins og ég sagði, hvorki í frv. sjálfu né í grg. Og það hefur heldur ekkert slíkt komið fram í framsöguræðum, sem gefi tilefni til þvílíkra ályktana. Það er ekki minnzt á þjóðnýtingu í þessu frv. Og að hverju leyti er stefnt í þjóðnýtingarátt með því? Það er stefnt að áætlunarvinnubrögðum. Hv. sjálfstæðismenn segjast ekki vera andstæðir áætlunum, segjast meira að segja hafa verið forgangsmenn og brautryðjendur í því efni, ef rétt sé skoðað. Ekki geta hagrannsóknir verið taldar stefna að þjóðnýtingu. Ekki getur starfsemi Framkvæmdasjóðs verið talin stefna að þjóðnýtingu. Framkvæmdasjóður hefur starfað hér um langt skeið, var arftaki Framkvæmdabankans. Ef ég man rétt, þá stóðu

sjálfstæðismenn að stofnun hans og síðar að því að breyta Framkvæmdabankanum í Framkvæmdasjóð. Ekki getur verið talið, að það sé stefnt að þjóðnýtingu með stofnun Byggðasjóðs eða með eflingu Byggðasjóðs í stað Atvinnujöfnunarsjóðs, sem starfað hefur. Ég tel það enga þjóðnýtingu þótt gert sé ráð fyrir því hlutverki Framkvæmdastofnunarinnar að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja, ekki frekar opinberra fyrirtækja eða í eigu sveitarfélaga heldur en fyrirtækja á vegum einstaklinga. Ég held, eins og ég hef áður sagt, að með frv. þessu sé verið, og það er a. m. k. ætlunin, að rétta einstaklingsframtaki þannig örvandi hönd. Er það kannske bannorð hjá hv. sjálfstæðismönnum, að fyrirtækjum, jafnvel einkafyrirtækjum, sé veitt aðstoð af opinberri hálfu þegar á þarf að halda, annaðhvort við stofnsetningu eða síðar þegar þau komast í erfiðleika? Mér hefur virzt, að reynslan kenni annað. Ég hef ekki orðið var annars en að sjálfstæðismenn hafi, þegar þannig hefur staðið á, viljað stuðla að því með ýmsum hætti að greiða götu slíkra fyrirtækja, já, með opinberum framlögum. Það eru fyrirtæki m. a., sem þeim hafa ekkert verið fjarskyld, það er hægt að nafngreina mörg slík fyrirtæki. Á slíkt skylt við þjóðnýtingu? Það er nú meira að segja á þessum tímum annað slagið verið að koma til okkar og það m. a. af ágætum sjálfstæðismönnum og verið að óska eftir því, að ríkið skerist í leikinn og leggi framlag í fyrirtæki.

Nei, það er ekki verið að stefna að neinni þjóðnýtingu með þessu frv. Það er ekki að því leyti til verið að fara inn á neinar nýjar götur í því, en það er hins vegar rétt hjá hv. frsm. minni hl., að það er farið inn á nýjar brautir í þessu frv. að því er áætlanagerð, ákvörðunartöku og fjármögnun varðar. Hann gerði mikið úr því, að það, sem skildi á milli þessa frv. og þeirra áætlanagerða, sem sjálfstæðismenn höfðu forustu um og honum þóttu góðar, væri það, að þá hefði ekki verið samtvinnaðar áætlanagerðin og ákvörðunartakan. Það er rétt, það var ekki. Þess vegna, því miður, urðu of margar áætlanagerðir, sem gerðar voru og gerðar hafa verið á þessum tíma, pappírsgagn. En hér er það meiningin að tengja saman áætlunina sjálfa, ákvörðunartökuna og fjármögnunina til þess að hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Með því á að tryggja það, að áætlanir verði ekki bara falleg pappírsgögn, sem fara í pappírskörfu, heldur komist út í raunveruleikann.

Hv. sjálfstæðismönnum verður tíðrætt um pólitíska misnotkun og eru með þær getsakir í því sambandi, að það sé stefnt að henni með þessu frv. Nefna þeir því einkum til stuðnings skipan framkvæmdaráðs. Það eigi að vera ópólitískir embættismenn, sem þar sitji. Ég verð nú að segja: Öðrum ferst, en ekki þér. Það er annars dálítið einkennilegt, ef pólitík á að verða eitthvert sérstakt bannorð hér á Alþ., ef það á að vera rótfest skoðun í sölum Alþ., að það sé einhver ljóður á ráði manna, að þeir séu pólitískir, að pólitískir menn séu síður hæfir til starfa en aðrir, það þurfi helzt einhverja ópólitíska sauði til þess að standa fyrir starfrækslu.

Ekki hefur það verið talið hæfa hér á Alþ. Ekki hefur það almennt verið talið hæfa í bæjarstjórnum og borgarstjórn, en ýmsar bæjarstjórnir hafa samt farið inn á þá braut að velja sér framkvæmdastjóra, ekki úr ákveðnum pólitískum flokki, sem kannske væri stærstur í þann og þann svipinn í þeirri bæjarstjórn. En þarna er frá ein greinileg undantekning. Það hefur aldrei átt sér stað í Reykjavík, og hv. frsm. minni hl. hefur ekki verið þeirri kenningu sinni trúr, sem hann var að prédika hér áðan, í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar situr hann, forustumaður Sjálfstfl., sem borgarstjóri, ekki utan borgarstjórnar, nei, hann verður líka að vera í borgarstjórn og hafa þar sitt atkvæði, og þær eru ekki fáar nefndirnar á vegum borgarstjórnar Reykjavíkur, sem hæstv. borgarstjóri situr í. Nei, ég held, að hann ætti að tala varlega um pólitík í sambandi við opinber störf, og ég held, að þeir, sem búa í glerhúsi, ættu ekki að byrja á því að kasta grjóti.

En þetta var nú bara dæmi um borgarstjórnina. Það væri víðar hægt að fletta upp og sýna það, hversu óskaplega hv. sjálfstæðismenn hafa verið frábitnir því í verki að láta pólitíska menn koma nokkuð að opinberri stjórnsýslu, t. d. allar stjórnsýslunefndirnar, sem voru starfandi í tíð fyrrv. stjórnar, sem hæstv. ráðh. þurftu sjálfir að sitja í, eins og í bankaráðum, eins og í raforkuráði, eins og í atvinnumálanefndunum á sínum tíma o. s. frv. o. s. frv. Hafa ekki sjálfstæðismenn verið afskaplega frábitnir því, að pólitískir menn settust í stöðu bankastjóra og gegndu þar bankastjóraembætti? Það væri nú hægt að rifja upp þá sögu. Og talsverður aðgangsmiði í bankastjóraembætti hefur það nú virzt á undanförnum árum að vera þm. Sjálfstfl., og ég þarf ekki því til sönnunar að rifja það upp, hverjir hafa af hálfu Sjálfstfl. verið skipaðir bankastjórar á undanförnum árum, það er mönnum í fersku minni. En það væri hægt að gera það, ef minni manna væri farið að bila. Nei, ég held, að það sé alveg óþarfi fyrir hv. sjálfstæðismenn að koma hér fram og þykjast vera einhverjir hreinir englar í þessum sökum. Ég staðhæfi, að það hafa engir fremur en hv. sjálfstæðismenn notað pólitíska aðstöðu sína í þessu þjóðfélagi.

Hitt er svo annað mál, sem hv. frsm. meiri hl. vék að, að þetta tal hv. frsm. minni hl. er í raun og veru tilefnislaust, vegna þess að það er ekkert í þessu frv., sem segir, að það sé aðgöngumiði til þess að komast í framkvæmdaráð að hafa einhverja ákveðna pólitíska skoðun eða að hafa látið nokkuð að sér kveða í pólitík, það er ekkert komið á daginn um það. Það veit enginn um það. Þetta er ímyndun og getsakir. Það er ekki sett neitt skilyrði, sem þessir menn þurfa að fullnægja. Það sem meira er, að sú leið, sem hv. minni hl. vill benda á og vill fara í þessu efni til þess að tryggja það, að mér skilst, að það séu alls ekki neinir menn, sem séu viðriðnir pólitík, sem komi nálægt þessari stofnun, tryggir það nú, held ég, naumast. Það er ekkert í þessu frv. um það, hverjum skilyrðum forstöðumenn þessara deilda, sem þarna er um að ræða, þurfa að fullnægja, engin skilyrði sett, og það er ríkisstj., sú óguðlega ríkisstj., sem skipar þá, að vísu að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Úr því að það er verið með þessar getsakir í garð ríkisstj. um það, að hún muni velja svona óskaplega hættulega og lélega menn til þess að vera í framkvæmdaráði, ætli það gæti nú ekki hugsazt, að hún hefði þá augun á því alveg eins, þegar hún færi að skipa forstöðumenn deilda, ef þeir ættu að skipa framkvæmdanefnd?

Ég held, að hv. minni hl. hafi nú ekki tekizt alveg að setja undir þann leka, sem þeir ætluðu að gera, með

þessari till. sinni, en auk þess mótmæli ég því skrafi, sem hér er haft uppi um þá menn, sem fást við pólitík og standa í pólitískri baráttu – að reyna að koma því orði á þá, að þetta séu hálfgerðir annars flokks menn, sem ekki sé treystandi almennt til þess að fara með trúnaðarstörf. Ég held, að það sé mjög röng skoðun. Ég held, að það sé mjög hættuleg skoðun. Ég held, að það sé skoðun sem sé fallin til þess að grafa undan heilbrigðu pólitísku lífi í landinu, ef það á að reyna að koma þeim stimpli á þá menn, sem eitthvað hafa gefið sig við pólitík, að þeir séu helzt óalandi og óferjandi. Ég tek ekki undir það.

Hitt liggur svo í augum uppi, að hvort sem pólitískir menn eða ópólitískir, ef til eru, verða valdir í forstöðu þessarar stofnunar, þá gefur það auga leið, að ríkisstj., sem á svo mikið undir því væntanlega, að starfsemi þessarar stofnunar takist sæmilega, reynir áreiðanlega að vanda val þeirra manna. En ég skal ekki vera að tala lengra mál um þetta, ég vil aðeins undirstrika það, sem er aðalatriðið, að það er ekkert komið fram og ekkert í frv. um það, sem gefur tilefni til þessara bollaleggínga um, að það eigi að setja einhverja kommissara, eins og þeir hafa verið svo fyndnir að orða það, það er ekkert slíkt komið fram. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að ég tel það síður en svo goðgá, að valdir verði pólitískir menn í forstöðu þessarar stofnunar, vegna þess að henni er ætlað að vera ríkisstj. til aðstoðar við mótun þeirrar stefnu, sem ríkisstj. vill fylgja og stjórnin hefði lítið gagn af aðstoðarmönnum, sem væru á allt annarri skoðun en hún í því efni, og þessum mönnum er líka að verulegu leyti ætlað að sjá um það að framfylgja þeirri stefnu, sem mótuð er, og það ætla ég, að mönnum sé skiljanlegt og ljóst, að það sé heppilegra að hafa menn til þess, sem hafa þá svipaða skoðun og hafa trú á þeirri stefnu, sem á að fylgja fram, en ekki þá, sem eru henni andstæðir. En því hef ég gerzt svo fjölorður um þetta, að þetta virðist vera eitt meginatriðið, sem þeir finna þessari stofnun til foráttu.

Í því sambandi vék hv. frsm. minni hl. að því, að með skipan eða uppsetningu þessa þriggja manna framkvæmdaráðs mundi vera ætlunin að halda lengra á þeirri braut, sem mótuð hefði verið, þegar ákveðið var, að ráðherrar gætu tekið sér sérstaka ráðherraritara, sem ættu að fylgja þeim eftir. Ég man nú ekki betur en að það hafi verið viðreisnarstjórnin og hv. sjálfstæðismenn, sem beittu sér fyrir lagasetningu um stjórnarráðið í þeim anda og á þá lund, að ráðherrum var heimilað að taka sér þessa sérstöku ráðherraritara og aðstoðarmenn, sem eiga að hafa sama starfstíma og ráðherrar í þeim skilningi, að þeir eiga að fara um leið og ráðherrarnir. (**Gripið fram í:** Ég var ekki að gagnrýna það.) Nei, auðvitað ekki, af því að það voru sjálfstæðismenn, sem komu þeirri skipun á, en það má vel til sanns vegar færa hjá hv. frsm. minni hl., að það er kannske ekki öldungis ólík hugsun, sem býr að baki þessu ákvæði í frv. og einmitt ákvæðunum um aðstoðarmenn ráðherra í stjórnarráðslögunum.

Ég var líka dálítið hissa á ræðu hv. frsm. minni hl. Ég gat ekki betur heyrt en að grunntónninn í ræðu hans og mikið af efni ræðu hans fjallaði um það, að sjálfstæðismenn væru miklir áhugamenn um áætlanagerð. Þeir hefðu verið hinir eiginlegu brautryðjendur í því, sem kalla mætti áætlanagerð hér á landi, og æði mikið af ræðu hans fór í það að lesa upp úr gömlum ræðum og skýrslum, sem lutu að því að sanna það, að það hefðu verið sjálfstæðismenn, sem hefðu bent á þessa leið, þeir hefðu komlið þessu í framkvæmd. Hitt er rétt að taka fram, að hann vildi láta líta svo út, að þær áætlanir hefðu verið góðar og nokkuð annars eðlis en þær áætlanir, sem hér er um að ræða, og munurinn er sá, sem ég hef áður minnzt á og skal ekki endurtaka, að þar varð að láta sitja við áætlanagerðina, en ákvörðunartakan slitin frá og ekki séð fyrir fjármagni nema í takmörkuðum tilfellum. En nú er þetta tengt saman.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það hefði verið meiningin áður fyrr að dreifa áætlanagerðinni um ríkiskerfið og á milli ríkisstofnana, að því að mér skildist, og helzt niður til fólksins, þannig að þetta ætti að koma neðan frá. Ég kannast nú ekki við þessa áætlanagerð frá fyrri tíð. Ég held, að sú áætlanagerð, sem hér hefur þekkzt, hafi verið gerð á vegum Efnahagsstofnunarinnar. Hitt er svo annað mál, að þegar Efnahagsstofnuninni var ekki séð fyrir nægilegum starfskröftum og áætlanir af þeim sökum gengu hægar en óskir stóðu til, þá hurfu sum landshlutasamtökin að því ráði að taka þetta að nokkru leyti í sínar hendur, sumpart með aðstoð þó frá Efnahagsstofnuninni. Og ekki get ég heldur séð, að þær áætlanir, sem hafa verið teknar upp á vegum hins opinbera og eru ágætar, eins og vegáætlun, hafnaáætlun, rafvæðingaráætlun o. s. frv., séu sérstaklega sóttar til fólksins. Það eru þessar opinberu stofnanir, sem með þau málefni hafa að gera, sem fyrst og fremst, stundum með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar, hafa látið gera þessar áætlanir, og það er ekki meiningin að gera í þessu efni nokkrar breytingar með þessu frv. Hinar opinberu stofnanir eiga eftir sem áður að gera sínar áætlanir um sínar opinberu framkvæmdir. Þær geta, ef hagkvæmt þykir, leitað til Framkvæmdastofnunarinnar um aðstoð í þessu efni, eða eins og segir í frv., þær geta látið Framkvæmdastofnunina fást við þær, ef svo um semst.

Ég skal nú láta þessar almennu aths. nægja. Það hafa verið lagðar hér fram brtt., allmargar brtt. frá meiri hl. Það er ekkert óeðlilegt við það, og ég held reyndar, að ég hafi tekið það fram í framsöguræðu minni, að ég teldi það ekkert óeðlilegt, þó að fram kæmu einhverjar brtt., og það er ekkert óeðlilegt við það, þó að eitthvað reynist í þessari frumsmíð, sem hér er um að tefla, ekki alfullkomið, og þó að reynslan kenni það og menn sjái það við betri athugun, að eitthvað megi betur fara. Um þessar brtt. meiri hl. er það að segja, að ég get á þær allar fallizt. Þær eru reyndar flestar þannig, að það er ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða, heldur orðalagsbreytingar og það tekið skýrar fram, sem ætlunin var að hafa með þeim hætti, sem nú segir skýrt í brtt. meiri hl. Þannig er það t. d., þegar í 12. gr. er tekið fram nú í brtt., að það skuli vera stjórn stofnunarinnar, sem setur þær almennu reglur, sem þar er um að tefla. Þar stóð Framkvæmdastofnunin, það var nánast vangá. Ég lýsti því í framsöguræðu minni, að það væri sjálfsagt meiningin, að það væri stjórn stofnunarinnar, sem ætti að setja þessar almennu reglur. Og sama er raunar að segja um þá breytingu, sem er við 4. gr., í 1. málsgr. þar. Því lýsti ég líka í framsöguræðu minni í 1. umr., að það

væri ætlunin að þarna væri bara um tímabundna skipun að ræða, þannig að þessir menn fylgdu ríkisstj., og þess vegna hef ég vitaskuld ekkert við það að athuga. Þetta hefur verið tekið alveg skýrt þarna fram, að þeim má segja upp með eins mánaðar fyrirvara. Það er eðli þessa starfs alveg eins og ráðherraritaranna og ráðherranna líka, að það á ekki að verða neitt varanlegt starf.

Hitt má segja, að það sé nokkuð nýtt, sem stendur í 2. málsgr. 1. brtt., brtt. við 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar taki ákvörðun um launakjör framkvæmdaráðsmanna og annarra starfsmanna. Ég vil taka það skýrt fram, að það er mín skoðun og mín stefna, að það eigi að ákveða launakjör allra opinberra starfsmanna með samsvarandi hætti og það eigi að ákveða þau í hinu almenna launakerfi. Frá þessu eru hins vegar nú veigamiklar undantekningar, t. d. er allt bankakerfið undanskilið, og laun bankamanna, bankastjóra og annarra eru ákveðin af bankaráðum. Ég get þess vegna eftir atvikum fallizt á, að það megi líkja þessari stofnun að mörgu leyti við þvílíkar stofnanir, að það sé ekki fráleitt, a. m. k. til að byrja með, að láta stjórn stofnunarinnar ákveða launakjörin, en að sjálfsögðu hlýtur það að mínum dómi að verða athugunarefni framvegis að fella þetta allt saman og koma öllum opinberum starfsmönnum inn í hið almenna launakerfi.

Aðrar þær breytingar, sem þarna er um að ræða, eru ekki þess háttar, að ég sjái neina ástæðu til þess að segja neitt um þær sérstaklega, ég fellst á þær. Ég vil aðeins geta þess til skýringar við 11. brtt., sem er við 38. gr., að þeim, sem að frv. stóðu, og þeim, sem sömdu það, var að sjálfsögðu ljóst, að þarna var um tiltekin störf að ræða, sem þurfti að ráðstafa, en það var þá haft í huga, að eðlilegra væri að gera það með breytingum á viðeigandi lögum eftir að þessi lög höfðu verið sett eða í kjölfarið á þessu frv., en það má vitaskuld hafa þann háttinn á, sem hér er á hafður, að skjóta þessu inn í þetta frv., og það fer vel á því að mínum dómi, og ég fellst alveg á það.

Um brtt. minni hl. er það að segja, að það leiðir nú af því, sem ég hef sagt, og liggur í hlutarins eðli, að ég get ekki yfirleitt á þær fallizt, þ. e. ekki fallizt á þær brtt. minni hl., sem raska í grundvallaratriðum skipulagi og stjórn stofnunarinnar. Hitt skal viðurkennt, að margt í þessum efnum getur orkað tvímælis og er álitamál. Þannig er það, ég skal viðurkenna það, um hagrannsóknadeild, hvort það hefði átt að halda áfram þeim vísi eða þeim hluta Efnahagsstofnunarinnar sem sérstakri stofnun. Það er ýmislegt, sem getur stutt þá skoðun, en að hinu ráðinu var nú horfið, m. a. af því og líklega einkum af því, að það þótti meiri hagræðing í því að reyna að fækka stofnunum og draga þetta saman í eina stofnun og reyna að gera starf þessarar deildar sem sjálfstæðast með því að hafa hana sjálfstæða.

Viðvíkjandi því, sem aths. var gerð um, að það stæði ekki í þessari gr., eins og væri í núgildandi lögum, að hún skyldi vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum, þá hef ég satt að segja skilið það svo, að það væri enginn vafi á því, að ríkisstj. hefði samsvarandi aðgang að þessari hagrannsóknadeild eins og hún hefur nú að Efnahagsstofnun, þar sem það segir beinlínis, að deildin annist þær hagfræðilegu athuganir fyrir ríkisstj., er hún kann að óska eftir. Ég hef litið svo á, að þetta væri svo víðtækt orðalag, að það tæki til allra þeirra upplýsinga, sem ríkisstj. óskaði eftir að fá. Upp úr hinu legg ég minna, hvor um er að ræða frumkvæði rannsóknadeildarinnar eða ekki, ég hygg satt að segja, – þar með er ég ekki að áfellast, síður en svo, þá ágætu menn, sem starfa í Efnahagsstofnuninni, – að það hafi ekki kveðið mikið að því, að þeir hefðu frumkvæði um að gera ábendingar til ríkisstj. Til slíks er ekki hægt að ætlast. Það er auðvitað sá eðlilegi máti, að ríkisstj. óski eftir athugun á þessum hlutum, en þá er það auðvitað mikils vert, að þeir, sem taka þá athugun til meðferðar, séu sjálfstæðir og geti sett fram sín sjónarmið, án þess að þau litist af óskhyggju ríkisstj., það viðurkenni ég, og það hefur verið meiningin að reyna að gera þetta þannig úr garði, að þeir sérfræðingar, sem störfuðu að þessu, gætu haft slíka stöðu. En hitt held ég, að ekki væri neinum til góðs, að fara að gera þá breytingu á stjórn stofnunarinnar, að ætla forstöðumönnunum að skipa framkvæmdaráðið, ef menn gera á annað borð ráð fyrir því, að forstöðumennirnir séu sérfræðingar. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að það eigi að búa þannig um sérfræðingana að þessu leyti, að þeir dragist ekki inn í hin pólitísku átök, því að þó að þeir vilji og geri allt eins vel og þeir geta, þá fer aldrei hjá því, að það vaknar tortryggni. Við höfum svo sem heyrt það og orðið varir við það á undanförnum árum. Kannske höfum við fyrrv. stjórnarandstæðingar stundum látið þjóta óviðeigandi orð og án þess að til þeirra hafi verið unnið, einmitt um slíkar stofnanir. Nei, ég held, að um sérfræðingana þurfi að búa þannig, að þeir eigi ekki á hættu að verða dregnir inn í stjórnmálabaráttuna um of, og það er m. a. af þeirri ástæðu, að sú hugsun liggur hér til grundvallar að það sé girðing þvert þarna á milli. Framkvæmdaráðið verður að vera við því búið að sæta pólitískri gagnrýni og taka þátt í slíku, og það getur ekki haft neitt út á það að setja. Það er hins vegar hart fyrir sérfræðinga að búa við slíkt, sérfræðinga, sem stundum eiga þess ekki kost og kunna ekki við það að bera hönd fyrir höfuð sér í opinberum málgögnum og hafa þess vegna í raun og veru aðra og ólíka aðstöðu til þess að verja og standa fyrir sínum skoðunum heldur en aðrir.

Vitaskuld má lengi deila um það, hvernig stjórnarfyrirkomulag svona stofnunar eigi að vera, hvort það eigi að vera einn maður, sem væri forstjóri, hvort það eigi að vera fjölskipað, stjórn þriggja manna o. s. frv. Auðvitað geta sumir sagt: Það er hagræðing í því að hafa bara einn mann. Við eigum ekki að vera alltaf með þessar nefndir og slíkt. En ég verð að segja það sem mína skoðun, að það sé svo mikið vald fengið í hendur þessari stofnun, að ég vil ekki fela einum manni það. Ég held, að það sé meiri trygging í því fólgin, að það séu þrír menn. Og ég hef ekki lakari trú á pólitískum mönnum en það, að ég treysti því, að ef saman eru komnir þrír stjórnmálamenn, hver úr sínum stjórnmálaflokki, þá sé ekki ýkjamikil hætta á því, að um pólitíska misnotkun verði að ræða.

Hitt fer ekki á milli mála, að hin pólitíska stefnumótun verður auðvitað með ákveðnum hætti. En það má segja, að sú stefnumótun sé nú alveg tvímælalaust meira í höndum stjórnar stofnunarinnar en í höndum

framkvæmdaráðsins, og það er einmitt séð fyrir því með vali stjórnar stofnunarinnar, að þar gæti flestra pólitískra sjónarmiða, a. m. k. þeirra, sem nú eiga fulltrúa á Alþ.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram og bent hefur verið á, að í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því, að Byggðasjóður lyti sérstakri stjórn, og hefur nú hv. minni hl. tekið upp brtt., sem lýtur að því að færa stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar í það form. En það er bezt að segja það hreint út, að við athugun málsins komumst við, sem að þessu stöndum, á þá skoðun, að það væri heppilegra að hafa hér eina stofnun og eina stjórn í stað þessara tveggja, sem upphaflega var ætlunin, – að það yrði meira samræmi og meiri hagræðing í því að hafa þetta á hendi einnar stjórnar. En það er vitaskuld um þetta eins og fleira, að það getur verið álitamál. En þessi varð niðurstaðan af athugun okkar, og við teljum það horfa til hagræðingar að setja þannig eina stjórn yfir hvort tveggja. Og ég held, að það sé engin ástæða til að óttast, að ekki geti gætt þessara svo kölluðu byggðasjónarmiða í slíkri stjórn. Stjórnin á að vera valin af Alþ. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur verið valin af Alþ., þannig að stjórn Byggðasjóðs er kosin með alveg nákvæmlega sama hætti og stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur verið kjörin, og ekki var í þeim lögum neitt ákvæði, sem ætti að tryggja einhver sérstök byggðasjónarmið þannig t. d., að stjórnarmenn skyldu vera búsettir á ýmsum landshornum, það var ekkert slíkt ákvæði. Og það hefur alveg verið upp og ofan með það, hvar stjórnarmenn Atvinnujöfnunarsjóðs hafa verið búsettir. Ef það er þetta, sem menn eiga við, þegar þeir eru að tala um byggðasjónarmið, þá held ég, að það geti alveg eins átt við í þessari stjórn, þótt hún eigi jafnframt að fara með stjórn stofnunarinnar yfirleitt. Ég held líka, að það komi glöggt fram í þessu frv., að það er einmitt meiningin, að þessi stofnun og stjórn hennar hafi náið samband við landshlutasamtök, og að því leyti til er það ekki rétt, sem hv. frsm. minni hl. reyndi að gefa í skyn, að hér ætti allt að koma ofan frá. Það er einmitt tekið berum orðum fram, að byggðaáætlanir skuli gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Ég kannast ekki við það, að slíkt ákvæði hafi verið áður í lögum varðandi áætlanagerðir. Ég veit, að það hefur verið farið talsvert eftir því í framkvæmd, að það hefur verið leitað álits og tillagna, en ég efast satt að segja um, að það hafi verið nokkuð lögboðið um það. En það er virkilega meiningin, að það skuli haft samráð við nefnda aðila, og þess vegna er það, að ég get fyrir mitt leyti alveg fallizt á þá hugsun, sem kemur fram í síðustu brtt. hv. minni hl., sem segir, að stjórn Byggðasjóðs skuli hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga um ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Ég er algjörlega fylgjandi þessari hugsun. Mér finnst þessi brtt. samt ekki alveg ná því, sem hún þyrfti að ná, því það getur vitaskuld ekki verið ætlunin að stjórn Byggðasjóðs þurfi að bera fjárveitingar almennt úr sjóðnum undir öll landshlutasamtök, heldur er auðvitað átt við það, að hún leiti tillagna eða umsagna eða hafi samráð við landshlutasamtök þau, sem hafa yfir að segja því svæði, sem fjárveitingunni er ætlað að fara til.

Ég held, að með því að gera þetta skýrara, þá getum við fallizt á þessa till. eða brtt. í þessa átt.

Herra forseti, ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég ætlaði mér aðallega að gera aths. við nokkur atriði, sem fram höfðu komið hjá hv. sjálfstæðismönnum og frsm. minni hl. fjhn. Hæstv. forsrh. hefur nú gert að umtalsefni ýmislegt, sem ég ætlaði að drepa á, og getur það því stytt mál mitt, en öðrum þræði ætlaði ég að minna hv. þdm. á það, að þessi mál hafa áður verið til umr. hér í hv. d. Þau voru allmikið rædd á breiðum grundvelli, þegar til umr. var frv., sem framsóknarmenn fluttu hér í hv. d., um Atvinnumálastofnun. Þá komu fram viss sjónarmið frá páv. talsmönnum Sjálfstfl. hér í hv. d., sem ég tel þörf á, að minnt sé á og að þeir, sem nú tala hér fyrir hv. minni hl. fjhn., hafi í huga.

Markmiðið með þessari lagasetningu, sem hér er í undirbúningi, er það, að verið er að setja upp hjálpartæki til að tryggja sem bezt framkvæmd sjálfs kjarnans í stefnu núv. ríkisstj., eða með öðrum orðum að tryggja sem bezt algjöra stefnubreytingu í atvinnu- og efnahagsmálum, frá því fyrirhyggjuleysi og handahófi, sem var vissulega einkenni landsstjórnar hér á landi síðastliðinn áratug, og söðla um yfir til skipulagshyggju og áætlunarbúskapar.

Markmiðið er að vinna að eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunarvinnubrögðum og reyna að standa þannig að málum, að tryggt sé, að áætlunum sé fylgt og þær verði framkvæmdar. En til þess að það megi takast skaplega, telja stuðningsmenn núv. ríkisstj., að koma þurfi á fót heildarstjórn í fjárfestingarmálum, og það er höfuðatriði þessa máls. Til þess jafnframt að tryggja sem bezt, að áætlanagerð og heildarstjórn fjárfestingar stuðli að hagfelldri byggðaþróun í landinu, sem sé samhæfð almennri uppbyggingu atvinnuvega landsmanna, hefur núv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar talið skynsamlegast og vænlegast til árangurs að byggðajafnvægisstarfsemin sé í sem nánustum tengslum við heildarstjórn fjárfestingarmála, er á að vera í höndum þeirrar stofnunar, sem á að setja á stofn samkv. þessu frv., þ. e. Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um það má auðvitað deila, hvort sú leið, sem valin hefur verið í þessu frv., hafi verið sú eina rétta til að ná þeim markmiðum, sem ég hef nú lýst í stærstum dráttum og stefnt er að. Og það er ekki nema eðlilegt, að upp komi skiptar skoðanir um það, hvort þetta val hafi verið rétt, en valið hlýtur þó að verða hjá þeim þingmeirihluta, sem styður þessa ríkisstj. Og hann hefur valið þessa leið. Það kom t. d. til greina, í staðinn fyrir að velja þessa leið, að setja upp sérstakt efnahagsmálaráðuneyti og fela því þau verkefni, sem þessari stofnun eru falin, að öllu leyti eða einhverjum hluta og þá einhverjum öðrum stofnunum vissan hluta þeirra verkefna, sem þessari stofnun á að fela. Persónulega hefði ég eins vel getað fellt mig við það, að sett væri upp efnahagsmálaráðuneyti á Íslandi með víðtæku starfssviði. Þar sem slík ráðuneyti eru starfandi í nágrannalöndunum, eru þau lykilráðuneyti, mjög mikilvæg ráðuneyti. Yfir þau eru valdir menn, sem við köllum

hér „ópólitíska“ með réttu eða röngu. Þar situr ráðh., sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi, sem þar fer fram.

Þessi leið var ekki farin, heldur sameinuðust menn um þá, sem mörkuð er í þessu frv., að koma upp Framkvæmdastofnun ríkisins og að sú stofnun heyrði undir forsrn. og þar með ríkisstj. í heild. Og vegna þess að þetta er samsteypustjórn þriggja flokka, var eðlilegt, að stofnun eins og þessi heyrði undir alla ríkisstj., því að þessari stofnun er falið mjög veigamikið og víðtækt vald, og auðvitað er það pólitískt vald, því að verkefni þessarar stofnunar snúast um sjálfan kjarnann í landsmálabaráttunni hér á landi. Það er sjálfur kjarninn í þeim pólitísku átökum, sem eiga sér stað milli flokka um stefnuna í landsmálum, sem þarna er um að ræða, og því er ekki óeðlilegt, að ríkisstj. vilji ganga þannig frá málum, að tryggt sé, að þar séu menn, sem hún geti litið á sem sína trúnaðarmenn, sem þar bera ábyrgð á málum.

Og eins og kom fram hér hjá hæstv. forsrh., þá er þetta alls ekki óeðlilegt og getur ekki sýnzt óeðlilegt í augum núv. hv. stjórnarandstæðinga, sem stóðu að því frv. um stjórnarráðið, sem samþykkt var á síðasta þingi eða þinginu þar áður og þáv. ríkisstj., sem studd var þeim flokkum, sem nú skipa stjórnarandstöðu, flutti. Þar var einmitt gert ráð fyrir því, m. a. með þessar röksemdir í huga, að það væri nauðsynlegt fyrir ráðh. að hafa trúnaðarmann, sem hann treysti fullkomlega, og þá væntanlega pólitískan trúnaðarmann, til þess að annast framkvæmd vissra mikilvægra mála, þar sem um væri að tefla sjálf átökin í landsmálabaráttunni og þar sem um væri að ræða að tryggja framkvæmd höfuðmála þeirrar ríkisstj., sem sæti á hverjum tíma. Og ég vil benda hv. stjórnarandstæðingum á það, að með því, að þessi leið var valin, og það er þingkjörin stjórn, sem er æðsta stjórn þessarar stofnunar, þá er stjórnarandstöðunni gefinn miklu betri kostur á því að fylgjast náið með, hvað gerist í þessari stofnun, m. a. hafa áhrif á sjálfa stefnumótunina, því að hv. stjórnarandstæðingar munu hafa þrjá menn af sjö í þessari stjórn, ef vel tekst til um kosningu hennar, og með þeim hætti geta þeir fylgzt með daglegum störfum, og með þeim hætti er girt fyrir það, að þeir aðilar, sem telja, að þessir svo kölluðu kommissarar, sem hér eru svo títt nefndir, brytu á einhverjum aðila, sem teldi sig eiga undir högg að sækja til þessarar stofnunar. Þá gætu þeir snúið sér til hv. stjórnarandstæðinga og fulltrúa þeirra í stjórn þessarar stofnunar og tekið málið upp þar.

Og ég vil aðeins til viðbótar því, sem hæstv. forsrh. sagði hér um þetta efni, minna á það, að samkv. frv. er ætlazt til þess, að það sé stjórn stofnunarinnar, þar sem hv. stjórnarandstæðingar eiga aðild, sem setji þær almennu reglur um t. d. fjárfestingarmál, sem þessum framkvæmdastjórum, framkvæmdaráði, ber auðvitað að fara eftir. Fari þeir ekki eftir þeim almennu reglum, þá verður málið að sjálfsögðu tekið upp af hv. stjórnarandstæðingum eða fulltrúum þeirra í stjórn stofnunarinnar. Þess vegna finnst mér, að margt af því, sem hér hefur verið sagt um þetta frv. og æðstu stjórn þess, sé meira og minna út í hött og byggt á fullkominni ósanngirni, þegar haft er í huga, að það var hægt, og jafnvel er hægt að rökstyðja það, að það hefði verið eðlilegra að fara ýmsar aðrar leiðir heldur en hér hafa verið valdar.

Með tilliti til þess, að hér er um framkvæmd á kjarna stjórnarstefnunnar að ræða, og við vitum, að það eru atvinnu- og efnahagsmál, sem skipta sköpum í störfum ríkisstj. bæði hér og hvarvetna annars staðar, og þar sem landsmálabaráttan markast fyrst og fremst á þessum sviðum stjórnmála, á sviði efnahagsmála og atvinnumála, er ekki óeðlilegt, að ríkisstj. tryggi áhrif sín í þessari stofnun.

Í nál. hv. minni hl., sjálfstæðismanna, kemur fram, að hv. minni hl. óttast mjög, að heildarstjórn fjárfestingarmála með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv., muni leiða til ofurvalds, eins og segir í nál. minni hl., með leyfi forseta:

„Til marks um það ofurvald, sem þessum pólitísku „kommissörum“ er veitt í frv., er, að verksvið þeirra er ekki skilgreint til neinnar hlítar, og ekki verður annað séð en að þeim sé einum ætlað að gefa umsagnir um einstakar lánsumsóknir frá einkaaðilum eða sveitarfélögum og fái þannig vald til að „raða“ umsóknum að vild. Geta þeir þannig í framkvæmdinni haft sömu óheillaáhrifin á athafnalífið í landinu og lamandi haftakerfi hefur áður haft.“

Ég tel mig hafa svarað þessum órökstuddu sleggjudómum að nokkru nú þegar, en vil aðeins minna í þessu sambandi á málflutning hv. sjálfstæðismanna á þinginu 1969, þegar frv. framsóknarmanna um Atvinnumálastofnun var hér til umr. í hv. d. Þeir höfðu þá ýmislegt við það frv. að athuga. Í fyrsta lagi, að þeir teldu, að í því fælist ákvæði um innflutningshömlur, sem auðvitað var byggt á misskilningi, og því var mótmælt, en í öðru lagi byggðu þeir afstöðu sína á, hvernig ætlazt var til, að stjórn þeirrar stofnunar, sem þar um ræddi, yrði skipuð. Skal ég koma nánar að því síðar. En þeir tóku vel í þetta frv. að öðru leyti og skilaði hv. þáv. meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. jákvæðu nál. um það frv. Og það var fyrst og fremst vegna þess, að þeir töldu, að ákvæði frv. um heildarstjórn fjárfestingar væru það merk, og það væri svo rík nauðsyn á heildarstjórn fjárfestingar í landinu þá, þrátt fyrir þá margföldu og ágætu áætlanagerð, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. lýsti, að í gangi hefði verið allan tímann, að nauðsynlegt væri að taka þau mál fastari tökum en gert hafði verið. Og í þessu nál. meiri hl. fjhn. þá, sem prófessor Ólafur Björnsson, þáverandi þm., mælti fyrir hér í d., sagði m. a. þetta:

„Um ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, að gerðar verði í fjárfestingarmálum, gegnir hins vegar öðru máli. Allri fjárfestingu, sem einhverja þýðingu hefur, er í rauninni þegar stjórnað í þeim skilningi, að í hana verður ekki ráðizt, nema til komi leyfi eða fyrirgreiðsla í einni eða annarri mynd frá einhverjum opinberum aðila. Eru engar líkur á því, að hér verði breyting á í náinni framtíð. Meiri hl. gerir sér vel ljóst, að sú víðtæka stjórn, sem hið opinbera þegar hefur á þessum málum [þetta var 1969], er ekki svo vel samhæfð og skipulögð, að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem þjóðarbúskapnum má teljast mikilvægust hverju sinni, sitji í fyrirrúmi fyrir öðrum.“

Þetta frv., sem hér er til umr. nú, er einmitt til þess að tryggja þetta, sem þeir játuðu, að á vantaði þá. Og stefnubreyting sú, sem hér á að verða í efnahags- og

atvinnumálum, snýst fyrst og fremst um þetta. Og í ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti við 1. umr. þessa frv. framsóknarmanna um Atvinnumálastofnun, játaði hann með nokkrum dæmum, hvað við væri átt, í þeim orðum, sem ég vitnaði hér til. Og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér nokkrar glefsur úr ræðu hæstv. þáv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, sem hann flutti 13. des. 1968, þegar þetta frv. framsóknarmanna var til 1. umr. Magnús Jónsson, þáverandi fjmrh., sagði eftirfarandi:

„Mín skoðun er sú, að það þurfi að efna til miklu meira samstarfs milli bankakerfisins og stofnsjóða. Þessir aðilar geta tvímælalaust án beinna hafta haft afgerandi áhrif um það, hvernig fjárfestingin þróast í landinu, og það er enginn aðili í landinu, sem getur gert þetta með auðveldari hætti en bankakerfið með nægilegri samvinnu og skipulagi sín á milli. Það eru til stofnsjóðir í öllum atvinnugreinum í landinu, sem eru flestir tengdir ríkisbönkunum, og það er þess vegna mjög auðvelt með óbeinum hætti að orka í þá átt, hvert fjárfestingunni er stefnt. Og ég skal fúslega játa það hér, að ég álít, að það hafi verið allt of lítil samvinna milli stofnlánasjóða og bankakerfisins yfirleitt um það, hvernig hefur verið unnið að lánveitingum til uppbyggingar á ýmsum sviðum. Það er í senn of mikið af því, að fyrirtæki hafi verið sett á laggirnar án þess að hafa hliðsjón af því, hvort þau hafi haft starfsgrundvöll, miðað við, að það er kannske annar banki, sem hefur lánað í hliðstætt fyrirtæki. Og það hefur einnig verið allt of lítið gert af því að leggja raunhæfan grundvöll að nauðsynlegum áætlunum um rekstrarafkomu viðkomandi fyrirtækja. Það hafa verið um of þeir starfshættir ríkjandi, að fyrirtæki, sem út af fyrir sig er gott og gilt og getur haft þjóðhagslega þýðingu, hafi ekki fengið þann starfsgrundvöll með rekstrarlánum, að það hafi getað starfað með eðlilegum hætti. Og það er of mikið af því, að fyrirtækjum sé dreift á milli banka, þannig að þau verði að leita eftir lánum á mörgum stöðum, í stað þess að hafa einn viðskiptabanka."

Í framhaldi af þessu segir ráðh. nokkru síðar: „Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að þarna sé pottur brotinn, þ. e. a. s. þessi lýsing, og að það þurfi að vinna að kerfisbundinni samvinnu og samstarfi þessara lánastofnana í landinu og að það sé sú eðlilegasta leið til að „kontrolera" það, sem er gert ráð fyrir í þessu frv., þ. e. frv. framsóknarmanna, að þurfi að gera, og ég viðurkenni að þurfi að gera á ýmsum sviðum."

Nokkru síðar segir hv. þáv. fjmrh.: „Við þekkjum allt of raunalegar sögur þess, að fyrirtæki, sem komið hefur verið á laggirnar með lánum úr stofnsjóðum og jafnvel rausnarlegum lánum, hafa farið forgörðum fyrir þá sök, að enginn viðskiptabanki hefur viljað taka þau í viðskipti."

Enn fremur segir ráðh. þáv.: „Kannske greinir okkur ekki svo á um, að það þarf nákvæmlega á sama hátt og ég sagði áðan um ríkisframkvæmdir" – ráðh. hafði lýst áætlanagerð, er þáv. ríkisstj. hafði tekið upp varðandi ríkisframkvæmdir – „að sjá til þess, að takmarkað fjármagn sé nýtt sem bezt, og vissulega höfum við dregið vissan lærdóm af því síðustu árin, ekki vegna þess, að það hefði verið mikið öðruvísi hægt á því að halda, hvort sem hefði verið ríkisnefnd eða haftakerfi, miðað við þá fjárhagsþróun, sem þá var í þjóðfélaginu, það er ekki skoðun mín, heldur hitt, að við höfum þó lært af þessu, og ég hygg, að þjóðin hafi af því lært, að það verður að fara með gát í þessum efnum, þótt það yrði svo, að það yrði ekki talið gull og grænir skógar, ef svo má segja, sem biði manna. Ef ráðizt er í ein og önnur mannvirki og framkvæmdir, þá verður þó að gera sér grein fyrir því vendilega, hvaða afleiðingar það getur haft og hvort þetta sé líklegt að skila sama hagnaði til langs tíma, og það er alla vega ljóst, að miðað við það áfall, sem okkar þjóðarbú hefur orðið fyrir, þá ber hina brýnustu nauðsyn til þess að gera sér til hlítar grein fyrir því, að það takmarkaða fjármagn, sem við höfum nú yfir að ráða, sé fyrst og fremst notað til þeirra þarfa, sem líklegt er, að komi þjóðarbúinu að sem allra beztum notum."

Þetta sagði Magnús Jónsson, þáv. fjmrh., í des. 1968 og játaði þá, að of takmörkuð og ósamfelld áætlanagerð, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. bar svo mikið lof á hér áðan í sinni framsögu, væri óhæf, og það þyrfti að gera þar bragarbót og skýrði með dæmum, hvernig þetta hefði leikið ýmis þjóðþrifafyrirtæki, þannig að þau hafi farið um vegna skorts á samvinnu milli banka og fjárfestingarsjóða. Það er einmitt þetta, sem er megintilgangur þessa frv. að lagfæra. Það er meiningin að reyna að skera þessa meinsemd burt úr íslenzku efnahags- og atvinnulífi. (**Forseti:** Ræðumaður, ef teljandi er eftir af ræðunni, verð ég að biðja um, að henni verði frestað þangað til á eftir.)

Herra forseti. Ég skal reyna að ljúka ræðunni í örfáum orðum. Ég tel, herra forseti, að ég hafi raunverulega komið því til skila, sem var höfuðerindi mitt hingað, að benda á það, sem áður hefur farið frá hv. sjálfstæðismönnum um þessi málefni, og það misræmi, sem er á málflutningi þeirra þá og nú, en ég get vel stytt mál mitt hér, og kveð mér þá hljóðs að nýju, ef ég sé ástæðu til. – [Fundarhlé.]

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frsm. fjhn., hv. 4. þm. Norðurl., v., hóf þessar umr. Hann gerði það með þeim orðum, að það væri djúpstæður ágreiningur um áætlanagerð. Hann er greinilega ekki sammála mér og hæstv. forsrh. Við tókum það báðir fram við 1. umr. þessa máls, að það væri ekki ágreiningur í íslenzkum stjórnmálum um áætlanagerðir. Hins vegar lagði ég áherzlu á það, að það væri ágreiningur um það, hvers eðlis slíkar áætlanir ættu að vera og með hverjum hætti ætti að koma þeim í framkvæmd. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta efni, en þessi ágreiningur hefur komið mjög fram í þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, að Sjálfstfl. væri á móti áætlanagerð, en þó með áætlanagerð, að því er manni skildist, þegar efnahagsörðugleikar steðjuðu að. Hann lét ekki sitja við þessa fullyrðingu. Hann nefndi þrjú atriði, sem hann vildi meina, að væru áfangar á þeirri braut að efna til áætlanagerðar, og byrjaði á að nefna „Rauðku", skipulagsnefnd atvinnumála. Hann sagði, að sjálfstæðismenn hefðu verið á móti þessum aðgerðum á sínum tíma. Látum það gott heita, og ég mótmæli því ekki. En þetta stangast algjörlega á við þá fullyrðingu, að sjálfstæðismenn væru einkum með áætlana-

gerð, þegar efnahagsörðugleikar væru. Eins og kunnugt er, hafa sjaldan gengið meiri erfiðleikar yfir efnahagslíf okkar Íslendinga en einmitt á þessu tímabili, í heimskreppunni miklu, svo að ekki stóðst nú þetta. Hann nefndi svo nýbyggingaráð sem einn áfanga á þessari braut. Ekki skal ég neita því, þótt það verði auðvitað að hafa fyrirvara á þessu, því að þar var um mikið annað að ræða en það, sem núna er talað um. En samkv. kenningu hv. þm. átti Sjálfstfl. að vera á móti þessu, vegna þess að þá voru ekki efnahagserfiðleikar. Þá voru mestu velmegunartímar, sem yfir þjóðina höfðu þá gengið, og nýbyggingaráð var sett á stofn til þess að gera áætlanir um ráðstöfun á þjóðarauðnum, sem safnazt hafði í handraða á stríðsárunum, svo að ekki stóðst þessi fullyrðing hv. þm. En svo komum við að þriðja áfanganum, sem hann nefndi, og það er Efnahagsstofnunin. Sjálfstfl. er brautryðjandi í þeirri áætlunargerð hér á landi, sem raunverulega er hægt að nefna því nafni, og stóð að stofnun Efnahagsstofnunarinnar. En var það á tímum erfiðleika? Nei, það var á mestu uppgangs- og velmegunartímum, sem fram til þess tíma höfðu gengið yfir þetta þjóðfélag. Svo ekki stenzt það nú. Ég nefni þetta af því, að þetta er gott dæmi um það, hvernig málflutningur þessa hv. þm. var, þegar hann mælti fyrir áliti meiri hl. fjhn. Það er ekki hægt að hæla honum fyrir þessa sagnfræði hans. Hitt er rétt og ég skal ekki draga af því, að honum hefur verið hælt hér í þessum umr. fyrir þá hreinskilni að viðurkenna, að hann sé höfundur, a. m. k. að einhverju eða verulegu leyti, að þessu frv., og þann heiður skal ég ekki af honum hafa.

Þessi hv. þm. sagði, að mestu máli skipti, að með frv. þessu væri sameinað í eina stofnun áætlanagerð og framkvæmdaáætlun. Þetta er það, sem stjórnarliðið telur, að sé einna þýðingarmest í þessu máli, og mér sýnist, að það hafi verið staðfest við 1. umr. þessa máls og í þessum umr., enn sem komið er. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna hefur hv. 2. þm. Reykv. þegar nokkuð svarað þessu og fært rök fyrir því gagnstæða, að það sé einn meginókostur þessa frv., að þetta skuli vera fært saman, bæði áætlanagerðin og framkvæmd áætlunarinnar.

Hér á undan hefur verið lýst ýmsum göllum þessa frv., og ég vil ekki endurtaka það. En hæstv. forsrh. sagði hér í þessum umr., að nál. minni hl. fjhn. bæri vitni sjúklegu ímyndunarafli. Það munar ekki um það. Það var sjúklegt ímyndunarafl. Hann minntist á ýmis atriði, sem ég skal ekki eltast við að telja hér upp, en eitt sagði hann: „Hvar er minnzt á þjóðnýtingu?“ Nú hefur því ekki verið haldið fram, að með þessu frv., þó að samþykkt yrði, mundi fara fram allsherjar þjóðnýting í þessu landi. Það hefur enginn haldið því fram. En fyrr má nú gagn gera. Og það mætti kannske segja mér, að það væri eitthvað í þessu frv., sem gæti verið vísir að þjóðnýtingu, og í því sambandi vil ég minna á 3. mgr. 30. gr. frv. Þar er Byggðasjóði heimilað að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum. Það er almennt ákvæði í lögum um það, að ríkið geti gerzt aðili að atvinnufyrirtækjum. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að þetta sé allsherjar þjóðnýting, en ég mundi segja, að þetta væri vísir að þjóðnýtingu. Ég bendi á það, að ákvæðin um Byggðasjóð eiga að koma í staðinn fyrir lög um Atvinnujöfnunarsjóð, og í þeim lögum er ekkert hliðstætt ákvæði. Mér þykir þetta vera þess eðlis, að það sé rétt að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvers eðlis þessi heimild sé og með hverjum hætti stjórnin hyggst nota þessa heimild og undir hvaða kringumstæðum.

Hæstv. forsrh. sagði: „Það hafa engir frekar en sjálfstæðismenn notað pólitíska aðstöðu sína.“ Mér kom þetta dálítið einkennilega fyrir sjónir, satt að segja, því að það er nú svo, að ég hef oft heyrt, að Framsfl. hafi verið gefin þessi einkunn, og ég held, að svo muni vera um fleiri heldur en mig. Ég veit það, að Sjálfstfl. er borinn mörgum brigzlum, en ég held, að það sé frekar fátítt, að hann sé borinn þessum brigzlum. Ég held, að þetta sé einmitt það, sem oftast er sagt um flokk hæstv. forsrh. Við skulum athuga þetta dálítið nánar. Ég skal ekki fara langt út í þessi mál, en við skulum staldra aðeins við flokk hæstv. forsrh. af þessu gefna tilefni. Í sögu Framsfl. má segja þrjú ártöl skráð gullnu letri. Það er árið 1927, 1956 og eigum við ekki að segja 1971? Þetta eru mismunandi ár, mismunandi tímar, en það er eitt sameiginlegt með Framsfl., þegar hann kemur til valda á tímamótum, eins og óneitanlega voru 1927, 1956 og við skulum segja 1971. Þá hefur komið fram eitt af þeim einkennum Framsfl., sem hafa orðið þess valdandi, að hann hefur áunnið sér þessa einkunn, sem hæstv. forsrh. vildi gefa Sjálfstfl., að enginn notaði frekar pólitíska aðstöðu sína. Af því að við erum núna að ræða um frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á að setja lánastofnanir landsins undir, víkjum þá að því, hvað það var 1927, sem Framsfl. hafði á oddinum í sambandi við bankamál landsins. Jú, hann þurfti að fá setta löggjöf til þess að ná yfirráðum yfir Landsbankanum. Það var frægt mál og mikið mál á sínum tíma, en var fólgið í því, að sett var á stofn svo kölluð landsbankanefnd, og í gegnum hana átti Framsfl. að tryggja sér þá aðstöðu, sem hann taldi, að hann þyrfti að gera á þessum tíma. Hvað skeði 1956? Eitt af fyrstu verkefnum Framsfl. þá var að bera fram frv. um bankalöggjöf landsins, gera skipulagslegar breytingar á Landsbankanum til þess að koma ár sinni fyrir borð á þeim vettvangi og gera málamyndabreytingar á Útvegsbankanum í sama skyni. Þetta er óneitanlega keimlíkt því, sem er að gerast í dag. Við þekkjum og hljótum að sjá eyrnamörk Framsfl. á því frv., sem hér liggur fyrir, þegar það er athugað, hve rík áherzla er lögð á það að koma bankakerfinu og stofnlánasjóðum landsmanna undir pólitískt vald Framsfl. Ég sagði, að fyrir þessa afstöðu hefði Framsfl., m. a. fyrir þetta – það er margt annað, sem kemur til greina, – hefði hann áunnið sér þá einkunn að vera almennt viðurkenndur sem sá flokkur, sem hefði mest notað pólitíska aðstöðu sína í þessu landi. Þetta er raunalegt, vegna þess að Framsfl. hefur raunar frá stofnun sinni eða svo til verið stór og áhrifaríkur flokkur í landinu. Það er raunalegt vegna þess líka, að Framsfl. telur sig lýðræðisflokk og ég vil ekki bera brigður á það. En það er leitt til þess að vita, að í hvert sinn sem Framsfl. kemst til valda með stuðningi flokka sér til vinstri, þá skuli hann leggja megináherzlu á það að breyta leikreglunum. Ef hann telur, að hin almenna löggjöf henti honum ekki, þá vill hann umsvifalaust til þess að efla áhrif sín og völd breyta löggjöfinni. Þetta er eitt af því, sem að mínu áliti

verður frekast haft á móti Framsfl., vegna þess að þetta vegur að rótum eðlilegra stjórnarhátta í landinu.

Hæstv. forsrh. sagðist mótmæla því, að þeir, sem fást við stjórnmál, séu annars flokks menn. Hver var að segja það? Hvernig stendur á, að hæstv. forsrh. kemur það í hug, að einhver okkar, sem hér erum, vilji halda því fram, að stjórnmálamenn, eða þeir, sem fást við stjórnmál, hljóti að vera annars flokks menn? Þetta er í raun og veru ekki svara vert. En hvers vegna segir forsrh. þetta? Hann segir það vegna þess, að við sjálfstæðismenn höfum haldið því fram, bæði við 1. umr. og hv. 2. þm. Reykv. hér í dag, að það sé ekki rétt að fela störf, sem Efnahagsstofnunin hefur innt af hendi, mönnum, sem standa í pólitík. Það sé eðlilegt að færa þau störf og láta þau störf haldast áfram í höndum sérfræðinga og embættismanna. Efnahagsstofnunin er ekki gömul stofnun, en hún er samt sem áður búin að sanna tilverurétt sinn, og hún er búin að sýna það, að hún gegnir mikilvægu hlutverki. Og í okkar þjóðfélagi er það ákaflega þýðingarmikið, að stofnanir, sem eiga að sinna slíkum hlutverkum sem Efnahagsstofnun gerir, stofnanir eins og Hagstofa, og fleiri mætti nefna, séu algjörlega fyrir utan hin pólitísku átök. Auðvitað eiga hinir pólitísku flokkar eða Alþ. á hverjum tíma að ráða því, hvaða reglur gilda um þessar stofnanir, en það er ákaflega þýðingarmikið, að þeir, sem starfa við þær, geti gert það á hlutlægan, fræðilegan hátt, innan þeirra reglna, sem þeim eru settar.

Það er kátbroslegt, að hæstv. forsrh. skuli láta frá sér þessi orð, að hann mótmæli, að þeir, sem fáist við stjórnmál, séu annars flokks menn, og ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðh. sjái þetta við nánari athugun. Eins og við sjálfstæðismenn erum á móti því, að það séu pólitískir menn, sem séu settir til trúnaðarstarfa í stofnanir eins og Efnahagsstofnunina, erum við á móti því, að það séu pólitískir menn, sem séu settir í dómarasæti, og ég veit, að hæstv. forsrh. er jafnmikið á móti því eins og ég. En þetta er nokkuð sama eðlis, þótt mikill stigmunur sé á. Sjálfstæði dómaranna er varið af stjórnarskrá, en það er tilhneiging í lýðræðislöndum, þar sem lýðræðislegir stjórnarhættir hafa náð lengst, að verja einmitt sjálfstæði stofnana svipaðra og Efnahagsstofnunarinnar með hliðstæðu stjórnarskrárákvæði. Ég er ekki að leggja það til. En þótt við hæstv. forsrh. séum báðir sammála um þessa hluti, að það verði að halda a. m. k. dómsvaldinu fyrir utan pólitík, þá eru ekki allir sammála um það. Það, sem skilur á milli lýðræðislegra stjórnarhátta og þeirra stjórnarhátta, þar sem kommúnisminn ríkir, er, að þar gildir ekki þessi regla. Þar eru dómstólarnir ekki sjálfstæðir. Þar helgar tilgangurinn meðalið. Þó að svo sé á þeim slóðum, þar sem kommúnistar ráða, þá finnst mér, af því að ég veit, að hæstv. forsrh. er mér sammála efnislega um þessa hluti, leitt til þess að veita, ef hann lætur kommúnistísk áhrif í þessari ríkisstj., í ríkisstj. sinni, hafa þau áhrif, að í þessu efni sé sveigt af réttri leið hvað snertir slíka starfsemi, sem Efnahagsstofnunin hefur haft með höndum.

Hv. 11. þm. Reykv. hélt hér ræðu og kom nokkuð víða við. Ég skal ekki fara út í öll þau atriði, sem hann nefndi. Mér finnst ekki ástæða til þess. Það var raunar ákaflega lítið nýtt. Hann sagði og lagði mikla áherzlu á, að þetta frv., sem hér er til umr., eigi að tryggja sem bezt algjöra stefnubreytingu frá því, sem verið hefur, algjöra stefnubreytingu. Rökin fyrir því voru þau, að það væri nú ekki allt fullkomið, og það væri hægt að betrumbæta margt í íslenzkri áætlanagerð frá því, sem verið hefur. Ég er sammála honum um þetta, og hann kallaði sér til vitnis ekki ómerkari menn en prófessor Ólaf Björnsson og Magnús Jónsson, fyrrv. fjmrh. Ég er sammála þessu, að það megi betrumbæta frá því, sem núna er. Það getur enginn mótmælt því, en hv. þm. virðist halda, að það hljóti endilega að miða í rétta átt að breyta til um heildarstefnu í þessum málum. Það er þar, sem ég er honum ósammála. Þessi mál, þjóðhagsáætlun og áætlunargerð, eru þess eðlis, að það hlýtur að taka nokkurn tíma að móta og láta þróast þær reglur og þá starfsemi, sem þessu fylgir. Og ég vil halda fram, að það, sem við höfum átt að leggja áherzlu á nú, væri að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið, byggja ofan á það, sem gert hefur verið og reynzt hefur vel.

Hv. 11. þm. Reykv. ætlaði hér að færa sönnur á það, að áætlunargerð væri verkefni, sem stjórnmálamenn ættu að sinna, en ekki sérfræðingar og embættismenn. Og rökin áttu að vera þau, að víða tíðkaðist það nú að hafa sérstök efnahagsmálaráðuneyti, og , eins og hv. þm. sagði, auðvitað væru það pólitískir ráðh., sem færu með þau rn. Þetta er algjörlega rétt. Það eru auðvitað pólitískir ráðh., sem fara með efnahagsmálaráðuneyti. En efnahagsmálaráðuneyti varða framkvæmd og stjórnarstörf. Það er annað að gera þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Hvarvetna þar, sem ég þekki til og veit til, að búið er að koma á stofn efnahagsmálaráðuneytum, eru það sjálfstæðar, óháðar stofnanir, sem vinna að áætlanagerð, þannig að þetta sannar ekkert um það, sem hv. þm. vildi halda fram, og svo var um flest, sem hann nefndi.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, víkja aftur nokkrum orðum að hæstv. forsrh. Í 3. mgr. 12. gr. frv. segir, að Framkvæmdastofnunin geti sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgöngu umfram aðrar, og skuli þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. varðandi þetta atriði: Er það ætlunin, að Framkvæmdastofnunin geti sagt sjóðum og bönkum fyrir um einstakar lánveitingar án tillits til ákvæða þeirra laga, sem um þessa sjóði og banka fjalla? Ég tel, að hér sé um mjög veigamikið atriði að ræða, hvort í þessu ákvæði eigi að felast heimild til þess að víkja frá gildandi lögum um starf og tilgang hinna ýmsu fjárfestingarsjóða, ef það er nauðsynlegt, til þess að Framkvæmdastofnunin fái forgang fyrir lánum þeim, sem hún telur, að sé rétt að veita.

Ég vil beina fleiri spurningum til hæstv. forsrh. Ég vil beina aftur til hans spurningu, sem ég beindi til hans við 1. umr. Ég fékk ekki svar þá. Ég innti hæstv. ráðh. ekki frekar eftir þessu þá. Það gat verið, að hann ætlaði að hugsa sig um. Nú þykist ég vera viss um það, að hæstv. ráðh. hljóti að geta svarað spurningu minni. Það er varðandi 2. mgr. 13. gr. frv. Þar er talað um, að lánadeildin geti átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja. Ég spyr hæstv. ráðh. enn á ný: Hvað er átt við með frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja? Hvernig hugsar hann sér, að þetta beri að? Í hvaða formi á þetta að vera? Ég þykist vita, að það sé ekki hægt að sjá alla

hluti og framkvæmd þessara laga fyrir í einstökum atriðum, en ég tel, að hér sé um svo veigamikið atriði að ræða, að það sé eðlilegt og hv. d. eigi rétt á því að fá álit hæstv. forsrh. um þetta efni.

Þá vil ég víkja að 17. gr. frv. Þar segir:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.“

Í aths. með þessari gr. er tekið fram, að það muni ekki vera hægt eða eðlilegt að leggja þessa sjóði undir Framkvæmdastofnunina. Þeir eru taldir upp í þessari gr., sem ekki eru þess eðlis, að leggja skuli þá undir Framkvæmdastofnunina. Mér finnst sem það megi gagnálykta frá þessu á þann veg, að aðrir opinberir stofnlánasjóðir séu þess eðlis, að þeir geti verið settir undir Framkvæmdastofnunina. Ég kom inn á þetta við 1. umr. málsins og hæstv. forsrh. reyndar líka og gat þess, að ekki mundu allir aðrir sjóðir líklegir til að vera settir undir Framkvæmdastofnunina. En ég endurtek spurningu mína nú og spyr, ég hef ekki fengið svar við því enn þá: Hvaða sjóðir eru það helzt, sem koma hér til greina, og hvers eðlis eru þeir sjóðir, sem haft er í huga, að fari bezt á að setja undir Framkvæmdastofnunina?

Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum. Ég hef vikið að nokkrum atriðum í ræðum hv. frsm. meiri hl. fjhn., forsrh. og hv. 11. þm. Reykv. Það mætti að sjálfsögðu fara út í ýmis fleiri atriði, en með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt og hef sagt reyndar áður við 1. umr., sé ég ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það hefur verið stefnt að því að reyna að afgreiða þetta mál úr d. á þessu kvöldi, og ég vil nú gera mitt til þess, að þessar umr. dragist ekki of á langinn, og reyni því að hafa mál mitt stutt, en þó verð ég að drepa hér á örfá atriði, þó að reyndar sé af fjöldamörgu að taka.

Allmikið hefur verið á það deilt hér í þessum umr. af hv. talsmönnum minni hl. fjhn., að eðlilegast væri, að hagrannsóknadeild væri slitin úr tengslum við Framkvæmdastofnunina og sjálfstæð stofnun yrði mynduð utan um það verkefni, sem hún á að annast. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, að þetta hefði verið möguleiki, og ég get líka tekið undir þær raddir, að þarna hefði komið fleira til greina. Eins og hér var vikið að áðan, er það möguleiki í okkar stjórnkerfi að stofna sérstakt efnahagsmálaráðuneyti, og þá væri ekki óeðlilegt, að eitthvað af þeim verkefnum, sem hér falla undir hagrannsóknadeild, færu þangað. En það hefur nú ekki verið gert og engar formlegar tillögur uppi hafðar um það, og því virðist óhjákvæmilegt að halda um sinn þeirri skipan mála, sem verið hefur nú um skeið.

En ég vildi aðeins víkja að því atriði, sem hér hefur verið haldið fram, að það væri mjög hættulegt og óeðlilegt, að slík deild sem þessi, sem á að fjalla um rannsóknir á efnahagslífi þjóðarinnar, sé undir þessu þriggja manna framkvæmdaráði, og það fyrst og fremst vegna þess, að það sé skipað beint af ríkisstj., og það geti verið hætta á því, að þar verði pólitískir aðilar, sem á þann hátt fái eitthvað að segja yfir þessari hagrannsóknadeild. Ég vil undirstrika það, að ég skil eiginlega ekki þennan þankagang, og mér er nær að halda, að hv. talsmenn minni hl. fjhn. skilji hann ekki heldur, því að í nál. þeirra kemur fram gjörólík hugsun. Þar segir einmitt um þetta nákvæmlega sama atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú þjónusta, sem hagrannsóknadeildin á að inna af hendi, er yfirleitt framkvæmd í nálægum löndum af deildum í fjmrn., t. d. í Noregi, Svíþjóð og Englandi, eða af sérstökum stofnunum, eins og í Danmörku og var um skeið í Svíþjóð. Í Bandaríkjunum gegnir þriggja manna ráð sérfræðinga, sem heyrir beint undir forsetann, þessu sama hlutverki.“

Það kemur ljóst fram af samhengi þess, sem hér er sagt, að talsmenn minni hl. fjhn. eru ekki að fordæma skipulagið eins og það er og þarna er lýst í nokkrum nálægum löndum. Þeir virðast telja þetta sjálfsagt og eðlilegt. Og ég vil þá spyrja: Ef það er sjálfsagt og eðlilegt, að verkefni eins og þessi heyri beint undir fjmrn. eða beint undir forseta, pólitíska forseta viðkomandi lands, er það þá algjörlega fráleitt, að slík verkefni séu unnin í stofnun eins og Framkvæmdastofnuninni, jafnvel þó að svo standi á, að yfirmenn hennar eru skipaðir af ráðh. og eru ekki algjörlega sjálfstæðir í stjórnkerfinu, og jafnvel þó að þar sé starfandi þriggja manna framkvæmdaráð, sem væntanlega er skipað mönnum með töluverðan pólitíska áhuga? Ég verð að segja það, að mér virðist þarna rekast hvað á annars horn hjá hv. talsmönnum minni hl. fjhn. og þessi klausa í þeirra nál. sé beinlínis rökstuðningur fyrir því, að það skipulag, sem hér er valið, sé í öllu falli ekki óeðlilegra en það er í mörgum nálægum löndum.

Hér hefur nokkuð verið vikið að áætlanagerðinni sem slíkri, og mér skilst, að hv. síðasti ræðumaður, sem vék að þessu efni rétt áður en ég kom í þingsalinn, hafi verið að gera því skóna, að flokkur hans, hinn virðulegi Sjálfstfl., væri raunverulega frumkvöðull að áætlanagerð hér á landi, og að það væri síður en svo, að Sjálfstfl. hefði neitt við áætlanagerð að athuga, hann væri því samþykkur, að slíkar leiðir væru valdar. Ég verð nú að segja það, að ég meðtek þennan sannleika með nokkurri varúð. Og ég er hræddur um, að það verði erfitt fyrir fleiri en mig að kyngja þessum fullyrðingum, þó að álitlegar séu. Og ég er anzi hræddur um, að sú áætlanagerð, sem Sjálfstfl. og talsmenn hans hafa í huga, hljóti að vera eitthvað talsvert annars eðlis en sú áætlanagerð, sem yfirleitt ber það heiti. Mig grunar reyndar, að svo standi á, að misskilningurinn sé einmitt í því fólginn. Segja má, að orðin áætlanagerð og áætlanir hafi fleiri en eina merkingu í sér fólgnar, og þau hugtök hafa verið notuð á nokkuð breiðum grundvelli. Ég verð hins vegar að segja það sem mína skoðun, að áætlanagerð, sem ekki er í tengslum við ákvarðanatöku af neinu tagi og ekki heldur í neinum tengslum við fjármagnsöflun til áætlanagerðarinnar, hlýtur að vera æði yfirborðsleg og raunverulega lítils virði fyrir framkvæmd mála. Ég veit hins vegar, að til er ýmiss konar áætlanagerð, sem er aðallega fólgin í spásögn af ýmsu tagi, og ég get út af fyrir sig viðurkennt, að þess háttar vinnubrögð eigi talsverðan rétt á sér í mörgum tilvikum. Sérstaklega þegar um er að ræða langtímaáætlanir, er raunverulega ekki mikið meira hægt að gera oft og tíðum en að reyna að spá fram í tímann og reyna að átta

sig á, hvernig þróun mála sé líklegust að verða, og ég held, að maður verði að viðurkenna það, að fyrst um sinn hlýtur sú áætlanagerð, sem hér er framkvæmd og á að verða til margra ára, að verða talsvert mikið í þeim búningi. En þegar um er að ræða áætlanir í smærri stíl, áætlanir á afmarkaðri sviðum, álít ég, að við höfum raunverulega þörf fyrir miklu skarpari og ákveðnari áætlanagerð en þá, sem einungis er fólgin í slíkri venjulegri spásögn.

Ég vík að þessu, vegna þess að ég vil í sjálfu sér ekki fara að bera á móti því, að Sjálfstfl. kunni að vera hlynntur þess háttar mjög svo óljósri áætlanagerð, sem varla stendur undir nafni. Mér hefur virzt mjög greinilegt af málflutningi talsmanna þess flokks, að það væri langt frá því, að þeir væru því samþykkir, að t. d. atvinnulífið fylgdi nokkurs konar áætlanagerð, sem gæti staðið undir nafni. Enda er mér satt að segja næst að halda, að andstaða þeirra gegn þessu frv. sé einmitt byggð á því, að þeir eru í grundvallaratriðum andvígir þess háttar áætlanagerð, sem raunverulega er þörf á að taka, og ég held, að ekki sé nein önnur skýring til á þeirra afstöðu en einmitt sú, að þeir leggja töluvert annan skilning í þetta orð. Ég vil vekja athygli á því, að það er eftirtektarvert, hvað talsmenn Sjálfstfl. í þessum umr. hamast ákaflega gegn þeim litlu ákvæðum, sem í þessu frv. er að finna um fjárfestingareftirlit, og þá einkum í 3. mgr. 12. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að stofnunin geti sett almennar reglur um það, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar, og heimila í því sambandi stofnuninni að afla sér upplýsinga, sem verða megi að liði við þá ákvarðanatöku.

Ég vil undirstrika það hér, að ef menn vilja ekki leyfa sér að ákveða neitt um það, hvað skuli hafa forgang í þjóðfélaginu og hvers konar framkvæmdir skuli ganga fyrir öðrum, og ef engar almennar reglur má yfirleitt setja á því sviði, er ósköp einfalt mál, að það getur ekki orðið um neina raunverulega áætlanagerð að ræða. Þá verðum við bara að láta okkur nægja gömlu aðferðina, að reyna að geta okkur til um það, hvað hinir ýmsu aðilar efnahags- og atvinnulífsins gætu verið með í huga og hvað þeir kynnu að gera á næstu árum eða á næsta ári, án þess að hafa uppi neinn vilja eða neina tilburði til þess að hafa þar áhrif á. Ég lít svo á, að með raunverulegri áætlanagerð sé ætlunin að reyna að hafa áhrif á það, hvernig þróunin í efnahags- og atvinnulífi verður, og ég lít svo á, að það sé tómt mál að tala um, að það sé unnt öðruvísi, en að maður leyfi sér að setja einhverjar reglur um það, hvað skuli yfirleitt hafa forgang og hvað ekki. Það verður að velja aðra hvora leiðina, að reyna að velja úr það, sem þarf að setjast á áætlunarprógrammið, eða að láta happa- og glappaaðferðina algjörlega ráða ferðinni, eins og verið hefur hjá fráfarandi ríkisstj. í allri stjórnartíð hennar.

Hvað skipun framkvæmdaráðsins snertir, sem hér hefur nokkuð komið til umr., vildi ég taka það skýrt fram, vegna þess að hv. talsmaður minni hl. fjhn., hv. 2. þm. Reykv., fjallaði um mína afstöðu í þessum efnum, að ég hef ekkert sagt um það, að ríkisstj. hafi í hyggju að skipa forstöðumenn deilda í framkvæmdaráðið. Það er algjör misskilningur, að ég hafi yfirleitt gert nokkra tilraun til að gefa það í skyn einu sinni. Ég sagði hins vegar aðeins, að það væri ekkert í frv., sem hindraði það, að í framkvæmdaráðið veldist starfsmaður úr stofnuninni eða úr stjórn hennar, og þá gætu forstöðumenn allt eins flokkast þar undir. Ég sagði hins vegar, að ég teldi, að það ætti að vera á valdi ríkisstj. að ákveða hverju sinni, hverjir sætu í þessu framkvæmdaráði. Það yrði á valdi núv. ríkisstj., og það yrði á valdi seinni tíma ríkisstj. að ákveða þetta, hver fyrir sig, út frá sem skynsamlegustu mati og stjórnarmiðum hverrar ríkisstj., og ég tel algjörlega ástæðulaust að fara að binda það í lög, hverjir skuli eiga sæti í þessu framkvæmdaráði.

Þetta hefur nú verið aðalmótbáran gegn þessu framkvæmdaráði og skipan þess, að menn vilji ekki, að dagleg störf stofnunarinnar verði undir því, sem menn kalla pólitískri stjórn. Ég ætla ekki að koma mikið inn á þetta atriði, enda hefur það verið gert hér á undan á einkar skýran hátt, en ég vildi bara undirstrika það, að enginn, sem fæst við efnahagsmál, getur verið ópólitískur í hugsun, sízt af öllu þegar um er að ræða að taka einhverjar ákvarðanir. Það er svo, að þeir, sem eiga að gera tillögur um ákvarðanir í efnahagsmálum, verða ævinlega eins og allir aðrir að ganga út frá fjöldamörgum forsendum, sem ekki liggja fyrir sem staðreyndir og ekki leggja fyrir sem neinar upplýsingar, sem hægt sé að ganga að, og þar af leiðandi bara ósköp einfaldlega að beita venjulegri rökhugsun og komast að ákveðinni niðurstöðu og síðan að leggja fram tillögur um, að þetta og þetta skuli gert. Við vitum öll, hvernig þessu er háttað, að það verður ævinlega að taka til greina ýmsar forsendur, sem menn verða að gefa sér, út frá því, sem ég vil kalla, pólitísku mati, og það er hreinn skollaleikur að ætla að gefa eitthvað annað í skyn eða að halda því fram, að hægt sé að komast undan því að láta grundvallarviðhorf ýmiss konar, sem eru mismunandi hjá mönnum, ráða þar einhverju um. Það liggur því í hlutarins eðli, að tillögur um hvers konar ákvarðanir á sviði efnahagsmála eru alltaf háðar pólitísku mati að einhverju leyti, þegar allt kemur til alls. Ég tel það líka laukrétta ábendingu hjá hæstv. forsrh. hér í dag, að ef við færum að binda það í þessum lögum, að forstöðumenn deilda skyldu eiga sæti í þessu þriggja manna framkvæmdaráði, værum við bara að fá upp þann flöt á málinu, að það væri þá frekar hætta á því, að hver og ein ríkisstj., sem skipaði embættismenn í þessa stofnun, færi að velta fyrir sér, hver væri pólitísk afstaða einstakra forstöðumanna deilda, og ég er ekkert að leyna því, að við, sem höfum lagt til, að þessu yrði hagað á þennan veg, teljum miklu æskilegra, að þetta sé aðskilið á þennan veg, og að þá sé reiknað með því, að forstöðumenn deilda séu ópólitískir embættismenn, að svo miklu leyti sem nokkur maður getur verið algjörlega ópólitískur, en sjónarmið viðkomandi ríkisstj. eigi greiðan aðgang að stofnuninni í gegnum þetta margumtalaða framkvæmdaráð.

Ég verð að játa, að í framsöguræðu minni hér fyrr í dag láðist mér að nefna brtt. frá minni hl. fjhn. við 32. gr., en þar hefur verið gerð till. um, að við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum.“ Ég vil geta þess nú, sem mér láðist að geta í dag, að ég er í grundvallaratriðum samþykkur þessari till., og lét það reyndar í ljós á nefndarfundi, þegar þetta mál var þar lítillega rætt. En þar sem till.

minni hl. n. lágu þá ekki fyrir, gafst ekki tækifæri til að samræma sjónarmið manna í þessum efnum í n. sjálfri. Nú liggur þessi till. fyrir, og ég get endurtekið það, sem ég hef þegar sagt, að ég er í grundvallaratriðum sammála þeirri hugsun, sem þarna er fólgin. Ég vil þó undirstrika, að það er ekki svo, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi algjörlega gleymzt við samningu þessa frv. Þeirra er getið í 10. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðaáætlanir skulu gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda." Og reyndar er bætt við: „Meðan unnið er að áætlanagerð viðkomandi landshluta, getur stjórn stofnunarinnar sett þar upp skrifstofu til bráðabirgða."

Þetta er í frv. sjálfu, en hitt geta menn auðvitað sagt með nokkrum rétti, að þetta snertir fyrst og fremst áætlanirnar sjálfar. Hins vegar er ekkert í frv., sem skyldar stofnunina til þess að leita til viðkomandi landshlutasamtaka, þegar um einstakar lánveitingar er að ræða. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða, að þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafa alltaf reiknað með því, að svo yrði gert í framkvæmd, þó að það hafi sem sagt ekki verið tekið hér tryggilega fram. En út af fyrir sig er það skaðlaust og kannske fyllsta ástæða til að taka þetta með inn í frv. og inn í lögin, og skal ég fúslega veita aðstoð mína, til þess að svo verði gert. Ég vil þó taka fram, að það getur í vissum tilvikum verið erfitt um vik að leita umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga. Stundum kann að vera um að ræða næstum því sjálfkrafa lánveitingu, t. d. þegar sjóður eins og Byggðasjóður hefur kannske sett sér einhverja almenna reglu um lánveitingu til einhverra vissra fjárfestinga, t. d. skipakaupa, þannig, að ef Fiskveiðasjóður t. d., svo að ég nefni eitt dæmi, lánar út á skip, sé Byggðasjóður reiðubúinn að bæta þar einhverri ákveðinni prósentutölu við. Þannig hefur þetta nú verið í framkvæmd hvað snertir Atvinnujöfnunarsjóð. Ég skal ekki segja, hvað verður uppi á teningnum hvað Byggðasjóð snertir, en ég nefni þetta bara sem dæmi um, að þannig getur verið um sjálfkrafa lánveitingar að ræða, lánveitingar, sem fylgja mjög föstum reglum. En það vill oft svo til, að það liggur mjög á að gefa vilyrði um slíkar lánveitingar. Það má ekki dragast, ekki í mánuði og jafnvel ekki í vikur og jafnvel ekki í daga, vegna þess að það á kannske að fara að gera samninga, og það getur oltið á því, hvort loforðin liggi fyrir og allt sé á hreinu, hvort samningar takast eða ekki eða hvort einhver annar verður á undan í einhverju ákveðnu tilviki. Þar af leiðir, að það getur verið nauðsynlegt fyrir Byggðasjóð að geta veitt loforðið strax. Í slíkum tilvikum finnst mér í raun og veru ástæðulaust, að það þurfi að fara að senda viðkomandi lánsumsókn kannske yfir landið þvert og endilangt og kalla þar saman stjórn manna, sem er venjulega mjög dreifð o. s. frv. Því hefði ég kosið, að þessi klausa væri ekki svo afdráttarlaus sem þarna er gert ráð fyrir. Ég hef gert uppkast að till. um þetta efni, og er hún svo hljóðandi:

„Stjórn Byggðasjóðs skal leita umsagnar viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið."

Þarna hafa ekki aðrar breytingar verið gerðar en sú, eins og hæstv. forsrh. benti á í dag, að auðvitað er ekki ætlazt til þess, að leitað sé umsagnar eða haft samráð við landshlutasamtökin almennt, heldur bara viðkomandi landshlutasamtök, og auk þess er því bætt við, að þetta sé eðlilegt, eftir því sem við verður komið. Það vill nú svo illa til, að enda þótt ég hafi leitað til þeirra, sem skipa minni hl. fjhn. og óskað eftir því, að samkomulag gæti tekizt um þetta atriði, orðalag á þessari grein, þá hefur ekki tekizt að ná samkomulagi um þetta mál, og ég sé mig því tilneyddan að bera fram sérstaka brtt. um þetta atriði. Ég vil taka það fram, að ég hef borið þessa brtt. undir þá, sem eru fylgjandi meiri hl. fjhn., þá hv. þm. Bjarna Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., hv. þm. Pál Þorsteinsson, 3. þm. Austf., og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn., og við höfum orðið sammála um að leggja fram þá till., sem ég hef hér lýst, en hún er borin fram sem skrifleg brtt. frá mér. Þetta er brtt. við brtt. við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins frá minni hl. fjhn., við 6. tölul. Till. er frá Ragnari Arnalds og er svo hljóðandi:

„Við 6. tölul. Liðurinn orðist svo:

Við 32. gr. Við greinina bætist ný málsgr.:

Stjórn Byggðasjóðs skal leita umsagnar viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið."

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja þessa till. hér fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 161) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. 4. þm. Norðurl. v. út af þeim ummælum, sem hann lét falla hér áðan, sérstaklega í sambandi við hagrannsóknadeild, og vitnaði þar til grg. okkar í minni hl. fjhn., að hann lesi þá grg. betur. Við höfðum alls ekki gagnrýnt það, að hagrannsóknadeildin heyri beint undir ráðh., heldur felst það í till. okkar, að svo verði eftirleiðis sem hingað til. Í annan stað verð ég að biðja hv. þm. að lesa betur, þegar hann fullyrðir það hér í ræðustól, að hann eigi erfitt með að meðtaka þann sannleik, að Sjálfstfl. sé hlynntur heilbrigðri áætlanagerð.

Saga þess er mjög ítarlega rakin í nál. okkar, hvernig fyrrv. ríkisstj. átti frumkvæði að því, að hér var beitt áætlanagerð, t. d. í sambandi við landshlutaáætlanir, framkvæmdir ríkisins, einstakar atvinnugreinar o. fl. Hitt kom mér hins vegar ekki á óvart, þótt við hv. 4. þm. Norðurl. v. hefðum nokkuð mismunandi skoðanir á áætlanagerð og tilgangi hennar.

Ef einhver hefði spáð því á síðastliðnu vori, að frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, yrði lagt fram á Alþ. til samþykktar á hausti komanda, hefðu þau hin sömu ummæli verið kölluð skrök eða vondar getsakir. Svo einörð og einbeitt er hin íslenzka þjóð í skoðun sinni á mikilvægi frjálsræðis til athafna og framkvæmda, að hún ætlar engum sinna stjórnenda fyrir fram að vilja hneppa það í viðjar, annað hvort eða hvort tveggja.

Við fyrstu skoðun þessa frv., sem hér liggur fyrir, verður það ljóst, að þar er beinlínis ákveðið, að dregið

skuli saman það vald, sem nú er í höndum einstaklinga og félagasamtaka um allt land og það afhent voldugri miðstjórn í Reykjavík. Er það gert í því formi, að setja skal á laggirnar geysilegt skrifstofubákn, þar sem m. a. skal meta þýðingu ótiltekinna fjárfestingarframkvæmda og ákveða, í hvaða röð í þær skuli ráðizt og hvar eða jafnvel hvort það skuli gert. Hins vegar er það sagt berum orðum, að með því að setja þessa stofnun á laggirnar megi ætla, að ríkið fari að sinna forustuskyldu sinni í atvinnumálum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. komst að orði við 1. umr. málsins, og hv. þm. þótti ekki nógu fast að orði kveðið, heldur hnykkti hann á ummælunum með því að bæta við, með leyfi hæstv. forseta, „óhjákvæmilegri og nauðsynlegri forustuskyldu sinni í atvinnumálum." Enginn vafi leikur á, að þessi hv. þm. veit, hvað hann syngur í þessum efnum, eða hann ætti a. m. k. að vita það, þar sem hann er sá maður, sem ég ætla, að hafi verið mjög í ráðum við samningu frv. Honum ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að geta sér þess til, hvað sé í pokanum.

Hins vegar ber mjög að fagna þeim ummælum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í hv. d. í dag, að það væri ekki stefnt að þjóðnýtingu, það yrði ekki farið inn á þá braut. Er sú yfirlýsing einkar þýðingarmikil, að hún skuli hafa komið hér fram við umr. málsins.

Þá er sá skilningur hæstv. forsrh., sem hann hefur á því, hvers konar áætlanagerð skuli fara fram í Framkvæmdastofnuninni, ekki síður athyglisverður, þar sem svo var að heyra sem hann teldi, að áætlanagerðin yrði sama eðlis og verið hefur, að öðru leyti en því, að nú yrði ákvörðunin um fjármagnsútvegun og áætlanagerðina á sömu hendi. Ég skildi hann a. m. k. svo, og leiðréttist það þá, ef rangt er hermt, en það er þá óviljandi.

Á hinn bóginn komst hv. 11. þm. Reykv., Tómas Karlsson, svo að orði um þessa stofnun, að markmið hennar væri að vera hjálpartæki til að tryggja algjöra stefnubreytingu í atvinnu- og efnahagsmálum. Það er nú samkv. hans skilningi að söðla um í skipulagshyggju og áætlunarbúskap að gera ráðstafanir til þess að tryggt sé, að áætlunum sé fylgt og þær framkvæmdar. Ég fæ nú ekki annað séð af orðum hv. þm. en skammt sé í það, sem við sjálfstæðismenn höfum kallað með sanni að búa við óbærilega ríkisforsjá og ríkisafskipti af atvinnumálum. Það þarf því engan að undra, þótt við leggjumst gegn þessu frv., og því fremur, þar sem allt hið góða, sem þar er að finna, hefur þegar komizt til framkvæmda og er í lögum og sannar í reynd gildi sitt. Nefni ég þar t. d. skynsamlega áætlanagerð, hagrannsóknir, aukna samvinnu og samræmingu stofnlánasjóða og Atvinnujöfnunarsjóð, sem með nýrri og raunhæfri byggðastefnu hefur markað þáttaskil, þannig að aldrei er nú um hin sérstöku mál byggðarlaganna talað nema í anda þeirrar stefnu. Hefur það m. a. verið staðfest á fjölda þskj. nú í vetur og ekki hvað sízt í sjálfri grg. þess frv., sem hér er til umr., þótt þar gæti að vísu þess misskilnings, að þetta sé nýmæli.

Í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið er, að stofnunin framfylgi byggðaþróunarstefnu með sérstakri áætlanagerð. Jafnframt er þessi áætlanagerð með sérstökum hætti tengd mjög traustum böndum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar og ákveðnar eru á hverjum tíma. Fjármagn Byggðasjóðs er stóraukið."

Þetta er að vísu nýtt, og í öðru lagi:

„Framkvæmd þessarar byggðastefnu er svo að auki tryggð með sérstökum tengslum við landshlutasamtök sveitarfélaganna, bæði að því er varðar áætlanagerð og kostnað landshlutasamtakanna af því starfi. Þá er einnig ákveðið að taka upp samstarf við landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í sama skyni."

Ég hygg, að það sé alkunna hér, að fráfarandi ríkisstj. efndi með atvinnumálanefndunum til mjög mikils samstarfs við verkalýðsfélög og vinnuveitendur í sambandi við atvinnumál.

Eins og ég áðan sagði, verður um geigvænlegan samruna valds að ræða í þessari væntanlegu Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og hæstv. forsrh. raunar viðurkenndi, þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að hann hefði kosið að láta þriggja manna framkvæmdaráð fara þar með daglega stjórn, þar sem valdið væri svo mikið, að hann vildi ekki fela það neinum einum manni, það væri meiri trygging að hafa þá þrjá. Það er mjög á huldu, hversu mikið vald verður í raun og veru falið þessu þriggja manna framkvæmdaráði, þessum pólitísku kommissörum, eins og þeir eru jafnan nefndir.

Ég varð var við það hér í dag, að það fór eitthvað í taugarnar á hæstv. forsrh. og einnig í taugarnar á hv. frsm. meiri hl. fjhn., að við sjálfstæðismenn skyldum kalla kommissarana pólitíska. Þannig gerði hv. 4. þm. Norðurl. v. því skóna, að einhver deildarstjóranna yrði skipaður í framkvæmdaráðið. Svo var einnig að heyra á hæstv. forsrh. um hríð, að hann hefði þar í hyggju ópólitískan mann, unz sannleikurinn kom í ljós og hann viðurkenndi, að framkvæmdaráð verður skipað pólitískum trúnaðar- eða eftirlitsmönnum ríkisstj., eins konar kommissörum. Vitnaði hann í því sambandi til heimildar þeirrar, sem felst í lögum um Stjórnarráð Íslands, að heimilt sé að skipa aðstoðarmenn ráðherra, sem fylgi ráðuneytum, eins konar aðstoðarráðherra. Þetta var sú hliðstæða, sem bent var á af hæstv. forsrh. Það er því ljóst orðið og viðurkennt, sem alltaf var vitað, að framkvæmdaráðið er í raun og veru ekkert annað en lítil aukaríkisstj., þar sem völdin eru í öfugu hlutfalli við stærðina, og raunar er annar mismunur sá, að hin stærri ríkisstj. ber ábyrgð fyrir Alþ., bæði fyrir sig og hina ríkisstj. Hins vegar ber hver kommissaranna væntanlega ábyrgð gagnvart þeim flokki, sem hann er fulltrúi fyrir. Óþarft er þó að vera með miklar getsakir í þessu efni, reynslan mun senn skera úr, hvernig tengslum kommissaranna verður háttað og hvers eðlis þeir eru. Mun þá og á sannast, að svo illa sem mönnum er við þessa þrenningu nú og hlutverk hennar, þá verður mönnum þó enn verr við tilkomu hennar síðar, eftir að áhrifa hennar tekur að gæta í athafnalífinu og bitna á lífskjörum fólksins í landinu.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að vekja athygli á ummælum, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. viðhafði hér við 1. umr. málsins um kommissarana og völd þeirra. Þá fór hann ekki dult með, að hann lítur á stjórn stofnunarinnar sem eins konar afgreiðslustofnun, sem litla þýðingu hefur aðra en þá að vera eins konar gæðastimpill eða vörumerki, annað sæju kommissararnir

um, en hv. þm. komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Það leiðir því af líkum, að enda þótt framkvæmdaráðið fjalli allítarlega um þessi mál öll, þá hlýtur stjórnin að setja þar sinn lokastimpil á.“

Ég get ekki skilið svo við hið pólitíska eðli kommissaranna, að ég láti ekki í ljós undrun yfir þeim ummælum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í hv. d. fyrr í dag, að við sjálfstæðismenn umfram aðra hér í hinu háa Alþ. hefðum vantrú á pólitík og pólitískum mönnum í trúnaðarstöður. Við höfum ekkert reynt að draga fjöður yfir neitt í þessu sambandi hér í þessari hv. d. né í nál. okkar, þvert á móti létum við þess þegar getið, að framkvæmdaráðið væri pólitískt í eðli sínu, og þess vegna væri Framkvæmdastofnun ríkisins pólitísk í uppbyggingu, en það hafa hins vegar aðrir menn gert. Þeir hafa viljað tala sem allra minnst um hið pólitíska eðli framkvæmdaráðsins þangað til nú, að ekki þýðir lengur að dyljast, og það kalla ég að hafa vantrú á pólitík og þeim, sem við hana fást, og þó sérstaklega sinni eigin pólitík, að hafa ekki kjark til að segja þegar í stað, hvernig allt er í pottinn búið. Þetta er mitt mat á því. Allir aðrir geta svo haft sitt mat, en það hygg ég, að sé sannmæli, að við sjálfstæðismenn þurfum ekki að bera kinnroða fyrir og gerum það heldur ekki, þótt einhverjar aðgerðir í atvinnulífinu beri flokksstimpil okkar. Það vita allir, sem þann stimpil sjá, að þar er ekki verið að þrengja að neinum, þar er ekki verið að skammta neitt né koma á nýjum hömlum.

Einkum voru það þó ein ummæli hæstv. forsrh., sem ég vil sérstaklega gera aths. við, en ég hygg, að hann hafi sagt orðrétt hér í hv. d. við umr. í dag: Ég staðhæfi það, að það hafa engir fremur en sjálfstæðismenn notað pólitíska aðstöðu sína. Og nú reynir á það, í hvaða merkingu hæstv. forsrh. notar orðið pólitískur. Ef það er jákvæðrar merkingar, og ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað eftir ræðu hans hér í dag, voru þetta vissulega orð í tíma töluð, sanngjörn og viturleg niðurstaða eftir langan stjórnmálaferil.

Í brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 154 er m. a. lagt til, að vald Framkvæmdastofnunarinnar verði enn aukið frá því, sem í frv. segir, með því að lagt er til, að stjórn hennar geti með samþykki ríkisstj. sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar og að opinberum sjóðum og öllum lánastofnunum í landinu, ríkisbönkum, einkabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, – ég skil það svo, það verður þá leiðrétt, ef rangt er með farið, að þarna sé einnig átt við innlánsdeildir kaupfélaganna, – sé skylt að haga lánveitingum sínum í samræmi við það án tillits til ákvæða þeirra laga, sem um þessa sjóði og lánastofnanir fjalla. Það geta menn svo metið hver fyrir sig, til hvers konar glundroða beiting slíks valds mundi leiða.

Mér þótti það svo athyglisvert innlegg, sem hv. 11. þm. Reykv. hafði hér eftir fyrrv. hv. þm., Ólafi Björnssyni, og hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég er honum þakklátur fyrir það, þótt ég að hinu leytinu sé í nokkrum vafa um, að hv. þm. sé alvara í því, að hann sé sama sinnis og þeir ágætu menn í sambandi við stjórn heildarfjárfestingarinnar í landinu og stöðu hinna einstöku sjóða og lánastofnana gagnvart ríkiskerfinu, en það mun fljótt á það reyna.

Við höfum í minni hl. fjhn. flutt um það brtt. á sérstöku þskj., að 3. málsgrein 12. gr. falli brott, en eftir standi 1. og 2. málsgr. Þá höfum við í minni hl. fjhn. gert það að till. okkar, að Byggðasjóður skuli lúta sérstakri þingkjörinni stjórn. Ástæðan til þess er augljós. Í svo viðamikilli stofnun sem Framkvæmdastofnun ríkisins verður samkvæmt frv., er hætt við, að Byggðasjóðurinn verði út undan, og ég tók sérstaklega eftir því, að hv. 11. þm. Reykv. var mér sama sinnis í ræðu sinni hér í dag um umfang stofnunarinnar, þegar hann sagði, með leyfi hæstv. forseta, að verkefni stofnunarinnar snúist um sjálfan kjarnann í landsmálapólitík landsins. Ég minni enn fremur á það, að sú hefur einnig verið hugsun framsóknarmanna, og vitna ég í því efni til stjórnarsáttmálans, að Byggðasjóðurinn skuli lúta sérstakri stjórn. Í sama anda var grein, sem hv. 4. þm. Reykv., form. þingflokks Framsfl., skrifaði í blað sitt, Tímann, hinn 17. okt. s. l., en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við það, sem er rakið hér á undan, hafa framsóknarmenn flutt á mörgum undanförnum þingum frv. um, að komið verði á fót sérstakri byggðajafnvægisstofnun, sem verði gerð fær um að sinna því stóra verkefni, sem hér er við að fást. Ætlunin hefur verið, að þessi stofnun leysti af hendi svokallaðan Atvinnujöfnunarsjóð, sem var stofnaður með lögum frá 1966, en starfsemi hans hefur verið allsendis ófullnægjandi. Gert var ráð fyrir, að byggðajafnvægisstofnunin tæki við eignum og tekjustofnum sjóðsins og fengi þar að auki árlegt framlag, sem næmi 2% af öllum tekjum ríkisins. Hlutverk stofnunarinnar væri að annast rannsókna- og áætlanagerð og veita viðbótarlán til atvinnuuppbyggingar, í sumum tilfellum vaxtalaus. Þá gæti hún í vissum tilfellum veitt bein framlög eða gerzt meðeigandi í fyrirtækjum. Þá hefði hún heimild til að veita sveitarfélögum viðbótarlán til að koma upp íbúðarhúsnæði, þar sem skortur á hæfum íbúðum hindraði eðlilegan vöxt byggðar.“

Þetta var, eins og ég sagði, 17. okt. s. l. Þá voru framsóknarmenn eða a. m. k. hluti þeirra enn sömu skoðunar, þeirrar, að vert væri og rétt, að sérstök stofnun fjallaði um byggðamálin, stofnun, sem lyti sérstakri stjórn, stofnun, sem forustumenn byggðarlaganna gætu leitað til og reitt sig á. En nú er ööruvísi sungið. Nú er talað um nauðsyn á nægilegri heildaryfirsýn eða eitthvað í þá áttina, talað um hagræðingu, eina stjórn, en ekki tvær, eins og það séu einhver rök, að betra sé að hafa eina stjórn, sem ekki kemst yfir það, sem hún á að gera, en tvær, sem verk sín geta leyst skilmerkilega af hendi. Hvað sem því líður hef ég ekki enn sannfærzt um, hverjar séu hinar raunverulegu orsakir þessarar kúvendingar, og ég skal heldur ekki segja, hverjar séu orsakirnar til þess, að mér finnst svo lítið bera á því, að baráttumál Framsfl. fái að njóta sín í þessari ríkisstj. En hitt hugði ég þó, að Framsfl. eða a. m. k. einstakir þm. hans mundu ekki svo gjarnan láta undan síga, þegar hinir sérstöku hagsmunir strjálbýlisins eru annars vegar. Gefur það vissulega tilefni til frekari upprifjunar í fyrrnefnda grein hv. 4. þm. Reykv., með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður vildi fyrrv. ríkisstj. ekki fallast á umrætt frv. framsóknarmanna né aðrar ráðstafanir, sem

stefndu að sama tilgangi. Hún talaði fallega um landsbyggðarstefnuna í orði, en sýndi henni litla rækt á borði. Það er hins vegar eitt af aðalloforðum núv. stjórnar að gera nýtt, stórt átak til eflingar byggðajafnvæginu og til viðréttingar þeim landshlutum, sem höllustum fæti standa. Af hálfu Framsfl. verður lögð á það rík áherzla, að við það loforð verði staðið."

Svo mörg voru þau orð.

Það frv., sem hér liggur fyrir, sýnir, hvernig við efndirnar er staðið, með því að ákveðið er, að Byggðasjóður verði eins konar útibú frá stórri og umfangsmikilli stofnun. Ég vil þó ekki vanþakka það, að fjármagn Byggðasjóðs hefur verið aukið verulega, þótt það að vísu hafi ekki verið aukið í þeim mæli, sem fyrri skoðanir framsóknarmanna gáfu e. t. v. tilefni til að ætla, að verða mundi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. það, sem hér liggur fyrir. Ég ítreka þó enn þann kvíðboga, sem ég ber í brjósti fyrir því, að hið mikla vald, sem í frv. er, sé fært í hendur örfáum mönnum, verði misnotað og hafi þannig lamandi áhrif á athafnalífið í landinu og uppbyggingu þess. Á hinn bóginn vekur það vissulega góðar vonir, hvert viðhorf hæstv. forsrh. er í þessum efnum, en hann hefur marglýst því yfir þvert ofan í það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur sagt, að með frv. þessu sé ekki stefnt til þjóðnýtingar né fjárfestingarhafta. Þvert á móti sé tilgangurinn sá að rétta einstaklingsframtakinu örvandi hönd. Ég skil orð hæstv. forsrh. svo, að þrátt fyrir allt sé hann þeirrar skoðunar, að frumkvæðið í atvinnulífinu eigi ekki að vera í höndum ríkisvaldsins, heldur í höndum einstaklinganna, fólksins, sem landið byggir. Ég vænti þess því, að hæstv. forsrh. beiti áhrifum sínum til þess, að vægilega verði með það ægivald farið, sem með frv. þessu er fært í hendur örfáum mönnum.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti: Ég vildi leyfa mér að ræða hér nokkur atriði, sem fram hafa komið við umr. í dag. Ýmsir þeir, sem hér hafa talað, hafa farið inn á þau mál, sem ég ella mundi hafa gert ríkari skil en nú er ástæða til, eftir þær ræður þeirra hv. 5. þm. Vestf. og 2. þm. Norðurl. e. Ég hlýt þó að nefna nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. á fundi hér síðdegis.

Það er að vísu mjög ánægjulegt, að hann fullyrðir, að í kjölfar samþykktar þessa frv. verði ekki innleitt hafta- og leyfakerfi þar sem, eins og hann segir, ekki sé stafur í frv. eða orð um það í framsögu. Ég vil mjög feginn geta trúað þessum orðum hæstv. forsrh. og treysti því, að hann sjái um, að þau reynist sönn í framkvæmd. En ég bendi á, að bæði hann og hv. 4. þm. Norðurl. v. hafa sagt tvennt, sem tortryggir þetta loforð eða fyrirheit hæstv. forsrh. mjög. Þeir hafa sagt sem svo, að nú ætti að taka þessi mál, áætlanagerðina, föstum tökum, og hæstv. forsrh. segir, að í þessu frv. sé lagt svo mikið vald í hendur Framkvæmdastofnuninni, að hann vilji ekki fela einum manni forstöðu hennar. Þegar svo bætist við það óákveðna og almenna orðalag, sem einkennir frv. í heild sinni, þegar litið er á það, að hvergi er hægt að finna skilgreiningu á því í frv., hvað felist í áætlanagerðinni, og þegar litið er á ákvæði 3. mgr. 12. gr., þar sem þessari stofnun er undir vissum kringumstæðum heimilað að setja reglur, sem geta leitt til boðs eða banns um lánveitingar af hálfu allt annarra lánastofnana, þá er engin furða, þótt á þá hættu sé bent, að hér geti vissulega verið hafta- og leyfakerfi í uppsiglingu. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur líka lagt á það mjög mikla áherzlu, að það sé aðalkostur þessa frv., að samtvinnað sé áætlanagerðin sjálf, ákvörðunartakan og lánsfjárveitingar eða fjáröflun. Ég tel einmitt þessa samþjöppun allra þessara starfa og ákvarðana og athafna undir einum hatti til þess fallna, að við drögum þá ályktun, að ef menn vilja og ef stjórnendur eru þess sinnis, þá geti þeir gert úr Framkvæmdastofnuninni samkv. þessu frv. hafta- og leyfastofnun. Það er einmitt vegna þessarar staðreyndar, sem ég tel vera, að andstaða okkar sjálfstæðismanna er svo sterk gegn samþykkt þessa frv. sem raun ber vitni og orð okkar hafa sýnt. Ég er þeirrar skoðunar, að áætlanagerð sé sjálfsögð, en áætlanagerðin á að dreifast meðal þeirra, sem eiga síðan að njóta góðs af áætlunum. Það er enginn vafi á því, að tengsl þurfi að vera á milli áætlanagerðar, ákvörðunartöku og fjáröflun til framkvæmda. En það, að tengsl séu til staðar, að samvinna sé milli mismunandi stofnana og einstaklinga og fyrirtækja og opinberra ráðuneyta, er sjálfsagt út af fyrir sig. En hitt er allt annað mál, ef allt þetta er undir eina og sömu stofnun sett. Í því felst hætta, sem nauðsynlegt er að benda á.

Hæstv. forsrh. fór ásamt með hv. 4. þm. Norðurl. v. nokkrum orðum um 4. gr. frv., sem við höfum leyft okkur í nál. minni hl. fjhn. að nefna skipun pólitísku kommissaranna, og hæstv. forsrh. spurði, hvort pólitískir menn væru til einskis hæfir og hvort þeir væru ekki gjaldgengir til hvaða starfa sem væri. Ég er honum alveg sammála um það, að þeir eru ekki síður en aðrir hæfir til hvers konar starfa í þjóðfélaginu. En þar sem þeir koma fram sem fulltrúar pólitískra stefna eða flokka, þá eiga þeir líka að bera pólitíska ábyrgð. Hæstv. forsrh. nefndi það t. d., að pólitískir menn væru í forustu á ýmsum stöðum, t. d. væri pólitískur maður borgarstjóri í Reykjavík, og það er rétt. Borgarstjórinn í Reykjavík ber pólitíska ábyrgð. Hann er kosinn í almennum kosningum eða eftir almennar kosningar og ber pólitíska ábyrgð gagnvart borgarstjórn og verður á fjögurra ára fresti að standa kjósendum reikningsskil gerða sinna. Hæstv. forsrh. nefndi það og varpaði því fram, að sums staðar tíðkaðist að hafa ópólitískan framkvæmdastjóra sveitarfélags og borgar eins og Reykjavíkur. Hæstv. forsrh. lætur sér e. t. v. til hugar koma, að það væri ekkert úr vegi að hafa ópólitískan embættismann forsrh. í einu ríki. Þess eru dæmi, að utanþingsstjórn hefur verið skipuð, og þannig hefur verið með málin farið. Ég vona, að mér sé ekki virt það til oflátungsháttar, en ég vil alveg líkja því saman, að sá, sem fer með pólitískt vald borgarstjóra, hver sá, sem það er, sé í samsvarandi stöðu eins og sá, sem fer með pólitískt vald forsrh. sem oddviti framkvæmdastjórnar ríkisins annars vegar og hins vegar oddviti framkvæmdastjórnar sveitarfélags. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, að slíkir menn séu pólitískir. En skilyrði til þess, að þeir njóti sín sem slíkir, er, að þeir beri ábyrgð gagnvart ákveðinni pólitískri nefnd eða stjórn, forsrh. gagnvart Alþ., borgarstjóri eða sveitarstjóri gagnvart borgarstjórn, og hvorir tveggja hljóta að standa reikn-

ingsskil gerða sinna í kosningum. Gallinn við stjórnkerfi Framkvæmdastofnunar ríkisins, eins og það er ráðgert samkv. þessu frv., er það, að þessir pólitísku kommissarar bera í raun og veru ekki ábyrgð gagnvart Alþ., og að takmörkuðu leyti er ábyrgð þeirra skilgreind gagnvart ríkisstj. sjálfri.

Það var minnzt á það, að borgarstjóri og ýmsir aðrir sætu í ýmsum nefndum, sem borgarstjórn kysi, að sjálfstæðismenn sætu í bankaráðum og raforkuráðum o. s. frv. En um þessar nefndir er það að segja, að þær eru kosnar á lýðræðislegan hátt, og minni hl. á þar sína fulltrúa. Í framkvæmdaráði Framkvæmdastofnunar ríkisins er ekki um neina fulltrúa minni hl. að ræða. Það er að vísu sagt, að stjórn stofnunarinnar sé þingkosin, og þá höfum við þennan tvískinnung, sem er í stjórnkerfi Framkvæmdastofnunar ríkisins, að annars vegar er þingkjörin stjórn, sem væntanlega ber ábyrgð gagnvart þingi, en hins vegar er skipað þriggja manna framkvæmdaráð pólitískra kommissara, sem við vitum ekki nákvæmlega, hvar á að standa reikningsskil gerða sinna, en ég hallast að því, sem ég hygg, að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi haldið fram, að þessir menn beri eingöngu ábyrgð gagnvart sínum pólitísku flokkum, fram hjá lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum eða stjórnvöldum, sem byggjast á lýðræðislegu kjöri eða þingmeirihluta.

Það er og svo, að stöðu þessara pólitísku kommissara hefur verið líkt við stöðu aðstoðarráðherra eða deildarstjóra í rn., sem fylgir ráðh. og starfstíma viðkomandi ráðh. Það, sem ég átti við, þegar ég nefndi aðstoðarráðherrana hér fyrr í dag, var, að eðlilegra hefði verið, ef það var of mikið fyrir t. d. forsrh., sem á fyrir hönd ríkisstj. að hafa yfirumsjón með Framkvæmdastofnuninni, að ætlast til þess, að hann gæti fylgzt með störfum þessarar stofnunar, þá væri réttara að aðstoðarráðherra gæti innt slíkt starf eða önnur störf af hendi fyrir hæstv. forsrh. í þessu tilviki. Það væri samkv. stjórnarfari, eins og reglur segja til um nú. En að skipa þriggja manna framkvæmdaráð gerir það að verkum, að Alþ. hefur ekki aðstöðu til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, og framkvæmdaráðið sem slíkt er heldur ekki sett undir hina þingkjörnu stjórn. Það er skýrt tekið fram í frv.

Ég vil svo aðeins víkja nokkrum orðum að atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., og þá um leið að orðum hv. 11. þm. Reykv., þar sem minnzt var á þá tilvitnun í nál. minni hl. fjhn., þar sem getið var um fyrirkomulag á hagrannsóknum og efnahagsráðgjöf til handa ríkisstj. í öðrum löndum. Ég hygg, að hv. 11. þm. Reykv. hafi sagt, að frá hans sjónarmiði geti það vel komið til greina og hefði getað komið til greina, að stofna sérstakt efnahagsráðuneyti og ég er honum í raun og veru mjög sammála um það, að það hefði verið langtum geðfelldari leið, að því er hagrannsóknir og efnahagsráðgjöf snertir. Það væru meiri líkur til þess, að slíkt efnahagsráðuneyti gæti borið ábyrgð gagnvart t. d. forsrh. og gæti gert ríkisstj. gagn. Þar væri fenginn milliliður á milli forsrh. og ríkisstj. og slíkrar efnahagsráðgjafar eins og er milli hagrannsóknadeildar samkv. þessu frv. um Framkvæmdastofnunina og ríkisstj. nú. Þar mundi ráðuneytisstjóri væntanlega vera í fyrirsvari í staðinn fyrir, að nú eru þrír pólitískir kommissarar sem varnarveggur og Þrándur í Götu eðlilegrar efnahagslegrar ráðgjafar ríkisvaldinu til handa. Það er svo, að reynslan af ráðuneytisstjórum hefur, held ég, undantekningarlaust verið, að þeir hafa reynzt hverri ríkisstj., sem við völd hefur setið, hollir ráðgjafar, hvaða pólitíska skoðun, sem þeir kunna að hafa, og í þeim miklu nefndarskipunum, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir og ber merki einhliða pólitískra skipana í stærri stíl en nokkru sinni áður, að því er ég hygg, þá er það eina bjarta við þær nefndaskipanir, þegar ráðuneytisstjórarnir eru valdir til forstöðu eða samstarfs við nefndirnar. Sannast bezt að segja held ég líka, að starf þessara nefnda hafi að mestu leyti byggzt á slíkum ráðuneytisstjórum og þeir beri veg og vanda af störfunum sjálfum, ef marka má, hvernig skipun í nefndir er að öðru leyti. Það er því rétt að taka það fram og greina á milli einmitt þess, að menn geta gegnt trúnaðarstörfum sem pólitískir fulltrúar, en þá eiga þeir að bera pólitíska ábyrgð, og þá á ekki að fara í launkofa með það, að þeir eru valdir sem slíkir og verða að standa skil gerða sinna sem slíkir. Á hinn bóginn eru menn skipaðir í embætti sem hlutlausir embættismenn. Þeir geta haft sína pólitísku skoðun, en þeim ber skylda til að vera hollir ráðgjafar og starfsmenn hverrar þeirrar ríkisstj., sem með völd fer. Á þessu er mikill munur.

Það er mikill misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., þegar hann segir, að samkv. hugmyndum okkar sjálfstæðismanna um áætlanagerð sé ekki nein ákvörðun um það tekin, hvað skuli hafa forgang fyrir öðru. Ég held að ég hafi skýrt það í ræðu minni hér fyrr í dag, að við leggjum áherzlu á, að áætlanagerðir fari fram í hinum ýmsum stofnunum, fyrirtækjum, deildum og ráðuneytum, eftir því hvers eðlis áætlunin er. Ef um er að ræða áætlun um framþróun tiltekinnar atvinnugreinar, er eðlilegt, að hún fari fram í viðkomandi rn., og þá er það auðvitað það rn. ásamt þeim starfshópi, sem það kallar til samstarfs um þá áætlanagerð, sem kveður á um forgangsröð. Ef áætlanagerðin fer fram í einkafyrirtæki, sem er t. d. að leggja út í fjárfestingar og þarf á lánsfé að halda, þá er eðlilegt, að þessi áætlanagerð fari fram þar. Síðan er eðlilegt, að ráðagerðir ráðuneytisins og áætlanagerð þess um þróun atvinnugreinarinnar fari til athugunar t. d. í Efnahagsstofnuninni og hér á Alþ., ef um er að ræða opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra. Á sama hátt fari áætlanagerð einkafyrirtækisins til athugunar í þeirri lánastofnun, sem það snýr sér til með umsókn um lánsfjáröflun. Með þessum hætti er áætlanagerð dreifð, þar sem ákvarðanirnar eru teknar, og aðstaða er til að samræma mismunandi áætlanir og kanna, hvað skuli forgang hafa á hverjum tíma.

Það var sagt hér, held ég, af hv. 4. þm. Norðurl. v., að menn yrðu ávallt í áætlanagerðum að gefa sér forsendur samkv. pólitísku mati. Ég hefði haldið e. t. v., að réttara væri að segja, að menn gæfu sér annaðhvort frekar markmið samkv. pólitísku mati eða veldu leiðir til að ná ákveðnu markmiði samkv. pólitísku mati. Markmið efnahagslegra áætlana, hygg ég þó, að sé óumdeilanlegt í aðalatriðum það að ná sem örustum hagvexti samfara efnahagslegu jafnvægi og fullri atvinnu. Um þessi markmið hygg ég, að menn geti verið sammála. Þótt við leggjum áherzlu á öran hagvöxt,

hygg ég tæpast, að við viljum fórna efnahagslegu jafnvægi eða fullri atvinnu á altari örari hagvaxtar, sem e. t. v. gæti orðið, ef við fórnuðum hinu tvennu. Auðvitað koma ýmis félagsleg markmið einnig til greina um slíkar áætlanagerðir, óhjákvæmilega í sambandi við opinberar framkvæmdir, hvort auka beri samneyzlu á kostnað einkaneyzlu, hvort auka beri samneyzlu á kostnað ágóða og fjármunamyndunar í atvinnurekstrinum, sem síðar færi til uppbyggingar atvinnuveganna. Að baki slíku á sér hér stað vitaskuld oft og tíðum pólitískt mat, en þeir, sem gera áætlanirnar, hljóta að gera sér grein fyrir því, að þessar áætlanir verða að sýna leiðir að mismunandi markmiðum, og e. t. v. fleiri en eina leið að tilteknu marki, til þess að þeir, sem ákvörðunina síðan taka, hafi úr fleiru að velja. Við sjáum þetta t. d. í sambandi við áætlanagerð um opinberar framkvæmdir, að við þurfum e. t. v. að velja á milli þess að byggja betri vegi og fleiri km af þeim annars vegar og byggja stærri, öruggari og fleiri hafnir hins vegar. Við þurfum líka e. t. v. að standa frammi fyrir því að velja á milli framkvæmda í samgöngumálum eða atvinnumálum annars vegar og hins vegar framkvæmdir í sjúkrahúsmálum. Áætlanagerðin á að sýna þeim mönnum, sem ákvörðunina taka, hin mismunandi markmið og hinar mismunandi leiðir til þess að ná þessum markmiðum. Síðan á ákvörðunin að verða tekin, ýmist af þeim, sem bera fjárhagslega ábyrgð á framkvæmdunum eða pólitíska ábyrgð gagnvart fólkinu í landinu.

Það er sá skilningur, sem kemur fram í þessu frv., en þó einkum vöntun á skýringum og skilgreiningum á því, hvað felst í áætlanagerð, hvað felst í ákvörðunartöku og hvað felst í valdi Framkvæmdastofnunarinnar til lánsfjáröflunar og fyrirskipana og íhlutunar um málefni annarra lánastofnana, sem gerir það að verkum, að tortryggni okkar gagnvart þessari stofnun er á rökum byggð, að þær hugmyndir, sem menn gera sér um það vald, sem þessi almenni óákveðni rammi veitir, geti leitt til hafta og leyfakerfis, eins og við höfum þekkt áður hér á landi og allir vilja nú afneita. Það er mjög áríðandi og mikilvægt í raun og veru, að lögin séu þannig úr garði gerð, að þau séu skýr og veiti afmarkað og tiltekið umboð framkvæmdavaldinu til handa, þannig að framkvæmdavaldið geti ekki tekið sér meira vald en löggjafarvaldið ætlazt til. Ég er hræddur um, að eins og þessi lög eru orðuð, þá séu lítil takmörk í framkvæmd fyrir því valdi, sem þessi stofnun getur tekið sér í hendur, og ég bendi enn á ný á þann mismun á skilgreiningum á áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjáröflun til framkvæmda samkv. áætlunum, sem felst í tillögum stjórnar Efnahagsstofnunarinnar frá 1968, og orðalagi þessara laga. Mín tilgáta er sú og skýring á þessu óákveðna orðalagi, að sá blæmunur, jafnvel sá skoðanamunur, sem fram hefur komið hér í ræðum hæstv. forsrh. annars vegar og hv. 4. þm. Norðurl. v. hins vegar, hafi valdið því, að stuðningsmenn stjórnarinnar hafi komizt að raun um, eftir því sem vinnan við undirbúning að þessari löggjöf komst lengra, að þeim var ómögulegt að ná samstöðu um frv., nema hafa það þannig orðað, að það væri svo almennt og svo víðtækt, að framkvæmdin ein gæti skorið úr um það, hver raunin yrði. Það var reyndar það svar, sem við í fjhn. fengum oftast við fyrirspurnum okkar um, hvað einstakar lagagreinar ættu að þýða, að lögin væru eingöngu rammi og framkvæmdin yrði að skera úr um það, hvernig til tækist um eitt eða annað atriði. Þetta tel ég mikinn galla á þessari lagasmíð og mjög hættulega braut, sem gengið verður inn á með samningu þessa frv. og samþykkt þess, ef að lögum verður.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, og um það voru þeir reyndar alveg sammála, hæstv. forsrh. og hv. 4. þm. Norðurl. v., að hér væri verið að safna miklu valdi í eina stofnun, meira valdi en áður hefði verið til staðar, og þeir gagnrýndu að því leyti Efnahagsstofnunina, að hún hefði ekki getað komið í framkvæmd ýmsum áætlanagerðum, sem hún hefði haft í huga og ætlunin hefði verið, að hún innti af höndum. Skýringin á því er hins vegar sú, að stofnunin átti erfitt með að fá starfskrafta, og það verður auðvitað sama vandamálið hjá þessari nýju stofnun og var hjá Efnahagsstofnuninni sjálfri, að sérlærðir starfskraftar verða ekki fengnir upp úr þurru, þótt ég vonist til þess, að það standi til bóta. Skýringin á því, sem ég hygg, að báðir þessir ræðumenn hafi nefnt, af hverju Efnahagsstofnunin hélt ekki áfram langtíma þjóðhags- og framkvæmdaáætlun eins og þeirri, sem gilti fyrir árin 1963–1966, var sú, að þær sveiflur voru í efnahagsmálum landsmanna, eftir að verðfall varð á sjávarafurðum og aflabrestur á síldveiðum, að ekki þótti unnt að spá eða gera þjóðhagsáætlanir 4 eða 5 ár fram í tímann, og reynslan af þeim sveiflum á verðlagi erlendis og aflabrögðum hér við land, sem verið hafa síðan, sýnir, hversu þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir til langs tíma eru miklum vandkvæðum bundnar við það atvinnulíf og þau skilyrði, sem við búum við. Hitt er svo annað mál, að þær ráðstafanir, sem fyrrv. ríkisstj. gerði til þess að ná efnahagsjafnvægi, t. d. með því að skjóta fjölbreyttari og traustari stoðum undir atvinnuvegi landsmanna með stóriðjuframkvæmdum, með inngöngu Íslands í EFTA og með stofnun Verðjöfnunarsjóðs sjávarafurða, séu allar líklegar til þess að stuðla að betra efnahagslegu jafnvægi og mynda þannig grundvöll til áætlanagerðar til langs tíma. Þessum aðgerðum öllum hefur hæstv. núv. ríkisstj. verið áður fyrr á móti eða dregið mjög úr, eftir að hún komst til valda, eins og t. d. Verðjöfnunarsjóði sjávarafurða. Við hljótum að gera okkur grein fyrir því, að ef við viljum standa að gerð áætlana í efnahagsmálum, að því er snertir þróun þjóðarbúskaparins og einstakra atvinnugreina, þá verðum við að skilgreina með sjálfum okkur, hvaða markmiðum við sækjumst eftir. Ef það er rétt, sem ég hef haldið fram, að við værum sammála um að sækjast eftir örum hagvexti, fullri atvinnu og efnahagslegu jafnvægi, þá hefur núv. hæstv. ríkisstj. vissulega stigið ýmis spor á sínum tiltölulega stutta valdaferli, sem þó eru 5 mánuðir, sem raska möguleikunum til að ná þessum markmiðum og um leið raska grundvelli þess, að unnt sé að gera áreiðanlegar áætlanir, sem framkvæmanlegar verði þjóðinni í heild til gagns.

Ég vonast til þess, að þetta frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins verði ekki framkvæmt eins og hafta- eða leyfastofnun, þótt orðalag frv. gefi það fullkomlega til kynna, og víst er um það, að hæstv. forsrh.

verður minntur á loforð sitt um, að til slíks komi ekki, ef einhverjar brigður sýnast verða á því.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. hér, en kem fyrst og fremst í ræðustól til þess að lýsa yfir því, að ég óttast það mikla miðstjórnarvald, sem verið er að leiða inn með því frv. að Framkvæmdastofnun, sem hér liggur fyrir. Það orkar ekki tvímælis, að þarna er fært á örfáar hendur geysivíðtækt vald. Það getur hins vegar farið eftir því, hvernig um framkvæmdina tekst, hvort meira eða minna tjón hlýzt af þessu, en það er ástæða til þess, að menn séu uggandi um, hvernig fer um framkvæmdina, sér í lagi eftir að hafa hlustað á, að það er langt frá því, að hv. frsm. meiri hl. fjvn. og hæstv. forsrh. séu raunverulega sammála um málið. Ef um framkvæmdina fer að verulegu leyti eftir yfirlýsingu forsrh., þá er vissulega minna að óttast, en ef þau markmið, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. lýsti sem einu aðaltakmarki þessa frv. verða meira ráðandi, þá er ástæða til þess að vera uggandi um framkvæmdina, og ég hygg, að við sjálfstæðismenn hér í hv. þd. séum ekki þeir einu, sem eru uggandi um, hvernig til tekst um framkvæmd þessa máls. Það eru landsmenn mjög svo, m. a. s. í röðum stjórnarflokkanna, og ef við skyggnumst aðeins inn í sjálft frv. og brtt., sem lagðar hafa verið fram hér í dag, þá kemur í ljós, að þeir gera sér sjálfir grein fyrir því mikla valdi, sem þarna er fólgið, og þeirri hættu, sem er samfara því, og þeim óvinsældum, sem sérstaklega tiltekin atriði í frv. eru þegar farin að valda og ég vil nefna sem dæmi, með leyfi forseta. Hér stendur í 12. gr.:

„Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það.“ Í brtt. er búið að kveða enn fastar á um þetta. En síðan kemur rúsínan í pylsuendanum: „Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.“

Þeir hafa gert sér grein fyrir því, þegar þetta var samið, að þeir voru að fá valdið í hendur kannske ekki nægilega ábyrgum mönnum, og því væri fyllsta ástæða til að taka það fram, að engri stjórn neinnar lánastofnunar væri skylt að lána, nema hún teldi eðlilegar tryggingar standa fyrir láninu. Það getur nefnilega hafa flökrað að þeim, að það mundi nú kannske ekki vera óhætt að láta hið svo kallaða trúnaðarráð hafa alveg takmarkalaust vald, þannig að það væri þó rétt að setja örlítið undir lekann, og þarna er þó vottur þess, að hv. stjórnarsinnar hafi gert sér grein fyrir því, að frv. felur í sér mikið vald og hægt sé vissulega að misnota sína aðstöðu, ef ekki verður við séð.

Það hefur verið mikið rætt um 4. gr. eða skipan þessa svo kallaða framkvæmdaráðs. Þeir eiga að vera pólitískir fulltrúar, pólitískt þrístirni. Þeir eiga að vera umboðsmenn flokka sinna. Við höfum lesið um umboðsmann biskups, Umba. Þarna er verið að koma á stofn þriggja manna ráði, Umba, og það er augljóst mál, að stjórnarsinnar finna það, frá því að þeir lögðu fram þetta frv. og þar til þeir leggja fram sína brtt. í dag, að þetta mælist ekki vel fyrir, og til þess að reyna að friða landsfólkið er sett inn í brtt. nú, að þessa menn sé hægt að reka með mánaðar fyrirvara. Það á að friða landsfólkið með því, en hvort tveggja er dæmi um það, að a. m. k. viss öfl innan stjórnarliðsins gera sér grein fyrir því, að hér er um stórvarasamt og hættulegt mál að ræða, ef illa tekst til. Það er verið að færa á örfárra manna hendur það ægivald, að það er hæpið, að þeir rísi undir því.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr., en ég taldi mér skylt að koma hér upp og reyna að svara fsp., sem til mín var beint af hálfu 5. þm. Vestf. Hann er nú víst ekki hér, en það kemur nú sjálfsagt ekki að sök.

Þessar fsp. voru nú líka þess háttar, að svörin við þeim er að finna, held ég, í sjálfu frv., ef það er lesið með fullri gát. Hann spurði um það, hv. þm., hvað fælist í 3. mgr. 30. gr., þar sem segir:

„Enn fremur er sjóðsstjórninni“ – þ. e. Byggðasjóðsstjórninni – „heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða starfrækja áfram í samræmi við tilgang sjóðsins og þarfir viðkomandi byggðarlags.“

Hann spurði, hv. þm., undir hvaða kringumstæðum þetta gæti komið til greina. Því vil ég svara svo, að fyrst og fremst tel ég þetta geta komið til greina, þegar um er að ræða ný fyrirtæki, en við vitum það vel, að staðir úti á landi, mörg kauptún og sjávarþorp, sem við báðir þekkjum vel, hafa oft ærinn áhuga á því að eignast atvinnutæki, t. d. skip, byggja frystihús o. s. frv., en geta heimamanna til þess er takmörkuð. Það vantar tilstyrk, e. t. v. eitthvert fjármagn og auk þess góð ráð. Og það er einmitt í slíkum tilfellum, sem ég álít, að Byggðasjóðurinn eigi fyrst og fremst að koma til og reyna að örva til stofnunar slíks fyrirtækis og létta undir með heimamönnum og leggja þá til fjármagn eftir atvikum til þess að fylla í skarðið. Það getur vel verið, að slíkt ástand þurfi ekki að vera nema tímabundið, vegna þess að heimamenn verði þess umkomnir að leysa slíkt fé til sín.

En í annan stað á þetta líka við undir þeim kringumstæðum, að sett hafi verið á stofn nytsöm fyrirtæki á einhverjum stöðum, nytsöm fyrirtæki, sem veita mörgum mönnum atvinnu, – stundum e. t. v. ný, – en eiga við ýmsa byrjunarörðugleika að stríða. Þá komast þau því miður stundum í vandræði og þurfa að leita til hins opinbera. Þau komast ekki hjá því. Auðvitað geta þau leitað, má segja, beint til ríkisstj. og Alþ. um slíka fyrirgreiðslu, og slíkt hefur auðvitað átt sér stað og er eðlilegt. En ég held, að það geti einmitt verið heppilegt, að undir slíkum kringumstæðum sé til þessi stofnun, sem hafi heimild til þess að hlaupa undir bagga og hjálpa til við að halda starfrækslu áfram um skeið og koma henni e. t. v. yfir örðugasta hjallann. Ég held fyrir mitt leyti, að þetta geti verið svo sjálfsagt og eðlilegt, að ég efast ekki um, að allir þm., hvaða flokki sem þeir tilheyra, geti játazt undir þetta undir vissum kringumstæðum, og dettur, að ég hygg, engum í hug að flokka slíkt á nokkurn hátt undir þjóðnýtingu.

Þá spurði hv. þm. að því, hvað mundi nánar felast í 3. mgr. 12. gr. Ég held, að spurning hans hafi eiginlega verið á þá lund, hvort í henni ætti að felast það, að e. t. v. væri hægt með þessum almennu reglum, sem stjórn

Framkvæmdastofnunarinnar er heimilað að setja um forgang vissra framkvæmda, að breyta lögum eða reglum, sem settar væru í lögum um tiltekna útlánastarfsemi. Ég svara þessari spurningu hiklaust neitandi. Það liggur að mínu viti í augum uppi, að slíkt kemur ekki til greina, að hægt sé að breyta þannig ákvæðum í settum lögum.

Hann spurði líka um það, hvað fælist í 2. mgr. 13. gr. Það er raunar nokkuð hliðstætt ákvæði 3. mgr. 30. gr., en í þessari 2. mgr. 13. gr. er um það að tefla, að lánadeildin geti átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkv. áætlun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. „Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.“ Þetta á við það, sem ég sagði áðan, að sem betur fer eigum við víða hugmyndaríka og framtakssama menn, sem koma auga á möguleika og hafa vilja og löngun til að koma einhverju fyrirtæki á fót eða atvinnurekstri af stað. Þetta getur verið á ýmsum sviðum, ekki kannske sízt á sviði iðnaðar, sem þeir koma auga á einhverja leið til þess að framleiða einhverjar iðnaðarvörur, sem kannske eru ekki hér fyrir hendi. En þótt þessir aðilar fái þannig hugmynd, þá getur vel staðið svo á, að þeir hafi ekki aðstöðu til þess að láta fara fram þá athugun, sem er í raun og veru nauðsynleg og á alltaf að fara fram, áður en nokkru verulegu fyrirtæki er hleypt af stokkunum, þ. e. að láta kanna það á hlutlægan hátt og af kunnáttumönnum, hvort nokkurt vit er í þessu. Því að þótt hugmyndir séu góðar, þá er það nú því miður ekki alltaf, að þær séu framkvæmanlegar. Og það er þetta, sem ég álít, að þessi stofnun eigi þá fyrst og fremst að gera, þ. e. a. s. að menn geta leitað til hennar um slíka aðstoð.

Auðvitað getur líka átt sér stað, að innan sjálfrar stofnunarinnar vakni hugmynd að slíku fyrirtæki eða slíkum atvinnurekstri, og þá er henni ætlað að hafa þetta frumkvæði. En í öllum tilfellum er það fyrst og fremst frumkvæðið, sem um er að tefla, undirbúningsvinna í sambandi við stofnun fyrirtækis og að koma því af stað. En það er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að það séu aðrir aðilar, sem í raun og veru taki við þessu fyrirtæki, einstaklingar eða einstaklingar í samvinnu við sveitarfélög. Þó vil ég auðvitað ekki útiloka þann möguleika, að þessi stofnun geti um skeið eða lengur eftir atvikum átt einhvern hlut í slíku fyrirtæki. En þetta er það, sem vakir fyrir okkur.

Það er rétt, sem segir í aths. við þessa gr., að þetta er nýjung, að gert sé ráð fyrir því í lögum, að opinber stofnun geti þannig átt frumkvæði og aðild að stofnun atvinnufyrirtækis. Á hinn bóginn má segja, að Framkvæmdasjóður Íslands hafi farið inn á þessa braut án þess þó, að skýr lagaheimild væri fyrir hendi, ekki beint um stofnun nýs fyrirtækis, heldur um endurreisn og uppbyggingu fyrirtækis, sem óþarft er að nefna. Menn kannast við það. Ég vona, að ég hafi þá gert nokkra grein fyrir þessu.

Í fjórða lagi spurði hv. þm., hvort ekki væri þá gert ráð fyrir því, að aðrir sjóðir en þeir, sem í 17. gr. segir, geti sameinazt stofnuninni. En í 17. gr. er gert ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar leiti samninga við tiltekna sjóði. Það er rétt hjá hv. þm., að ég svaraði þessu ekki sérstaklega við 1. umr. Það var nú raunar af því, að ég taldi mig hafa gert nokkuð glögga grein fyrir því í framsöguræðu, þar sem ég gerði talsvert ítarlega grein fyrir þeim stofnlánasjóðum, sem hér væru til og um væri að tefla, og gerði nokkra grein fyrir mismunandi eðli þeirra, hvernig þeir væru til komnir. Og það er náttúrlega ljóst, að ekki er hægt að hugsa sér það, a. m. k. ekki alveg umsvifalaust, að setja ýmsa af þeim sjóðum, sem eru þó þýðingarmiklir fjárfestingarsjóðir, undir þessa stofnun, af því t. d. að þeir eru til komnir með samningum milli tiltekinna aðila, eins og Atvinnuleysistryggingasjóður, líftryggingasjóðir og fleiri sjóðir. Það verður ekki um sameiningu þessara sjóða að tefla við þessa stofnun, a. m. k. ekki nema reynslan af henni verði svo góð, að aðilar þeir, sem standa að þessum sjóðum, sækist eftir því að koma þeim undir hana. Svo eru margir aðrir sjóðir. Ég fer ekki að telja þá upp hérna, ég gerði grein fyrir þeim um daginn. Markið á þeim er það yfirleitt, að þeir eru stofnaðir með lögum og hafa sérstaka stjórn og sérstakt markmið. Það þótti ekki rétt að athuguðu máli að steypa þeim saman við þessa stofnun, enda þykir nú víst sumum nóg um það vald, sem henni er ætlað. Hins vegar er það auðvitað til íhugunar síðar, ef löggjafanum sýnist svo, að leggja einhverja af þessum sjóðum til stofnunarinnar. Ég get nefnt hér Fiskveiðasjóð og Fiskimálasjóð, ekki af því að ég telji þá neitt sérstaklega koma til greina í þessu sambandi, heldur bara dæmi um sjóði, sem geta komið til athugunar síðar. En það er nú samt svo með ýmsa af þessum stofnlánasjóðum eins og Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., að þó að þeir yrðu auðvitað aldrei sameinaðir í svona stofnun öðruvísi en þannig, að þeir héldu áfram að vera sérsjóðir með sérstöku bókhaldi og þjónuðu sínum tilgangi, þá býst ég við, að það yrði nú svo hjá mörgum, þegar til kastanna kæmi, að þeir teldu eðlilegra, að þeir sjóðir væru áfram með nokkuð svipuðum hætti og verið hefur og reynsla er af fengin. Hitt er samt alveg víst, að það verður að vera samvinna á milli þessara sjóða innbyrðis og á milli þeirra sjóða, sem faldir eru forsjá þessarar stofnunar.

Þetta voru þær spurningar, sem beint var til mín, og ég skal ekki fara mikið þar út fyrir og ekki fara að elta ólar við það, sem kom fram hér. Auðvitað er ég sammála hv. 5. þm. Vestf. um það, að dómarar eigi að vera ópólitískir, en samt sem áður er það nú svo, að margir dómarar hafa fyrr og síðar setið á þingi og reynzt hinir nýtustu menn, og svo fjarstætt sem okkur finnst það nú í dag, að hæstaréttardómarar ættu t. d. að sitja á þingi, þá sátu um langt skeið allir yfirdómarar í landsyfirrétti á þingi og þóttu meðal fremstu þm. Ég er samt ekki að mæla með því, að slíkt skipulag verði upp tekið. En það held ég, að sé óhætt að segja, að bæði sjálfstæðismenn og eins við framsóknarmenn o. fl. hafa rennt hýru auga til ýmissa dómara til þess að fá þá í framboð og koma þeim á þing, þannig að það er nú ekki alveg strangt í þessum efnum hjá okkur, en sammála er ég þessu megin-„prinsípi“. Auðvitað má nú endalaust fara út í það, að tala um stofnanir, þar sem pólitísk sjónarmið ættu ekki að koma til greina fremur en að þeirra áliti í framkvæmdaráði, eða hvað er t. d. að segja um útvarpsráð? Mundu ekki margir telja heppilegt, að það væru ópólitískir menn, ef þeir eru þá finnanlegir, sem

þar stjórna? Og ég hygg, að þannig mætti finna ýmsar fleiri stofnanir.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér, vil ég aðeins taka fram, að það er misskilningur hjá honum, að hjá mér hafi gætt nokkurrar gagnrýni á Efnahagsstofnunina. Ég hef alls ekki gagnrýnt hana á nokkurn hátt. Hitt er rétt, eins og einmitt kom fram hjá honum, að hún hefur ekki að öllu leyti getað ráðið við sín verkefni, annaðhvort af því að henni hefur ekki verið séð fyrir nægilegum starfskröftum eða að slíkir starfskraftar hafa ekki verið fáanlegir. Ég hygg, og ég tók það alveg sérstaklega fram í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., að við hefðum einmitt í sambandi við þessar stofnanir, sem hér hafa starfað um skeið, eignazt efnilega menn, sem hefðu fengið reynslu í þessum störfum, og ég lýsti þeirri skoðun minni, að það mundi verða lögð áherzla á það að nýta og reyna að fá að njóta þeirra starfskrafta áfram í þessari stofnun.

Það er hægt að spyrja, gagnvart hverjum þetta framkvæmdaráð beri ábyrgð. Ég mundi nú svara fljótt á litið, að ég teldi, að það bæri ábyrgð gagnvart ríkisstj., það finnst mér einfalt og augljóst mál. Ríkisstj. getur vikið framkvæmdaráðsmönnum frá með mánaðar fyrirvara, en hins vegar má svo segja, að óbeint kannske beri þeir ábyrgð fyrir Alþ., af því að það er einmitt tekið fram, að ríkisstj. er skylt að gera Alþ. árlega grein fyrir starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, og þá hefur Alþ. vissulega tækifæri til að gera sínar aths., ef því þykir svo sem þar hafi ekki verið staðið í stykkinu. Ég hygg nú, að það mætti benda á ýmis dæmi frá undanförnum árum um stofnanir, þar sem væri kannske ekki öllu gleggra að fá fram heldur en í þessu tilfelli, hvar ábyrgðin væri. Ég held t. d., að alveg þessi sami háttur hafi verið hafður á, sem hér er ráðgerður, um gjaldeyrisnefnd á sínum tíma. Það var ríkisstj., sem skipaði hana, ef ég man rétt, eftir tilnefningu einhverra aðila, og það voru sannarlega viðkvæm mál, sem sú nefnd fór með. Ekki bar hún neina ábyrgð fyrir Alþ., heldur fyrir ríkisstj. Alveg sama máli gegndi um viðskiptaráð svo kallað, sem að vísu var nú skipað af utanþingsstjórninni á sínum tíma, en hins vegar svo algerlega sama regla um nýbyggingaráð og fjárhagsráð, þar sem í sátu menn, skipaðir af ríkisstj., og áttu þó sjálfstæðismenn ásamt öðrum þátt í því að koma þeim stofnunum á fót. Ég hygg því, að að þessu leyti sé ekki verið að fara inn á neina nýja braut í þessu efni.

Það er margt hægt að segja um áætlanir og áætlanagerðir, hvernig þeim ætti að vera fyrir komið. Það má sannarlega segja, að sjálfs er höndin hollust. Það getur verið heppilegt, að atvinnufyrirtækin geti sjálf gert áætlanir. Mörg stór fyrirtæki í heiminum leggja allra aðila mesta stund á það að láta gera áætlanir og hafa áreiðanlega í sinni þjónustu allra færustu menn á þessu sviði. En það er bara þess að gæta, að við eigum svo ákaflega fá fyrirtæki hér á Íslandi, sem eru þess umkomin að láta gera úr garði slíkar áætlanir, sem verulegur fengur er að. Fyrirtæki okkar eru yfirleitt það smá.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það er náttúrlega ekkert við því að segja, að skoðanir séu skiptar um þetta. Þess vegna skiptumst við í stjórnmálaflokka, að við höfum mismunandi sjónarmið. Ég efa það ekki, að allir viljum við vinna að auknum hagvexti og fullri atvinnu og því um líku, velsæld og velmegun okkar þjóðar, en menn greinir á, hvernig slíkt má bezt verða, og þá held ég, að það sé eitt einkennið, hvernig menn geti haft eða eigi að hafa áhrif á framvinduna, til þess að þessi fallegu og góðu markmið náist. Ég held, að það sé einkenni á þessu frv., að andinn í því og það, sem á bak við það býr, er það, að við viljum reyna að hafa áhrif á framvinduna með því að velja fyrir fram markmið og leiðir. Það er það, sem svona stofnun er ætlað að gera. Aðrir aftur á móti vilja í stað þess láta framvinduna sjálfa, ef svo má segja, velja sér sín markmið og sínar leiðir, láta það koma svona meira af sjálfu sér. Og ég get vel gengið inn á það, að það sé einmitt eitt af þeim meginatriðum, sem greinir t. d. sjálfstæðismenn frá okkur í því efni, að við höfum meiri trú en þeir á því, að það sé hægt með aðgerðum sem þessum að hafa áhrif á það, hver framvindan verður.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mér láðist hér áðan að gera grein fyrir einni af brtt. þeim, sem greint er frá á þskj. 156, frá minni hl. fjhn. Það er 6. tölul. og brtt. er við 32. gr., um það, að við gr. bætist ný málsgr.: „Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum."

Hv. 4. þm. Norðurl. v. og hæstv. forsrh. lýstu sig efnislega samþykka þessari brtt., en hv. 4. þm. Norðurl. v. gat ekki alveg fellt sig við orðalagið, svo fortakslaust sem það var, og hefur borið fram sérstaka brtt. um sama efni. Hins vegar hafði hæstv. forsrh. þá einu aths. að gera við brtt. okkar í minni hl. fjhn., að það kæmi ekki fram í henni, að um væri að ræða samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga. Ég er honum alveg sammála um það, að auðvitað er óþarfi að hafa samráð við önnur landshlutasamtök en þau, sem lánið eða fjárveitingin á til að ganga, eða það umdæmi, sem landshlutasamtökin taka yfir og lánið á til að ganga. Því leyfi ég mér að óska eftir því við forseta, að inn í þessa brtt. verði skotið „viðkomandi landshlutasamtök", þannig að hún hljóði svo:

„Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum."

Ég vil svo aðeins drepa á þau fáu atriði, sem hæstv. forsrh. gat um, fyrir utan svör hans við fsp. hv. 5. þm. Vestf. Hann gaf þá skýringu, að framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunarinnar væri ábyrgt gagnvart ríkisstj. og nefndi sem hliðstæður og dæmi gjaldeyrisnefnd, viðskiptaráð, nýbyggingaráð og fjárhagsráð. Þetta eru nú hin slæmu fordæmi, sem við bendum á, sem eru víti til varnaðar, og ábyrgð stjórna þessara stofnana gagnvart ríkisstj. var alls ekki til fyrirmyndar. Þess vegna held ég, að fátt sýni betur, að hér er farið inn á ranga braut, að sjálfur hæstv. forsrh. nefnir einmitt þær stofnanir, sem við bentum á, að þessi stofnun muni líkjast, þegar á að svara spurningunni, fyrir hverjum framkvæmdaráð beri ábyrgð. Ég gat ekki kosið mér betri staðfestingu á orðum okkar og aðvörunum.

Þá vildi hæstv. forsrh. álíta, að það gætu verið margar skoðanir um, hvernig koma skyldi áætlanagerð fyrir, og um það er ég honum mjög sammála. Ég er þeirrar

skoðunar, að sjálfs er höndin hollust í þessum efnum, og flestar rekstrareiningar eru þess umkomnar að gera áætlanir á sínu sviði. Þær verða svo auðvitað að endurskoðast af þeim aðilum, sem þessar rekstrareiningar sækja til í einu eða öðru formi, t. d. varðandi lánsfé, og á því stigi málsins verður að taka afstöðu til, hve æskilegar og arðvænlegar framkvæmdir um er að ræða fyrir þjóðarbúið í heild, og þannig á áætlanagerð sér stað og ákvörðunartaka með eðlilegum hætti, dreifð meðal fólksins í landinu, komandi frá fólkinu til hins opinbera til samræmingar, en ekki að ofan sem fyrirskipun frá stjórnvöldum.

Ég held, að það sé ekki rétt skilgreining hjá hæstv. forsrh., að það skilji okkur að stjórnmálalega, að stjórnarflokkarnir vilji hafa áhrif á framvinduna, setja sér markmið og velja sér leiðir, en við viljum láta framvinduna sjálfa skeika að sköpuðu og skipa okkur í farveg. Ég held, að hvorir tveggja vilji hafa áhrif á framvinduna, og munurinn sé sá, að sjálfstæðismenn vilja hafa áhrif með því að skapa valfrelsi, ábyrgð og ákvörðunarvald hjá einstaklingunum sjálfum og þeirra samtökum sín á milli, eins og t. d. íbúar í sveitarfélagi geta skapað sér markmið og fundið hagkvæmustu leiðir á hverjum tíma. Aðalatriðið í hugum okkar sjálfstæðismanna er það, að ábyrgðina og ákvörðunarvaldið má ekki taka frá einstaklingunum. Miðstjórn í Reykjavík eða í höfuðborg má ekki taka valdið frá hinum dreifðu byggðum og má ekki taka sér svo mikið vald, að ríkisstj. ríki og drottni yfir þegnunum og sitji eftir atvikum e. t. v. yfir þeirra hlut að meira eða minna leyti. Þá teljum við bezt farið, þegar einstaklingarnir sjálfir með samhjálp stjórnvalda sinna geta markað sér leið að þeim markmiðum, sem þeir sjálfir hafa sett.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 162) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég tel mig knúinn til að koma hér aftur í ræðustól til þess að leiðrétta rangtúlkun á þeim ummælum, sem ég viðhafði hér í ræðu minni í dag. Ég er ekkert að kveinka mér undan því út af fyrir sig og er að vissu leyti feginn, vegna þess að ég stytti mjög mál mitt vegna fundarhlés, sem gert var í dag, og vildi ekki fresta ræðu, þannig að ég get komið því atriði að, sem ég tel talsverðu máli skipta, ekki sízt eftir þær umr., sem hér hafa orðið í kvöld.

Í fyrsta lagi vil ég mótmæla því algerlega, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, að það hefði verið meginefni minnar ræðu að sanna, að pólitíkusar, en ekki sérfræðingar ættu að sinna áætlanagerð. Svo hafði hann eftir mér hér í ræðu sinni áðan. Þetta sagði ég aldrei, og eins og kemur fram í frv., verður deildaskipting í Framkvæmdastofnuninni, og það verður sérstök hagrannsóknadeild og sérstök áætlanadeild. Mér skilst á máli sjálfstæðismanna hér, að þeir geri ráð fyrir því, að þessum deildum veiti forstöðu einmitt sérfræðingar, og till. þeirra um það, að það verði þessir deildarstjórar, þessir sérfræðingar, sem skipi framkvæmdaráðið, virðist byggð á því, að þeir telji það heppilegra, vegna þess að þeir hafa lýst mjög harðri andstöðu sinni við það, að svo kallaðir pólitískir menn eða kommissarar, eins og þeir nefna væntanlega framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar, skipi framkvæmdaráðið. Ef réttur reynist í framkvæmdinni þessi skilningur þeirra, að það verði sérfræðingar, sem verða deildarstjórar yfir þessum deildum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá verður náttúrlega áætlanagerðin fyrst og fremst í höndum sérfræðinga.

En eins og ég sagði í ræðu minni, þá er þessari stofnun fyrst og fremst ætlað það hlutverk að hrinda í framkvæmd meginatriðunum í stefnuskrá þeirrar ríkisstj., er nú situr að völdum, í atvinnu- og efnahagsmálum. Markmiðin eru að verulegu leyti ákveðin. Þau markmið, sem þessi ríkisstj. ætlar að keppa að í atvinnumálum og efnahagsmálum, eru að verulegu leyti ákveðin, m. a. í málefnasamningi. Áætlanagerðin, að því er snertir þessi markmið, verður því um það, hvaða leiðir sé heppilegast að fara, í fyrsta lagi til þess að ná þeim, og hvernig þeim sé hægt að ná á sem skemmstum tíma samkv. skipulegum áætlunum, þannig að menn fikri sig áfram að markinu ár frá ári. Þetta er allt annað en það, að það séu bara pólitíkusar, sem eigi að sinna áætlanagerðinni. En það eru pólitíkusar, það eru stjórnmálamenn, það er meiri hl. Alþ. og það er ríkisstj., sem hafa ákveðið þau markmið, sem keppa á að þetta kjörtímabil í atvinnu- og efnahagsmálum, og þau markmið eru auðvitað eðli sínu samkv. þar af leiðandi pólitísk. En á þessu tvennu er mikill munur, skýr eðlismunur, og ég vona, að það fari ekki fram hjá hv. 5. þm. Vestf.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. var sá eini af þeim ræðumönnum hv. Sjálfstfl., sem hér hafa talað í kvöld, sem minntist á meginefni ræðu minnar, en meginefni hennar var það að minna á fyrri málflutning Sjálfstfl. hér í þessari hv. d., þegar mjög svipað mál var hér til umr. og var afgr. frá þessari hv. d., að ég tel, með jákvæðum hætti, þar sem um stjórnarandstöðufrv. var þá að ræða. Því var vísað til ríkisstj. til frekari athugunar. Og í því sambandi vitnaði ég í málflutning þáv. fjmrh. og benti á það, að í máli hans kom fram, að hann viðurkenndi, að þrátt fyrir alla þá áætlanagerð, sem Sjálfstfl., eftir því sem fulltrúar hans segja hér í kvöld, átti frumkvæði að að hefja á Íslandi og eftir það ágæta skipulag, sem þáv. ríkisstj. starfaði eftir að þeirra mati, fyrrv. ríkisstj., þá væri stjórnun þessara mikilvægu þátta í atvinnumálum og efnahagsmálum og lánamálum ekki betri en svo, að þáv. fjmrh. varð eftir 8 ára setu þeirrar stjórnar að viðurkenna, að slík göt væru í þessu skipulagi, að fyrirtæki, sem hefði verið komið á fót og væru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki og hefðu átt alla möguleika til þess að geta starfað þjóðinni til hagsældar, hefðu farið um, þau hefðu verið lögð niður, vegna þess að eftir að fjárfestingarsjóðir voru búnir að veita til þeirra fjármagni, þannig að þeim yrði komið upp, þá neitaði bankakerfið að skapa þeim að öðru leyti þá aðstöðu, að þau gætu starfað. Þetta var eitt af þeim dæmum, sem þáv. fjmrh. hæstv. nefndi í þessari ræðu, sem ég vitnaði í hér í dag. Og ég minnti á, að þessu frv. framsóknarmanna um Atvinnumálastofnun, sem þá var til umr. og afgreiðslu, hefði verið vísað til ríkisstj.

Hið jákvæðasta í nál. þáv. meiri hl. fjhn. undir formennsku og framsögu Ólafs Björnssonar prófessors, sem hér átti þá sæti í hv. d., var á þessa leið:

„Meiri hl. telur að vísu hæpið, að stofnun, sem skipuð er á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að Alþ. og ríkisstj. getur þar engin áhrif haft, sé falið svo víðtækt vald, sem lagt er til samkv. frv.“

Það er rétt að staldra aðeins við þessa setningu, því að hún skiptir ákaflega miklu máli varðandi meginefni þess málflutnings, sem hv. sjálfstæðismenn hafa hér viðhaft í kvöld og í dag. Andstöðu sína við þetta frv. byggja þeir fyrst og fremst á því, að þeir vilja ekki, að það vald, sem þeir segja, að sé nú í höndum hinna ýmsu samtaka fólksins í landinu, eins og þeir orða það, færist yfir á hendur þriggja pólitíkusa, sem þeir vilja kalla kommissara. Á þessu byggja þeir höfuðandstöðu sína gegn frv., og ádeila þeirra hefur verið hörðust vegna þessara ákvæða þess. En hvernig voru ákvæðin í frv. framsóknarmanna um stjórn Atvinnumálastofnunar? Þau ákvæði, sem leiddu til þess, að þáv. meiri hl. þessarar hv. d., sem skipaður var sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum, taldi sér ekki fært að samþykkja frv., voru um það, að stjórn Atvinnumálastofnunar væri skipuð fulltrúum stéttarsamtakanna í landinu, og það væru tveir menn frá bankakerfinu að auki. Þáv. meiri hl., sem núna telur algerlega ófært, að yfirstjórn þessarar stofnunar sé kosin af Alþ. og að framkvæmdastjórar hennar séu skipaðir af ríkisstj., töldu því frv., sem þá var til afgreiðslu hér, frv. um Atvinnumálastofnun, helzt til foráttu, að það var þannig búið, að þeir töldu, að Alþ. og ríkisstj. hefðu ekki nægjanlegt vald á þessari stofnun, eða eins og sagði þar í nál., og ég skal endurtaka:

„Meiri hl. telur að vísu hæpið, að stofnun, sem skipuð er á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að Alþ. og ríkisstj. getur þar engin áhrif haft, sé falið svo víðtækt vald, sem lagt er til samkv. frv.“

M. ö. o. taldi þáv. meiri hl. sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna, að einmitt slík stofnun eða mjög lík stofnun og hér um ræðir í þessu frv., skyldi skipuð þannig, að það væri ótvírætt, að ríkisstj. og Alþ., þar af leiðandi meiri hl. á Alþ., hefði full ráð um þessa stofnun. Þess vegna liggur það fyrir, að ríkisstj. hefur að þessu leyti gengið til móts við þau sjónarmið, sem hv. sjálfstæðismenn létu þá í ljós í sambandi við afgreiðslu á frv. um Atvinnumálastofnun. En hvað gerist? Þeir ættu að vera glaðir yfir því, að gengið hafi verið til móts við þessi sjónarmið, sem þá voru látin í ljós. Nei, alls ekki. Þeir bregðast nú hinir verstu við og hafa tekið algerum sinnaskiptum. Nú er skoðun þeirra algerlega þveröfug við það, sem fest er í þessu nál. meiri hl. fjhn. frá 1969. Hvers vegna hafa þessi sinnaskipti átt sér stað? Hvers vegna hafa þeir skipt um skoðun? Hvers vegna töldu þeir rétt 1969, að ríkisstj. og meiri hl. Alþ. sem heild hefði örugg ráð yfir þessari stofnun vegna þess valds, sem henni átti að fela? Því hefur ekki verið svarað. Og því hefur ekki heldur verið svarað, hvers vegna þessi sinnaskipti hafa átt sér stað, hvers vegna þeir eru núna á móti því, að stjórn stofnunarinnar sé skipuð með þeim hætti, sem þeir létu í ljós 1969, að væri eðlilegast. Mér finnst, að það standi upp á þá að gera grein fyrir þessu.

En hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að í ræðu minni hér í dag hefði falizt það, að ég væri sama sinnis og hæstv. þáv. fjmrh., Magnús Jónsson, og hv. þáv. þm., Ólafur Björnsson prófessor, í þeim ræðum, sem ég vitnaði til í ræðu minni hér í dag. Þetta er alger misskilningur hans, vegna þess, eins og ég las, og ég hirði ekki um að lesa að nýju úr tilvitnun í ræður þeirra, þá kom þar fram, að þeir játuðu, að það kerfi, sem búið væri við, hefði boðið heim mörgum mistökum. Ég er búinn að nefna eitt dæmi, sem fjmrh. þáv. nefndi, en það kom einnig fram, *að þeir höfðu enn trú á því, þrátt fyrir það, að þetta væri* játning eftir 8 ár, að hægt væri að lappa upp á þetta kerfi. Þar er ég algerlega ósammála, og þar er þessi ríkisstj. algerlega ósammála. Hún telur, að það verði ekki lappað upp á þetta kerfi, sem nú er búið við. Það verði að eiga sér stað alger stefnubreyting. Og það hefur orðið að ráði með þessu frv., að um leið og stefnt er að markvissri áætlanagerð, þá eru slegnar fleiri flugur í því höggi og unnið að því um leið að gera stjórnkerfið einfaldara og skilvirkara. Og það er stefnt að því, að það verði í fyrstu unnið að því að samræma stefnu hinna mörgu fjárfestingarlánasjóða, sem hér hafa upp risið í landinu, en síðan, eins og segir í 2. mgr. 14. gr. frv., verði unnið að því að leggja fleiri fjárfestingarsjóði undir þessa stofnun, því að sannleikurinn er sá, að hinir mörgu fjárfestingarsjóðir, sem hafa verið að vinna að svipuðum verkefnum, hafa farið hver inn á annars verksvið meira og minna og þurft að hafa meiri og minni samráð við einn, tvo eða þrjá banka. Þetta kerfi hefur reynzt svo þungt í vöfum á undanförnum árum, að það hefur lagzt sem mara á einkaframtakið í landinu, sem hv. sjálfstæðismenn þykjast bera svo mjög fyrir brjósti. Og það hefur verið þannig í þessu kerfi, að dugmiklir, áhugasamir athafnamenn, sem leitað hafa til þess, og fyrst til þeirra sjóða, sem eðli málsins samkv. er eðlilegast að gera, hafa hvergi getað fengið svör, því að alltaf var svarið, að ákvörðun væri tekin einhvers staðar annars staðar, og þegar þeim er bent á, hvar sá staður sé og þeir fara þangað, þá fá þeir sömu svör þar, þannig að í þessu kerfi hefur það verið þannig, að það hefur virzt stundum eins og enginn vissi, hver raunverulega hefði ráðin, því að þessi segir: „Ég lána ekki nema hinn láni“, og sama segir hinn: „Ég lána ekki nema þessi láni.“ Svona hefur þetta verið, og þó að þessir sjóðir mundu halda áfram að starfa sjálfstætt að einhverju leyti, þá tel ég höfuðnauðsyn, að það verði þó a. m. k. ein afgreiðsla, einn staður, þar sem menn geta komið og lagt sínar umsóknir inn, og það sé þá eitthvert „apparat“, sem getur leitað og tekið að sér fyrir atvinnuvegi landsins að leita til þessara fjölmörgu sjóða. Og það er m. a. hugsunin með þessu frv. Ég skal engu spá um það, hve hratt það muni ganga fyrir sig að sameina sjóði, en alla vega tel ég, að nauðsynlegt sé að taka upp miklu nánari samvinnu þeirra en nú á sér stað.

Það er orðið áliðið kvölds, og þó að mörg fleiri atriði væri æskilegt að ræða af því, sem fram hefur komið hér í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, þá ætla ég að stilla mig og setja hér punktinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég geri mér raunar ekki alveg ljóst, hvernig ber að skilja ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 11. þm. Reykv. Í máli sínu áðan talar hann mjög um það, að skoðun okkar sjálfstæðismanna hafi breytzt, hún sé nú þveröfug við það, sem fram kom í nál. við frv. um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og

gjaldeyrisnotkun frá árinu 1969, nál., sem undirskrifað er 17. marz 1969. Ég hygg, að ég þurfi varla að rifja það upp fyrir hv. 11. þm. Reykv., að hér er nokkuð ólíku saman að jafna, en ég hygg þó rétt að gera það.

Það er þá í fyrsta lagi, að í því frv., sem þar er fjallað um og í þeim ummælum, sem hann vitnar til, ummælum hæstv. fyrrv. fjmrh. annars vegar og hins vegar hv. fyrrv. þm., Ólafs Björnssonar, fjalla þeir þar um, með hvaða hætti beri að hafa stjórn á heildarfjárfestingunni í landinu. Og það er ekkert nýmæli og er staðfest í verki og í reynd af fráfarandi ríkisstj. og þeirri skipulagningu og áætlanagerð og öðru þvílíku, sem hún hafði forgöngu um að koma upp hér á landi, hverja skoðun hún hafði á því máli. Hitt finnst mér mjög athyglisvert um hv. þm., að hann reynir að gera því hér skóna, að uppbygging þessara tveggja stofnana sé með eitthvað svipuðum hætti, annars vegar uppbygging Atvinnumálastofnunar og hins vegar uppbygging Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það getur hver maður séð í frv. til l. um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, að þar er svo kveðið á, að forsrh. skuli skipa stjórn Atvinnumálastofnunar til tveggja ára í senn samkv. tilnefningu. Það segir svo í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Stéttarsamband bænda tilnefna einn mann hvert. Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga tilnefna sameiginlega einn mann, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sameiginlega einn mann. Formaður skal sá skipaður, sem bankarnir tilnefna."

Ég hygg, að hv. þdm. verði að virða mér það nokkuð til vorkunnar, þó að ég líti svo á, að yfirstjórn þessarar stofnunar sé með nokkuð öðrum hætti heldur en hér er gert ráð fyrir í frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Annars gefur þessi mikla tilhneiging hv. þm. til þess að glugga í frv. til l. um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun tilefni til að spyrja um það, hvort ætlunin sé kannske að koma hér á einhverju eftirliti með gjaldeyrisnotkun landsmanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi stofnun skuli hafa aðstöðu til þess að takmarka hana. Hér stendur í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálastofnunin hefur vald til að koma í veg fyrir þá fjárfestingu og þá gjaldeyrisnotkun, sem samrýmist ekki ákvæðum 7. gr. að dómi stofnunarinnar. Ef brýna nauðsyn ber til, er Atvinnumálastofnuninni heimilt að banna tiltekna tegund fjárfestingar eða gjaldeyrisnotkunar um tiltekinn tíma."

Öll þessi tilvitnun hv. þm. til þessa frv. gefur því sannarlega tilefni til þess, að spurt sé: Stendur eitthvað þvílíkt til núna? Eigum við eftir að fá aðra jólagjöf núna á þessu ári? Stendur það til ofan á allt það, sem búið er að gera, að nú eigi að fara að skammta landsmönnum gjaldeyri? Eða stendur það til, sem fleygt hefur verið, að núna eigi að leggja grundvöll að nýrri gengisfellingu með því að taka hér upp einhvers konar innflutningsgjald? Ef hv. þm. vill ræða við mig um þessi mál, þá er ég sannarlega tilbúinn til þess. En ég hygg, að hann skuli gera sér ljóst, að það er töluvert ólíku saman að jafna, annars vegar eins og þarna segir í till. hans, að atvinnuvegirnir og fulltrúar launþega, fulltrúar byggðarlaganna, skuli skipa stjórn stofnunarinnar, eða eins og hér er gert ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar skuli skipuð þremur kommissörum, sem samkv. ummælum hv. 4. þm. Norðurl. v. eiga að vera alls ráðandi, en stjórn stofnunarinnar, sem er þingkjörin, á ekkert að gera nema stimpla það, setja sitt vörumerki á þær afgreiðslur, sem þar fara fram.

Hitt verð ég að segja, að það sýnir óvænta og mikla bjartsýni, ég vil segja barnalega bjartsýni, þegar hv. þm. tilnefnir hérna ein mistök, sem orðið hafa í sambandi við fjárfestingu í landinu. Og hann tekur þar dæmi af, að allt það kerfi, sem við höfum búið við í 8 ár, eigi að vera ónýtt vegna þessara einu mistaka. Ég segi: Mikil er trú þín, kona, ef þessi hv. þm. heldur, að engin ein mistök komi fyrir í öllu þessu mikla fjárfestingarbákni, sem hér á að koma á. Og það væri þá vissulega tímabært að spyrja hann að því, þegar mistökin fara að dynja yfir, hvort ekki sé kominn tími til þess að söðla aftur um.

Að lokum vil ég aðeins ítreka það, sem hefur löngum verið stefna okkar sjálfstæðismanna, að við höfum ævinlega talið, að í sambandi við fjárfestingu og í sambandi við atvinnuvegina þurfi að koma á sem víðtækustu samstarfi milli stjórnvalda og stéttarsamtaka og annarra almenningssamtaka, er málin varða, og við atvinnuvegina. Það hefur verið okkar skoðun, og að því hefur verið stefnt.

Ég hygg, að ekki sé ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta hér til viðbótar, en ég vil þó að lokum brýna hv. 11. þm. Reykv. á því, fyrst hann tekur svo mjög mikið mark á þeim nál., sem gefin voru út í marz 1969, hvað hann segir þá um þau ummæli, sem hv. þm. Framsfl. skrifa þá undir, og þar stendur m. a. svo um Atvinnumálastofnun o. s. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta kveður á um, að komið verði upp opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins."

Þessir leiðandi menn áttu að eiga sæti í stjórn stofnunarinnar. Stendur þetta enn? Ef svo er, ef framsóknarmenn eru enn þessarar skoðunar, þá er kannske enn tóm til þess að skjóta á fundi í fjhn. milli 2. og 3. umr. og ræða þetta mál sérstaklega. Ég er alveg viss um það, að við í minni hl. munum gefa okkur tóm til þess að ræða það á fundi fjhn. Ed. milli 2. og 3. umr., hvort þess væri nokkur kostur að gefa atvinnuvegunum tækifæri til þess að hafa meiri hönd í bagga með Framkvæmdastofnun ríkisins en gert er ráð fyrir samkv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég stend nú hér upp og kveð mér hljóðs út af fáeinum atriðum, sem ég þarf að koma á framfæri. Þannig er, að ég hafði borið fram brtt. við brtt. frá minni hl. fjhn., 6. tölul. þeirrar brtt., þar sem í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því að orða till. þeirra með svolítið öðrum hætti og ítreka eða undirstrika, að þetta ætti fyrst og fremst við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga og einnig að ráðstöfun fjár ætti sér stað, eftir því sem við yrði komið. Nú hefur það gerzt, að hv. talsmaður minni hl. fjhn. hefur dregið till. sína til baka, en borið fram nýja till. með þessu eina orði í, þ. e. „viðkomandi" lands-

hlutasamtök, og stendur þá mín brtt. þannig af sér, að aðaltill. er fallin á brott. Ég sé mig því tilneyddan að bera hana fram á nýjan leik, þó að mér þyki að vísu harla afkáralegt, að ekki skuli vera hægt að komast að endanlegu samkomulagi um þetta smávægilega orðalag, sem þarna er. Ég taldi mig hafa rökstutt það nægilega hér áður, að eðlilegt væri að orða þetta með örlítið öðrum hætti, en úr því að samkomulags er ekki kostur, þá verð ég víst að endurflytja þessa till. En hún hljóðar þá svo, það er brtt. við brtt. við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins frá minni hl. fjhn., 6. tölul., frá Ragnari Arnalds:

„Mgr. orðist svo: Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið."

Það er sem sagt bara seinasti setningarliðurinn, sem ágreiningur er um. Ég vildi nota tækifærið og láta þess getið, að mér hafa orðið á pennaglöp, þegar ég skilaði frá mér brtt. á þskj. 154. Þar segir í 3. lið, við 11. gr.: „Greinin orðist svo: „Pennaglöpin eru fólgin í því, að þarna á að standa: „1. mgr. orðist svo." Mér hefur láðst að taka eftir því, að framhald greinarinnar er á næstu síðu, og ef þetta yrði samþ. með þessum hætti, þá félli það niður, sem þar stendur. Þetta eru sem sagt pennaglöp, sem ég vil leyfa mér að óska eftir, að verði leiðrétt, um leið og till. er borin upp. Ég reikna nú ekki með, að svona lítilfjörleg leiðrétting kosti það, að bera þurfi fram sérstaka brtt. og vil mælast til þess við forseta, að ef enginn hreyfir andmælum, þá verði greinin borin upp með þessum hætti. Og ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Norðurl. e., samnm. mínum í fjhn., fyrir að hafa bent mér á þessi pennaglöp.

Það er nú kominn nokkur gustur í þessar umr., og þær gætu sjálfsagt staðið nokkuð fram á nótt, ef menn óskuðu eftir því. En ég reikna með, að flestir vilji nú fara að stytta þetta.

Hv. síðasti ræðumaður spurði hér með þjósti miklum, hvort til stæði að fella gengið á næstu vikum eða koma upp miklum gjaldeyrishömlum núna rétt fyrir jólin ofan á allt annað. Ég vil leyfa mér að gleðja hv. þm. með því, að hann þarf áreiðanlega ekkert að óttast og hann getur áreiðanlega átt ánægjulega jóladaga í vændum óáreittur af gengisfellingum eða annarri óáran. Það er nú svo, að komin er til valda ríkisstj. í landinu, sem mun ekki taka upp þann sið, eins og var nú háttur hinnar fyrri ríkisstj., að fella gengið næstum því árlega.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 164) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka aftur til máls, nema vegna þess að hv. 11. þm. Reykv. vék að mér nokkrum orðum.

En áður en ég kem að því, þá aðeins eitt orð í sambandi við síðustu ummæli síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. v. Hann sagði, að við þyrftum ekki að búast við gengislækkun núna næstu daga eða næstu vikur. Það eru miklar upplýsingar og gott að fá þær. Hann sagði líka, að vinstri stjórn væri ekki vön að fella gengið. Hv. þm., þessi sami, sagði í dag, að vinstri stjórnin 1956–1958 hefði ekki haft tíma til þess að sinna þjóðhagsáætlunum og framkvæmdaáætlunum. Hún hafði ekki tíma. Hún hafði heldur ekki tíma til þess að fella gengið, en það var fallið, og það var fyrsta verk næstu ríkisstj. að leiðrétta gengið. Og þó að gengið verði ekki núna fellt á næstu vikum, þá er ekki þar með sagt, að það geti ekki farið svo, að líf þessarar stjórnar verði það skammvinnt, að hún hafi ekki tíma sjálf til þess að fella gengið, vegna þess að það verði komin önnur ríkisstj. til þess að leiðrétta það.

Ég sagði, að ég hefði ekki ætlað að taka til máls, nema af því að 11. þm. Reykv. vék að mér nokkrum orðum. Mér fannst ekki ástæða til þess að taka til máls út af þeim svörum, sem hæstv. forsrh. gaf við fsp. mínum hér áðan. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Þau voru skýr og greinargóð. Ég skal ekki fara að rekja hér efni þeirra. Sérstaklega þótti mér gott, að hann skyldi segja nei við einni spurningu, sem ég spurði. Það var varðandi 3. mgr. 12. gr. frv., en hún er svo orðuð, að mér þótti ástæða til þess að spyrja, hvort ætlunin væri, að Framkvæmdastofnunin gæti sagt sjóðum og bönkum fyrir um einstakar lánveitingar án tillits til ákvæða þeirra laga, sem um þessa sjóði og banka fjalla. Hæstv. forsrh. svaraði þessari spurningu neitandi. Ég er mjög ánægður með það svar, og það verður tekið eftir því, ef það svar stenzt ekki tíma reynslunnar.

Er þá aðeins að víkja nokkrum orðum að hv. 11. þm. Reykv., og hann var tilefni þess, eins og ég hef sagt áður, að ég stóð upp. Hann sagði, að ég hefði sagt, að það væri skoðun hans, að aðalatriðið væri, að pólitíkusar önnuðust framkvæmd eða gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur hjá hv. þm. Ég sagði þetta ekki, og ég verð að játa það, að ég ætla ekki þessum hv. þm. að vera svo grunnhygginn, að hann hafi sagt þetta. Það hefði ekki komið mér til hugar. En ég vék nokkrum orðum að ummælum hans og tilvitnunum í fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, og Ólaf Björnsson prófessor. Hann vitnaði í ummæli þessara manna til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni eða skoðun, að það væri ekki allt fullkomið og hefði ekki verið á undanförnum árum og misserum, sem viðkemur þjóðhags- og framkvæmdaáætlunum. Ég sagði, að ég væri sammála þessu. Það hefur aldrei hvarflað að mér, að það gæti verið svo, að allt væri fullkomið í þessum efnum og það þyrfti ekkert um að bæta. En það, sem okkur greindi á um, var, að ég sagði, að það, sem hefði verið gert í þessum efnum, hefði tekizt harla vel. En þetta mál er þess eðlis, að óhjákvæmilega hlýtur að taka nokkurn tíma, að málin þróist eðlilega.

Hv. þm. sagði og býsnaðist mikið yfir því, að þó að þessir mætu menn, Magnús Jónsson og Ólafur Björnsson, teldu ýmsilegt athugavert við ástandið í þessum efnum, þá, eins og hann orðaði það, vildu þeir samt lappa upp á kerfið eftir 8 ár. Ummælin, sem vitnað var í, voru önnur sögð árið 1969, og hin, að ég hygg, 1967. Hvaðan hefur hann 8 ár, þegar þetta kerfi er sett upp 1966? Svona er málflutningur þessara manna.

Þessi hv. þm. sagði: „Framkvæmdastofnuninni er ætlað að hrinda í framkvæmd stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum." Þetta held ég, að sé alveg rétt. En hvers

vegna þarf að setja lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, til þess að ríkisstj. geti gert þetta? Hvers vegna notar hún ekki það kerfi, sem fyrir er? Hún getur notað það, ef það er rétt, sem látið er í skína af hálfu hæstv. forsrh., að þetta sé tiltölulega meinlaust frv. og það feli ekki í sér þjóðnýtingu, ekki stórlega aukin opinber afskipti. En þessi skoðun kemur ekki að öllu leyti heim við skoðanir hv. 4. þm. Norðurl. v., og því hefur verið lýst hér af öðrum, og ég skal ekki endurtaka það. En einmitt þetta, að það sé nauðsynlegt að setja þessi lög, fá þetta frv. samþ., vegna þess að kerfið, sem núna er, dugi ekki, er bezta viðurkenning á því, að það er rétt, sem við höfum haldið fram um það, að það sé varasamt að samþykkja frv. Það er raunar óhæft til þess, að það verði samþ., vegna þess að það felur í sér stórkostlega stefnubreytingu, sem er fráhvarf frá þeirri stefnu frjálsræðis og framtaks, sem viðreisnarstjórnin fylgdi með svo góðum árangri, að hagsæld og velferð þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri en síðasta áratug. Það er fráhvarf frá þessari stefnu til stefnu opinberra afskipta og hafta, sem við þekkjum allt of vel.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera nokkrar aths. og raunar mótmæla orðum hv. 11. þm. Reykv. út af nál., sem hann vitnar í og ég undirritaði ásamt fleirum 17. marz 1969. Hann er þar mjög að reyna að koma því inn hjá hv. þdm., að einhvert samband sé á milli þessara væntanlegu kommissara og þess fyrirkomulags, sem lagt var til í frv. um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem var borið fram og var mál nr. 114 á þinginu 1968. Hér er gersamlega blandað saman málum, og, með leyfi forseta, verð ég að gera nokkurn samanburð á þessum tveimur frv., því að tilefni gafst ærið til þess, og virðist sem hv. stuðningsmenn stjórnarflokkanna hafi nógan tíma til umr., og verðum við þess vegna að fá tíma líka til þess að svara.

Í 2. gr. segir: „Hlutverk Atvinnumálastofnunarinnar er: 1. Að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar." Í lið 4 segir: „Að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála og þá einkum með því að setja um þau almennar reglur." Í 5. gr., eins og gert var hér grein fyrir áðan, segir nákvæmlega um skipan stjórnar, en hún er alveg óháð og er ekkert kveðið á um samband stjórnar við hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma. En þessu er allt öðruvísi farið í frv. núna og engan veginn sambærilegt. Frv. um Atvinnumálastofnun var á allt annan veg, og það kemur rækilega fram í nál., sem við undirrituðum á sínum tíma, þáv. meiri hl., og röktum það, sem í því er frá okkar sjónarmiði, og þarf raunar ekki að fara nánar út í það. En að ætla að blanda því saman og segja, að tengslin núna séu lausn, þannig að þetta geti allt verið slétt og fallegt með þessum þremur mönnum, er auðvitað alger fjarstæða. Og það hefur komið fram hér hjá hæstv. forsrh., að við séum að draga í efa hæfni manna, sem eru í stjórnmálum, í pólitík, til þess að geta skipað vissar trúnaðarstöður. Það er fjarri mér.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram í hans ræðu, að þegar Efnahagsstofnunin var sett á stofn fyrir allmörgum árum, höfðum við fámennt starfslið og lítt þjálfað, „en í dag", sagði hann, „höfum við þjálfað starfslið og nokkra reynslu, og á því byggir þetta frv." Það er þess vegna, sem ég tel, að hér sé um skref fram á við að ræða, og því fylgjum við því í Alþfl. Við byggjum á því, sem fyrr var gert, og það er alveg út í hött að reyna æ ofan í æ að kasta hnútum að því, sem vel hefur verið gert á undanförnum árum, þó að viðreisnarstjórn hafi verið og núv. stjórnarandstöðuflokkar. Ég veit ekki, af hverju þessi handaþvottur þarf sí og æ að koma upp í umr. Af hverju þá? Af hverju að vera að byggja frv. á því, sem vel hefur verið gert undanfarið og vitna í það annað slagið og draga svo í land hinn sprettinn? Eða ef þetta hefur verið svona vont, hví þá að reikna með því, að einhverjir starfsmenn úr Efnahagsstofnuninni í dag verði starfsmenn í þessari hugsanlegu Framkvæmdastofnun? Þá byggjum við ekki á neinni reynslu. Og hvernig fer þá um ýmsa hluti? Nei, því er nú verr, að Akkillesarhællinn, veiki punkturinn í frv., er að troða þarna inn þessum sérstöku mönnum, og það er engin þörf á því, vegna þess að í 2. gr. er rækilega tekið fram, hvernig stjórn stofnunarinnar skal skipa, og Alþ. hefur þar val um, og ríkisstj. mun sjá til þess á hverjum tíma í gegnum sinn meiri hl., að þar sitji menn, sem styðja hana, og hún hefur þess vegna fullkomið stjórnunarlegt vald, sem eðlilegt er, og í brtt. okkar, sem við stóðum allir að og hv. 4. þm. Norðurl. v. orðaði, er einmitt kveðið svo á, að leita skuli umsagnar ríkisstj. hverju sinni, þegar um stórákvörðun er að ræða, og þetta tel ég eðlilegt.

En þessu var engan veginn svo farið í Atvinnumálastofnuninni. Hún hafði sjálfstæða, óháða stjórn, eða átti að hafa, sem þurfti engan veginn að leita til ríkisstj., og hún átti að marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar alveg óháða ríkjandi stjórnarstefnu. Það gat auðvitað ekki farið saman. Þetta er ekkert skylt. En í dag erum við á því, að þetta eigi að fara saman. Þetta er alveg augljóst mál, mismunurinn á frv. Ég vildi bara undirstrika þetta rækilega, að það er ekki hægt að blanda þessu saman, og þess vegna varð ég að mótmæla þessum hugsunarhætti, sem kom hér fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv.

Það væri vissulega ástæða til þess að fara enn meira út í þetta frv. að gefnu tilefni, en ég vil undirstrika það, að gildi þessarar stofnunar og áhrif veltur gersamlega á góðri og skipulegri framkvæmd. Þetta vil ég undirstrika. Þrír pólitískir umboðsmenn draga úr þessum möguleika og setja leiðinlegan blæ á stofnunina.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir, að ég fæ að segja hér örfá orð, þarf ekki að segja nema örfá orð. En ég taldi alveg nauðsynlegt að gera örstutta aths. við mál hv. síðasta ræðumanns.

Sumir virðast hafa hér í hv. d. afar ríka tilhneigingu til að misskilja eða mistúlka það, sem menn segja. Og ég held, að öll ræða hv. síðasta ræðumanns hafi verið algerlega tilefnislaus af minni hálfu. Hann lagði ranglega út af máli mínu. Hann sagði, að ég hefði verið að reyna að halda því fram, að það væri mjög svipað yfirbragð á þessu frv., þ. e. ákvæðunum um stjórn Framkvæmdastofnunar og þeim ákvæðum, sem hefðu verið í frv. framsóknarmanna 1968 um Atvinnumála-

stofnun. Þetta er alger misskilningur, þetta sagði ég aldrei. Ég var einmitt að benda á það, að þarna hefði orðið á mikil breyting. Ég rakti, hvernig ákvæðin hefðu verið um stjórn Atvinnumálastofnunar samkv. frv. framsóknarmanna, og ég þarf ekki að minna menn á, hvernig stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á að vera samkv. þessu frv., sem hér er til umr. (Gripið fram í.) Ég sagði aldrei, að það væri neitt líkt með þessu. Ég var einmitt að benda á, að það, sem gerzt hefði, væri það, að þetta hefði breytzt. Nú væri það ríkisstj. og Alþ., sem hefði í gegnum stjórn þessarar Framkvæmdastofnunar og framkvæmdaráðsins vald yfir þessari stofnun, og þessi stjórn og þetta framkvæmdaráð bæri ábyrgð gagnvart ríkisstj. og Alþ. Þessi breyting hefði átt að valda því, að sjálfstæðismenn tækju þessu frv. að þessu leyti betur en frv. um Atvinnumálastofnun, því að þeir höfðu það þá sem aðalröksemd fyrir því að vísa því frv. frá, að þeir teldu óhæft, að fulltrúum stéttarsamtaka væri falið svo víðtækt vald sem þar var um að ræða og er svipað og það vald, sem þessari stofnun á að fela. Þó að frv. séu ekki að öllu leyti sambærileg, eru þau svipuð um áætlanagerð og heildarstjórn fjárfestingar. Þeir hefðu átt að fagna því, að gengið er raunverulega til móts við þær skoðanir, sem komu fram í nál. meiri hl. þáv. fjhn. þessarar hv. d., sem hv. 5. þm. Reykn. skrifaði undir. Andstaða hans við frv. eða aðalaths. við það, þegar því var vísað frá, var sú, að það væri óhæft að fela stéttafulltrúum svona mikið vald, og Alþ. og ríkisstj. hefðu ekki nægjanleg ráð yfir þeirri stofnun, sem þá var um að ræða. Og mér finnst, að í stað þess að misskilja þetta svona herfilega, þá hefði hv. þm. frekar átt að fagna því, að þessi breyting, sem orðið hefur á ákvæðum um stjórn þessarar stofnunar frá því frv. 1968 yfir í ákvæði þessa frv., er í átt til þess, sem hann skrifaði undir 1969.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að blanda mér mikið inn í þessar umr., enda hafa þær staðið nokkuð lengi og margt verið sagt í sambandi við það frv., sem hér er til umr. Ég sé þó ástæðu til þess að gefnu tilefni, ýmsum tilefnum, sem hér hafa komið fram í þessum umr., að ræða málið lítillega a. m. k.

Það er engum vafa undirorpið, að ef þetta frv., sem hér er til umr., verður að lögum, þá er um gerbyltingu að ræða í sambandi við fjárfestingarmálin í landinu og skipun þeirra. Hér er verið að taka vald úr höndum ýmissa stofnana, sem hafa starfað og haft með höndum fjárfestingarmálin í landinu á undanförnum árum, og færa það í hendur lítils hóps, pólitísks hóps. Og við skulum bara gera okkur grein fyrir því, hvað hér verður um mikla breytingu og byltingu að ræða í þessum efnum og hvert er stefnt í sambandi t. d. við stjórn og ráðstöfun á fé Byggðasjóðs. Þegar Atvinnujöfnunarsjóður var stofnaður, var hlutverk hans fyrst og fremst að byggja upp atvinnulífið í hinum dreifðu byggðum, og stjórn þessa sjóðs var þannig skipuð, að það voru jafnan í henni þeir menn, sem þekktu vel til þessara mála úti á landsbyggðinni. Og eftir að lögin í sambandi við álverið í Straumsvík voru samþykkt, jukust mjög þeir fjármunir, sem eiga að fara í gegnum þessa stofnun. Og það segir sig sjálft, að þar sem um slíkt fjármagn er að ræða, sem ætlað er að verða til uppbyggingar í dreifbýlinu, þá skiptir það ekki litlu máli, að það séu þeir menn fyrst og fremst, sem gera tillögur um ráðstöfun á því fé, sem þekkja til úti í dreifbýlinu. En það er sýnt, að ef þetta frv. verður að lögum og stjórnin verður sett í hendur þriggja pólitískra starfsmanna, þá verður allt annar háttur hafður á í þessum efnum en verið hefur.

Í 4. gr. frv. er kveðið skýrt á um það, að ríkisstj. skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Verkefni framkvæmdaráðsins er m. a. í fyrsta lagi að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar. Í öðru lagi að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina. Í þriðja lagi að gera tillögur um árlegar heildaráætlanir fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstaka lánveitingar úr þeim. Í fjórða lagi að ráða að stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar, sbr. þó 3. gr., 1. tölul.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, sem fram kemur í 3. tölul. 5. gr., þar sem þessari framkvæmdastjórn þessara þriggja manna er gefið það í hendurnar að gera tillögur um allar einstakar lánveitingar, sem Byggðasjóður t. d. hefur með að gera. Það sjá allir, að það liggur í augum uppi, að hér er verið að færa valdið frá hinum dreifðu byggðum, sem Byggðasjóður á fyrst og fremst að vera til uppbyggingar fyrir, í hendur þessara þriggja pólitísku starfsmanna. Ég þekki það, af því að ég hef dálítið fylgzt með störfum atvinnujöfnunarsjóðsnefndarinnar, að á undanförnum árum hefur verið allgott samstarf milli þessara manna, sem þá stjórn hafa skipað, og það er fyrst og fremst vegna þess, að þeir hafa haldið þar á málunum, sem hafa þekkingu á málefnum fólksins. En hvernig er hægt að ætlast til þess, að slík stjórn sem hér er gert ráð fyrir, að verði sett á laggirnar, hafi sambærilega þekkingu á högum fólksins í strjálbýlinu og núv. og fyrrv. stjórnir Atvinnujöfnunarsjóðsins hafa haft?

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að enda þótt þessi sjóður hefði aðeins 5–10 millj. yfir að ráða til útdeilingar á fyrstu árunum, þá var þetta talið geysilega þýðingarmikið. Eftir því sem árin hafa liðið, hefur það fjármagn, sem gegnum þennan sjóð hefur farið, alltaf aukizt, en í sambandi við lögin um álverið í Straumsvík koma fyrst verulega auknar tekjur til ráðstöfunar í þennan sjóð, og einmitt þegar komið er að því, að þessi sjóður verður virkilega öflugur, – því að það líða ekki mörg ár, þangað til hann kemur til með að nema hundruðum millj., ef lögum hans verður ekki breytt, – þá er farið að breyta til í þessum efnum og tekin stjórnin af þeim, sem hafa ráðið þessu og hafa þekkt vel til í strjálbýlinu, og færð yfir í hendur þriggja manna pólitískrar stjórnar, sem á að gera allar tillögur til stjórnar Framkvæmdastofnunar. Þangað eiga menn fyrst og fremst að snúa sér, til þessara þriggja manna, og það á að vera undir því komið, hvaða tillögur þeir gera til stjórnarinnar, hvaða náð hinar einstöku lánbeiðnir finna fyrir augum þessara manna, hvort þeir geta vænzt góðrar lausnar í sambandi við beiðnir sínar. Ég tel, að það sé kannske þetta, sem skipti mestu máli og raski frá þeirri heillastefnu, sem haldið hefur verið í þessum málum á undanfarandi árum í sambandi við Atvinnu-

jöfnunarsjóð, þ. e. sú skipun, sem nú á að vera á þessum málum hér. Og enda þótt það eigi að skipa sjö manna stjórn, sem síðan á að afgreiða endanlega þessi lán, þá skiptir það vitanlega litlu máli. Aðalatriðið er sú málsmeðferð, sem umsóknirnar fá þegar í upphafi hjá þessari þriggja manna stjórn.

Það hefur margt blandazt inn í þær umr., sem hér hafa átt sér stað varðandi þá stefnu, sem hér er verið að taka upp í fjárfestingarmálunum. Og þeir stjórnarliðar, sem hér hafa talað, hafa gefið yfirlýsingar um eitt og annað, t. d. að gengisfellingar eigi ekki að eiga sér stað, eins og áður hefur átt sér stað. Þessi stjórn er nú ekki búin að sitja við völd nema 5 mánuði, svo að það er nú varla við því að búast, að hún hafi gert ráðstafanir til þess að fella gengið, þegar líka er tekið tillit til þess, hvernig ástandið var í efnahagsmálum þjóðarinnar, þegar hún tók við. Það var nú eitthvað annað, ástandið í fjárhagsmálum þjóðarinnar, þegar þessi stjórn tók við, eða þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum 1959, þegar þjóðin var komin fram á hengiflug gjaldþrots og ekkert blasti við annað en fjárhagslegt öngþveiti fyrir þjóðina. Nú var hins vegar þannig ástatt, þegar núv. stjórnarflokkar tóku við, að þeir gátu byrjað á því strax daginn eftir að veita stórar fjárupphæðir úr ríkissjóði, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Og ætli það sé nokkur furða, þótt þessir menn geti lýst yfir því hér úr ræðustóli, að ástandið sé þannig, að ekki þurfi að búast við því, að gengið verði fellt núna fyrir jólin. Menn muna frá árunum 1956–1958, þegar vinstri stjórnin var við völd, að það var ekki einungis, að menn fengju jólagjafir. Þessar svo kölluðu gjafir frá þeirri stjórn voru allar á þann veg, að það var verið að leggja auknar og nýjar byrðar á þjóðina. Þær áttu sér stað bæði vor og haust þennan stutta tíma, sem sú stjórn sat hér að völdum. En núna, þegar við gerum okkur grein fyrir því, að ástandið í gjaldeyrismálunum hefur aldrei verið betra en það er einmitt, þegar þessi stjórn tekur við, og ástandið í efnahagslífi þjóðarinnar er þannig yfirleitt, þá þykir þeim einhver furða að geta lýst því yfir, að þeir ætli ekki á morgun að fella gengið. Það er svo sem nokkuð til að hæla sér af, að þeir skuli vera með slíkar yfirlýsingar í sambandi við þessar umr.

Það væri betur, að þessir forsvarsmenn ríkisstj. héldu þannig á málefnum þjóðarinnar, að þeir gætu haldið áfram að gefa slíkar yfirlýsingar varðandi efnahagsmál hennar, að það þyrfti ekki að koma til þess, að gengið yrði fellt til þess að sjá atvinnulífi þjóðarinnar farborða. Því miður er það nú svo með íslenzkt atvinnulíf, að það er háð þeim sveiflum, að það geta hvenær sem er skollið yfir þær öldur í sambandi við verðlagsmál sjávarútvegsins, að grípa verði til ýmissa ráðstafana, sem við kannske sjáum ekki fram á, að þurfi að gera í dag eða á næstu vikum. Við þekkjum það af reynslunni frá fyrri árum, að það þurftu ekki að líða mörg ár stundum frá því að allt var bjart fram undan og þar til syrti í álinn og varð að gera óhjákvæmilegar ráðstafanir, ráðstafanir, sem vissulega skertu hagsmuni almennings. Við skulum vona, að þeir tímar séu ekki fram undan. En við munum enn eftir árunum 1956 og 1957, það er ekki svo langt síðan. Við munum eftir árunum 1966 og 1967. Við munum eftir góðærinu 1965, þegar allt var í toppi. Það kom oft fram í umr., þegar verið var að samþykkja hér á hv. Alþ. að koma á verðjöfnunarsjóðnum fyrir afurðirnar, að við hefðum ekki gert rétt á árunum 1964 og 1965, þegar allt var í toppi, að leggja ekki eitthvað til hliðar til þess að geta brúað bilið yfir lægðina, þegar verðhrunið kom og aflabresturinn átti sér stað hjá atvinnuvegunum.

Nú virðist ekki vera lagt mikið upp úr því að halda því kerfi við, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að á meðan svo er og ekki er sýnilegt annað en það verði um langan tíma enn, að við verðum fyrst og fremst að byggja á afkomu sjávarútvegsins, þá geta slíkar sveiflur endurtekið sig, bæði í aflamagni og einnig hvað verðlagsmálin snertir, sem áttu sér stað á árinu 1967. Og það var einmitt eftirtektarvert á þeim árum, að saman skyldi fara hinn alvarlegi aflabrestur og verðfall afurðanna. Það er annars oft svo, að þegar aflabrestur á sér stað og minnkandi framboð verður á einhverri vöru, þá er auðveldara að fá verðið hækkað. En þessu var ekki þannig háttað 1966 og 1967. Þá fór saman minnkandi afli hjá sjávarútveginum og lækkandi verðlag á hinum erlenda markaði, sem við þurftum að sækja til og selja okkar afurðir á.

Það er vissulega ekki nóg að samþykkja lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og setja upp stofnun til þess að deila einum og öðrum út af náð einhverra einstakra manna, sem kjörnir verða af ríkisstj. til þess að veita slíkri stofnun forstöðu. Það er ekki nóg að skapa þann ramma. Það er ábyggilega þýðingarmeira að tryggja samstöðu íslenzku þjóðarinnar um að efla þann atvinnuveg, sem við eigum mest undir, og uppbyggingu þjóðarinnar út um hinar dreifðu byggðir, til þess að fólkið haldist þar við og nýti þá hagsmuni, sem eru við strendur landsins. En það er enginn vafi á því, að með þessu frv. er stigið spor til baka í sambandi við það að byggja upp atvinnuvegi úti um hinar dreifðu byggðir. Það er ekki ætlazt til þess með þessari þriggja manna nefndar- eða forstjóraskipun, sem áformuð er, að þar geti verið um að ræða þá þekkingu, sem til þarf og sem stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur haft til þess að sinna starfi sínu í sambandi við þær lánveitingar, sem Atvinnujöfnunarsjóður hefur annazt með því fjármagni, sem hann hefur haft til ráðstöfunar á undanförnum árum. Við vitum það vel, sem fylgzt höfum með atvinnulífinu í landinu, að enda þótt þeir fjármunir, sem þessi Byggðasjóður eða Atvinnujöfnunarsjóður hefur haft með höndum á undanförnum árum, hafi verið takmarkaðir, þá hefur með þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið í þessum efnum, verið hægt að hjálpa ótrúlega mikið til að byggja upp atvinnulíf víða í hinum ýmsu byggðarlögum. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að hér er spor stigið til baka í þessum efnum frá því, sem verið hefur.

Það er sjálfsagt ýmislegt fleira, sem ástæða væri til þess að segja, en margt hefur komið hér fram, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér að þessu sinni. En í sambandi við þessar yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar um það, að ekki vofi yfir gengisfall á næstu vikum, og eins út af öðrum yfirlýsingum varðandi starfsemi þessarar Framkvæmdastofnunar, þá fannst mér ástæða til þess að segja skoðun mína á þeim þætti þeirra mála, sem veit að hinum dreifðu byggðum í þessu landi, sem eru fyrst og fremst störf Byggðasjóðs,

eða Atvinnujöfnunarsjóðs sem verið hefur, en sem nú á að skírast upp og kallast þessu nafni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:7 atkv.
2. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 156, 1 felld með 13:7 atkv.
3. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 150 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AJ, SteinG, ÞK, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, HBl.
nei: MÓ, PÞ, RA, StH, ÁB, BGuðbj, BFB, TK, GeirG, HFS, BJ.
Brtt. 156,2 felld með 11:9 atkv.
– 154,1 (ný 4. gr.) samþ. með 11:9 atkv.
– 154,2 samþ. með 13:7 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 156,3 felld með 13:7 atkv.
6. gr. samþ. með 13:7 atkv.
7.–10. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 154,3 samþ. með 13:7 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 156,4 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SteinG, ÞK, AuA, GH, JónÁ, HBl, AJ.
nei: PÞ, RA, StH, ÁB, BGuðbj. BFB, TK, GeirG, HFS, MÓ, BJ.
EggÞ, JÁH greiddu ekki atkv.
Brtt. 154,4 samþ. með 11:7 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 154,5 samþ. með 13:7 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv.
14.–17. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 154,6 (ný 18. gr.) samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 154,7 samþ. með 13:3 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv.
20.–23. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 154,8 (ný 24. gr.) samþ. með 13:7 atkv.
25. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 156,5 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SteinG, ÞK, AuA, GH, JónÁ, HBl, AJ.
nei: PÞ, RA, StH, ÁB, BGuðbj, BFB, TK, GeirG, HFS, MÓ, BJ.
EggÞ, JÁH greiddu ekki atkv.
26. gr. samþ. með 13:2 atkv.
27.–28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 154,9 (ný 29. gr.) samþ. með 13:1 atkv.
30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 154,10 (ný 31. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
– 156,6 tekin aftur.
– 161 tekin aftur.
– 164 samþ. með 11:7 atkv.
– 162, svo breytt, samþ. með 13:5 atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 13:6 atkv.
33.–34. gr. samþ. með 13:6 atkv.
35.–37. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 154,11 (ný 38. gr.) samþ. með 12:7 atkv.
39.–40. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:7 atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 165).
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., hefur gengið í gegnum Ed., eins og lög mæla fyrir um. Hefur það tekið nokkrum breytingum, en þó engum veigamiklum.

Það má segja, að í þessu frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins felist einkum eftirtalin meginatriði: Efling atvinnuveganna skal í framtíðinni byggð á skipulegum áætlunarvinnubrögðum. Er því í frv. að finna allítarleg fyrirmæli um margvíslega áætlanagerð og hagrannsóknir áætlunum til undirbúnings. Áætlanagerð og fjármagnsöflun eru tengd saman hjá einni stofnun, þannig að samræmi og samstarf sé um áætlun, ákvörðun um framkvæmd og fjáröflun og fjármagnsráðstöfun til hennar.

Stofna skal til samstarfs margra aðila um áætlanagerð, sem til þessa hafa haft of litla samvinnu sín á milli. Er þar um að ræða opinberar stofnanir, aðila vinnumarkaðarins, rannsóknar- og vísindastofnanir, lánastofnanir og fleiri aðila. Með slíku samstarfi ætti að vera unnt að fá betri og öruggari yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn og forðast margvísleg mistök og óþarfa kostnað.

Starfsemi þriggja stofnana, Efnahagsstofnunarinnar, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, sem eftir frv. á að nefnast Byggðasjóður, er tengd saman í einni stofnun og lögð undir eina stjórn.

Mörkuð er eindregin byggðaþróunarstefna, sem byggð skal á sérstakri áætlanagerð, sem gerð skal í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga, verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Byggðasjóður er stóreflidur með sérstöku framlagi úr ríkissjóði næstu 10 árin. Auk þess er framkvæmd byggðaáætlunarinnar tryggð með traustum tengslum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar eru og ákveðnar á hverjum tíma.

Framkvæmdastofnun ríkisins getur haft frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja. Hún getur annazt rannsóknir, áætlanir og annan undirbúning að stofnun þeirra, tryggt þeim eðlilegt lánsfé til stofnunar og starfrækslu og samið síðan við aðila atvinnuveganna um að hrinda málinu í framkvæmd.

Tekin er upp tiltekin heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Sú fjárfestingarstjórn er fyrst og fremst óbein og er fólgin í áætlanagerðinni, skipulagningu fjármagnsöflunar til þeirra framkvæmda, sem forgöngu eiga að hafa, og samræmingu útlána opinberra stofnlánasjóða og þeim viðtæku áhrifum, sem Fram-

kvæmdastofnunin getur haft á allt lánakerfið. Þá getur Framkvæmdastofnunin, ef þörf krefur, sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

Þetta eru þau höfuðatriði, sem stefnt er að með þessu frv., þau aðalsjónarmið, sem í því felast. Frv. er byggt á málefnasamningi stjórnarflokkanna, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlanagerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnunin skal gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greindar eru þær fjárfestingarframkvæmdir, sem forgang skulu hafa. Stofnunin fari með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið, að falli undir hana. Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein." Enn fremur segir: „Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæða þykir til."

Þetta frv. er í samræmi við þessi fyrirheit málefnasamningsins og miðar að því að koma þeim í framkvæmd.

Ég hygg, að naumast sé lengur deilt um gildi margvíslegra áætlanagerða í nútíma þjóðfélagi. Þær eru víðast hvar viðurkenndar sem mikilvægt hagstjórnartæki. Á það í rauninni jafnt við, hverjar svo sem stjórnmálaskoðanir manna eru og hver sem þjóðfélagslegu markmiðin eru, sem keppt er að. Mönnum verður æ ljósara, að mistök vegna þekkingarleysis og skipulagsleysis eða vegna rangra ákvarðana og markmiða geta ekki aðeins skipt sköpum fyrir fyrirtæki, heldur einnig valdið alvarlegum áföllum í efnahagslífi og framfarasókn þjóðarinnar. Þess vegna er það, að háþróuð nútíma þjóðfélög og stórfyrirtæki beita í æ ríkara mæli stöðugri, víðtækri og nákvæmri áætlanagerð til þess að forðast ýmiss konar byrjunarmistök og ná sem fullkomnastri nýtingu allra framleiðsluþátta, jafnt til hagsbóta fyrir einstaklinga og þjóðfélagsheildina.

Það segir sína sögu, að engir munu verja hlutfallslega meira fjármagni í margvíslega áætlanagerð, rannsóknir og tilraunir en stærstu, auðugustu og voldugustu auðhringar veraldar, enda þótt þeir séu að öðru leyti reknir eftir ströngustu lögmálum einkaframtaks og gróðahyggju.

Svo nauðsynleg sem áætlunarvinnubrögð eru stórþjóðum, eru þau þó enn nauðsynlegri smáþjóð eins og okkur Íslendingum. Smáþjóð með takmörkuð efni á nær öllum sviðum hefur ekki efni á mistökum, sem hægt er að komast hjá með skynsamlegum búskaparháttum. Hún er viðkvæmari fyrir mistökum við uppbyggingu atvinnulífs en stórþjóð með gnægð framleiðsluþátta og margra kosta völ. Hún hefur ekki efni á þeirri sóun, sem felst í tvíverknaði og margverknaði í rannsóknarstörfum, upplýsingasöfnun og áætlanagerð. Þess vegna er þörf á að koma fastara skipulagi á þessi málefni hér hjá okkur en verið hefur. Við eigum að mínu áliti að stefna að skipulegum áætlunarbúskap í framtíðinni. En slíkan skipulegan áætlunarbúskap þarf að byggja á vel gerðum og traustum grunni. Þetta frv., ef að lögum verður, miðar að því að skapa slíkan grunn.

En auðvitað þarf ekki að taka það fram hér, að skipulegur áætlunarbúskapur er ekki sama og þjóðnýting. Því verður ekki neitað, að félagshyggju hefur talsvert gætt í okkar þjóðarbúskap. Ég nefni þar t. d. margháttaða starfsemi samvinnufélaganna. Þegar á heildina er litið, verður það þó líklega að teljast einkenni á íslenzku efnahagskerfi og á íslenzkum þjóðarbúskap, að hann hafi í meginatriðum þróazt samkv. lögmálum einkaframtaks og einstaklingshyggju. Og því miður hefur handahófið allt of oft verið áberandi einkenni. Það kannast t. d. allir við, hvernig viðbrögðin hafa verið, þegar vel hefur árað í atvinnugrein um sinn. Þá hafa menn þyrpzt þangað án skynsamlegrar athugunar, fjárfest þar án fyrirhyggju og án tillits til almennra þjóðfélagsaðstæðna. Á slíkum ævintýrum hefur oft orðið snöggur og því miður sorglegur endir. Það er saga, sem er alkunn, og óþarft að tefja tímann með dæmum hér.

Því skal ekki neitað, að nokkrar tilraunir, ekki hvað sízt á síðari árum, hafa verið gerðar til skipulags á vissum sviðum og til áætlunarvinnubragða. Og nokkuð hefur verið unnið að áætlunum í tilteknum greinum og á afmörkuðum sviðum. En þessar tilraunir hafa verið nokkuð fálmkenndar og ósamræmdar. Þar hefur ekki hvað sízt á skort að mínum dómi, að framkvæmd áætlana hefur ekki verið nægilega tryggð, vegna þess að áætlanagerðin hefur ekki verið tengd fjármagnsöflun, svo sem þurft hefði að vera. Við þessa áætlunargerð hefur þó fengizt nokkur reynsla. Og við höfum þegar á að skipa nokkrum efnilegum mönnum, sem hafa aflað sér þekkingar og öðlazt hafa starfsreynslu á þessu sviði. Og ég vil segja það hér, að það verður lögð sérstök áherzla á að nýta og fá að njóta starfskrafta þessara manna í hinni nýju stofnun.

Með þeirri lagasetningu, sem hér er fitjað upp á, er ætlunin að taka mál þessi öll nýjum og fastari tökum en áður, skoða þau meira heildstætt, samræma áætlanagerðir, tengja þær sem mest inn í eina stofnun, undir sameiginlegri stjórn, en hafa þó jafnan náið samráð við þá aðila, sem í hlut eiga hverju sinni. Enn fremur er lögð rík áherzla á hinn rétta og nauðsynlega grundvöll áætlana, rannsóknirnar. Þær og þekkinguna má sízt af öllu vanta.

Það skal skýrt tekið fram, að með frv. þessu er ekki vegið að einstaklingsframtaki. Það er síður en svo ætlunin að leggja fjötur á einkaframtak. Þvert á móti geta rannsóknir og áætlanagerð orðið heilbrigðu einkaframtaki og félagsframtaki ómetanlegur stuðningur.

Framkvæmdastofnunin á einmitt að verða aflvaki nýrra fyrirtækja. Hún á að rétta atvinnuvegunum örvandi hönd alveg án tillits til þess, í hvaða formi atvinnurekturinn er. Hún á fyrst og fremst að meta arðsemi og þjóðhagslegt gildi atvinnugreina og atvinnufyrirtækja.

Eins og frv. þetta ber með sér og ég hef þegar sagt, er Framkvæmdastofnuninni ætlað það hlutverk að semja áætlanir, bæði áætlanir til langs tíma um þróun þjóð-

arbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, enn fremur landshlutaáætlanir og áætlanir um einstakar atvinnugreinar. Stofnunin á enn fremur að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Er rétt, eins og ég vék að áðan, að undirstrika sérstaklega þann þátt í verkefnum hennar. Hann má að mínum dómi ekki falla í skuggann. Henni er sem sagt ætlað að hafa ákveðna forustu í atvinnumálum. Sú forusta getur verið með ýmsu móti, bæði bein og óbein, ef svo má segja. En lögð er rík áherzla á, að stofnunin hafi jafnan náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein. Enn fremur ber Framkvæmdastofnuninni í samvinnu við landshlutasamtök að stuðla að þróun byggða og atvinnulífs í hverjum landshluta. Verður síðar vikið nánar að hlutverki hennar í sambandi við byggðaþróunina. En af öllu þessu er auðsætt, að það eru margs konar áætlunarverkefni, sem koma í hlut Framkvæmdastofnunarinnar.

Samkv. því, sem nú hefur verið rakið, verða áætlanir hvers konar og hagrannsóknir höfuðverkefni Framkvæmdastofnunarinnar og, má segja, hennar frumverkefni. Er sérstök ástæða til að undirstrika gildi og mikilvægi hagrannsóknanna, ekki aðeins sem undirstöðuatriði áætlana, heldur og fyrir mótun þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgja á fram á hverjum tíma. Í þeim efnum verður Framkvæmdastofnunin ríkisstj. til ráðuneytis með svipuðum hætti og Efnahagsstofnunin hefur verið. Má sérstaklega benda á, að hagrannsóknadeild annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Verður starfsemi hagrannsóknadeildarinnar skynsamlegum ríkisbúskap og þjóðarbúskap óhjákvæmileg undirstaða.

Annað höfuðverkefni Framkvæmdastofnunarinnar verður forsjá tiltekinna fjárfestingarsjóða og lánveitingar úr þeim, samræming lánastefnu og heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Það er nokkuð augljóst mál, að samfærsla fjárfestingarsjóða, sem þjóna svipuðu markmiði, á einn stað og undir eina stjórn horfir til hagræðingar. Því ætti að öðru jöfnu að fylgja verksparnaður og minni kostnaður fyrir hið opinbera. Kostir þess fyrir þá, sem eiga erindi við sjóðina, liggja nokkuð í augum uppi. Því fylgir ekki lítið óhagræði og kostnaður að þurfa að sækja fyrirgreiðslu til fleiri aðila, að þurfa að þvælast frá einni stofnun til annarrar. Þá pislargöngu hafa margir þurft að ganga og þekkja hana af eigin raun, og þá sögu er óþarft að rekja hér. Mér þykir því líklegt, að margir taki að stefnu til undir það, að æskilegt sé að sameina eða samtengja hina ýmsu lánasjóði, sem settir hafa verið á fót. Kerfið, sem við búum við í þeim efnum, er óneitanlega allflókið, sjóðirnir tiltölulega margir, en sumir smáir og sundurleitir, og stjórn þeirra og starfsemi með mismunandi hætti. En hitt er svo annað mál, að þegar til framkvæmdanna kemur, geta verið á því ýmsir tæknilegir örðugleikar að sameina sjóði, sem e. t. v. eru búnir að starfa um langt skeið.

Eins og áður er sagt, er um þetta mælt svo í málefnasamningi stjórnarflokkanna, að stofnunin skuli fara með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið, að undir hana falli. Niðurstaðan hefur orðið sú, að í þessu frv. og að þessu sinni er aðeins lagt til, að Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður, sem eftir frv. á framvegis eins og áður hefur verið sagt, að nefnast Byggðasjóður, verði lagðir undir Framkvæmdastofnunina. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að svo kunni að verða ákveðið síðar, að fleiri lánasjóðir verði fengnir Framkvæmdastofnuninni til forsjár.

Mér þykir rétt að gera hér örstutta grein fyrir þeim sjóðum, Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, sem hér er lagt til að falli undir Framkvæmdastofnunina. Og vík ég þá fyrst að Framkvæmdasjóðnum.

Framkvæmdasjóður Íslands var stofnaður með lögum nr. 66 frá 13. maí 1966 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. En I. kafli þeirra laga fjallar um Framkvæmdasjóðinn, og er efni þess kafla í sem stytztu máli það, að sjóðurinn tekur við eignum og skuldum Framkvæmdabanka Íslands, sem er lagður niður, og við hlutverki hans í megindráttum. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, en Seðlabankinn annast umsjá hans og rekstur og undirbýr fyrir stjórnina áætlanir um lánveitingar. Framkvæmdasjóður veitir fé til opinberra fjárfestingarsjóða og til meiri háttar opinberra framkvæmda, en ekki til einstakra framkvæmda á vegum einstaklinga og félaga.

Sjóðurinn hóf sem slíkur starfsemi sína í ársbyrjun 1967, og liggja fyrir reikningar fjögurra ára. Á þessum fjórum árum voru útlán sjóðsins samtals þessi: 1967 170 millj., 1968 272 millj., 1969 602.1 millj., 1970 324.7 millj. Þessi lán hafa í samræmi við lagaákvæði um sjóðinn að langmestu leyti farið til fjárfestingarsjóða eins og Atvinnujöfnunarsjóðs, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, veðdeildar Búnaðarbankans, Iðnlánasjóðs, Verzlunarlánasjóðs, Byggingarsjóðs verkamanna, Ferðamálasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Lánasjóðs sveitarfélaga. Til opinberra framkvæmda hefur farið nokkuð og auk þess í annað ósundurgreint nokkrar milljónir, og þó reyndar veruleg fjárhæð á árinu 1969. Í árslok 1970 námu heildarútlán úr þessum sjóði 3499.9 millj. kr., en þá er að sjálfsögðu reiknað með þeim lánum, sem Framkvæmdasjóðurinn yfirtók frá Framkvæmdabanka Íslands. Á sömu tímamótum, eða í árslok 1970, nam höfuðstóll og varasjóðir þessa sjóðs, Framkvæmdasjóðsins, 473 millj. kr., og er þá höfuðstóll Mótvirðissjóðs, sem nam 410 millj. kr., ekki meðtalinn.

Atvinnujöfnunarsjóður tók til starfa á árinu 1966 og starfar samkv. lögum nr. 69 frá 12. maí 1966. Með þeim lögum voru úr gildi felld lög um Atvinnubótasjóð frá 1962, en eignir hans runnu til Atvinnujöfnunarsjóðs. Að öðru leyti var stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs framlag úr ríkissjóði, 150 millj. kr., sem greiðast skyldi með jöfnum fjárhæðum árlega á 10 árum, og mótvirðisfé samkv. c- og d-lið 2. gr. laganna, sem nam alls um 78 millj. kr. Auk þess lagði ríkissjóður sjóðnum til 50 millj. kr. samkv. fjárlögum 1969. Í lögunum er Atvinnujöfnunarsjóði lagður til fastur tekjustofn af skattgjaldi álbræðslunnar í Straumsvík. Á árinu 1970, sem var fyrsta árið, sem sjóðurinn naut þessara tekna, námu þær 41.4 millj. kr. Sjóðurinn lýtur stjórn 7 þingkjörinna manna, en er í vörzlu Landsbanka Íslands, sem annast bókhald og daglega afgreiðslu. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er á fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífi og

skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að björgulegar byggðir eða byggðahlutar fari í eyði.

Í árslok 1970 var höfuðstóll þessa sjóðs 290 millj. kr., en heildarútlán að meðtöldum skuldabréfum Norðurlandsáætlunar og atvinnumálanefndar ríkisins námu 727 millj. kr. Úr þessum sjóði er yfirleitt um lán að ræða, en þó er heimild til þess að veita styrki. Ég hef hér yfirlit um lánveitingar og styrki úr sjóðnum á árabilinu 1966–1970. Á árinu 1966 voru veitt 80 lán úr sjóðnum. Á árinu 1967 voru veitt 115 lán, 1968 voru veitt 132 lán, 1969 180 lán og 1970 170 lán. Fyrsta árið, sem þarna var talið, 1966, nam upphæð lána 29.1 millj., 1967 49.4 millj., 1968 62.3 millj., 1969 67.3 millj. og 1970 98.1 millj., eða samtals 306.2 millj.

Á þessum 5 árum hafa verið veittir samtals 89 styrkir, að upphæð 22.2 millj. kr. Auk þess veitti sjóðurinn styrki til atvinnumálanefndar Norðurlands, alls 22 millj. kr., á árunum 1966–1969 og til togaraflotans samkv. sérstökum fjárveitingum Alþ. 1969 og 1970 20 millj. kr. hvort ár. Lán sjóðsins eru frá 8 til 12 ára með 6% ársvöxtum.

Á árinu 1969 fól ríkisstj. Atvinnujöfnunarsjóði að annast lánveitingu og aðstoð við framkvæmdir í samræmi við tillögugerð í atvinnumálakafla Norðurlandsáætlunar innan ramma þeirrar fjáröflunar, sem ríkisstj. ákvað. Í samræmi við það tók Atvinnujöfnunarsjóður lán hjá Framkvæmdasjóði í þýzkum mörkum, að upphæð 176 millj. kr. Á árunum 1969 og 1970 voru af þessu fé veitt 34 lán, að upphæð 146 millj. kr. Lánin eru með 8% vöxtum, og er meiri hluti þeirra til að flýta opinberum framkvæmdum og endurgreiðist á 2–3 árum, og verður féð þá endurlánað atvinnufyrirtækjum. Önnur lán eru til 8–10 ára.

Á árinu 1969 voru samþykkt á Alþ. lög um aðgerðir í atvinnumálum. Með þeim var atvinnumálanefnd ríkisins falið að veita lán og styrki til atvinnuframkvæmda og atvinnuaukningar. Rann starfstími nefndarinnar út í árslok 1970, og tók þá Atvinnujöfnunarsjóður við skuldum, sem til hafði verið stofnað vegna starfsemi nefndarinnar, svo og eignum. Ber sjóðurinn ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess fjár, sem aflað var. Á þessum tveimur árum úthlutaði nefndin 267 lánum, að fjárhæð 400 millj. kr. En af því hafði ekki verið afgreitt í árslok 1970 nema tæpar 300 millj., 200 millj. erlent lánsfé og 100 millj. innlent. Sum lánin eru til mjög skamms tíma, og verður það fé endurlánað.

Þegar ég hafði framsögu fyrir þessu máli í hv. Ed., gaf ég líka örstutt yfirlit yfir helztu fjárfestingarsjóði, sem til eru, en ekki er lagt til að falli undir Framkvæmdastofnunina. En það yfirlit var að sjálfsögðu mjög í ágripsformi, þar sem vikið var að og gerð grein fyrir eigin fé sjóðanna og þeim útlánum, sem til hafði verið stofnað af þeirra hálfu. Ég sé nú ekki ástæðu til að endurtaka það hér og sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þá sjóði, en þessir sjóðir eru t. d. Fiskveiðasjóður, Fiskimálasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbankans, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Iðnlánasjóður, Verzlunarlánasjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga og svo auðvitað Byggingarsjóður ríkisins, sem eingöngu lánar til íbúðabygginga. Ég sé ekki ástæðu til í þessu sambandi að gera grein fyrir skipulagi og starfsemi þessara sjóða, þar sem ekki er lagt til, að þeir séu sameinaðir Framkvæmdastofnuninni. Um suma þeirra kemur slíkt til álita síðar, að fenginni reynslu af stofnuninni, en um aðra kemur slíkt sjálfsagt ekki til álita. Um flesta eða alla þessa sjóði gildir það, að um þá eru sérstök lög, og sumir þeirra eiga sér sérstæðan uppruna og tilteknar fjárhagslegar forsendur. En þó að ekki þyki rétt að svo stöddu að færa neinn þessara sjóða til Framkvæmdastofnunarinnar, þá gildir það um þá alla, að við þá verður stofnunin að hafa náið samstarf, ef vel á að vera. Fyrir því er sérstaklega gert ráð, bæði í 14. og 15. gr. frv. En góður árangur af starfi þessarar fyrirhuguðu stofnunar er ekki hvað sízt undir því kominn, að vel takist til um þetta samstarf, því að það er augljóst mál, að ásamt vandaðri áætlanagerð er samhæft og samvirkt lánakerfi eitt áhrifamesta tækið til að veita atvinnuþróuninni í eðlilegan farveg. Það er og án efa æskilegast, að hægt sé að hafa viðhlítandi vald á fjárfestingunni með þeim hætti, þannig að ekki þurfi að grípa til annarra ráðstafana. En náist ekki fullnægjandi árangur með þeim hætti, er þó stjórn Framkvæmdastofnunarinnar heimilt að setja almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

Ég tel ástæðu til að undirstrika, að hér er aðeins um að ræða heimild, ef þörf krefur, til að setja almennar reglur. Það er ástæða til þess, því að ef að vanda lætur, verða einhverjir, sem hrópa: höft, leyfakerfi, skömmtun o. s. frv. En hér er ekki um neitt slíkt að tefla. Hér er ekki verið að taka upp nein höft eða leyfakerfi. Það þarf ekki samkv. þessum væntanlegu lögum að sækja um neitt leyfi til einstakra framkvæmda, hvorki stórra né smárra. Þær almennu reglur, sem hér geta hugsanlega komið til greina, ef ekki skyldi nást það æskilega samstarf við lánastofnanir, sem að er stefnt, eiga ekkert skylt við leyfakerfi og skömmtun, eins og menn kynntust því t. d. á dögum fjárhagsráðs.

Ég ætla að láta þessar almennu hugleiðingar um málið nægja, en skal nú gera nokkru nánari grein fyrir frv. í einstökum atriðum.

Í I. kafla frv. er fjallað um hlutverk stofnunarinnar og skipulag. Um það segir í 1. gr. með almennum orðum, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé sjálfstæð stofnun, sem sé ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir, áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. því, sem nánar er fyrir mælt í lögunum. Verkefnin eru svo auðvitað nánar útfærð í II.–VI. kafla frv.

Framkvæmdastofnunin lýtur yfirstjórn þingkjörinnar sjö manna nefndar. Ríkisstj. skipar formann og varaformann úr hópi hinnar kjörnu stjórnarmanna. Um verkefni stjórnarinnar eru fyrirmæli í 3. gr. frv. Auk þess eru ákvæði um vald hennar og verkefni á víð og dreif í frv. Um það er engum blöðum að fletta og algjörlega ljóst af frv., að það er hin þingkjörna stjórn þessarar stofnunar, sem tekur þær ákvarðanir, sem mestu varða, samkv. þessu frv. Hún tekur ákvarðanir um áætlanir. Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar, hvort heldur er úr Framkvæmdasjóði eða Byggðasjóði.

Og hún setur þær almennu reglur, ef til þarf að grípa, um forgangsframkvæmdir samkv. 12. gr.

En þó að þessi þingkjörna stjórn fari þannig með ákvörðunarvaldið í þessari stofnun, þá þarf auðvitað að sjá fyrir stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar, því að ekki er gert ráð fyrir því, að stjórnarstarf þessara sjö manna verði neitt fullkomið starf. Og um það eru sett þau ákvæði, að það er þriggja manna framkvæmdaráð, skipað af ríkisstj., sem á að annast daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar, að sjálfsögðu í eðlilegu samráði við forstöðumenn deilda. Í 4. gr. eru sérstaklega nefnd nokkur verkefni framkvæmdaráðs, en samkv. eðli málsins verða þau ekki tæmandi talin. Vald framkvæmdaráðsins er auðvitað takmarkað með þeim fyrirmælum, sem fela stjórninni tiltekin verkefni.

Það hafa við umr. um þetta mál verið gerðar nokkrar aths. um skipun þessa framkvæmdaráðs, og ég skal þess vegna víkja að því nokkrum orðum, ef það mætti verða til þess að spara tíma, því að ég geri ráð fyrir því, að hér á eftir komi fram aths. um þetta atriði, og er þá jafngott, að ég taki fram sjónarmið mín varðandi það fyrir fram. Ég viðurkenni fúslega, að það getur verið álitamál í þessu falli eins og jafnan endranær, hvernig stjórnkerfi einnar stofnunar skuli upp byggt og hvernig fyrirkomulag skuli hafa á daglegri stjórn í þessari stofnun. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt, þó að ýmsum komi í hug, að það væri hægt að hafa þarna einn forstjóra, eins og tíðkast í mörgum opinberum stofnunum. Og það má sjálfsagt færa fram sitthvað því til stuðnings, að svo hefði verið eðlilegt. En ég verð að segja það, að þau störf, sem þarna er um að tefla, eru það umfangsmikil, að ég tel alveg ókleift, að einn maður kæmist yfir þau. Hann mundi því þurfa að hafa fulltrúa sér við hönd, ef það skipulag væri haft að hafa einn forstjóra. Í annan stað er það, að þó að því sé nú svo háttað, eins og ég hef lýst, að ákvörðunarvaldið innan þessarar stofnunar sé í höndum stjórnar hennar, þá er það alveg víst og engin ástæða til að draga fjöður yfir það, að þessir menn verða mjög áhrifamiklir, sem sitja í framkvæmdaráðinu, það verður mjög áhrifamikið starf, sem fylgir því að hafa forstöðu fyrir þessari stofnun. Og það er skoðun mín og hún er ekki aðeins mótuð í sambandi við þessa stofnun, að það sé óheppilegt og það sé óskynsamlegt að láta jafnmikið vald í hendur einum manni. Ég er t. d. algerlega andvígur því almennt, að það sé einn bankastjóri, sem starfi við banka eða aðrar þvílíkar stofnanir. Ég álít, að valdið sé þar svo mikið og svo viðkvæmt og vandmeðfarið, að það sé heppilegra að hafa þar fjölskipað stjórnvald, og það eru rökin fyrir því, að ég hef talið heppilegra að hafa hér þrjá menn, sem fara með þetta starf.

Menn hafa verið með getsakir um það, að þarna mundu verða valdir þeir, sem þeir kalla nú pólitíska kommissara. Ég vil gjarna fara örfáum orðum um það. Ég lít svo á af kynnum mínum við stjórnmálamenn, að stjórnmálamenn almennt séu alveg jafn heiðarlegir og menn almennt annars eru. Og ég tel yfirleitt ekkert verra að eiga mál mín undir dómi stjórnmálamanna en annarra manna, og ég tel það mjög óskynsamlegt af þeim, sem í þessari samkomu sitja og hafa valið sér stjórnmálastarf að lífsstarfi, að vera að ala á þeim hugsunarhætti, sem því miður hefur gert of mikið vart við sig meðal þjóðarinnar, að stjórnmálamönnum væri naumast treystandi til þess að taka á málum af fullkomnum heiðarleik, heldur létu þeir ráða oft og einatt annarleg sjónarmið. Ég felli mig ekki við þennan hugsunarhátt. Ég álít, að stjórnmálamenn eða þeir, sem gefa sig að stjórnmálum, eigi að vera hlutgengir hvarvetna til móts við aðra, enda er það sannast sagna, að til þess að fá fylgi til stjórnmálastarfa verða menn að hafa unnið sér traust, og þeir verða að hafa eitthvað til brunns að bera ekkert síður en ágætir og heiðarlegir embættismenn.

Ég held, að það sé algerlega óverðskuldað að vera með nokkrar getsakir í garð núv. ríkisstj. um það, að hún muni beita sér fyrir einhverjum pólitískum ofsóknum eða misbeitingu. Þessi stjórn hefur að vísu ekki setið nema skamma hríð, en ég held, að hún verði ekki sökuð um það, að hún hafi í einstökum stjórnarathöfnum beitt pólitískri misnotkun, og ég hef reyndar ekki orðið var við það, þó að sitthvað hafi nú verið um hana sagt, að hún hafi sérstaklega verið sökuð um það. Hitt er annað mál, að auðvitað hefur stjórnin ákveðna stefnu í almennum málum, og hún verður að fylgja henni fram og fylgir henni fram. Og það er einmitt svo með þessa stofnun, að hún á að vera stjórninni til aðstoðar við mótun efnahags- og atvinnumálastefnu stjórnarinnar. Hún á að sjá um framkvæmd þeirrar stefnu. Og það verður hlutverk þessara framkvæmdaráðsmanna að sjá um það að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu, sem í þessum efnum er mótuð af ríkisstj. og af hinni þingkjörnu stjórn, þar sem meiri hl. vitaskuld hlýtur að ráða eins og endranær þeirri almennu stefnu, sem tekin verður. Ég hygg þess vegna, að það sé ekkert óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að ríkisstj. skipi í framkvæmdaráðið þá menn, sem hún sérstaklega treystir og hún getur litið á sem trúnaðarmenn sína. Og ég held, að störf þeirra manna verði mjög margvísleg og þess háttar, að það saki ekki, þó að þeir hafi dálitla pólitíska innsýn. Ég geri mér t. d. í hugarlund, að það verði nokkuð algengt, að sendinefndir komi frá einstökum landshlutum og héruðum, sem eigi erindi við þessa stofnun, og þá verða það vitaskuld þessir framkvæmdaráðsmenn, sem annast þau skipti.

Ég geri líka ráð fyrir því, að það verði hlutskipti framkvæmdaráðsmannanna að hafa fyrst og fremst þau samskipti, sem nauðsynleg eru, og undirbúning að þeim samskiptum, sem nauðsynleg eru, við banka og lánastofnanir. Ég efast ekki um, að heiðarlegir og góðir embættismenn gætu þar staðið í stykkinu. En af reynslu minni verð ég að álíta, að það saki ekki, þegar komið er til viðtals við slíkar stofnanir, að þær viti, að þeir menn, sem við þær tala, hafi nokkurt umboð og styrk á bak við sig.

Þetta hef ég viljað taka fram að gefnu tilefni, en annars vil ég líka segja það, að það er algerlega óbundið í þessu frv., hvaða skilyrðum menn þurfa að fullnægja til þess að vera skipaðir í framkvæmdaráð, og því ekkert, sem bindur það, hverjir þar verða skipaðir, enda veit ég ekki á þessari stundu um það, hverjir það starf kunna að hljóta. Ég hef kannske gerzt tiltölulega fjölorður um þetta, en það er af því, að mér finnst hafa gætt talsverðs misskilnings í sambandi við þessi ákvæði, sem framkvæmdaráðið varða. En það er, eins og ég hef sagt,

engin fjöður dregin yfir það, að þessir framkvæmdaráðsmenn eru hugsaðir sem sérstakir trúnaðarmenn ríkisstj. Og þess vegna lýsti ég því strax yfir í framsöguræðu í Ed., að ég teldi sjálfsagt, að ráðning þessara manna væri tímabundin og þeir létu af starfi um leið og ríkisstj., og með brtt., sem samþ. var í Ed., er þetta fest í lögin, þannig að það má segja þessum mönnum upp með eins mánaðar fyrirvara. Þetta tel ég eðlilegt. Og þetta er að vissu leyti í samræmi við fordæmi, sem hefur verið skapað, fordæmi, sem núv. stjórnarsinnar stóðu ekki sérstaklega að, en voru heldur ekkert mótfallnir. Það eru ákvæðin í lögum um Stjórnarráð Íslands, þar sem ráðherrum er heimilað að taka sér sérstaka aðstoðarmenn, ráðherraritara, eða hvað sem þeir eru kallaðir, sem eiga að láta af starfi um leið og ráðherrarnir. En það voru núv. stjórnarandstæðingar, sem stóðu fyrir því að setja þessi ákvæði inn. Menn segja kannske, að þarna sé ekki alveg líku saman að jafna, og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta sé að öllu leyti sambærilegt. En viss líking er þó í þessu að mínum dómi. Ég vildi taka þetta fram, ef vera mætti, að ég gæti þá sparað mér svar á eftir varðandi þetta málefni.

Starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar er skipt niður í þrjár deildir. Svarar sú deildaskipting til þeirra verkefna, sem stofnuninni eru falin, nema hvað heitið lánadeild gefur e. t. v. ekki fullkomlega til kynna verkefni þeirrar deildar. II.–IV. kafli frv. fjallar svo um þessar deildir.

II. kafli frv. fjallar um hagrannsóknir. Er hann kafli anna minnstur fyrirferðar, aðeins ein gr., 6. gr., en af því má auðvitað ekki draga þá ályktun, að þar sé um eitthvað þýðingarminni þátt að ræða, heldur stafar það af hinu, að eðli málsins samkv. er ekki hægt að hafa svo mörg orð um það efni í lögum. Í 6. gr. segir, að hagrannsóknadeild annist nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd áætlana, sem gerðar hafa verið og samþ. af ríkisstj. Hagrannsóknadeild annast auk þess gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins. Deildin annast enn fremur þær hagfræðilegu athuganir fyrir ríkisstj., er hún kann að óska eftir. Hún getur annazt hagfræðilegar athuganir fyrir Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst. Ákvæði þessi þurfa ekki skýringar við umfram það, sem áður er sagt, en þó vil ég segja það, að ég hef skilið þessi ákvæði á þá lund, að það væri í þeim alveg nægileg heimild fyrir ríkisstj. til að leita þeirrar aðstoðar og þess ráðuneytis hjá hagrannsóknadeild, sem hún telur þörf á, alveg með sambærilegum hætti og ríkisstj. hefur leitað til Efnahagsstofnunarinnar og hagrannsóknadeildar þeirrar, sem þar hefur verið sett upp.

III. kafli frv. fjallar um áætlanadeild. Segir þar m. a., að deildin geri áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins. Felst í þessu m. a., að deildin á að gera iðnþróunaráætlun, áætlun um þróun landbúnaðar o. s. frv. Enn fremur á deildin að gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun. Þarna eru ný og skýr ákvæði um byggðaáætlanir. Fjármögnun framkvæmda samkv. slíkum áætlunum er með öðrum fyrirmælum frv. og eflingu Byggðasjóðsins tryggð, svo sem kostur er. Það er mikil breyting frá því, sem verið hefur, þótt reynt hafi verið að útvega fjármagn til einstakra byggðaáætlana, jafnóðum og þær hafa legið fyrir, en allt hefur það þó verið óvissu háð fyrir fram.

Framkvæmdastofnunin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst. Ég vil í þessu sambandi taka það sérstaklega fram, að ekki er með þessu frv. ætlunin að gera neina breytingu á því fyrirkomulagi, sem hér hefur komizt á, um áætlanir á vegum einstakra opinberra stofnana. Slík áætlanagerð heldur áfram með sama hætti og verið hefur, eins og vegáætlun, rafvæðingaráætlun, hafnaáætlun o. s. frv., en að sjálfsögðu geta þessar opinberu stofnanir leitað aðstoðar hjá Framkvæmdastofnuninni ef þeim lízt svo, eins og þær reyndar hafa gert til Efnahagsstofnunarinnar, en áætlanagerð fyrir þessa aðila á vegum Framkvæmdastofnunarinnar á því aðeins að koma til greina, að svo semjist um á milli Framkvæmdastofnunarinnar og þess opinbera aðila eða opinberu stofnunar, sem hlut á að máli.

Í 10. gr. eru ákvæði um það samráð og samvinnu, sem deildinni ber að hafa við aðra aðila um gerð áætlana, sem ég hef áður rakið, t. d. við gerð byggðaáætlunar samráð við sveitarfélag og landshlutasamtök, verkalýðsfélög og atvinnurekendur í því byggðarlagi.

Í 11. gr. er þýðingarmikið ákvæði, þar sem segir, að áætlanir skuli sendar ríkisstj. til samþykktar, og hún geri síðan Alþ. grein fyrir þeim. En til viðbótar því var gerð sú breyting í Ed., að við var bætt: „Ríkisstj. skal gefa Alþ. árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins“, sem er vitaskuld alveg sjálfsagt ákvæði. Framkvæmdastofnunin á að fylgjast með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstj. hefur samþykkt. Það er lítið gagn að áætlunum, sem verða aðeins pappírsgagn. Er með þessum ákvæðum reynt að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað.

IV. kafli laganna fjallar um lánadeild. Þar er að finna mörg mikilvæg ákvæði og alger nýmæli, sem nokkuð hefur verið vikið að áður. Ég bendi á 12. gr., þar sem segir, að lánadeild vinni að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkv. áætlunum stofnunarinnar. Deildin fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur. Um þær almennu reglur, sem setja má um forgangsframkvæmdir, hefur áður verið rætt. Einnig hefur áður verið gerð nokkur grein fyrir þeim ákvæðum 13. gr., sem fjalla um arðsemisútreikninga og rannsókn á þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina, svo og því frumkvæði, sem lánadeildin getur átt, að stofnun nýrra fyrirtækja. Skal ég þess vegna ekki fjölyrða um það hér frekar.

Í 14. gr. segir, að lánadeildin taki við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóður annist athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, skal

lánadeildin reyna að tryggja með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægilegt stofnfé fáist og eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka, en ég held, að það sé mikil þörf á þessu ákvæði. Það held ég, að reynslan sýni.

Í 15. gr. segir, að framkvæmdaráð skuli hafa náið samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslenzku efnahags- og atvinnulífi.

Ákvæði 16. gr. um bókhald sjóðanna og vörzlu þurfa ekki nánari skýringar við, en á það skal þó bent, að aðalreglan er sú, að handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skuli geymt í Seðlabankanum, og er það að nokkru leyti frávik frá því, sem nú gildir, eins og kom fram, þegar ég gerði grein fyrir sjóðunum áðan. Það er þó heimiluð undantekning frá því í þessari gr., sem ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja.

Í 17. gr. er mælt, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar skuli leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar. Ég hygg, að flestir geti verið sammála um, að þörf sé á samstarfi á þessu sviði. Eins og ljóst er af því, sem hér hefur verið sagt, og ákvæði IV. kafla frv. bera með sér, er Framkvæmdastofnuninni ætlað að beita sér fyrir samræmdri lánastefnu og skynsamlegri fjárfestingarpólitík, ekki með valdboði, – það undirstrika ég, – heldur með frjálsum samningum og samvinnu við þá aðila, sem um þau efni hafa mest að segja.

V. kafli frv. fjallar um Framkvæmdasjóð Íslands. Eru þau ákvæði samhljóða núgildandi fyrirmælum um Framkvæmdasjóð Íslands, og er raunar gert ráð fyrir því og byggt á því alveg skýrt, eftir breytingu, sem gerð var í Ed., að þetta er sama stofnunin og áður, Framkvæmdasjóður Íslands. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þau ákvæði sérstaklega, en vísa til þeirra upplýsinga, sem ég gaf áður um Framkvæmdasjóð Íslands.

Í VI. kafla frv. eru svo ákvæði um Byggðasjóð. Eru þau ákvæði að miklu leyti sniðin eftir fyrirmælum núgildandi laga um Atvinnujöfnunarsjóð. Þó eru þar nokkur nýmæli, sem ásamt öðrum ákvæðum frv., sem þegar hafa verið rakin, renna stoðum undir mun ákveðnari og skilvirkari byggðastefnu en áður. Þar skiptir þó mestu máli hið stóraukna framlag til Byggðasjóðs. Samkv. 2. tölul. 28. gr. skal Byggðasjóður fá framlag úr ríkissjóði, að upphæð 1000 millj., sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum. Þar sem hér er um óafturkræft framlag að ræða, sem ber vexti sjóðnum til handa, er auðsætt, að verulegur höfuðstóll getur safnazt. Og þetta framlag kemur til viðbótar öðrum tekjum sjóðsins, samkv. 28. gr. Starfsgrundvöllur sjóðsins verður því vitaskuld hér eftir allur annar en áður. Með þeim auknu fjárráðum sjóðsins ætti að vera hægt að gera stórátak í byggðamálunum. Þess er þörf, en í lánveitingum sjóðsins og úthlutunum úr honum má ekkert handahóf ríkja. Það þarf að byggja á traustum athugunum og áætlunum, og að því er stefnt í þessu frv.

Því var bætt inn í Ed., sem vitaskuld hefði átt sér stað í framkvæmdinni, þótt það hafi ekki verið berum orðum tekið fram, og er í samræmi við þær venjur, sem hafa skapazt, án neinna lagafyrirmæla, að stjórn Byggðasjóðs skal jafnan hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið. Það er áreiðanlega þörf, þrátt fyrir þá viðleitni, sem átt hefur sér stað, á stóru átaki í byggðamálunum, því að það þarf ekki aðeins að stöðva þá öfugþróun, sem þar hefur átt sér stað, heldur þarf að snúa straumnum við. Það er alveg í samræmi við stefnu ríkisstj. að leggja höfuðáherzlu á þessi mál. Ég skal að svo stöddu ekki hafa fleiri orð þar um.

Um hin ýmsu ákvæði í VII. kafla frv. þarf ég ekki að tala. Þau þurfa ekki skýringar við, að ég held.

Ég hef þá gefið stutt yfirlit yfir efni frv. í megindráttum og skal nú fara að ljúka máli.

Það er að sjálfsögðu svo, eins og getið er um í aths. þeim, sem frv. fylgja, að reynslan kann að leiða í ljós, að þörf sé á einhverjum endurbótum og breytingum á þessari fyrirhuguðu löggjöf. Slíkt er ekki nema það, sem oft á sér stað. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim atriðum, sem bent er á í aths., að síðar muni trúlega koma til skoðunar, þótt ekki hafi að svo stöddu þótt hægt að setja um þau lagaákvæði. Þau eru sérstakt samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir, sem að vísu eru þó viss ákvæði um í frv., samstarf við viðskiptadeild og að Framkvæmdastofnunin geti tekið að sér í framtíðinni ýmis þau störf, sem nú er venja að fela nefndum að vinna. Ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á síðast talda atriðið, þá hugmynd, að Framkvæmdastofnunin geti e. t. v. síðar leyst af hólmi ýmsar nefndir, sem venja hefur verið að grípa til við ýmsar kannanir og undirbúning mála. Ég held fyrir mitt leyti, að það væri æskileg þróun. Það má segja, að í málefnasamningi stjórnarflokkanna sé nokkuð vikið að því, þar sem segir svo:

„Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæður þykja til."

Í því efni hefur að svo stöddu ekki verið gengið lengra en raun ber vitni, en að mínum dómi verður síðar að huga að því í fullri alvöru, hvort ekki sé rétt að ganga lengra í þá átt.

Ég vil svo að lokum enn á ný leggja á það áherzlu, að með þessari væntanlegu lagasetningu er ekki verið að taka upp neitt hafta- eða leyfakerfi. Staðhæfing um slíkt á sér enga stoð í frv. Það getur hver og einn gengið úr skugga um með því að fara nákvæmlega í gegnum frv. og lesa það orði til orðs. Þessari lagasetningu er ekki ætlað að leggja neinn fjötur á einkaframtak. Þvert á móti er að því stefnt að leysa það úr læðingi, örva það og styðja með margvíslegri fyrirgreiðslu. Á það auðvitað ekki síður við um félagsframtak og fyrirtæki, sem opinberir aðilar eiga hlutdeild í.

Með þessari lagasetningu er stefnt að því að byggja atvinnuþróunina á skipulögðum vinnubrögðum í stað handahófs. Með þessari lagasetningu er stefnt að samhæfðu og samvirku útlánakerfi lánastofnana, byggðu á frjálsu samkomulagi fyrir tilstuðlan Framkvæmdastofnunarinnar. Störf sín að eflingu atvinnuvega og þróun íslenzkra byggða á Framkvæmdastofnunin samkv. þessari löggjöf að vinna í nánu samstarfi við aðila atvinnulífsins og landshlutasamtökin. Með þess-

um lögum er stórauknu fjármagni beint til Byggðasjóðs. Á því er brýn þörf, eins og nú stendur á. Með þessari löggjöf er stefnt að því að veita þeim framkvæmdum forgang, sem nauðsynlegastar eru fyrir þjóðarheildina og hverja atvinnugrein og bezt búa í haginn fyrir framtíðina. Með þessari lagasetningu er stefnt að því að láta hugkvæmni og þekkingu njóta sín á Íslandi, og með þessari lagasetningu er stefnt að því að leiða atvinnuvegina og eflingu atvinnulífsins til öndvegis á Íslandi. Það á að ganga fyrir öllu öðru. Og ef þau mál eru í lagi hér á landi, þá kemur annað margt á eftir, næstum því, að segja má, af sjálfu sér. Samkv. þessum lögum kemur ein stofnun í stað þriggja, sem fyrir voru.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú lokið við að flytja eina þá meinlausustu og sakleysislegustu ræðu, sem ég hef lengi heyrt, um eitt viðurhlutamesta mál, sem þingið hefur lengi haft til meðferðar. Ég undanskil að vísu kapítulana um kommissarana, en ég mun koma að því síðar.

Mín fyrstu viðbrögð við þessu frv. komu fram hér í Alþ., löngu áður en frv. var útbýtt, en ég leiddi skoðanir mínar af sjálfum stjórnarsáttmálanum, hvað ætla mætti að af honum leiddi. Það var um miðjan október, að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir stjórnarsáttmálanum, og þá sagði ég um það mál, sem við nú erum um að fjalla, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn horfa með kvíða fram á skipulagðan áætlunarbúskap, sem svo hefur verið kallaður. Við eigum eftir að sjá þetta blessaða frv. um fjárfestingarstofnunina."

„En það á ekki að skammta neitt. Það hefur aldrei komið til greina", sagði hæstv. forsrh., „að stefna að hafta- og skömmtunarkerfi, það á aðeins að raða framkvæmdum." Það má kalla þetta ýmsum nöfnum, það má vera með orðaleik í þessu sambandi, en ef á að raða þessu á undan öðru og hinu á undan hinu o. s. frv., mundi þá ekki vera anzi skammt til þess, að það kæmi að því að skammta einum fyrsta sætið, næsta manni annað sætið, þriðja manni þriðja sætið og svo koll af kolli. Þetta gera menn, þegar menn hafa ekki trú á því, að frjálsræðið í þjóðfélaginu ráði bezt við þetta sjálft og einstaklingarnir viti sjálfir bezt, hvernig þeir eigi að fara að með þeim takmörkunum, sem einstaklingsfrelsinu að sjálfsögðu hljóta á hverjum tíma að vera settar. En hæstv. forsrh. sagði líka athyglisverð orð:

„Það á að setja á laggirnar skipulag, það á að setja á laggirnar skipulag, sem þjóni sem bezt markmiðum ríkisstj."

Þetta er einmitt það skipulag, og í stjórn þessa skipulags eiga svo einhverjir pólitíkusar að hafa völdin, náttúrlega ríkisstj. í toppinum, og það á að þjóna sem bezt markmiðum ríkisstj. Þetta eru ær og kýr sósíalismans og ær og kýr vinstri stjórnar, sem setzt hefur við völd hér á Íslandi, en af þessu hafa Íslendingar fengið nóg.

Þetta voru mín orð á þeim tíma. En þegar þessu frv. var útbýtt hér í þinginu laust eftir miðjan nóvembermánuð, þá lét ég hafa eftir mér nokkur orð í Morgunblaðinu á opinberum vettvangi um málið, og ég vil einnig leyfa mér að minna á þau. Ég sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta geysimikla opinbera bákn er algerlega þarflaust frá mínu sjónarmiði og betur séð fyrir verkefnum þess með þeim hætti, sem verið hefur. Þetta er auðvitað ekki þarflaus stofnun frá sósíalistísku sjónarmiði, þar sem pólitísk stofnun hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála eða pólitískar stofnanir. Hér er mjög mikið vald í peningamálum falið pólitískri forsjá valdhafa og umboðsmanna þeirra, en það hlýtur óhjákvæmilega að hafa ófyrirsjáanleg áhrif á athafnafrelsi einstaklinga og þróun atvinnumála. Þetta er bákn, sem á að ráða efnahagsstefnu ríkisstj., sem hún hefur ekki enn getað gert sér sjálf grein fyrir."

Ég skal nú víkja að ýmsum einstökum atriðum þessa máls, sem ég hygg, að muni styðja nokkuð þær staðhæfingar, sem ég hef áður haft um málið og vitnað til, og í því sambandi er einnig mjög knýjandi nauðsyn að leggja fyrir hæstv. forsrh. ýmsar spurningar í þessu máli til þess að upplýsa eða ryðja úr vegi þokunni, sem er á mörgum mikilvægum ákvæðum í þessu frv., þar sem enginn í raun og veru fær fyrir séð, að hverju er verið að stefna.

Í 1. gr. frv. segir svo, að Framkvæmdastofnun ríkisins skuli hafa með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. lögum þessum. Um það segir einnig í aths. svo, og ég vil taka það sérstaklega upp, með leyfi forseta:

„Til frekari glöggvunar skal bent á nokkur meginatriði, sem fram koma í þessu frv. og teljast mega að miklu leyti nýmæli:

1) Ákveðið er að tengja saman í eina stofnun áætlunargerð og öflun fjármagns þannig, að samræmi og samstarf sé um áætlun og ákvörðun um framkvæmd og fjáröflun og fjármagnsráðstöfun til hennar."

Það er nýmæli, að þessi stofnun á að hafa með höndum fjármagnsráðstöfun, lánamálin og það miklu meira en nokkurri stofnun af þessu tagi hefur áður verið falið. Fjárhagsráð var minnzt á hér, og hæstv. forsrh. bað mig um að láta mér ekki detta í hug, að það ætti að fara að setja upp eitthvert ráð í líkingu við fjárhagsráð með skömmtunum og leyfakerfi o. s. frv. Honum hefur verið mjög annt um að láta menn ekki setja þessa stofnun neitt í samband við hið gamla og góða og vinsæla fjárhagsráð.

Fjárhagsráð gat gefið út leyfi fyrir hvers konar fjárfestingum, það er rétt, innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi, en með þessi leyfi þurfti að fara í fjármálastofnanir, og það gat oft og tíðum strandað á því, hvort viðkomandi maður, sem hafði leyfið, gat komið framkvæmdinni á grundvelli leyfisins í gegn sjálfur, vegna þess að fjárhagsráðið hafði ekki úthlutað honum peningum í leiðinni, lánum. Nú þarf ekki að sækja um leyfi til þess, því að lánið fylgir með, fjárveitingarvaldið, fjármagnsvaldið í ríkari mæli en nokkru sinni í einni stofnun.

Þeir þóttu hafa mikið vald keisararnir hér í gamla daga í Rússlandi, en vald keisaranna, einveldi þeirra, var barnaleikur hjá því valdi, sem fulltrúar kommúnistanna hafa haft í Sovétríkjunum á undanförnum árum. Það er vegna þess, að kommúnistarnir í Sovétríkjunum sölsuðu undir sig allt fjármálavaldið í þjóðfélag-

inu. Þeir hafa getað úthlutað landsins gæðum og miklum auðæfum hinna miklu Sovétríkja eftir sinni eigin vild. Þar eru kommissararnir ekkert blávatn. Hver eru takmörkin, leyfist mér að spyrja, fyrir fjármálavaldi þessarar stofnunar? Hún á að hafa með höndum leyfaveitingar samkv. lögum þessum. Það verður að reyna að gera sér grein fyrir því, hversu langt nái það fjármálavald, sem þessi stofnun hefur. Engin grg. hefur fengizt fyrir því, ekki minnsta grg. Ég spyr: Hvað er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður hafi mikið fé til ráðstöfunar á næstu 5–10 árum? Hvað er gert ráð fyrir, að Byggðasjóður hafi mikið fé til ráðstöfunar á næstu 10 árum? Við höfum enga áætlun fengið um þetta. Hins vegar er hæstv. forsrh. að segja okkur það, sem allir þm. vita, hve miklu Framkvæmdasjóður hafi úthlutað af lánum á undanförnum árum og hve miklu Atvinnujöfnunarsjóður hafi úthlutað af lánum og hve miklu atvinnumálanefnd ríkisins hafi úthlutað af lánum. Þetta liggur allt saman fyrir í gögnum, sem hv. alþm. hafa aðgang að, en hvað er áætlað, að hér sé verið um að tefla? Það hlýtur að vera í höfði hæstv. forsrh. eða a. m. k. í tösku hans, áætlanagerð um þetta. Þeir menn, sem vilja leggja svo mikið upp úr áætlanagerðum, hljóta að hafa áætlað eitthvað um áætlanirnar fyrir fram. Ég óska eftir því, að við fáum á þessum fundi upplýsingar um þetta. Menn sjá þá dálítið betur, hve mikið vald þessari stofnun, sem hér er um að ræða, er falið.

Ég minni á það, að þegar Iðnþróunarsjóðurinn var lögfestur hér á Alþ., þá lá fyrir grg. um Iðnþróunarsjóð, áætlun um ráðstöfunarfé sjóðsins, eigin fjármunamyndun og annað fé sjóðsins á 25 ára tímabili, svo að menn vissu hér, hvað um var að ræða. Það er nokkuð mikið fé að ætla 100 millj. á ári til Byggðasjóðsins, og ég gleðst yfir því, að hann er aukinn, en á 10 ára tímabili geta nú 100 millj. árlega orðið minni en þær eru í dag. Það er kunnugt, að höfuðtekjur þessa sjóðs eru og verða tekjurnar frá álverinu í Straumsvík. Þær eru á næsta ári áætlaðar, þegar verksmiðjan er fullbyggð, um 100 millj. kr., og á skömmum tíma fara árlegar tekjur af framleiðslugjaldi álbræðslunnar upp í um 250 millj. kr. Þetta eykst allt saman, er þar safnast saman framlög ríkisins og þessi framlög, vaxtatekjur stofnunarinnar. Hvað verður þetta mikið frá ári til árs, þó að maður biðji nú ekki um meira en upplýsingar um næstu 10 ár?

Nei, hún á ekkert að gera þessi stofnun nema að vera til leiðbeiningar og sjá um, að stefna ríkisstj. sé framkvæmd. Þetta er allt saman saklaust og meinleysislegt, og það á enginn að þurfa að hræðast neitt skömmtun eða höft eða valdbeitingu o. s. frv. Má ég aðeins lesa upp hérna 12. gr. frv.?

„Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.“ Hvað skyldi þetta vera mikil gomma samanlagt, sem þarna á að samræma og afla fjár til? „Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða ...“ Má ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvað felst í þessu „að fylgjast með“, að þessi stofnun eigi að fylgjast með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða, hvað felst í því? Og svo á hún að gera tillögur um fjáröflun til þeirra. Síðan kemur 3. málsgr., sem nú er orðin breytt eftir meðferðina í Ed., en þar segir svo:

„Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstj. sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það.“

M. ö. o. þá á þessi stofnun samkvæmt þessu, – eða er það ekki rétt skilið, – að geta stýrt lánveitingum allra sjóða opinberra stofnana, sparisjóða jafnt sem annarra. Er þetta rétt skilið? Þetta er ekkert smáræðis vald, sem þessi stofnun hefur, og hún á að geta gefið fyrirmæli, sem leiða til þess, að lánastofnanir allar og opinberir sjóðir hagi lánveitingum í samræmi við það. Gera mennirnir sér almennilega grein fyrir, hvað í þessu felst? Svo koma þeir og tala um það með sakleysissvip, að hér sé í raun og veru ekki neitt um að vera. Og svo kemur þessi ágæta setning, sem áreiðanlega verður minnisvarði þeirra, sem sömdu þetta frv. og leggja frv. fram, hæstv. ríkisstj.: „Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.“ Mikið var, mikið var! Þær eiga bara að lána, alla lánastofnanir landsins, eftir fyrirmælum þessarar stofnunar, en þó eru þær ekki skyldugar, ef þær telja, að lánið sé ekki tryggt. Mikið hefur málið hér verið vandlega athugað og sett makalaust vel undir lekann, að lánastofnanir *fari nú ekki að lána, án þess að geta tryggt lánið!* Þetta er nýmæli í lögum og nýmæli, sem verður ekki til mikils sóma fyrir hæstv. forsrh.

Nei, hið pólitíska eðli þessarar stofnunar er algerlega áberandi. Menn hafa í sjálfu sér ekkert á móti því, að settar séu upp hinar og þessar stofnanir ríkisins, en þá ætlast maður til þess, að þær séu hlutlausar stofnanir og að borgararnir séu jafnir fyrir lögunum og jafnir fyrir ákvörðunum og valdi stofnananna. En þegar stofnun er komið á samkv. þeirri löggjöf, sem um hana er sett, svo rammpólitísk eins og þessi Framkvæmdastofnun, þá er verið að mismuna þegnunum í þessu þjóðfélagi, og við vitum það, að þeim verður mismunað.

Hæstv. forsrh. sagði: „Það munu koma sendinefndir utan af landi til þessara kommissara, og það er jafngott, að menn viti þá, að það eru menn, sem hafa umboð og styrk á bak við sig.“ Almenningur í þessu landi og borgararnir, sem eiga að koma og tala við þessa menn, eiga að vita það, að þetta eru kóngsins menn, sem þeir eru að tala við. Það er betra fyrir þá að hafa sig hæga.

Í 4. gr. er talað um þriggja manna framkvæmdaráð. Ég hef nú sjaldan heyrt talað um ráð, þar sem sitja þrír menn, á íslenzkri tungu. Oftast tölum við um ráð, þar sem meiri söfnuður er saman kominn. Aftur á móti er talað um stjórn, þar sem eru sjö menn, í 2. gr. Væri nú ekki betra að hafa þetta öfugt, að það væri framkvæmdaráð sjö manna, sem væri samkv. 2. gr., en framkvæmdastjórn þetta þriggja manna ráð? Eða eru menn orðnir svo forhertir að þurfa endilega að hafa rússneska málvenju og kalla þetta sovét, sbr. Sovétríkin, Ráðstjórnarríkin, sovét skal það heita.

Þá erum við komnir að kommissörunum, og þar þótti nú hæstv. forsrh. betra að setja fyrir fram undir lekann

eða að reyna að gera það. Og hann taldi, að þessir menn mundu hafa svo mikið að gera, – það væri svo geysilega viðamikið þetta starf, – að það gæti enginn einn maður verið slíkur jöfur, að hann réði við það, og það þyrfti að setja þrjá menn í þetta að sínum dómi, alveg eins og t. d. bankana. Nú er það rétt, fyrst á þetta er minnzt, að í ríkisbönkunum eru yfirleitt þrír menn. En það hefur verið yfirleitt grundvallarregla, að þessir bankastjórar væru þannig frá pólitísku sjónarmiði, að stjórn og stjórnarandstaða hefðu þar sína fulltrúa, einmitt til þess að geta undirstrikað það gagnvart almenningi, að hér væri um hlutlausar bankastjórnir að ræða. Þetta er náttúrlega allt öðruvísi skipað en bankastjórn í ríkisbönkum, ef hún á að vera skipuð bara af fulltrúum eða pólitískum aðilum, sem eru þekktir stjórnmálamenn eða fylgjendur þeirra flokka, sem á hverjum tíma eru við stjórn svo að ég held, að það hafi nú verið ákaflega óheppilegt að vera að vísa í sjálfu sér til þeirra.

Auðvitað sannar brtt., sem gerð var við 4. gr. í Ed., hið pólitíska eðli kommissaranna, og hæstv. forsrh. var svo hreinskilinn að játa það, að þetta væru pólitískir menn og ættu að vera pólitískir umboðsmenn ríkisstj., en það er bætt inn þeirri málsgr., að framkvæmdaráð megi leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara, að þeir eigi að koma og fara eins og pólitísku ráðherrarnir, þessir pólitísku kommissarar. Það er ágætt, og ég viðurkenni og virði þá hreinskilni, sem í því felst af hálfu hæstv. forsrh., að viðurkenna þetta. En þá á hann ekki að vera með þá skinhelgi í leiðinni að tala um, að þarna verði engin pólitík á ferðinni, það verði ekki, þó að þetta séu pólitíkusar.

Við þekkjum þetta nú, þótt ekki væri nema pólitík Framsfl. frá árunum 1930–1940. Það var nú ekkert smávegis pólitískt ranglæti, sem beitt var þá af fulltrúum þáv. ríkisstj. í svipaðri stofnun, sem hér er verið að tala um, eða með svipuðu kerfi, og þá voru þeir alls ráðandi. Það stefndi allt að einu marki, að efla og styrkja Sambandið og draga úr styrkleika einkaframtaksins, sérstaklega á sviði verzlunarinnar á þeim árum, og þar náði ríkisstj. stórkostlegum árangri, því að velta Sambandsins jókst að sama skapi og velta einstaklingsins minnkaði á þessum árum. En þetta voru menn, sem vissu alveg, hvað þeir voru að gera. Þeir höfðu viðurkennt, að þeir væru stjórnmálamenn. Skúli Guðmundsson heitinn, hann var stjórnmálamaður. Hann var nokkuð seigur líka og harðdrægur flokksmaður, og það var ekki bara hér í þingsölunum, sem hann var það. Það var hann einmitt líka, þegar hann fór með opinber málefni, eins og hann gerði á þessum árum.

Ef hæstv. forsrh. væri sjálfum sér samkvæmur og vildi hafa þetta í líkingu við það, sem væri með bankana, þá ætti hann að tryggja nokkurn veginn, að einn af þessum kommissörum a. m. k. væri mjög sterkur stjórnarandstæðingur. Þá hallaðist ekki á um það, að bæði stjórn og stjórnarandstaða gæti vitað, hvað þessir þrír menn sýsla, þegar þar að kemur. Það getur verið að hæstv. ráðh. hugsi sér það, og við bíðum þá og sjáum, hvað setur.

Í 13. gr. frv. segir, að lánadeildin geti átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja. Má ég spyrja hæstv. forsrh., hvað felist í þessu? Það stendur í gr., að hún láti vinna nauðsynlegar áætlanir og undirbúningsstörf og leiti síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót, en getur hún komið fyrirtæki á fót án samvinnu við aðra aðila? Felst í þessu ákvæði, að þessi stofnun geti stofnað fyrirtæki ein út af fyrir sig? Þetta er atriði, sem ástæða væri til að fá upplýst.

Í 14. gr. segir: „Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.“ Hvað þýðir þetta? Má ég spyrja hæstv. forsrh.: Eru uppi ráðagerðir um það að fela stofnuninni umsjá fleiri fjárfestingarsjóða? Í öðru lagi má ég spyrja: Hvað þýðir „að fela stofnuninni umsjá fjárfestingarsjóðs“, hvað þýðir það?

Þá segir í 16. gr.: „Lánadeildin getur, ef hagkvæmt þykir, haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins.“ Samkv. þessu þýðir m. ö. o. ekki það að hafa umsjá sjóða að hafa vörzlu og bókhald þeirra, en hvað þýðir „að hafa umsjá þeirra“? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst. Í aths. segir um þetta: „Enn fremur er í gr. gert ráð fyrir að Framkvæmdastofnuninni verði síðar fengin umráð fleiri fjárfestingarsjóða en þetta frv. gerir ráð fyrir.“ Þá er ekki orðið umsjá lengur notað til skýringar á gr., sem umsjáin er í. Hvað þýðir „að hafa umsjá eða umráð sjóðanna“? Er það það sama? Og hvað felst í því, þar sem fyrir liggur, að ekki felst í því að hafa vörzlu og bókhald þeirra, eða er þetta kannske opið í báða enda?

Þá kem ég að bákninu í heild, sem ég orðaði svo. Hvaða áætlanir liggja fyrir um stærð eða starfsmannaþörf þessarar stofnunar, sem hér hefur verið sett á laggirnar, við skulum segja bæði brúttó og nettó, þ. e. hvað er gert ráð fyrir, að stofnunin þurfi á miklu starfsmannaliði að halda og hvaða mundi sparast þá hjá öðrum stofnunum vegna þessa starfsmannahalds? Um þetta hljóta að vera einhverjar hugleiðingar hjá hæstv. ríkisstj., og það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur þm., áður en við tökum afstöðu til málsins, að fá einhverjar vísbendingar um þetta. Eiga að vinna þarna 10–20 manns eða 100 manns eða 200 manns? Ríkisstj. hefur frá því hún var stofnuð, sett á laggirnar nefndir, sem í munu vera um 50 manns, í langflestum tilfellum pólitískir fylgismenn stjórnarinnar, varla í nokkru tilfelli stjórnarandstæðingar, nema eftir tilnefningu annarra aðila. Í Stjórnarráði Íslands voru fyrir nokkrum árum um 100 manns, ef ég man rétt. Þessir nefndarmenn eru um helmingurinn af stjórnarráðinu. Á þetta að vera álíka stórt bákn og stjórnarráðið, eða á það að vera helmingi stærra en stjórnarráðið? Hverju gera menn ráð fyrir í þessu sambandi?

Mig langar svo enn fremur að spyrja: Hver er áætlaður rekstrarkostnaður stofnunarinnar svona fyrstu árin, ég geri nú ekki ráð fyrir, að það geti náð langt aftur í tímann, kannske búast menn ekki við, að hún verði svo langlíf, þessi stofnun, en fyrstu árin, t. d. kjörtímabilið? Hæstv. forsrh. talar um það, að hér sé verið að sameina þrjár stofnanir í eina. Þetta á víst að skiljast svo fyrir þá, sem eru nógu einfaldir, að hér sé nú verið að spara. Rekstrarkostnaður Framkvæmdasjóðs mun hafa verið um 5 millj. kr. á s. l. ári og Atvinnujöfnunarsjóðs eitthvað svipað og Efnahagsstofnunarinnar innan við 10 millj. kr. Þetta er nú það, sem verið er að sameina. Búast

menn við, að þetta nægi til rekstrarkostnaðar þessarar stofnunar, þessar 15 millj. króna, eða hvaða áætlanir hafa menn gert sér í þessu sambandi? Og ég segi enn, að þeir, sem eru svona gírugir í að gera áætlanir, hljóta að hafa áætlað þetta. Við fáum væntanlega að heyra það, áður en þessum fundi lýkur.

Meginpartur af ræðu hæstv. forsrh. fjallaði um áætlanagerð, og það er rétt, að ég víki svolítið að því máli. Það verður kannske endurtekning á því, sem mönnum hefur verið ljóst um þessi mál, eins og margt var endurtekning á því í ræðu hæstv. forsrh., sem mönnum var áður ljóst, en allt þetta tal um áætlanagerð og nauðsyn áætlana, sem hefðu betra skipulag, hjá hæstv. forsrh. er ekkert annað en til að breiða yfir, því að áætlanagerðir hafa verið hér í ríkum mæli framkvæmdar og í vaxandi mæli á undanförnum árum. Ef hæstv. ríkisstj. fannst nauðsyn til þess að endurbæta þær, sem ég efast ekki um, að þörf sé á, og auka þær, þá er það gjörsamlega vandalaust á grundvelli þeirrar löggjafar, sem fyrir hendi er, algjörlega vandalaust. Það, sem sagt hefur verið um áætlanagerð í sambandi við þetta frv., er að þessu leyti alveg út í hött. Öllu takmarki hæstv. ríkisstj. um áætlanagerðir var hægt að ná á grundvelli gildandi laga og með því þá að efla stofnanir eins og Efnahagsstofnunina og hagrannsóknadeild hennar og aðrar stofnanir, sem að þessu vinna. Þar af leiðandi kemur þetta í raun og veru ekki þessu máli við og réttlætir ekki þetta frv. Eiginlega var langlengstur hluti ræðunnar um það að réttlæta frv. á grundvelli þess, hve mikil þörf væri á áætlanagerð.

Það er líka talað mikið um þetta í sjálfu frv. og grg. Það er talað um eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunarvinnubrögðum, skipulegum áætlunarvinnubrögðum! Það er nú gott, að þau séu skipuleg. Ég veit ekki, hvernig óskipuleg áætlunarvinnubrögð eiga að vera. Það er sagt, að stefnt sé að því, að íslenzkur þjóðarbúskapur þróist í framtíðinni með skipulegum hætti. Mér finnst nú nóg, að hann þróist, ef hann þróast með einhverjum hætti. Í ræðu fulltrúa ríkisstj. og skrifum stuðningsblaða hennar hefur einnig mikið verið um áætlanir talað og áætlanagerð sem eins konar allra meina bót. Í frv. sjálfu og aths. við það er þó hvergi að finna neina skilgreiningu á því, hvað áætlanagerð sé né hvernig eigi að beita henni, hvergi. Það er ekki stafur fyrir því.

Hér hefur oft verið reynt að beita áætlanagerðum í þjóðarbúskap okkar, en af litlum efnum, eins og kunnugt er, á fyrri árum og þá oftast til kvaddir einstakir sérfræðingar í það og það skiptið. Þetta hefur auðvitað, eins og eðlilegt er, ekki gefið mjög góða raun. Hins vegar er réttilega á það bent, að það hefur þróazt mjög í hinum vestræna heimi áætlunarbúskapur á síðari árum innan ramma einkaframtaks og kapítalisma, eins og hæstv. forsrh. vék að, og sérstaklega benti hann á, að engir legðu jafnmikið fé í áætlanagerðir eins og mestu auðhringarnir í heiminum. Hann þekkir nú sennilega eitthvað betur til þeirra en við ýmsir hinna. Ég get vel trúað því, að það sé eitthvað til í þessu, að þeir leggi mikið í að áætla sínar framkvæmdir. Það er auðvitað eðlilegt, og það gerir í raun og veru hver maður í sínum eigin heimilisbúskap. Þá eru menn alltaf með meiri og minni áætlanir um það, hvað sé fram undan og hvað sé rétt að gera, og hvert fyrirtæki, þótt lítið sé, er með áætlanir. Oft eru miklar áætlanir gerðar í hugum ágætra einkaframtaksmanna, án þess að þær séu nokkurn tíma settar á pappír. Af þessu hafa menn líka m. a. dregið þær ályktanir, að það væri æskilegra að hafa meiri áætlanagerð á opinberum vettvangi en verið hefur. Að þessu hefur ýmislegt hnigið á undanförnum árum.

Það var einmitt fyrrv. ríkisstj., sem lagði fram áætlanagerð um þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, þá fyrstu frá 1963—1966, og þá gerði hæstv. forsrh., Ólafur Thors, mjög glögga grein fyrir því, hver væri tilgangurinn með þessari áætlanagerð og hvaða tilgangi hún ætti að þjóna. Síðar hefur þetta verið áréttað mörgum sinnum, og hingað hafa verið kvaddir í tíð fyrrv. ríkisstj. sérfræðingar frá Alþjóðabankanum og fleiri erlendir sérfræðingar til þess að vinna að áætlanagerð, norskir sérfræðingar t. d., sem hófu starfsemina við Vestfjarðaáætlunina, og fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, gerði mjög ítarlega grein fyrir því hér fyrir tveim eða þremur árum, á hvern hátt hefði þá að undanförnu verið unnið að áætlanagerð á Íslandi og hvaða áætlanagerð teldist að mati sérfræðinga og ríkisstj. vera heppilegust.

Á síðari árum hafa þessar áætlanir haldið áfram mjög mikið. Ef þetta allt væri talið upp, sjá menn, að áætlanagerð hefur bara verið geysimikil á undanförnum árum. Þegar framkvæmdaáætlunin er lögð fram 1963, er verið að tala um og vinna að langtímaáætlunum um samgöngumál og menntamál á vegum Efnahagsstofnunarinnar og hlutaðeigandi rn. Það er gerð byggðaáætlun fyrir Vestfirði, Norðurland og Austfirði og gerð athugun og áætlun um þróun einstakra atvinnugreina á vegum Efnahagsstofnunarinnar.

T. d. voru gerðar mjög víðtækar áætlanir um þróun iðnaðarins hér á landi. Í fyrsta lagi var gerð úttekt á iðnaðinum árið 1969, áður en við gengum í EFTA, þ. e. hvernig staða iðnaðarins væri þá. Síðan voru samin iðnþróunaráform, þ. e. áætlun um þróun iðnaðarins á Íslandi á þessum áratug á grundvelli þeirrar úttektar, sem fram hafði farið á iðnaðinum árið 1969. Þessi iðnþróunaráform hefur ríkisstj. undir höndum, og allir alþm. hafa fengið þau. Samt sem áður var það nú eitt af stefnuskráratriðum ríkisstj. að gera iðnþróunaráætlun næstu ára. Það hefði þá frekar átt að orða það þannig, að það ætti að endurskoða hana, ef menn hafa þá lesið hana og talið þörf á því að endurskoða hana, en hún liggur fyrir, ítarleg áætlun um iðnþróunina í landinu á næstu 10 árum. Það hafa verið gerðar svo á síðustu árum fyrir utan það, sem ég hef minnzt á, samgönguáætlanir. Samgönguáætlunin, sem gerð var á árunum fyrr, er m. a. undanfari að áætlun um hraðbrautir, sem gerð hefur verið. Það hefur verið haldið áfram áætlunum á sviði menntamála, og hún hefur farið að mestu leyti fram í menntmrn. sjálfu. Það hefur verið lokið við áætlun um þróun Háskóla Íslands. Gerð hefur verið áætlun um þróun iðnaðarins, eins og ég sagði. Sennilega mun lokið nú víðtækri upplýsingasöfnun og athugun, sem miðar að endurskoðun stefnunnar í landbúnaðarmálum og hugsanlegri áætlanagerð þar. Það hefur verið gengið frá Norðurlandsáætlun og samgönguáætlun fyrir Austfirði. Og aftur er hafið starf við

Vestfjarðaáætlunina. Svo verðum við að hafa það líka í huga, að miklar framfarir áttu sér stað í undirbúningi opinberra framkvæmda, eftir að lög um þetta efni voru sett hér nýlega á Alþ. í tíð fyrrv. ríkisstj. Það er svo alkunnugt, að bæði bankar og stofnlánasjóðir hafa tekið upp alveg ný vinnubrögð á undanförnum árum í þessu sambandi með gerð áætlana fram í tímann með ítarlegri og miklu meiri kröfum en áður til fyrirtækja um gerð rekstraráætlana af þeirra hálfu og hagkvæmnisáætlana fram í tímann.

Ég held, að það sé alveg óvefengjanlegt, að á síðasta áratug og ekki síst á síðari hluta hans hafa orðið alveg sérstakar framfarir, – þar er varla hægt að bera það saman við nokkuð áður, – í áætlanagerð hér á landi. En þessar áætlanir eru byggðar á traustum grunni stig af stigi og þær felast í því, að margir aðilar, bæði opinberir aðilar, lánastofnanir og fyrirtæki, hafa tekið að beita áætlanagerð og samræmt sínar áætlanagerðir og ákvarðanir.

Það væri auðvitað hægt að segja margt og miklu meira um þetta atriði, en ég skal ekki tefja tímann á því nú. En ég vil aðeins benda á þetta til þess að sýna það, að mikill hluti af ræðu hæstv. forsrh. um áætlanagerðir, sem sé verið að stofna til með þessu frv., er alveg út í hött. Fyrir hendi er möguleikinn til allrar þessarar sömu starfsemi án þess að samþ. væri þetta frv., sem hér er um að ræða, sem felur í sér allt annað og miklu meira en áætlanagerð. Það er auðvitað valdbeitingin, sem er það hættulega við þetta frv., og sem við eigum eftir að standa frammi fyrir, nema því aðeins að hæstv. forsrh. standi við það að ráða við þá menn, sem með honum starfa og sem vitað er um að vilja ofríki ríkisvaldsins sem mest og afskipti ríkisvaldsins sem mest. En ef hann segir, að þetta frv., ef að lögum verður, verði til að styrkja einkaframtakið í landinu, þá skulum við bíða og sjá, þegar hæstv. forsrh. setur hnefann í borðið og tryggir slíkan framgang þessara mála.

Ég tel, að það sé glapræði að leggja Efnahagsstofnunina niður, hreinasta glapræði. Hún hefur áunnið sér almennt traust. Hún heyrir undir forsrn. Efnahagsstofnunina á að stórefla í því formi, sem hún er, en nú í stað þess á að gera hana að deild í stofnuninni. Maður verður að fara að kalla þetta Stofnunina. Það er eins og þetta sé orðin einhver ný persóna í þjóðfélaginu þessi stofnun. Hæstv. forsrh. talaði alltaf um stofnunina. Þetta er eins og einhver persónugervingur sósíalismans á Íslandi. Hæstv. forsrh. gerir sér ekki grein fyrir því, hvað hann er að gera. Enginn veit, hvað átt hefur, fyrr en misst hefur. Hæstv. forsrh. eru efnahagsmál e. t. v. ekki mjög hugleikin. Því meiri þörf er honum á Efnahagsstofnuninni í eigin rn. Með því móti mundi hann geta forðazt það hlutskipti, sem forsrh. landsins má ekki henda, að vera hnoðaður eins og brauðdeig í höndum annarra manna, sem stefna að og gegna allt öðru hlutverki en að auka vegsemd hæstv. forsrh., formanns Framsfl. Þetta ætti honum að vera ljóst. Smjörþefinn af slíku hlýtur form. Framsfl. að hafa fundið í síðustu alþingiskosningum. Honum getur tæpast verið rótt innanbrjósts, þegar hann lítur yfir val týndra liðsmanna Framsfl. í kosningunum. Hann gæti þegar sagt við kommúnistana í ríkisstj. svipað og rómverskur tignarmaður sagði forðum: „Fáðu mér aftur hersveitirnar mínar.“ Hvarflar það að formanni Framsfl., að báknið, stofnunin, sé líkleg til þess að skila honum aftur týnda liðinu? Nei, nátttröllið glottir. Það getur hæstv. forsrh. verið viss um.

Fyrirheit okkar stjórnarandstæðinga í upphafi þings var það, að við vildum hafa ábyrga stjórnarandstöðu, og við höfum staðið við það fyrirheit. Þess vegna höfum við lagt okkur alla fram, bæði í sambandi við þetta mál og önnur, að brjóta þau til mergjar. Þó að þessi viðleitni okkar hafi ekki borið árangur enn þá, þá munum við halda því áfram. Við munum leggja okkur alla fram að fá samþykktar breytingar til bóta á þessu frv., en megi ekki lagfæra neitt í þessari hrákasmíð fyrir ofríki og valdbeitingarhneigð meiri hl. á Alþ., þá munum við vissulega greiða atkv. á móti þessu frv. Það væri þá bezt geymt undir grænni torfu. Þá ætti það að breyta um nafn og nefnast frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisstj., en ekki Framkvæmdastofnun ríkisins.

Að lokum vil ég segja þetta: Mér segir hugur um, að margir þeirra þm., sem nú kunna að ljá þessu frv. lið, e. t. v. af misskilningi, og gera sér ekki grein fyrir, hvað í því getur falizt, muni síðar, og það fyrr en varir, óska þess, að þeir hefðu ekki gengið til þessa leiks.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er fyrsta meiri háttar frv. um efnahagsmál, sem hæstv. ríkisstj. flytur. Það fjallar um efni, sem er öllum jafnaðarmönnum hugstætt, áætlanagerð og skipulag framkvæmda, bæði opinberra framkvæmda og framkvæmda einkaaðila. Frv. grundvallast á þeirri stefnu, sem hefur verið í reynd hér á landi á undanförnum árum og raunar í nær öllum vestrænum ríkjum, að áætlanagerð sé nauðsynleg skynsamlegri hagstjórn. Að vísu eru orðin áætlun og áætlanagerð notuð í óljósri merkingu í frv., og er að því skaði. En einmitt þess vegna er ástæða til þess að hefja umr. um frv. á því að gera nokkra grein fyrir, hvað eðlilegt er að láta felast í þessum orðum.

Áætlanagerð er hagstjórnaraðferð til þess að beita á samræmdan hátt þeim tækjum, sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða til þess að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að í efnahagsmálum til langs tíma litið, en auk áætlanagerðar í þessum skilningi þarf ríkisvaldið að ráða yfir hagstjórnartækjum og stofnunum til að fást við vandamál líðandi stundar. Þegar ákveðin er skipan hagstjórnarstofnana og hagrannsóknastofnana, þarf að hafa bæði þessi sjónarmið í huga, en mér virðist, að því, hvernig fjalla skuli um efnahagsvandamál líðandi stundar, sé ekki gaumur gefinn í frv. Gera má ráð fyrir, að almennt samkomulag sé um það, hver vera skuli markmið hagstjórnar bæði líðandi stundar og til langs tíma, þ.e. að þau skuli vera fyrst og fremst full atvinna og ör hagvöxtur samfara jafnvægi í efnahagsmálum og réttlátri tekjuskiptingu. Það er misskilningur, að áætlanagerð byggist á beitingu sérstakra tækja til þess að ná tiltækum markmiðum. Hún grundvallast á beitingu þeirra tækja, sem fyrir hendi eru, til þess að ná þeim markmiðum, sem æskileg eru talin. Áður fyrr töldu ýmsir fylgismenn áætlanagerðar, að hún væri ekki möguleg, nema ríkisvaldið annaðhvort ætti mikilvæg atvinnutæki eða hefði a. m. k. vald til að segja atvinnurekendum fyrir verkum. Andstæðingar áætlana-

gerðar voru sömu skoðunar. Þeir byggðu andstöðu sína einmitt á því, að áætlanagerð hlyti að fylgja ríkisrekstur eða mikið vald ríkisins yfir atvinnulífinu. Þessar skoðanir eru nú taldar úreltar af hagfræðingum og stjórnmálamönnum á Vesturlöndum. Þess vegna er áætlanagerð hætt að vera verulegt deiluefni á stjórnmálavettvangi. Áætlanagerð er beitt í víðtækum mæli í vestrænum löndum, enda hefur samstaða aukizt mjög um þau markmið, er stefna ber að í efnahagsmálum, og mönnum er í vaxandi mæli orðið ljóst, að áætlanagerð er skynsamlegt tæki í sókn að því marki.

Víðast hvar á Vesturlöndum er um svo nefnt blandað hagkerfi að ræða, þ. e. að rekstur fyrirtækja er ýmist í höndum einkafyrirtækja, samvinnufyrirtækja eða opinberra aðila. Áætlanagerð í slíkum hagkerfum hefur borið mikinn og góðan ávöxt. Í ríkustum mæli hefur áætlanagerð verið beitt í Frakklandi, Hollandi og í Noregi, og hlýtur það að vekja athygli, að í þessum löndum hafa ólíkir stjórnmálaflokkar verið við völd. Engu að síður hafa þeir allir beitt áætlanagerð í ríkum mæli og orðið vel ágengt. Í Austur-Evrópulöndum hefur áætlanagerð verið beitt í sambandi við allsherjar þjóðnýtingu og áætlanagerð verið rígskorðuð, miðstýrð og henni fylgt valdboð. Meðal þeirra, sem til þekkja og hlutlausum augum líta á málin, er enginn ágreiningur um það, að hagstjórn hefur tekizt mun verr í Austur-Evrópu en í Vestur-Evrópu. Ástæðan er m. a. sú, að hin vestræna tegund áætlanagerðar hefur sýnt mikla kosti fram yfir hina austrænu tegund hennar. Er sú reynsla jafnaðarmönnum, sem fyrstir settu fram kenninguna um frjálsa og lýðræðislega áætlanagerð, mikið ánægjuefni.

En það er ekki aðeins, að áætlanagerð sem viðurkennd hagstjórnaraðferð sé sótt í hugmyndaheim jafnaðarstefnunnar. Enn mikilvægara er hitt, að fljótlega eftir heimsstyrjöldina síðari hlaut það almenna viðurkenningu, að það væri skylda ríkisvaldsins að sjá svo um, að full atvinna væri í þjóðfélaginu, að hagvöxtur væri ör og jafnvægi í efnahagsmálum, þótt menn héldu að sjálfsögðu áfram að deila um, hvernig þjóðartekjum væri réttlátast skipt. En þessi stefna var einnig sótt í hugmyndaheim jafnaðarstefnunnar. Flokkar, sem áður höfðu verið hægrisinnaðir og andstæðir öllum afskiptum ríkisvalds af atvinnulífi, viðurkenndu nauðsyn þess, að viss ríkisafskipti væru nauðsynleg til þess, að þessum markmiðum yrði náð, og um leið, að áætlanagerð væri eitt þeirra tækja, sem hagkvæmt væri að beita í því skyni. Hér var í raun og veru um að ræða byltingu í hugsunarhætti um efnahagsmál. Þessi bylting, sem ýmsum er ekki enn svo ljós sem skyldi, er ein meginorsök þess, hversu mjög hefur dregið úr raunverulegum ágreiningi um stjórn efnahagsmála í vestrænum löndum á undanförnum áratugum. Þótt nýir flokkar komi til valda, fylgja þeir stefnu í efnahagsmálum, sem er svipuð þeirri, sem fylgt var áður, ef þeir eru skynsamir, framfarasinnaðir og frjálslyndir. Hins eru auðvitað mörg dæmi, að nýjar stjórnir hafi gert ótal óskynsamlegar og varhugaverðar ráðstafanir, en ekki vegna þess, að ekki hafi verið hægt að gera betur, heldur af hinu, að þær hefur skort þekkingu eða reynslu.

Upphaf áætlanagerðar hér á landi má rekja til skipulagsnefndar atvinnumála, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar kom á laggirnar 1934. Í skipunarbréfi nefndarinnar, sem Haraldur Guðmundsson atvmrh. skrifaði, er augljóst, að starfi nefndarinnar var ætlað að vera upphaf að áætlanagerð á Íslandi í nútímaskilningi, og var leitað ráða hjá einum helzta hagfræðingi Svía í því sambandi. Því miður tókst þó ekki að hefja slíka áætlanagerð, þar eð reynslan sýndi, að ekki voru fyrir hendi nægilegar upplýsingar um efnahagsmál, sem grundvalla mætti haldgóða áætlanagerð á. Þá voru t. d. engir þjóðhagsreikningar til. Þetta var ekkert einsdæmi um Ísland. Áætlanagerð í nútímaskilningi var hvergi tekin upp fyrr en að styrjöldinni lokinni. Skipulagsnefnd atvinnumála vann hins vegar merkilegt rannsóknastarf og safnaði nýjum upplýsingum, sem hagnýttar voru við stjórn efnahagsmála. Nýbyggingaráð, viðskiptaráð, fjárhagsráð og innflutningsskrifstofa fengust ekki heldur við áætlanagerð í nútímaskilningi. Verkefni þessara stofnana var að beita innflutnings- og gjaldeyrishöftum og fjárfestingareftirliti. Það er því miður útbreiddur misskilningur, að slíkt eigi eitthvað skylt við áætlanagerð, en svo er alls ekki. Allar þessar stofnanir beittu sér að vísu fyrir nokkrum rannsóknum í efnahagsmálum, og þær hafa eflaust reynt að koma við einhvers konar áætlunum við leyfisveitingar sínar. En öllum mun nú ljóst, að sem áætlanagerð mistókst starfsemi þessara stofnana, enda ekki við öðru að búast, þar sem engar upplýsingar voru fyrir hendi um þjóðarframleiðslu, fjárfestingu og neyzlu, enda er engin skýrsla um áætlanagerð til frá þessum árum. Gerðar voru og á sínum tíma svo nefndar 10 ára áætlanir um þróun landbúnaðar og rafveitingu. Hér var þó ekki um áætlanagerð að ræða í þeim skilningi, sem nú er lagður í það orð, enda voru þessar áætlanir ekki byggðar á athugunum á almennri efnahagsþróun né gerðar í samræmi við áætlanir á öðrum sviðum efnahagslífsins.

Áætlanagerð í nútímaskilningi hófst á Íslandi, er ríkisstj. Ólafs Thors fékk um það samkomulag við ríkisstj. Einars Gerhardsen í Noregi á miðju ári 1961, að hingað kæmu til starfa tveir starfsmenn norska fjmrn. og einn starfsmaður norska iðnrn. Þeir höfðu þá nýlokið störfum við undirbúning að norskri þjóðhagsáætlun fyrir árin 1962–1965. Um svipað leyti var starf hagdeildar Framkvæmdabankans að gerð þjóðhagsreikninga komið það langt áleiðis, að hægt var að nota þá reikninga sem grundvöll áætlana. Ýmsir erfiðleikar reyndust á því brautryðjendastarfi, sem hinir norsku sérfræðingar hófu hér í samvinnu við íslenzka sérfræðinga, en þegar Efnahagsstofnuninni hafði verið komið á fót, var þráðurinn tekinn upp að nýju, seint á árinu 1962. Niðurstaðan varð fyrsta heildaráætlunin, sem gerð var um þjóðarbúskap Íslendinga, þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árin 1963–1966, og var hún lögð fyrir Alþ. í apríl 1963. Síðan hefur Efnahagsstofnunin haldið áfram starfi að ýmiss konar áætlanagerð. Er hér um að ræða samningu árlegra áætlana um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra og sérstakar áætlanir á sviði samgöngumála og menntamála. Hafa þessar áætlanir verið gerðar í samvinnu við Seðlabanka og rn. Má í því sambandi nefna samgönguáætlun fyrir Vestfirði, en framkvæmdum samkv. henni er þegar lokið, atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, sem jafnframt felur í sér athugun á grundvallar-

atriðum í sambandi við mótun byggðastefnu, og loks er nýlokið samgönguáætlun fyrir Austurland.

Skynsamleg áætlanagerð í þjóðarbúskap hlýtur ávallt að byggjast á tvennu: Annars vegar samningu heildaráætlana af hálfu ríkisvaldsins og hins vegar áætlanagerð hinna einstöku eininga atvinnulífsins, fyrirtækja, fyrirtækjasamtaka, sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem framkvæmdir hafa með höndum. Árangur áætlanagerðarinnar er undir því kominn, að áætlanir eininganna séu vel gerðar og heildaráætlanir séu rétt byggðar á grundvelli þeirra. Erfiðleikarnir á áætlanagerð á Íslandi hafa reynzt þeir, að áætlanagerð eininganna hefur ekki verið nógu traust, og á það bæði við opinbera aðila og einkaaðila. Þess vegna hefur samning heildaráætlana verið erfiðleikum bundin. En mikið hefur þó áunnizt og mikið gagn hlotizt af þeirri áætlanagerð, sem starfað hefur verið að. En brýnasta verkefnið í íslenzkri áætlanagerð nú er að stuðla að traustari áætlanagerð á einstökum sviðum en átt hefur sér stað. Við höfum þegar öðlazt nokkra reynslu í hinu, að semja heildaráætlun, ef steinarnir, sem bygginguna á að hlaða úr, eru rétt höggnir. Höfundum þessa frv. virðast ekki hafa verið þessi atriði nægilega ljós.

Þá hafa verið gerðar áætlanir á sviði atvinnumála af hlutaðeigandi rn. í samvinnu við Efnahagsstofnunina. Er hér aðallega um að ræða ítarlegar athuganir og áætlanir um þróun iðnaðarins, er unnar voru í sambandi við aðild Íslands að EFTA, og skýrslu um iðnþróunaráform, er gengið var frá í maí 1971. Þá hefur nefnd á vegum landbrn. og Efnahagsstofnunarinnar í fyrsta sinn gert athuganir samkv. ítarlegum gögnum um þróun og viðhorf í landbúnaði, er myndað geta grundvöll fyrir stefnumótun og áætlanagerð í þessari grein. Þá hefur Efnahagsstofnunin í samvinnu við verðlagsráð sjávarútvegsins og samtök í þeirri grein á síðastliðnum 6 árum komið á fót ítarlegu upplýsingakerfi um afkomu sjávarútvegsins, sem verið hefur og hlýtur að verða grundvöllur stefnumótunar og áætlanagerðar á því sviði.

Ég sagði áðan, að hugtökin áætlun og áætlanagerð væru í frv. notuð í óljósri merkingu. Verkefni hagrannsóknadeildar er kallað áætlanagerð, og verkefni áætlanadeildar er að semja áætlanir, að því er segir í frv. Hér er þó um mjög ólík verkefni að ræða, en ekki kemur fram, að höfundum frv. sé þetta ljóst. Öll áætlanagerð er tilraun til þess að draga úr óvissu um framtíðina. En óvissan er af tvennum uppruna. Annars vegar er óvissan af ytri toga spunnin. Hún á rót sína að rekja til þess, að enginn getur séð fyrir aflabrögð, veðurfar, verðlag erlendis o. s. frv. Þá er eðlilegt, að ríkisvaldið annist það verkefni að draga upp líklega mynd af því, sem verða mun í þessum efnum, og gera þá e. t. v. ráð fyrir ýmsum möguleikum. Ríkið á einnig að veita þá þjónustu að draga upp samræmda mynd af heildarfyrirætlunum í þjóðfélaginu til að kanna, að hve miklu leyti þær eru framkvæmanlegar og hvaða leiðir eru til þess að greiða fyrir framkvæmd vissra markmiða. Það er slík áætlanagerð, sem er hlutverk hagrannsóknastofnana. Slíkar áætlanir eru til almennrar leiðbeiningar við hagstjórn og ákvarðanir í efnahagsmálum, bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila. Hins vegar er óvissan fólgin í því, að enginn einn ákvörðunaraðili í þjóðfélaginu getur vitað, hvað annar ætlast fyrir.

Þegar um blandað hagkerfi eins og hið íslenzka er að ræða, er nauðsynlegt fyrir ríkið að mynda sér skoðun um, hvað það sjálft vilji hafast að. Miðað við tiltekna skoðun á því, hvað aðrir geri, þá er ríkisvaldið að taka ákvörðun um framkvæmdir. Það getur einnig haft viss áhrif á það, hvernig einkaaðilar taka því, þ. e. a. s. hverjar verði framkvæmdir þeirra. Þá þarf að gera sér heildarmynd af því, sem verða mundi án afskipta ríkisins, og athuga, hvaða leiðir séu tiltækar til þess að koma því til leiðar, að einkaaðilar breyti fyrirætlunum sínum. Þetta er ákvarðandi áætlanagerð. Það er slíkt verkefni, sem áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar er falið. Það er í raun og veru allt annars eðlis en verkefni hagrannsóknadeildarinnar. Það er spádómur, hitt er ákvörðun.

Það er í raun og veru algerlega óeðlilegt að fela sömu stofnun þessi tvö ólíku verkefni. Ég segi ekki, að það geti undir engum kringumstæðum komið til greina, enda má segja, að hlutverk Efnahagsstofnunarinnar hafi verið á hvoru tveggja sviðinu, en henni hefur aldrei verið ætlað annan en að undirbúa ákvörðunaráætlanir. Valdið hefur verið í höndum ríkisstj. og Alþ. Í þessu frv. er Framkvæmdastofnuninni hins vegar fengið vald, eins og ég mun koma nánar að síðar. Hún verður pólitísk stofnun. Þess vegna er algerlega óeðlilegt að hagrannsóknastarfið og sú spádómsáætlanagerð, sem tengd er því, sé á hennar vegum. Reynslan af starfi Efnahagsstofnunarinnar er einmitt sú, að þau tengsl, sem verið hafa milli þessara tveggja tegunda áætlanagerðar, hafa reynzt óheppileg. Eðlilegast hefði verið að greina þessa starfsemi í sundur, – það er skoðun allra þeirra, sem að þessum málum hafa unnið, – sem í frv. eru hins vegar tengd enn þá nánari böndum en áður. Líklegasta skýringin á þessu er sú, að höfundar þessa frv. geri sér ekki grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Hitt er augljóst, að höfundarnir hafa annaðhvort ekki talað við þá, sem nú vinna að þessum málum, eða ekkert tillit tekið til skoðana þeirra.

Það, sem nú hefur verið sagt, lýtur að nytsemi áætlanagerðar og nauðsyn þess að gera sér grein fyrir því, að hlutverk áætlanagerðar getur verið misjafnt, og þá, hvað það er. Ákvæði frv. eru ekki ljós hvað þetta efni snertir, og stefnan er ekki rétt.

Engu að síður er sú meginstefna frv. rétt að viðhalda áætlanagerð á Íslandi, en ég vil vekja athygli á því, að í frv. eru engin nýmæli að þessu leyti. Í gildandi lögum um Efnahagsstofnun, Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð og opinberar framkvæmdir eru ákvæði um áætlanagerð. Þetta frv. er því ekkert brautryðjandafrv. um áætlanagerð á Íslandi. Sú braut hefur þegar verið rudd á undanförnum áratug. En eins og við er að búast, voru fyrstu sporin ekki fullkomin. Á núverandi skipulagi hafa reynzt gallar, sem nauðsynlegt er að bæta úr. Starfað hafa tveir sjóðir, sem veitt hafa fé til framkvæmda, sem grundvallaðar hafa verið á áætlanagerð, Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður. Þessi skipting á sér sögulega skýringu, en hún er óeðlileg. Framkvæmdir skiptast ekki í byggðaframkvæmdir og aðrar framkvæmdir. Allar framkvæmdir eru framkvæmdir fyrst og fremst. Þess vegna er eðlilegt

að sameina Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð undir eina stjórn, eins og gert er í þessu frv. Það er meginkostur þess, að það skuli gert.

En því miður eru á frv. veigamiklir ágallar. Hinni nýju Framkvæmdastofnun eru ætluð fimm verkefni. Henni er ætlað að vera ríkisstj. til aðstoðar um stefnumótun í efnahagsmálum. Henni er ætlað að annast hagrannsóknir. Hún á að semja framkvæmdaáætlanir. Hún á að hafa með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála, og hún á að annast lánastarfsemi. Öllum þessum verkefnum er nú sinnt, en af ýmsum aðilum. Nú er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort ekki sé þá einmitt rétt, að stjórnkerfið sé gert einfaldara með því að fela einni stofnun þetta allt þá. Hafa verður í huga, að hér er um svo ólík verkefni að ræða, að það krefst ólíkrar sérþekkingar og sérstaks skipulags að fjalla um hvert þeirra. Það er eitt að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Til þess þarf ekki aðeins þekkingu í efnahagsmálum, heldur einnig reynslu á sviði efnahagsmála og stjórnmála. Það er annað að annast hagrannsóknir. Þar mega engin stjórnmálasjónarmið koma til greina. Niðurstaða rannsóknanna verður að vera algerlega hlutlaus og geta notið fyllsta trausts alls almennings og t. d. aðila vinnumarkaðarins.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á, að samkv. frv. er það ekki hagrannsóknadeildin, sem á að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum, eins og Efnahagsstofnunin er nú samkv. gildandi lögum, heldur á hagrannsóknadeildin aðeins að annast hagfræðilegar athuganir, sem ríkisstj. kann að óska eftir. Það að semja framkvæmdaáætlanir krefst sérþekkingar, sem er á höndum tiltölulega fárra manna, eins og nú háttar.

Þá er Framkvæmdastofnuninni falin heildarstjórn fjárfestingarmála. Hér er um stjórnmálavald að ræða, mjög mikilvægt vald. Öll verkefni stofnunarinnar nema þetta eru tekin frá öðrum stofnunum, sem nú starfa samkv. lögum. Þetta verkefni er tekið úr höndum Alþ. og ríkisstj. Auðvitað hefur Alþ. og ríkisstj. nú vald til heildarstjórnar í fjárfestingarmálum. En með þessu frv. er þetta vald tekið úr höndum Alþ. og ríkisstj. og falið Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég efast um, að þm. hafi gert sér þetta nógu ljóst.

Að síðustu er stofnunin lánastofnun. Engum ætti að þurfa að blandast hugur um, að til þess þarf annars konar reynslu og þekkingu en til ráðgjafarstarfsemi, hagrannsókna eða áætlanagerðar.

Þótt hér sé um ólík verkefni að ræða, getur ýmislegt mælt með því í litlu þjóðfélagi eins og hinu íslenzka, að ein stofnun hafi með öll þessi verkefni að gera, en þá verður að sjá fyrir heilbrigðri verkaskiptingu innan stofnunarinnar, sjá henni fyrir því, að aðilar með nauðsynlega sérþekkingu fjalli hver um sitt verkefni, og nú er spurningin: Er í frv. gert ráð fyrir þessu? Hér er komið að meginatriðinu, sem finna verður þessu frv. til foráttu, og það atriði er sannarlega alvarlegs eðlis. Frv. gerir ráð fyrir því, að stjórn allra þessara ólíku þátta sé í höndum þriggja manna, sem ríkisstj. skipar. Samkv. 4. gr. á ríkisstj. að skipa þriggja manna framkvæmdaráð, sem annast daglega stjórn allrar stofnunarinnar, allrar stofnunarinnar. Þessir þrír menn eiga m. ö. o. að vera daglegir yfirmenn ráðgjafarstarfsemi, hagrannsókna, áætlanagerðar, heildarstjórnar fjárfestingarmála og lánastarfsemi, sem nemur milljörðum kr. á ári. Ég býst ekki við, að nokkrum þremur mönnum hafi nokkru sinni áður á Íslandi verið ætlað annað eins verkefni. Verkefni ríkisstj. er auðvitað meira en þetta, en ráðh. eru þó sjö. Auðvitað eru til ofurmenni, og þeir gera ótrúlega hluti, en ég hef ekki frétt af slíkum þremur ofurmönnum á Íslandi, að þeim sé ætlað það verkefni, sem hinu þriggja manna framkvæmdaráði stofnunarinnar er ætlað. Að vísu stendur í frv., að þeir eigi að leggja verk sín fyrir sjö manna þingkjörna stjórn stofnunarinnar, sem taki endanlegar ákvarðanir. Þegar þeir hafa samið áætlanir sínar, þegar þeir hafa komizt niður á lánveitingar úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, eiga þeir að leggja þetta fyrir fulltrúa Alþ., sem er endanlega valdið. En allir, sem minnstu þekkingu hafa á framkvæmd slíkra mála, vita, hver raunin er. Þingkjörin sjö manna stjórn hefur sáralitla aðstöðu til þess að taka raunverulegar ákvarðanir um svo margbrotin mál sem hér er um að ræða. Þau eru miklu flóknari og margbrotnari en svo, að hægt sé að ætlast til þess, að t. d. þm., sem sæti ættu í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, geti haft nokkra heildarsýn yfir þau viðfangsefni, sem við er að fást. Þeir gætu auðvitað kynnt sér einstök mál og haft afskipti af þeim, en heildaryfirsýn er ómöguleg. Hún getur aðeins orðið í höndum fastra starfsmanna eins og framkvæmdaráðsins. Þess vegna verður raunverulega heildarvaldið í höndum þeirra. Ef svo ætti ekki að vera, liggur beint við að spyrja, hvers vegna framkvæmdaráðið sé pólitískt skipað og eingöngu fulltrúum ríkisstj. Af hverju fær stjórnarandstaðan enga aðild að framkvæmdaráðinu? Eða hvers vegna má stjórn deildanna þá ekki vera í höndum embættismanna án framkvæmdaráðsins, sem er eingöngu fulltrúi ríkisstj., ef raunverulegt vald á að vera í höndum hinnar þingkjörnu stjórnar?

Hæstv. forsrh. játaði það skýrt í ræðu sinni hér áðan, að hinir þrír framkvæmdaráðsmenn muni verða mjög áhrifamiklir og völd þeirra og áhrif muni verða mjög mikil, þótt hann legði áherzlu á að úrslitavaldið væri í höndum sjö manna yfirstjórnarinnar, en í orðum hæstv. ráðh. fólst þó skýr játning á því, að hér væri þremur mönnum fengið alveg óvenjulegt vald í íslenzku stjórnkerfi. Hann taldi þá gagnrýni, sem komið hefur fram á skipun framkvæmdaráðsins, eiga rót sína að rekja til þess, að menn hefðu vantraust á stjórnmálunum. Þetta bendir auðvitað til þess, að ætlunin er, að framkvæmdaráðsmennirnir verði stjórnmálamenn. Gagnrýni mín og flokksmanna minna á skipun og tilvist framkvæmdaráðsins byggist engan veginn á því, að við teljum stjórnmálamenn verri eða óhæfari menn til að gegna vandasömum störfum en embættismenn. Það, sem við gagnrýnum, er, að þremenningarnir eiga að vera skipaðir samkv. frv. einhliða af ríkisstj. Stjórnarandstaðan hefur þar ekkert að segja.

Hæstv. forsrh. jafnaði þessu við bankana, en einmitt bankarnir eru dæmi þess, að séð hefur verið fyrir valdajafnvægi. Ekki er aðeins bankaráð sérhvers banka skipað þannig, að þar eiga sæti fulltrúar meiri hl. og minni hl. á Alþ. hverju sinni, heldur hefur verið um það þegjandi samkomulag allra stjórnmálaflokka á Íslandi, að eðlilegt sé, að allir flokkar skuli eiga ítök í daglegri stjórn bankanna, þ. e. varðandi skipun bankastjóra.

Það hefur verið þegjandi samkomulag um þetta. Það er lýðræðisleg hugsun, sem þar liggur að baki, að allir flokkar, bæði þingmeirihluti hverju sinni og þingminnihluti hverju sinni, skuli eiga aðild að daglegri stjórn bankanna, þ. e. skipun manna í bankastjórastöður. Ég nefni þetta vegna þess, að hæstv. ráðh. gaf beint tilefni til. Þar hefur verið virt hin lýðræðislega hugmynd um valdajafnvægi.

Í þessu frv. er lýðræðisleg hugmynd um valdajafnvægi hunzuð með þeim hætti, að gert er ráð fyrir því, að þessir mjög svo valdamiklu menn, svo að orð hæstv. ráðh. séu notuð, skuli einvörðungu vera fulltrúar ríkisstj. eða þingmeirihluta, en þingminnihluti skuli þar ekkert hafa um að segja. Það er ómótmælanlegt, að raunverulegt vald í þessari stofnun yrði í höndum þriggja manna framkvæmdaráðsins, sem verður skipað einvörðungu fulltrúum ríkisstj. Svo langt er m. a. s. gengið, að sérfræðilegir forstöðumenn einstakra deilda eiga hvorki að hafa daglega stjórn deilda sinna með höndum né að ráða starfsfólk, hvað þá að gera tillögur um rekstrar- og starfsáætlanir stofnunarinnar sjálfrar. Ef ríkisstj., – og á þetta legg ég sérstaka áherzlu, – felldi niður ákvæðin um þessa pólitísku fulltrúa sína í stjórn stofnunarinnar og fæli fulltrúum Alþ. raunverulegt æðsta vald yfir henni, en embættismönnum daglega stjórn deilda, yrði mál þetta allt annars eðlis en það er samkv. þessu frv.

Fyrirhugað vald þessara þriggja manna er svo einstætt í íslenzku þjóðfélagi, að fyllsta ástæða er til að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsi sér að ráðstafa þessu valdi. Þessir þrír menn þurfa að búa yfir geysilegri þekkingu og reynslu. Ég geri ekki ráð fyrir, að ríkisstj. hugsi sér að auglýsa eftir mönnum með þekkingu og reynslu í þessum efnum, en hvernig ætlar hún að velja þá? Ráðh. eru valdir af flokkum, sem tekizt hafa á í almennum kosningum, og eru yfirleitt úr hópi manna, sem öll þjóðin þekkir, en nú eiga ráðh. einir að velja þessa valdamiklu menn í landinu. Þjóðin hlýtur að spyrja: „Hvernig verður valið, hverjir verða þeir?“

Í 12. gr. frv. segir, að stofnun geti sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Það er æskilegt, að slíkar reglur séu til. Sérhver góð lánastofnun setur sér í raun og veru slíkar reglur, og ríkið sjálft setur sér þær í fjárlögum. En eigi að setja almennar reglur, sem eiga að gilda fyrir alla, á Alþ. eitt eða ríkisstj. í umboði þess að setja þær eða að veita tilteknar heimildir til að setja slíkar reglur, eins og t. d. er gert í seðlabankalögunum. Það er fráleitt að fela einni stofnun almennan, óskilgreindan yfirráðarétt yfir öllum öðrum stofnunum í þjóðfélaginu á tilteknu sviði. Skilgreina verður, hvað séu almennar reglur. Er það t. d. almenn regla, að frystihús á Austurlandi skuli hafa forgang umfram aðrar framkvæmdir í landinu? Eða að fjósbyggingar á Vestfjörðum skuli hafa forgang? Samkv. ákvæðum frv. gæti Framkvæmdastofnunin sett slíkar reglur, sem allar lánastofnanir yrðu að hlýða. Þegar þetta er lagaákvæði um jafn mikilvægan hlut og þann að heimila stofnun að setja reglur, sem allir opinberir sjóðir og allar lánastofnanir eiga að hlýða, er lágmarkskrafa, að lagaákvæði séu ekki hættulega losaralega orðuð.

Heildardómur minn um þetta frv. er sá, að ég fagnaði, að það staðfesti, að núv. ríkisstj. vill halda áfram þeirri áætlanagerð, sem tekin hefur verið upp á undanförnum áratugum. Ég tel frv. marka það framfaraspor, að Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður séu sameinaðir undir einni stjórn. Auk þess stefnir frv. að því að samhæfa opinbera áætlanagerð í ríkara mæli en nú á sér stað. Hins vegar tel ég það stórkostlega háskalegan annmarka á frv., að raunverulegt vald yfir stofnun, sem á að hafa með höndum ráðgjafarstörf við ríkisstj., hagrannsóknir, áætlanagerð, heildarstjórn fjárfestingarmála og viðtæka lánastarfsemi, skuli falið þremur pólitískum fulltrúum ríkisstj., sem enginn veit enn, hverjir verða. Það er ekki gott, ef ekki er hægt að stíga tvö spor fram á við, án þess að stíga jafnframt þrjú spor aftur á bak.

Það er einnig talið æskilegt, að hagrannsóknir yrðu ekki í verkahring þessarar stofnunar, sem er í eðli sínu pólitísk stofnun, heldur yrðu þær faldar sérstakri hagrannsóknastofnun, hliðstæðri Hagstofu Íslands.

Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, mun ég þar leita skýringa á ýmsum atriðum, sem ég tel ekki nógu ljós í frv., og ræða þau nánar við 2. umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hér á undan mér hafa nú talað tveir höfuðtalsmenn hv. stjórnarandstöðu, hinnar nýju stjórnarandstöðu, sem notar hvert einasta tækifæri til þess að lýsa yfir því, að hún sé hörð, ábyrg og málefnaleg. Ég man ekki betur en hv. 1. þm. Reykv. lýsti yfir því undir lok sinnar ræðu, að þannig væri nú hin nýja stjórnarandstaða á Íslandi, hún væri hörð, ábyrg og málefnaleg. Ég hefði nú getað skilið þessi orð, ef hv. þm. hefði mælt þau í byrjun ræðu sinnar, en það var býsna mikill kjarkur að nefna þau í lok þeirrar ræðu, sem hann flutti hér í dag.

Þessi hv. stjórnarandstaða, sem lýsir sér á þá leið, sem ég hef nú vikið að, á nú ekki óskipt mál í öllum greinum. Það var að vísu þannig í upphafi, þegar skipt hafði verið um hlutverk og ný ríkisstj. hafði verið mynduð og við fengum nýja stjórnarandstöðu, að þá leit svo út, a. m. k. um tíma, að þarna yrði algjör samfylgd, líkt og verið hafði í ríkisstj., að Sjálfstfl. og Alþfl. brokkuðu þetta algerlega hlið við hlið í stjórnarandstöðunni. Það var ekki annað að sjá svona fyrsta kastið. Síðan tók þetta dálítið að breytast og hefur verið að breytast meira og meira, eftir því sem á hefur liðið, á þá lund, að hv. Alþfl.-menn hafa gert greinilegar tilraunir til þess að móta nokkuð sjálfstæða stefnu í ýmsum þeim málum, sem hér hafa verið til meðferðar að undanförnu, en að því er virðist, ætla þeir ekki að halda því áfram að vera bergmál Sjálfstfl. í einu og öllu.

Það var þess vegna með nokkurri eftirvæntingu, sem ég beið þeirrar ræðu, sem nú hefur verið flutt hér, ræðu formanns Alþfl., þegar hann tekur nú hér til starfa að nýju, og ég beið hennar með eftirvæntingu vegna þess ekki sízt, að ég hafði gert ráð fyrir, að af henni mætti draga nokkrar ályktanir um það í fyrsta lagi, hvert væri mat hans á þeim tilraunum, sem þeir flokksfélagar hans hafa greinilega gert upp á síðkastið til þess að móta nokkuð sjálfstæða stefnu í stjórnarandstöðu sinni, mat hans á því, hvort hann ætlaði að styðja slíka viðleitni eða hvort hann ætlaði að kippa í spottann og beita

áhrifum sínum til þess, að Alþfl. skokkaði áfram við hliðina á Sjálfstfl. Ég tel nú, að ræðan hafi ekki gefið neitt fullnaðarsvar við þessu. Hún sveiflaðist nokkuð til. Hann telur sig e. t. v. bundinn af því, að þeir félagar hans hér, a. m. k. í Ed., hafa tekið í verulegum atriðum jákvæða afstöðu til þess máls, sem hér er til umr., enda þótt þeir gagnrýni viss atriði og hafi borið fram brtt. við ýmis og sum veigamikil atriði málsins. Því býst ég við, að afstaða hans kunni að hafa mótazt nokkuð af þessu. En einkum þegar á leið ræðuna, þá virtist mér nú, að það væri greinileg hneigð hjá hv. þm. til þess að slá dálítið í og láta ekki Alþfl. dragast of mikið aftur úr í stjórnarandstöðunni. En þó sýndist mér alltaf öðru hverju, að það væri nú einhver hneigð til þess að skoða hug sinn dálítið, áður en hleypt væri alveg á skeið í þessu efni, og það tel ég vissulega góðs vita, og ég lít því þannig á , að í þessu efni sé, eins og stundum er orðað hér í seinni tíð, Alþfl. opinn í báða enda.

Það er söguleg staðreynd, sem ég held, að þurfi ekki að fara um mörgum orðum, að á seinni áratugum höfum við átt eitt stjórnarandstöðutímabil, sem hefur skorið sig algerlega úr. Á síðustu áratugum, hygg ég, að það tímabil, þegar Sjálfstfl. var einn í andstöðu við vinstri stjórnina 1956–1958, sé sérstakt að þessu leyti. Þá gat þessi flokkur sýnt, hvað hann meinti þá a. m. k., með þeim orðum, sem hann viðhefur nú og talar um málefnalega og harða stjórnarandstöðu. Ég held, að það sé hreint og beint orðin söguleg staðreynd, sem þarf ekki að rökstyðja mörgum orðum, en er þó mjög auðvelt að gera, ef ástæða þykir til, að þessi stjórnarandstaða, stjórnarandstaða þessa ábyrga og málefnaauðuga flokks, hún hafi verið sú ábyrgðarlausasta og óbilgjarnasta, að ég segi ekki ósvífnasta, sem þekkzt hefur í íslenzkri stjórnmálasögu síðustu áratuga. Ég ætla að minna á þessa sögulegu staðreynd, þótt ég sjái ekki nú ástæðu til að fjölyrða um þetta, nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég hef orðið þess var nú á seinni árum, m. a. nú í sambandi við þau stjórnaskipti, sem urðu s. l. sumar, að margir ágætir sjálfstæðismenn voru, og þeir játa það ýmsir, óánægðir með þessa stjórnarandstöðu á vinstristjórnarárunum eða árangurinn af henni. Þeir voru e. t. v. ekki óánægðir með það, að sú stjórn átti ekki langa lífdaga. Það er önnur saga. Ég hygg, að það hafi ekki verið fyrst og fremst hin harða og óbilgjarna stjórnarandstaða, sem átti mestan þátt í því, að hún varð ekki langlíf, heldur ýmsar aðrar ástæður og þá ekki sízt innri ástæður hjá þeirri ríkisstj. Þess hefur orðið vart, að á seinni tímum líta margir ágætir sjálfstæðismenn þannig á, að á þessum tímum hafi Sjálfstfl. ekki háð stjórnarandstöðu af því tagi, sem skynsamleg og heppileg gat talizt. Þess vegna heyrði maður það oft eftir kosningar í sumar og tók það jafnvel trúanlegt, þegar maður las það í blöðum og heyrði það mælt af munni ýmissa ágætra talsmanna þessa flokks, að nú ætlaði Sjálfstfl., að manni skildist, að læra af hinni gömlu reynslu. Nú ætti stjórnarandstaðan að verða hörð að vísu, en þó fyrst og fremst málefnaleg. Og hvernig hefur þetta nú tekizt? Ég ætla ekki að hafa um það hér mjög mörg orð. Ég ætla að láta nægja að vitna til örfárra atriða, en þó alveg sérstaklega til málflutningsins í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, því að enda þótt umr. hér í þessari hv. d. séu nú aðeins nýlega byrjaðar og eigi sjálfsagt eftir að standa alllengi enn, þá hefur heyrzt eitt og annað, sem um það mál hefur verið sagt í hv. Ed., auk þess, sem komið hefur um það efni í blöðum þeirra sjálfstæðismanna.

Ég held, að það sé u. þ. b. mánuður síðan ég las það í viðtali, sem eitthvert blað átti við hæstv. félmrh., að hann væri ekki sérstaklega uppnæmur gagnvart hinni hörðu stjórnarandstöðu. Blaðið spurði hann, hvernig honum litist á stjórnarandstöðuna, og hann svaraði eitthvað á þá leið, að þótt hún hafi boðað það, að hún yrði bæði hörð og málefnaleg, þá hafi hún hvorugt verið. Ég held, að hann hafi orðað þetta þannig, að hún hafi fram að þessu verið bæði öfgafull og grútmáttlaus. Ég held, að þetta sé nokkuð góð lýsing, þegar átt er við stjórnarandstöðu þeirra hv. sjálfstæðismanna fram að þessu, svona í megindráttum, með undantekningum kannske. Í fyrstu kynni maður að halda, að það gæti ekki verið fullt samræmi milli þess, að stjórnarandstaða sé bæði öfgafull og grútmáttlaus, en þegar betur er að gáð, þá er þar í rauninni ekkert misræmi á milli, því að hörð gagnrýni á vitanlega ekkert skylt við þær margvíslegu öfgar, sem hv. sjálfstæðismenn hafa tamið sér í sambandi við flestar umr. um þau mál, sem ríkisstj. hefur haft á prjónunum fram að þessu, og þá dóma þeirra um nærri allt, sem ríkisstj. gerir, sem þeir telja illt og óhafandi.

Ég hét því að fara ekki langt út í þessa sálma, en get þó ekki látið hjá líða að minna á örfá atriði, áður en ég kem að þeim málflutningi, sem í frammi er hafður, sérstaklega í sambandi við það mál, sem hér er til umr. Það er í rauninni einkennandi í sambandi við öll þau stærri mál, sem hér hafa verið á dagskrá frá því að núv. ríkisstj. var mynduð, að þeir hv. sjálfstæðismenn hafa haft uppi alls konar þjark og þref um svo að segja alla skapaða hluti, sem ríkisstj. hefur unnið að. Ég ætla aðeins að minna á það, sem þeir, – ég held, að það sé a. m. k. þrír hv. formenn Sjálfstfl., fyrsti, annar og þriðji, – hafa staðið að hér í sambandi við þingmál nú að undanförnu. Það er ekki ástæða til að rifja fleira upp.

Ég ætla að minna á það, að þegar ákvörðun var tekin af núv. hæstv. ríkisstj. um, að Ísland skuli styðja aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, þá var það fyrsti formaður flokksins, hv. 1. þm. Reykv., sem hafði þar alla forustu í þeim málatilbúnaði, sem er svo kunnur, að honum þarf ekki að lýsa. Það þarf aðeins að minna á hann.

Síðan þegar kom til þess að ræða hér um það ákvæði stjórnarsáttmálans, að fram skuli fara endurskoðun hins svo nefnda varnarsamnings, þá var það annar formaður flokksins, hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, sem hafði þar forustu, og hann er fyrsti flm. þeirrar till. um það mál, sem fræg er orðin að endemum.

Þriðja málið, sem ég aðeins nefni hér í framhjáhlaupi, er svo landhelgismálið. Ég hef áður fagnað því, að þar hefur orðið veruleg og mjög mikilvæg og ánægjuleg breyting á stefnu þeirra sjálfstæðismanna frá því í fyrra, þegar þeir þorðu í hvorugan fótinn að stíga og vildu, að því er virtist, ekkert gera í málinu, til þess, sem þeir leggja þó til nú, og fagna ég henni enn. En það var hins vegar ýmislegt í málatilbúnaði og málflutningi

þeim, sem hv. þriðji formaður flokksins, hv. 5. þm. Reykv., viðhafði hér í ræðum sínum um það mál, sem gera má ýmsar athugasemdir við, en þó fagna ég þeirri meginbreytingu, sem þar hefur orðið á stefnunni, en ýmislegt ergelsi var þar eins og gengur og er ekki ástæða til að erfa það. Þessum þremur formönnum hv. Sjálfstfl. fylgdi svo mikið lið og frítt, sem jafnan geysist fram á völlinn, þegar mikils þarf við, og ég á nú von á því, að þeir komi hér hver á fætur öðrum í kvöld og kannske fram eftir nóttunni, eftir því sem ástæða þykir til, og skal ég ekki sakast um það og tel, að það hljóti að verða ánægjulegt á þann málflutning að hlýða. Þar koma fram ýmsir vaskir hásetar, og munu þeir vafalaust fylgja sínum þremur foringjum fast eftir.

Þá skal ég nú víkja án frekari formála um hina, sem kom nú hér af dálítið gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Reykv., að vísu ekki lengur konunglegu, en hina virðulegu stjórnarandstöðu, að því máli, sem hér er til umr. Það er eins með það og kannske ekki síður með það en þau mál önnur, sem ég hef nefnt hér, að þar hafa þeir hv. sjálfstæðismenn ekki flest, heldur allt á hornum sér. Maður heyrði óminn af því handan úr Ed., maður heyrði það hér hjá hv. 1. þm. Reykv., og ég á nú von á því, þegar Morgunblaðið okkar fer að koma út aftur, að þá verði nú eitthvað sungið og kveðið þar um það, að þetta frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins sé alveg voðalegur hlutur. Það er sem sagt verið að gera hér tilraun til þess að vekja hræðsluöldu meðal almennings. Það er verið að reyna að vekja hér upp í sambandi við þetta mál hvers konar gamla drauga. Það er hvað eftir annað af þeim hv. talsmönnum Sjálfstfl. í ræðu og riti í sambandi við þetta mál talað um höft og bönn, leyfaveitingar og biðraðir og allt, sem nöfnum tjáir að nefna og mönnum hefur þótt heldur hvimleitt og leitt úr fortíðinni.

Það er alveg rétt, að það er margur, sem minnist þeirra tíma, þegar hér var langvarandi kreppa og gjaldeyrisskortur, ekki aðeins árum, heldur áratugum saman, og þá voru hér í gildi margvísleg höft og bönn, af ástæðum, sem a. m. k. eru skiljanlegar, þegar þess er gætt, að þá var gjaldeyrisskorturinn slíkur, að það var útilokað að verða við nema litlum hluta þess, sem menn vildu gera með þann gjaldeyri, sem aflaðist. Ég ætla ekki að rekja þessa sögu í löngu máli og heldur ekki afskipti þeirra hv. sjálfstæðismanna af þessum málum í gamla daga, og væri þó e. t. v. ástæða til í sambandi við þetta mál. Aðeins skal ég á það minna, að þegar þeir eru að reyna að vekja upp þessa gömlu drauga, vekja upp þessi mál, sem vitanlega eiga ekkert skylt við það, sem hér er á ferðinni, þá eru það svo sem engir alsaklausir englar í sambandi við höft og boð og bönn, sem eru að tala. Það er sá flokkur, sem einna lengst og einna ákveðnast barðist fyrir eða stóð fyrir ýmsum þeim höftum og bönnum, sem þótti óhjákvæmilegt að hafa á þeim tímum, sem þarna er um að ræða, og mér finnst satt að segja, að það ætti að vera óþarfi, en þó sýnist mér, að það geti verið þörf á því, að t. a. m. ég standi hér upp og neiti að trúa þessu og fullyrði, að það sé enginn fótur fyrir því, að þeir ágætu menn, sem stóðu fyrir alls konar innflutningshöftum og fjárhagsráði og öðru, þeir ágætu sjálfstæðismenn, sem það gerðu á sínum tíma, hafi mismunað mönnum, að þeir hafi farið svívirðilega með sitt vald og þar fram eftir götunum, eins og stundum er verið að dylgja um, e.t.v. ekki enn í þessari hv.d. í sambandi við þetta mál, og vonandi á það ekki eftir að verða, en það hefur verið dylgjað um það í blöðum, og maður hefur heyrt svona ávæninginn af því, að svona hafi þetta nú almennt verið. Þetta hafi verið allt spillt og rotið. Ég vil mótmæla þessu, og ég tel, að þeir ágætu menn, sem þarna áttu hlut að máli, eigi ekki, hvort sem þeir eru lífs eða liðnir, slíkan dóm skilið. Nei, ég held, að það þýði ekkert að reyna að æsa til hræðslu fólks með því að benda á slíka hluti eins og innflutningsskrifstofur, eins og fjárhagsráð eða aðrar slíkar stofnanir, sem hér þótti óhjákvæmilegt að hafa fyrir alllöngu síðan við allt aðrar aðstæður en nú eru eða verið hafa á síðari tímum. En það er verið að ala á þessu hvað eftir annað. Það er verið að reyna að hræða fólk með slíkum hlutum, og þess vegna þótti mér ástæða til að minnast á þetta hér.

Hæstv. forsrh. hefur í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli hér í dag gert atriðum þess hverju á fætur öðru það rækileg skil, að það þarf í sjálfu sér ekki neinu við að bæta, og m. a. tel ég, að hann hafi í mjög hógværu máli svarað því alveg fullkomlega og sýnt fram á það, að með þessu frv. er síður en svo verið að stefna að neinu nýju skömmtunarráði eða neinni nýrri úthlutunarstofnun leyfa og friðinda, eins og ýmsir leyfa sér þó að fullyrða. Þetta er því tilhæfulaust, og því miður bendir það ekki til annars, þegar þessu er haldið sýknt og heilagt fram, þrátt fyrir það þótt hægt sé að benda á frv., að þeir menn, sem þessu halda fram, ætli sér að hræða og blekkja fólk, og það er aldrei fallegur hlutur.

Ég skal játa það og tek þar undir með þeim, sem á það hafa bent, ekki sízt úr hv. Alþfl., þ. á m. hv. 7. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, að í þessu frv. eins og í flestum mannanna verkum er sitthvað sem tvímælis orkar, og sjálfsagt sitthvað, sem hægt er að færa til betri vegar og möguleikar eru á að færa til betri vegar. Enda þótt þetta viðamikla frv. sé að vísu hér í síðari d., þá er ekki við öðru að búast en það fái sína eðlilegu meðferð í þessari hv. d. og kunni að taka hér einhverjum breytingum. Og ég skal játa það einnig, sem hefur komið fram hjá þeim hv. Alþfl.-mönnum, að mjög mikið er undir framkvæmdinni komið, eins og jafnan þegar um stór mál er að ræða, og það er vitanlega sjálfsagt að líta á það, hverju hægt sé að breyta í þessu frv. til að tryggja betur þá meginstefnu, sem það byggist á, og til þess að afmarka, þar sem þess þykir við þurfa, og sýnt hefur verið fram á með rökum, að þyki við þurfa, starfssvið þeirra meginstofnana, sem þarna er um að ræða. Þetta er vitanlega verkefni Alþ. að fjalla um, og enda þótt tími kunni að þykja naumur, ef ætlunin er að ljúka þessu máli ásamt fleiri stórum málum fyrir jólaleyfi, þá verður Alþ. að sjálfsögðu að fá hæfilegan tíma til þess að vinna að slíku stórmáli sem þessu, og ég mun a. m. k. ekki taka þátt í að flýta því á neinn óeðlilegan hátt.

Ég vil svo án þess að fara langt út í einstök atriði þessa frv., það hefur þegar verið gert, aðeins lýsa því, að ég tel, að meginstefnan, sem þar er mörkuð, sé rétt. Það má e. t. v. segja eins og hv. 7. þm. Reykv., að það séu ekki ákaflega mörg alger nýmæli í sjálfu sér í þessu frv., en það er þó tilraun til þess að byggja á nokkru fastari hátt og færa í ákveðnara form ýmislegt, sem fengizt

hefur verið við vissulega nú um allmörg undanfarin ár, auka það og gera það nokkru markvissara, ef auðið yrði, en það e. t. v. hefur verið.

Ég vil lýsa yfir því fyrir mína hönd, og ég hygg, að ég megi gera það fyrir hönd míns flokks, að með þessu frv. er ekki að okkar dómi að því stefnt að leggja aukna fjötra á atvinnulífið í landinu eða möguleika aðila til atvinnuuppbyggingar né að koma á neinum þeim ríkisafskiptum, sem geti talizt truflandi eða óeðlileg í sambandi við atvinnuuppbyggingu í landinu. Það er þvert á móti megintilgangur frv. að okkar viti og okkar dómi að tryggja með meiri hagkvæmni, ef auðið reynist, slíka atvinnuuppbyggingu. Kjarni frv. er með öðrum orðum sá að reyna að tryggja það, eftir því sem hægt er með löggjöf, að efling íslenzkra atvinnuvega geti orðið með sem skipulögðustum hætti og að þar verði viðhöfð sem hagkvæmust vinnubrögð, og það er reynt að ná til allra aðila atvinnulífsins til samvinnu um þetta meginverkefni. Til þess að tryggja þetta meginverkefni eftir föngum er í frv. lögð áherzla í fyrsta lagi á mjög aukna áætlanagerð frá því, sem verið hefur. Hún er að vísu góðra gjalda verð og hefur verið að þróast, en það er ætlunin að auka hana verulega og efla, bæði við *skammtímaáætlanir og áætlanir til langs tíma*. Jafnframt er verið að reyna að koma á, að því er við teljum, eðlilegum og alls ekki hættulegum tengslum milli þeirra aðila, sem semja slíkar áætlanir, ríkisvaldsins og svo þeirra, sem hafa með fjármögnun slíkra framkvæmda að gera, þ. e. koma á eðlilegum tengslum milli þessara aðila á þann hátt, að það geti orðið íslenzku atvinnulífi til eflingar, en ekki til niðurdreps, eins og stundum er látið að liggja. Það er ætlunin, að þessi tiltölulega mjög frjálsu tengsl verði þarna hjá einni stofnun. Þetta er mergurinn málsins, hvað sem sagt er, þegar menn hafa allt á hornum sér, eins og þeir hv. sjálfstæðismenn gera nú í sambandi við hvert það mál svo að segja, sem ríkisstj. flytur.

Í rauninni hélt ég, að það væru ekki svo mjög miklar deilur um það, að auka þyrfti og efla þá áætlanagerð, þau áætlanavinnubrögð og þau rannsóknavinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð í vaxandi mæli á undanförnum árum. Það játa í rauninni allir, að þetta er bráðnauðsynlegt í hverju nútíma þjóðfélagi og ekki aðeins í hverju þjóðfélagi, heldur í hverju nútímalegu fyrirtæki. Slík vinnubrögð eru vitanlega það, sem tímarnir hafa kallað á, og það er vegna margvíslegrar reynslu af skipulagsleysinu og af því að vita ekki, hvar atvinnuvegirnir standa og hvar einstök fyrirtæki standa, sem menn hafa meira og meira farið inn á þetta svið og það er vitanlega ekki verið að hverfa til fortíðarinnar, þótt efld sé og aukin slík starfsemi, áætlunarvinnubrögð í ríkum mæli, það er síður en svo. Það er það sem nútíminn krefst.

Hitt getur svo vitanlega verið deiluefni og er ekkert óeðlilegt við það, þótt þeir hv. fulltrúar Sjálfstfl., sem telja sig og eru nú margir hverjir fulltrúar þeirra, sem hafa með margvíslegan atvinnurekstur í landinu að gera, að þeir hafi kannske aðrar skoðanir en við ýmsir á því, hver eigi að vera áhrif hins opinbera á heildarþróunina, t. d. í sambandi við fjárfestingu og atvinnuuppbyggingu. Um þetta geta á algerlega eðlilegan hátt verið skiptar skoðanir, og það er engin ástæða til að kvarta yfir rökræðum um slíkt. Þær eru vitanlega eðlilegar og í alla staði æskilegar. Ég hygg þó, að þrátt fyrir það, að þeir hv. sjálfstæðismenn bendi oft á það, að of mikil ríkisafskipti séu óæskileg, þá telji þeir alveg útilokað, að þau séu lítil eða engin nú á tímum, en allir telja, að þau séu að vissu marki óhjákvæmileg í nútíma þjóðfélagi. Spurningin er því aðeins, hversu mikil þau eigi að vera og með hverjum hætti.

Það hefur í sambandi við þetta frv., eins og ég áður sagði, verið þyrlað upp nokkru moldviðri, og það er verið að reyna að koma því inn hjá fólki, að með þessu frv. sé stefnt að ýmsu, sem þar er alls ekki að finna og ekki nokkur leið að finna, þótt leitað sé með logandi ljósi. Það er verið að ræða hér um pólitíska skömmtunarstjóra, pólitíska kommissara o. fl., sem ég skrifaði hér, – upp undir blaðsíðu, ýmsar ágætar setningar eftir hv. 1. þm. Reykv. Hann ræddi hér mjög um Stofnunina með stórum staf. Þetta væri persónugervingur sósíalismans á Íslandi, og þarna væri nátttröllið farið að glotta og þar fram eftir götunum. Þetta voru ýmsar skemmtilegar og líflegar setningar, en ég verð nú að segja í sambandi við þessa svona heldur léttu tilraun hans til þess að bregða upp einhverri hryllingsmynd í sambandi við þetta, að ég held, að þetta verki ekki. Ég held, að það sé ekki ástæða til þess, að menn séu að láta svona. Í sumum tilfellum, ekki hjá þessum hv. þm. nú, heldur í sumum þeim skrifum, sem þegar hafa orðið um þetta mál, eru lýsingarnar á áhrifum þessarar Framkvæmdastofnunar orðnar svo ógnþrungnar, að ég býst við því, að ýmsir þeir, sem taka slíkt trúanlegt, ýmsir *ákaflega hrekklausir og ágætir sjálfstæðismenn, sem* trúa eðlilega því, sem foringjar þeirra segja, og því, sem blaðið þeirra heldur fram, séu að verða dálítið líkt settir og Páll skáld Ólafsson í Heydalakirkju forðum. Það var, þegar klerkurinn var að predika hvað harðast og hótaði einna ákafast með verri staðnum, þá kvað Páll þessa ágætu vísu, og þið hv. alþm. þekkið sjálfsagt vísuna flestir eða mættuð gjarnan kunna hana:

Að heyra útmálun helvítis
hroll að Páli setur.
Eg er á nálum öldungis
um mitt sálartetur.

Ég vona, að þessi hryllingsmynd, sem þeir hv. sjálfstæðismenn hafa þegar brugðið upp og eiga sjálfsagt eftir að betrumbæta nokkuð, verði ekki svona mögnuð, að menn verði nú öldungis á nálum um sitt sálartetur. Hitt virðist þeirra ætlun, að það verði margur Pállinn á nálum um afkomu sína og allan hag, vegna þess að vondir menn, sem leggja margvísleg vélabrögð með þessu frv., ætli að kollsteypa þessu öllu. En ég fullyrði, að það er ekkert slíkt á ferðinni. Þetta eru bara Grýlusögur í nútímastíl. Það er líður, að því er virðist, í þeirra aðferð sjálfstæðismanna að halda uppi harðri og málefnalegri stjórnarandstöðu. En ég verð þá að segja, að enn hefur það sannazt, sem ég vitnaði til og hafði eftir hæstv. félmrh., að hingað til hefur sú stjórnarandstaða hvorugt verið.

Ég skal svo á þessu stigi máls ekki hafa öllu fleiri orð um þetta frv. eða málflutning þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað. Ég á sæti í þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, og get þá komið á framfæri þeim

aths., sem ég kann að hafa við það að gera, og tekið þar afstöðu líka til þeirra aths., sem fram hafa komið.

Ég vil að lokum aðeins segja þetta: Það, sem er meginatriði þessa máls, er, að sem fullkomnust áætlanagerð og sem brotalausust framkvæmd þess, sem skynsamlegt er talið í atvinnuuppbyggingarmálum, sé tryggð, eftir því sem hægt er af opinberri hálfu. Það er í rauninni krafa tímans í nútíma þjóðfélagi. Það er hvarvetna lögð áherzla á áætlanagerð, sem byggð er á rannsóknum, á sem allra flestum sviðum. Það er e. t. v. hvergi meiri þörf á slíkum vinnubrögðum en hjá smáþjóð, sem alls staðar sér blasa við stórfelld verkefni á sviði atvinnuuppbyggingar, sem þarf að vinna að. Og hvarvetna skortir fjármagn til þess að vinna að hinum nauðsynlegustu málum. Við höfum þess vegna ekki efni á því að sóa of miklu í skipulagsleysi, þar sem bæði fjármagn og vinnuafl kann að fara til spillis. Við þurfum í vaxandi mæli að stefna að skipulegum áætlunarbúskap, en þó í frjálslegum ramma, þar sem megináherzla er lögð á leiðbeinandi og styðjandi aðgerðir, ef svo má að orði komast, fremur en þvingunarráðstafanir. Og ég held, að þegar grannt er skoðað, þá geti það frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hér er til umr., þrátt fyrir ýmsa þá ágalla, sem á því kunna að vera og hægt kann að vera að sníða af, a. m. k. suma hverja, lagt grundvöll að þeirri þróun, sem hér þarf að verða í þessum efnum. Og það er þess vegna síður en svo, að frv. þetta sé nein hrollvekja, eins og þeir hv. sjálfstæðismenn eru að reyna að telja mönnum trú um, heldur er hér um að ræða tilraun og það mjög ákveðna tilraun til þess að beita nútímalegum vinnubrögðum áætlanagerðar við atvinnuuppbyggingu á Íslandi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það fór ekki hjá því, að ég undraðist svolítið málflutning hv. síðasta ræðumanns, Gils Guðmundssonar, 4. þm. Reykn. Hann fór að upphefja hér almennar stjórnmálaumr. og ræða um stjórnarandstöðu og önnur eldhúsdagsmál, að því er mér fannst. Ég ætla ekki að gera miklar aths. við þennan málflutning hv. þm., en ég man ekki eftir því, þó að ég verði að játa, að það er ekki svo langt síðan ég fór að fylgjast náið með stjórnmálum, að fyrrv. stjórnarandstaða flytti hér á Alþ. neinar sérstakar ástarjátningar til fyrrv. ríkisstj., en það má vel vera, að svo hafi verið, þótt ég hafi ekki fylgzt með því.

Það var skemmtilegt að heyra hv. þm. stíga í vænginn við Alþfl. Formaður hans hafði hér lýst því skilmerkilega, að því er mér skildist, að hann teldi, að þessi mjög svo merka löggjöf, sem hv. stjórnarsinnar segja, að felist í frv., væri bara algerlega óþörf, og það væri hægt að framkvæma hér áætlanagerð, þó að frv. yrði aldrei að lögum. Þess vegna fannst mér nú þessi vissa ástarjátning til Alþfl. vera svolítið örökstudd í þessu máli.

Ég þarf aðeins að gera eina aths. við ræðu hæstv. forsrh. Þar er af mörgu að taka, en ég vil aðeins taka hér eitt atriði út úr. Hann sagði, að byggt væri á málefnasamningi ríkisstj. í sambandi við þetta frv. Ég lít svo á, að þarna hafi hæstv. forsrh. hallað að nokkru leyti réttu máli. Í þessum margfræga stjórnarsamningi stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skal starfa sjóður undir sérstakri stjórn, sem veiti fjárstuðning til þess að treysta sem bezt eðlilega þróun í byggð landsins."

Hér er í mjög mikilvægu efni vikið algerlega frá helgum stjórnarsamningnum, eins og hann virðist vera í hugum hv. stjórnarsinna. Ég lít svo á, að þetta sé mjög þýðingarmikið atriði, og hefði talið, að það hefði verið mikil bót á þessu frv., ef þessi sjóður hefði fengið að vera undir sérstakri stjórn, þar sem hann á við mjög sérstök verkefni að glíma. Ég þykist tala þar af nokkurri reynslu og er þar á öndverðum meiði við formann Alþfl., en hann komst einhvern veginn þannig að orði, að sér fyndist þetta vera ein bezta gr. frv., að sameina Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð. Þar er ég algerlega á öndverðri skoðun og þykist tala þar af nokkurri reynslu.

Frv. það til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hér liggur fyrir hv. Nd. ásamt breytingum Ed., er mjög viðamikið mál, sem mun, ef að lögum verður í óbreyttu formi, hafa víðtæk áhrif á íslenzkan þjóðarbúskap þann tíma, sem ákvæði þessi verða í gildi. Það fer ekki á milli mála, að mesta athygli veki við frv., að með því er ætlað að koma á fót sérstakri stofnun með allsérstæðri pólitískri stjórn, sem vinni að mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, eins og segir í aths. frv. Stofnunin á að vera sjálfstæð, þótt hún sé laustengd við forsrn., ef svo mætti að orði kveða. Það er opinbert leyndarmál, að þrír pólitískir umboðsmenn stjórnarflokkanna eiga að fara með daglega stjórn stofnunarinnar. Hæstv. forsrh., sem ber stjórnskipulega ábyrgð á stofnuninni gagnvart Alþ. og ríkisstj., fær við hlið sér þrjá pólitíska umboðsmenn. Slíkir umboðsmenn hafa, eins og kunnugt er, í íslenzkum bókmenntum verið nefndir Umbar, en ýmsir aðrir hér hafa kallað þá kommissara hér í sölum Alþ. Ég skal nú ekki segja um það, hvort væri meira réttnefni á þessum ágætu mönnum.

Það hlýtur einnig að vekja mikla athygli, að í umr. hefur komið fram, að stofnuninni er ætlað, að því er virðist, að annast framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, og hér eftir ætti því miklu fargi að vera létt af Alþ. og ríkisstj. sjálfri. Án efa eru þetta ein þýðingarmestu verkefni, sem í lýðræðislandi eru einmitt falin þessum aðilum. Með þeim breytingum á lögum, sem stefnt er að með þessu frv., er hv. Alþ. að framselja mikinn hluta þessa valds til sérstakrar stofnunar, sem er í annarlegum og óbeinum tengslum við hið eiginlega löggjafar- og framkvæmdavald, sem þjóðin hefur falið Alþ. og ríkisstjórn. Í frv. er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins móti og framkvæmi, eins og ég sagði áðan, stefnuna í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar með svo nefndri heildarstjórn fjárfestingarmála. En hún er, að því er séð verður, talin felast í hagrannsóknum, áætlanagerð og útvegun fjármagns með valdboði til þeirra framkvæmda, sem forgang skuli hafa hverju sinni.

Þetta er það, sem helzt má lesa út úr frv., en hvergi er þó gerð tilraun til þess að gera Alþ. grein fyrir því kerfi hagrannsókna, áætlanagerða og stjórnar fjárfestingarmála, sem upp á að taka. Um það er allt á huldu og orðalag mjög óljóst í þessu frv. En þau verkefni og valdsvið, sem frv. fjallar um, eru sem hér segir: Hagrannsóknir, áætlanagerð um framkvæmdir, bæði er

varðar einkaaðila í atvinnurekstri og opinbera aðila, svo og fjármagnsútvegun til þeirra. Allt þetta á að setja undir pólitíska stjórn með þeim hætti, sem áður er lýst, og úr á að verða heildarstjórn fjárfestingarmála í landinu, mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um þau verkefni, sem Framkvæmdastofnun ríkisins eru ætluð með frv., og gera grein fyrir því, hvernig mér virðist, að hún muni leysa þau af hendi, að því er hægt er að sjá af frv.

Þá er þar fyrst til máls að taka, að hagrannsóknir felast fyrst og fremst í upplýsingaöflun og vísindalegri úrvinnslu staðreynda efnahagslífsins, hvort sem þær eru góðar eða slæmar. Þær beinast og að því að gera sér rökstudda grein fyrir framtíðarhorfum efnahagsmálanna, eftir því sem unnt er og fyrri reynsla bendir til. Flestar ríkisstjórnir í veröldinni beita þessum aðferðum til þess að fá vitneskju um heildarþróun efnahagsmálanna hverju sinni og einstakra þátta þeirra. Þær óska líka eftir ráðgjöf þeirra aðila, sem annast slíkar hagrannsóknir, um, hvað þeim finnist hverju sinni þurfa að gera til að viðhalda heilbrigðu efnahagslífi. Það þurfa því að vera bein tengsl milli hagrannsóknastofnunar og ríkisstjórnar, ef vel á að vera, og slík stofnun þarf að hafa frumkvæði að því að gera viðkomandi ríkisstj. viðvart um framvindu efnahagsmálanna.

Í augum uppi liggur, að höfundum frv. hefur ekki verið ljós þessi nauðsyn á sjálfstæði hagrannsóknastofnunar og frumkvæði hennar. Í fyrsta lagi er komizt svo að orði, þar sem rætt er um hagrannsóknadeild í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Deildin annast þær hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstj., sem hún kann að óska eftir.“ Í stað þessa hefði átt að kveða svo að orði, að umrædd deild annaðist að eigin frumkvæði athuganir á þeim þáttum efnahagslífsins, sem nauðsynlegt er talið hverju sinni, og eigi jafnframt að vera ráðgefandi fyrir ríkisstj. í efnahagsmálum.

Í annan stað er svo hinn mikilvægi þáttur í stjórn efnahagsmála, sem er starfsemi hagrannsóknadeildar, settur undir stjórn pólitískra umboðsmanna stjórnarflokkanna. Hér er um nánast hlægilega ráðstöfun að ræða, þar sem umrædd stofnun hlýtur að vera strangvísindaleg og á að vera í sem allra beinustum tengslum við ríkisstj. og þá fyrst og fremst við forsrh. og fjmrh. Þessi ráðstöfun er þó ekki bara hlægileg, heldur hlýtur hún að vekja margvíslega tortryggni í garð þessarar stofnunar, vegna þess hvernig í pottinn er búið með stjórn hennar, og þar með valda stórkostlegum skaða fyrir stofnunina sjálfa og þjóðarheildina.

Einn veigamesti gallinn á þessu frv. er því sá, þegar frá eru talin ákvæðin um hina pólitísku umboðsmenn og völd þeirra, að hagrannsóknadeildinni skyldi þröngvað inn í Framkvæmdastofnunina. Fyrir því hef ég fært rök hér áður. En einnig ber á það að líta, að það er gersamlega óþarft að hafa þennan hátt á. Hagrannsóknadeildin hefði eftir sem áður, þótt hún væri sjálfstæð, getað látið Framkvæmdastofnuninni allar þær upplýsingar í té, sem óskað hefði verið eftir, og raunar hefði starf hennar í því efni verið miklum mun auðveldara, eins og þeir hljóta að sjá og skilja, sem snefil hafa af reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Annað verkefni, sem á að fela hinni miklu Framkvæmdastofnun ríkisins, er hvers konar áætlanagerð. Engin tilraun er þó gerð til þess í frv. að skilgreina, við hvað sé átt með áætlanagerð né heldur, hvernig umræddri stofnun heimilast að beita áætlanagerð sem stjórntæki. Ummæli hæstv. forsrh. hér áðan um, að allítarleg ákvæði séu í frv. um áætlanagerð, eru því vægast sagt lítt skiljanleg. Sú furðulega þokuhugsun, sem gægist alls staðar í gegnum gr. frv., er fjalla um áætlanagerð, birtist einna átakanlegast í 1. mgr. 10. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í hvaða röð skuli unnið að áætlanaverkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hverrar áætlunar.“ Í þessu felst eftir orðanna hljóðan, að stofnunin á ekki að hafa efnahagslegar og félagslegar staðreyndir sem forsendur áætlanagerðarinnar, sem hún á að gera og framkvæma, heldur á hún að gefa sér bæði markmiðin og forsendurnar að vild. Ég held, að hv. alþm. Björn Pálsson, mundi kalla þetta orðalag djúpviturlegt, en menn geta svona rétt gert sér í hugarlund, hvað er bitastætt í áætlunum, sem byggjast á tilbúnum forsendum þeirra, sem verkin vinna, og einkum ef þar er um pólitíska aðila að ræða.

Að sjálfsögðu felst áætlanagerð ekki sízt í því að kanna til hlítar allar aðstæður, sem fyrir hendi eru á því sviði, sem áætlunin nær til. Ef gerð er áætlun um byggingu skóla í ákveðnu kjördæmi, þá þarf fyrst að kanna, hvernig ástatt er í þessu efni. Menn gefa sér ekki einfaldlega þær forsendur, að þar séu 10 skólar með samtals 100 kennslustofum. Eftir að könnun hefur farið fram á öllum aðstæðum, er reynt að gera sér grein fyrir framkvæmdaþörf á tilteknu árabili. Tillögur um úrbætur hljóta að verða í samræmi við þetta. M. ö. o. felst áætlanagerð öðru fremur í því að kanna raunverulegar aðstæður á því sviði, sem áætlanagerðinni er ætlað að fjalla um, og leitast við að sjá fyrir, hvernig þær aðstæður muni breytast á áætlunartímabilinu, og hvernig við því skuli brugðizt. Þannig er t. d. um svo nefndar byggðaáætlanir. Við gerð þeirra er tímafrekast og erfiðast að gera sér sem nákvæmasta grein fyrir ástæðum og eðli byggðavandans í hverjum landshluta. Að nauðsyn þess að vinna að könnun á ástæðum fyrir byggðavandanum er þó hvergi vikið í frv. E. t. v. eiga umboðsmennirnir að geta sér til um, hver hann er, í samræmi við það orðalag, að þeir eigi að gefa sér forsendur áætlananna.

Nú er sannast sagna, að flestir muni einhuga um áætlanagerð, sem varðar opinberar framkvæmdir. Hv. alþm. þekkja það af eigin reynslu, bæði af fjárlagagerð og gerð annarra áætlana, sem Alþ. hefur á sinni könnu, að vandinn er sá að geta leyst sem bezt úr þörfum fyrir framkvæmdir miðað við ríkjandi aðstæður og takmarkað fjármagn. Hv. alþm. vita líka, að þetta verkefni verður ekki leyst þrátt fyrir góðan vilja fjvn., nema til komi raunsæjar og skynsamlegar áætlanir einstakra ríkisstofnana sjálfra og síðan samræming á fyrirætlunum þeirra í heild, eftir því sem fjárhagsleg geta er til og Alþ. ákveður hverju sinni. Um þetta held ég að menn séu algerlega sammála, hvar í flokki sem þeir eru, og því vil ég fjalla nokkru nánar um þessa tegund áætlanagerðar.

Fjárlög eru öðrum þræði framkvæmdaáætlun til eins

árs. Við gerð þeirrar áætlunar er fylgt þeim vinnubrögðum, að tillögur koma frá hverri ríkisstofnun fyrir sig um fjárveitingar. Við endurmat á þeim og til samræmingar og aðhalds fer fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. yfir þessar tillögur, gagnrýnir þær og samhæfir. Þær tillögur, sem eru í eðli sínu margar framkvæmdaáætlanir, koma síðan fyrir fjvn., sem gerir tillögur til Alþ., og Alþ. tekur síðan ákvörðun um, hvernig hin endanlega áætlun verður í ríkisbúskapnum fyrir viðkomandi fjárlagaár. Ég held, að flestir geti orðið sammála um, að tæknileg gerð fjárlaga hefur sífellt farið batnandi með ári hverju, þótt auðvitað sé enn þá hægt um að bæta. Þessi þróun á rætur að rekja til þess, að áætlanir einstakra stofnana og rn. hafa stórbatnað, ekki síst með tilkomu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. En ég vil biðja menn að hafa það ríkt í huga, að þessi áætlanagerð byrjar, ef svo mætti segja, neðan frá. Hún kemur ekki sem valdboð að ofan. Áherzlu ber líka að leggja á, að sjálf áætlanagerðin er skýrt afmörkuð frá því að taka ákvörðun og sjá fyrir fjármagnsútvegun. Einstakar ríkisstofnanir annast frumáætlanagerðina með aðstoð fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, en Alþ. tekur ákvarðanir og sér um fjármagnsútvegun.

Þótt sá almenni skilningur sé fyrir hendi um þau vinnubrögð í opinberri áætlanagerð, sem ég hef gert hér að umtalsefni, verður ekki séð af frv., að gert sé ráð fyrir slíkum vinnubrögðum í áætlanagerð fyrir opinbera aðila. Engu er líkara en að mikill hluti ákvörðunarvalds Alþ. eigi að færast til stofnunarinnar. Þetta er að vísu mjög óljóst eins og mörg ákvæði í frv., en það vekur furðu, að hvergi er minnzt á samstarf við fjárveitingarvald Alþ. né fjárlaga- og hagsýslustofnunina né heldur vikið að lögum um opinberar framkvæmdir. Á hinn bóginn er vikið að því, að Framkvæmdastofnunin geti gert áætlanir fyrir einstök rn. Einnig er stofnuninni heimilað að veita vaxtalaus lán, eða jafnvel óafturkræf framlög til opinberra framkvæmda, sem jaðrar við, að henni sé veitt beint fjárveitingarvald.

Það er jafnvel enn þá óljósara, hvað átt er við í frv. um áætlanir um uppbyggingu og þróun atvinnugreina, bæði í einstökum byggðarlögum og á landinu öllu. Er átt við áætlanir, sem hvetja og örva einstaklinga og félög til athafna, eða er átt við áætlanir, sem felast í því, að hið opinbera taki verulega aukinn þátt í beinum atvinnurekstri, en takmarki með ýmsum hætti svigrúm einstaklinga til atvinnuumsvifa? Sannleikurinn er sá, að áætlanavinnubrögð geta leitt til hvors tveggja, eftir því hvernig á er haldið. Það er hægt með þeim að hvetja og örva einstaklinga til þess að gera sem heild rétta hluti á réttum tíma, þannig að hagur hvers og eins og þjóðarbúsins í heild batni. En það er líka hægt að lama það frumafl og framtak einstaklinga og félagasamtaka þeirra, sem er undirrótin að örum framförum, með áætlunarvinnubrögðum, ef þau eru byggð á valdboði fárra pólitíkusa að ofan. Því fer það einfaldlega eftir því, hvernig á er haldið, hvort áætlanagerð, hagrannsóknir og heildarstjórn fjárfestingarmála, sem eru falleg hugtök í sjálfu sér í flestra hugum, leiða til hvatningarkerfis, sem virkjar frumorku og framkvæmdavilja í þjóðfélaginu, eða nauðungarkerfis, sem þröngvar kosti þjóðfélagsþegnanna, lemur þá suma til hlýðni við opinbert vald, en aðra ekki.

Því miður verður ekki ráðið af frv., hvernig ætlunin er að beita áætlanagerð sem stjórntæki. Hugtakið er með öllu óskilgreint og orðalagið svo óljóst, að ýmist segir, að heildarstjórn fjárfestingarmála felist í áætlanagerðinni eða áætlanagerð í heildarstjórn fjárfestingarmála. Sá grunur hlýtur þó að gera vart við sig, svo að vægilega sé til orða tekið, vegna pólitískra skoðana þeirra, sem hér eru að verki, að þau vinnubrögð verði ekki til örvunar athafnalífi einstaklinga og félagasamtaka, heldur þvert á móti.

Þriðja meginverkefnið, sem Framkvæmdastofnuninni er falið, er stjórn Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Hið síðara atriði er í rauninni brot á hinum helga stjórnarsáttmála, eins og ég vék hér að í upphafi máls míns. Í stjórnarsáttmálanum er skýrt kveðið á um þetta. Ákvæðið mun hafa verið komið inn í sáttmálann að ósk framsóknarmanna, en aðsópsmesti stjórnarflokkurinn vildi annað, og þá varð auðvitað að beygja sig eins og jafnan áður, jafnvel þótt brot væri á sáttmálagerðinni. Auk stjórnar stofnunarinnar á Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði er henni falið víðtækt og gerræðislegt vald yfir öðrum sjóðum og lánastofnunum í landinu, m. a. s. sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga. Þar er orðalagið ekkert hálfkák, þegar tryggja á völd hinna pólitísku umboðsmanna, svo sem sést á 3. mgr. 12. gr. frv.

Niðurstaðan af því, hvernig Framkvæmdastofnun ríkisins geti sinnt framangreindum þrem meginverkefnum sínum samkv. frv., er því sú, að hagrannsóknir í landinu verði settar í eins konar spennitreyju með því að færa þær inn í stofnunina. Ákvæðin um áætlanagerð eru svo þokukennd og ónákvæm, að enginn getur sagt, hvernig þeim verkum reiðir af, en völd hinna pólitísku umboðsmanna eru á hinn bóginn ótvíræð, og í raun réttri er það eina mikilvæga atriðið, sem frv. felur í sér sem nýmæli frá núgildandi lögum.

Ég hef nú tíundað nokkra stórgalla þessa frv., sem hér er til umr. Til þess þó að verða ekki sakaður um að fjalla hér einungis um hinar dökku hliðar frv., þá vil ég leyfa mér að lokum að ræða hér nokkuð um þau nýmæli, sem sagt er, að séu í frv., að því er segir í aths. þess. Þar segir fyrst, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið er að tengja saman í eina stofnun áætlunargerð og öflun fjármagns þannig, að samræmi og samstarf sé um áætlun og ákvörðun um framkvæmd og fjáröflun og fjármagnsráðstöfun til hennar."

Hér er út af fyrir sig um að ræða virðingarverða hugsun, en gallinn er sá, að samræming og samstarf um áætlanir og fjáröflun til þeirra er ekki nýmæli hér á landi. Sem dæmi vil ég nefna gerð byggðaáætlana í Efnahagsstofnuninni og samstarf hennar við fjárfestingarsjóði og ríkisvald um fjáröflun til þeirra, svo og starfsemi Seðlabankans. Einnig vil ég sérstaklega benda á starfsemi svo nefndra atvinnumálanefnda, sem nutu aðstoðar Efnahagsstofnunarinnar um víðtækt samstarf, til þess að umsækjendur um lán, sem hefðu í för með sér atvinnuskapandi framkvæmdir, gætu fengið heildarúrlausn síns vanda, þótt fjármagnið kæmi úr tveimur eða þremur stofnlánasjóðum. Ég get hiklaust lýst yfir þeirri skoðun minni hér, að tímabært sé nú eftir þá reynslu og þá góðu og gagnlegu þróun, sem orðið hefur í þessum efnum, að setja nánari reglur um

samstarf stofnlánasjóðs og lánastofnana um fyrirgreiðslu við einstök fyrirtæki. Þetta átti að minni hyggju hins vegar að gera með samstarfi, en ekki valdboði. T. d. hefði verið nægilegt, að Framkvæmdastofnunin réði yfir fjármagni Framkvæmdasjóðs, sem að meginhluta er lánað öðrum stofnlánasjóðum, til þess að auðvelda samninga við viðkomandi sjóði og auka áhrifavald stofnunarinnar á ráðstöfun fjármagns almennt.

Annað nýmæli, sem sagt er, að sé í þessu frv., er svo, með leyfi hæstv. forseta, – ég les bara fyrstu setningarnar:

„Ákveðið er að tengja saman og efla samstarf margra aðila um áætlanagerð, sem til þess hafa haft of lítið samstarf sín á milli. Er hér um að ræða opinberar stofnanir, aðila frá atvinnuvegunum, rannsóknar- og vísindastofnanir, lánastofnanir og fleiri aðila."

Í þessu orðalagi er beinlínis viðurkennt, að áðurnefndir aðilar hafi haft samstarf sín á milli, þótt hér sé svo komizt að orði, að það hafi verið of lítið. Hér er því alls ekki um nýmæli að ræða.

Þriðja nýmælið er svo:

„Ákveðið er, að stofnunin framfylgi byggðaþróunarstefnu með sérstakri áætlanagerð. Jafnframt er þessi áætlanagerð með sérstökum hætti tengd mjög traustum böndum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar eru og ákveðnar eru á hverjum tíma. Fjármagn Byggðasjóðs er stóraukið."

Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, þótt núv. stjórnarflokkar séu allir af vilja gerðir, að Atvinnujöfnunarsjóður, svo að notað sé orðalag hér í aths. frv., hefur framfylgt byggðaþróunarstefnu með sérstakri áætlanagerð. Að þetta sé nýmæli, sem upp eigi að taka með frv., er því ekki bara hálfsannleikur, heldur er beinlínis hér hallað réttu máli. Um þá fullyrðingu, að fjármagn Byggðasjóðs sé stóraukið, er það að segja, að núv. hæstv. fjmrh. lagði fyrir síðasta Alþ. ásamt nokkrum framsóknarmönnum frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins. Sú stofnun átti að fá allar tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eins og svo nefndur Byggðasjóður, en ekki bara 100 millj. kr. á ári í 10 ár frá ríkissjóði, heldur 2% af tekjum ríkissjóðs, skýrt tekið fram, í fyrsta skipti árið 1972. Samkv. því ætti ríkissjóður að leggja, að því er mér skilst, Byggðasjóði til nálægt 300 millj. kr. á næsta fjárhagsári og auðvitað hækkandi framlög, eftir því sem fjárlög kynnu að hækka. Mér er því spurn. Er hæstv. fjmrh. ánægður með þetta orðalag, að fjármagn Byggðasjóðs sé stóraukið? Mundi hann fylgja brtt. frá mér núna, sem orðaðist eins og í hans eigin frv. frá síðasta þingi? Varla yrði það talið óábyrgt af núv. stjórnarandstöðu að flytja slíka brtt. nú.

Fjórða nýmælið orðast svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmd þessarar byggðastefnu er svo að auki tryggð með sérstökum tengslum við landshlutasamtök sveitarfélaganna, bæði að því er varðar áætlanagerð og kostnað landshlutasamtakanna af því starfi."

Um þessa aths. frv. er mér nær að halda, að einhverjir þeir, sem lagt hafa hönd að undirbúningi þessa frv., viti mætavel, að framkvæmd byggðastefnu hefur verið tryggð með tengslum Atvinnujöfnunarsjóðs og Efnahagsstofnunar við landshlutasamtök sveitarfélaga. Þetta er því ekki frekar nýmæli en þau, sem á undan eru talin.

Fimmta svo nefnda nýmælið orðast svo:

„Framkvæmdastofnun ríkisins getur átt frumkvæðið að stofnun nýrra fyrirtækja, annazt rannsóknir, áætlanir og annan undirbúning að stofnun þeirra, tryggt þeim eðlilegt lánsfé til stofnunar og starfrækslu og samið síðan við aðila atvinnuveganna um að hrinda málinu í framkvæmd."

Eins og aths. í frv. er orðuð, felst ekki í henni nýmæli. Það væri ekkert því til fyrirstöðu fyrir Atvinnujöfnunarsjóð að hafa þannig frumkvæði um stofnun fyrirtækis að láta athuga arðsemi hugmyndar að nýju fyrirtæki og fá hana fullskapaða í hendur einhverjum, sem vildi koma því á fót og reka. Slíkt er þó ákaflega vandmeðfarið fyrir opinberan aðila, vegna þess að ábyrgð hans á framtíð fyrirtækisins er þá orðin óþægilega mikil, a. m. k. ef illa fer. Aftur á móti hafa ýmsar opinberar stofnanir kannað í samstarfi grundvöll fyrirtækja, sem einstaklingar eða félög hafa átt hugmynd að. Í þessu felst því ekki nýmæli, eins og þessi aths. er orðuð, en hér mun átt við, að Byggðasjóður getur átt hlut í fyrirtækjum, og það ákvæði tel ég, að eigi rétt á sér, en er jafnframt mjög vandmeðfarið í framkvæmd.

Sjötta svo nefnda nýmælið, sem talið er, að sé í þessu frv., orðast svo:

„Stjórnarandstöðuflokkunum er tryggð eðlileg aðild að stjórn stofnunarinnar, og eiga þeir þess því kost að fylgjast náið með störfum hennar og hafa aðstöðu til áhrifa á framþróun og gang mála."

Út af þessu nýmæli vildi ég nú sagt hafa, að það er athyglisvert, að ekki er minnzt einu orði á það hvaða aðstaða stjórnarflokkunum er tryggð með frv., en það er, eins og áður segir, meginefni frv. og höfuðtilgangur. Stjórnarandstaðan hefur alltaf átt aðgang að Efnahagsstofnuninni og hagráði, þannig að hún hefur jafnan haft tiltækar upplýsingar til þess að móta stefnu sína í efnahagsmálum, þótt því miður hafi orðið harla klén stefnumörkun út úr því á undanförnum árum.

Sjöunda nýmælið orðast svo:

„Stefnt er að því, að Framkvæmdastofnunin hafi með tímanum á að skipa sem hæfustu liði sérmenntaðra manna með nána þekkingu á efnahagskerfi og atvinnulífi þjóðarinnar, er orðið geti hvaða ríkisstj., sem með völd fer, að liði við mótun stefnu í efnahags- og atvinnumálum."

Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta nýmæli næstum því skemmtilegt, þegar það kemur frá þeim aðilum, sem hér um ræðir. Núv. stjórnarflokkar réðust sem kunnugt er oftsinnis með offorsi að fyrrv. ríkisstj. fyrir það skrifstofubákn, sem Efnahagsstofnunin var í þeirra augum. Nú er bara stefnt beint að því, eftir því sem hér er tíundað, að safna miklu og fríðu liði sérmenntaðra manna í Framkvæmdastofnun ríkisins. Einhverjum kann líka að koma í hug, að núv. ríkisstj. gumaði mjög af því, þegar hún samdi sinn fræga stjórnarsáttmála, að þar hefðu ekki komið nærri neinir sérfræðingar. Þar hefði brjóstvitið eitt verið látið duga, en það er ágætt, þegar menn sjá að sér, og vonandi er svo um trú hæstv. ríkisstj. á sérfræðingum, að hún trúir þeim betur, eftir þessum aths. að dæma.

Þá eru upptalin þau nýmæli, sem hæstv. ríkisstj. telur, að hún stefni að með margnefndu frv. Í ljós kom, að þau hefðu eiginlega átt að vera átta. Það gleymdist sem

sé aðalnýmælið um umboðsmenn stjórnarflokkanna og hin ógnþrungnu völd þeirra. Hin sjö reyndust við athugun alls ekki vera nýmæli utan það eitt að safna fríðu liði sérfræðinga í hina miklu stofnun.

Útkoman er því sú, þegar málið er brotið til mergjar lið fyrir lið, að eftir stendur pólitískt miðstjórnarbákn, sem hæglega er hægt að nota jafn hastarlega og fjárfestingarleyfi og höft, ef svo er að málum staðið, en þau vinnubrögð eru, eins og kunnugt er, ákaflega hjartfólgin þeim, sem nú sitja við æðstu völd í landinu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. 4. þm. Reykn., hæstv. forseti þessarar d., flutti allóvanalega ræðu hér áðan og í allt öðrum tón og með allt annarri framsetningu en hann er vanur. Hann talaði lítið um það frv., sem hér er á dagskrá, hann minntist á Kínamálið, varnarmálin og landhelgismálið við þessar umr. Það getur út af fyrir sig verið afsakanlegt vegna þess, að ég er ekki viss um, að hv. þm. sé í hjarta sínu svo hrifinn af þessu frv., vegna þess að sögur hafa farið af því, að hann vilji vera sanngjarn og sé það í eðli sínu.

En hv. þm. var að tala um stjórnarandstöðuna. Hann gerir sér vonir um, að stjórnarandstaða Alþfl. verði nú ekki upp á marga fiska, hún geti nú linazt smátt og smátt. En það er stjórnarandstaða Sjálfstfl., sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Hann minntist á stjórnarandstöðu Sjálfstfl. 1956 til 1958 og lét orð að því liggja, að það hefði nú eiginlega verið vegna þessarar stjórnarandstöðu, að vinstri stjórnin gafst upp á miðju kjörtímabili, en ég vil upplýsa hv. þm. um það og aðra, sem kynnu að hafa sömu skoðun og hann, að vinstri stjórnin gamla féll á eigin verkum, en ekki vegna þess, að stjórnarandstaða Sjálfstfl. hefði verið svo hörð og óábyrg. Við sjálfstæðismenn gerum okkur grein fyrir því, hvaða ábyrgð fylgir því að vera í stjórnarandstöðu. Þess vegna var það, að formaður Sjálfstfl. lýsti yfir því, að Sjálfstfl. mundi fylgja ábyrgri stjórnarandstöðu og hóflegri. Það höfum við gert í þessa mánuði, sem hæstv. ríkisstj. hefur starfað, og það hefur Sjálfstfl. alltaf gert. Nú var eins og hv. þm. væri að kvarta undan því, að stjórnarandstaðan væri eiginlega ekki nógu hörð, en það breytir ekki afstöðu okkar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, hvernig stjórnarandstaða á að vinna, og hún á að vera ábyrg. Við gerum okkur grein fyrir því, að það er sjálfsagt, að núv. stjórn hafi vinnufrið, ef hún vill vinna vel. En alþm. eru bundnir við sannfæringu sína, og þegar ein ríkisstj. flytur frv. til l., sem stefna að óheillavænlegu ástandi í þjóðfélaginu, þá erum við skyldugir til þess að vera á móti því.

Hv. 4. þm. Reykn. talaði um það, að við í stjórnarandstöðunni hefðum verið á móti öllu, sem núv. ríkisstj. hefur flutt hér á hv. Alþ. Það er nú ekki svo ýkja margt enn, sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram hér, og ekkert af því er gott. En ég vil segja hv. 4. þm. Reykn., að hvenær sem núv. stjórn kemur með gott mál, þá munum við sjálfstæðismenn fylgja því.

En það bar annað við hjá fyrrv. stjórnarandstöðu, hv. framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum, þegar fyrrv. ríkisstj. kom með góð mál, en þá var fyrrv. stjórnarandstaða ætíð á móti eða sat hjá, sagði já, já og nei, nei, og það er hægt að nefna mörg stórmál, sem fyrrv. ríkisstj. bar hér fram og lögfesti, sem fyrrv. stjórnarandstaða var á móti, en sér nú, að skakkt var að vera á móti, sér eftir því að hafa tekið skakka afstöðu. Ég vil gjarnan trúa því, að það hafi verið sannfæring fyrrv. stjórnarandstöðu, að það væri rétt að vera á móti þeim frv., sem ríkisstj. flutti, en voru til heilla fyrir þjóðfélagið.

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um ræðu hv. 4. þm. Reykn., ég get alveg búizt við því, að næst þegar þessi þm. flytur ræðu, verði hún betri og uppbyggilegri en þessi ræða var.

Það hefur verið mikið rætt um þetta frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins og ítarlega farið út í ýmis atriði frv. af þeim sjálfstæðismönnum, sem hér hafa talað. Þess vegna er ekki nauðsynlegt, að ég eyði löngum tíma í það að ræða efni frv. ítarlega, en ég vil eigi að síður árétta það og vekja athygli á því, hvernig þetta frv. er í raun og veru og hvernig það getur orðið til skaða í þjóðfélagi okkar. Það getur, ef að lögum verður, orðið til þess að hindra þá framfara- og uppbyggingarstefnu, sem fyrrv. stjórn markaði. Það getur orðið hemill á framfarabrautinni. Það getur orðið til þess að draga úr framkvæmdum og minnka atvinnuna í landinu, eins og haftastefnan gerir alltaf.

Hæstv. forsrh. talaði um það hér í dag, að það væri meiningin með þessu frv. að vinna að því að snúa þeirri öfugþróun við, sem verið hefur með því, að fólk flytur til Reykjavíkur eða Faxaflóasvæðisins utan af landi. Ég er sannfærður um, að hæstv. forsrh. vill vinna að því, að þróunin verði jákvæð og eðlileg í þjóðfélaginu, og ég minnist þess, að þegar fyrri vinstri stjórnin var sett á laggirnar, þá sagði páv. forsrh. eitthvað svipað og núv. forsrh., og einnig hann vildi vel, þótt hann réði ekki við gang mála. Á þessum tveimur árum, sem fyrri vinstri stjórnin starfaði, var málið þannig, að það voru 1100 manns, sem fluttu utan af landi til Reykjavíkur, en tvö árin næst á undan 739 manns. Það var vitanlega of mikið. En vinstri stjórnin fyrri sneri ekki þróuninni við. Á hennar tíð jókst fólksflutningurinn utan af landi til Reykjavíkur, og ég spyr nú: Dettur nokkrum manni í hug, að þetta frv., ef það verður lögfest, leiði til þess, að fólkið stöðvist frekar úti á landi? Er það leiðin að draga allt vald fjármála og atvinnumála saman í einn punkt hér í Reykjavík? Hæstv. forsrh. sagði í dag: „Það munu koma sendinefndir utan af landi til viðtals við framkvæmdaráðið.“ Það er enginn vafi á því, að menn munu reyna að fara til Reykjavíkur og fá úrlausn mála, en mig minnir, að hæstv. forsrh. og flokksmenn hans hafi oft talað um það, að þörf væri á að dreifa valdinu þannig, að hinir ýmsu landshlutar hefðu meiri möguleika eftirleiðis en hingað til til þess að byggja sig upp og auka atvinnu í hinum ýmsu stöðum.

Þetta frv., sem hér er um að ræða, verður mikið ríkisbákn og kostnaðarsamt. Eigi að síður minntist forsrh. hæstv. á það í dag, að það gæti orðið sparnaður af því, en hæstv. forsrh. á eftir að svara fsp. hv. 1. þm. Reykv. um það, hvað þetta muni kosta. Ég reikna ekki með því, að hæstv. forsrh. geti gefið svar við því. Ég reikna með því, að hæstv. forsrh. hafi hugmyndir um, að kostnaðurinn við þetta stóra bákn muni stóraukast frá því, sem verið hefur, en að hann hafi ekki nákvæmar tölur þar um.

Þetta bákn á að hafa sjö manna stjórn, sem kosin er af Alþ. Með því á þetta að líta sæmilega út í augum

manna, en þegar betur er að gætt og frv. er lesið ofan í kjölinn, þá kemur það alls staðar fram, að það er þriggja manna ráðið, sem á að vera stóri aðilinn í þessari stofnun, en stjórnin litli aðilinn, sem hefur það hlutverk að samþykkja þær till., sem þriggja manna ráðið leggur fyrir stjórnina. Þannig mun það verða í reyndinni, og þess vegna er það, að það á að velja þriggja manna ráðið eins og kunnugt er, það á að verða pólitískt, og hæstv. forsrh. sagði hér í dag: „Þetta framkvæmdaráð á að sjá um að framkvæma stefnu ríkisstj.“ Það á að sjá um að framkvæma stefnu ríkisstj. Það fer með valdið raunverulega, þótt sjö manna stjórnin komi saman á fund til þess að samþykkja með meiri hl. En þessi pólitíska þriggja manna stjórn á að vera geðþekk hæstv. ríkisstj. Stjórnarandstaðan á þar engan hlut að og getur ekki átt samkv. yfirlýsingum hæstv. forsrh., þar sem hann fullyrðir, að þessir þrír menn eigi að vera að skapi hæstv. ríkisstj. að koma stefnu hennar í framkvæmd. En hv. stjórnarsinnar kalla þetta réttlæti. Þeir kalla þetta sanngirni að útiloka helming þjóðarinnar og kannske meiri hluta hennar, sem líklegt er nú orðið, frá áhrifum í þessari stærstu fjármála- og atvinnustofnun landsins. Ég segi nú, að um leið og þetta er ranglæti og ósanngirni, þá er þetta óskynsamlegt, vegna þess að hér á landi verður slíkt ranglæti ekki þolað til lengdar, sem betur fer.

Hæstv. forsrh. minntist á bankana. Það hefur verið rætt hér um það af mörgum, að þetta sé að vissu leyti sambærilegt, enda þótt bankarnir verði smástofnanir miðað við það, sem Framkvæmdastofnunin verður. En það þykir sjálfsagt, að bankastjórarnir í ríkisbönkunum séu frá hinum ýmsu stjórnmálaflokkum, en ekki aðeins fulltrúar þeirrar ríkisstj., sem á hverjum tíma situr.

Það, sem verst er í sambandi við þetta, og það er sama, hvað sagt er af hæstv. ríkisstj. eða stjórnarstuðningsmönnum um þessa stofnun, er það, að það er stór hætta á því, að Framkvæmdastofnunin verði í raun og veru almenn skömmtunarskrifstofa með alræðisvaldi yfir mestum hluta þess fjármagns, sem til framkvæmda er ætlað á hverjum tíma. Þegar á að raða framkvæmdum og ákveða, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt, þá er verið að ákveða það, hverjir skuli lifa og fá fjármagn til framkvæmda og hverjir ekki skuli fá það, og er þá talað um annað en skömmtun í þessu sambandi?

Hæstv. forsrh. talaði um það í dag, að nauðsynlegt væri að auka samræmingu og hagræðingu í þessu sambandi og samstarf stofnana. En er það nú ekki alveg ljóst, að samstarf stofnana verður í rauninni miklu minna en það hefur verið? Framkvæmdastofnunin verður ekki samstarfsaðili við aðrar stofnanir, heldur verður Framkvæmdastofnunin ráðandi aðili, sem segir fyrir verkum að austrænni fyrirmynd. En hæstv. forsrh. sagði í dag, að það væri nú alls ekki meiningin, að Framkvæmdastofnunin ætti að skipa fyrir, heldur ætti hún að taka upp samninga við hina ýmsu aðila, við sjóði og aðra aðila, sem peninga hefðu. En ég spyr: Ef samningar takast nú ekki, hvað skyldi þá verða? Skyldi þá ekki Framkvæmdastofnunin nota sér þann rétt, sem hún hefur lögum samkv. og skipa fyrir og sýna klærnar, efast nokkur um það? Það getur vel verið, að undir þeim kringumstæðum sé alltaf unnt að ná samningum, ef stofnanirnar vita það, að ef þær ekki semja góðfúslega, þá verði fjármagnið tekið með illu. Því býst ég við, að flestir vilji heldur semja og semja þá undir slíkri pressu en láta taka allt af sér á annan hátt.

Ég tel það mjög slæmt í þessu sambandi, að Efnahagsstofnunin verður deild í Framkvæmdastofnuninni og að forstöðumaður hennar verði ráðalaus deildarstjóri og undirmaður þessa pólitíska framkvæmdaráðs. Efnahagsstofnunin er hlutlaus aðili, og í stjórn Efnahagsstofnunarinnar sitja nú fulltrúar frá Hagstofu Íslands, fjmrn., Seðlabanka Íslands og Framkvæmdasjóði. Eigi að síður er því haldið fram, að samstarf vanti á milli þessara stofnana. Hagráð er skipað fulltrúum atvinnuveganna, en það á að leggja niður. Efnahagsstofnunin hefur haft náið samstarf við hagráð. Efnahagsstofnunin hefur átt formann í Framleiðnisjóði landbúnaðarins og formann nefndar, sem landbrh. skipaði 1969 til athugunar á skjölum landbúnaðarins og hvort heppilegt væri að endurskoða ýmsa þætti hans. Efnahagsstofnunin hefur átt fulltrúa í Rannsóknaráði ríkisins og formann í verðlagsráði sjávarútvegsins og hefur unnið mikið og gott starf á öllum þessum sviðum, en nú á að gera Efnahagsstofnunina að deild í Framkvæmdastofnuninni, og hún skal lúta fyrirskipunum frá þessu þriggja manna framkvæmdaráði.

Skýrslur frá Efnahagsstofnuninni hafa ekki verið rengdar, enda hafa þær verið vel unnar, og af því að nú er verið að tala um Efnahagsstofnunina, þá vil ég minna á, að hæstv. félmrh. sagði hér í ræðu um daginn, að hæstv. ríkisstj. hefði samþ. að senda öllum alþm. greinargerð og skýrslu þá, sem samninganefndirnar hafa haft um búnaðarmálin. En þar sem þessi grg. er ekki enn komin, þá vil ég biðja hæstv. forsrh. að reka nú á eftir því, að það verði framkvæmt, sem hæstv. ríkisstj. hefur samþ.

Ég vil einnig nota tækifærið og endurtaka það, sem ég sagði hér í ræðu um daginn, að bæði ég og flestir hv. alþm. óska eftir því að fá þær grg. og skýrslur, sem hæstv. ríkisstj. notaði í júlímánuði s. l., áður en hún var mynduð, og byggði skoðanir sínar á í sambandi við það, sem hún lofaði launþegum í landinu. Hún byggði loforð sitt um 20% kaupmáttaraukningu, lengingu orlofs og styttingu vinnuvikunnar á skjölum, sem hæstv. ríkisstj. fékk til athugunar, og að áliti hæstv. ríkisstj. var staða atvinnuveganna það góð, að það væri óhætt að lofa þessari kaupmáttaraukningu og þeim fríðindum, sem ég áðan nefndi. Til fróðleiks fyrir alþm. er nauðsynlegt, að þeir fái þessi gögn, vegna þess að enn eru vinnudeilurnar ekki leystar, og alþm. þurfa að vera sem fróðastir í þessum efnum. Ég veit, að hæstv. forsrh. verður við þessari áskorun minni, ekki sízt vegna þess, að margir hv. alþm. munu taka undir þessa áskorun.

Þegar ég segi það, að vinnudeilurnar eru ekki leystar, þá er það ljóst, að skipin eru bundin í höfn eitt af öðru, og það er ljóst, að ef nú verður gerður sérsamningur við Gutenberg með hærri launum, sem samræmast ekki því, sem áður hefur verið samið um, þá greiðir það ekki fyrir endanlegum samningum, – þessum sérsamningum, sem á að vera búið að semja um fyrir 15. jan. Ég segi þetta hér, því að flestir hafa áhyggjur af því, ef deilurnar leysast ekki, eins og allir fögnuðu því, að allsherjarverkfalli var afstýrt.

Það hefur verið rætt hér um, hver verkefni Efna-

hagsstofnun hefur haft, hagrannsóknir og annað slíkt, og unnið fyrir ríkisstj. á hverjum tíma, og hún gefur út álitsgerðir, sem byggt hefur verið á, bæði atvinnulega og efnahagslega.

Það á að sameina Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð samkv. þessu frv., og er það vitanlega alger óþarfi, og ég tel, að það sé eðlilegt, að sérstök stjórn sé fyrir hvorum þessara sjóða. Báðir þessir sjóðir hafa starfað að því að veita lán til atvinnuuppbyggingar víðs vegar um landið. Rekstrarkostnaður þessara sjóða hefur verið tiltölulega lítill.

Það á að breyta nafninu á Atvinnujöfnunarsjóði og kalla hann Byggðasjóð. Er það nú eitthvað betra nafn? Ég held ekki. Ég held, að nafnið Atvinnujöfnunarsjóður sé í rauninni miklu betra, m. a. vegna þess, hvert verkefni sjóðsins hefur verið og hvernig hann hefur starfað. Atvinnujöfnunarsjóður hefur veitt lán og styrki til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi og til þess að efla atvinnu í landinu, og Atvinnujöfnunarsjóði hafa verið tryggðir fastir tekjustofnar, sem aukast með hverju ári, sem líður, m. a. frá álbræðslunni.

Með þessu frv. sýnist mér sýndarmennskan vera ofarlega, m. a. með ýmsum nafnbreytingum og einnig því, þegar talað er um samræmingu og að vinna betur að áætlanagerð og öðru því, sem þetta frv. fjallar um. Ég held, að þetta frv. sé með öllu óþarft, til þess að unnt sé að vinna að áætlanagerð á hverjum tíma, eins og sjálfsagt er að gera, og eins og ég áðan sagði, þá getur það orðið til þess að hefta framkvæmdir og draga úr hinum nauðsynlegu ráðstöfunum, sem alltaf þarf að gera til þess að tryggja fulla atvinnu í landinu.

Pólitískt framkvæmdaráð hefur, að því er virðist, samkv. frv. ótakmarkað vald til þess að raða umsóknunum, að ákveða það, hverjir fái fjármagnið og hverjir fái það ekki. Hæstv. forsrh. sagði hér í dag, að það væri alls ekki meiningin með þessu frv., að mönnum eða fyrirtækjum yrði mismunað. Ég trúi því alveg, að hæstv. forsrh. meini þetta og að hann ætlist ekki til, að þannig verði unnið, en það er bara hætt við, að hæstv. forsrh. fái því ekki ráðið, hvernig framkvæmdin verður í einstökum atriðum.

Það hefur verið minnzt á það hér í dag, að áður hafi verið pólitískar skömmtunarnefndir, og ég ætla ekki að endurtaka það. En við, sem erum komnir nokkuð til ára okkar og höfum reynt þetta, vitum, að það var hlutdrægni og óréttlæti í framkvæmd þessara úthlutana, sérstaklega á árunum 1932–1939.

En nú á að lögfesta haftakerfi með þessu frv., og ég er hræddur um, að þetta haftakerfi verði til þess að hindra frjálst framtak, hindra að það geti notið sín, og að þessi höft, þótt í nýju formi séu, muni hindra og binda þá orku, sem um skeið hefur verið aflgjafi mikilla framfara í landinu. Ég er hræddur um, að stofnunin geti orðið dragbítur á ýmsar framkvæmdir, og af því geti leitt atvinnuleysi og samdrátt á mörgum sviðum. Auðvitað er það ekki meining stjórnarflokkanna, að þetta verði svo, en ef einstaklingsframtak og félagaframtak fær ekki að njóta sín, þá er svo mikil orka bundin, sem leiðir til þess, að þeir, sem skammtað er og fá fjármagn úr hinum stóra sjóði, duga ekki einir til þess að hafa á hendi allar þær framkvæmdir, sem þurfa að vera á hverjum tíma, til þess að atvinnuuppbygging geti verið með eðlilegum hætti.

Ég er sannfærður um, að almenningur í landinu mun harma það, ef nú verður vikið af þeirri framfaraleið, sem fyrrv. ríkisstj. markaði og verið hefur ráðandi í landinu síðustu 11–12 árin. Það er enginn vafi á því, að síðustu 11–12 árin eru mesta framfaratímabil, sem yfir þessa þjóð hefur komið, og nú er kunnugt, að atvinna er mikil í landinu með því að vinna að þeim málum, sem fyrrv. ríkisstj. undirbjó eða ekki var lokið við, þegar stjórnaskiptin urðu.

En með því að hefta framtak einstaklinga og félaga, með því að neita um fjármagn, sem eðlilegt er, að við fengjum, með því að íþyngja atvinnuvegunum með sköttum, eins og sagt er, að hæstv. ríkisstj. ætli að gera með frv., sem lagt verður fram bráðlega, þá er hætt við samdrætti. Atvinnureksturinn hefur nú tekið á sig kauphækkanir, styttingu vinnuviku og lengingu orlofs. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það, hvort þar hafi verið of langt gengið, en víst er um það, að ef atvinnuvegunum verður íþyngt um of með sköttum og margs konar álögum, þá leiðir það af sér samdrátt og hindrar nýjar framkvæmdir og uppbyggingu, og það getur leitt til alvarlegs atvinnuleysis. Almenningur í landinu óskar eftir því að hafa stöðuga atvinnu, og sú stefna, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, hefur tryggt, að svo mætti verða. En nú á að fara að víkja út af þeirri leið með því að lögfesta þetta frv., sem hér um ræðir og getur orðið til vandræða og stöðvunar á því, sem nauðsynlega þarf að halda áfram að vinna að.

Ég talaði hér um mikið vald framkvæmdaráðsins, og það er haft eftir einum manni, sem hefur gert sér vonir um að verða einn af þremur í ráðinu, að frá næstu áramótum verði hann einn af mestu valdamönnum landsins. Það er enginn vafi á því, að þessir þrír menn, hverjir sem þeir verða, verða einhverjir valdamestu menn landsins. Þeir verða næstum því valdameiri en ráðh. Þeir verða miklu valdameiri en bankastjórar ríkisbankanna, vegna þess að þeim er gefið miklu meira vald. Þeim er gefið svo mikið vald með því, að þeir geta ákvarðað, að bankarnir og aðrar lánastofnanir láti af hendi svo og svo mikið fjármagn á hverju ári til framkvæmda, sem framkvæmdaráðið ákveður. Það var þess vegna, sem einn bankastjóri sagði fyrir stuttu: „Ef þetta verður lögfest í því formi, sem það nú er, þá verður lítið varið í það að vera bankastjóri.“ Það getur vel verið, að hann segi af sér.

Í hv. Ed. var gerð tilraun til þess að breyta frv. Sjálfstæðismenn fluttu till. um það, að forstöðumenn deilda skipuðu framkvæmdaráð. Það hefði orðið ólíkt annar svipur á þessu frv., á lögum um Framkvæmdastofnun, ef það hefði orðið. Þá hefðu forstöðumenn deildanna ekki verið niður lagðir, eins og gert verður, ef frv. verður samþ. óbreytt, og þá væri forstöðumönnum deildanna gefið það vald, sem þeir hafa unnið til að hafa. Ég vil nú, vegna þess að hæstv. forsrh. vill vera sanngjarn, fara fram á það við hann, að hann láti athuga það rækilega í hv. fjhn., hvort ekki sé nú sjálfsagt að bæta frv., að laga það nokkuð, með því að till. eins og sú, sem sjálfstæðismenn fluttu í Ed., verði samþ. hér í hv. Nd. Þá kæmi allt annar svipur á þetta mál, enda þótt stórir gallar væru á því eigi að síður, og enda þótt ég

mundi ekki treysta mér til að fylgja því, teldi ég, að það yrði síður skaðlegt og til óheilla fyrir þjóðina, ef það yrði þó lagfært að þessu leyti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hér er nú til umr. í hv. d. stjfrv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Að þessu frv. hefur verið unnið mikið hér í Reykjavík milli þinga, og ég hef ekki nema að litlu leyti fylgzt með undirbúningi þess. Eigi að síður sýnist mér, að ég muni vilja styðja þetta mál, þó að ég kynni að hafa viljað einhver atriði í frv. á annan veg en þau eru.

Þetta frv. mun vera talið eitt af stærstu málum þessa þings, þó að fundarsóknin nú í kvöld gefi það kannske ekki til kynna, en hv. stjórnarandstæðingar og þá aðallega hv. sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt það nokkuð, bæði í hv. Ed. og í dag í þessari hv. d. Ég hef hlýtt á þessa gagnrýni þeirra með athygli, en mun þó ekki gera hana verulega að umræðuefni í þessari ræðu, enda munu sjálfsagt aðrir svara henni og hafa þegar gert.

Ég hef alltaf haft nokkurn áhuga á áætlanagerð, og það er nú m. a. af þeim ástæðum, sem ég legg hér orð í belg, en Framkvæmdastofnun ríkisins, sem gert er ráð fyrir að stofna með lögum samkv. þessu frv., er einmitt ætlað það annað aðalhlutverk að gera áætlanir af ýmsu tagi og þá einkum í sambandi við atvinnulíf landsmanna. En henni er ætlað meira en það eitt að gera áætlanir. Henni er líka fengið í hendur, a. m. k. að einhverju leyti, afl þeirra hluta, sem gera skal, aflið til þess að láta áætlunina verða að veruleika, með því að fá henni nokkurt vald og nokkra fjármuni til ráðstöfunar, þó að lýsingar hv. ræðumanna sumra hér í dag á þessu afli stofnunarinnar hafi verið nokkuð orðum auknar.

Það er engin nýlunda, að gerðar séu tilraunir til áætlanagerðar hér á landi og þá ekki sízt áætlanagerðar á sviði atvinnulífs og efnahagsmála. Það er langt síðan byrjað var að gera slíkar áætlanir á vegum Alþ. og ríkisstj. Segja má, að frá öndverðu hafi á Alþ., síðan það fékk löggjafarvald, verið gerð áætlun, sem var að vísu aðeins annað hvert ár fyrst í stað, þ. e. fjárlög ríkisins, sem eru áætlun um tekjur ríkissjóðs og gjöld og hvernig fjármunum verði varið úr ríkissjóði. Nú í seinni tíð er hér á Alþ. öðru hverju gerð vegáætlun svo kölluð, sem er um öflun fjármuna til vegagerðar og hvernig þessum fjármunum skuli varið. Fyrir Alþ. er líka lögð öðru hverju eða á að vera samkv. lögum hafnaáætlun, sem raunar hefur ekki sama gildi sem vegáætlunin, þ. e. ekki lagagildi, en er gerð til fjögurra ára eins og vegáætlunin.

En eins og hér var sagt í dag, þá má telja, að skipulagsnefnd atvinnumála, sem skipuð var á árinu 1934 af þáv. ríkisstj., sé upphaf að áætlanagerð á vegum ríkisins fyrir utan þær sérlegu áætlanir, sem ég hef nefnt hér áðan, sem þingið gerir. Það var vikið að þessari nefnd hér í ræðu í dag, og eins og þar var sagt, þá var gert ráð fyrir því, að hún framkvæmdi áætlanir eins og þyrfti, en það varð ekki mikið úr því. Að vísu gaf þessi áætlanefnd út mikið og merkilegt nál., þar sem voru margvíslegar skýrslur og hugleiðingar um ýmsa þætti atvinnulífsins, og að hennar tilhlutun voru nokkur lagafrv. samin hér á Alþ. Ég man t. d. eftir lögum um skipulag á landflutningum, þ. e. sérleyfislöggjöfinni, um flutningabifreiðaferðir um landið, um sameiningu póstmeistara- og landssímastjóraembættisins, sem þá var gerð, og lögum um hin svo kölluðu rekstrarráð ýmissa ríkisstofnana, sem þá voru sett og síðar afnumin. Þessi þrenn lög, man ég, að runnin voru undan rifjum skipulagsnefndar atvinnumála.

Ég minnist þess, að laust eftir 1940 eða um það bil þá var skipuð mþn. í raforkumálum, og henni var ætluð áætlanagerð á takmörkuðu sviði, þ. e. að gera áætlun um rafvæðingu landsins, og hún gerði það. Það var gerð áætlun um rafvæðingu landsins laust eftir 1940 af þessari nefnd, og sú áætlun var þá í höndum þingmanna. Í þeirri nefnd, held ég, að fyrst hafi komið fram hugmyndir um allsherjar rafvæðingu í sambandi við tengingu allra raforkuvera í landinu, sem nú aftur í seinni tíð er nokkuð komin á dagskrá. Formaður þessarar nefndar var hinn landskunni hugsjónamaður á sviði raforkumála, Sigurður heitinn Jónasson, sem eins og kunnugt er átti manna mestan þátt í því að hrinda í framkvæmd fyrstu virkjun Sogsins.

Veturinn 1942–43 var hér á Alþ. samþ. ályktun, sem vera má, að sé nú í gleymsku fallin. Þá geisaði heimsstyrjöldin enn, og ályktun, sem Alþ. samþykkti, var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa fimm manna mþn. til að gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur og herinn hverfur á brott. Í tillögunum verði að því stefnt, að þær framkvæmdir, sem veita skulu atvinnu fyrst í stað, verði jafnframt undirstaða að aukningu atvinnurekstrar og framleiðslu í landinu. Nefndin skal enn fremur gera tillögur um fyrirkomulag á stóratvinnurekstri í landinu og afskipti ríkisvaldsins af þeim málum. Lögð verði áherzla á, að skipulag atvinnurekstrarins tryggi sem bezt, að stórfyrirtæki séu rekin með almenningshag fyrir augum og að þeir, sem að honum vinna, beri úr býtum endurgjald fyrir störf sín í samræmi við afkomu atvinnurekstrarins. Nefndin skal starfa í samráði við aðrar nefndir eða stofnanir, sem falin kann að verða athugun á atvinnuvegum landsmanna eða einstökum starfsgreinum, og fylgjast sem bezt með starfsemi hliðstæðra nefnda, sem skipaðar hafa verið erlendis."

Þessi ályktun var gerð hér á hinu háa Alþ. á öndverðu ári 1943, og þessi áætlunarnefnd, sem átti að gera áætlun um framkvæmdir og atvinnurekstur eftir stríð, var skipuð og tók til starfa. En starfstími hennar varð ekki langur, því að á næsta ári eða á árinu 1944 urðu stjórnarskipti í landinu, og við tók stjórn sú, sem nefndi sig nýsköpunarstjórn haustið 1944, og sú ríkisstj. lagði niður þá nefnd, er skipuð hafði verið samkv. ályktun Alþ., og skipaði aðra nýja, nýbyggingaráðið, sem nefnt var í umr. hér í dag.

Nýbyggingaráð var stjórnskipuð nefnd, og því var ætlað nokkuð sérlegt hlutverk. Á stríðsárunum höfðu safnazt miklar innistæður bankanna erlendis í erlendum gjaldeyri. Ég hygg, að þessar innistæður, sem Íslendingar áttu þá í erlendum bönkum, hafi numið um 600 millj. kr. á þáv. gengi. Það var á þeim tímum, þegar gengi dollarans var innan við 10 kr., nokkuð mikið innan við 10 kr., og nú mundi þessi upphæð gjaldeyrisins teljast í nokkrum þúsundum milljóna íslenzkra króna. Það var m. a. hlutverk nýbyggingaráðs að ráðstafa verulegum hluta af þessum innistæðum, þó ekki öllum, heldur nálega helmingnum eða 300 milljónum.

Nýbyggingaráði var ætlað, ef ég man rétt, að ráðstafa 300 millj. af gjaldeyrisinnistæðunum til uppbyggingar atvinnulífsins, og það gerði það. Það úthlutaði eða skammtaði atvinnugreinunum þennan gjaldeyri til ýmissa hluta, margra nytsamlegra og einnig annarra, sem ekki voru kannske eins nytsamlegir. En meðal þess nytsamlega var það, að keyptir voru til landsins nokkuð margir togarar og einnig vélbátar. En nýbyggingaráði var með lögum ætlað annað hlutverk, sem var að gera áætlanir á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Ég hygg, að slík áætlun hafi verið gerð í nýbyggingaráði, en hún kom aldrei fram, var ósýnileg eins og Vestfjarðaáætlunin, sem hér hefur stundum verið talað um og aldrei hefur komið fyrir augu þm. eða almennings, var þannig ósýnileg áætlun.

Næst gerist það svo í þessum málum, að á árinu 1947 var fjárhagsráð stofnað. Og fjárhagsráð var starfandi fram undir árslok 1953, eða um 6 ára skeið líklega. Hér hefur nú verið minnzt á fjárhagsráð nokkuð í umr. og stundum í fremur niðrandi tón. Ég tel, að fjárhagsráð hafi unnið að ýmsu leyti gott verk, verið nauðsynlegt á sínum tíma og að það sé ekki ástæða til þess að tala um fjárhagsráð sem eitthvert sérstakt víti til varnaðar í efnahagsmálum, síður en svo. Ég hygg, að bæði sá maður, sem var allan þann tíma formaður fjárhagsráðs, og einnig aðrir, sem þessari stofnun réðu, hafi verið menn, sem vildu vinna verk sín vel, og gerðu það að mörgu leyti. En fjárhagsráði var ekki ætlað að gera langtímaáætlanir. Eigi að síður voru margar áætlanir gerðar í fjárhagsráði. Þær voru yfirleitt til stutts tíma, bæði fjárfestingaráætlanir og gjaldeyrisáætlanir.

Á árinu 1956 var skipuð atvinnutækjanefnd, sem svo er nefnd, og sú nefnd starfaði fram til ársloka 1960, ef ég man rétt. Í þeirri nefnd var gerð áætlun um aukningu atvinnutækja í bæjum og þorpum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Sú áætlun var ekki birt, en hún var send þáv. ríkisstj. Atvinnutækjanefnd var einnig falið það af ríkisstj. að gera áætlun um hafnagerð á Íslandi fyrir næsta áratug samkv. ályktun, sem Alþ. hafði samþ. um það efni, og þessi hafnagerðaráætlun var gerð. Hún hefur, eða það, sem fram kom þar bæði í sambandi við upplýsingar og tillögur, orðið undirstaða undir ýmsu því, sem unnið hefur verið á þessu sviði síðan. Til hennar er m. a. nokkuð vitnað í þeirri grg. til hafnagerðaráætlunar, sem lögð var fyrir Alþ. fyrir þremur árum.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var svo Efnahagsstofnuninni komið á fót, og sú áætlanagerð, sem hún hefur staðið fyrir, hefur hér verið mikið rædd. Og á þessu tímabili hafa einnig komið til sögunnar hinar svo kölluðu landshlutaáætlanir, sem hafa verið á vegum Efnahagsstofnunarinnar. Um þá fyrstu, sem þar kemur við sögu, Vestfjarðaáætlunina, er nú eiginlega það að segja, sem ég minntist á hér áðan, að það er í raun og veru ósýnileg áætlun. Hún var aldrei lögð fram hér á Alþ., hún var ekki afhent þm., hún var hvergi birt, en var til, að því er maður hefur heyrt, í vasabókum einhverra frambjóðenda, sem sögðu frá henni á fundum, og ég minnist þess, að núv. hæstv. félmrh. skýrði frá því á fundi hér á Alþ. fyrir tveim eða þrem árum, að hann hefði spurzt fyrir um það í Efnahagsstofnuninni, hvort hann sem þm. Vestf., — auðvitað átti hann ekkert meiri rétt á því sem þm. Vestf. en aðrir þm., en hann spurðist fyrir um þetta sem þm. Vestf., — gæti fengið að sjá þessa áætlun. Hann skýrði frá því, að sér hefði þá verið sagt, að í raun og veru væri þessi áætlun ekki til. En hvort sem hún hefur verið til eða ekki, þá var hún nú á þennan hátt, sem ég nú segi, ósýnileg áætlun. Það mun réttast að orða það þannig, en ekki neita með öllu tilveru hennar. En sem betur fór komu peningar úr erlendum sjóði í hafnir og vegi og flugvelli á Vestfjörðum, hvernig svo sem áætlunin um það hefur í raun og veru verið.

Næsta skrefið í þessum byggðaáætlunum fyrir utan hina ósýnilegu Vestfjarðaáætlun var svo Norðurlandsáætlunin, sem svo hefur verið nefnd. Ég sé ástæðu til að tala um hana. Hún er mér dálítið nákomin, af því að ég er fulltrúi fyrir hluta af Norðurlandi hér á Alþ. En Norðurlandsáætlun var birt, það sem kallað hefur verið Norðurlandsáætlun, þannig að ég yrði hennar var, kom einna fyrst fram á aðalfundi Fjórðungssambands Norðlendinga, fjórðungsþingi, sem við köllum hann, sem haldinn var á Sauðárkróki 1969. Þetta var allmikið verk í tveimur bindum vélrituðum, sem Efnahagsstofnunin hafði samið, og samþingismaður minn, hv. 5. þm. Norðurl. e., mun hafa unnið nokkuð að henni fyrir Efnahagsstofnunina.

Í fyrra bindinu, sem heitir Mannfjöldaþróun á Norðurlandi, var rætt um mannfjöldaþróun. Það er fræðirit, vísindalega unnið, um fólksfjölgun og fólksfækkun í fjórðungnum og reiknað út í prósentum á ýmsan hátt, hvernig þetta hafi breytzt á öldinni, sem er að líða, og er hið merkasta rit út af fyrir sig. En áætlun er þetta nú ekki beinlínis.

Hitt bindið bar titilinn Atvinnumál á Norðurlandi, og það voru skýrslur, líka mjög fróðlegar og nákvæmlega unnar um atvinnulífið á Norðurlandi, um bátafjölda og fjölda iðnaðarfyrirtækja og framleiðslumagnið o. þ. h. á hinum einstöku stöðum, en þetta svo lagt saman, þannig að ástandið í fjórðungnum sæist í heild. Einnig voru í þessu fróðlegar ritgerðir og hugleiðingar um það, hvað hægt væri að gera til þess að koma í veg fyrir útstreymi fólks úr Norðurlandi. En mér fannst þetta nú ekki beinlínis vera áætlun. Þetta er fremur grg. fyrir áætlun, það held ég, að hefði nú verið réttnefni. Eiginlega tel ég því, að atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland hafi engin verið gerð. En hitt er rétt, að það var aflað fjár úr útlendum sjóði til þess að lána atvinnufyrirtækjum á Norðurlandi, og Atvinnujöfnunarsjóði var falið að úthluta þessu fé, og Fjórðungssamband Norðlendinga fékk um það nokkurn tillögurétt, hvernig þessu fé yrði úthlutað. En áætlun taldi ég þetta í raun og veru ekki vera. Ég tel, að landshlutaáætlun á sviði atvinnulífsins verði að tilgreina það, hvað framkvæma skuli og hvernig og hvar, annað sé ekki áætlun. Hitt eru ritgerðir og hugleiðingar, hugvekjur, svona svipað eins og ritverk skipulagsnefndar atvinnumála var á sínum tíma, sem kallað var „Rauðka".

Síðan var svo farið að vinna að Austfjarðaáætlun um samgöngumál, og þessi áætlun var gerð í fyrra. Hana hef ég séð, ég held jafnvel, að henni hafi verið útbýtt hér á þingi, þó er ég nú ekki viss um það. Þessa áætlun hef ég undir höndum, og þetta er raunveruleg áætlun um samgöngubætur á Austurlandi, þar sem gerðar eru til-

lögur um það, hvað gera skuli og hvar, og áætlað, hvað það muni kosta.

Nú er svo byrjað fyrir nokkru að vinna að samgöngumálaáætlun fyrir Norðurland á vegum Efnahagsstofnunarinnar.

Það hefur verið dálítið rætt um það hér í þessum umr., hvað áætlun sé í raun og veru, hvernig áætlanir eigi að vera. Það er nú svo á vorum tímum, að menn deila um merkingu orða. Þegar ég var að ræða um áætlanagerð fyrir 2–3 árum við einn af færustu hagfræðingum landsins, sagði hann mér sem sinn skilning á þessu, að hagfræðingar gerðu mun á tvenns konar áætlunum, tveim tegundum af áætlunum. Annars vegar það sem hann kallaði líkindaáætlanir, en líkindaáætlun er það að reyna að spá, hvað muni gerast, ef þjóðfélagið gerir ekkert sérstakt umfram það, sem gert hefur verið, til þess að breyta þróuninni. Það er líkindaáætlun. Líkindaáætlanir eru til þess fallnar, eins og hv. 7. þm. Reykv. orðaði það í dag, að draga úr óvissunni. Hann sagði um áætlanir almennt, að þær væru gerðar til þess að draga úr óvissunni, og það er rétt, að allar áætlanir eru gerðar til þess að draga úr óvissu, og líkindaáætlanirnar eru gerðar til þess eins í raun og veru. En svo er til önnur tegund af áætlunum, sem eru framkvæmdaáætlanir, eða það, sem ég vildi leyfa mér að kalla skapandi áætlanir. Skapandi áætlun hefur það hlutverk fyrst og fremst umfram það að draga úr óvissunni kannske að hafa áhrif á framtíðina. Framkvæmdaáætlun er skapandi áætlun, er gerð öðrum þræði til að hafa áhrif á framtíðina. Líkindaáætlun hefur ekki nein teljandi áhrif á framtíðina, nema sem af því leiðir að draga úr óvissunni. En framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir því beinlínis, að reynt sé að hafa áhrif á gang mála, áhrif á framtíðina, skapa framtíð öðruvísi en hún hefði ella orðið.

Það er nú það, sem mér skilst, að vaki fyrir ríkisstj. með þessu frv., að gerðar verði slíkar áætlanir. Það verði ekki aðeins gerðar líkindaáætlanir, heldur einnig framkvæmdaáætlun, skapandi áætlun, og þar að auki fái sú stofnun, sem gerir áætlanirnar og mótar, aðstöðu til þess að geta komið þeim í framkvæmd að einhverju leyti. En það þýðir ekki mikið að gera framkvæmdaáætlanir eða skapandi áætlun, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að hægt sé að framkvæma hana. Þá verður sú áætlun pappírsblað eitt, og við höfum meira en nóg af pappír í þessu landi.

Ég sagði það áðan, að Framkvæmdastofnunin ætti að hafa þetta tvenns konar hlutverk, að gera áætlanir og að henni væri einnig að nokkru leyti veitt afl til að framkvæma það, sem gera skal. Og hæstv. forsrh. hefur í mjög ítarlegri og gagnmerkri framsöguræðu, sem hann flutti hér í dag, í raun og veru gefið Framkvæmdastofnuninni erindisbréf, sem ég geri ráð fyrir, að eftir muni verða farið. Hins vegar er það svo, að þessari stofnun er ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, eins og nýbyggingaráð hafði og fjárhagsráð hafði, og ég verð nú að segja það sem mína persónulegu skoðun og á mína ábyrgð eingöngu, að ég tel, að það sé full þörf á því í þessu þjóðfélagi, að til sé einhver stofnun, sem hefur eftirlit með meðferðinni á gjaldeyri landsmanna. Ég held, að það sé a. m. k. margra manna mat í þessu landi, þótt við höfum Seðlabanka, eins og hv. þm. skaut hér fram, að gjaldeyri þjóðarinnar, sem erfiðismennirnir afla með súrum sveita á landi og sjó, hafi í seinni tíð og sé enn oft og tíðum nokkuð gáleysislega varið, og þar mætti ýmislegt betur fara.

En í þessu frv. er sem sagt ekkert um þau mál, og það er ekki von, að svo sé, jafnvel þótt menn sæju nauðsyn þess. Því veldur haftagrýlan. En haftagrýlan er eins konar forynja, sem spákaupmenn mögnuðu fyrir löngu handa sjálfstæðismönnum, og ævinlega fer hún fyrir liði þeirra í kosningum og á baráttutímum. Og þótt vinstri flokkar hér á landi telji sig róttæka og skelegga, – þeir hafa haft orð á því um sjálfa sig, að þeir séu það, – þá vill það fara svo, að þeir kikna í hnjáliðunum öðru hverju, þegar sjálfstæðismenn etja fram haftagrýlunni sinni. En haftagrýlan hefur reynzt sjálfstæðismönnum, eins og segir í Snorra-Eddu, „ein geysihagleg geit“ oft og tíðum, en ekki ævinlega, því að þegar þannig hefur verið ástatt, að sjálfstæðismenn hafi verið í ríkisstj. og sjálfir þurft að beita þessum svo kölluðu höftum, þá hefur gamla grýla stundum gert þeim sjálfum óleik, a. m. k. þeim fulltrúum þeirra, sem hafa átt að framkvæma þessa nauðsynlegu hluti, eins og frægt varð um fjárhagsráð. Sjálfstæðismennirnir þar áttu ekki sjö dagana sæla, því að þótt þeir væru þar í umboði flokks og valdamanna, þá sótti gamla grýla að þeim bæði daga og nætur, þannig að þeim var sjaldan rótt út af því, og þessi stofnun var að síðustu lögð niður, af því að grýla varð svo ægileg í margra augum. Ég held nú, að þessi haftagrýla, þó að hún hafi verið nokkuð hentug fyrir sjálfstæðismenn, hafi unnið allmikið tjón í þessu landi með því að rugla dómgreind margra manna og skapa fordóma gagnvart nauðsynlegum ráðstöfunum, og læt ég útrætt um það.

En í sambandi við gjaldeyrismálin og haftagrýlu þá verð ég nú að segja það, að ég held, að hv. sjálfstæðismenn þurfi ekki að óttast það, að framkvæmdaráðið, sem gert er ráð fyrir í frv., muni stofna til þjóðnýtingar eða ríkisrekstrar á atvinnutækjum hér á landi. Ég held, að það sé mjög fjarri því, að það sé nokkur hætta á því, að þetta ráð stofni til allsherjar ríkisrekstrar á atvinnutækjum. **(Gripið fram í:** Má treysta því?) Ég hef enga trú á því, að slíkt komi til mála, og það er vegna þess, að það eru engir formælendur ríkisrekstrar hér á landi, þeir eru a. m. k. mjög fáir. Ekki er Sjálfstfl. ríkisrekstrarflokkur, þótt hann hafi stundum komið upp ríkisfyrirtækjum. Alþfl. var ríkisrekstrarflokkur, þ. e. a. s. gamli Alþfl. eða Alþfl., eins og hann var um 1920 og fram undir 1930. Þá kenndi hann það, að ríkisrekstrarformið væri æskilegt atvinnurekstrarform á Íslandi, en síðan féll hann frá því, og hv. form. Alþfl. hefur lýst því bæði hér á Alþ. og víðar í fræðilegum greinum, að það sé orðið úrelt hjá jafnaðarmannaflokkum að berjast fyrir ríkisrekstri, þeir vilji aðrar leiðir, og hann gerði grein fyrir því nokkuð hér í dag. Alþfl. er ekki ríkisrekstrarflokkur. Alþfl. er ekki heldur jafnaðarmannaflokkur. Það er enginn jafnaðarmannaflokkur til hér á landi. Það er enginn flokkur hér, sem er formælandi fyrir því, að allir hafi jafnar tekjur, en þetta orð, jafnaðarmenn og jafnaðarmannaflokkur, varð til einhvern tíma um aldamótin með þýðingu á útlenda orðinu sósíalisti, og þá var það málhagur maður á sínum tíma,

sem þýddi það með orðinu jafnaðarmaður. En ég veit ekki, hvort sósíaldemókratar hafa nokkurn tímann boðað þá kenningu, að allir menn ættu að vera jafnir eða ættu að hafa jöfn laun eða þess háttar, ég veit ekki til þess, og að þeir hafi það núna, það held ég bara hreint ekki, að ég nú ekki tali um kommúnista.

Þegar ég tala um kommúnista, þá á ég ekki við Alþb., það er annar flokkur. En af því að ég var að tala um afstöðuna til ríkisrekstrar, þá minnist ég þess vel, – ég er nú kominn þó nokkuð á efri ár og búinn að vera hér á þessu sviði lengur en margir aðrir, sem hér sitja, – þegar Kommúnistaflokkurinn var stofnaður hér. Þá vorum við nýbúnir að koma upp einu myndarlegu ríkisfyrirtæki hér á Íslandi, sem ríkið átti og rak í anda hinnar gömlu stefnu Alþfl., og það voru Síldarverksmiðjur ríkisins. Ég man það, að á fyrstu árum hins nýja Kommúnistaflokks voru þeir mjög gagnrýnir á þetta fyrirtæki, og þeir kölluðu Síldarverksmiðjurnar ríkisauðvald, og ríkisfyrirtæki kölluðu þeir ríkisauðvald, og að þeirra dómi var það auðvald alls ekki betra en annað auðvald, nema síður væri. Það er víst alveg óhætt að fullyrða það, að þeir, sem útlendingar kalla kommúnista, eru ekkert sérstaklega fylgjandi ríkisrekstri í því þjóðfélagi, sem við búum í. Þeir eru fylgjandi því austur í Sovétríkjum og Kína, þar sem eru öðruvísi þjóðfélög, en þeir eru ekki fylgjandi því hér, ekki formælendur ríkisrekstrar hér.

Og þá eru eftir SF. Þeir eru frjálslyndir, og þeir eru líka vinstri menn, þeir eru þetta hvort tveggja, þó að það sé ekki alltaf það sama, en að öðru leyti hafa þeir helzt talið sig vera sósíaldemókrata, ef eitthvað væri. – Hvað sagði hæstv. ráðh.? – Jafnaðarmenn, það eru þeir nú ekki. Það mundi nú vera auðvelt að láta þá bera járn upp á það, þ. e. prófa það, hvort þeir væru jafnaðarmenn. Jafnaðarmenn eru nú yfirleitt ekki hér í þessu landi, og það er víst ákaflega lítið um þá í heiminum. Það er ákaflega lítið um það fólk í heiminum, sem í raun og veru vill, að allir menn séu jafnir, allir hafi jöfn laun t. d. Nei, það er víst ekki svo mikil hætta á því, að SF fari að heimta það, að þessi sæla Framkvæmdastofnun komi á allsherjar ríkisrekstri hér á landi. Hins vegar má vel vera, að þessari stofnun auðnist að koma upp einhverjum fyrirtækjum á vegum ríkisins eða að ríkið verði þátttakandi í einhverjum atvinnufyrirtækjum, og ég tel hreint ekkert út á það að setja, þó að svo verði.

Það stendur í þessu frv., og einhverjir voru hér í dag að setja út á það, að lánadeildin geti átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkv. ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Láti hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leiti síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækjunu á fót. Einhver af hv. ræðumönnum hér í dag var ákaflega hræddur við þetta og var að reyna að koma upp sérstakri grýlu út af þessu ákvæði, en ég held, að þetta ákvæði sé alveg nauðsynlegt, og ég teldi miklu verr farið, ef þetta yrði fellt niður úr frv.

Í kaflanum um Byggðasjóð stendur, að sjóðsstjórninni sé heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða að starfrækja í samræmi við tilgang sjóðsins og þarfir viðkomandi byggðarlags. Þetta er í VI. kaflanum, um Byggðasjóð. Þetta ákvæði tel ég líka alveg nauðsynlegt. Það getur staðið svo á á ýmsum stöðum, að það sé nóg af vinnufúsum höndum, en einstaklinga vanti bolmagn til þess eða annað það, sem til þess þarf, að gangast fyrir stofnun atvinnufyrirtækja. Við vitum, hvað er að gerast, þeir, sem hafa opin augun, og hvað hefur verið að gerast í sambandi við fólksflutningana á undanförnum áratugum, því að það var ekki eingöngu undir viðreisnarstjórn, sem fólk hefur flutzt milli landshlutanna, það var byrjað áður. Það, sem m. a. veldur þeim, er það, að ýmsir af þeim mönnum úr einstökum byggðarlögum, sem hafa fjármagn eða sérstaka hæfileika til þess að standa fyrir atvinnurekstri eða yfirleitt það, sem kallað er að koma sér áfram í stærri stíl, flytja hingað suður á höfuðborgarsvæðið. Höfuðborgarsvæðið hefur alveg sérstakan sogkraft fyrir slíka menn, menn sem hafa reynslu. Það er boðið í þá menn, sem hafa reynslu í atvinnurekstri. Stundum standa þá hinir einstöku staðir, kauptún eða þorp, uppi með nógar vinnufúsar hendur, en það vantar menn til að gangast fyrir því, að stofnað sé til atvinnurekstrar, og þá er það alveg bráðnauðsynlegt, að einhver aðili geri þetta, hvort sem það er nú ríkið eða Framkvæmdastofnunin, sem er gert ráð fyrir, eða landshlutasamtök. Það er ekki nóg að hjálpa þeim, sem hjálpa sér sjálfir, þó að gamalt máltæki segi eitthvað á þá leið, að þeim verði alltaf hjálpað, sem hjálpa sér sjálfir. Það er ekki nóg. Það þarf að hjálpa þeim, sem ekki hjálpa sér sjálfir, en samt er hægt að hjálpa. Það er kannske einn aðalmunurinn skulum við segja, á hægri og vinstri stefnu. Það eru til menn, sem segja: Við skulum hafa til reiðu áætlanir og fjármagn og allt, sem til þarf, handa þeim, sem stofna atvinnufyrirtæki og koma því á fót, en ekkert handa hinum. En það þarf fleira að koma til, a. m. k. sums staðar.

Ég ætla að leyfa mér í sambandi við þetta að fara örfáum orðum um VI. kafla frv. Það er sá kafli, sem fjallar um Byggðasjóð. En áður en ég kem að því, ætla ég að minnast á eitt atriði, sem ég hef skrifað hér hjá mér og komið hefur fram hjá hv. sjálfstæðismönnum í umr. Þeir hafa talað töluvert mikið um kommissarana eða Umbana, sem þeir nefna svo, þessa þrjá framkvæmdaráðsmenn, sem gert er ráð fyrir. Ég ætla ekkert að leggja til þeirra mála, skal ekkert ræða um það, hvort það hefði e. t. v. mátt koma því fyrir á annan hátt með þetta framkvæmdaráð og stjórn, en ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að í stofnuninni á nú að vera sjö manna stjórn, sem kosin verður á Alþ. Það verður væntanlega rétt mynd af öllu þessu sameinaða flokkaveldi, sem Alþ. er nú á tímum. Það var bent á það, líklega af hæstv. forseta hér, að þetta væri svona í bönkunum, að þar væru bankaráð og svo þrír bankastjórar, sem svöruðu til framkvæmdaráðsmannanna. Þá sagði einhver af ræðumönnum þeirra hv. sjálfstæðismanna, að hér væri ólíku saman að jafna, því að bankastjórarnir væru venjulega bæði úr stjórnarherbúðum og stjórnarandstöðu. Hér mundu framkvæmdaráðsmennirnir að líkindum verða stjórnarmenn eingöngu. En það er annar munur á bankastjórum og stöðu þeirra og þessum framkvæmdaráðsmönnum og stöðu þeirra. Bankastjórar ráða almennt einir lánaveitingum, því að yfirleitt eru einstakar lán-

veitingar ekki bornar undir bankaráðið, heldur taka bankastjórarnir ákvörðun um þær. Það er ekki nema í sérstökum tilfellum og þegar um almennar reglur er að ræða, sem einstakar lánveitingar eru bornar undir bankaráð. Ég sé nú ekki betur en að hérna í þessu frv. sé gert ráð fyrir því, að framkvæmdaráðið geri aðeins tillögur um lánveitingar. Þessar tillögur séu svo bornar undir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, og hún samþykki einstakar lántökur. Ég get ekki skilið frv. öðru vísi. Samkv. 3. gr., 5. og 6. lið, þá fer hún með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og með stjórn Byggðasjóðs, sem heyrir undir þessa stofnun, en í 5. gr. er framkvæmdaráðinu ætlað að gera tillögur um einstakar lánveitingar. Þessar tillögur á að bera undir stjórnina, og ég vænti, að þeim, sem gagnrýnt hafa þetta, verði hughægra, þegar þeir gera sér grein fyrir því, að þannig er þetta í frv., eða ég get ekki annað séð en það sé svona.

En þá vildi ég leyfa mér, eins og ég sagði áðan, að koma að VI. kaflanum, um Byggðasjóð, og e. t. v. var það aðalástæðan til, að ég kvaddi mér hljóðs, að ég vildi gjarnan gera þann hluta frv. að umræðuefni, þótt mér hins vegar hafi orðið nokkuð skrafdrjúgt um önnur atriði í frv.

Eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér í kvöld, hafa framsóknarmenn flutt á mörgum undanförnum þingum frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Þetta frv. höfum við flutt hér á þingi nokkuð oft, og það hefur atvikazt þannig, að það hefur alltaf komið í minn hlut að standa hér í þessum stól einu sinni á hverju þingi, til þess að mæla fyrir þessu frv. Ég gæti trúað, að ég væri búinn að gera það sex eða sjö sinnum, og þess vegna hefði hv. þm., sem beindi þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., auðvitað vel getað spurt mig, hvort ég gæti sætt mig við þennan kafla, eins og hann væri, eftir að hafa flutt þetta frv. Ég verð að segja það eins og er, að ég hef talið undanfarin ár, að það þyrfti að setja á fót öfluga stofnun, sem hefði yfir mjög verulegu fjármagni að ráða, til þess að reyna að stöðva þann straum, sem legið hefur úr byggðum landsins hingað inn á höfuðborgarsvæðið. Til þess þyrfti sérstaka stofnun og mikið fé, og við höfum lagt það til, að auk þess sem Byggðajafnvægissjóður, sem við nefndum svo, tæki við fjármagni Atvinnujöfnunarsjóðs, þá fengi hann ákveðinn hundraðshluta af ríkistekjum ár hvert. Þetta var hugsað sem verðtrygging framlagsins frá ríkinu til Byggðajafnvægissjóðs. Það væri eins hægt að binda þetta við vísitölu. Þetta er aðferð til verðtryggingar. Alveg eins og kaup er verðtryggt með vísitölu, eins ætluðum við að verðtryggja Byggðajafnvægissjóðinn og tekjur hans með þessu ákvæði.

Ýmislegt af því, sem í þessu frv. stóð, hefur verið tekið upp í VI. kafla þessa frv., en þar er ekki gert ráð fyrir því, að Byggðasjóður sé sérstök stofnun, heldur lúti hann stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég kem að því aftur, en það var í raun og veru ekki um annað að ræða, þegar við fluttum okkar frv., en að ætla sjóðnum að hafa sérstaka stjórn, því að stofnun sem Framkvæmdastofnun ríkisins var þá ekki til. Ég kem að því aftur með stjórn sjóðsins.

Nú vil ég segja það eins og það er, að þó að mér þyki það gott, að Byggðasjóður er efldur, svo sem hér er gert ráð fyrir, bæði með lánsheimildum með ríkisábyrgð, allverulegum, og með 100 millj. kr. framlagi á ári í 10 ár, þá hefði ég kosið, að það væri meira. Ég hefði talið, að það þyrfti að efla þennan sjóð mun meira en þarna er gert. Og ég vil leyfa mér að benda á það, að fyrir 14 árum, þegar hér var vinstri stjórn eins og nú, voru á fjárlögum ríkisins veittar 15 millj. kr. til atvinnuaukningar á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Hvers konar upphæð var þetta þá? Því geta menn áttað sig á með því að gera sér grein fyrir því, að þá var fjárlagatalan 700 millj. Nú er fjárlagafrv. upp á 14 þús. millj. og hækkar sjálfsagt til muna, þannig að ef maður lítur á það, þá er þetta ekki mjög hátt. Sumir segja að vísu, að hér hafi ýmislegt skeð síðan slík fjárframlög voru samþ. til atvinnuaukningar á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Atvinnujöfnunarsjóðurinn, sem á að renna inn í Byggðasjóðinn, hafi fengið allar tekjurnar af álverinu í Straumsvík. Og þær nema um 100 millj. kr. Þetta segja menn. En þá gleyma menn því, að það hefur fleira gerzt. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið stofnað til fjárfestingar upp á 10–15 þús. millj. kr. a. m. k. í sambandi við Búrfellsvirkjun og þetta margumtalaða álver í Straumsvík. Og ég hef alltaf litið svo á, að þeim tekjum, sem Atvinnujöfnunarsjóði voru fengnar með lögunum frá 1965, hafi verið ætlað að vega á móti því, að til svo gífurlegrar ójöfnunar í fjárfestingu landsins er stofnað. Og ég hygg, að það hafi ekki veitt af því. Við getum þá sleppt því úr dæminu, bæði þessum tekjum af álverinu og álverinu sjálfu og allri þeirri fjárfestingu, sem í sambandi við hana var. Við getum gert það, sleppt því úr dæminu. Hins vegar er ég ekki í neinum vafa um það, að þessi feikilega fjárfesting og stóriðja, sem komið hefur verið upp hér við bæjarvegg höfuðborgarinnar, hefur miklu meiri áhrif til þess, að hin óhagstæða þróun í fólksflutningum heldur áfram, en þær tekjur hafa til að vega á móti, sem Atvinnujöfnunarsjóður fékk.

Hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, var með tölur hér í dag og vildi telja, að það hefði dregið úr þessum fólksflutningum af landsbyggðinni, eða úr þeim hlutum landsbyggðarinnar, sem fjarlægastar eru höfuðborginni, í seinni tíð, og var að bera saman tvö tveggja ára tímabil, ef ég man rétt, og má vel vera, að þær tölur séu réttar. En þá er ekki gætt að því, að fólksfjölgunin nú allra síðustu árin hefur ekki orðið eingöngu í Reykjavík, heldur alveg eins mikil þar sem kalla má útborgir Reykjavíkur, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi og í Garðahreppi og í Hafnarfirði í sambandi við álverið. Þetta er nú allt að vaxa saman og verða ein stór borg, sem komin er nokkuð mikið yfir 100 þús. íbúa. Það var mér kennt, þegar ég var unglingur, að væru stórborgir kallaðar, sem hefðu meira en 100 þús. íbúa.

Ég hefði gjarnan viljað það og sjálfsagt við, sem staðið höfum að flutningi frv. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins, að ríflegra hefði verið til tekið, að meiri rausn hefði fram komið í till. hæstv. ríkisstj. um eflingu Byggðasjóðsins. Ég skil það hins vegar vel, að ríkisstj. hefur í mörg horn að líta, það munum við sjá af af-

greiðslu fjárlaga. Eigi að síður álít ég, að hér hefði átt að koma meira fé til. Og ekki mun ég hika við það á komandi tímum, ef mér endist til þess líf og heilsa og einhver seta hér á Alþ., að reyna að stuðla að því, að hér komi meira til. En þegar maður vill koma fram máli, sem litlar undirtektir fær, og er orðinn langþreyttur á því að tala fyrir daufum eyrum, þá taka menn gjarnan því, ef það býðst, að koma fram málinu í áföngum. Ég lít svo á, að við séum hér að koma fram frv. okkar um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins í áföngum og að þetta sé fyrsti áfanginn.

Ég ætla að segja hv. samþm. mínum, hv. 5. þm. Norðurl. e., sögu, af því að hann er nýr hér á Alþ. Hann er búinn að sitja hér í rúman mánuð, og ég er nú búinn að vera hérna í rúm 30 ár og hef orðið vitni að ýmsu hér, sem honum, eðlilega, er ókunnugt um. Hv. þm. er þm. fyrir Sjálfstfl. Hann var kosinn á þing fyrir hann og hefur nú eiginlega verið töluvert áhugasamur sjálfstæðismaður, síðan ég kynntist honum fyrst. Hann var kosinn á þing fyrir Sjálfstfl. Ég minnist þess ekki, að í þessi sjö ár, sem ég hef verið að bisa við það ásamt öðrum þm. mörgum að reyna að koma fram þessu frv., að því hafi nokkurn tíma verið lagt liðsyrði af þm. Sjálfstfl. Ég minnist þess ekki. (Gripið fram í.) Lögin um Atvinnujöfnunarsjóð eru frá árinu 1966, og ég er búinn að skýra frá því, hvernig á því stóð, að það frv. var borið fram og gert að lögum. Og ég ætla um leið að skýra frá því, sem gerðist árið áður, árið 1965. Það er ákaflega fróðleg saga fyrir þennan hv. þm. og reyndar fyrir alla nýja þm., sem ekki voru þá hér í Alþ. Þá var frv. okkar um Byggðajöfnunarsjóð vísað til hv. fjhn. í þessari d., og meiri hl. í n., sem voru hv. stjórnarliðar þáv., frsm. var úr Sjálfstfl., gerði það að tillögu sinni, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá. Og rökstuðningurinn var í því fólginn, að nægilega vel væri séð fyrir málefnum landsbyggðarinnar, því að sett hefðu verið lög um Atvinnubótasjóð. Tekjur hans voru 10 millj. á ári og ekkert annað samkv. þeim lögum. Þá var það viðhlítandi úrlausn í málefnum landsbyggðarinnar. Og þegar maður hefur átt þessu að mæta, svona undirtektum, frá þeim, sem ráðandi voru, þá kannske bregður manni ekki eins mikið við, þótt ekki sé boðið upp á nema fyrsta áfanga á lengri leið.

Nú er það samt svo, að gjarnan vildi ég að því stuðla, að þessi kafli yrði nokkuð endurbættur, og ég vil sérstaklega segja það, að ég hafði allverulegan áhuga fyrir að takast mætti að koma í framkvæmd því atriði stjórnarsamningsins frá í sumar, þar sem gert var ráð fyrir, að Byggðasjóður hefði sérstaka stjórn. Það var gert ráð fyrir því þar. Nú hefur ekki af því orðið, að lagt sé til, að sjóðurinn fái sérstaka stjórn, heldur er honum ætlað að lúta hinni almennu stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. Og nú er það svo, að af því að ég, eins og sakir standa, treysti hæstv. ríkisstj., þá treysti ég því einnig, að hún skipi þá menn til forustu í Framkvæmdastofnuninni, sem muni hafa landsbyggðarsjónarmiðin nokkuð ríkt í huga. Og ef það tekst, þá er náttúrlega ekki mikill munur á því, hvort það er sérstök þingkjörin stjórn fyrir Framkvæmdastofnunina og önnur þingkjörin stjórn fyrir Byggðasjóðinn. Alveg eins og einhver hv. sjálfstæðismaður sagði hér réttilega, verður árangurinn af Framkvæmdastofnuninni, – ég held, að þetta hafi verið í Ed., – að mjög miklu leyti undir því kominn, hvaða menn veljast til forustu. Um það veit ég ekkert frekar en aðrir hv. þm., hverjir þeir verða, en mun veita því athygli, þegar að því kemur, og mín trú á gagnsemi Framkvæmdastofnunarinnar mun mjög miðast við það, hvernig til tekst um skipan forstöðumanna þar.

En ef það mætti takast að velja Byggðasjóðnum stjórn á annan hátt, þ. e. stjórn, sem ekki væri endilega þingkjörin, þá gæti það haft þýðingu, og það mundi ég telja æskilegt. Ég hef þar alveg sérstaklega í huga landshlutasamtökin. Ég hef lengi haft trú á því, að eitt helzta úrræðið til þess að leysa landsbyggðarvandamálin væri það, að landshlutarnir yrðu sjálfstæðari en þeir eru nú, að þeir fengju takmarkað sjálfstæði innan ríkisheildarinnar. Og það er ákaflega margt, sem mundi leiða af því. En það er eins og með sumt annað, að það ljá þessu of fáir eyru. Það er margt, sem mundi leiða af því. Menn eru að ræða um, hvernig standi á þessum mikla sogkrafti höfuðborgarinnar að fólkið flyzt þangað og fjarar út í öðrum landshlutum. Þegar menn eru að tala um það, þá kemur víst margt til. Það er fyrst og fremst náttúrlega atvinnulífið. Það þarf að efla það, og það er rétt, að það er undirstaðan að þessu öllu. Það eru líka skólarnir, það þarf fleiri skóla, það er stór þáttur. Það þarf betri heilbrigðisþjónustu. Það er stór þáttur líka. En það er eitt, sem sjaldnar er talað um, og það er valdið. Valdið er sá segull, sem ævinlega og alls staðar hefur dregið að sér fólk, dregið að sér það fólk, sem er á einhverju sviði til forustu fallið eða til forustu hneigt. Og ef við kæmum upp sjálfstæði í landshlutunum, ef við kæmum upp fylkjunum, sem oft hafa verið nefnd og tillögur hafa verið fluttar um hér á Alþ., og raunar miklu fyrr af fjórðungssamböndunum gömlu, á Austur-, Vestur- og Norðurlandi, þá mundu myndast þar valdamiðstöðvar. Valdamiðstöðvar mundu draga að sér þetta fólk, sem ég var að nefna, menntafólk, sérmenntað fólk. Og um leið og landshlutunum væri gefin einhver stjórnarfarsleg aðstaða, þá væri líka ýmislegt annað leyst, sem við höfum verið í vandræðum með, t. d. raforkumál. Nú eru menn að basla við að flytja tillögur um Austurlandsvirkjun og Norðurlandsvirkjun og Vesturlandsvirkjun og eitt og annað. En hvernig eiga þessi virkjanafyrirtæki að verða til, þegar sú stjórnarfarslega heild, sem ætti að standa á bak við, er ekki til?

Þetta var nú kannske útúrdúr, en miðar samt að því, sem ég ætla mér að segja hér, að ég teldi ávinning að því, ef hægt væri að setja yfir Byggðasjóðinn stjórn, sem skipuð væri með öðrum hætti en stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, ekki þingkjörin og ekki eingöngu stjórnskipuð. Í þessari stjórn ættu samtök landshlutanna að eiga hlutdeild. En ég hygg, að ekki sé með öllu tímabært nú á þessu þingi að gera tillögur um að skipa slíka stjórn, m. a. af því, að það þarf að gerast með samkomulagi við landshlutasamtökin, og þau eru mörg. Þau þyrftu að vera saman um að tilnefna menn í stjórnina. Og til þess að landshlutasamtökin njóti sín og séu ekki alltaf að framleiða pappírsgögn, – það er nú ekki allt pappírsgögn, en að verulegu leyti verða þetta pappírsgögn, – þá vantar þá stjórnarfarslegu aðstöðu, sem þau þyrftu að hafa. Um þetta veit ég, að hv. 5. þm. Norðurl. e., samþm. minn, er mér sammála.

En niðurstaðan af þessum bollaleggingum mínum er sú, að ég ætla nú að leyfa mér að leggja fram brtt. við 33. gr. frv., sem fjallar um stjórn Byggðasjóðs, og gera það nú þegar við þessa umr., en óska eftir því, að henni verði frestað til 2. umr. að sjálfsögðu, – enda getur hún samkv. þingsköpum ekki komið til atkvgr. við 1. umr., – til þess að hv. n., sem málið fær til meðferðar, geti tekið hana til athugunar. Og till. er þess efnis, að þegar samkomulag verði um það milli ríkisstj. og landshlutasamtaka, þá hafi ríkisstj. heimild til þess að skipa sjóðnum sérstaka stjórn. Og þá fái sú stjórn þá heimild til lántöku með ríkisábyrgð, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er fengin samkv. frv.

Það er fleira, sem ég hefði gjarnan viljað koma með till. um í sambandi við þetta frv., en tíminn er naumur, og ýmislegt veldur því, að það þarf að hraða þessu frv. Það eru ýmis mikilvæg mál, sem þarf að leysa og bíða eftir því, að Framkvæmdastofnunin komist á fót. Og þetta er mál, sem er eitt af málefnum stjórnarsamningsins, sem um er samið í meginatriðum milli stjórnarflokka, eins og gerist og allir þm. þekkja, og verður ekki nema að takmörkuðu leyti breytt.

Það er aðeins ein önnur brtt., sem ég vil leyfa mér að koma hér á framfæri. Hún er reyndar við 29. gr. og er um það, að eitt af hlutverkunum, sem þessi stofnun á að hafa með höndum, sé sérstaklega að koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Það má vera og ég geri nú ráð fyrir því, að það megi túlka það svo, að þetta felist í frv. með öðru orðalagi. En ég tel, að það yrði samt til bóta, að það yrði orðað á þennan hátt.

Og vil ég nú ljúka ræðu minni með því að afhenda hæstv. forseta þessar brtt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál allítarlega. E. t. v. er það ekki óeðlilegt, að stjórnarandstæðingar hafi ýmislegt við þetta að athuga. Hins vegar hygg ég, að ótti þeirra sé að ýmsu leyti ástæðulaus.

Ég er ekki í vafa um það, að ef þetta frv. verður að lögum, þá getur það orðið til góðs. En það er ævinlega undir framkvæmdinni komið, hvernig svona hlutir reynast. Og aðalatriðið er því, að þetta sé framkvæmt á réttan hátt, þessi stofnun verði rekin vel og viturlega. Ég álít, að það sé ekki hægt að hafa hlutina eins og þeir hafa verið síðustu tvö árin. Það er ekki hægt að reka Atvinnujöfnunarsjóð á þann hátt, sem hann er rekinn. Lánin hafa verið veitt af þingkjörnum mönnum, sem hafa ekki gefið sér tíma til að athuga nægilega, hvernig með fé er farið, sem hefur verið lánað. Og Framkvæmdabankinn var fluttur upp í Seðlabanka, og við vitum ósköp vel, hve erfitt er að ná sambandi við þessa bankastjóra Seðlabankans. Menn hafa orðið að bíða hér í fleiri daga og svo fyrir einhverja milligöngu fengið að hafa tal af þessum mönnum, því að þeir hafa ýmislegt annað að gera. Það var ekki til að gera það auðveldara fyrir þá, sem lán þurftu að fá úr Framkvæmdasjóðnum, að flytja hann upp í Seðlabanka. Það átti að vera til hagræðingar. Það má vel vera, að það hafi verið ódýrari rekstur á honum. En þessar ráðstafanir eiga líka að vera til hagræðingar og geta orðið það, ef rétt er með alla hluti farið.

Ég hef því lýst yfir því, þrátt fyrir það, að ég sé ekki að öllu leyti ánægður með allt í þessu frv., að ég muni þó greiða atkv. með því, því að þótt eitthvað sé við lögin að athuga í byrjun, og það kemur oftast í ljós með reynslunni, þá á að vera hægt að laga það.

Hv. sjálfstæðismenn hafa mikið talað um, að þarna verði einhliða pólitísk stjórn. Virðist liggja í orðunum, að þeir óttist, að á þeim verði níðzt. Ég hef ekki trú á því, að það verði gert. Það er yfirleitt ekki viturlegt. Sturla Bárðarson var vitur maður, og er hann leiddi Snorra einu sinni heim frá lauginni, hafði hann yfir kviðling. Þeir voru að tala um, að Snorri ætti valdamikla tengdasyni og Sturla kvað:

Eiguð áþekkt mægi
orðvitr sem gat forðum,
– ójafnaðr gefsk jafnan
illa, – Hleiðrar stillir.

Ég held satt að segja, að ríkisstj., sem misnotar vald sitt, hvort það er í útlánum eða öðru, tapi á því, en ekki þeir, sem verða fyrir óréttinum. Ég hef þá trú á hæstv. forsrh., að hann muni ekki leggja það til við þá stofnun, sem hann hefur yfir að segja, að hún misnoti vald sitt. Ég held satt að segja, að hann sé of vitur maður til þess og lífsreyndur.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa nú ráðið í 12 ár, og við höfum verið í minni hl. Ég held, að þeir hafi ekki haft neinn sérstakan áhuga á því, að við værum í meiri hl. í þessum lánastofnunum. Við höfum ekki verið að halda hér hrókaræður um, að það væri níðzt á okkur pólitískt. Ég held, að þeir hafi verið í meiri hl. í Landsbankanum. Þeir hafa bara kunnað vel við, að við hefðum engan bankastjóra í Búnaðarbankanum. Ég held, að þeir hafi ráðið yfir Framkvæmdabankanum. Eini bankinn, sem þeir ekki hafa meiri hl. í, er Útvegsbankinn, þar sem stjórnarliðar hafa verið í meiri hl. Stjórnarandstaðan hefur yfirleitt reynzt mér betur en mínir eigin flokksmenn í lánastofnunum. Þegar ég yfirgaf Landsbankann, fékk ég ekki að hafa viðskipti við Útvegsbankann, því að þetta bankakerfi hjá okkur er eins og var hjá einokunarkaupmönnunum. Þeir ákveða það, Útvegsbankinn og Landsbankinn, hvernig þeir eiga að skipta útgerðarmönnunum á milli sín, og þar verða þeir að vera, hvernig sem við þá er gert.

Ég kunni þessu illa, því að ég er alinn upp eins og frjáls maður, og fór til Magnúsar Jónssonar og spurði, hvort hann vildi ekki taka mig í viðskipti. Það var velkomið, og ég hef aldrei þurft að setja þar neina tryggingu nema mitt eigið nafn. Þannig hafa þeir reynzt mér bezt. Hins vegar hafa sjálfstæðismenn sagt mér það, að það hafi engir menn reynzt þeim eins vel í Landsbankanum og Útvegsbankanum eins og framsóknarmenn. Það sé langtum betra að fara til þeirra en sinna eigin manna. Það hafa ýmsir sjálfstæðismenn sagt mér þetta, svo að þetta virðist vera algild regla.

Ég held satt að segja, að þroskaðir menn telji það ekki framaveg eða ávinning stjórnmálalega að beita menn órétti. Ég tel óviturlegt af mönnum að vilja einhliða ráða yfir lánastofnunum. Þetta á að vera sjö manna stjórn, til þess að allir flokkar geti átt þar fulltrúa. Ég geri ráð fyrir, af því að við erum í meiri hl. núna, sem styðjum ríkisstj., að það verði fjórir frá okkur og þrír frá hinum. Þetta er alveg hliðstætt, bara ofurlítið snúið við því, sem verið hefur, þ. e. við höfum fjóra

menn, en þeir hafa haft það í Atvinnujöfnunarsjóði. Það hefur verið ágætt samkomulag hjá þeim, og þeir hafa aldrei afgr. neitt nema með shlj. atkv.

Við höfum nú fengið að vita af því úti í kjördæmunum, að þeir hafa ráðið hlutunum. Ég er hræddur um, að þeim hafi nú skilizt það í kjördæminu mínu, að Eyjólfur vinur minn Konráð hefði eitthvað að segja í þessum Atvinnujöfnunarsjóði. Ég hef heyrt meira að segja, að fyrir norðan Öxnadalsheiðina hafi verið látið liggja að því, að Magnús réði þar nokkuð miklu. Ég er ekkert að lá þeim þetta, þeir voru í meiri hl., og ég hef heldur aldrei verið að bera það á þá, að þeir hafi misnotað vald sitt. Þeir hafa komið vel og drengilega fram við okkur þessi 12 ár, sem þeir hafa ráðið yfir þessum fjármunum, og það eru engar líkur til, að við séum þeir ódrengir að fara að vinna að því, að þeir verði órétti beittir, þó að við séum í eins atkvæðis meiri hl. í þessari stjórn, ég hef ekki trú á því. Meira að segja veit ég um hæstv. sjútvrh., að hann er mjög greiðvikinn við pólitíska andstæðinga og hugsar um þá eins og sína menn. Vel get ég farið til hans og beðið hann að gera mér greiða, ég ætti ekkert bágt með það, alveg eins og til minna flokksmanna og ekkert síður. Sjálfstæðismenn eru samt hræddir við þetta. Hinu held ég fram, að það sé ekki hægt að reka Atvinnujöfnunarsjóðinn eins og verið hefur. Við getum tekið t. d. Slippstöðina á Akureyri. Það er verið að leggja á borðin hjá okkur skýrslu um fjögurra ára rekstur. 60 millj. kr. tapi er skýrt frá. Hvaða vit er nú í þessu að hafa ekki eftirlit með stjórn slíkra fyrirtækja? Það má einnig nefna sútunina á Sauðárkróki. Það er ekki nokkur vafi á, að það hefði átt að undirbúa það mál betur en gert var. Þessir menn, sem þurfa að stjórna þessu, þurfa að gera fleira en að ákveða upphæðina, sem á að lána. Það verður að fylgjast með þessum fyrirtækjum. Það er ekki nóg að lána tugi millj. í eitthvert fyrirtæki. Það þarf að sjá um, að það sé einhver til þess að stjórna því.

Það er hárrétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að yfirleitt aðhyllast Íslendingar ekki þjóðnýtingu, meiri en þörf er á, eða ríkisrekstur, en hitt er annað mál, að þegar einstaklingarnir í byggðunum hafa ekki bolmagn til þess að afla atvinnutækja, hafa ekki fjármagn til þess eða getu á einhvern hátt, þá verða ríki og bæjarfélög að hlutast til um, að þetta sé gert, ef fólkið á ekki að flytja frá þessum stöðum.

Ég állít, að það sé ekkert við það að athuga, þó að þessi stofnun eigi einhvern hluta í fyrirtækjunum. En það er mikið við það að athuga að lána stórfé án þess að fylgjast með, hvernig því er varið, og sjá um, að þeim fyrirtækjum sé vel stjórnað, sem fé er lagt í. Það eitt er ærið verkefni.

Það eru ýmis atriði í frv., sem ég hefði óskað, að væru á annan hátt, og frv. var breytt ofurlítið í Ed., en yfirleitt ekki atriðum, sem skipta miklu máli. Ég sé ekkert við það að athuga, og það er á engan hátt árás á núv. ríkisstj., þó að orðalagi sé eitthvað breytt í n. Þetta er frv., sem þrír flokkar standa að, og vitanlega er ómögulegt að koma fram slíku máli þannig, að allir séu ánægðir með allt, sem í því er.

Í 1. gr. er sagt um þessa stofnun, að hún eigi að hafa með höndum heildarstjórn fjárfestingarlána og lánveitingar samkv. lögum þessum. Þarna virðist mér vera óþarflega fast að orði kveðið.

Hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. bankamálaráðh., talaði um, að þetta væri ægilegt vald, sem fylgdi þessu þriggja manna framkvæmdaráði. Ég er ekki sammála þessu, því að ég sé ekki annað en þetta virðulega ráð sé nú fyrst og fremst í þjónustu þessarar virðulegu stjórnar, og þessi framkvæmdastjórn er undir stjórn ríkisstj. og á að framkvæma vilja hennar. Og svo á að leggja ákvarðanirnar fyrir þingið, a. m. k. skýra þinginu frá þeim. Ég sé ekki annað en hér séu þjónar þjónanna, og fyrrv. landbrh., hv. 1. þm. Sunnl., var nú að nefna, að einhver af þessum þremur væntanlegu herrum hefði verið að tala um, að hann yrði með voldugustu mönnum landsins. Ég get ekki skilið, hvernig hann á að verða það. Hann hefur yfir sér þrefaldan hring af húsbændum. Ég sé ekki annað en hann sé þarna þjónn þjónanna. Ég hefði enga ánægju af að vera í þessu embætti. Það er áreiðanlegt, að það gefur engin sérstök völd, og svo má segja þeim upp með mánaðar fyrirvara, ef á þarf að halda, og uppnefna þá og skamma þar að auki. Ég sé ekki, að þetta sé eftirsóknarvert starf. Mig mundi ekki langa til að vera í þessu embætti. Ég segi það eins og er.

Ég held, að þarna sé of fast að orði kveðið, að hafa með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. lögum þessum. Ég sé ekki annað en þarna ætti frekar að tala um að gera tillögur um heildarstjórn fjárfestingarmála, því að það er það vitanlega, sem þetta ráð á að gera. Það á að gera tillögur til stjórnarinnar. Og svo skilst mér, að það eigi a. m. k. að skýra Alþ. frá þessu, þannig að þarna væri réttara að segja minna.

Þá er það þessi þriggja manna stjórn eða ráð, sem fer í taugarnar á stjórnarandstöðunni. Ég fyrir mitt leyti teldi hagkvæmara, að það yrði einn framkvæmdastjóri. Hann gæti tekið á móti þeim, sem kæmu að biðja um fyrirgreiðslu í stofnuninni, og haft yfirstjórn á hlutunum, og þeir, sem væru ráðnir við þessa stofnun fyrir utan hina þingkjörnu stjórn, yrðu ráðnir eftir hæfni, en ekki eftir stjórnmálum. Þá gætu þessir menn starfað undir hvaða stjórn sem væri, það þyrfti ekki alltaf að vera að hrekja þá burt, því að það er réttilega tekið fram hjá 1. þm. Reykv. og fleirum hér, að menn geta unnið fullkomlega heiðarlega, þó að þeir séu ekki pólitískt sammála þeim manni, sem er yfirmaður þeirra í þetta og hitt skiptið. Við höfum margfalda reynslu fyrir því. Hvaða manni dettur t. d. í hug að fara að skipta um ráðuneytisstjóra í fjmrn., þó að skipt sé um fjmrh., ef það er á annað borð vel hæfur maður? Það væri mikil heimska að gera slíkt. Fyrir mitt leyti teldi ég það hagkvæmara að hafa einn mann, sem hefði yfirstjórn á stofnuninni, og ég held, að stjórn stofnunarinnar gengi betur á þann hátt. Og svo yrðu menn ráðnir eftir hæfni í deildirnar, þeir eðlilega ynnu sín daglegu störf í stórum dráttum eftir þeim fyrirmælum, sem gefin væru, og svo væri það lagt fyrir stjórn stofnunarinnar og ríkisstj. Í stjórn stofnunarinnar verða, eins og ég hef áður talað um, þrír menn frá stjórnarandstöðunni og fjórir frá stjórnarliðinu. Ef einhver ósómi gerist þarna, ættu þremenningarnir að hafa kjark og einurð til að segja þjóðinni frá því, að þarna væri um hlutdrægni að ræða og rangindi.

Satt að segja hefur mig grunað, að þessi regla þeirra að vera alltaf sammála í Atvinnujöfnunarsjóði undanfarið hafi að einhverju leyti stafað af því, að þeir hafi ekki óskað eftir „krítiskri“ endurskoðun á verkum sínum, það væri bezt fyrir alla að hafa þetta svona í friði. Ég er ekkert að hæla því, að það sé ráðlegt að hafa allt of mikinn frið, en a. m. k. ættu þeir að hafa fullkomna aðstöðu til þess, stjórnarandstaðan, að finna að, ef til þess er ástæða.

Þá er sagt í 10. gr.: „Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í hvaða röð skal unnið að áætlanaverkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hverrar áætlunar.“ Þetta er ekki rétt. Það er ekki eingöngu stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem ákveður þetta, heldur ríkisstj. Ég vildi því, að þarna yrði ekki eins fast að orði kveðið og það yrði sagt: Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar gerir tillögur um það til ríkisstj., í hvaða röð unnið skuli að verkefnum. Það væri eðlilegra og réttara.

Þá er í 11. gr.: „Áætlanir skulu sendar ríkisstj. til samþykktar, og gerir hún Alþ. grein fyrir þeim.“ Samkv. þessu virðist mér, að það þurfi ekki að leita samþykkis Alþ. Ég tel, að þarna sé a. m. k. um vafaatriði að ræða. Réttara væri að fá samþykki Alþ. fyrir þessum áætlunum, þarna sé ekki verið að ganga fram hjá þinginu.

Við höfum oft verið að finna að því, eða ég a. m. k. og fleiri í okkar liði, þegar það vald var tekið af Alþ. að skrá gengi krónunnar og ákveða vexti. Það vald var fengið Seðlabankanum, en í raun og veru var það lagt í hendur ríkisstj., því að hún ræður yfir Seðlabankanum, og ríkisstj. vildi óáreitt hafa þetta vald í sínum höndum. Þarna væri e. t. v. réttara að hafa: og leggur ríkisstj. þær fyrir Alþ. til endanlegrar samþykktar. Um þetta má deila. Má vera, að núv. ríkisstj. vilji, að ekki sé leitað samþykkis Alþ. fyrir þessu. En ég mundi kunna betur við hitt, að Alþ. samþykkti þetta.

Þá er 12. gr., sem mikið er búið að tala um, en þar segir: „Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.“ Vitanlega eru það allmikil liðlegheit af ríkisstj. að skylda bankana ekki til að lána, ef engin trygging er. Það er þó ekkert til að skemma að hafa þetta. En ef ég ætti að sjá um framkvæmd á þessu máli, þá óskaði ég ekki eftir, að orðalag greinarinnar væri eins og er í 12. gr., en hún hljóðar þannig:

„Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það.“

Í fyrsta lagi þá er þetta ekki á valdi Framkvæmdastofnunarinnar, þar eð ríkisstj. er yfir hana sett, og það ætti þá frekar að vera ríkisstj., sem hlutaðist til um þetta við lánastofnanirnar, ef á þyrfti að halda. Ef ég ætti að stjórna þessari stofnun, þá vildi ég heldur, að það yrði orðað á vægari hátt og væri þannig, að Framkvæmdastofnunin leitaði samstarfs við aðrar lánastofnanir, en ekki, að þetta væri skilyrðislaust húsbóndavald. Ég held, að þetta sé dálítið hæpið. Bankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, og það er dálítið hæpið að láta þessa menn fá þetta vald. Ég er ekki að efast um, að þetta verða góðir menn, hálfgerðir viðvaningar í atvinnumálum, eins og gerist og gengur, en ég efast ekkert um, að það verði góðir menn, því að við höfum lítið af slæmum drengjum hér innan veggja. En ef ég væri í þeirra sporum, vildi ég heldur orða þetta á annan hátt en gert er þarna. Síðasta setningin er vitanlega meinlaus. Það skemmir ekkert, þó að það eigi ekki að lána tryggingarlaust.

Þá er 16. gr.: „Lánadeild getur, ef hagkvæmt þykir, haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins.“ Mitt álit er, að þetta sé það stór stofnun, þó að ég álíti eigi, að þeir hafi marga milljarða til umráða árlega, því að mikið af þessum lánum er bundið, þannig að hreyfanleikinn er ekki mikill. En ég álít, að stofnunin eigi skilyrðislaust að hafa bókhaldið og innheimtuna, því að satt að segja jaðrar við, að lán sé ekki takandi hjá Atvinnujöfnunarsjóði, ef Landsbankinn á að innheimta það. Lengi var nú Björn Ólafsson frammámaður hjá þeim í Landsbankanum að innheimta, og hann hafði mikla ánægju af að rukka. Ég vildi ekkert skulda Atvinnujöfnunarsjóði, ef Landsbankinn ætti að innheimta. En það segir nú hver fyrir sig í því efni.

Ég held, að þetta séu aðalatriðin. Í 22. gr. segir þó:

„Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.“

Þarna er gengið fram hjá því, að Alþ. heimili lán eða ábyrgðir. Ég hef nú ekki kynnt mér það lagalega, hvort það muni vera löglegt. (Gripið fram í.) Já, en yfirleitt hefur það verið venja og lög, að það hefur verið leitað samþykkis Alþ. fyrir lánum, og ég hélt því, að það væri réttara að orða það þannig: að fengnu samþykki ríkisstj. og Alþ. Það má vera, að þetta sé löglegt, ég skal ekki fullyrða það. En venjan hefur verið sú, ef tekin eru erlend lán, að það er fengin heimild til þess. Og ég veit ekki, hvort það er nein fyrirmynd að fara að sniðganga Alþ. með þessa hluti, því að vitanlega er ríkisstj. á hverjum tíma vön að fá það samþ. í þinginu, sem hún álítur nauðsynlegt og réttlátt.

Þetta eru þau atriði, sem ég vildi leyfa mér að benda á. Ég bað um orðið, vegna þess að það er yfirleitt ekki til neins að koma með brtt., eftir að n. er búin að skila áliti. Ef ekki næst einhver samstaða í n. um það, þá tekst ekki að fá fram breytingar, þess vegna hef ég bent á þessi atriði við 1. umr.

Þó að þessi atriði, sem ég hef nú vakið athygli á, verði ekki samþ., þá mun ég greiða atkv. með frv., því að ég tel, að þetta geti orðið til bóta. Ég sé ekkert við það að athuga, þó að fleiri sjóðir verði sameinaðir þessari stofnun, ef henni er vel og viturlega stjórnað. Þetta eru orðnir óteljandi sjóðir, og það er betra að hafa þetta sem mest á einni hendi. Ég efast ekkert um, að ef eitthvað kemur í ljós, þegar farið er að starfrækja þessa stofnun, sem er óhagkvæmt, þá muni þeim lagaákvæðum verða breytt. Það er öllum ríkisstj. ljóst, að það borgar sig ekki að liggja undir réttmætum ásökunum fyrir hlutdrægni eða rangindi, þannig að ég hygg, að stjórnarandstaðan þurfi ekkert að óttast, að það verði níðzt á þeim, enda væri þeim þá illa launuð mildi og réttsýni, sem þeir hafa sýnt okkur í stjórnarandstöðunni undanfarið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): *Herra forseti.* Það er nú ekki ástæða til þess fyrir mig á þessu stigi málsins að fara að lengja hér umr. Það hefur komið fram, sem ekki hefur komið neinum á óvart, að það eru skiptar skoðanir um þetta frv. Sjálfstæðismenn hafa lýst andstöðu sinni við það. Við slíku er ekkert að segja. Það er engin ný bóla, þó að stjórnarandstæðingar samþykki ekki frv., sem frá stjórninni koma. Að sjálfsögðu er heldur ekkert við því að segja, hvernig þeir byggja upp málflutning sinn eða hvaða ástæður þeir færa fram fyrir mótstöðu sinni við þetta frv. Ég get að vísu ekki fallizt á það, hvernig þeir byggja þennan málflutning upp. Þegar um er að ræða tilgang þessarar stofnunar, stjórnendur hennar, starfsaðferðir, þá vilja þeir ekki byggja á orðum frv. Þeir vilja ekki byggja á yfirlýsingum mínum eða annarra um það, hver meiningin sé með þessu, heldur finna þeir það út, að þrátt fyrir þetta búi eitthvað á bak við þarna. Þeir segja, að þrátt fyrir allt eigi að innleiða höft með þessu, það eigi að ná fram þessari samræmingu í lánastefnu með valdboði o. s. frv. o. s. frv. Um þetta þýðir auðvitað ekkert að pexa. Þeir trúa þessu vafalaust, og við getum ekki gefið þeim aðra trú. En úr þessu verður reynslan einfaldlega að skera, hvort okkar orð standa eða hrakspár þeirra rætast.

Það hafa komið hér fram fsp. til mín, og ég skal leitast við að svara þeim með örfáum orðum. Hv. 1. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvert yrði ráðstöfunarfé þessara sjóða, sem lagðir eru undir stofnunina á næstunni. Ég reyndi einmitt í minni framsöguræðu að gera grein fyrir þessum sjóðum, Framkvæmdasjóðnum og Atvinnujöfnunarsjóðnum, hvert það fé væri, sem þeir hefðu nú undir höndum, og hverjar tekjur þeim væru ætlaðar. Það er enginn nýr tekjustofn ætlaður til handa Framkvæmdasjóðnum, en Atvinnujöfnunarsjóðnum er hins vegar ætlaður nýr tekjustofn. Ég ætlaði, að það mundi verða auðvelt fyrir þm. að átta sig á því, hvert ráðstöfunarfé þeirra yrði að þessu leyti.

En hitt er mér ljóst, að auðvitað er ekki öll sagan sögð með því, vegna þess að báðir þessir sjóðir hafa heimild til lántöku. Og þá greinir okkur kannske á um það, okkur hv. 1. þm. Reykv., hvernig eigi að nálgast þetta spursmál. Mér skildist á honum, að hann teldi, að það væri eðlilegt, að það væri gerð einhver áætlun nú um það, hvert mundi verða ráðstöfunarfé þessara sjóða eitthvað fram í tímann, á næstu árum. Ég álít, að það sé út í bláinn að vera að gera slíka áætlun. Það er önnur áætlun, sem ég tel, að þurfi að gera. Það er áætlun um það, hvað á að framkvæma, og það eru þær áætlanir, sem stjórn þessarar stofnunar er ætlað að gera. Þá kemur í ljós, hver fjárþörfin verður, og þá verður það viðfangsefni, sem leysa þarf af stjórn þessarar stofnunar, stundum með atbeina Alþ., að útvega það fé, sem til þarf. Það er þörfin, sem á að segja til um það, hvert ráðstöfunarfé þessara sjóða verður á næstunni fyrst og fremst. Það er auðvitað ekki alltaf víst, að það sé hægt að fullnægja allri þeirri þörf, sem kallar að. En það hlýtur að vera markið.

Þá spurði sami hv. þm., 1. þm. Reykv., hvernig bæri að skilja 13. gr., þar sem segir, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar geti átt frumkvæði að nýjum fyrirtækjum, og spurði hann sérstaklega: „Getur hún stofnað ný fyrirtæki ein út af fyrir sig?“ Þessu er nú einfalt að svara, að það getur stjórn Framkvæmdastofnunarinnar alls ekki gert að mínum dómi. Það er gert ráð fyrir því, eins og segir þarna í 2. mgr. 13. gr., að „lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkv. ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.“ En það er sem betur fer þannig, að það eru margir menn, sem hafa áhuga á því að stofna ný fyrirtæki, hafa hugkvæmni og vilja til þess, stundum fjármagn, en oft ekki. En þá held ég, að það sé til mikils hagræðis fyrir slíka menn að geta átt aðgang að stofnun sem þessari og látið hana athuga hreinlega, hvort vit er í að setja slíkt fyrirtæki á stofn eða ekki, eða m. a. það, og fengið hana til þess að gera ýmsar áætlanir og vinna undirbúningsstörf í sambandi við það. **(Gripið fram í:** Það hefur verið gert í stórum stíl.) Það hefur verið gert, en ég mundi nú ekki segja í stórum stíl, en nokkuð hefur verið að því gert. En einnig getur Framkvæmdastofnunin tekið þetta beinlínis upp hjá sjálfri sér, annaðhvort af því að hún fær augastað á því, að þarna og þarna á þessum stað sé ástæða til að setja upp fyrirtæki, eða það sé ástæða til að setja upp fyrirtæki í þessari og þessari atvinnugrein, eða þá af því, að það er vakin athygli hennar á þessu af einhverjum öðrum, og þá getur hún látið vinna þessi nauðsynlegu undirbúningsstörf. En alltaf í öllum tilfellum er gert ráð fyrir því, að hún leiti samvinnu við aðra aðila um að setja fyrirtækið á fót. En það getur verið, að hún eigi þá ekkert í þessu fyrirtæki, eftir að það hefur verið stofnað. Hitt getur líka verið, og ég vil alls ekki útiloka það, að hún geti átt einhvern hlut í þessu fyrirtæki, a. m. k. til að byrja með. Ég tel mig þekkja það mikið til á ýmsum stöðum, að það væri mikil nytsemi að því, að hægt væri að styðja við bakið á þeim mönnum, sem eru að reyna að brjótast í því að koma af stað fyrirtækjum með þessum hætti. Og reyndar er þetta ekki með öllu fordæmalaust, eins og hv. þm. var að segja. M. a. Framkvæmdasjóðurinn, sem ég veit, að hv. 1. þm. Reykv. er formaður fyrir, hefur, – væntanlega með fullnægjandi lagaheimild, ég læt það liggja á milli hluta, – tekið að sér fyrirtæki og rekur, að ég bezt til veit, þannig að það væri nú ekki einu sinni fordæmalaust, þótt þessi stofnun setti á stofn upp á eigin eindæmi og ræki fyrirtæki, en það er henni ekki ætlað að gera. (Gripið fram í.) Jæja. (Gripið fram í.) Nei, hann hefur kannske tekið við fyrirtæki, sem fyrir var. Það er líka möguleiki á því samkv. þessu frv., að Framkvæmdastofnunin hlaupi undir bagga, þegar starfræksla fyrirtækis er í hættu, sem nauðsynlegt er þó talið að starfrækja, t. d. vegna atvinnu, en það getur auðvitað vel borið við, og er ekkert óeðlilegt við það, að fyrirtæki geti komizt í vandræði, t. d. byrjunarerfiðleika, og þá getur það að mínum dómi verið fyllilega réttmætt af hinu opinbera að hlaupa undir bagga og hjálpa því yfir erfiða hjalla, og fyrir því er einmitt gert ráð hér í ákvörðun um Byggðasjóð í 30. gr.

Þá spurði hv. sami þm. um það, hvað fælist í 2. mgr. 14. gr. um þá ráðagerð, sem þar er, að fleiri sjóðir en þeir, sem til eru teknir í þessum lögum, verði lagðir undir Framkvæmdastofnunina, og hann spurði, hvað fælist í því, og það skil ég svo, að hann hafi verið að

spyrja um það, hvernig því yrði háttað. Ég held, að það sé einfalt mál, að það kemur ekki til þess, að aðrir sjóðir, fjárfestingarsjóðir, verði sameinaðir Framkvæmdastofnuninni, eða það er nú ekki rétta orðið, sameinaðir, heldur settir undir hennar stjórn nema með lagaheimild, því að þessir sjóðir eru flestir stofnaðir eða allir, að ég hygg, beint eða óbeint með lagaheimild, og um þá flesta eða alla gilda sérstök lög. Þess vegna kemur ekki til þess, að það verði gerð breyting á í þessu efni, nema með samþykki Alþ., og það, hvort það kemur nokkurn tíma til þess eða ekki, verður fyrst og fremst komið undir því, hver reynslan verður af þessari nýju fyrirhuguðu stofnun, hvort menn telja það ráðlegt, eftir að reynsla er komin á starfsemi hennar, að setja fleiri sjóði undir hennar stjórn.

Þá spurði hv. þm. um það, hver verða mundi starfsmannafjöldi þessarar stofnunar og hver yrði rekstrarkostnaður hennar. Það er þessi hugsun, sem býr mjög í brjósti þeirra, og uggur um það, að hér verði um eitthvert óttalegt bákn að ræða. Ég held, að það sé ástæðulaus uggur. Ég skal hreinskilnislega játa, að ég get ekki alveg svarað þessari spurningu. Það fer auðvitað eftir atvikum og því, hver framvindan verður. Ég get bara sagt það, að ég hef gert ráð fyrir því, að á næsta ári verði ekki nein, ekki a. m. k. nein veruleg starfsmannaaukning hjá þessari stofnun. Ég hef gert ráð fyrir því, að það yrði ekki. Ég hef hugsað mér, að hún tæki við þeim starfsmönnum, sem í þessum stofnunum starfa nú, eða a. m. k. að þeim verði gefinn kostur á því að starfa áfram hjá þessari stofnun.

Hitt er svo annað mál, sem rétt er að víkja að hér, að það hefur verið talað um, að Efnahagsstofnunin hafi ekki getað sinnt öllum þeim áætlunum, sem henni hefur verið ætlað að gera. Það er ekki af því, að vilja hafi skort hjá Efnahagsstofnun til þess, það er ekki af því, að þeir menn, sem þar hafa starfað, hafi ekki verið hæfileikum til þess búnir. Það er einfaldlega af því, að það hefur verið mannekla hjá Efnahagsstofnuninni, og það var æ ofan í æ borið fram hér á hv. Alþ., t. d. þegar við þm. Norðurl. v. vorum að ganga eftir Norðurlandsáætlun, að töfin, sem á því varð, stafaði af manneklu. Það getur sumpart stafað af því, að það hafi ekki verið og séu ekki fáanlegir þeir menn, sem hafa þá sérþekkingu til að bera, sem þarf til að vinna í þessari stofnun, eða það hefur kannske stafað af því, að menn hafa ekki viljað kosta meira fé til hennar. Það verður auðvitað að laga sig nokkuð eftir því, hver verkefni stofnunar sem þessarar reynast vera, þegar til framkvæmdanna kemur, og ef það sýnir sig, að sá mannafjöldi, sem nú starfar í þessum stofnunum, ræður ekki við þessi verkefni með viðunanlegum hætti, þá verður auðvitað að reyna að bæta starfskröftum við. Ég býst tæpast við því, að nokkur hv. alþm. telji það eftir, þegar þar að kemur.

Ég get auðvitað ekki heldur neitt fullyrt um það, hver verða muni rekstrarkostnaður við þessa stofnun langt fram í framtíðina, en eins og ég sagði, geri ég ekki ráð fyrir því, að hann fari á þessu næsta ári mikið fram úr þeim tölum, sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, en það verður m. a. komið undir þeim ákvörðunum, sem stjórn þessarar stofnunar tekur, sem allir þingflokkar munu eiga fulltrúa í.

Ég hygg, að hv. þm. hafi verið meira að spyrja um það til gamans en í alvöru, hvað fælist í 2. mgr. 12. gr., hvað fælist í því „að fylgjast með". Ég held, að það þurfi nú varla að gefa nokkrar skýringar á því. Ég held, að það sé ljóst svona eftir almennri málvenju, hvað í því felst. Hún á auðvitað rétt á því að fá upplýsingar um fjárhag þessara sjóða, og ef þær upplýsingar gefa til kynna, að þá vanti fé til þeirra hluta, sem þeir eiga að þjóna, þá er það hlutverk stjórnar þessarar stofnunar að reyna að bæta þar úr, gera tillögur um fjáröflun til þessara sjóða.

Hv. 1. þm. Reykv. var að spyrja um það, hvað fælist í því að raða framkvæmdum, og það var reyndar kannske nokkuð svipuð spurning, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., sem spurði um það, hvað væru almennar reglur og hvort þar undir félli það að byggja fjós á Vestfjörðum eða hraðfrystihús á Austurlandi. Nei, það er auðvitað ekki það, sem um er að ræða. Það, sem um er að tefla, er t. d. það, að þessi stofnun er til þess, ef til þarf að taka, en alltaf áður en til slíks kemur, áður en það kemur á dagskrá, þá á hún að reyna með samningum við þessar stofnanir að leysa málin. T. d. er það verkefni fram undan að endurbæta og endurbyggja frystihúsin í landinu. Ég gæti hugsað mér, að hún tæki ákvörðun um það og setti almennar reglur um það, að það verkefni ætti að sitja fyrir við lánveitingar, eða það mark, sem við höfum líka sett, að það ætti að auka fiskiskipastólinn um svo og svo mikið. Hún gæti sett almennar reglur um það, að lán til slíks skyldu ganga fyrir, en auðvitað ekki að binda þetta við einstaka landshluta eða því um líkt. Það eru ekki almennar reglur að mínum dómi.

Hv. 1. þm. Reykv. var að bera saman fjárhagsráð og Framkvæmdastofnunina og taldi, að því væri ekki að öllu leyti saman að jafna, því að þessi stofnun ætti, að mér skildist, að verða enn þá valdameiri en fjárhagsráð hefði verið, og nefndi dæmi því til sönnunar. Hann sagði sem svo, að hjá fjárhagsráði gátu menn fengið leyfi til þessa og þessa, en þeir voru litlu bættari, eða voru ekki alltaf bættari, þótt þeir fengju leyfið í hendur. Þeir þurftu að labba niður í banka og það gat vel verið, að þar væri þeim neitað. Þetta má til sanns vegar færa hjá hv. þm. Það er einmitt munur á fjárhagsráði og Framkvæmdastofnuninni að þessu leyti, verulegur munur. Það er sá munur á þeim stofnunum, sem hafa fengizt við áætlanir áður, að hér er þetta hugsunin að tengja saman áætlanagerðina, ákvörðunartöku um framkvæmdir og fjáröflun, þannig að þegar menn hafa fengið ákvörðun hjá þessari stofnun, þá þurfa þeir ekki að vera að velkjast milli annarra stofnana til þess að fá þessari framkvæmd komið á.

Svo skilur okkur auðvitað á, og við höfum mismunandi viðhorf til þessara hluta, og við því er ekkert að segja. Auðvitað viljum við allir, að uppbygging atvinnulífsins þróist, en ég held, að ég hafi tekið nokkuð rétt eftir, að hv. þm. sagði eitthvað á þá lund, – hann var svona að tala heldur með lítilsvirðingu um skipulag, – að sér fyndist nóg, ef hún þróaðist með einhverjum hætti, ekki endilega með skipulögðum hætti. Þetta er mergurinn málsins. Þarna skilur á milli. Við teljum, sem að þessu frv. stöndum, að það eigi að reyna að hafa áhrif á framvinduna með áætlunum, koma framvindunni í ákveðinn farveg með því að velja leiðir og

markmið, en láta það ekki alveg ráðast, hver framvindan verður.

Um þetta skal ég svo ekki fjölyrða frekar. Það er svo annað í þessum málflutningi, að mér hefur virzt vera dálítil þversögn að því leyti til, að margir ræðumenn hafa verið að gera að sumu leyti lítið úr þessari stofnun og sagt, að í þessu kerfi væri ekki um neitt brautryðjendahlutverk að ræða. Áætlanir hefðu verið gerðar áður, og þetta væri eiginlega ekkert nýtt, væri ekkert nýmæli. Samt sem áður eru þeir nú á móti því. Það skil ég ekki vel. Hitt skil ég aftur á móti ákaflega vel, að það geta verið algjörlega skiptar skoðanir um skipun framkvæmdaráðsins, það er mjög eðlilegt.

Ég hef sagt það hér áður, að auðvitað getur verið álitamál, hvort það ætti að vera einn forstjóri fyrir þessu eða þetta þriggja manna ráð. Hinu held ég, að verði ekki með sanngirni haldið fram, að hægt sé að ætlast til þess, að ríkisstj. velji til forstöðu í svona stofnun mann, sem hún ekki treystir til þess að fara með framkvæmdarvald, en það verður að gera nokkurn greinarmun á því, hvort um er að ræða meðferð framkvæmdarvalds eða ákvörðunartökuna, sem yfirleitt er í höndum stjórnar stofnunarinnar, eins og margsýnt hefur verið fram á. Við höfum ekki, að ég tel, yfirleitt beitt neinni pólitískri rangsleitni eða pólitísku ofríki, og ég bendi t. d. á það fordæmi, sem við höfum gefið í störfum Alþ., þar sem stjórn þess er nú skipuð frá öllum flokkum, og það á vissulega að vera svo líka í þessari stofnun, að stjórn hennar á að vera skipuð þannig. (Gripið fram í.) Hégómi, já. Ég ætti þá líklega að koma að því og taka þá í einu númeri þessa hv. þm. tvo, 1. þm. Reykv. og 7. þm. Reykv. Þeir bera hér á borð, að það sé fullkominn hégómi að sitja í stjórn svona stofnunar. Þessir hv. þm. hafa báðir um árabil setið í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands. **(Gripið fram í:** Ég átti ekki við það. Ég átti við stjórn Alþ.) Já, já, en höldum áfram. Þeir hafa báðir setið í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, en Seðlabankinn hefur gegnt því hlutverki, sem framkvæmdaráðinu er ætlað í þessari stofnun, og þá kemur hv. 7. þm. Reykv. og segir, að það sé eiginlega svo, að menn viti það allir, að svona stjórnir séu bara upp á punt. Það var nánast það, sem fólst í þessum orðum. Er það dómur þeirra sjálfra um stjórn Framkvæmdasjóðsins, að Seðlabankinn fari í raun og veru með allt vald að því er varðar Framkvæmdasjóðinn? Það þykir mér nú skrýtið, og hvað er þá um öll bankaráðin og því um líkt? En ég skal viðurkenna það, að bankaráðin hafa náttúrlega miklu minna vald en stjórn þessarar stofnunar er ætlað. Vegna þess, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, þá er engum blöðum um það að fletta, að það er stjórn stofnunarinnar, sem á t. d. að taka ákvörðun um allar lánveitingar í þessu sambandi.

Hv. 7. þm. Reykv. þarf ég nú annars ekki að svara. Hann benti á það, að hér væru einhver hugtök notuð, sem ekki væru nægilega ljós, og ég skal vel fallast á það, að það séu einhver hugtök, sem ekki standast stranga gagnrýni fræðimanna, og það má þá sjálfsagt betrumbæta síðar, en ég tel ekki ástæðu að öðru leyti til þess að svara því, sem hann sagði. Hann var mjög jákvæður gagnvart meginstefnu þessa máls, þótt hann teldi fram ýmsa annmarka á þessu frv., en lét því annars ósvarað, hvort hann mundi láta þá annmarka ráða eða hver áhrif hann mundi láta þá annmarka hafa á afstöðu sína til þessa frv.

Ég hafði skrifað niður nokkur atriði, sem hv. 1. þm. Sunnl. kom hér fram með, og spurningar, sem hann bar fram. Hann er nú ekki hér viðstaddur, svo að ég sleppi því að fara út í það og geymi það heldur til 2. umr. að koma því á framfæri, og ég skal þá ekki þreyta hv. þm. á því að fara nánar út í þetta og ekki fara að ræða almennt þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram. Það er hægt að gera allt eins við 2. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem hann veitti við fsp. mínum. Ég tel mig eiga mikið vantalað við hæstv. forsrh., ekki sízt vegna þessarar síðustu ræðu hans hér. Ég bjóst sannast að segja ekki við því, að hann mundi í þessari ræðu gefa tilefni til þess, að hægt væri að halda áfram löngum umr. Ég hef skilið það svo, að ríkisstj. legði áherzlu á, að þetta mál gengi til n. Ég hef hlutazt til um, að sjálfstæðismenn hafa fallið frá orðinu hér í kvöld, og ég mun ekki ræða þetta mál núna á þessum vettvangi meir, en ég vil lýsa því yfir, að við munum að sjálfsögðu fylgja þessu máli til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, n. 212, 220 og 222, 176, 210, 221, 223).

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum og niðurstaðan orðið sú, að meiri hl. hennar, fulltrúar stjórnarflokkanna og fulltrúi Alþfl., mæla með því, að það verði samþ. með breyt., sem þeir flytja á sérstöku þskj., en hins vegar leggja fulltrúar Sjálfstfl. til, að frv. verði fellt.

Ég verð að segja það, að mér kemur þessi afstaða Sjálfstfl. mjög undarlega fyrir sjónir og þó sérstaklega þær röksemdir, sem flokkurinn færir fyrir þessari afstöðu sinni. Röksemdin er sú, að Sjálfstfl. sé á móti höftum. Í fyrsta lagi finnst mér þetta einkennileg röksemd, vegna þess að með þessu frv. er alls ekki verið að stefna að höftum, eins og hér hefur verið rakið af hæstv. forsrh. og öðrum þeim, sem með frv. hafa mælt. Það má miklu frekar segja, að með þessu frv. sé stefnt að því að koma í veg fyrir höft, vegna þess að ef það ástand skapast, að það ríki algert handahóf og glundroði í fjárfestingunni og öðrum efnahagssviðum, þá verður og hefur oft orðið að grípa til hinna stórfelldustu hafta. Með þessu frv. er í raun og veru stefnt að því að reyna að koma í veg fyrir slíkt ástand með því að skapa jafnvægi í fjárfestingarmálum og efnahagsmálum.

Í öðru lagi kemur mér þessi afstaða Sjálfstfl. á óvart, vegna þess að það hefur aldrei staðið á Sjálfstfl., þegar hann hefur verið í stjórn, að vera með höftum. Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum eða síðan hann tók til starfa stutt öll þau mestu höft, sem hafa verið framkvæmd hér

á landi. Og það má aðeins rifja þetta upp í stuttu máli.

Á árunum 1932–1934 átti Sjálfstfl. fulltrúa í ríkisstj. Þá var hafizt handa um að framkvæma þau höft, sem beitt var vegna afleiðinga heimskreppunnar. Sjálfstfl. var fullkomlega sammála þeim höftum, sem þá voru framkvæmd, og líka þeim höftum, sem voru framkvæmd, eftir að vinstri stjórnin kom til valda 1934. Það var enginn ágreiningur um það við hann, að það ættu að vera viðskiptahöft og innflutningshöft, en hins vegar var nokkur ágreiningur um framkvæmd haftanna, en ekki það, að höft væru viðhöfð.

Eftir styrjöldina og þegar búið var að eyða stríðsgróðanum, hafði Sjálfstfl. forustu um það ásamt öðrum flokkum, að hér voru tekin upp hin víðtækustu höft, sem nokkru sinni hafa verið hér á landi á friðartímum. Þá voru ekki aðeins tekin upp víðtæk innflutningshöft, heldur líka skömmtun. Og Sjálfstfl. hafði forustu um það, hvernig þessi höft voru framkvæmd. Hann átti formann í fjárhagsráði, hann átti formann í viðskiptanefnd, og skömmtunarstjórinn var úr hans hópi. Þetta eru þau langvíðtækustu höft þessarar tegundar, sem hafa verið framkvæmd hér á landi, og um þau hafði Sjálfstfl. forustu og aðalforustu um framkvæmd þeirra.

Svo má vitna til þess, sem gerðist á síðasta kjörtímabili. Þá var nauðsynlegt að grípa til hafta vegna þess, hve ógætilega hafði verið stjórnað, og halli varð á viðskiptunum við útlönd. Undir forustu Sjálfstfl. var þá gripið til hinna stórfelldustu hafta, sem nokkru sinni hafa verið hér viðhöfð á friðartímum. Þessi höft voru framkvæmd með þeim hætti að gera fátæktina að skömmtunarstjóra. Þau voru framkvæmd með þeim hætti, að það voru gerðar tvær stórfelldar gengisfellingar, sem höfðu það í för með sér, að kjör láglaunastéttanna rýrnuðu um 30–40%. Með þessum hætti var fátæktin gerð að skömmtunarstjóra. Og í sannleika sagt er þetta langversta tegund þeirra hafta, sem beitt er í þessu skyni. Og þessi höft höfðu líka ömurlegar afleiðingar. Launastéttirnar þoldu ekki þá kjaraskerðingu, sem þær voru hér beittar. Þær kröfðust þess af atvinnurekendum að fá kauphækkun, en fengu hana ekki. Þær kröfðust þess, að ríkisstj. gengi í málið og bætti aðstöðu þeirra. Þær fengu hart nei. Þetta leiddi til hinna stórfelldustu verkfallsátaka, sem verið hafa hér á landi. Samkv. skýrslu kjararannsóknarnefndar töpuðust 700 þús. vinnudagar vegna verkfalla á síðasta kjörtímabili. Samkv. skýrslum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar setti Ísland met í verkföllum á þessum tíma, heimsmet í verkföllum á þessum tíma. En þetta var ekki eina afleiðing þessara hafta. Sú kjaraskerðing, sem hér var framkvæmd, leiddi til stórfellds samdráttar á kaupgetu og samdráttar hjá atvinnuvegunum þar af leiðandi, þannig að hér skapaðist stórfellt atvinnuleysi. Samkv. skýrslum kjararannsóknarnefndar töpuðust 1300 þús. vinnudagar á síðasta kjörtímabili vegna atvinnuleysis. Samanlagt töpuðust vegna verkfalla og atvinnuleysis á síðasta kjörtímabili 2 millj. vinnudaga. Slíkar voru afleiðingar þeirra hafta, sem Sjálfstfl. beitti á síðasta kjörtímabili. Það er þess vegna furðulegt, þegar þessi flokkur kemur hér fram og lætur eins og hann sé á móti höftum. Það hefur enginn íslenzkur stjórnmálaflokkur beitt höftum meir en hann. Þess vegna er ekki hægt að hugsa sér öllu meiri hræsni en þegar þessi flokkur fer að leika þann leik, að hann sé á móti höftum. Hann hefur staðið fyrir og beitt sér fyrir þeim stórfelldustu höftum, sem hér hafa verið.

Hitt atriðið er svo það, sem við endurtökum, að í þessu frv. felast ekki nein haftaákvæði, heldur er miklu frekar stefnt að því að koma í veg fyrir höft, að það þurfi að grípa til hafta, með því að hafa jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það má segja, að hér sé stefnt að því, sem hv. 5. þm. Reykv. ráðlagði Sjálfstfl. fyrir ári síðan, þegar hann hélt ræðu í Varðarfélaginu. Hann lagði það til, að grundvallaratriðið í stefnu Sjálfstfl. ætti að vera frelsi, en frelsi með skipulagi. Hér er raunverulega stefnt að því að tryggja frelsi með skipulagi. Það er mjög ömurlegt til þess að vita, að eftir að hv. 5. þm. Reykv. er búinn að halda jafn snjalla ræðu um þetta mál í Sjálfstfl., þá skuli Sjálfstfl. ekki fara eftir leiðsögn hans og vera með þessu frv., heldur snúast á móti því.

Ég sé, að hv. 1. þm. Reykv. er ekki staddur hér á fundinum, en ég ætlaði að beina örlitlu til hans í tilefni af því, sem hann sagði við 1. umr. málsins, en ég læt það þá liggja á milli hluta að sinni.

Ég ætla þá að víkja nokkuð að þeirri gagnrýni, sem haldið hefur verið fram af hálfu stjórnarandstæðinga gegn þessu frv., annarri gagnrýni en þeirri, að hér sé um höft að ræða. Því hefur verið haldið fram, að með þessu frv. væri gengið óeðlilega á rétt stjórnarandstöðunnar og hún hefði slæma aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem gert væri af þeirri stofnun, sem frv. fjallar um. Ég held, að þetta sé fullkominn misskilningur og sennilega líka sagt gegn betri vitund, því að samkv. 4. gr. frv. er stjórnarandstöðunni tryggð mjög víðtæk aðstaða til að fylgjast með þeim málum og framkvæmdum og vinnubrögðum, sem Framkvæmdastofnunin mun hafa með höndum. Samkv. 3. gr. frv. á stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, þar sem á að vera sjö manna stjórn og fulltrúar stjórnarandstöðunnar koma til með að hafa þrjá menn af fjórum, að hafa mjög víðtækt vald. Hún á að gera tillögur til ríkisstj. um ráðningu forstöðumanna deilda. Hún á að ákveða rekstraráætlun til eins árs, hún á að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs, móta þannig alveg störf hennar, hún á að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstj. og þessu til viðbótar á hún að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Stjórnarandstaðan hefur þannig mjög sterka aðstöðu til þess að fylgjast vel með störfum þessarar stofnunar. Var kannske slíkt fyrirkomulag ríkjandi í tíð fyrrv. stjórnar? Fengu stjórnarandstæðingar þá að fylgjast með þeirri áætlanagerð og með því, hvernig stefnan í fjárfestingarmálum var mótuð? Nei, þeir fengu enga aðstöðu til þess. Þetta var þá í höndum ríkisstj. og Efnahagsstofnunarinnar, og stjórnarandstaðan hafði engan aðgang að þessum aðilum. Hún fékk ekkert um það að vita, sem verið var að gera í þessum efnum. Það var að vísu sérstök stjórn á Efnahagsstofnuninni, en þannig var frá henni gengið, að stjórnarandstaðan hafði þar enga aðild að. Það er þess vegna ólíku saman að jafna, hversu hlutur stjórnarandstöðunnar er miklu betri samkv. þessu frv. en hann var áður í tíð fyrrv. stjórnar. Þess vegna er það meira en furðulegt, þegar stjórnarandstæðingar koma hér fram

og kvarta undan því, hvernig að þeim er búið í þessum efnum. Og þeir halda því fram, að það sé miklu verr búið að þeim í þessum efnum heldur en t. d. eigi sér stað með stjórnarandstöðu í öðrum löndum. Þetta er mikill misskilningur líka. Í flestum nágrannalöndum okkar er yfirstjórn þessara mála í höndum sérstakra efnahagsráðuneyta, sem einn af ráðh. viðkomandi ríkisstj. veitir forstöðu. Stjórnarandstaðan þar hefur engan aðgang að því, hvernig þessi efnahagsráðuneyti vinna. Það er eingöngu í höndum viðkomandi ríkisstj. Þess vegna verður stjórnarandstöðunni hér búin miklu betri aðstaða til þess að fylgjast með þessum málum en þekkist í flestum eða öllum nálægum löndum. Það er þess vegna engin ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna að kvarta undan því, hvernig að henni er búið í þessum efnum, vegna þess að það er búið að henni miklu betur en áður var og miklu betur en þekkist langvíðast. Stjórnarandstaðan ætti að meta það, hve vel er að henni búið í þessum efnum og ekki að vera með neinar umkvartanir í þessum efnum, því að þess er vissulega ekki þörf, þegar borið er saman við það, sem var hér áður, og það, sem annars staðar þekkist.

Þá kem ég að því, sem hefur verið eitt helzta ádeiluatriðið, og það er skipun framkvæmdastjóranna eða framkvæmdaráðs, þeirra manna þriggja, sem eiga að fara með daglegan rekstur stofnunarinnar. Eins og fram kemur í frv., má segja, að verksvið þessarar stofnunar sé tvíþætt. Annars vegar fer stofnunin með áætlanagerð og rannsóknir í sambandi við þær. Hins vegar hefur hún með höndum mótun stefnunnar í fjárfestingar- og efnahagsmálum á vegum ríkisstj. Þetta er nokkuð glögg verkaskipting. Það er eðlilegt, að fyrra verkefnið, sem á að vera hlutlaus og óháð rannsókn og áætlanagerð, sé í höndum embættismanna. En það er eðlilegt, að hinn þáttur stofnunarinnar eða verkefnis hennar, sem er það að móta fjárfestingarstefnuna og fylgjast með framkvæmd hennar, sé í höndum fulltrúa, sem ríkisstj. skipar. Það er viðurkennt af öllum, ég held líka stjórnarandstæðingum, að það eigi fyrst og fremst að vera ríkisstj., sem mótar stefnuna í fjárfestingarmálum, og þess vegna er eðlilegt, að það séu þeir menn, sem hún velur til þess, sem fari sérstaklega með það. Hún ber ábyrgðina á því, hvernig til tekst, og það er eðlilegt, að hún hafi það fyrst og fremst í höndum manna, sem hún treystir fullkomlega. Og þess vegna er eðlilegt, að hér sé um menn að ræða, sem ekki eru fastir starfsmenn stofnunarinnar, heldur koma og fara með viðkomandi ríkisstj.

Þessi háttur er hafður á mjög víða í öðrum löndum, að ráðherrar eða ríkisstj. hafi sérstaka fulltrúa í hinum ýmsu rn. Hinir svo kölluðu aðstoðar- og aðstoðaraðstoðarráðherrar í Bretlandi hafa þetta verkefni með höndum. Í Bandaríkjunum er þetta framkvæmt þannig, að hver ný ríkisstj. skiptir alveg um alla æðstu embættismenn, sem fara með efnahagsmál.

Segja má, að upphafið að þessari stefnu hafi verið markað af Bjarna heitnum Benediktssyni, þegar hann beitti sér fyrir lögum um Stjórnarráð Íslands. Þá var sú skipan tekin upp, að ráðh. mættu velja sér sérstakan aðstoðarmann, sem starfaði í viðkomandi rn. aðeins þann tíma, sem hann væri ráðh., og röksemdir hans fyrir þessu, sem hægt er að finna í þingtíðindunum, eru býsna glöggar. Hann segir, að það sé iðulega þannig, að þegar ráðh. taki við, sé rn. eingöngu skipað mönnum, sem andstæðingar hans hafi skipað. Vafalaust eru það ágætir menn. En ráðh. getur bara ekki borið sama traust til þeirra og sinna helztu trúnaðarmanna, og þess vegna beitti Bjarni Benediktsson sér fyrir þeirri skipan, að ráðh. mættu velja sér sérstaka aðstoðarráðh., sem störfuðu þann tíma, sem þeir gegndu ráðherrastörfum. Þetta verða að sjálfsögðu pólitískir menn, sem starfa með ráðh. aðeins þann tíma, sem viðkomandi ráðh. er þar. Þetta fyrirkomulag hefur verið tekið upp í Noregi og hefur þótt gefa þar góða raun.

Það má segja, að fordæmið að því fyrirkomulagi, sem felst í 4. gr. frv., um framkvæmdaráð, sé sótt til þeirrar fyrirmyndar, sem er að finna um þetta í lögum um Stjórnarráð Íslands. Og þeir, sem töldu það eðlilegt og rétt að samþykkja það fyrirkomulag, ættu heldur ekki að vera á móti þessu.

Það væri mikil nauðsyn á því, að menn geri sér fulla grein fyrir þessu tvíþætta verkefni stofnunarinnar, annars vegar að annast hlutlausar rannsóknir og áætlanagerð og hins vegar að sjá um framkvæmd á pólitískri stefnu, sem ríkisstj. markar. Þarna verður að greina hreint á milli í sambandi við starfsmannavalið. Það er ekki heppilegt, að embættismenn, sem eiga að vera óháðir og starfa að slíkri rannsóknargerð og áætlanagerð sem hér fjallar um, eigi jafnhliða að annast pólitíska framkvæmd á ákveðinni stjórnarstefnu. Það er eðlilegt, að aðrir menn séu valdir til þess að hafa það með höndum.

Þá kem ég að því, sem felst hér í brtt. frá báðum minni hl., að í staðinn fyrir þrjá framkvæmdastjóra komi aðeins einn. Halda menn, að það verkefni að stjórna þessari stofnun sé svo umfangslítið eða sé ekki meira en svo, að það sé hægt að fela þetta einum manni? Ég ætla ekki að svara þessari spurningu sjálfur. Ég ætla að leiða einn af flm. þessara tillagna til vitnisburðar um þetta efni, hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslason. Hann gerði það að sérstöku umtalsefni við 1. umr. þessa máls, hve víðtækt starfssvið framkvæmdaráðsins eða framkvæmdastjóranna yrði. Og ég ætla að lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta. Hv. 7. þm. Reykv. fórust svo orð um þetta atriði á þessa leið:

„Frv. gerir ráð fyrir því, að stjórn allra þessara ólíku þátta sé í höndum þriggja manna, sem ríkisstj. skipar. Samkv. 4. gr. á ríkisstj. að skipa þriggja manna framkvæmdaráð, sem annast daglega stjórn allrar stofnunarinnar, allrar stofnunarinnar“, endurtekur ræðumaður. „Þessir þrír menn eiga m. ö. o. að vera daglegir yfirmenn ráðgjafarstarfsemi, hagrannsókna, áætlanagerðar, heildarstjórnar fjárfestingarmála og lánastarfsemi, sem nemur milljörðum kr. á ári. Ég býst ekki við, að nokkrum þremur mönnum hafi nokkru sinni áður á Íslandi verið ætlað annað eins verkefni. Verkefni ríkisstj. er auðvitað meira en þetta, en ráðh. eru þó sjö. Auðvitað eru til ofurmenni, og þeir gera ótrúlega hluti, en ég hef ekki frétt af slíkum þremur ofurmennum á Íslandi, að þeim sé ætlað það verkefni, sem hinu þriggja manna framkvæmdaráði stofnunarinnar er ætluð.“

Þetta var nú álit hv. 7. þm. Reykv. við 1. umr. þessa máls. Hann taldi það svo mikið verkefni, sem framkvæmdastjórunum væri ætlað, að það væri eiginlega

alveg útilokað að finna þrjú ofurmenni á Íslandi, sem gætu sinnt þessu. En nú er komið annað hljóð í strokkinn. Nú er verkefnið ekki orðið meira en það, að hann treystir einum manni til að annast þetta. (Gripið fram í.) Hann ætlast svo til, að menn, sem eiga að vera önnum kafnir við önnur störf, hafi það sem aukavinnu að vera þessum framkvæmdastjórum til aðstoðar.

Ég held, að það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði við 1. umr. þessa máls, sé miklu nær sanni en það, sem kemur fram í þeirri till., sem hann flytur. Það verður mikið verk og vandasamt að annast daglega stjórn þessarar stofnunar, ef hún verður það, sem henni er ætlað að verða. Það verður áreiðanlega alveg ofvaxið einum manni að sjá um það verkefni. Þess vegna verða þarna að vera fleiri menn og ekki færri en þrír. Það er ekki hægt að ætla einum manni að anna öllu því, sem hér kemur til greina. Og það er heldur ekki rétt að ætlast til þess, að þeir menn, sem eiga að vera yfirmenn hlutlausra óháðra deilda taki þátt í stjórn stofnunar, sem öðrum þræði á að annast framkvæmd á pólitískri stefnu.

Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að þessir embættismenn, sem eiga að vinna fullt verk, séu að taka að sér aukastörf til viðbótar því. Það er einhver sá mesti ósiður, sem þekkist hér á landi eða hefur viðgengizt hér í stjórnarskipuninni, að fela ráðuneytisstjórunum alls konar aukaverkefni. Við sáum það í þeirri bláu bók, sem hér var útbýtt fyrir nokkru, þar sem taldar eru upp nefndir á Íslandi, í hve ótal margar nefndir ráðuneytisstjórarnir eru settir. Þetta verður að sjálfsögðu til þess, að þeir geta ekki sinnt sínu aðalverkefni eins vel og skyldi. Og við eigum að forðast að fylgja því fordæmi, t. d. í sambandi við þá forstöðumenn þeirra deilda, sem hér um ræðir og eiga að vinna mikið og óháð starf. Þess vegna held ég, að a. m. k. hv. 7. þm. Reykv., þegar hann athugar þetta mál betur og sérstaklega, þegar hann íhugar það, sem hann sagði hér við 1. umr., sjái það, að sú till., sem hann flytur hér um framkvæmdastjóra og þrjá aðstoðarmenn honum til handa, fær ekki staðizt, og af því að ég þekki hv. 7. þm. Reykv. að því, að hann getur skipt um skoðun, þegar honum sýnist eitthvað betur fara og sannara reynist, þá gæti ég nú vel treyst honum til þess við nánari athugun þessa máls að taka þessa till. til baka.

Ég skal þá minnast nokkrum orðum á þær brtt., sem meiri hl. n. flytur ásamt hv. 7. þm. Reykv. Það má segja, að fyrsta brtt., sem er við 6. gr., sé efnismesta brtt. En hún fjallar um það, að hagrannsóknadeildin, sem samkv. frv. á að heyra undir stjórn og framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunarinnar, skuli heyra beint undir ríkisstj., en eigi að síður skuli hún samt vinna öll þau verkefni fyrir Framkvæmdastofnunina, sem frv. gerir ráð fyrir. Það má segja um kjararannsóknadeildina eða -stofnunina eða hvað menn vilja kalla hana, að eins og hún er nú, þá svífi hún á vissan hátt í lausu lofti eða sé ætlað tvíþætt verkefni, sem vafasamt sé, hve vel fari saman. Annars vegar á hún að fást við það að undirbúa áætlanagerð og rannsóknir í sambandi við það. En hins vegar hefur henni verið falið að annast margs konar rannsóknir í sambandi við kaupgjaldsmál eða rannsóknir fyrir aðila vinnumarkaðarins, og þá má segja, að þetta tvennt fari ekki saman. Og ég held, að sú skipan, sem tekin er upp hér, og alveg eins sú, sem er í sjálfu frv., séu hvorugar til verulegrar frambúðar og þetta mál þurfi að íhuga betur. Það er áreiðanlega mikil nauðsyn á því, að það komi hér upp kjararannsóknastofnun, sem vinni beint fyrir atvinnuvegina í sambandi við kaupgjaldsmálin og sé eiginlega óháð annarri rannsóknastarfsemi. Það er vel hægt að hugsa sér, að þessi stofnun sé í sambandi við Hagstofu Íslands, og það væri kannske eðlileg lausn, því að enn er það þannig, að þó að þessi kjararannsóknadeild, hagrannsóknadeild, hafi unnið að ýmsum rannsóknum fyrir atvinnuvegina og launþega í sambandi við kaupgjaldsmálin, þá vinnur Hagstofan enn þá að mörgum slíkum verkefnum. Hagstofan annast t. d. alveg útreikning kaupgjaldsvísitölunnar, sem skiptir mjög miklu máli fyrir alla launþega, hvernig unnið er að. En meðan þessari skipan er ekki komið á fullkomlega traustan grundvöll, sem þarf að gera í samráði við aðila vinnumarkaðarins, þá er kannske ekki óeðlilegt, að deildin heyri beint undir ríkisstj., þó að hún annist þau störf fyrir Framkvæmdastofnunina, sem frv. gerir ráð fyrir.

Við 10. gr. hefur verið tekin til greina ábending, sem kom frá hv. 3. þm. Norðurl. v., en 1. mgr. hennar fjallar um það, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í hvaða röð skuli unnið að áætlunarverkefnum og hver vera skuli markmið og forsendur hverrar áætlunar. Hér er því skotið inn í, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveði í samráði við ríkisstj., hvernig unnið skuli að þessum verkefnum. Þessi till. er vafalaust til bóta og sker úr um það, að það er fyrst og fremst ríkisstj., sem á að hafa forustu í þessum málum.

Þá hefur einnig verið gerð sú breyt. á 2. mgr. 10. gr., að í stað þess að sagt er, að „einnig skal haft samráð við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands", þá komi, að haft skuli samráð „við samtök og stofnanir atvinnuveganna". Þessi breyt. er gerð eftir ábendingu frá Félagi ísl. iðnrekenda, sem taldi eðlilegt, að einnig væri haft samráð við það í þessu sambandi eins og Iðnþróunarstofnunina, og varð þess vegna niðurstaðan sú að hafa þetta jafn víðtækt og lagt er til í brtt., þannig að haft skuli samráð bæði við samtök og stofnanir atvinnuveganna.

3. brtt. er við 12. mgr. og er nokkur umorðun á síðustu mgr. Í síðustu mgr., eins og hún hljóðar nú í frv., er gert ráð fyrir, að lánastofnanir og opinberir sjóðir veiti Framkvæmdastofnuninni yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda, en hér er lagt til, að um almennt yfirlit verði að ræða. Það má segja, að þetta breyti kannske ekki verulegu, en það skýrir það þó betur, að ekki er ætlazt til þess, að stofnunin fái sundurliðun, eins og sumir hafa óttazt, á lánveitingum til einstakra aðila, heldur sé hér um að ræða heildaryfirlit um það, hvernig lánveitingar skiptast milli einstakra atvinnugreina og aðrar upplýsingar í sambandi við það.

Þá er breyt. seinna í þessari sömu gr., þar sem segir nú í frv., að stjórn stofnunarinnar geti að fengnu samþykki ríkisstj. sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skulu hafa forgang umfram aðrar, þá skuli þetta hljóða á þessa leið, að „stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstj. og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um" o. s. frv. Að vísu telja margir, að efni, sem sé skylt

þessu, felist raunar í 15. gr. frv., en það þótti þó hyggilegra að skýra það enn betur í sambandi við þetta atriði, sem er eitt af helztu deiluefnunum í sambandi við frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja sérstaklega að þeim till., sem minni hluti n. flytur, nema þá einni, og það er 10. brtt., þar sem tekið er upp orðalag úr frv., sem framsóknarmenn hafa flutt á undanförnum þingum, eða mjög svipað því, um stóraukið framlag til Byggðasjóðs. Það væri mjög ánægjulegt að sjá þessa till. hér, ef hægt væri að treysta því, að hugur fylgdi máli. En ég held, að ekki verði nú treyst á það, að hér fylgi hugur máli, vegna þess að frv. um þetta efni hefur dagað uppi á 8 þingum, vegna þess að Sjálfstfl. hefur ekki fengizt til þess að veita því stuðning. Í staðinn fyrir það að veita því stuðning, hefur Sjálfstfl. skorið framlög til dreifbýlisins mjög við nögl. Við framsóknarmenn hefðum að sjálfsögðu kosið, að þetta framlag gæti orðið verulega hærra, en á það verður að benda, að þó að okkar till. nái ekki fullkomlega fram að ganga, er um stóraukna fjárveitingu til þessara mála að ræða í frv. frá því, sem áður var. Og sú aukning hefur fengizt fram vegna þess, að Sjálfstfl. situr ekki lengur í ríkisstj. og hefur ekki aðstöðu til þess að skera þessar fjárveitingar við nögl, eins og áður var. Það er ekki aðeins, að fengizt hafi hækkun á þessu framlagi með samvinnu núv. stjórnarflokka, heldur hefur fengizt fram hækkun á fjölmörgum framlögum öðrum til framkvæmda í dreifbýlinu. Þess vegna getum við framsóknarmenn tekið þessu gamanmáli sjálfstæðismanna ákaflega rólega, vegna þess að við erum búnir að vinna stórkostlega á hér í samanburði við það, sem áður var. Það hefur komið í ljós með hinni stórauknu fjárveitingu til Byggðasjóðs og með stórauknum framlögum til ýmissa framkvæmda í dreifbýlinu, að það hefur verið mikið lán fyrir dreifbýlið, að Sjálfstfl. skyldi fara úr stjórn og hafa ekki lengur aðstöðu til þess að skera framlög til þessara framkvæmda við nögl.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta að sinni, en endurtek að lokum, að það er till. fulltrúa stjórnarflokkanna í fjhn. og fulltrúa Alþfl., að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem er að finna á þskj. 210.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef dagurinn í dag væri ekki næstsíðasti starfsdagur Alþ. fyrir jólaleyfi, teldi ég ástæðu til þess að flytja allítarlega framsögu fyrir nál. mínu og ekki sízt vegna ýmissa atriða í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., en ég sé ekki ástæðu til þess. Ég flutti ræðu við 1. umr. málsins, þar sem gerð var grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa máls í heild og til meginefnis þessa frv., sem hér er um að ræða, og sé ég að sjálfsögðu enga ástæðu til þess að endurtaka neitt af því hér við 2. umr. En vegna þess, hve miklar annir bíða þm. á þeim tveimur starfsdögum, sem eftir eru af þingi fyrir jólaleyfi, sé ég ekki ástæðu til þess að efna til almennra stjórnmálaumr. um efni þessa máls, sem hér er um að ræða. Mun ég því láta mér nægja að fara nokkrum orðum um meginatriði málsins og gera grein fyrir þeim brtt., sem ég ýmist flyt einn sem nefndarminnihluti eða ásamt öðrum nm.

Ég ítreka það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að Alþfl. er fylgjandi þeirri meginstefnu þessa frv. að halda áfram þeirri áætlanagerð, sem tekin hefur verið upp í vaxandi mæli á undanförnum áratug og verið hefur í höndum opinberra stofnana, og þá fyrst og fremst Efnahagsstofnunar, Framkvæmdastjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra rn. og þá alveg sérstaklega fjmrn., menntmrn., samgrn. og iðnrn.

Upphaf þeirrar áætlanagerðar, sem nú er stunduð á Íslandi og er stunduð í mjög ríkum mæli hér á Íslandi, er það, að fyrrv. ríkisstj. gerði um það samkomulag við ríkisstj. Noregs, ríkisstj. Einars Gerhardsen í Noregi, að hingað voru léðir til starfa þrír af helztu sérfræðingum Norðmanna í áætlanagerð, og lögðu þeir í samvinnu við íslenzka sérfræðinga bókstaflega grundvöllinn að því áætlunarstarfi, sem síðan hefur verið unnið hér og er unnið með nýtízku aðferðum og með nýtízku sjónarmið fyrir augum. Við Íslendingar eigum norsku ríkisstj. á sínum tíma og þessum sérfræðingum mikla þakkarskuld að gjalda vegna þess, að þeir reyndust reiðubúnir til þess að láta Íslendingum í té mikla starfsreynslu sína og þekkingu á þessu sviði. Án sérfræðilegrar aðstoðar þeirra efast ég um, að við Íslendingar værum komnir jafnlangt í áætlanagerð og raun ber vitni um. En það hika ég ekki við að fullyrða, að áætlanagerð á Íslandi nú er fyllilega sambærileg við það, sem á sér stað á hinum Norðurlöndunum. En alls staðar á Norðurlöndum og raunar víðar er slík áætlanagerð í vexti. Það er í vaxandi mæli byggt á niðurstöðum hennar við almenna hagstjórn. Það er einnig stefna þessa frv., að það skuli gert á Íslandi í framtíðinni, og það er meginástæða þess, að Alþfl. lýsir sig fylgjandi þeim grundvallaratriðum frv., sem lúta að því, að áætlanagerð skuli halda áfram á Íslandi, og ekki aðeins halda henni áfram, heldur halda áfram að auka hana, og á það legg ég alveg sérstaka áherzlu.

Ég vil og taka fram, að ég tel það vera til bóta, þar sem í frv. er gert ráð fyrir að sameina stjórn Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs undir einn hatt, auk þess sem í frv. er lögð aukin áherzla, ekki aðeins á mikilvægi áætlanagerðar, heldur á áframhaldandi samhæfingu hennar, sem tvímælalaust er til bóta.

Hins vegar telur Alþfl. það stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar, sem gert er ráð fyrir, vera mjög varhugavert. Og ég hika ekki við að staðhæfa, að það er einsdæmi í íslenzku stjórnkerfi og raunar ekki bara í íslenzku stjórnkerfi, heldur og annars staðar, að stofnun sé fengin tvöföld pólitísk yfirstjórn. En það á sér stað samkv. frv. Yfirstjórn stofnunarinnar á að vera í höndum þingkjörinnar stjórnar, og það er tvímælalaust eðlilegt fyrirkomulag. Það er það fyrirkomulag, sem í öðrum efnum gildir um íslenzkar ríkisstofnanir hliðstæðar þessari. En auk þessa gerir frv. ráð fyrir algeru nýmæli í stjórn opinberrar stofnunar. Það gerir ráð fyrir því nýmæli, að auk hinnar þingkjörnu stjórnar, sem allir flokkar Alþ. eiga væntanlega að fá sæti í, sé pólitísk stjórn yfir stofnuninni. Dagleg yfirstjórn stofnunarinnar á að vera í höndum annarrar pólitískrar stjórnar, annars pólitísks ráðs. Það ráð á eingöngu að vera tilnefnt af ríkisstj. Þetta leyfi ég mér að staðhæfa, að sé algjört einsdæmi í íslenzku stjórnkerfi, og ég þekki ekkert dæmi þessu líkt nokkurs staðar annars staðar frá.

Það kom fram í 1. umr. af hálfu hæstv. forsrh., að þetta væri hliðstætt því stjórnkerfi, sem væri hjá ríkis-

bönkunum. Þar væri bankaráð, og þar væri framkvæmdastjórn. En hér er auðvitað engan veginn hinu sama til að jafna. Bankaráðin eru að vísu kosin af Alþ. eins og yfirstjórnin hér, en allir vita, að bankastjórarnir eru ekki skipaðir af ríkisstj. Mér vitanlega hefur aldrei komið fram till. um það, að ráðh. eða ríkisstj. skipaði bankastjóra í ríkisbankana, aldrei, einmitt af þeim sökum, að það væri talin fullkomin óhæfa, að ráðh. skipaði bankastjóra ríkisbankanna. Það hefur aldrei mér vitanlega komið fram till. um það hér á hinu háa Alþ., einmitt af því, að það væri algerlega óeðlilegt að hafa tvöfalda pólitíska yfirstjórn yfir bönkunum, en eins og allir hv. þm. vita, eru bankastjórarnir kjörnir af bankaráðinu, þar sem allir flokkar eiga sæti. Auk þess er um það þegjandi samkomulag og hefur allar götur verið og verður vonandi alltaf, að því valdi, sem bankastjórum ríkisbankanna er falið, sé skipt með lýðræðislegum hætti milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þjóðfélaginu.

Um einn banka er það svo, að ráðh. skipar bankastjóra, þ. e. a. s. Seðlabankann, en hann hefur algera sérstöðu í bankakerfinu sem einn þáttur sjálfs ríkisvaldsins. Seðlabankinn var stofnaður, meðan ég gegndi starfi viðskrh., og það hefur fallið í minn hlut að skipa bankastjóra Seðlabankans. Ég lýsti því þá þegar yfir og hef endurtekið þá yfirlýsingu, þegar tilefni hefur gefizt til, að ég teldi það sjálfsagða skyldu mína sem viðskrh. að tryggja það, að í bankastjórn Seðlabankans sætu menn, sem nytu trausts bæði meiri hl. á Alþ. og minni hl. á Alþ. Það væri nauðsynlegt, að bankastjórn Seðlabankans hefði traust Alþ. sem heildar. Þótt ég telji þá engan veginn vera pólitíska fulltrúa, og ég veit, að enginn þeirra lítur á sig sem slíkan, starfa heldur ekki sem slíkir, var um það samkomulag milli þáv. þingmeirihluta og þáverandi þingminnihluta, að þeir menn, sem gegna störfum seðlabankastjóra, hefðu traust bæði meiri hl. þings og minni hl. þings. Það sama er örugglega hægt að segja um þingmeirihlutann og þingminnihlutann nú, að bankastjórar Seðlabankans njóta fyllsta trausts beggja. Þannig á auðvitað að halda á málum.

Því miður er ekki þannig haldið á málum varðandi tillögugerð um stjórn þessarar stofnunar. Auk þess, eins og eðlilegt er, að Alþ. er ætlað að kjósa yfirstjórnina, er dagleg stjórn falin pólitískt skipuðum mönnum af hálfu ríkisstj., þ. e. af hálfu þingmeirihlutans. Þessu framkvæmdaráði er falið algerlega óeðlilegt vald innan þessarar stofnunar. Þeir eiga að gera allar áætlanir stofnunarinnar. Þeir eiga að gera till. um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir. Þeir eiga að gera till. um allar lánveitingar og m.a.s. að ráða starfsfólk hinna einstöku þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir yfirmenn hinna þriggja deilda eiga að vera hreinir undirmenn, – ég vil ekki segja skósveinar, – en algerir undirmenn þessara pólitísku fulltrúa hæstv. ríkisstj. í þessari mikilvægu stofnun. Hinir sérfræðilegu yfirmenn deilda eiga ekki einu sinni að fá að ráða starfsfólki sínu, sem maður skyldi þó halda, að þeir einir hefðu vit og þekkingu á að ráða. Nei, einnig þetta á að vera verksvið hinna pólitísku fulltrúa ríkisstj. í stofnuninni. En þetta skipulag teljum við Alþfl.-menn vera algerlega óviðunandi, algerlega óeðlilegt, enda einsdæmi, og þess vegna leggjum við til, að þessu verði breytt og stofnuninni verði fenginn einn framkvæmdastjóri og hann ásamt yfirmönnum deilda myndi framkvæmdaráð stofnunarinnar. Þá yrði þessi daglega stjórn í höndum fjögurra manna, eins framkvæmdastjóra, sem þá væntanlega yrði valinn með sérstöku tilliti til hæfni, en ekki vegna þess, að hann sé fylgismaður eins af hinum þremur stjórnarflokkum, og þriggja embættismanna, sem ég treysti samkv. orðum hæstv. forsrh. við 1. umr., að verði þeir menn, sem nú gegna þeim störfum, sem hér er um að ræða, og allir eru valinkunnir embættismenn og njóta fyllsta trausts allra, sem til þekkja, og allra, sem til þeirra hafa þurft að leita. Ég tel, að framkvæmdaráðið mundi verða þá mjög vel skipað, og ég treysti þeim fjórum mönnum vel til þess að fara með það mikla vald, sem framkvæmdaráðinu er falið, ef þeir yrðu í fyrsta lagi framkvæmdastjóri, sem valinn væri samkv. sérstökum hæfileikum, og í öðru lagi þeir þrír valinkunnu embættismenn, sem allir hafa borið fyllsta traust til og hljóta að bera fyllsta traust til.

Hv. frsm. meiri hl. n. dró engan veginn úr því, sem ég hafði sagt, að vald þessara þremenninga, sem ætlað er að sitja í framkvæmdaráðinu, væri mjög mikið. Ég vil m. a. s. segja, að hann hafi hnykkt á því, sem ég sagði um það efni, því að hann jafnaði þeim við aðstoðarráðherra. Hann sagði, að rökin fyrir því að skipa þessa menn væru hliðstæð þeim, sem Bjarni Benediktsson hefði flutt á sínum tíma og talað fyrir hér á Alþ., þegar hann lagði til, að ráðherrum væri heimilað að skipa sér aðstoðarráðherra. Hann jafnaði m. ö. o. starfi þessara manna við starf aðstoðarráðherra. Ég veit ekki, hvort hægt sé með öllu greinilegri hætti að taka undir það, sem ég sagði um úrslitavald þessara manna í stjórnkerfinu, en að líkja starfi þeirra við starf aðstoðarráðherra. – Ég get tekið undir það með hv. þm., að hér er um að ræða svo mikilvæg störf, að þeim má jafna við störf aðstoðarráðherra.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hann vonaði, að við nánari athugun skipti ég um skoðun á þessu máli, frá þeim sjónarmiðum, sem ég hafði lýst við 1. umr., og sagðist hafa vitað dæmi til þess, að ég hefði skipt um skoðun fyrr. Það er alveg rétt. Ég hef tamið mér það á þeim árum, sem ég hef þegar lifað, að skipta um skoðun, ef ný þekking og ný reynsla færa mér heim sanninn um það, að fyrri skoðanir mínar hafa verið rangar. Ég tel það nú raunar vera rétt að hafa slíkt hugarfar, en alls ekki rangt. En ég get því miður ekki sagt það sama um hv. frsm. meiri hl., því að mér finnst hann yfirleitt alls ekki hafa skipt um skoðun síðan á unglingsárum sínum. Hann heldur enn fast við mjög gamlar skoðanir sínar, sem hann tók þegar, mér liggur við að segja, í barnæsku, og það er auðvitað skýringin á því, að hann er orðinn með allra íhaldssömustu þm., sem hér eiga sæti.

Ég flyt á þskj. 221 tvær brtt. Hin fyrri er í samræmi við það, sem ég nú hef lýst, að ríkisstj. skuli skipa stofnuninni framkvæmdastjóra til þess að annast daglega stjórn hennar, og framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda skuli síðan mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar. Ég hef þegar lýst rökunum fyrir þessu.

Hin brtt. er við 16. gr., en í henni er stofnuninni heimilað að taka að sér vörzlu og bókhald sjóðanna, sem stofnuninni er falið að sjá um, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, og heimilað að annast af-

greiðslu og innheimtu fyrir sjóðina. Ég gerði fsp. um það í n., hvort ætlunin væri að nota þessa heimild, eða m. ö. o., hvort ætlunin væri, að Framkvæmdastofnunin yrði nýr banki. Af hálfu formanns n. var því lýst yfir, að þetta væri ekki ætlunin, hér væri eingöngu um heimild að ræða, og það væri ekki ætlunin að gera breytingu á þeirri skipan, sem nú er í þessum efnum, en hún er sú, að Seðlabankinn annast framkvæmd samkv. framkvæmdasjóðslögunum, og Landsbanki Íslands annast framkvæmdir afgreiðslu samkv. atvinnujöfnunarsjóðslögunum. Engu að síður þótti mér rétt að fá tekin af um þetta öll tvímæli, og ég flyt því brtt. um, að lánadeildin skuli fela starfandi ríkisbanka eða ríkisbönkum vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem í umsjá Framkvæmdastofnunarinnar eru. Mig langar til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort það sé réttur skilningur, að Framkvæmdastofnunin eigi ekki að taka upp nýja bankastarfsemi. Sannleikurinn er sá, að það er nóg af bönkum á Íslandi. Ríkið rekur þrjá viðskiptabanka, og það ætti að vera algerlega ástæðulaust, að ný stofnun eins og Framkvæmdastofnunin fari að reka bankaafgreiðslustarfsemi. Ef hæstv. forsrh. lýsir yfir því fyrir hönd ríkisstj., að það sé ekki ætlunin, að Framkvæmdastofnunin taki upp bankastarfsemi, heldur muni núgildandi skipulagi verða haldið, mun ég taka þessa till. aftur.

Ásamt fjórum öðrum nm. í fjhn. flyt ég þrjár brtt. á þskj. 210. Um aðeins eina þeirra sé ég ástæðu til þess að fara nokkrum orðum, en hún er mikilvæg. Það er 1. brtt., þar sem sagt er, að hagrannsóknadeild eigi að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyra beint undir ríkisstj.

Það er öllum, sem til þekkja, kunnugt, að hagrannsóknadeildin hefur unnið geysimikilvægt starf á undanförnum árum og að starf hennar hefur vaxið og orðið æ mikilvægara með hverju ári undanfarin sex ár. Hún annast ekki aðeins gerð þjóðhagsáætlana og þjóðhagsreikninga, heldur hefur hún í reynd verið ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum og annast mjög mikilvæga skýrslu- og gagnagerð, sem báðir aðilar vinnumarkaðarins telja stórkostlega mikilvæga, og þetta hefur í raun og veru orðið að ómetanlegu gagni við gerð kjarasamninga á undanförnum árum. Þá hefur þessi deild einnig komið á fót stórmerkri skýrslugerð varðandi sjávarútveginn, sem mun reynast mikilvægur grundvöllur undir áætlanagerð á sviði málefna sjávarútvegsins. Þessi skýrslugerð og sú þekking, sem starfsmenn hagrannsóknadeildar Efnahagsstofnunarinnar hafa aflað sér, hefur reynzt ómetanleg í sambandi við ákvörðun fiskverðs og raunar ýmsar aðrar opinberar verðákvarðanir.

En samning þjóðhagsáætlana og þjóðhagsreikninga sem og upplýsingasöfnun, sem á að koma að notum í vinnudeilum og við opinberar verðákvarðanir eins og fiskverðsákvörðun, verða að vera algerlega ópólitískar og mega ekki liggja undir neinum pólitískum áhrifum. Þess vegna lagði ég megináherzlu á það í n., að þessi starfsemi lyti ekki hinum pólitísku stjórnum Framkvæmdastofnunarinnar, þ. e. hinni þingkjörnu stjórn og framkvæmdaráðinu, heldur heyrði beint undir ríkisstj., líkt og Hagstofa Íslands gerir. Opinber stofnun hlýtur auðvitað að heyra undir eitthvert rn., einhvern ráðh. eða ríkisstj., það gefur auga leið. Hagstofan heyrði áður undir fjmrh. en heyrir nú undir hæstv. menntmrh. Það er eðli málsins samkv. íslenzkri stjórnskipan, að allar stofnanir hljóta að heyra undir einhvern ráðh., en þar af leiðir ekki, að þær hljóti að vera pólitískar í eðli sínu. Enginn hefur nokkurn tíma kallað Hagstofu Íslands pólitíska stofnun, þótt hún hafi heyrt undir hæstv. fjmrh. og heyri nú undir hæstv. menntmrh., enda er hún það auðvitað ekki. Hagrannsóknadeildin verður auðvitað ekki pólitísk stofnun, þótt hún heyri undir ríkisstj. Persónulega hefði ég kosið, að hún heyrði undir hæstv. forsrh. og hafði mælt fyrir því í n., en ég tel einu gilda, þó að svo sé tekið til orða, að hún heyri undir hæstv. ríkisstj. í heild. Með þessu móti er hagrannsóknadeildinni gefin ópólitísk staða í stjórnkerfinu eins og Hagstofunni, og það tel ég vera til stórkostlegra bóta, því að þetta auðveldar starf hagrannsóknadeildarinnar í framtíðinni og styður að því, að hún njóti þess trausts aðila vinnumarkaðarins, atvinnuvega og fyrirtækja, sem hún á að starfa fyrir og þarf að geta notið óskoraðs trausts hjá. Þess vegna tel ég þessa breyt. á frv. vera mjög til bóta.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið og endurtek, að ég tel enga ástæðu til þess að efna til neinna stjórnmáladeilna um þetta mál og raunar nokkur önnur, þegar jafn stuttur tími er eftir af starfstíma þingsins og raun er á.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar þetta frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, og hefur n. haldið nokkra fundi og átt, eins og fram kemur í nál. okkar sjálfstæðismanna í n., viðræður við fulltrúa stjórnar Efnahagsstofnunarinnar, Seðlabanka Íslands, allra ríkisbankanna, Atvinnujöfnunarsjóðs, Framkvæmdasjóðs, Hagstofu Íslands og fjmrn. En í þeim viðtölum kom það fram, að við samningu þessa frv. hefur ekki verið haft samráð eða samstarf við þessa aðila sem slíka, og fulltrúar allra viðskiptabankanna lýstu yfir því, að til þeirra hefði á engan hátt verið leitað eftir upplýsingum eða eftir samstarfi um gerð þessa frv.

Hvað felst svo í þessu frv., sem hér liggur fyrir? Það felst það í því í stórum dráttum að sameina þrjár stofnanir undir eina stjórn, Framkvæmdasjóð Íslands, Atvinnujöfnunarsjóð og Efnahagsstofnun. Jafnframt gerir þetta frv. ráð fyrir að leggja niður eina stofnun, hagráð, sem sett var á stofn með lögum um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og hagráð. Hlutverk hagráðs er, að fulltrúar stjórnvalda, atvinnuveganna og stéttasamtakanna komi saman til að hafa samráð um meginstefnu í efnahagsmálum og skiptast á skoðunum. Það er rétt að ræða almennt um verkefni þessara stofnana, eins og þau hafa verið og eru, og þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Á það er lögð mikil áherzla í aths. við frv., að með þeirri nýju skipan, sem þar er gert ráð fyrir, sé stefnt að betri samræmingu og samstarfi aðila og stofnana en áður hefur verið. Sannleikurinn er þó sá, að stefnt er í gagnstæða átt að mörgu leyti. Í stjórn Efnahagsstofnunarinnar sitja nú fulltrúar frá Hagstofu Íslands, fjmrn., Seðlabanka Íslands og Framkvæmdasjóði. Þessi skipan á stjórn Efnahagsstofnunarinnar hefur tryggt

náið samstarf þessara aðila í áætlana- og skýrslugerð, sem bæði Efnahagsstofnunin og þessir aðilar hafa unnið að. Í gegnum hagráð hefur Efnahagsstofnunin haft beint samband og samráð við fulltrúa atvinnuveganna. Þá hefur Efnahagsstofnunin átt fulltrúa í Rannsóknaráði ríkisins, skipað formann stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og oddamann í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Þegar frv. þetta, sem hér liggur fyrir, var lagt fram hér á Alþ., er ekkert gert ráð fyrir því, hvernig farið verði með þennan þátt mála. En á því hefur verið ráðin bót með því, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar mun annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni. En forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Framkvæmdastofnunin er samkv. frv. þrjár deildir. Tvær þeirra eru nú innan sömu stofnunar, Efnahagsstofnunarinnar. Hin þriðja felur í sér sameiningu tveggja sjóða, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, sem staðið hafa í nánu sambandi við Efnahagsstofnunina og Seðlabankann með því móti, að Framkvæmdasjóður hefur átt fulltrúa í stjórn Efnahagsstofnunarinnar. Um aukið samband eða samvinnu verður því ekki að ræða með tilkomu þessarar nýju stofnunar. Á hinn bóginn er skorið á tengsl, sem nú eru bæði við Seðlabankann, Hagstofu, fjmrn., Rannsóknaráð og samtök atvinnugreina, hvað hagráð snertir. Ákvæði, sem frv. hefur að geyma, um samvinnu lánastofnana fela ekki annað í sér en það, sem þegar eru starfsvenjur þessara stofnana. Ákvæði 35. gr., sem miða að því að komast hjá tvíverknaði í upplýsingasöfnun, eru út í hött, þar sem hlutaðeigandi stofnanir gæta þess vandlega, að um tvíverknað sé ekki að ræða, og engin dæmi er að finna um slíkt.

Þá má loks benda á, að skipulag Framkvæmdastofnunarinnar hlýtur beinlínis að torvelda allt samstarf hennar við aðra aðila. Framkvæmdastofnunin er undir pólitískri stjórn þriggja manna, en ekki undir beinni stjórn ríkisstj. Hvernig eiga rn., sem lúta pólitískri stjórn ráðh., að vinna náið með stofnun, sem lýtur annarri pólitískri forustu? Með svipuðum hætti hafa samtök einstakra atvinnugreina haft náið samband við það rn., sem atvinnugreinin heyrir undir. Lög um Stjórnarráð Íslands gera beinlínis ráð fyrir því að auka verkefni atvinnumálaráðuneytanna með stofnun sérstakra rn. fyrir alla höfuðatvinnuvegi landsmanna, sjútvrn., landbrn. og iðnrn. Þar eru vaxandi verkefni unnin í nánu samstarfi við Efnahagsstofnunina og fjárlaga- og hagsýslustofnunina, hvað snertir gerð og undirbúning fjárlaga. Hvernig eiga þau samtök einnig að hafa náið samstarf í stofnun, sem lýtur annarri pólitískri forustu en rn.? Sannleikurinn er sá, að þess munu engin dæmi í nálægum löndum, að stofnanir, sem eiga að gegna jafn mikilvægu hlutverki og Framkvæmdastofnunin, lúti pólitískri forustu utan ríkisstj. Slíkar stofnanir eru alls staðar mannaðar embættismönnum og sérfræðingum og lúta pólitískri forustu ráðh. innan ríkisstj., sem er ábyrgur gagnvart þingi.

Fyrirmynd þessa frv., hvað stjórn og eðli snertir, er helzt að leita til hinna sáluðu stofnana, fjárhagsráðs, viðskiptaráðs og viðskiptanefnda. Allar þær stofnanir, sem fengust við hvers konar skömmtun á gjaldeyri, innflutningi og vörum á kreppu- og styrjaldartímum og allt fram til ársins 1960, lutu pólitískri forustu utan ríkisstj., enda olli starfsemi þeirra sífelldum árekstrum við ríkisstj. Átti þetta ekki sízt við um fjárhagsráð, er leiddi beinlínis til þess, að þáv. ríkisstj. skerti mjög valdsvið þess ráðs, einkum að því er snerti afskipti af opinberum framkvæmdum.

Rétt er að leggja á það sérstaka áherzlu, hversu óeðlilegt það er frá lýðræðislegu og þingræðislegu sjónarmiði, að pólitískir forustumenn eins og þeir, er þriggja manna framkvæmdaráðið eiga að skipa, skuli ekki vera ábyrgir gagnvart Alþ. og geta svarað fsp. á Alþ., eins og ráðh. geta gert, hvort sem þeir eru alþm. eða ekki. Þingræðislegt stjórnarfar gerir ráð fyrir embættismönnum, sem starfa undir forustu og á ábyrgð pólitískra ráðh., sem aftur á móti eru stjórnarfarslega og pólitískt ábyrgir gagnvart þingi. Það gerir hins vegar ekki ráð fyrir pólitískum kommissörum, sem eru ábyrgir gagnvart stjórnmálaflokkum. Þetta hefði maður haldið, að prófessor í stjórnlagafræði ætti að vera ljóst.

Í flestum löndum er ekki blandað saman eða sett undir eina og sömu stofnun vinna að áætlanagerð og það að hafa jafnframt ákvörðunarvald til framkvæmda. Taka ákvarðana og framkvæmd þeirra er í höndum rn., margvíslegra opinberra stofnana og lánastofnana. Áætlanir um þróun atvinnugreina eða um opinberar framkvæmdir fela í sér yfirlit og leiðbeiningar, sem taka einstakra ákvarðana er síðan byggð á eða miðuð við. Hvergi í nálægum löndum eru áætlanastofnanir eins konar yfirráðuneyti eða yfirstofnanir, sem hafa víðtækt vald til ákvarðana og framkvæmda. Hér er því lagt inn á allt aðra braut með þessu frv. en tíðkazt hefur hér á landi og í öðrum nálægum löndum.

Frv. og aths. þess benda þó til þess, að höfundar þess hafi ekki verið á einu máli um þetta, þar sem ýmist er talað um stofnunina sem venjulega áætlunarstofnun eða sem stofnun með miklu víðtækara valdi. Þetta vald er þó ekki vandlega skilgreint og ekki unnt að átta sig á, hvað felst í hugtaki eins og heildarstjórn fjárfestingarmála eða ákvæðum 3. mgr. 12. gr. frv. Er ætlunin, að stofnunin geti sagt sjóðum og bönkum fyrir um einstakar lánveitingar án tillits til ákvæða þeirra laga, sem um þessa sjóði og banka gilda? Það getur hver og einn gert sér í hugarlund, hvers konar glundroði mundi hljótast af beitingu slíks valds í alvöru, auk þess sem um gerræðislegt stjórnarfar væri að ræða, framkvæmt af pólitískri stjórn, sem þyrfti ekki að gera Alþ. reikningsskil fyrir sínum gerðum.

Eins og frv. var lagt fram fyrir Ed. Alþ., þá segir í 12. gr., 3. málsgr.: „Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það.“ Svo kemur til viðbótar: „Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.“ Það þarf að marka það í lagasetningu að opinberum stofnunum sé ekki skylt að veita lán, sem þær ekki telji eðlilega tryggð. Ed. gerði á þessari málsgr. nokkra breyt. á þann veg, að þessi 3. málsgr. hljóðar svo, eins og hún kom frá Ed.: „Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita

Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstj. sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð."

Í brtt. meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. við þessa grein frv. er enn bætt úr þessu með því að bæta inn í, þannig að á eftir orðunum „að fengnu samþykki ríkisstj.", komi: og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði. Þetta er mjög mikilvægt spor í rétta átt, þó að við sjálfstæðismenn viljum ganga lengra til að bæta um í þessari gr. Við viljum fella niður, að lánastofnanir og opinberir sjóðir skuli fá bein lagafyrirmæli um að haga lánveitingu í samræmi við það. Við teljum aftur sjálfsagt, að það sé haft samstarf og samráð á milli lánastofnana í landinu.

Á fundi í fjhn., þar sem mættir voru fulltrúar ríkisbankanna allra, spurði fulltrúi Landsbanka Íslands, hvað fælist í ákvæðum 12. gr. Hann sagði: „Ber að skilja þau ákvæði svo, að Framkvæmdastofnunin geti gefið bönkum og sjóðum fyrirmæli um tilteknar lánveitingar með þeim eina fyrirvara, að nægilegar tryggingar yrðu að vera fyrir hendi? Væri þessi skilningur lagður í 12. gr., bryti hún í bága við gildandi lög um Landsbankann og aðra banka og sjóði, og hlyti Landsbankinn að mótmæla slíkri lagasetningu." Þessi yfirlýsing var flutt í nafni bankastjórnarinnar allrar. Enginn undanskilinn af bankastjórninni, sagði þessi bankastjóri Landsbankans. Finnst hæstv. forsrh., sem leggur þetta frv. fram, það ekki vera alvarlegt mál, þegar öll bankastjórn eins aðalbanka þjóðarinnar mótmælir ákvæðum þessarar gr. frv. á þeirri forsendu, að frv. brjóti í bága við gildandi lög um Landsbankann og aðra banka og sjóði?

Frv. þetta fjallar að miklu leyti um áætlanagerð. Í aths. við frv. er talað um eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunarvinnubrögðum og sagt, að stefnt sé að því, að íslenzkur þjóðarbúskapur þróist í framtíðinni með skipulegum hætti. Í ræðu fulltrúa ríkisstj. og í greinum stuðningsblaða hennar hefur einnig mikið verið talað um áætlanir og áætlanagerð, sem eins konar allra meina bót. Í frv. sjálfu og aths. við það er þó hvergi að finna neina skilgreiningu á því, hvað áætlanagerð sé eða hvernig eigi að beita henni. Þó er hér síður en svo um einfalt mál að ræða, heldur óvenju flókið. Ekki virðist óeðlilegt að ætlast til þess, að þeir, sem allan vanda telja sig geta leyst á grundvelli áætlana og áætlanagerðar, geri skilmerkilega grein fyrir því, hvað í þessu felst.

Áætlanagerð var mjög rædd hér á landi á árunum 1930–1940 og eftir heimsstyrjöldina, eða á árunum 1945–1950. Þá beitti ríkisvaldið miklum afskiptum af starfsemi hagkerfisins til þess að laga það að nýjum og erfiðum aðstæðum eftir styrjöldina. Á hvorugu þessara tímabila var þó gerð alvarleg tilraun til áætlanagerðar, enda má telja, að skortur á hagrænum upplýsingum og reyndum sérfræðingum hafi útilokað þetta með öllu. Á árunum 1950–1960 beindist athyglin hér á landi sífellt að aðkallandi efnahagsvandamálum, og voru ekki gerðar tilraunir til að vinna að áætlanagerð. Ríkisstj. Hermanns Jónassonar hafði að vísu ákveðið að hefja undirbúning áætlanagerðar og sett nefnd manna til að starfa að því verkefni árið 1958, en vegna vaxandi sundurþykkis innan ríkisstj. tók sú nefnd aldrei til starfa. Allt, sem unnið hefur verið að áætlanagerð hér á landi, hefur því verið unnið á síðasta áratug á valdatíma fyrrv. ríkisstj. Þetta starf var fólgið í gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir árin 1963–1966, en hún fór fram á árunum 1961–1962, gerð árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana fyrir opinberar framkvæmdir og fjárfestingarlánasjóði frá og með árinu 1963, gerð langtímaáætlunar um samgöngumál og menntamál á vegum Efnahagsstofnunarinnar og hlutaðeigandi rn., gerð byggðaáætlana fyrir Vestfirði, Norðurland og Austfirði og gerð athugana og áætlana um þróun einstakra atvinnugreina á vegum Efnahagsstofnunarinnar og hlutaðeigandi rn., einkum um þróun iðnaðarins í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA. Jafnframt var reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir eðli áætlanagerðar, og hvernig unnt væri og skynsamlegt að beita áætlanagerð við íslenzkar aðstæður. Þetta kemur glöggt fram í I. kafla þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir árin 1963–1966, og í skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967 er gerð grein fyrir þróuninni á áætlunartímabilinu 1963–1966.

Á þeim rúmlega þremur árum, sem liðin eru, síðan þessar athuganir voru gerðar, hefur sífellt verið unnið að áætlanagerð í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð var. Hinir miklu efnahagsörðugleikar áranna 1968 og 1969 drógu þó nokkuð úr þessu starfi, þar sem einbeita þurfti sér að bráðum aðgerðum til að sigrast á þeim erfiðleikum. Á þessu tímabili hefur verið lokið við gerð almennrar og yfirgripsmikillar samgönguáætlunar, er m. a. var undanfari hraðbrautagerðar. Haldið hefur verið áfram áætlanagerð á sviði menntamála, sem nú fer að mestu fram í menntmrn. sjálfu. Lokið hefur verið áætlun um þróun Háskóla Íslands. Lokið hefur verið áætlun um þróun iðnaðarins á næstu 10 árum á vegum iðnrn. og í samvinnu við Efnahagsstofnunina. Lokið hefur verið víðtækri upplýsingasöfnun og athugun, er miðaði að endurskoðun stefnunnar í landbúnaðarmálum. Gengið hefur verið frá Norðurlandsáætlun og samgönguáætlun fyrir Austfirði og starf hafið að nýju við Vestfjarðaáætlun. Þá hafa miklar framfarir átt sér stað í undirbúningi opinberra framkvæmda, eftir að lög um þetta efni höfðu verið sett. Síðast en ekki síst hafa lánastofnanir, bæði sjóðir og bankar, tekið upp ný vinnubrögð við meðferð og undirbúning lánsumsókna, er fela í sér miklu víðtækari og nákvæmari áætlanagerð um rekstur fyrirtækja og undirbúning framkvæmda en áður tíðkaðist. Allt eru þetta einmitt þau atriði, sem mest áherzla hefur verið lögð á.

Á því leikur ekki vafi, að undanfarin 10 ár og ekki sízt s. l. 3 ár hafa orðið miklar framfarir í áætlanagerð hér á landi. Þær framfarir eru byggðar á traustum grunni, þar sem þær felast í því, að margir aðilar, bæði opinberir aðilar, lánastofnanir og fyrirtæki, hafa tekið að beita áætlanagerð. Jafnframt hafa rn. og Efnahagsstofnunin mótað áætlanir sem almennt yfirlit um stefnu og þróun, sem orðið hefur hlutaðeigandi

stjórnvöldum, stofnunum, atvinnugreinum og fyrirtækjum leiðarvísir, án þess að þurft hafi til þess að beita gerræðisfullu valdboði.

Í 6. gr. þessa frv. um Framkvæmdastofnunina er kveðið á um verkefni hagrannsóknadeildar. Segir þar, að deildin annist gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Er þetta hið sama og er í 13. gr. núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og hagráð. Þá segir, að deildin annist hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstj., Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst. Þetta er hliðstætt og segir í 13. gr., lið 7 í núgildandi lögum. Mismunurinn samanborið við núgildandi lög er hins vegar fólginn í tvennu: Í fyrsta lagi, að d-liður í 13. gr. núgildandi laga falli niður, þ. e. „að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum." Í öðru lagi er nú sagt, að deildin annist þær hagfræðilegu athuganir fyrir ríkisstj. er hún, ríkisstj., kann að óska eftir. Hér virðist vera um veigamiklar breytingar að ræða. Stofnunin er með þessu fjarlægð ríkisstj. Hún virðist ekki hafa skyldu til að vera til ráðuneytis í efnahagsmálum og á ekki að hafa frumkvæði að athugunum fyrir ríkisstj., heldur framkvæma þær aðeins, eftir því sem um er beðið. Ástæða virðist því vera til að spyrja, hvort ætlunin sé, að enginn aðili hafi með höndum reglulega þjónustu fyrir ríkisstj. á sviði efnahagsmála, þ. e. fylgist stöðugt með þróun þeirra og geri ábendingar og tillögur til ríkisstj. í þeim efnum. Slík þjónusta er alls staðar framkvæmd í nálægum löndum, yfirleitt af deildum í fjmrn. eða af sérstökum stofnunum.

Hér á landi var ljós þörf slíkrar þjónustu. Í fyrstu var reynt að leysa vandann með því að kalla til sérstaka sérfræðinga eða nefndir sérfræðinga, er störfuðu takmarkaðan tíma að athugunum og að tillögugerð. Þannig kvöddu báðar ríkisstj. Hermanns Jónassonar, bæði ríkisstj. 1934–1939 og sömuleiðis fyrri vinstri stjórnin á árunum 1956–1958, til erlenda sérfræðinga. Nefndir innlendra sérfræðinga eða einstakir sérfræðingar störfuðu fyrir allar ríkisstj. frá stríðslokum fram til ársins 1959. Ljóst var hins vegar, að æskilegra var að koma þessari starfsemi fyrir í föstu formi hjá ákveðinni stofnun, og var þetta gert, fyrst með tilkomu efnahagsmálarn., sem stofnað var 1959, og síðan Efnahagsstofnunarinnar á árinu 1962.

Nú virðist hins vegar eiga að stíga skref til baka og fella niður reglulega þjónustu af þessu tagi. Að sjálfsögðu mætti halda því fram, að hagrannsóknadeildin gæti eftir sem áður innt af hendi þessa þjónustu eftir ósk ríkisstj., enda þótt ekki væru um þetta bein lagafyrirmæli. Til þess að gera þetta er hagrannsóknadeildin hins vegar illa staðsett og miklu verr en Efnahagsstofnunin er nú. Hún á að vera hluti stofnunar, sem lýtur annarri stjórn en ríkisstj., þ. e. þrír pólitískir framkvæmdastjórar og þingkjörin stjórn. Um það nána og stöðuga samband við ríkisstj., sem er forsenda góðs ráðuneytis í efnahagsmálum, getur því ekki verið að ræða.

Á þessu er nú gerð töluverð bragarbót, því nú er lagt til í till. meiri hl. fjhn. að breyta 6. gr. á þann veg, að hagrannsóknadeild heyri undir ríkisstj. Hins vegar flytjum við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. þá till., að hagrannsóknarstjóri heyri undir forsrh. Við teljum, að slík stofnun eigi að heyra undir forsrh. Forsrh. í stjórnkerfi okkar fer nánast sagt ekki með annað en forustu í ríkisstj., og við teljum, að slík stofnun eins og hagrannsóknadeild sé betur komin, ef hún heyrir beint undir forsrh. heldur en undir ríkisstj. í heild, alveg eins og fjölda margar aðrar stofnanir heyra undir viðkomandi rn. Á þennan hátt viljum við gera forsrn. í raun og veru sterkara, láta þessa stofnun heyra undir það, og það er auðvitað hrein hugsanaskekkja hjá þeim, sem þetta frv. sömdu, og einnig hjá þeim, sem þetta frv. lögðu fram, að ætla að gera hagrannsóknadeildina háða eða undir stjórn, í fyrsta lagi þingkjörinnar stjórnar og í öðru lagi undir daglegri stjórn þriggja pólitískra kommissara.

En það fór aldrei svo, að hv. stjórnarsinnar tækju ekki á einhvern hátt sönsum í meðferð þessa máls, og ég verð að segja stjórnarsinnum í fjhn. það til hróss, að þeir voru mjög fúsir til að gera þessar breytingar og mér hefði ekki fundizt ólíklegt, að þeir hefðu viljað gera á þessu frv. enn meiri breytingar, að undanskildum einum manni, hv. frsm. meiri hl., sem talaði hér fyrstur við þessa umr., en hann virtist lengi vel vera skotheldur fyrir öllum rökum. En þó hefur hann látið tilleiðast að flytja þessa brtt., eftir að hafa flutt hér svona venjulega pólitíska skammarræðu um Sjálfstfl., en ég ætla ekki að fara ítarlega út í það.

Ég vil þó koma inn á það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sennilega flutt og eingöngu flutt, vegna þess að þessir þrír flokkar, sem nú standa að hæstv. ríkisstj., mynduðu þessa stjórn og gerðu sinn margumræddda málefnasamning. En um þetta atriði segir í hinu svo kallaða „Ólafskveri", með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlanagerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnunin skal gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greindar eru þær fjárfestingarframkvæmdir, sem forgang skulu hafa. Stofnunin fari með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið, að falli undir hana. Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein í því skyni að lækka rekstrarkostnað og gera m.a. mögulegt að bæta kjör starfsmanna, án þess að hækkun verðlags fylgi. Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæða þykir til. Í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skal starfa sjóður undir sérstakri stjórn, sem veiti fjárstuðning til þess að treysta sem bezt eðlilega þróun í byggð landsins. Eignir og tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs gangi til þessa sjóðs og aðrar tekjur, eftir því sem ákveðið verður síðar."

Á því leikur sjálfsagt ekki nokkur vafi, að þegar þessi málefnasamningur var saminn, var ætlun þeirra, sem þá voru að taka við völdum, að sameina alla fjárfestingarsjóði undir eina og sömu stjórn. Ég fagna því, að þau öfl hafa þó ráðið innan ríkisstj., að dregið var úr þessum hugmyndum, og enn þá eru ákveðnir fjárfestingarsjóðir sjálfstæðar stofnanir, sem gegna sínu mikil-

væga hlutverki. Sá sjóðurinn, sem ég tel vera langstærstan og veigamestan og hefði sízt af öllu átt erindi inn í þetta bákn, er Fiskveiðasjóður Íslands, og ég fagna því, að frá því hefur verið horfið.

En hvaða breyting halda menn, að verði á áætlanagerð, þó að þetta frv. verði að lögum? Hvaða hagsýni felst í því að koma undir eina og sömu stofnun áætlanagerð og ákvörðunarvaldi í framkvæmdum? Ég sé það ekki.

Ég hef áður í ræðu minni gert að umræðuefni stjórn Efnahagsstofnunarinnar, sem er skipuð fulltrúum frá þeim stofnunum, sem með henni vinna, og er trygging fyrir samræmdum vinnubrögðum, sem skapað hafa sterk tengsl á milli þessara stofnana allra. Ég vil einnig minna á, hvernig stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands er skipuð, en samkv. 6. gr. laga um Framkvæmdasjóð segir, að stjórn Framkvæmdasjóðs sé í höndum sjö manna, kosinna með hlutfallskosningu á Alþ. til fjögurra ára í senn, og jafn margra til vara. Í störfum sínum skal stjórnin hafa samráð við Efnahagsstofnun, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana. Framkvæmdasjóðurinn heyrir undir fjmrh., sem ákveður þóknun stjórnar o. s. frv. Hlutverk Framkvæmdasjóðs samkv. lögum er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar. Framkvæmdasjóðurinn veitir annars vegar fé til þeirra fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda. Ég held, að fyrir þessum málum hafi með stofnun og tilveru Framkvæmdasjóðs Íslands verið séð á mjög sómasamlegan hátt og það hafi ekki verið nein knýjandi nauðsyn að leggja þennan sjóð niður eða sameina hann öðrum sjóðum.

Þá kem ég að seinni lánasjóðnum, sem á að leggja niður, sem er Atvinnujöfnunarsjóður, en í lögum um hlutverk hans segir:

„Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs og skilyrði fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að einstök byggðarlög fari í auðn."

Það er rétt um leið að athuga einnig, hvernig háttað er kjöri stjórnar þessa sjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skipa sjö menn, sem Alþ. kýs með hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn.

Þá komum við að þeim stóra og veigamikla pósti: Hafa þessir sjóðir verið misbrúkaðir í pólitíska þágu? Menn sjá og heyra, að þar hefur stjórnarandstaðan átt aðild að í sambandi við stjórn þessara sjóða. Menn sjá líka og heyra, að það hefur verið náin samvinna og samstarf um áætlanagerð, svo langt sem það getur náð, og samræming á milli lánastofnana, en hvernig hefur svo framkvæmdin verið í reynd við stjórnun þessara tveggja sjóða? Ég veit ekki til, að það hafi verið neinn stórágreiningur í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, en mér er enn betur kunnugt um, hvernig stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur hagað störfum sínum. Þar hefur ekki verið hafður neinn pólitískur erindreki til þess að búa lán þau, sem sótt er um til Atvinnujöfnunarsjóðs, fyrir stjórn hans. Það hafa verið hlutlausir starfsmenn, sem hafa unnið þau störf, lagt þau fyrir sameiginlega stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, og ég held, að það megi treysta því, að ég fari hér með rétt mál, en það hefur aldrei orðið ágreiningur um eina einustu lánsumsókn eða afgreiðslu á einni einustu lánsumsókn úr Atvinnujöfnunarsjóði, því að stjórnin hefur alltaf náð samstarfi um allar afgreiðslur. Það mesta, sem þar hefur gerzt, er, að einn og einn stjórnarmaður hefur látið þetta afskiptalaust, setið hjá, en það hefur aldrei orðið ágreiningur um eitt einasta mál, sem hefur komið til afgreiðslu í Atvinnujöfnunarsjóði.

Það er líka mjög eftirtektarvert, að í lögunum um Atvinnujöfnunarsjóð segir, að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs taki ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum. Og styrki má eigi veita, nema allir stjórnarmenn séu á einu máli um styrkveitinguna. Samþykki allra stjórnarmanna þarf einnig til eftirgjafar eldri lána eða breytinga á lánsskilmálum. Ætli hefði ekki mátt gjarnan taka tillit til þessara vinnubragða, þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var samið, að koma á slíku öryggi, að um pólitíska misbrúkun væri ekki að ræða? Nei, það var ekki gert og mátti ekki á það líta, enda mátti ekki hafa samráð eða samstarf við einn einasta mann eða stofnun, sem þekkingu hefur. Það varð að vinna þetta mál með pólitískum gleraugum.

Þá kem ég að því, hvort mikill fjárhagslegur sparnaður verði af þessari breytingu. Á það hefur ekki verið minnzt hér, að von sé á því, og þess vegna finnst mér rétt að rifja upp og gefa nokkurt yfirlit yfir, hvað hefur kostað að reka þessar stofnanir, sem hafa annazt þessi verkefni, og þá kem ég fyrst að Efnahagsstofnuninni. Heildarkostnaður hennar var á árinu 1967 6 millj. 840 þús., Framkvæmdasjóðs á sama tíma, sama ár 3 millj. 660 þús., og Atvinnujöfnunarsjóðs 1 millj. 369 þús., eða samtals kostnaður við allar þessar stofnanir 11 millj. 869 þús. Á árinu 1968 var heildarkostnaðurinn við rekstur þessara stofnana 13 millj. 246 þús., á árinu 1969 var þessi kostnaður 14 millj. 117 þús., á árinu 1970 16 millj. 358 þús., og á árinu 1971, sem er áætluð tala, 18 millj. 814 þús. Allur rekstrarkostnaður er hér meðtalinn, þar með laun stjórnarmanna. Hins vegar skal ég geta þess, að rekstrarkostnaður Efnahagustofnunarinnar er greiddur að ⅓ af ríkissjóði, ⅓ af Seðlabanka og ⅓ af Framkvæmdasjóði. Það er mjög eftirtektarvert, þegar við lítum á þessar tölur í sambandi við þennan kostnað, að það getur ekki verið nokkur ástæða til að gera þessa breytingu, vegna þess að hér hefur verið sýnd mikil gætni í að gera rekstur þessara stofnana ekki allt of dýran, og það er mjög athyglisvert í sambandi við rekstrarkostnað Atvinnujöfnunarsjóðs, sem Landsbankinn annast störf fyrir, að heildarkostnaður við Atvinnujöfnunarsjóðinn, að meðtöldum kostnaði við atvinnumálanefnd ríkisins og Norðurlandsáætlun, er aðeins 2 millj. 324 þús. kr., svo að það getur ekki verið þetta, sem gerir það að verkum, að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu.

Hitt finnst mér skipta höfuðmáli, hvernig stjórn og fyrirkomulag og fullkominn lýðræðislegur réttur hefur verið tryggður í þessum framkvæmdasjóðum, og berum það svo saman við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Í sjálfu sér er ekki ágreiningur hjá okkur sjálfstæðismönnum um það, ef þetta frv. verður að lögum, að Alþ. kjósi stjórn þessarar stofnunar. Við teljum það eðlilegt og í fullu samræmi við þingræðislegar venjur,

en hitt teljum við óeðlilegt, að það sé skipuð þar einhver yfirstjórn, pólitísk yfirstjórn, skipuð eftir tilnefningu þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, og það er furðulegt, að áður en frv. sá dagsins ljós, þá var farið að kvisast, hverjir ættu að vera hinir pólitísku kommissarar samkv. þessu frv., og þar finnst mér farið aftan að siðunum. Ef hæstv. forsrh. hefur ekki heyrt getið um neinn þeirra, þá skal ég ekki neita honum um það að koma hér aftur upp í pontuna og segja honum, hvaða nöfn ég hef heyrt nefnd frá því á s. l. sumri. Ég sleppi því núna í þessari umferð.

Sömuleiðis held ég, að við getum ekki lokað augunum fyrir því, að við erum allir um það sammála, að áætlanagerð er nauðsynleg, og það sýndi fyrrv. stjórn, að hún var reiðubúin að auka og efla áætlanagerð. En þegar við höfum tekið upp áætlanagerð og stofnanir eins og hagrannsóknastofnun, þá verðum við líka að viðurkenna, að það má ekki troða á þeim mönnum, sem mennta sig til starfa við slíkar stofnanir, þó breytingar verði á ríkisstj. í landinu. Ég álít, að hvaða ríkisstj. sem er verði að líta svo á starfsemi sérfræðinga, að þeir vinni hlutlaust að úrlausn þeirra verkefna, sem þeir eiga að vinna lögum samkv. og ríkisstj. á hverjum tíma felur þeim að vinna. En það hlýtur að vera lítillækkun í starfi, gert minna úr þeim störfum, þegar á að setja yfir þessa sérfræðinga þrjá pólitíska kommissara, sem eiga að stjórna störfum þeirra daglega. Það held ég, að fari ekki á milli mála, að það er langt gengið í þessu frv.

Eins og ég sagði áðan, þá tel ég eðlilegt, að þingkjörin stjórn fari með stjórn þessarar stofnunar, yfirstjórn hennar, en ég tel jafnframt eðlilegt, að deildarstjórarnir verði í raun og veru framkvæmdastjórar, hver fyrir sína deild, og hitt er svo aftur eðlilegt, að ríkisstj. sem ráðandi afl í þjóðfélaginu skipi forstjóra fyrir þessa stofnun, en honum til ráðuneytis verði deildarstjórarnir, sem undirbúi mál, sem eiga að leggjast fyrir yfirstjórnina. Á þessu er ekki nokkur vafi, og á því er heldur enginn vafi, að ef þm. almennt vildu fara eftir skoðunum sínum hér í sambandi við þetta mál, þá er þessi skoðun algerlega ofan á hér í sölum Alþ., og maður hefur heyrt það á ýmsum þm. úr stjórnarliðinu, að þeir telja óeðlilegt að lögfesta þessa þrjá kommissara, eins og um getur í 4. gr., en það eru einhver æðri öfl, sem hafa beygt þá til hlýðni við þessa gr., því að það hefur ekki alltaf dugað, þegar menn úr stjórnarliðinu hafa í fullri vinsemd viljað taka þetta til athugunar. En við erum andstæðir því að minnka valdsvið þeirra manna, sem eiga að stjórna eða eiga að vera framkvæmdastjórar eða forstöðumenn þessara deilda, á þann veg, að þeir ráði ekki daglegum störfum deilda sinna og hvaða starfsfólk þeir vilja fá til starfa.

Hv. 4. þm. Reykv. hóf mál sitt á því að tilkynna það, að mesti haftaflokkur á liðnum árum hafi verið Sjálfstfl. og Sjálfstfl. hefði gengið lengra en nokkur annar flokkur í höftum og að gera þá fátækari fátækari, og máli sínu til stuðnings nefndi hann tvær gengisfellingar á síðasta kjörtímabili. Ég sagði áðan, að þessi hv. þm. væri skotheldur fyrir öllum rökum. Ég held, að það sé alveg hárrétt. Hann veit og hver einasti maður, að gengisbreytingar eru ekki gerðar að gamni sínu. Hann veit líka, að fyrri gengisbreytingin var fyrst og fremst gerð vegna falls sterlingspundsins, og hann veit líka, að það varð stórfellt verðfall á svo að segja allri útflutningsframleiðslu okkar Íslendinga á þessum árum, og við blasti stöðvun allra framleiðslutækja í landinu, ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að tryggja hærra verð fyrir þær afurðir, vegna mikils framleiðslukostnaðar hér heima. En hv. 4. þm. Reykv. lærir ekkert og gleymir engu. Hann heldur því blákalt fram, að þetta hafi allt verið gert af eintómri illmennsku hjá fyrrv. stjórn, að lækka krónuna, bara í þeim tilgangi að gera þá fátæku fátækari. Þannig er nú hans andlega ástand enn þá, eða það hefur lítið breytzt frá því, að þessi hv. þm. var í stjórnarandstöðu.

Hann sagði: „Við viljum ekki hafa áhrif á hagrannsóknastofnunina“, en hann var allra manna verstur við að gera þessa skynsamlegu breytingu, að gera hagrannsóknastofnunina sjálfstæðari en var samkv. þessari frumvarpsómynd, eins og hún var fyrst lögð fyrir í Ed. Alþ. Hinir nm. úr stjórnarflokkunum sáu, að þetta gat engan veginn gengið. Þeir gengu til þessa samstarfs, og þá drattaðist hann til þess að vera með að lokum.

Sami ræðumaður sagði, að það væri skoðun sín, að ráðuneytisstjórar ættu ekki að vera í nefndum, þeir ættu að sinna því starfi að vera forstöðumenn ráðuneyta, og þetta hefði gengið allt of langt á liðnum árum, og þess vegna væri það ekki rétt, að forstöðumenn hinna ýmsu deilda væru í framkvæmdaráðinu, heldur einhverjir, sem fengju blessun þessara stjórnarflokka til þess að vera í því. Ég spyr: Hvernig stendur á því, að þessi mikli áhrifamaður í stjórnarherbúðunum nú, formaður þingflokks Framsfl., lætur þá halda þessu áfram, að skipa ráðuneytisstjóra í flestar veigamiklar og mjög vinnumiklar nefndir? Liggja nú ekki hér fyrir hv. Alþ. tvö frv., annað er frv. um tekjustofna sveitarfélaga, hitt frv. um tekjuskatt? Hverjir voru formenn í þeim nefndum, sem undirbjuggu þessi frv.? Í öðru tilfelli ráðuneytisstjórinn í félmrn. og í hinu tilfellinu ráðuneytisstjórinn í fjmrn. Það er ekki að sjá, að hann hafi hugmynd um, að hér hefur engin breyting á orðið, eða ber að taka þetta svo, að þetta sé alveg marklaust hjal, sem frá honum kemur? Sami þm. sagði, að það þyrfti að íhuga betur stöðu og fyrirkomulag hagrannsóknadeildarinnar. Það sér nú hver, hvort það þurfi að íhuga betur. Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. fórum fram á það *allra vinsamlegast, bæði við hann og aðra nm. stjórnarflokkanna í n.*, að þeir ræddu það við ríkisstj. að fresta afgreiðslu þessa máls og freista þess að laga þetta frv. þannig, að þetta gæti orðið eftir allt saman hin sæmilegasta lagasmíð. Þeir lofuðu að taka það til athugunar, og ég skal segja það t. d. hv. 4. þm. Reykn., hæstv. forseta Nd., til lofs, að hann var mjög vinsamlegur í því að vilja fresta afgreiðslu málsins, þannig að málið fengi betri meðferð í Alþ. og það yrði ekki reynt að knýja það hér í gegn rétt fyrir jólin. En það kom til baka, að það væri ekki nokkur leið að bíða, þetta yrði að fara í gegn. Hv. 4. þm. Reykv. telur, að það þurfi að íhuga betur stöðu og fyrirkomulag hagrannsóknadeildarinnar, og það er gert með þeim hætti, að frv. verði afgr., eins og það liggur nú hér fyrir, og hann vill enga frekari breytingu á því gera. **(Gripið fram í:** Ætli kommissararnir séu komnir á laun?) Þeir eiga að koma á laun 1. janúar, segja þeir, sem gleggst vita. Þess vegna liggur á, þing kemur ekki saman aftur fyrr en seinna.

Mér þótti mjög ánægjulegt að heyra hjá hv. 4. þm. Reykv. *tilvitnun í skoðanir og störf fyrrv. forsrh.*, Bjarna heitins Benediktssonar, í sambandi við lög um Stjórnarráð Íslands. Höfuðtilgangur laganna um Stjórnarráð Íslands var auðvitað sá, að ráðuneytum yrði fjölgað, sérstaklega yrðu stofnuð atvinnuráðuneyti fyrir allar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar, og jafnframt að gera starf ráðuneytanna meira og sterkara en áður var, þannig að undirbúningsvinna og sérfræðilanagerð gæti einmitt farið fram í þessum ráðuneytum. Það gladdi mig að heyra, að hv. 4. þm. Reykv. metur þau störf og þær skoðanir, sem Bjarni heitinn Benediktsson barðist fyrir, og ég vona, að hann geri það oftar með aldrinum og í fleiri málum og fari eftir þeim skoðunum.

Hvernig væri ástandið í bankakerfinu, ef við tækjum það upp, að þegar ríkisstjórnaskipti verða, þá yrðu í bankastjórnunum þrír nýir kommissarar, sem stjórnarflokkar á hverjum tíma veldu? Við höfum nú ýmislegt, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sett út á bankakerfið og forustu í því, en þá fyrst held ég, að kastaði tólfunum, ef við færum út í slíka breytingu. Við skulum nú, af því að hv. 4. þm. Reykv. nefndi, hvað stjórnarandstöðu væri tryggður mikill réttur með þessu frv., benda aftur á þann ógurlega órétt, sem fyrrv. stjórnarandstöðu hefur verið sýndur í 12 ár af fyrrv. stjórnarflokkum. Við skulum í þessu sambandi benda sérstaklega á einn ríkisbanka, sem er með þrjá bankastjóra, Útvegsbankann. Þar hafa verið tveir bankastjórar öll þessi ár, sem báðir hafa verið andstæðingar fyrrv. ríkisstj. Fyrrv. ríkisstj. var nú ekki verri en það, að hún vildi þar engu um breyta, vegna þess að skoðun hennar var, og það er skoðun okkar sjálfstæðismanna almennt, að við eigum ekki að gera bankakerfið og lánakerfið pólitískara en það er, og ég tel það mjög virðingarvert.

Eitt af því bezta, sem hefur verið gert í sambandi við stöðuveitingar, var það, þegar Bjarni heitinn Benediktsson beitti sér fyrir því, að jafnágætur og hæfur maður eins og Jónas Haralz var gerður að bankastjóra Landsbankans. Eftir þeirri venju, sem verið hefur, þá hefði Sjálfstfl. átt að fá að ráða því starfi, en Bjarni Benediktsson taldi, að það ætti að minnka hin pólitísku áhrif í lánastofnunum, og þess vegna taldi hann hyggilegt að fá góðan og vel hæfan mann til þess starfs, eins og Jónas Haralz er. Þessi maður er brautryðjandi í áætlanagerð. Hann var fyrsti forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, hann var fyrsti trúnaðarmaður vinstri stjórnarinnar um mótun stefnunnar í efnahagsmálum. Ég hygg, að það hafi verið fyrir forgöngu hennar, að hann var beðinn um að koma heim til Íslands til starfa. Eigum við ekki í sambandi við alla áætlanagerð að vera svo þroskaðir í okkur, hvar sem við erum í stjórnmálum, að geta litið á slíkar stofnanir sem hlutlausar stofnanir, sem vinna að þeim verkefnum, sem þær eiga að vinna að lögum samkv. og fyrir þá ríkisstj., sem situr hverju sinni. Þessar stofnanir hafa ekkert að gera í sambandi við lánamálin. Þess vegna er óþarfi að sameina undir eina og sömu stjórn áætlanastofnanir og lánasjóði. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann geti ekki á það fallizt að gera nú eða mjög bráðlega hlé á máli sínu.) Jú, jú, alveg sjálfsagt. [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ætla þá að víkja að þeim brtt., sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. flytjum við frv. Eins og fram kemur í nál. okkar, erum við andvígir þessu frv. og teljum réttast að fella það. Það er ekki af því, að við séum andvígir þeim verkefnum, sem þetta frv. fjallar um, heldur hinu, að við teljum, að það sé ekki til bóta að breyta löggjöfinni um Efnahagsstofnunina. Við teljum heldur ekki til bóta að breyta löggjöf um Framkvæmdasjóð Íslands eða um Atvinnujöfnunarsjóð. Hins vegar viljum við freista þess að gera á þessu frv. breytingar til hins betra með því að flytja hér nokkrar brtt., en nái engin okkar till. fram að ganga, þá vil ég lýsa því yfir fyrir hönd okkar fulltrúa Sjálfstfl. í fjhn., að við teljum þær till., sem meiri hl. fjhn. flytur, og sömuleiðis till. þær, sem hv. 7. þm. Reykv. flytur sérstaklega á sérstöku þskj., allar til bóta frá því sem frv. er nú.

Við leggjum til, að 4. gr. orðist svo:

„Að fengnum tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar skipar ríkisstj. forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna."

Í raun og veru hef ég skýrt þetta sjónarmið í ræðu minni, svo að ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Í sambandi við 6. gr. flytjum við brtt., sem gengur að okkar dómi lengra en brtt. meiri hl. fjhn. að því leyti, að við teljum, að forstöðumaður hagrannsóknadeildar skuli heyra beint undir forsrh., en ekki undir ríkisstj. eins og meiri hl. fjhn. leggur til í sinni brtt. Í raun og veru höfum við orðið sammála um 6. gr. eða um hagrannsóknadeildina, og ég tel þá breytingu langveigamestu breytinguna á frv. hér í Nd. og vera mjög til bóta frá því, sem upprunalega var, því að eins og ég sagði hér áðan, þá á hagrannsóknadeildin að vera sjálfstæð deild, forstöðumaður þeirrar deildar á ekki að heyra undir neina pólitíska stjórn eða pólitíska aðila, en auðvitað á deildin tvímælalaust að heyra undir forsrh. eða forsrn.

Þá komum við að brtt. við 10. gr. Við leggjum til, að 2. málsgr. hennar orðist svo:

„Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin leita umsagnar aðila vinnumarkaðarins og þeirra ráðuneyta, sem fara með málefni atvinnuveganna. Einnig skal hafa samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, og er heimilt að fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar."

Þessi till. okkar við 10. gr. er nokkru fyllri og ákveðnari en till. meiri hl. fjhn. að því leyti til, að það má fela einstökum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar. Það er ákveðnara orðalag en í till. meiri hl. fjhn.

Fjórða brtt. okkar er nánari skilgreining á 11. gr., – það verður ný gr., – á verksviði forstöðumanns áætlunardeildar. Gr. orðist svo:

„Forstöðumaður áætlunardeildar annast daglega stjórn deildarinnar undir yfirumsjón forstjóra. Hann undirbýr fjárhagsáætlun deildarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Hann gerir tillögur til framkvæmdaráðs um ráðningu starfsfólks. Hann sér um, að þær áætlanir séu undirbúnar, sem ákveðið hefur verið að gera samkv. 3. og 5. gr. og III. kafla, og sér um, að fylgzt sé með framkvæmd þeirra áætlana, sem samþykktar hafa verið."

Ég tel mjög nauðsynlegt og í raun og veru mjög brýnt að setja slíkt valdsvið og verksvið inn í frv., eins og við leggjum til, að gert verði, og síðar aftur hér það sama um framkvæmdastjóra hinnar deildarinnar, lánadeildarinnar. Og þessar tillögur fjalla í raun og veru um sama efni.

Sjötta till. okkar er við 13. gr. Á eftir orðunum „nýrrar fjármögnunar" komi: „Skulu þær athuganir lagðar fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins." Við teljum rétt að hafa það í lagagr., að skylt sé að leggja þær athuganir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar.

Þá leggjum við til, að 1. mgr. 16. gr. falli niður.

Við 26. gr. í frv. leggjum við til, að í stað orðsins „Byggðasjóður" í gr. og hvarvetna annars staðar í frv. komi: „Byggðajafnvægissjóður." Hlutverk þessa Byggðasjóðs, eins og segir í frv., er mjög ápekkt hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs, enda á hann að taka við stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs og því hlutverki „að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum", eins og segir í 29. gr., og við teljum því réttara, að nafn þessa sjóðs verði Byggðajafnvægissjóður, en ekki Byggðasjóður.

Þá flytjum við till., sem hv. 4. þm. Reykv. mælti einnig að nokkru leyti fyrir í ræðu sinni, við 28. gr. 2. tölul. hennar orðist þannig:

„Framlag úr ríkissjóði skal vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1972, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar, af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1972."

Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að orðalag þessarar till. er úr frv., sem nokkrir hv. framsóknarmenn hafa flutt á undanförnum þingum og hefur 1. flm. þessa máls verið hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, en meðal annarra flm. þessa máls, sem enn eiga sæti á Alþ., eru hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, og hv. 3. þm. Vesturl., hæstv. fjmrh. Halldór Sigurðsson.

Hvað sem hv. 4. þm. Reykv. segir eða kann að segja um áhuga og gerðir okkar sjálfstæðismanna í sambandi við málefni strjálbýlisins, þá verður því ekki á móti mælt, að margir af þm. Sjálfstfl. eru komnir úr hinu svo kallaða strjálbýli, eiga þar rætur, eru búsettir þar, og það getur hver og einn spurt sjálfan sig að því, hvort þeir menn hafi ekki áhuga fyrir málefnum strjálbýlisins, fyrir uppbyggingu þeirra byggðarlaga, sem þeir eiga djúpar rætur í og búa og hafa starfað í. Flestir hverjir af þessum mönnum hafa starfað þar allt sitt líf.

Ég ætla ekki að fara í meting við þennan hv. þm. um það, hvort mikið eða lítið hefur verið gert á undanförnum árum fyrir strjálbýlið. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að margt er ógert í málefnum strjálbýlisins, en ég ætla líka að segja það, að margt hefur verið þar vel gert, og á síðustu árum hafa verið unnin stórátök við uppbyggingu í menningar- og félagsmálum, samgöngumálum og atvinnumálum strjálbýlisins, og þar hefur ýmis góð aðstoð komið frá því opinbera. Hitt vitum við einnig, að þótt þessi ríkisstj., sem nú situr að völdum, verði jafnvel lengi við völd, þá verður einnig að þeim tíma loknum hægt að telja upp fjölmörg atriði, sem þarf að gera í strjálbýlinu, alveg eins og það má einnig nefna fjölmörg atriði, sem eru ógerð í þéttbýli, meira að segja hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel, að með lögum um Atvinnujöfnunarsjóð hafi framlag til strjálbýlisins hækkað mjög verulega með þeirri hlutdeild, sem Atvinnujöfnunarsjóðurinn fékk í skattgjaldi álbræðslunnar í Straumsvík og við yfirtöku gamla Atvinnubótasjóðsins og þeirra lána, sem hann hafði lánað, og vaxtatekjur af þeim lánum runnu til Atvinnujöfnunarsjóðs. Jafnhliða því var ákveðið með lögum um Atvinnujöfnunarsjóð framlag úr ríkissjóði á tilteknu árabili, að upphæð 150 millj. kr. Frá því að þessi lög voru sett, hefur orðið, eins og allir hv. þm. vita, allmikil breyting á verðgildi peninga, svo að það var kominn tími til að fara að endurskoða þessar fjárhæðir til Atvinnujöfnunarsjóðs. Nú hefur hæstv. ríkisstj. gert það með því að hækka framlag í væntanlegan Byggðasjóð á fjárlögum, sem koma til endanlegrar afgreiðslu hér á mánudaginn, þannig að framlag ríkisins hefur hækkað um 85 millj. kr. En þegar haft er í huga, að heldur megi búast við, a. m. k. nú um hríð, lækkun á tekjum af álbræðslunni vegna samdráttar nú og sölutregðu á framleiðslu hennar, þá var auðvitað þörf á því að auka þetta framlag til Byggðasjóðsins, svo að það kom engum á óvart, að þessi tillaga kemur fram.

En þá verður mér hugsað til baráttumáls hv. þm. Framsfl., að stórauka þessi framlög, sem þeir hafa sýnt lofsverðan áhuga fyrir með því að flytja þetta frv., og þeir hafa ekki gefizt upp við að flytja það einu sinni, ég held, að hv. 4. þm. Reykv. segði, að þeir væru búnir að flytja þetta sjö sinnum, svo að segja má, að það sé heldur úthald í körlum. En nú er sú stóra stund runnin upp, að nú hafa þeir áhrif. Nú eru þeir komnir í stjórn eftir að vera búnir að berjast sjö þing í röð fyrir þessu hugsjónamáli sínu, sem er um leið æskuhugsjón allra þessara manna. Mér finnst hart, að formaður þingflokksins, hv. 4. þm. Reykv., skuli jafnvel boða það, þótt hann geri það ekki beint, heldur óbeint, að þessir skeleggu og ágætu baráttumenn strjálbýlisins væru að heykjast á því að fylgja æskuhugsjóninni eftir, þegar þeir sjá, að úr er að rætast. Ég hélt, að við sjálfstæðismenn og það sér í lagi strjálbýlismenn í Sjálfstfl. fengjum ekki svo kaldar kveðjur frá formanni þingflokks Framsfl., að hann vilji ekki hundsnýta atkvæði okkar til að koma baráttumáli framsóknarmanna og strjálbýlismanna öruggu í höfn.

Ég skal segja hv. 4. þm. Reykv., formanni þingflokks Framsfl., frá því, að ég er alveg staðráðinn í því, þegar þessi till. kemur til atkv., að biðja um nafnakall, því að það er bezt að hafa það svart á hvítu, hvernig menn bregðast við æskuhugsjónum, þegar þær eru að verða að veruleika.

Ég skal svo ekki orðlengja mikið meira um þetta frv. og þetta mál, sem hér liggur fyrir. Ég hygg, að sumum þyki ég hafa verið nokkuð langorður. En ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, koma inn á það, að með þessu nýja stjórnarfyrirkomulagi, með því að efla pólitískt vald yfir lánastofnunum og láta lánaumsóknir fara í gegnum pólitískar hendur þriggja manna, þá er verið að stíga skref aftur á bak. Þá er verið að hverfa til 40 ára gamallar, úreltrar pólitíkur, sem Framsfl. hefur verið sér-

staklega hugleikin, en þó ekki öllum framsóknarmönnum, heldur aðeins þeim, sem hafa ekkert lært á þessum tíma, sem liðinn er. Hinir, sem hafa fylgzt með tímanum og hafa skilið rás tímans, – tímans með litlum staf, – skilja, að hér er ekki farið inn á rétta braut með þessu frv. Þess vegna hefði verið hyggilegra fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, fyrst þeir höfðu áhuga á að leggja fram frv. um þetta mál, að setja þá þessa löggjöf með sæmilegum friði hér á Alþ., af því að hér er um málefni að ræða, sem allir eru sammála um í raun og veru. Hins vegar liggur ágreiningurinn í því, að við teljum ekki rétt að breyta frá gildandi löggjöf.

Hitt kemur líka inn í þetta mál, sem við setjum út á, að það á að leggja niður hagráð. Það er sagt, að hagráð hafi ekki verið mikil stofnun og hafi ekki haft miklu hlutverki að gegna. Við skulum segja, að svo sé, en því verður ekki á móti mælt, að aðilar atvinnuveganna, stjórnmálaflokkarnir á Alþ. og ríkisstj. og efnahagssérfræðingar hennar mynda þetta hagráð. Þar var skiptzt á skoðunum um heildarstefnu í fjármálum þjóðarinnar. Þar fengu menn tækifæri til þess að gera aths. Og Efnahagsstofnunin hefur gefið út mjög athyglisverðar og fróðlegar skýrslur til hagráðs, sem við höfum allir átt kost á að eignast og lesa og haft gagn af. Og ég tel, að flokkar, sem segja, að þeir vilji auka tengsl við launþegana í landinu, auka tengsl við atvinnuvegina, eigi þá ekki við fyrsta tækifæri að skera á þau einu tengsl, sem þessar stofnanir eiga við fulltrúa vinnumarkaðarins og atvinnuveganna, með því að leggja þessa stofnun niður, sem þó hefur ekki kostað meira en raun ber vitni.

Fyrir síðustu kosningar héldu fulltrúar nýrra stjórnmálasamtaka í landinu, sem þá buðu fram í fyrsta skipti, því mjög að mönnum, að gömlu flokkarnir væru orðnir mjög leiðinlegir og það gerðist eiginlega ekkert nýtt. Þeir héldu allir í það gamla og úrelta, og nú þyrfti fólkið í landinu að velja spánnýja menn, sem væru tilbúnir til stórra breytinga í þjóðfélaginu, hverfa frá þessu úrelta flokkakerfi og flokksvaldi. Hér á ég við flokk frjálslyndra og vinstri manna. Fulltrúar hans héldu þessu mjög ákaft fram fyrir síðustu kosningar. Ég er persónulega sannfærður um það, að þeir eiga í og með og kannske einna helzt þessum áróðri sínum það að þakka, að þeir náðu jafngóðum árangri í síðustu kosningum. En nú eru þeir komnir í ríkisstj., og nú geta þeir ráðið alveg um það, hvort það á að viðhalda þessu gamla og úrelta kerfi, og m. a. s. hvort þeir vilja fara 35–40 ár aftur í tímann, að koma á flokksræði við úthlutun og undirbúning að úthlutun lána eða ekki. Nú reynir á þá, sem voru frjálslyndir fyrir kosningar, hvort þeir verða einnig frjálslyndir við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþ. Nú ríður á að vita, hvort þessi flokkur ætlar að láta gömlu Framsókn teygja sig 40 ár aftur í tímann til úreltra stjórnarhátta, sem þjóðin er fyrir löngu búin að fá leiða á.

Alþb. hefur mjög höfðað til stuðnings æskufólksins í landinu, sagt, að æskan fylgi því. Æskan vill alls ekki ganga inn á úrelt stjórnskipulag og alræði flokkskerfisins. Nú reynir einnig á fulltrúa Alþb., hvort þeir ætla að láta maddömuna teyma sig einnig 40 ár aftur í tímann eða ekki.

Við þurfum á að halda sérfræðingum á sviði efnahagsmála, áætlanagerða og hagrannsókna. Um það deilum við ekki. Það er kominn þegar mjög álitlegur hópur manna, sem að þessum mikilvægu störfum vinna. Það er stórt og mikið spor í rétta átt, að slíkir starfskraftar séu hér heima í landinu og við þurfum ekki að sækja erlenda sérfræðinga í allt, sem þarf að vinna fyrir þjóðfélagið. En við megum ekki heldur segja við þessa menn, að þeir séu ekki nothæfir nema með því að setja yfir þá pólitíska fulltrúa, sem eiga að stjórna daglegum störfum þeirra. Ég hygg, að fyrir flestum mönnum mundi fara á þann veg, að þeir teldu það fullmikla afskiptasemi af pólitísku valdi að setja slíkt yfir þá. Það væri fróðlegt að heyra skoðun hæstv. forsrh. á því, ef flutt væri frv. um það að setja þrjá pólitíska fulltrúa yfir Háskólann, sem deildir hans þyrftu að spyrja daglega, hvað skyldi gera í dag og hvernig ætti að haga sér. Ég er hræddur um, að þeir, sem „akademísku" frelsi unna, mundu segja eitthvað og syngja allhátt í þeim. Ætli það sé ekki svipað með þá, sem þurfa að sækja um lán til atvinnuvega og atvinnuframkvæmda, að þeir vilja heldur snúa sér að hlutlausum embættismanni en að koma skríðandi fyrir pólitíska kommissara og biðja um náð og miskunn til að geta haldið fyrirtæki sínu eða atvinnu gangandi.

Um hitt deilum við ekki, eins og ég sagði hér áðan, að í þingræðislandi teljum við eðlilegt, að yfirstjórn sé kjörin af Alþ. En yfirstjórn, sem kjörin er af Alþ., tryggir það, að stjórn og stjórnarandstaða fylgjast það vel hvor með annarri, að það verður ekki neitt ranglæti, eins og oft þekktist hér á árum áður, þegar fólk bjó við fátækt og umkomuleysi.

Við eigum ekki, í þjóðfélagi, sem stefnir fram á við, sem stefnir til frjálslyndara og betra lífs fyrir alla þegna sína, að stíga jafnsorglegt skref aftur á bak og á að stíga með þessu frv., hvað þetta snertir.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. sagði hér fyrr í þessari umr., að hann vildi ekki efna til stjórnmálaumr. um þetta mál, og hafði þá hliðsjón af tímaskorti þingsins. Ég er nú hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þess eðlis, að það eigi að fara fram um það stjórnmálaumr., ef það kynni þá að hafa einhver áhrif hér á hinu háa Alþ.

Ég hef hins vegar stundum spurt sjálfan mig þeirrar spurningar, eftir að ég tók sæti hér á Alþ., hverjum tilgangi það þjóni, að menn séu hér ákaft að deila um mál, sem eru lögð fram og fyrir fram er ákveðið, að keyrð skuli í gegn án tillits til aths. eða andstöðu, umræðna eða skoðanaskipta. Er þetta ekki einvörðungu gagnslaus málfundur, okkur öllum til ama og jafnvel til athlægis? Ríkisstj., framkvæmdavaldið, notar Alþ. sem afgreiðslustofnun, og gagnrýni, fortölur eða hvers konar málflutningur virðist breyta þar litlu um. Skipta skoðanir einstakra þm. einhverju máli? Móta menn afstöðu sína til mála út frá því eina sjónarmiði, hvort þeir sitji í stjórn eða stjórnarandstöðu? Ég hef jafnvel orðið vitni að því, að menn fella sínar eigin till., eins og fram kom við 2. umr. fjárlagaafgreiðslunnar hér fyrr í vikunni.

Ný ríkisstj. hefur tekið við völdum á Íslandi, og hún hyggst af eðlilegum ástæðum beita sér fyrir framgangi þeirra mála, sem hún hefur sett á stefnuskrá sína. Í þessu tilviki er um að ræða stofnun á sviði efnahags- og

atvinnumála, sem sett skal á fót til að þjóna þeirri vinstri stefnu, sem ríkisstj. kveðst fylgja. Við þeim vinnubrögðum er að sjálfsögðu lítið að segja, og ef hv. stjórnarsinnar eru á annað borð sannfærðir um ágæti þessarar vinstri stefnu, þá er ekki við því að búast, að þeim snúist hugur að svo komnu máli.

Umr., eins og þær hafa farið fram, þjóna því naumast öðrum tilgangi en þeim, að stjórnarandstæðingar hér á þingi tíundi rök málstað sínum og stjórnmálaskoðunum til styrktar og opinberi afstöðu sína til þessa máls og bendi á kosti og ókosti þessa frv., kjósendum sínum til upplýsinga og uppörvunar.

Þegar ég nú kveð mér hljóðs, vil ég gjarnan skoða þetta mál í nokkuð öðru ljósi. Mál mitt mun ekki beinlínis felast í því að lýsa yfir andstöðu á frv., það tel ég óþarft, heldur hinu, hvort frv., þegar á allt er litið, sé í raun og veru til stuðnings þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur boðað, eða hvort það sé í samræmi við þau hugmyndalegu straumhvörf, sem við höfum orðið vör við í nútíma samfélagi. Felur frv. í sér þá samræmingu og heildaryfirstjórn, sem boðuð er? Þjónar frv. raunverulega baráttunni fyrir aukinni félagslegri þjónustu? Er það til styrktar fyrir atvinnulífið, örvar það hagvöxt og efnahagslegar framfarir? Tekur það undir viðhorf hinnar ungu kynslóðar? Er það í takt við tímann?

Þetta frv. snýst að meginefni til um það grundvallarágreiningsefni, sem skiptir fólki í stjórnmálaflokka, hversu langt skuli ganga í átt til opinberra afskipta af efnahags- og atvinnulífi. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að hér á landi hafi menn almennt hafnað þeim afdráttarlausu kenningum, sem gengu lengst í hvora átt, kommúnismanum og kapítalismanum. Í Sovétríkjunum hefur hið kommúnistíska hagkerfi beðið algert skipbrot að allra skynsamra manna dómi, og hreinræktaður kapítalismi hefur, a. m. k. í Evrópu, aldrei verið „praktíseraður". Ofan á hefur orðið hið blandaða hagkerfi, þar sem saman fer frjálst hagkerfi með nýtingu einkaframtaks og einkafjármagns, en með ráðgefandi yfirsýn til beitingar opinberra hagstjórnartækja.

Sjálfsstjórn atvinnufyrirtækja hefur verið viðurkennd með mismunandi miklum afskiptum ríkisvaldsins, og hefur ágreiningurinn meðal hinna borgaralegu lýðræðisflokka verið fólginn í því, hversu mikil þessi afskipti skuli vera. Í þessu sambandi má nefna sem táknrænt dæmi, að hér á landi hefur Sjálfstfl., hinn dæmigerði borgaraflokkur, „ímynd hægri stefnunnar", eins og andstæðingar hans kalla hann, gengið mjög verulega í þessa átt, raunar haft visst frumkvæði í eflingu opinberra hagstjórnartækja undanfarinn áratug. Við skulum láta liggja milli hluta, hvernig sú framkvæmd hefur tekizt. En um hitt getum við orðið sammála, að einmitt í tíð síðustu ríkisstj., undir forustu Sjálfstfl., hefur verulega kveðið að áætlanagerð, og óþarft er að minna á, að bæði Efnahagsstofnun og Seðlabanki eru stofnanir í þessum tilgangi og settar á fót á þessu tímabili. Gagnrýni sjálfstæðismanna nú beinist því ekki að áætlanagerð sem slíkri, heldur að framkvæmd hennar og tilgangi hennar, eins og hann er hugsaður af hálfu núv. stjórnar. Það verður hins vegar að segjast, að tilgangurinn, framkvæmdin eða útfærslan, vald þessarar stofnunar hefur ekki verið skilgreint til hlítar.

Enginn hefur neitað því, að frv. þetta gerir ráð fyrir meiri afskiptum opinberra aðila af efnahags- og atvinnumálum, en nú tíðkast, en hins vegar er á því verulegur skoðanamunur, hvernig þessum opinberu afskiptum skuli háttað. Talsmenn Framsfl. telja, að í litlu eða engu skuli skertur hlutur einkaframtaks í landinu, frv. eigi jafnvel að verða honum til stuðnings. Hér sé eingöngu um að ræða nánari útfærslu á þeirri stefnu, sem nú er rekin, með aukinni yfirsýn, samræmingu á skipulagi og hagkvæmari áætlanagerð.

Fulltrúar Alþb. hafa aftur á móti ekki farið dult með þá skoðun sína, að hér sé stefnt að auknum sósíalisma, aukinni beinni íhlutun ríkisvaldsins, félagslegum atvinnurekstri á kostnað einkaframtaks. Hér sé stigið fyrsta skrefið til sósíalismans, og þessi stofnun, Framkvæmdastofnunin, skuli vissulega vera notuð í þágu þess markmiðs.

Ég biðst afsökunar á því að geta ekki vitnað til álits þriðja flokksins, Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, en því miður hef ég ekki orðið var við, að þeir hafi að einu eða neinu leyti tjáð sig um þetta frv.

Hvor skilningurinn verður nú ofan á, verður reynslan ein að skera úr um, en ekki er því að neita, að margt, nánast allt, bendir til þess, að skilningur Alþb. nái þar fram að ganga, eins og reyndar víðar í þessu stjórnarsamstarfi. Frv. sjálft veitir slíkri framkvæmd svigrúm, og ef frv. á að hafa einhvern tilgang í þá átt að breyta frá því, sem nú er, þá kemur það einmitt fram í þeirri framkvæmd, sem Alþb. boðar. Fyrir þeim Alþb.-mönnum vakir sjálfsagt það eitt að auka velmegun og velsæld þjóðarinnar, það markmið eigum við allir sameiginlega. Okkur greinir hins vegar á um leiðirnar að því marki og metum mismunandi, hvaða forsendur séu mikilvægastar í þessu skyni. Meðan hinir vestrænu borgaraflokkar, jafnvel sósíaldemókratar, hafa hneigzt æ meir til hins frjálsa hagkerfis, sem svo vel hefur reynzt í aðalatriðum á Vesturlöndum, hafa róttækir sósíalistar, þ. á m. vinir okkar hér á Íslandi, stöðugt einblínt á þær ráðstafanir og þær efnahagsaðgerðir, sem menn höfðu talið, að fullreyndar hefðu verið í tíð fyrri vinstri stjórnar. Ég hirði ekki um að endurtaka þá sögu, en í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að vitna til ræðu, sem Jónas Haralz flutti í marz 1970, þar sem hann dró saman á mjög skilmerkilegan hátt þróun þessara mála. Með leyfi forseta hljóðar þessi tilvitnun á eftirfarandi leið:

„Rifjað hefur verið upp, að næg atvinna og félagslegt öryggi hefur um skeið virzt mönnum svo mikilvægt markmið, að önnur markmið eins og sú aukna velmegun, sem fylgir í kjölfar hagvaxtar og öflugra alþjóðaviðskipta, skiptu litlu máli. Margir hefðu jafnvel verið fúsir til að fórna atvinnu og lýðræði, ef það hefði greitt götuna að þessu markmiði. Reyndin varð einnig sú, að jafnvel í lýðræðislöndum var komið á víðtækum hömlum á viðskipti og atvinnu, og opinber afskipti um einstök atriði þeirra urðu meiri en verið hafði um langan aldur. Ekki leið þó á löngu, áður en menn gerðu sér grein fyrir því, að full atvinna og félagslegt öryggi væri samrýmanlegt örum hagvexti og vaxandi alþjóðaviðskiptum. Til þess að svo gæti orðið, þurfti hins vegar

að beita réttum aðferðum á stjórn efnahagsmála innanlands og jafnframt að koma á fót víðtækri alþjóðlegri samvinnu. Skipulegar aðgerðir til endurreisnar efnahagslífsins í þeim löndum, sem harðast höfðu orðið úti í styrjöldinni, leiddu til örari hagvaxtar í þessum löndum en dæmi voru til áður. Reynslan af beinum hömlum á atvinnufrelsi, framkvæmdum, verðlagi og neyzluvali varð einnig hvarvetna sú, að þessar aðferðir væru ekki virk stjórnunartæki, þegar til lengdar léti. Jafnframt yrðu þau til að draga úr framförum, stuðla að óhagkvæmri notkun framleiðsluþátta og beina neyzlunni í aðra farvegi en hugur fólks stæði til. Menn komust að raun um, að almenn stjórn fjármála og peningamála væri það, sem máli skipti til að ná fullri atvinnu og félagslegu öryggi, en það markmið væri jafnframt vel samrýmanlegt örum hagvexti. Hagvöxtur var því að nýju hafinn til vegs og virðingar sem þjóðfélagslegt markmið. Um leið var á árunum fram til 1960 lögð á það megináherzla, að hvorugu þessara meginmarkmiða væri til lengdar unnt að ná, nema efnahagslegt jafnvægi héldist út á við sem inn á við." Og áfram vitna ég til ræðu Jónasar Haralz: „Þessi skilningur á efnahagsmálum ásamt eflingu alþjóðlegs samstarfs leiddi til þess, að á árunum um og upp úr 1950 voru skömmtun, niðurgreiðslur og eftirlit með fjárfestingu og verðlagi afnumin hvarvetna á Vesturlöndum að mestu eða öllu leyti. Jafnframt voru innflutningshöft felld niður og frjálsar greiðslur í erlendum gjaldeyri leyfðar í vaxandi mæli. Afleiðing þessara breytinga varð ekki sú, að atvinnuleysi ykist og félagslegt öryggi minnkaði. Þær leiddu hins vegar til aukins hagvaxtar, meiri velmegunar og enn meiri atvinnu, er síðan varð undirstaða félagslegra umbóta."

Hér lýkur þessari tilvitnun. Til hennar er vitnað, því að ég hef staðið í þeirri meiningu, að hér væri um að ræða staðreyndir, sem skyni gæddir stjórnmálamenn ganga út frá og viðurkenna.

Ef sú stefna nær fram að ganga, sem nú er boðuð með frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins og fram kemur í málflutningi Alþb., þá er stigið spor 20 ár og jafnvel 40 ár aftur í tímann. Þá er gripið til efnahagsaðgerða, sem þjónuðu sínu hlutverki meðan þjóðfélögin börðust frá fátækt til velmegunar, en þær eiga engan tilverurétt í tiltölulega þróuðu velmegunarþjóðfélagi. Með þeirri framkvæmd er dregið úr möguleikum okkar til frekari og nauðsynlegra þjóðfélagslegra umbóta. Sósíalisminn er eflaust fögur hugsjón, en misskilin íhaldssemi á opinber afskipti, áætlunarbúskap, forgangsstefnu og skipulagshyggju á sviði efnahagsmála þjónar áreiðanlega ekki þeim markmiðum sósíalismans né reyndar þjóðfélagsins í heild, sem nútíminn gerir kröfur til. Að þessu leyti vinnur þetta frv. gegn þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur boðað.

Ég skal játa það, hvaða skoðun, sem ég kann að hafa á hæstv. ríkisstj., að þá átti ég ekki von á því, að hún gripi til slíkra efnahagsaðgerða, heldur viðurkenndi dóm reynslunnar og dóm sögunnar. Ég áleit, að henni væri ljóst, að efnahagslegar framfarir og árangur þeirra hefðu í för með sér önnur og erfið viðfangsefni, að þjóðfélag velferðar og velmegunar eins og okkar leiddi í ljós, að þarfir og kröfur beindust inn á önnur svið mannlegra samskipta. Félagsleg viðfangsefni verða ekki leyst, nema ríkissjóður hafi til þess fjárhagslegt bolmagn, og forsenda þess er áframhaldandi ör hagvöxtur, efling atvinnulífs, efnahagslegar framfarir og vaxandi tekjur almennings og ríkissjóðs um leið.

Ef það er stefna Alþb., að eyða skuli félagslegu misrétti, þá er það röng stefna að byrja á því að beina spjótum sínum gegn þeirri efnahagsstefnu, sem leyst hefur dug og framtak úr læðingi og gert ríkisvaldinu kleift að verja auknu framlagi til félagslegrar þjónustu. Ef það er stefna Framsfl. að efla einkaframtakið, eins og þeir hafa látið liggja að, þá verður það ekki gert með því að taka upp stefnu, sem ræðst af allt öðru en þeim lögmálum, sem ráðandi eru í hinu frjálsa hagkerfi.

Hér að framan var vikið að þeim vandamálum, sem blasa við nútíma velferðarþjóðfélagi. Með því er ekki verið að halda því fram, að okkur hafi tekizt að ná því marki, sem endanlegt er, á sviði efnahags og atvinnu. Neyzluþjóðfélagið kemst seint að leiðarlokum í þeim efnum, en hitt er ljóst, að nýjar spurningar, önnur viðfangsefni og margþætt vandamál blasa við þjóðfélaginu og eiga sér samnefnara í tilhneigingum manna til að viðhalda og efla lýðræði. Þetta eru verkefnin, sem við þurfum að takast á við og reyna að leysa miklu fremur en karpa um kosti eða ókosti margreyndra leiða í efnahagsmálum, sem ekki geta lengur talizt raunhæf spursmál í lýðræðislegu vestrænu lýðræðisríki. Vinstri stjórnin hefur valið þá leið, þegar hún leggur fram sitt fyrsta stefnumótandi mál hér á þingi, að bjóða okkur upp á troðnar slóðir, höfða til gamalla og úreltra kenninga, og það, sem verst er, storka þeirri viðleitni, sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu í átt til aukins og virks lýðræðis.

Frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins miðar ekki að auknu lýðræði, ekki að virkari þátttöku almennings í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Frv. gerir ekki ráð fyrir eðlilegu frelsi manna til að velja og hafna, taka ákvörðun eða vera sjálfs sín ráðandi. Þar er þvert á móti aukið vald fært í hendur kerfisins, lögbundið, að misjafnlega vel gefnir stjórnmálaspekúlantar veiti einum forgang umfram annan. Þar er gert ráð fyrir, að lánastofnanir hlíti fyrirmælum ofan frá. Þar er sjálfsákvörðunarréttur einstaklinganna og félaganna fyrir borð borinn. Að þessu leyti er enn hægt að fullyrða, að þetta frv. vinni gegn boðaðri stefnu um raunhæft lýðræði, vald almennings o.s.frv. o.s.frv.

Ég mun ekki halda því fram, að núv. stjórnarflokkum gangi ekki gott eitt til í stjórnarstörfum sínum og þeir af einlægni telji vinstri stefnu sína vera þjóðinni fyrir beztu. Auðvitað er orðið vinstri notað í rangri og villandi merkingu, sem ég hirði ekki um að útskýra nánar hér. En stundum er því haldið fram, að hugtakið vinstri boði róttækni, frjálslyndi, aukin áhrif almúgans. En hvenær hefur afturhald, en ekki róttækni betur opinberazt en í þessu afturhvarfi til úreltra hugmynda, og hvenær hefur þröngsýni, en ekki frjálslyndi komið betur í ljós en í þessari blindu trú á almætti skipulags og áætlana? Og hvenær hafa áhrif almúgans verið jafn freklega lítils virt en með þessari stofnun skrifstofubákns og valdbeitingar? Þeir hinir svo kölluðu vinstri menn, – og leiðréttið mig, ef ég ber of mikið lof á þá, – telja sig berjast fyrir afnámi misréttis, styrjalda, fátæktar og kúgunar, en ef vinstri merkir sósíalismi, þá er

það vissulega kaldhæðni, að þar sem sósíalismi ríkir með hvað mestum blóma, skuli einmitt misrétti, fátækt og kúgun vera í mestum mæli. En látum það vera.

Vinstri menn telja sig berjast fyrir hugsjónum nýrrar kynslóðar, segjast hafa komið til valda í takt við strauminn, séu boðberar þeirra kenninga, sem afneita lífsþægindunum, peningavaldinu, firringunni, ofurvaldi kerfisins. Svo veglegt er þeirra hlutverk. Það er rétt, að ólgu og umbrota hefur gætt meðal ungs fólks á seinni árum, þ. e. a. s. ungs fólks á Vesturlöndum, þar sem á annað borð eru leyfðar þjóðfélagslegar umræður og lýðræðisleg gagnrýni á þjóðfélagsskipan hverju sinni. Ungt fólk og reyndar þeir eldri líka hafa vaxandi áhyggjur af firringunni, mætti vélmenningarinnar og tölvunnar, þverrandi ítökum einstaklinganna, manneskjunnar sjálfrar. Hinn mannlegi þáttur tilverunnar á sífellt erfiðara uppdráttar andspænis fjöldaframleiðslu, skrifstofubákni, valdahyggju, tækniværðingu, afskræmingu náttúru og mannlegra eiginleika. Af þessum áhyggjum eru sprottnar umræður um mengun, jafnrétti kynja, uppreisn æskunnar, sjálfstæðisbaráttu smáþjóða, jafnvel sjálf hippamenningin. Fólk leitar að sjálfu sér, vísar lífsþægindagræðginni og hinum veraldlegu keppikeflum á bug, því stendur stuggur af þeirri þróun, sem gerir einstaklinginn að tölu á gataspjaldi eða númeri í einhverri áætlun.

Þetta eru hinar áleitnu spurningar nútíma þjóðfélagsins. Hvernig getum við gert tilveruna manneskjulegri? Hvernig á einstaklingurinn að forðast það að vera ofurseldur kerfinu? Þessum spurningum svarar nú vinstri stjórnin á Íslandi með því að boða nýja stefnu og leggja síðan fram frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins og tilkynna síðan, að þar sé á ferðinni fyrsta stefnumótandi mál hennar. Og hvað felur þetta frv. í sér? Enn eitt skrifstofubáknið, áætlunarbúskap pólitískra handbenda, sem eiga að segja fólkinu, einstaklingunum, hvað sé þeim fyrir bestu í þessu lífi, veita einum forgang *umfram annan, meta borgarana út frá þjóðhagslegri* þýðingu þeirra, dæma verðmætin í ljósi framleiðslu og framleiðni, hversu almáttugt sem það mat reynist svo í framkvæmdinni. Það verður fróðlegt að fylgjast með viðbrögðum hinna útvöldu fulltrúa baráttunnar gegn firringunni og misréttinu við þessu frv. firringarinnar og misréttisins.

Ekkert er augljósara en sú staðreynd, að það verði hlutskipti vinstri stjórnarinnar að leiða þjóðina og hina nýju kynslóð lengra inn á braut alhæfingarinnar og tillitsleysisins, herða ferðina í þeim darraðardansi, sem allir hugsandi og frjálslyndir menn gera nú tillögur um, að forðast beri. Nú á ekki lengur að gefa upplýsingar, heldur að gefa fyrirmæli. Nú á ekki að veita ráð heldur áætla og ákveða, nú á að auka valdið ofan frá, treysta á forsjá stóra bróður. Nú verður mælistikan gildismat hagfræðiformúlunnar. Á sama tíma sem þörf er á að nýta hugvit og frumkvæði, hæfileika og framtak hvers einasta Íslendings í harðnandi samkeppni smárrar þjóðar á öllum sviðum, þá á nú að setja traustið á alvízku áætlana og útreikninga. Á sama tíma, sem kvartað er undan flóknu og seinvirku embættismannakerfi, þá á að stofnsetja enn eitt ríkisbáknið samkv. gamalkunnri formúlu Parkinsonslögmálsins. Á sama tíma og talað er með fjálgleik um dreifingu valdsins og aukin áhrif einstakra byggðarlaga, þá er valdinu safnað enn þéttar saman undir allsráðandi miðstjórnarvaldi, sem landshlutar verða að sækja allt sitt undir. Á sama tíma og ungt fólk berst einarðri baráttu gegn flokksræði og flokkslegri fjarstýringu, þá er atvinnulífinu talið bezt borgið í höndum útvalinna kommissara stjórnmálaflokkanna.

Það er augljóst, að öll megineinkenni þessa frv. eru í fullri andstöðu við þau viðhorf, sem uppi eru meðal ungs fólks, í algerri mótsögn við frjálslynda stefnu og viðfangsefni nútíma stjórnmála. Það er svo mál út af fyrir sig, hvort tilgangurinn sé raunverulega sá að aðlaga þjóðfélag okkar hinni vestrænu þjóðfélagsþróun, ellegar stefnt vísvitandi til ómengaðs marxisma, og læt ég fulltrúa ríkisstj. um að túlka og skilgreina þann tilgang.

Herra forseti. Ég mun nú senn ljúka máli mínu. En með þessari ræðu minni hef ég leitazt við að draga fram grundvallaratriði þessa máls, ekki frv. sem slíks, heldur hugsunarháttarins, sem að baki því liggur, og hef ég þá haft sérstaka hliðsjón af stefnu ríkisstj. sjálfrar og þeirri þróun, sem stjórnmál hvarvetna beinast nú að.

Áður í þessum umr. hefur verið bent á þann sósíalisma, sem frv. boðar, veilurnar, sem það felur í sér, og hættuna, sem hinu frjálsa hagkerfi stafar af þessari væntanlegu stofnun. Á það hefur verið bent, að stofnunin er um leið engan veginn fær um að valda því verkefni, sem henni er ætlað, að samþykkt þess leiði til árekstra, en ekki samræmingar, að frv. bæti engan veginn úr þeirri áætlanagerð, sem nú þegar er starfrækt.

Þessu til viðbótar þykist ég hafa dregið fram, að frv. veiti svigrúm til hagstjórnaraðferða, sem alls staðar hefur verið hafnað *nema í örgustu kommúnistaríkjum*, að frv. geti komið í veg fyrir auknar aðgerðir á hinum félagslega vettvangi, að frv. sporni gegn þeirri lýðræðislegu viðleitni, sem nú er uppi meðal frjálslyndra manna á Vesturlöndum, að frv. sé í fullri andstöðu við hugsjónir og umræður ungs fólks í heimi vélmenningar og fjarstýringar, og að lokum, að frv. vinni raunverulega gegn yfirlýstri stefnu ríkisstj. um umbætur í þessu þjóðfélagi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú ljóst, hver er afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessa frv. Því var lýst við 1. umr. og aftur nú við 2. umr. Það er þess vegna ekki meiningin hjá mér að þessu sinni að flytja ræðu í sambandi við þetta frv., heldur vil ég leyfa mér að leggja fyrir hæstv. forsrh. fsp. um skilning á einni gr. frv. Það er 31. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ hlutum af árslaunum sérmenntaðs manns í undirbúningi og gerð landshlutaáætlana, að því tilskildu, að viðkomandi landshlutasamtök hafi slíkan mann í þjónustu sinni.“

Við þm. Sunnl. vorum í morgun á fundi með stjórn Sveitarstjórnasambands Suðurlandskjördæmis, og okkur kom saman um, að það bæri að skilja þessa gr. þannig, að þessir ¾ hlutar af launum sérmenntaðs manns væru greiddir auk alls kostnaðar við áætlanagerðina. Og það er það, sem ég vil spyrja hæstv. forsrh.

um: Er ekki þessi skilningur okkar réttur, að landshlutaáætlanir verði gerðar á kostnað Framkvæmdastofnunarinnar, og auk þess verði ¾ hlutar af launum sérmenntaðs manns greiddir til landshlutasamtakanna?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skilningur hv. 1. þm. Sunnl. á þessu ákvæði er réttur. Ég vil að vísu benda honum á, að þetta hefur tekið ofurlitlum breytingum í Ed. En hann er réttur. Þegar um er að ræða áætlanir, sem ákveðnar eru af Framkvæmdastofnuninni, þá eru þær að sjálfsögðu að öllu leyti kostaðar af henni. En ef starfsmaður hjá einstökum landshlutasamtökum vinnur að gerð þeirrar áætlunar, þá er heimild til þess að greiða 3/5.

Hv. 7. þm. Reykv. beindi fsp. til mín varðandi 16. gr., en þar er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að afgreiðslustörf og bókfærslustörf í sambandi við þá sjóði, sem hér er um að tefla, séu falin banka. En heimild er þó til þess, ef hagkvæmt þykir, að stofnunin taki þetta í eigin hendur. Ég get nú ekki svarað þessu öðruvísi en svo, að hjá ríkisstj. eru áreiðanlega engar fyrirætlanir um það, að stofnunin taki þetta í sínar hendur, þannig að hún setji upp sérstaka afgreiðslustofnun. Hins vegar er það stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem fer bæði með stjórn Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Það verður hennar hlutverk að meta þetta og ákveða, og ég get náttúrlega ekki hér gefið yfirlýsingu, sem bindur hendur þeirra í þessu efni. Ég veit ekki, hvort þetta nægir hv. þm. til þess að hann geti tekið sína till. aftur, en ég get endurtekið það, að það eru sem sagt engar ráðagerðir af ríkisstj. hálfu um að breyta til í þessu efni.

Og þá er það loks í þriðja lagi fsp. frá hv. 2. þm. Vestf., sem ég vildi víkja að, en það var varðandi skilning á 12. gr. Þá grein ber auðvitað ekki að skilja svo, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar geti gefið bönkum fyrirmæli um einstakar lánveitingar, þannig að landsbankamennirnir geta verið rólegir að því leyti til, ef þeir hafa ekki vitað það áður. **(Gripið fram í:** Og líka við útibússtjórarnir?) Já, bæði þeir, sem eru og væntanlegir. Og þetta held ég, að sé nú alveg ljóst, ef greinin er lesin. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., og ég held, að það hafi ekki komið fram til mín aðrar beinar spurningar, sem ég þarf að svara.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði að koma að einni fsp. til hæstv. forsrh., áður en hann fór í ræðustól, en fsp. mín beinist að því, hvernig sé aðstaða þeirra atvinnugreina, sem sækja stofnlán sín til annarra sjóða en tilgreindir eru í frv. Ég á þar t. d. við fiskiðnaðinn, sem fær sín stofnlán hjá Fiskveiðasjóði, en ekki er ætlað, að mér skilst, að hann heyri undir Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég hef ástæðu til að spyrjast fyrir um þetta, því að það hefur verið mjög inntt eftir þessu við mig, og ég vil því leita upplýsinga um það, hvernig aðstaða þessara aðila yrði. Ef t. d. einstaklingar eða fyrirtæki úti á landsbyggðinni hafa í hyggju eða eru búin að ákveða að byggja fiskvinnslustöð og hafa sótt um lán til þeirra stofnlánasjóða, sem þar koma til greina, sem aðallega er Fiskveiðasjóður, hafa eigið fjármagn til þess að standa undir þeim mismun, sem verður á stofnkostnaði og því láni, sem þeir fá samkv. reglum sinna stofnlánasjóða, geta þeir þá vænzt þess að vera alveg utan við það kerfi, sem af frv. til l. um Framkvæmdastofnun má búast við. Ég tel, að það sé nokkuð mikilvægt, að það fáist um þetta alveg hreinar línur, hvort þessir aðilar þurfa ekki að óttast það neitt, að sú stofnun, sem þarna er gert ráð fyrir, að verði sett á laggirnar, skipti sér neitt af framkvæmdum þessara aðila. Maður getur rennt grun í það, ef maður les 7. og 10. gr. frv., að það muni kannske gegnum stofnlánasjóðina, sem ég hef hér minnzt á, verða reynt að hafa áhrif á lánaveitingar. En svo hefur ekki verið fram að þessu.

Fiskveiðasjóður hefur nokkuð farið eftir aldri umsókna og haft um það ákveðnar reglur að lána vissa upphæð af áætluðum stofnkostnaði, en ekki verið að meta, hvort þessi og þessi framkvæmd væri nauðsynlegri en önnur. Ef þessari reglu verður haldið áfram, að umsóknir fáist afgreiddar hjá Fiskveiðasjóði í þeirri röð, sem þær eru lagðar inn, og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi, án tillits til þess, hvort sé verið að meta, hvort þessi stofnun eigi að hafa forgang, þá verður engin breyting hjá þessum aðilum. Ef framkvæmdir þessara aðila eiga hins vegar að heyra að einhverju leyti undir Framkvæmdastofnun ríkisins, þá verður náttúrlega farið að meta það, hvort fyrirtæki á þessum stað á landinu sé nauðsynlegra en annað fyrirtæki annars staðar og í hvaða röð þessi fyrirtæki skuli fá fyrirgreiðslu.

Hæstv. forsrh. tók það mjög greinilega fram, þegar hann gerði grein fyrir frv., að það þyrfti enginn að sækja um leyfi til framkvæmda, hvorki smærri né stærri. Ég vona, að þeir aðilar, sem ég hér hef aðallega rætt um, sem sækja ekki sitt stofnfé til þeirra sjóða, sem lögin gera ráð fyrir, þurfi ekkert frekar að gera en áður og séu ekki í neinni hættu með það, að utanaðkomandi aðilar aðrir en stjórnendur viðkomandi stofnana fari neitt að skipta sér af þeim umsóknum, sem þeir leggja inn, t. d. til Fiskveiðasjóðs. Þetta tel ég, að þurfi að koma alveg greinilega fram, áður en þessum umr. lýkur.

Þá er það annað atriði, sem ég vildi aðeins lauslega koma hér að, og þá beina kannske þeirri fsp. til hæstv. forsrh. einnig, hvernig hann túlkar það, en þetta er ekki í sjálfu frv. Þetta kemur fram í grg. frv., en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað væri æskilegt, að samstarf kæmist á milli stofnunarinnar og viðskiptadeildar Háskóla Íslands (og jafnvel fleiri deilda), þannig að stofnunin fengi nemendum á síðari námsárum í viðskiptadeild raunhæf rannsóknarefni til úrlausnar."

Ber að skilja þetta þannig, að Framkvæmdastofnunin eigi að fara að skipta sér af námsefni, sem doktorar og prófessorar í Háskólanum vilja leggja fyrir nemendur sína? Það getur vel verið, að þetta sé misskilið hjá mér, en í grg. segir, að það sé talið æskilegt, að þannig sé staðið að, að stofnunin fái nemendum á síðari námsárum í viðskiptadeild raunhæf rannsóknarefni til úrlausnar. Ef ber að skilja þetta eins og ég hef skilið það, og það kemur fram í aths. með frv., þá er komið hér alveg inn á nýtt svið, því að ég ímynda mér, að þetta hafi ekki tíðkazt áður, að nokkur óviðkomandi aðili

hafi farið að skipta sér af því, hvaða námsefni væri um að ræða í hinum ýmsu deildum Háskólans.

Þá segir í næstu mgr.:

„Í þriðja lagi má á það benda, að æskilegt væri, að ákveðið samkomulag tækist í verki á milli ríkisstj., Alþ. og Framkvæmdastofnunarinnar um, að hún tæki að öðru jöfnu að sér athuganir og rannsóknir á málum, sem til þessa hefur verið venja að skipa nefndir til að fjalla um."

Nú hefur það verið svo, að þegar ríkisstjórnir skipa nefndir í hin ýmsu mál, sem fyrir Alþ. eiga að leggjast, þá hygg ég, að allar eða flestar ríkisstj. hafi fylgt þeirri reglu, ef um þm. hefur verið að ræða til að skipa í slíkar nefndir, að taka þá þm., sem hafa reynslu eða sérþekkingu á þeim málaflokkum, sem þar er um að ræða. T. d., ef það er nefnd varðandi landbúnað, þá eru teknir menn, sem hafa reynslu og þekkingu á landbúnaðarmálum. Sama er um sjávarútvegsmál eða félagsmál, eða ef það eru sveitarstjórnarmál, sem um er að ræða.

Í aths., sem ég hef hér vitnað til í grg., er því haldið fram, að það væri æskilegt, að ákveðið samkomulag næðist um það, að þessu yrði breytt á þann veg, að nú tæki hin nýja stofnun að sér þetta verk. Í þeirri bláu bók, sem lögð hefur verið á borð þm. hér, sýnist mér fljótt á litið, – ég skal nú ekki segja, að ég hafi kannske séð það alveg rétt, – að þar væri um 330 nefndir að ræða, sem starfandi væru, þegar bók þessi var gefin út. Ég hygg nú, að það yrði allstrembinn biti að gleypa fyrir Framkvæmdastofnunina, ef hún ætti að taka að sér störf hjá flestum þessum nefndum. Um þetta eru að sjálfsögðu, eins og ég tók fram, ekki nein ákvæði í frv. sjálfu, en þetta er tekið fram í grg., að það væri æskilegt, að að þessu hvoru tveggja yrði stefnt, í fyrsta lagi í sambandi við úrlausnarefni nemenda í Háskólanum og í öðru lagi um skipan mála, að því er varðar skipun nefnda, sem bæði, að mér skilst, ríkisstj. og Alþ. kynnu að skipa. Það er einnig þarna farið inn á þá nýju braut að ætla að taka jafnvel fram fyrir hendur Alþ. um nefndaskipun og talið æskilegt, að Framkvæmdastofnun beinlínis taki að sér þau hlutverk, sem Alþ. fram að þessu hefur haft, en það hefur verið talið eðlilegt að skipa nefndir til sérstakrar athugunar á hinum einstöku málaflokkum.

Ég vildi nú spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort ég hef skilið þetta rétt og hvort þetta sé raunverulega stefna, sem við megum reikna með, að fylgt verði eða verði stefnumótandi hjá hæstv. núv. ríkisstj., því að eins og ég hef bent á, er talið í grg., að æskilegt væri, að að þessu væri stefnt.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans við fsp. minni um 16. gr., um það, hvort til stæði, að Framkvæmdastofnunin hæfi bankastarfsemi í stað þess, að nú fara tveir ríkisbankar með framkvæmdastörf þeirra sjóða, sem um er að ræða, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs og væntanlegs Byggðasjóðs. Mér þykir og mjög vænt um, að hann skyldi lýsa yfir því, – og ég vek athygli á því og undirstrika það, – að ríkisstj. hafi engar fyrirætlanir á prjónunum um það, að Framkvæmdastofnunin taki upp bankastarfsemi. Hins vegar sagði hæstv. ráðh., og ég get vel skilið það sjónarmið hans, að hann gæti ekki gefið bindandi yfirlýsingu fyrir hönd stjórnar stofnunar, sem ekki er enn búið að kjósa. Ég hef ekkert við þetta sjónarmið ráðh. að athuga, en þetta gerir það að verkum, að ég tel æskilegt, að það sé beinlínis bundið í lögum, að ríkisbankar skuli annast framkvæmdastjórn þessara sjóða, en ekki verði komið upp nýrri bankastarfsemi í tengslum við Framkvæmdastofnunina, enda algerlega óþarft og mál flestra manna, að nóg sé af bönkum í landinu fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 3. þm. Sunnl. vil ég segja það, að það er ekki ætlunin, að nein breyting verði á starfsemi Fiskveiðasjóðs. Auðvitað verður Fiskveiðasjóður að lúta sömu reglum og aðrir, ef til kæmi setning reglna eftir 12. gr. En þær reglur, eins og ég hef áður sagt, geta alls ekki lotið að einstökum framkvæmdum, heldur verða þær almennar reglur.

Í öðru lagi vék hann að því, sem getið er um í grg. með frv., að æskilegt gæti verið samstarf á milli viðskiptadeildar Háskólans og Framkvæmdastofnunarinnar. Um það er nú það að segja, að þetta eru aðeins hugleiðingar, en hugsunin, sem þar býr að baki, er sú, að það geti verið æskilegt fyrir nemendur viðskiptadeildar að fá sem þátt í námi sínu raunhæf verkefni. Auðvitað getur Framkvæmdastofnunin ekki gefið viðskiptadeildinni nein fyrirmæli, og það felst auðvitað ekki í þessu snefill af ráðagerð um það, að Framkvæmdastofnunin fari að hafa nein afskipti af viðskiptadeildinni þannig.

Sama er í raun og veru að segja um þriðja atriðið, sem hann minntist á, þar sem talað er um, að það geti verið æskilegt, að þessi Framkvæmdastofnun geti tekið að sér ýmis þau störf, sem nú eru falin nefndum, t. d. að rannsaka ákveðið mál, gefa skýrslu um það o. s. frv. Til slíks getur auðvitað ekki komið, eins og kemur fram í grg., nema um það verði samkomulag milli þeirra aðila, sem þar eru nefndir. Þess vegna kemur ekki til greina t. d., að Framkvæmdastofnunin fari að vinna slík störf fyrir Alþ. eða nefndir, sem Alþ. hefur kosið, nema Alþ. óski eftir því. Það verður að koma ósk frá Alþ. eða ríkisstj. um það, að stofnunin inni slík störf af hendi. En þetta eru hvort tveggja hugleiðingar um það, hvað gæti verið æskilegt. Og ef reynslan sýndi það, að Framkvæmdastofnunin væri líkleg til þess að geta innt slík störf af hendi, þá væri hægt síðar að setja um það einhver ákvæði. En í þessu frv. eru engin þvílík ákvæði.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Félmrh. er ekki viðstaddur, ég ætlaði að spyrja hann einnar spurningar. Það mál, sem hér er til umr., er búið að ræða mikið, og ég ætla ekki að lengja þær umr. mjög, en ég kvaddi mér hljóðs hér til þess að beina aðallega tveim spurningum til hæstv. ráðh., annars vegar til forsrh. og hins vegar til hæstv. félmrh.

Í fyrsta lagi vildi ég spyrja að því, hvernig beri að skilja ákvæði 5. gr., þar sem fjallað er um verkefni framkvæmdaráðs, þess ráðs, sem mönnum er nú mestur þyrnir í augum hér af eðlilegum ástæðum og skiljanlegum, þar sem það er einstakt í sinni röð hér á landi. Hér stendur í frv. um verkefni þessa ráðs, að það geri tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmda-

sjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þessum sjóðum. Ég vil spyrja í þessu sambandi: Verða engir aðrir aðilar, sem gefa umsagnir til stjórnar stofnunarinnar en umræddir þrír kommissarar stjórnarflokkanna? Veita deildarstjórar deilda stofnunarinnar umsagnir um einstök lán? Í 13. gr. stendur, að lánadeild skuli annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, en það stendur ekkert um, að þessar athuganir skuli lagðar fyrir stjórn stofnunarinnar, heldur bara að lánadeildin geri þetta. Verða þessar athuganir lagðar fyrir stjórn stofnunarinnar, þannig að stjórnin geti tekið afstöðu til lána einstakra fyrirtækja á grundvelli þessara athugana?

Það, sem ég vildi víkja að í sambandi við þetta mál og ætlaði að spyrja hæstv. félmrh. um, ef hann vildi vera svo góður að hlýða á mál mitt, er það, að mig minnir, að sá ungi flokkur, sem hann er í, hafi talað um það í kosningabaráttunni og þegar hann var að vaxa úr grasi, að hann legðist eindregið gegn pólitískri spillingu og flokksræði, í hvaða mynd sem væri. Og mig langaði einfaldlega til þess að spyrja hæstv. félmrh., hvort hann telji, að þetta frv. sé vel til þess fallið að framkvæma þessi stefnumið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er alveg augljóst eftir þessu frv., að það er stjórnin, sem fer með valdið í þessum málum. Og hún getur auðvitað óskað eftir hverjum þeim upplýsingum, sem hún kýs, áður en ákvörðun er tekin um einstakar lánveitingar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:14 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25:9 atkv.
Brtt. 221,1 felld með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, RH, StefG, SvH, BGr, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG.
nei: HES, HV, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, GilsG.
BGuðn greiddi ekki atkv.
1 þm. (EKJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég er hlynntur þeirri tilhögun framkvæmdaráðs Framkvæmdastofnunarinnar, sem þessi till. gerir ráð fyrir, en þar sem ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa orðið ásáttir um aðra skipan en till. gerir ráð fyrir, vel ég þann kostinn að sitja hjá. Ég greiði ekki atkv. Og ég vil leyfa mér í þessu sambandi, þó að það sé ekki samkv. þingvenju, að bæta við svofelldum orðum:

Ég hef skömm á þeim málflutningi einstakra þm., sem leyfa sér að verja pólitíska veitingu bankastjóraembætta sem merki um þroskaða lýðræðisvitund.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég teldi betur fara, að málum væri þannig skipað, sem þessi till. mælir fyrir um, og þess vegna vakti ég máls á því við 1. umr. málsins, að þessi háttur væri á hafður, en ég kom ekki með till., því að ég taldi, að það væri ekki gerlegt, nema samkomulag næðist um það í n., að svipað fyrirkomulag væri og þessi till. gerir ráð fyrir. Hins vegar er það ljóst, að með því að samþykkja þessa till. verður málið tafið og gengur e. t. v. ekki fram á þessu þingi, og ég tel meira virði að koma málinu í höfn heldur en þó að einhverju þurfi síðar að breyta. Þegar búið er að samþykkja frv., þá er alltaf opin leið að breyta einstökum ákvæðum, ef hagkvæmara þykir, síðar. Þess vegna segi ég nei við till.

Brtt. 223,1 felld með 20:18 atkv.
4. gr. samþ. með 21:16 atkv.
5. gr. samþ. með 24:9 atkv.
Brtt. 223,2 felld með 21:16 atkv.
– 210,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25:1 atkv.
7.–9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 210,2.a samþ. með 29 shlj. atkv.
– 223,3 felld með 20:15 atkv.
– 210,2.b samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 223,4 felld með 23:15 atkv.
– 223,5 felld með 22:17 atkv.
– 210,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.
Brtt. 223,6 felld með 20:14 atkv.
13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 223,7 felld með 21:14 atkv.
– 221,2 felld með 20:14 atkv.
16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 223,8 felld með 20:16 atkv.
18.–25. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 223,9 felld með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EBS, FÞ, GíslG, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PS, RH, SvH.
nei: BGr, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, HES, HV, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, GilsG.
GÞG, PP, StefG greiddu ekki atkv.
1 þm. (EKJ) fjarstaddur.
26.–27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 223,10 felld með 24:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, RH, SvH.
nei: BGr, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, ÓlJ, PP, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, GilsG.
GíslG, PS greiddu ekki atkv.
1 þm. (EKJ) fjarstaddur.
28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 176,1 samþ. með 21:3 atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
30.–31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 223,11 felld með 23:12 atkv.
32. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 176,2 felld með 18:5 atkv.
33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

34.–40. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:12 atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:10 atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., 20. des., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 261 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Inga Birna Jónsdóttir: Herra forseti. Með frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins er verið að hleypa af stokkunum ábyrgðarmikilli og um margt mjög viðamikilli ríkisstofnun. Í því sambandi og þá aðallega til glöggvunar langar mig að spyrja um tvennt, ég vona, að það verði til upplýsingar, en ekki til tafar: Ég leyfi mér að spyrja að því, hvort það er einvörðungu þriggja manna framkvæmdaráð, sem á að vera skipað af þingmeirihluta hverju sinni, eða hvort svo skal einnig vera um forstöðumenn hinna ýmsu deilda, hvort þeir verða einnig skipaðir að nýju í hvert sinn, sem ný ríkisstj. tekur við völdum.

Fsp. þessa byggi ég á aths. við frv., en þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Framkvæmdastofnunin lýtur yfirstjórn þingkjörinnar stjórnar, en stjórn á daglegum rekstri er í höndum framkvæmdaráðs og forstöðumanna deilda.“ Ég verð að játa það, að ég óttast, að hér sé á ferðinni enn ein silkihúfan á ríkisreksturinn.

Í öðru lagi spyr ég: Hver er áætlaður stofnkostnaður Framkvæmdastofnunar ríkisins og árlegur rekstrarkostnaður?

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur borið fram tvær fsp., sem snerta það mál, sem hér er á dagskrá. Það vill nú svo til, að ráðh. eru hér ekki viðstaddir til að svara þessari spurningu. Það má nú segja, að það væri fyrst og fremst verksvið þeirra, en þar sem ég átti nú sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., og hef gegnt störfum formanns fjhn., sem fjallaði um þetta frv. sérstaklega, þá sé ég mér skylt að standa hér upp, þannig að þessum spurningum sé ekki með öllu ósvarað.

Þá er fyrst til að taka fyrri spurninguna, en hún var á þá leið, hvort það væri rétt til getið eða hvort það væri nokkuð hæft í því, að um forstöðumenn deilda hjá þessari stofnun gildi sama regla eins og opinbert er og viðurkennt er, að verði um svo nefnt framkvæmdaráð hjá þessari stofnun, að ætlunin sé að skipta um forstöðumenn deilda jafnóðum og ný ríkisstj. tekur við völdum. Það er hárrétt, sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hefur verið að því stefnt, að þessi háttur verði viðhafður í sambandi við framkvæmdaráðið, því að eins og hæstv. forsrh. upplýsti, þegar málið kom til 1. umr., þá er litið svo á, að framkvæmdaráðsmenn séu eins konar trúnaðarmenn ríkisstj. innan þessarar stofnunar, og það þykir því eðlilegt, að skipt sé um þá, þegar skipti verða á ríkisstj. Og einmitt í þeim tilgangi var sett inn dálítil brtt. að frumkvæði hv. fjhn. þessarar d., sem lesa má í 4. gr. frv., eins og það liggur núna fyrir. En þar segir í 2. málsl.: „Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðar fyrirvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.“

Þetta þótti rétt að setja þarna inn til þess að undirstrika það, að um þessa menn giltu nokkuð sérstæðar reglur, hvað ráðningu snertir, og þeir væru ekki ráðnir til lífstíðar, ef svo má segja, eins og venja er um ríkisstarfsmenn almennt. Ég vildi bæta því þá við, hvað þetta atriði og þessa spurningu snertir, að um forstöðumenn deilda gegnir að sjálfsögðu allt öðru máli, vegna þess að þeir eru venjulegir embættismenn stofnunarinnar, sem verða væntanlega skipaðir til sinna starfa af ríkisstj., eins og fram kemur í 3. gr., og það er einmitt gert ráð fyrir því, að allt starfslið hjá stofnuninni annað en framkvæmdaráðið sé fast starfslið, sem sé alveg óbreytt, án tillits til þess, hvaða ríkisstj. er við völd hverju sinni. Og það er framkvæmdaráðið eitt, sem ætlunin hefur verið, að breyttist með nýrri og nýrri ríkisstj.

Hvað síðari spurninguna snertir, þá var hún á þá leið, hvort gerð hefði verið rekstraráætlun eða starfsáætlun fyrir stofnunina, þannig að fyrir lægi, hve mikill kostnaður yrði við rekstur hennar. Ég held, að ég geti leyft mér að svara þessari spurningu örugglega neitandi. Það hefur engin slík áætlun verið gerð. Það er einmitt verkefni væntanlegrar stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar samkv. 3. gr. að gera slíka rekstraráætlun og starfsáætlun, sbr. 2. og 3. tölul. 3. gr., og ég get leyft mér að fullyrða það, að það hefur enginn tekið sér þau verkefni fyrir hendur.

Hitt er annað mál, að nú er starfandi stofnun, sem ber heitið Efnahagsstofnunin, og ég geri ráð fyrir því, að hún hafi þegar sett sér einhver plön, eins og slíkar stofnanir hljóta alltaf að gera, meðan þær eru ekki lagðar niður, og af plönum þeirrar stofnunar má kannske eitthvað ráða um starfsemi þessarar stofnunar, því að margt er líkt með skyldum. Ég hef nú hins vegar ekki þau plön í höndunum, og get því ekki gefið neinar upplýsingar um þau. Ég vildi hins vegar undirstrika það, að þarna verður um að ræða, að unnið verður að fjöldamörgum verkefnum á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, sem raunverulega hvergi er unnið að í dag, og það má segja, að að því leyti sem hægt er að segja, að þetta sé viðbót við það ríkiskerfi, sem við höfum í dag, þá er það einkum það verkefni, sem hér er rætt um, að það er lögð áherzla á það í frv. að hefja mjög víðtæka áætlanagerð. Svo verða menn að meta það bara hver með sér, hvort slík störf séu nauðsynleg eða ekki, og ég geri ráð fyrir því, að þarna verði um töluverðan kostnaðarauka að ræða frá því, sem nú er. Það er rétt að undirstrika það, að þeir aðilar, sem bera eiga kostnað af starfsemi stofnunarinnar, eru samkv.

36. gr. ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður. Fyrst og fremst þessir aðilar munu standa straum af kostnaði við störf stofnunarinnar. Ég á þess vegna ekki von á því, að þarna verði um neinn feikilegan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkisvaldið umfram það, sem nú er. Það kemur sem sagt nokkuð af sjálfu sér, að Framkvæmdasjóður, – það er töluverður kostnaður við rekstur hans í dag, – mun líka að nokkru leyti standa undir kostnaði við þessa stofnun. Það er töluverður kostnaður við starfsemi Atvinnujöfnunarsjóðs í dag, og þó að væntanlegur Byggðasjóður verði á framfæri stofnunarinnar, þá ætti það kannske ekki að bæta svo miklu við. Seðlabanki Íslands tekur þátt í kostnaði við Efnahagsstofnunina í dag, og hann mun taka þátt í kostnaði við þessa stofnun, þannig að ég efast um, að þarna verði um svo stórkostlega viðbót að ræða fyrir ríkissjóð sem slíkan vegna þess líka, að það má vænta þess, að þegar þessi sameining á sér stað, þá verði um hagræðingu að ræða og sparnað, sem einmitt fæst við það, að sjóðir eru sameinaðir og verkefni, sem unnið hefur verið að á mörgum stöðum í þjóðfélaginu í dag, eru sameinuð undir einni stofnun.

Úr því að ég er nú staðinn upp og kominn hér í ræðustól, þá vildi ég aðeins láta þess getið og minna á það, að frv. um Framkvæmdastofnunina kemur ekki algerlega óbreytt til meðferðar okkar, eins og reyndar að líkum lætur, því að annars væri það ekki komið til okkar hér öðru sinni. Nd. hefur gert nokkrar breytingar á frv., og vafalaust eru yfirleitt til bóta þær breytingar, sem þar hafa verið gerðar. Það hefur t. d. verið gerð sú breyt. í sambandi við 10. gr. frv., þar sem ætlazt er til þess, að stjórn stofnunarinnar, eins og segir í 1. mgr., ákveði, í hvaða röð skuli unnið að áætlunarverkefnum og hver skuli vera markmið og forsendur hverrar áætlunar, að nú er jafnframt gert ráð fyrir því, að um þetta sé haft samráð við ríkisstj.

Eins er það í 12. gr. frv., þar sem rætt er um, að settar séu almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skulu hafa forgang umfram aðrar, að þar hefur verið skotið inn setningu, sem felur það í sér, að höfð skulu samráð við banka og stærstu fjárfestingarsjóði. Ég býst við, að allir geti verið sammála um þessar breytingar, enda má hiklaust fullyrða, að þetta hefði verið gert, jafnvel þótt ekki hefðu verið nein lagaákvæði um þetta.

Eins var gerð breyting hér á ákvæðunum um Byggðasjóð, – ég held, að það hafi verið 29. gr., – en þar er gert ráð fyrir því, að það sé m. a. eitt af hlutverkum stofnunarinnar að styðja lífvænleg byggðarlög, sem eiga á hættu að fara í eyði.

Þetta voru helztu breytingarnar, sem gerðar voru, en auk þess var gerð breyt. á 6. gr., sem er í öllu falli töluvert mikilvæg. Þar var skotið inn svo hljóðandi setningu, sem kemur í staðinn fyrir þá 3. gr., sem áður var: „Deildin er ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstj." Þarna er um breytingu að ræða, sem er dálítið meira en bara efnisbreyting, þó að kannske megi segja, að einhver vafi geti leikið á um það, hvað raunverulega felst í þessari breytingu. Eins og ég hef rakið, þá er hér sagt skilmerkilega, að deildin heyri beint undir ríkisstj., en áður hefur það komið fram og er tekið fram í 1. gr. frv., að stofnunin öll heyri undir ríkisstj. Þarna er sagt, að þessi ákveðna deild heyri undir ríkisstj. og það beint. Ég ætla nú ekki að fara að fjölyrða um það, hvað þessi breyting hefur í för með sér. Ég held, að það liggi í augum uppi, að þetta felur það í sér, að margumtalað framkvæmdaráð stofnunarinnar, sem fjallað er um í 4. gr., hefur þá ekki með málefni hagrannsóknadeildar að gera. Hún er óháð því ráði með öllu, og má segja, að hún falli ekki undir starfssvið stjórnar stofnunarinnar heldur að öllu leyti, eins og ótvírætt var áður. Þó sýnist mér nú, að þarna geti verið um einhvern svolítinn vafa að ræða. Í 3. gr. frv. segir, að það séu verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, m. a. í 2. tölul., að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina og að samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir. Og ég geri ráð fyrir því, að þar sem þessum ákvæðum hefur ekki beinlínis verið breytt, þá standi þau í sjálfu sér áfram, enda þótt það liggi í augum uppi, að ríkisstj. hefur æðsta vald, hvað þessi atriði öll snertir, og getur auðvitað tekið að sér að ákveða þessa hluti eða reyndar falið stjórninni að gera það. Ég vil nú ekki fjölyrða sérstaklega um þetta atriði. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi breyting, sem þarna var gerð, sé ekki örugglega til neinna bóta. Ég er hræddur um, að þetta ákvæði geti valdið einhverjum vafa, en ég er hins vegar sannfærður um, að það veldur ekki vandræðum. Ég held, að stjórn stofnunarinnar muni ekki eiga í vandræðum með að eiga góða samvinnu við ríkisstj., og það er ríkisstj., sem vill nú eiga úrskurðarvald um það hverju sinni, hvert er verksvið stjórnarinnar og hvað ætti örugglega að fjalla um á ríkisstj.-fundum, og ég er ekki í neinum vafa um það, að það verður vandalaust að komast að niðurstöðu um það, þannig að öllum megi vel líka.

Ég stóð nú hér fyrst og fremst upp til þess að svara þessum tveimur spurningum, sem hér voru bornar fram, og hef ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum að þessu frv. að sinni.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég veit ekki, hvort hv. 9. þm. Reykv. finnst fsp. sinni hafa verið svarað með þeirri grg., sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hafði hér yfir áðan, en ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég er litlu nær, og mér finnst fram koma af þeim svörum, sem hv. þm. gaf, að heldur hafi aðstandendur þessa frv. gert sér litla grein fyrir efni málsins.

Þær brtt., sem Nd. hefur gert við frv., eru að visu sumar hverjar alla vega til bóta, en þær breyta ekki aðalatriðum málsins, þannig að afstaða okkar þm. Sjálfstfl. til málsins er óbreytt. Við erum andvígir þessari Framkvæmdastofnun ríkisins og erum sammála hv. 9. þm. Reykv., að þetta er ein ný silkihúfan í ríkisrekstrinum, og þó vildi ég raunar taka það fram og sterkar til orða, að hún er ekki eingöngu til skrauts, heldur er líklegt, að hún verði til mikils skaða.

Ég vildi aðeins, herra forseti, láta þetta koma fram um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til frv., þegar það kemur hingað á ný til d. Í þeim breytingum, sem Nd. hefur gert, eru sum atriðin hin sömu og við reyndum að fá breytt hér í d., ýmist innan n. eða með brtt. hér í d., og hv. stuðningsmenn stjórnarinnar í d. tóku þá ekki í mál að breyta. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, að

stjórnarsinnar hafa séð að sér í Nd. um sum atriðin, eins og t. d. breyt. á 6. gr., að gera hagrannsóknadeild að sjálfstæðri deild, er heyri beint undir ríkisstj. En þó er ekki um svo veigamiklar breytingar, eins og ég gat um áðan, að ræða, að meginefni frv. sé enn ekki svo andstætt stefnu okkar sjálfstæðismanna, að við getum ekki fylgt málinu fram, og við munum því greiða atkv. gegn því.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé nú, að það hafa orðið þó nokkrar breytingar á frv. í Nd., og sérstaklega er ég ánægður með breyt. í 6. gr., og ég vil undirstrika það, sem síðasti ræðumaður sagði, að við reyndum að fá þetta fram í n., en fengum þá ekki hljómgrunn fyrir því. Ég undirstrikaði það í ræðu minni, að hagrannsóknadeildin ætti að vera óháð og það yrði leitazt við, að störf hennar væru þannig, að báðir aðilar á vinnumarkaðinum hefðu traust á því, sem þaðan kæmi, þannig að það væru ekki sífellt deilur um það, hvort þetta væri rétt eða rangt eða litað um of frá annarri hliðinni. Það er mjög mikilsvert.

4. gr. kemur hér aftur. Ég lýsti strax andstöðu minni við það, sem þar kemur fram, og það er auðheyrt og er enn einu sinni undirstrikað, að margir stjórnarsinnar eru mjög á móti þessu fyrirkomulagi. Samt er það nú barið í gegn áfram. En það er alveg auðheyrt, að margir stjórnarsinnar eru mjög á móti þessu fyrirkomulagi að hafa þessa þrjá sérstöku fulltrúa. Og það var athyglisvert, sem kom fram áðan í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., að hann taldi deildarstjórana raunverulega embættismenn, og þá lá í hlutarins eðli, að hinir væru ekki raunverulegir embættismenn, og er það enn undirstrikað, að þeir eru sérstakir útsendarar viðkomandi ríkisstj. Auðvitað verður þessu ákvæði þegar í stað breytt, ef ný ríkisstj. verður mynduð. Það verður hennar fyrsta verk að fella þessa gr. burtu, svo að hún er hreinn hortittur í frv., sem ég annars styð, og þeirri þróun, sem ég styð. Og ég harma það enn einu sinni, að þetta skuli vera látið fylgja með í frv.

Svo er annað atriði hérna, sem mér finnst óþarfi, að hafi verið sett. Það er 29. gr. En að tilstuðlan hv. 3. þm. Austf. var á sínum tíma komið inn þessum orðum í nál. okkar eða breyt. við 29. gr.: „og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum.“ Þetta rökstuddi hann mjög vel í n., og okkur fannst sjálfsagt að taka þetta inn. En svo er nú eins og sagt er í vísunni: „Einn var að smíða ausutetur“, og þá bæta þeir við í Nd.:„og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“ Ef byggðirnar eru nú svona lífvænlegar, eins og segir í grg., þarf þá að afla þeim jafnvel milljónatuga? Það var aldrei hugsun okkar, og það var ekki hugsun 3. þm. Austf. Hins vegar geta atvik legið þannig, að það sé sjálfsagt að hjálpa til, en það er þá á þeim stöðum, þar sem fólk vill vera. Endalaust er ekki hægt að pína fólk til að vera. Þá er þetta orðatiltæki, „að koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði“, hortittur að mínu mati, og mér finnst leiðinlegt að afgreiða svona hortitti í frv. og gera það að lögum. Það verð ég að segja.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja þessar umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BGuðbj, BFB, EggÞ, EÁ, GeirG, HFS, JÁH, IBJ, PÞ, RA, HK, BJ.

nei: ÞK, AuA, GH, JónÁ, HBl, AJ, SteinG.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Í framhaldi af fyrri ummælum mínum við fyrri umr. þessa máls, þá vildi ég gera þá grein fyrir atkv. mínu nú og tel reyndar brýna nauðsyn á, að það komi hér fram, að þrátt fyrir þau ákvæði, sem ekki virðast hafa verið möguleikar á að fá breytt í frv. varðandi framkvæmdastjórn þessarar stofnunar, þá mun ég eftir sem áður greiða atkv. með frv. og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 273).

12. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971 [126. mál] (stjfrv., A. 170).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. alþm. þá vinsemd að heimila, að þetta mál sé tekið á dagskrá, um leið og því er útbýtt hér á þingi.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er að undanskilinni 11. gr. unnið af nefnd, sem ég skipaði 9. ágúst s. l. Hún fékk það verkefni að endurskoða allt almannatryggingakerfið m. a. með það fyrir augum, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að þær nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur.

Í nefndinni eiga sæti: Geir Gunnarsson alþm., formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Tómas Karlsson ritstjóri. Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson skrifstofustjóri, en Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur verið nefndinni til ráðuneytis. Nefndin hefur nú þegar unnið hið ágætasta starf, sem ég sé ástæðu til að þakka á þessum vettvangi, en því fer að sjálfsögðu fjarri, að hún hafi lokið þeirri heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu, sem að er stefnt. Hins vegar hefur verið tekið út úr það verkefni, sem sérstaklega var tilgreint í skipunarbréfi nefndarinnar, að tryggja betur en verið hefur kjör þess fólks, sem á afkomu sína alla undir greiðslum almannatrygginga, og er það aðalefni þessa frv.

Jafnframt hafa verið tekin með ýmis ákvæði önnur, sem full samstaða varð um í nefndinni og geta naumast talizt nokkur álitamál. Er þar einkum um að ræða

breytingar, sem eiga að tryggja fullkomið jafnrétti karla og kvenna gagnvart tryggingunum, og ákvæði til þess að tryggja rétt barna betur en verið hefur. Skal ég nú í stuttu máli skýra einstakar greinar frv.

Meginefni frv. felst í 4. gr. þess, en þar segir svo í upphafi:

„Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en 120 þús. kr. á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á."

Hugmyndin um tekjutryggingu aldraðs fólks og öryrkja, sem eiga afkomu sína undir greiðslum almannatrygginga, var gerð að skyldu í lögum þeim um almannatryggingar, sem samþ. voru á síðasta þingi, og það var fyrsta verk núv. ríkisstj. að flýta gildistöku lífeyrisákvæða þeirra laga með brbl., þannig að þau tóku gildi þegar 1. ágúst í haust. Þá þegar hækkuðu mánaðargreiðslur til þeirra, sem njóta tekjutryggingar, úr 4900 kr. í 7000 kr. á mánuði. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi tekjutrygging hækki enn í 10 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling eða 18 þús. kr. fyrir hjón, sem bæði eiga rétt á tekjutryggingu. Með þessari breytingu mundu þessar tekjur þannig hafa tvöfaldazt á nokkrum mánuðum, hækkað um meira en 100%. Ég vil hins vegar vara menn við því að líta slíkar prósentutölur alvarlegum augum. Prósentutölur eru oft fremur til þess fallnar að villa um fyrir mönnum en að skýra mál, þegar um breytingar á mjög lágum upphæðum er að ræða, og þrátt fyrir meira en 100% hækkun á tekjutryggingu er ekki verið að bjóða til neinnar veizlu. Til samanburðar skal ég taka það, að samkv. nýgerðum Dagsbrúnarsamningi er lægsta mánaðarkaup nú í des. 17 600 kr. að meðtalinni vísitöluuppbót, og tekjutrygging sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er því aðeins 57% af því kaupi. Svo að annað dæmi sé tekið, eru lægstu útborguð mánaðarlaun hjá ríkisstarfsmönnum 15 000 kr. nú í des., en verða 15 747 kr. í janúar. Tekjutrygging sú, sem frv. gerir ráð fyrir, nemur 66% og 63.5% af þessum tekjum. Því verður þannig með engu móti haldið fram, að með frv. sé farið út fyrir raunsæ og eðlileg mörk, öllu heldur hið gagnstæða.

En um leið og ég bendi á þessar staðreyndir, legg ég áherzlu á hitt, að þessi hækkun á tekjutryggingu er engu að síður félagslegur stóratburður. Í því sambandi vil ég biðja menn að minnast þess, að í þjóðfélagi okkar hafa orðið miklar breytingar á undanförnum áratugum. Gömlu stórfjölskyldurnar, þar sem margar kynslóðir lifðu saman og höfðu sameiginlegan efnahag, hafa smátt og smátt verið að hverfa úr sögunni, en í staðinn hafa komið miklu smærri fjölskyldueiningar. Aldrað fólk reynir nú að búa eitt á heimilum sínum eins lengi og það getur, og það leggur áherzlu á að reyna að lifa af eigin rammleik á tekjum sínum. Sumt af þessu fólki hefur átt við ótrúleg vandkvæði að etja og búið við langerfiðust kjör af öllum þegnum þjóðfélagsins. Ég veit sjálfur dæmi um menn úr þessum þjóðfélagshópi, sem hafa leitað til læknis vegna veikinda og fengið þá sjúkdómsgreiningu, að veikindin væru næringarskortur. Ég segi það ekki í neinu pólitísku áróðursskyni, heldur í fullri alvöru, að mér hafa lengi fundizt greiðslurnar til þessa fólks vera smánarblettur á þjóðfélagi okkar. Því lít ég svo á, að með þessu frv. sé verið að leiðrétta mikið félagslegt misrétti, og mér virðist, að sá árangur, sem með því næst, komi okkur á þessu sviði á svipað stig og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Með þessari breytingu erum við að framkvæma áfanga að lífeyrissjóðakerfi, sem nái til þegnanna allra. Við erum hér að tryggja hlut þeirra, sem hvergi annars staðar eiga félagslegan bakhjarl.

Það er mikið vandaverk að setja reglur um framkvæmd tekjutryggingar. Þegar ákvæðin tóku gildi 1. ágúst í haust, sömdu Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráð reglur, sem rn. samþykkti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að framkvæmd þessa lagaákvæðis verði enn traustlegar ákveðin með reglugerð, sem ráðh. setur að fengnum till. tryggingaráðs. Ég læt þetta nægja um aðalefni frv., en mun nú víkja fáeinum orðum að öðrum greinum þess.

Í 2. gr. er breytt 14. gr. gildandi laga um barnalífeyri. Sú gr. var upphaflega, eins og raunar lögin öll, mótuð með þá mannfélagsmynd fyrir augum, að faðir barns væri eini framfærandinn. Hitt sjónarmiðið, að móðir rækti einnig framfærsluhlutverk, sem bæta þyrfti með peningum, ef hún gæti ekki leyst það af hendi, hefur smám saman sigið á í undangengnum lagabreytingum. Við síðustu breytingar var það gert að beinni skyldu að greiða lífeyri með barni látinnar móður. En væri móðirin öryrki, þurfti sérstaklega að sanna, að sú örorka þýddi tekjumissi eða kostnaðarauka fyrir heimilið. Eins og gr. er nú orðuð í frv., er hún í fullkomnum jafnréttisanda. Sé annað foreldri látið eða örorkulífeyrisþegi, greiðist einfaldur barnalífeyrir. Séu báðir foreldrar ófærir um að inna framfærsluhlut sinn af hendi, á að greiða tvöfaldan lífeyri.

Þá koma einnig inn í þessa gr. tvö ný heimildarákvæði. Heimilt er að greiða lífeyri með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist. Hér er um að ræða menn, sem yfirleitt geta ekki innt framfærsluskyldur sínar af hendi, og réttmætt þykir, að heimilt sé að láta það ekki bitna á börnum þeirra.

Í annan stað er tekin upp heimild til að greiða lífeyri með barni, sem ekki hefur reynzt gerlegt að feðra. Til þess að greiðsla verði hér heimiluð, verður fullnægjandi málsrannsókn að hafa farið fram. Það er engan veginn hugmyndin bak við þetta ákvæði að gera mæðrum auðvelt að skjóta sér undan þeirri siðferðisskyldu gagnvart barni sínu að feðra það. Hér á að vera um mjög fá tilvik að ræða, en raunar hef ég rekizt á eitt slíkt tilvik í núverandi störfum mínum.

Í 3. gr. frv. er gerð breyting á 17. gr. núgildandi laga, sem fjallar um bætur, sem ekkjur fá eftir lát eiginmannsins. Breytingin er í því fólgin, að ekkill fær nú sama rétt og ekkja. Bæturnar eru 7 368 kr. á mánuði í 6 mánuði eftir fráfall maka og 5 525 kr. í 12 mánuði þar á eftir, ef ekkjan eða ekkillinn hefur barn á framfæri. Hér er um hjálp að ræða á því erfiðleikaskeiði, sem alltaf fylgir fráfalli heimilisföður eða húsmóður. Tæpast þarf að eyða orðum að því, að fyrstu mánuðirnir á eftir, þegar verið er að endurskipuleggja heimili og greiða ýmsan þann kostnað, sem dauðsfall hefur í för með sér, eru ámóta erfiðir, hvort sem ekkja eða ekkill eiga í hlut.

Um 4. gr. frv. fjallaði ég í upphafi, en í 5. gr. er gerð einföld leiðréttíng á 29. gr. núgildandi laga. Þar eru meðal hinna slysatryggðu taldir nemendur við iðnnám

hjá meistara, en hér eru orðin „hjá meistara" felld niður, vegna þess að nemendur geta verið við iðnnám í skólum, en ekki aðeins hjá meisturum. Ætlun laganna var og er að taka til allra, sem eru við iðnnám samkv. iðnfræðslulögum.

7., 8. og 9. gr. frv. eru allar sama eðlis og breytingin til þess gerð, að allir fullorðnir einstaklingar, 17 ára og eldri, verði jafnir að rétti gagnvart sjúkradagpeningum. Áður var ein upphæð fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem var aðalfyrirvinna heimilis, 251 kr. á dag í sjúkratryggingu, en 317 kr. í slysatryggingu. Einhleypingar fá nú 221 kr. í sjúkratryggingu, en 281 kr. í slysatryggingu. En húsmóðir, sem ekki vinnur utan heimilis, fær hins vegar aðeins 145 kr. og er örorkulífeyrir notaður sem viðmiðun, þ. e. störf húsmóður heima eru bætt með upphæð, sem nemur örorkulífeyri. Sé sjúklingurinn á spítala, má skerða dagpeninga um ⅓, en þó ekki hina lágu húsmóðurdagpeninga. Þessari mismunun í dagpeningum veldur það sjónarmið, að kvæntur maður hafi fyrir konu og börnum að sjá, eins og það er einlægt orðað. Með lagabreytingunni, sem í frv. felst, er tekið tillit til framfærsluskyldunnar með því að hækka dagpeninga vegna barna, sem sjúklingurinn hefur á framfæri. Dagpeningar vegna hvers barns á framfæri verða nú 75 kr., en voru 29 kr. En samkv. þeirri breytingu, sem í frv. felst, yrðu dagpeningar 317 kr. í slysatryggingu og 251 kr. í sjúkratryggingu fyrir hvern einstakling, óháð hjúskaparstétt og kyni. Þessi upphæð er sú, sem nú er greidd kvæntum körlum og giftum konum, sem eru aðalfyrirvinnur heimilis, þannig að húsmæður, sem vinna heima, fá nú einnig sama rétt. Þegar allir hafa þannig verið gerðir jafnir gagnvart lögunum á þessu sviði, er ekki ástæða til að halda í það sérákvæði að skerða ekki dagpeninga húsmóður við sjúkrahúsvist.

Ákvæði 9. gr. frv. eru til þess að taka af allan vafa um það, að ekki eigi að skerða greiðslur vegna barna, þó að sá, sem dagpeninga nýtur, dveljist á sjúkrahúsi og dagpeningar hans sjálfs skerðist af þeim sökum.

Í 10. gr. frv. er gerð breyting á 54. gr. gildandi laga, en þar er kveðið á um skyldu umsækjenda til að svara öllum spurningum og gefa hvers kyns nauðsynlegar upplýsingar til Tryggingastofnunar ríkisins. Hér er bætt við þeirri skyldu starfsfólks sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmanna hennar að hafa hliðstæð vinnubrögð af sinni hálfu og gera umsækjendum grein fyrir ýtrasta rétti þeirra. Ég hygg, að æði mikil brögð hafi verið að því, að fólk viti ekki, hvaða rétt það hefur í sambandi við Tryggingastofnunina, og það þarf að vera tryggt, að hún starfi sem virk og nútímaleg þjónustustofnun. Þessi gr. hvetur Tryggingastofnunina og starfsdeildir hennar til þess að taka upp sérstaka kennslu í tryggingafræðum, þ. e. þeim þætti þeirra, sem snýr að starfi stofnananna, lagaákvæðum, bótareglum og því um líku, svo að enginn geti starfað við þessar stofnanir í neinni stöðu, þar sem eitt af hlutverkum er að gefa upplýsingar og ráðleggingar, án þess að hafa til að bera þá kunnáttu, sem nauðsynleg er slíku starfsliði.

Í 11. gr. frv. er gerð breyting á 78. gr. gildandi laga, en þar var á síðasta þingi gert að skyldu að breyta upphæðum bóta í samræmi við breytingar á kaupgjaldi, en áður hafði þar aðeins verið um heimild að ræða. Hins vegar var viðmiðunin í gr. kaupgjald í almennri fiskvinnu, og ég tel það afar óheppilegt að miða þannig við *tiltekinn starfsmannahóp*. Það *getur haft* óheppileg áhrif á báða bóga, stundum á viðskiptavini almannatrygginganna, stundum á það fólk, sem vinnur almenna fiskvinnu. Það er þungbær aðstaða í kjarasamningum að eiga ekki aðeins að fjalla um sína hagsmuni, heldur verða jafnframt í verki að semja um almannatryggingarnar í heild. Því er hér lagt til, að skyldan verði miðuð við vikukaup í almennri verkamannavinnu.

Einnig er sú breyting í lagagreininni, að fjölskyldubætur eru undanþegnar þessari skyldu, en hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstj. hverju sinni. Ég hef *alltaf litið svo á, að fjölskyldubætur væru ekki sama* eðlis og aðrar bætur almannatrygginga. Fjölskyldubætur eiga fyrst og fremst að vera aðferð til tekjujöfnunar, og þær þurfa að verða það í miklu ríkara mæli en þær eru nú. Er það eitt af meiri háttar verkefnum þeirrar nefndar, sem vinnur áfram að heildarendurskoðun almannatrygginganna, að fjalla einmitt um þetta mál og gera fjölskyldubæturnar að sem virkustu tekjujöfnunarkerfi, sem aðstoði þá, sem á slíkri aðstoð þurfa að halda.

Ég vil einnig minna á það í þessu sambandi, að á*kveðið hefur verið*, að *fjölskyldubótahækkun* sú, sem ákveðin var við verðstöðvunarlagasetninguna á s. l. hausti, skuli haldast, en þá var gerð mjög mikil hækkun á fjölskyldubótum, og er gert ráð fyrir, að sú hækkun haldist nú, enda þótt lög um verðstöðvun verði numin úr gildi um næstu áramót.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á það, að breytingar á fjölskyldubótum hafa einnig verið aðferð stjórnarvalda til þess að hafa áhrif á vísitöluna af almennum efnahagslegum röksemdum. Hækkun á þeim hefur verið ódýrasta aðferðin til að lækka vísitöluna. Annarleg sjónarmið af því tagi koma ekki tryggingum við, og ég tel, að við endurskoðunina þurfi einnig að muna eftir þessu atriði.

Í 1. og 12. gr. frv. eru ný ákvæði um tryggingadómstól. Það hefur lengi verið um það rætt, að nauðsynlegt væri, að í tengslum við almannatryggingakerfið starfaði sérstakur tryggingadómstóll, sem bótaþegar gætu skotið úrskurðum og ákvörðunum um bætur til. Það er vitað, að við síðustu endurskoðun almannatryggingalaga komu fram tillögur innan þeirrar nefndar, er þá starfaði, um slíkan dómstól, en eigi varð samkomulag um að taka ákvæði um þetta atriði inn í lögin. Eins og málum er háttað nú, eiga bótaþegar eða þeir, sem sækja um bætur hjá Tryggingastofnun og telja sig misrétti beitta, ekki kost á að skjóta máli sínu til neins dóms. Vissulega geta einstaklingar skotið máli sínu til tryggingaráðs, sem samkv. 6. gr. leggur úrskurð á málið, en *tryggingaráð hefur t. d. aldrei talið sig aðila til að* hnekkja örorkumati. Það verður að teljast mjög eðlilegt, að til sé dómstóll, sem hægt er að skjóta málum til, og slíkt er ekki einungis til hagræðis fyrir bótaþegana, eins og lýst hefur verið hér að framan, heldur einnig fyrir það starfslið Tryggingastofnunarinnar, sem í mjög mörgum tilvikum vill gjarnan fá sérfræðilegar umsagnir, álitsgerðir og úrskurði um ákveðin atriði, sem ekki liggur alveg ljóst fyrir, hvernig á að meðhöndla. Álit þeirra, sem við Tryggingastofnun hafa starfað og við slíka úrskurði hafa unnið, er vissulega það, að

jafnan hefur verið reynt að láta halla á stofnunina í öllum þeim málum, þar sem úrskurðar hefur verið leitað, enda er reynslan sú, að mjög fá mál hafa verið rekin fyrir opinberum dómstólum vegna bótaúrskurðar Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingadómur, eins og gert er ráð fyrir í 12. gr., mundi því verða báðum aðilum, þeim, sem vinna við ákvörðun og úrskurði mála í Tryggingastofnun, og hinum, sem njóta bóta, til ávinnings og verða í framtíðinni mótandi um túlkun laga og reglna, eins og svipaðir dómstólar hafa orðið á Norðurlöndum. Ákvæðið um þennan dóm dregur að sjálfsögðu í engu úr rétti einstaklinga til þess að leita réttar síns samkv. almennum dómstólum, ef þeir óska þess.

Ég hef nú farið yfir greinar þessa frv. En í viðbót vil ég geta þess, að í grg. er áætlað, að kostnaður vegna þeirra breytinga, sem í frv. felast, sé metinn á um 310 millj. kr. á ári. Ég vék áðan að ákvæðinu um hækkun bóta vegna nýrra kaupgjaldssamninga og vegna hækkana á kaupgjaldsvísitölu. Einnig sá kostnaður hefur verið áætlaður í samræmi við þau ákvæði, sem í frv. felast, en hann kemur að sjálfsögðu til framkvæmda eftir áramót. Almenn hækkun á fyrri hluta ársins af þessum sökum verður rúmlega 10 af hundraði, en á síðari hluta ársins bætast við þau 4%, sem verkalýðsfélögin hafa samið um, ásamt þeim breytingum, sem kunna að verða á kaupgjaldsvísitölu. Reikni maður t. d. með 10% hækkun í 6 mánuði og 16% hækkun í aðra 6 mánuði, munu greiðslur almannatrygginga hækka af þessum sökum um 240 millj. kr. Þetta tvennt, kostnaður vegna þess frv., sem hér liggur fyrir, og kostnaður almannatrygginga vegna nýrra kaupgjaldssamninga, nemur því um 550 millj. kr. Við þetta bætist kostnaður vegna þeirra breytinga á almannatryggingalögum, sem samþykktar voru á síðasta þingi og komu að nokkru leyti til framkvæmda 1. ágúst í haust, en koma til fullra framkvæmda nú um áramótin. Kostnaður af þeim breytingum hefur verið metinn 465 millj. kr. á ári, þannig að þetta þrennt merkir, að greiðslur almannatrygginga til viðskiptavina sinna hækka um rúmar 1000 millj. kr. á ári, yfir 1 milljarð kr. Mundu þá lífeyrisgreiðslur ársins 1972 verða 45–50% hærri en ársins 1971.

Eins og menn sjá, er hér um afar háar fjárhæðir að ræða. Ef fylgt hefði verið því kerfi, sem nú gildir, hefðu þessar breytingar haft í för með sér mjög tilfinnanlega hækkun á almannatryggingagjöldum, þessum gjöldum, sem lagzt hafa jafnt á alla, snauða jafnt sem auðuga, og m. a. hafa legið með óbærilegum þunga á þeim, sem haft hafa á framfæri ungmenni við skólanám. Þótt það felist ekki í þessu frv., þykir mér rétt að geta þess, að ríkisstj. hefur ákveðið að fella þessa nefskattainnheimtu niður, en afla teknanna eftir öðrum leiðum. Þessi breyting var að minni hyggju forsenda þess, að unnt væri að ráðast í þessar stórfelldu breytingar á almannatryggingakerfinu, og afnám nefskatta mun mjög auðvelda þá heildarendurskoðun, sem áfram er unnið að.

Þessar þrennar breytingar á almannatryggingalögunum, sem ég hef minnt á hér, ásamt afnámi nefskattanna, eru að minni hyggju félagslegur stóratburður, tímamót í sögu almannatrygginga, sem vissulega eiga þó eftir að þróast. En hinu gleymum við að sjálfsögðu ekki, að við verðum að afla þeirra tekna, sem almannatryggingakerfið þarfnast. Við verðum að framkvæma tilfærslu á fjármunum í þjóðfélaginu, sem þessu nemur. Að öðrum kosti munu þær hækkanir, sem við ákveðum nú, aðeins stuðla að verðbólgu, sem getur á skömmum tíma eytt þeim ávinningi, sem við ætlum að ná. Þann tekjuauka, sem við tryggjum öldruðu fólki, öryrkjum og sjúkum, verða þeir að greiða, sem betur eru settir í þjóðfélaginu, þeir, sem hafa sómasamlegar tekjur og þaðan af betri, þeir, sem eiga miklar eignir. Þetta er helzta forsendan fyrir þeim tekjuöflunarfrv., sem ríkisstj. leggur nú fram. Það er hvorki ánægjuefni fyrir þessa ríkisstj. né aðrar að leggja á ný gjöld. En ég segi fyrir mig, að ég stend að gjaldheimtu á þessum forsendum með mjög góðri samvizku. Og ég er þess fullviss, að allir þeir landsmenn, sem hafa félagslega afstöðu, og það eru sem betur fer langflestir, munu greiða gjöld í þessum tilgangi með léttari huga en nokkur gjöld önnur.

Herra forseti. Ég læt nú máli mínu lokið. Ég hóf ræðu mína á því að þakka hv. alþm. fyrir þá velvild að leyfa þessu frv. að koma til umr., um leið og það er lagt fram. En ég verð að fara fram á miklu meiri velvild. Þetta frv. er allt of seint fram komið af ýmsum ástæðum, m. a. af ástæðum, sem mér voru ekki viðráðanlegar. Engu að síður fer ég þess á leit við hv. heilbr.- og félmn., sem ég legg til, að fái málið til meðferðar, og hv. þd., að þessu máli sé veittur sá forgangur, að það komist til Ed. svo tímanlega, að unnt sé að afgreiða það fyrir jól, ef þingmeirihluti er fyrir því. Hér er farið fram á mikið, en fyrir því eru, sem betur fer, mörg fordæmi, að alþm. hafi tekið höndum saman um að afgreiða mál af þessu tagi á þann hátt.

Eins og ég hef áður tekið fram, heldur heildarendurskoðun tryggginganna áfram, og þegar því verki er lokið, sem verður naumast fyrr en á næsta þingi, og frv. um það kemur fram, þá heiti ég því, að því leyti sem það kann að koma til minna kasta, að þm. skulu fá nægan tíma til að fjalla um það í samræmi við eðlilega starfshætti á Alþingi Íslendinga.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þm. hafa ekki séð þetta frv. fyrr en nú í dag. Engu að síður taldi ég sjálfsagt að verða við ósk um það, að það mætti koma þegar í stað til umr. Og ég er þess fullviss, að minn flokkur, Alþfl., mun stuðla að því, að þessi d. geti afgreitt frv. svo tímanlega, að það geti komizt til hv. Ed. svo löngu fyrir hátíðir, að unnt verði að afgreiða frv. sem lög á þessu ári, þannig að það geti tekið gildi 1. jan. n. k. Við lauslegan yfirlestur á frv. er mér óhætt að fullyrða, að Alþfl. mun samþykkja meginatriði frv. og stuðla þannig að framgangi þess nú þegar fyrir hátíðir. Ég vona, að það sé talið eðlilegt, að ég hlýt fyrir flokksins hönd að áskilja honum rétt til þess að athuga einstakar greinar nánar en eðlilega hefur unnizt tími til. Er þá sjálfsagt, að n. geri það og flytji eða fylgi brtt. við einstakar greinar, ef slík athugun á einstökum atriðum leiðir í ljós, að það er talið eðlilegt.

Í því sambandi vildi ég t. d. nefna 11. gr., þar sem sú breyting er gerð á gildandi skipan, að afnumin er sú lagaskylda, sem nú er í gildi, að fjölskyldubætur skuli

hækka sjálfkrafa í samræmi við breytingar á almennu kaupgjaldi. Þetta er atriði, sem sjálfsagt er að ræða nánar og athuga nánar í n., en ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að það kann að vera, að einstök ákvæði í frv. þurfi sérstakrar athugunar við og ýmsum kunni að þykja ástæða til þess að gera breytingar þar á, a. m. k. meðan ekki hafa enn borizt fyllri skýringar á rökum fyrir þessu, en komu fram í ræðu hæstv. ráðh., þó að ég raunar ætlist engan veginn til þess, að einstakar greinar séu skýrðar við 1. umr. málsins, og er þetta því ekki aðfinnsla af minni hálfu.

Ég hlýt auðvitað að harma það, að jafn mikilvægt mál og hér um ræðir skuli ekki berast Alþ. fyrr en raun ber vitni um, en um það er ekki að sakast. Hér er mál, sem tvímælalaust á að hafa forgang, auk fjárlaga, í starfi þingsins fram að hátíðum, og flokkur minn mun stuðla að því, að það fái þann forgang.

En eins verð ég að láta getið. Hæstv. ráðh. upplýsti það í ræðu sinni, að kostnaðarauki af þessu frv. mundi nema 550 millj. kr. Hins vegar veitti ráðh. engar upplýsingar um það, hvernig ætlunin væri að afla tekna til þess að greiða þennan mikla kostnað, 550 millj. kr. Að sjálfsögðu skiptir það meginmáli í sambandi við öll frv., sem valda útgjaldaauka, og ekki síður þau, þar sem útgjaldaaukinn gengur til hinna beztu nota, hinna mestu þarfa, hver á að borga kostnaðaraukann. Það er hugsanlegt, að þegar að því er komið að ákveða, hver greiða skuli, þá sé að verulegu leyti tekið til baka með annarri hendinni það, sem búið var að veita með hinni.

Ég fékk þær upplýsingar í morgun, að enn lægi ekki fyrir áætlun hæstv. ríkisstj. um tekjuhlið fjárlaga, og er þó 2. umr. fjárlaga ákveðin þegar á morgun. Ég minnist þess ekki í 25 ára þingsögu minni, að 13. des., þ. e. þegar aðeins rúm vika er eftir af venjulegum starfstíma þingsins, liggi ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að afla fjár til þess mikla útgjaldaauka, sem þegar er komið fram af hálfu hv. fjvn., að um verður að ræða. Þetta ber að harma. Ég efast ekki um, að upplýsingar um það muni koma á morgun, þegar 2. umr. fjárlaga hefst, en ég vek athygli á því, að það er algerlega óvenjulegt, og að því er ég bezt veit, einsdæmi í starfssögu þingsins, að tekjuáætlun ríkisstj. sé jafn síðbúin og nú á sér stað, ekki hvað sízt þegar það er haft í huga, að fjárlagafrv. sjálft hækkaði um nál. 3000 millj. kr. frá gildandi fjárlögum, og vitað er, að í meðförum þingsins muni fjárlagafrv. enn hækka, að því er sagt er milli þm., einhvers staðar á milli 1000–2000 millj. kr. M. ö. o., þegar það virðist liggja fyrir, að væntanleg fjárlög fyrir árið 1972 muni verða einhvers staðar á milli 4000–5000 millj. hærri en gildandi fjárlög, þá skuli þingheimur ekki fá vitneskju um það, hvernig þessum útgjaldaauka eigi að mæta, fyrr en rúmri viku áður en fjárlög eru afgreidd. En ég skal ekki blanda umr. um þetta inn í þetta mál, en um þetta gefst eflaust nægilegt tilefni til þess að ræða í sambandi við fjárlögin sjálf.

Erindi mitt í ræðustól að þessu sinni var það eitt að lýsa því yfir fyrir hönd flokks míns, að hann mun stuðla að því, að þetta frv. geti orðið að lögum, áður en Alþ. fer í jólaleyfi, auðvitað að áskildum venjulegum fyrirvörum um það, að við kunnum að óska eftir að breyta einstökum greinum þess, en í heild munum við fylgja frv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni fyrir mjög góðar undirtektir við þá ósk, sem ég bar hér fram um stuðning við það, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu, og ég skil það vel, að menn áskilji sér rétt til þess að íhuga það og koma með hugmyndir um breytingar á því.

En í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um þá hlið málsins, hver ætti að borga, þá vil ég benda hv. þm. á það, að hér á borðum þm. liggja nú frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og enn fremur frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Í þessum frv. eru svör ríkisstj. við þessum spurningum. Að sjálfsögðu hefur þessum hv. þm. og öðrum ekki gefizt neinn tími til þess að líta á þessi frv., ég geri mér það fullkomlega ljóst. En þessi frv. eru komin fram, og þar á að vera svarið við þessum spurningum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, n. 214, 211, 225).

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. það, sem hér er til umr., til athugunar á nokkrum fundum og gert á því þær breytingar, sem fram koma í nál.

Með frv. er gert ráð fyrir, að tekjulágmark bótaþega hækki úr 7 þús. kr. á mánuði í 10 þús. kr. eða 120 þús. kr. á ári. Hér er um að ræða beint framhald af þeim ráðstöfunum, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. kom til framkvæmda með brbl. 19. júlí s. l., sem fólu í sér að flýta gildistöku laga nr. 67 1971 og að bótahækkanir samkv. þeim lögum yrðu greiddar frá 1. ágúst í stað 1. jan. 1972. Svo og er hér um efndir fyrirheita úr málefnasamningi ríkisstj. að ræða um, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar. Frv. felur og í sér mikla rýmkun á ákvæðinu um barnalífeyrisgreiðslur, og heimildarákvæði úr fyrri lögum eru hér gerð að skyldu. Einnig gerir frv. ráð fyrir því, að réttur karla og kvenna verði hinn sami við fráfall maka. Ýmis fleiri ákvæði eru í frv., svo sem um niðurfellingu hlutagreiðslu sveitarfélaga í bótahækkunum, aukin réttindi vegna slysadagpeninga o. fl.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., enda hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. útskýrt það hér í d. með ítarlegri ræðu við 1. umr. málsins.

Þær breytingar, sem heilbr.- og félmn. leggur til, að gerðar verði á frv., eru fyrst og fremst, að felld verði niður 12. gr. um tryggingadóm. N. er ekki andvíg því, að slíkur dómur verði skipaður, en telur eðlilegra, að um það mál verði sett sérstök löggjöf, og leggur því til, að bætt verði við 1. gr. frv. á eftir orðunum „þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms“ og þar komi: sem sett verði um sérstök löggjöf. Breyting þessi er gerð í

fullu samráði við ráðh. og ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn., svo og nm., sem sömdu frv.

Einnig leggur n. til, að seinni hluta 1. mgr. 2. gr. frv. verði breytt, og verður hann samkv. till. n. næstum því óbreyttur frá fyrri lögum.

Þá samþykkti n. að mæla með samþykkt ákvæða til bráðabirgða, sem bætast við frv., en n. bárust þessi ákvæði frá fjmrn. í gærmorgun.

Í nál. okkar komu fram aths. frá nm., þeim hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni og Ólafi G. Einarssyni, um þetta síðast nefnda atriði, svo og fleira, sem þau vildu sérstaklega benda á.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þm. Alþfl. styðja þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, og munu því fylgja frv. og stuðla að því, að það geti orðið að lögum, áður en Alþ. hefur jólaleyfi sitt.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 211 tvær brtt. Önnur er um breytingu á ákvæðum, sem í frv. eru, en þar er sú breyting gerð frá gildandi lögum, að fjölskyldubætur eiga samkv. frv. framvegis ekki að hækka sjálfkrafa í kjölfar breytinga á almennu kaupgjaldi, eins og lög gera nú ráð fyrir. Ég tel eðlilegt, að fjölskyldubætur eins og aðrar bætur hækki framvegis eins og hingað til í sama hlutfalli og kaupgjald breytist.

Þá er enn fremur rétt að vekja athygli á því, að hingað til hefur viðmiðunin við breytingar tryggingabóta verið við kaupgjald í almennri fiskvinnu, en samkv. frv. er ætlazt til þess, að framvegis verði miðað við breytingu á almennu Dagsbrúnarkaupi. Ég vek athygli á því, að þessi breyting hefur það í för með sér, að tryggingabætur 1. jan. n. k. munu hækka minna en þær hefðu gert, ef gömlu ákvæðin væru í gildi, þar eð kaupgjald í fiskvinnu hækkaði í síðustu samningum meira en almennt Dagsbrúnarkaup. Hins vegar skil ég þau rök, sem fyrir því hafa verið færð, að eðlilegt sé að miða breytingu á tryggingabótum við þá breytingu, sem verður á almennu kaupgjaldi verkafólks, og geri því ekki brtt. um þetta efni.

Þá hef ég leyft mér á sama þskj. að flytja brtt. um það, að fjölskyldubætur skuli áfram greiddar vegna þeirra barna, sem stunda framhaldsnám. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjölskyldubætur eru nú greiddar til 16 ára aldurs, þ. e. einu ári eftir að skyldunámi lýkur nú, en einmitt til þess aldurs, sem gert er ráð fyrir, að skyldunám muni vara samkv. þeim breytingum, sem ég þykist viss um, að alveg á næstunni muni verða gerðar á fræðslukerfinu, að fræðsluskylda verði framvegis frá 7–16 ára aldurs, og þá ná fjölskyldubæturnar einmitt til barna, sem eru á fræðsluskyldustiginu. Nú er það og kunnara en frá þurfi að segja og um það þarf ég ekki að orðlengja, að það kemur sér mjög illa fyrir fjölskyldur, sem eiga börn í skóla, að einmitt þegar framhaldsnám er hafið, skuli fjölskyldubæturnar falla niður. Og meðan nemendur eru á framhaldsskólastigi, frá 16–17 ára til tvítugsaldurs, þá njóta þeir engrar aðstoðar vegna námskostnaðar, sem þó er meiri en í barna- og gagnfræðaskólum, frá hinu opinbera, þar til kemur á háskólastig. Þá kemur til af hálfu hins opinbera myndarleg aðstoð frá Lánasjóði ísl. námsmanna við þá, sem stunda háskólanám og annað hliðstætt nám. En það hefur lengi verið ljóst, að hér er eyða í aðstoðarkerfi hins opinbera við skólanemendur, þá skólanemendur, sem stunda framhaldsnám einmitt á þessu árabili, frá því að fjölskyldubætur falla niður og þangað til háskólanám eða annað hliðstætt nám er hafið. Til þess að bæta úr þessu hef ég leyft mér að flytja brtt. um, að ef börn og unglingar séu í skóla, þá skulu fjölskyldubætur greiddar vegna þeirra fram til 21 árs aldurs, nema því aðeins, að áður hafi komið til aðstoð af hálfu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þá er ekki eðlilegt, að með slíkum nemendum séu greiddar fjölskyldubætur.

Svo telst til, að fjöldi í aldursflokknum 17–20 ára muni verða því sem næst 4300, og reikna má með, að í aldursflokkunum 17, 18 og 19 ára séu um það bil 55% í skóla, 6 mánuði eða lengur, en í 20 ára árgangi eru líklega um 40% í skóla. Ef miðað er við þessar hlutfallstölur, þá eru skólanemendur á þeim aldri, sem þessi nýju fjölskyldubótaákvæði mundu taka til, ef samþykkt yrðu, um 8815, og útgjaldaauki af þessum sökum mundi því verða um 52 millj. kr., eftir því sem næst verður komizt. Hér sýnist ekki vera um svo mikla fjárhæð að ræða, að ekki væri rétt að stíga þetta fyrsta spor til aðstoðar skólanemendum á framhaldsskólaaldri, sem nú njóta engrar aðstoðar. Mér er ljóst, að ef samþykkt verður að fella niður almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, þá er í því fólgin veruleg hagsbót fyrir skólanemendur, sem hingað til hafa þurft að greiða þessi gjöld, en það hefði verið mjög æskilegt, að þeir þyrftu ekki að greiða þau. Ef það verður ofan á að fella þau niður, þá er þar vissulega um hagsbót að ræða, en ég hygg, að allir séu um það sammála, að sú hagsbót sé ekki nægileg, og rétt væri að stíga frekara spor til stuðnings þessu fólki.

Ég geri mér ljóst, að lítill tími er til athugunar á málinu. Ég orðlengi því ekki frekar um þetta, þó að um þetta mætti margt segja. Ég skal engan frekari rökstuðning færa fyrir þessu. Ég hygg, að í raun og veru geri allir sér grein fyrir því, um hvað hér er að ræða, og ég hef reynt að velja til aðstoðar við framhaldsskólafólkið það einfaldasta form, sem hugsanlegt er, einfaldlega það, að það gangi inn í þrautreynt kerfi, margprófað kerfi, sem sé fjölskyldubótakerfið. Það hefur alla tíð verið skoðun mín, að grundvallaraðstoðin við það ætti að vera um hendur tryggingakerfisins, og þarna væri fyrsta sporið stigið í þá átt.

Ég geri mér ljóst, að þingið er á síðustu starfsdögum sínum, svo að ég orðlengi ekki frekar um þetta, en endurtek, að þótt við þm. Alþfl. hörmum, hversu seint mál þetta kom fram og hversu mikinn feiknahraða hefur orðið að hafa á afgreiðslu þess í heild í hv. heilbr.- og félmn., þá munum við stuðla að því, að málið nái fram að ganga fyrir jól, því að við teljum hér vera um stórmikið nauðsynjamál að ræða.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Frv., sem nú er til umr., fjallar um mjög merkilegt og mikilsvert mál, sem sannarlega þarf góðrar athugunar við. Í því eru ýmis atriði, sem allir þm. eru væntanlega efnislega sammála um og fela að mínu mati í sér ágætar réttarbætur. En ég get ekki látið hjá líða að ítreka þann hátt, sem hafður hefur verið á afgreiðslu þessa máls. Það var lagt fyrir Alþ. s. l. mánudag, tekið fyrir með afbrigðum til 1. umr. Það skal tekið fram, að a. m. k. við þm.

Sjálfstfl. höfðum ekki haft tækifæri til að líta á málið, áður en það var lagt fyrir hér á mánudaginn og tekið strax fyrir til 1. umr. Þá þegar var orðið svo mikið um fundahöld hér í þinginu og síðan næstu daga vegna fjárlaga og annarra mikilvægra mála, skattalaga o. fl., sem hér hafa verið til meðferðar, að varla hefur unnizt tími til þess að skoða þetta mál nægilega rækilega. Þó hefur verið eftir föngum athugað það, sem lagt var hér fram á mánudaginn. Ég þakka hv. heilbr.- og félmn. það, að hún hefur tekið til greina ýmsar ábendingar, sem við fulltrúar Sjálfstfl. í hv. heilbr.- og félmn., hv. 11. landsk. þm. og ég, höfum sett fram þar. Ég tel, að málið batni strax við, að þær ábendingar séu teknar til greina, og vona, að hv. þd. muni fylgja þeim. Í trausti þess, að málið yrði ekki miklu flóknara en er það var lagt fram á mánudaginn, þá tjáðum við okkur fylgjandi því að greiða fyrir því, að málið fengi eins hraðan framgang og unnt er hér á hv. Alþ. Þess vegna er það, að við fulltrúar Sjálfstfl. höfum skrifað undir nál. með nokkrum aths. þó, eins og hv. þm. hafa e. t. v. lesið í nál.

En ég vil benda á, að það hefur mikil áhrif að mínum dómi á meðferð þessa máls, að skyndilega í gærdag um tvöleytið, – ég veit ekki, hvort það hefur verið tveim mínútum fyrir tvö eða tveim mínútum yfir tvö, – var lagt inn á nefndarfund í heilbr.- og félmn. plagg í ljósriti, dags. 16. des., – menn taki eftir því, dags. 16. des., – um fjárhagsgrundvöll almannatrygginga. Þetta plagg er 4 síður, og farið var fram á, að við tækjum afstöðu til þess, helzt þá þegar, en fallizt var á, að nefndarfundur yrði aftur haldinn síðar um daginn, ef ske kynni, að tími gæfist til þess að lesa þetta plagg. Þannig fór fyrir mér, sem tók þátt hér í umr. í gær um annað mál og reyndi eftir föngum að fylgjast með umr. í þeim málum, sem á dagskrá voru, að mér varð á að veita mér þann munað að fá kaffitíma, eins og um hefur verið rætt hér í sambandi við önnur mál, að nauðsynlegt sé á vinnustöðum. Það varð til þess, að ég hafði 5 mínútur til þess að athuga þetta plagg um fjárhagshlið almannatrygginga, því að kl. 4 var boðaður fundur í heilbr.- og félmn., og kl. 4.30 var þingfundur um önnur mál. Fyrri fundurinn, sem heilbr.- og félmn. hélt í gær, var einnig hálftímafundur. Raunar stóð hann lengur, því að hann stóð örlítið fram á þann tíma, sem venjulegur þingfundur var einnig hafinn hér um önnur mikilvæg mál. Þetta vil ég láta koma fram, því að mér finnst slík vinnubrögð vera alveg óviðunandi.

Ég vil þó ekki láta skilja þessi orð mín svo, að ég sé á móti þeim till., sem hér voru lagðar fram í þessu máli á mánudaginn var, enda hafði ég látið orð falla um það, að þeim væri ég fylgjandi, og fyrir því vildi ég greiða, að þetta mál kæmist fram. En eins og menn sjá í nál. okkar, þá höfum við þrjú gert fyrirvara um afgreiðslu fjárhagshliðar málsins, og ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hann hér upp, því að ég efast um, að þm. hafi haft tíma til að lesa nál.

„Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur G. Einarsson og Ragnhildur Helgadóttir taka fram, að þau telji óhjákvæmilegt að átelja, hversu seint þetta mikilvæga mál var lagt fyrir Alþ. og hversu lítinn tíma n. hefur þess vegna haft til athugunar á því. Einkum og sér í lagi telja þau þó ámælisvert, að n. skuli hafa verið ætlað að taka afstöðu til bráðabirgðaákvæðanna um fjáröflunina á nokkrum klst." – Þær voru, þessar nokkrar klst., 2½ fyrir þá, sem höfðu setið við allan tímann og lesið plaggið. Fyrir þá, sem voru í öðrum störfum á venjulegum þingfundartíma, gáfust þarna t. d. fyrir suma 5 mín. – „Þar er um að ræða þátt í þeirri breytingu, sem ríkisstj. hefur boðað sem stefnu sína varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, en heildarafstaða til þeirra mála hefur ekki verið tekin. Hins vegar er sú hækkun tryggingabóta, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, svo mikið nauðsynjamál, að þau telja rétt, að frv. nái fram að ganga."

Nú vil ég geta þess, að í morgun hef ég reynt að athuga málið enn frekar og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hv. Alþ. og málinu sjálfu fyrir beztu, að samþ. væri svo hljóðandi till., sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 225, og er nú að gera grein fyrir henni við þessa 2. umr. málsins, þó að ég ætli síðan að draga hana til baka til 3. umr. Till. hljóðar svo:

„Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ráðh. getur ákveðið frestun á álagningu og innheimtu vegna ársins 1972 á hlut hinna tryggðu til lífeyristrygginga samkv. b-lið 20. gr., hlut sveitarsjóða samkv. c-lið 20. gr., hlut atvinnurekenda samkv. d-lið 20. gr. og iðgjöldum hinna tryggðu til sjúkratrygginga samkv. 2. mgr. 48. gr. l. Frestunin standi þó eigi lengur en til marzloka. Þann tíma skal ríkissjóður sjá fyrir rekstrarfé til lífeyris- og sjúkratrygginga."

Þessi till. gerir ráð fyrir, að efnislega geti frv. komið til framkvæmda að öllu leyti eins og það var lagt fram s. l. mánudag. Á það var þá bent, að það vantaði skýringar á fjárhagsgrundvellinum, og það er rétt, að vitanlega verður að vera í frv. ákvæði um, hvernig á að haga þeim málum, og við sjálfstæðismenn drögum sízt úr því. Og þess vegna sýnist mér, að ákvæði sem þetta muni strax bæta málið að miklum mun.

Þegar lýst var eftir skýringum á því s. l. mánudag, hvernig hæstv. ráðh. hefði hugsað sér að fjármagna almannatryggingar, þegar framkvæmdar hefðu verið þær hugmyndir ríkisstj., sem þegar hefur verið lýst í fjölmiðlum, m. a. að afnema almannatryggingagjaldið, þá svaraði hæstv. ráðh. því, að svörin við þessum spurningum um fjármögnun almannatrygginganna lægju í þeim frv., sem þá voru á borðum þm. nýkomin og enginn hefði haft tíma til að lesa. Þetta voru frv. til l. um tekju- og eignarskatt og frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta voru þær upplýsingar, sem við höfðum þá.

Í plagginu góða, sem ég nefndi og kom frá hv. fjmrn. í gær, er getið um þessi atriði. Er það í samræmi við þessar hugmyndir og að auki bætt við atriði, sem hvergi kom fram í umr. eða skýringum við frv. á mánudaginn. Er bætt við, að árið 1972 skuli leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14 frá 1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra laga að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans. Eftir því, sem fram kemur í skýringum með þessum till., er hér um að ræða framlengingu á lögum, sem sett voru um verðstöðvun. Þá var þessi sérstaki launaskattur lagður á, og þeim lögum var ætlað að gilda til ársloka 1971. Við höfum ekki heyrt það hér á hv. Alþ., að ríkisstj. ætli að halda áfram verðstöðvun

þeirri, sem framkvæmd var í tíð fyrri ríkisstj., og væri nauðsynlegt að upplýsa, hvort þessi till. þýði, að svo eigi að verða. Ef svo er ekki, þá þarf að athuga það mun betur, hvort það er ekki óeðlilegt, að till. um sérstakan launaskatt sé felld inn í, að ég ekki segi falin inni í, lög um almannatryggingar. Um þetta atriði hafa fjallað sérstök lög. Að mínu mati hefði verið eðlilegra að setja sérstök lög um þennan sérstaka launaskatt.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það, hvaða fjárhæð menn ætla, að þessi sérstaki launaskattur gefi. Virtist mér, að þeir, sem undirbjuggu þessar till. hlytu að hafa gert sér grein fyrir þessu. Um þetta atriði er engin tala í skýringunum frá hv. fjmrn., enda e. t. v. ekki eðlilegt, þar sem sami hraði og sömu vinnubrögð virðast hafa verið á þessum hlutum sem öðrum af hálfu hæstv. ríkisstj. þessa dagana.

Ég leyfi mér í þessu sambandi að beina fsp. til hæstv. fjmrh., – hann er ekki við. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hæstv. fjmrh. muni ekki vera í húsinu. Ég geri ráð fyrir, að það muni vera hann, sem spyrja á um þessi atriði. Frv. eins og það kom úr trmrn. fjallaði um aðra hluti, en þessar till. komu úr fjmrn. Og þm. þyrftu að fá skýringu á því, hvaða upphæð í krónutölu er um að ræða, hvaða áætlun liggur á bak við þetta og hvort búið er að reikna út, hverju launaskatturinn muni nema, þegar reiknað hefur verið með þeim hækkunum, sem urðu á launum núna nýverið. Þetta eru allt atriði, sem miklu máli skipta. Mér sýnist þetta vera allt svo óljóst, að nauðsynlegt sé að fresta þessum málum. Þó tel ég engan veginn til fyrirmyndar að þurfa að fresta þessum málum og yfirleitt því, hvernig eigi að fjármagna hlutina. En allt er þetta á eina bók lært. Við sjáum fjárlagafrv. og hvernig ætlazt er til, að staðið sé að afgreiðslu þess.

Ég hef nú satt að segja verið að vona og er enn að vona, að við sjáum raunverulega áætlun og eitthvað, sem hægt er að átta sig á, áður en fjárlagafrv. kemur til 3. umr. Ef svo verður ekki, þá virðist þetta geta fallið inn í þá heildarendurskoðun og athugun á fjáröflunarkerfi ríkisins, sem mér skildist á hæstv. ráðh. hér í gær, að ætti að fara fram nú eftir áramótin. Þess vegna sýnist mér eðlilegt, til þess að starfsemi tryggingganna geti gengið með eðlilegum hætti, að samþykkja þá till. um bráðabirgðaákvæði í þessu frv., sem ég hef lagt fram á þskj. 225. Ég held, að með samþykkt þeirrar till. yrði kannske bjargað örlitlu af virðingu hv. þm., sem mér sýnist vera í talsverðri hættu við þá fjárlagaafgreiðslu, sem fyrir dyrum stendur, ef ekki gerist eitthvað óvænt næstu daga.

Ef till. þessi verður samþ., er unnt að afgreiða þennan hluta almannatryggingafrv. um leið og aðra hluta af tekjuöflunarkerfi ríkisins, um leið og skattafrv. tvö á sínum tíma, enda er þetta allt saman í eðlilegu samhengi. Sýnist mér, að það væri mun betra, og þá gæfist þm. einnig tími til að athuga hlutina örlítið, eins og þeim ber raunar skylda til að gera. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh., sem með mál þetta fer, muni geta lagt þessu lið. Ég sé ekki, að starfsemi þessara þátta tryggginganna, sem við ræðum hér um, þurfi að truflast af þeim ástæðum.

Ég bið velvirðingar á því, að ég skuli leyfa mér að eyða svo miklu af tíma þingsins í umr. um þetta mál. En ég tel miklu varða, að vandlega sé að þessu staðið og þm. gefist nægur tími til þess að athuga hlutina, við séum ekki neydd til þess að henda frá okkur hálfunnum málum og komið sé óvænt, ég vil segja aftan að okkur, með till. um allt aðra hluti inn í mál, sem við erum búin að dragast á að fylgja. Þetta sést, þegar skoðað er ofan í kjölinn það, sem í þessum fjármögnunartillögum felst.

Svo að aftur sé vikið að launaskattinum, langar mig auk þess að fá að vita, hve hárri upphæð ætlað er, að hann muni nema á árinu. Þá er nauðsynlegt að fá upplýst, hvort þetta sé ekki örugglega tilfærsla, eða hvort þetta sé enn nýr launaskattur, hvort meiningin sé e. t. v. að halda áfram launaskattinum, sem ákveðinn var í verðstöðvunarlögunum, og þetta sé enn eitt atriði eða hvort við megum reikna með, að ekki verði um fleiri launaskatta að ræða.

Ég vil þá leyfa mér að víkja að þeim ákvæðum tryggingalaga, sem fjalla um tryggingabæturnar og greiðsluna á þeim. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. gerði hér grein fyrir, að við hefðum lagt til, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á þessu frv.

Í fyrsta lagi er það um ákvæðið um tryggingadóm. Í frv., eins og það var lagt fyrir, var gert ráð fyrir, að í tryggingadómi yrðu þrír menn, læknir, tryggingafræðingur og lögfræðingur, og þessi tryggingadómur setti sér sjálfur starfsreglur. Þetta tel ég alveg ótækt frá réttarfarslegu sjónarmiði, enda féllst n. á við nánari athugun að leggja til, að sérstök lög yrðu sett um tryggingadóm. Ég tel það geta verið til bóta í okkar réttarfari, að til sé sérstakur tryggingadómstóll. En lögum um hann verður þá að vera þannig háttað, að hann komi að raunverulegu gagni til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála. Til þess er nauðsynlegt að hafa hann þannig skipaðan, að hann geti kveðið upp dóma, sem geta átt heima inni í réttarkerfinu, og e. t. v. ætti að vera unnt að áfrýja úrskurðum og dómum tryggingadóms beint til Hæstaréttar. Eitthvað slíkt gæti orðið til raunverulegs flýtisauka. En eins og þetta var hugsað í upphafi í frv., þá sé ég ekki, að þarna sé um neinn dóm eða dómstól að ræða, heldur bara yfirtryggingaráð eða eitthvað slíkt, einhverja silkihúfu ofan á tryggingaráð. En allt öðru máli gegndi, ef hér væri um raunverulegan dómstól að ræða.

Það, sem ég vil sérstaklega benda á við nánari athugun þessa máls, er, að fyllilega kæmi til greina, að tryggingadómur fjallaði um fleiri atriði en aðeins þau, er almannatryggingar varðar. Ég teldi fyllilega koma til athugunar, að hann fjallaði um ágreiningsmál varðandi lífeyrissjóði og jafnvel Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég geri ekki ákveðnar till. um þetta. Ég hef ekki haft tækifæri til að athuga málið, en mér finnst eitthvað í þessa áttina mjög koma til greina og geta verið til bóta í okkar réttarkerfi.

Þá tel ég mjög til bóta, að nú skuli skylt að greiða barnalífeyri með munaðarlausum börnum. Mér sýnist, að það þurfi að leiðrétta orðalag í 2. gr. frv. í sambandi við það atriði. Þar stendur, að séu báðir foreldrar látnir eða ófærir um að inna framfærsluskyldu sína af hendi, skuli greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Þarna mun aðeins vera átt við munaðarlaus börn eða þau börn, sem eiga foreldra, sem eru annaðhvort látin eða þá öryrkjar. Til annarra aðstæðna mun þessu ákvæði ekki vera ætl-

að að ná. Þess vegna getur þetta orðalag valdið misskilningi og þyrfti að leiðréttast, áður en frv. færi úr þessari hv. d.

Þá virðist vera mjög til bóta ákvæði um, að heimilt verði að greiða barnalífeyri með börnum manna, sem sæti gæzlu- eða refsivist.

Enn eitt atriði, sem ekki virðist stórt í sniðum, en ég veit þó nokkur dæmi til, að sé mjög nauðsynlegt, varðar börn, sem ekki hefur tekizt að feðra, þrátt fyrir að gangskör hafi verið að því gerð í barnsfaðernismálum. Tel ég sanngjarnt, að unnt sé að greiða barnalífeyri með slíkum börnum. Það geta og hafa komið upp þau tilfelli, að um sé að ræða útlendan föður, sem ógerlegt sé að hafa upp á, og í slíkum tilvikum er mjög slæmt, að barnið skuli fara á mis við það framlag, sem feðrum er annars ætlað að greiða, eða barnalífeyri, sem greiddur er með börnum, sem misst hafa föður sinn, eða ef hann er örorkulífeyrisþegi. Þetta tel ég tvímælalaust til bóta, og einnig verð ég að segja, að mér finnst skynsamlega orðað þetta ákvæði að því, er til þess tekur, hvernig að slíkum málum þarf að vera staðið, til þess að umsóknir um lífeyri með börnum, sem ekki hefur tekizt að feðra, verði teknar til greina. Það er sem sé alls ekki verið að leggja til, að barnalífeyrir sé greiddur með ófeðruðum börnum yfirleitt, enda gæti það leitt til hins mesta ófarnaðar og tæplega gerlegt frá siðferðilegu sjónarmiði að standa að slíkri till. En í þessu formi sýnist mér það skynsamlegt.

Í sambandi við 4. gr. frv. höfum við hv. 11. landsk. þm. leyft okkur að gera sérstaka aths. í nál. Við teljum sanngjarnt og þjóðhagslega heppilegt, að tekjur ellilífeyrisþega að vissu marki verði ekki látnar valda skerðingu á rétti til tekjutryggingar samkv. 1. mgr. þessarar 4. gr. Við vitum það öll, hvernig framkvæmdin var á lögum um almannatryggingar fyrir hálfum öðrum áratug, þegar í gildi voru enn þá ákvæði um svo nefnda tekjuskerðingu á ellilífeyri. Menn fengu ekki fullan ellilífeyri, nema þeir hefðu tekjur undir vissu lágmarki. Þetta leiddi til þess, að menn létu hjá líða að vinna fyrir tekjum, sem þeim e. t. v. bauðst að gera, ef þeir gátu fengið sama fé frá Tryggingastofnuninni fyrir að gera ekki neitt, og skilyrði fyrir því, að þeir fengju þær bætur frá Tryggingastofnuninni var, að fólkið gerði ekki neitt eða hefði a. m. k. ekki þessar tekjur. Og ég geri ekki ráð fyrir, að það þýði frekar að segja fólki, sem komið er yfir 67 ára aldur, að vinna kauplaust en öðru fólki. Það er alveg sama hvötin, sem enn stendur þá, að menn vilja gjarnan hafa eitthvað upp úr sínu erfiði. Ég tel, að ákvæði, sem ganga í þá átt að rýra sjálfsbjargarviðleitni manna, dragi einnig úr því, að aldrað fólk vinni, sjálfu sér til gleði og lífsfyllingar og þjóðfélaginu til góða. Ég óttast það, að ef ellilífeyrisþegi sér, að hann getur fengið 120 þús. kr. á ári, ef hann hefur undir vissu tekjulágmarki, láti hann hjá líða að afla sér þeirra tekna, sem svipti hann þessum möguleika. Og þetta getur líka leitt til þess, að menn taki e. t. v. að hagræða skattframtölum sínum í þeim tilgangi að geta öðlazt þessa tekjutryggingu, sem þarna er fram boðin. Mér er alveg ljóst, að hugsunin að baki þessu er góð og falleg, en það, sem um er að ræða, er, að framkvæmdin á slíku ákvæði getur stundum leitt til hins öfuga við það, sem fyrirhugað er. Þess vegna hefðum við talið, að það væri æskilegt, að tekjur að vissu marki, við skulum segja 150 þús., jafnvel 200 þús., gæti ellilífeyrisþegi haft, án þess að það væri talið með í þeim upphæðum, sem um væri að ræða, þegar verið er að reikna út, hvort hann eigi rétt á tekjutryggingu eftir frv. Að tekjur ellilífeyrisþega umfram ellilífeyrinn kæmu sem sé ekki að öllu leyti til þess að valda skerðingu á þessum rétti til tekjutryggingar.

Að sjálfsögðu hefðum við getað flutt brtt. í þessa átt við frv., sem hér liggur frammi, en við erum nú einu sinni svo einkennilega samansett, stjórnarandstaðan, að okkur finnst nauðsynlegt að vita nokkurn veginn, hvaða kostnað og afleiðingar það hefur í för með sér, sem við erum að leggja til, og þess vegna vildum við ekki flytja brtt. í þessa átt núna, því að við höfum ekki nokkur tök á því að afla okkur upplýsinga um það, hvernig þetta mundi verka, á þessum litla tíma, sem ætlaður var til meðferðar þessa máls. Þess vegna bendum við á þetta í nál. okkar í þeim tilgangi, að það komi til vandlegrar athugunar í þeirri n., sem hefur tryggingamálið til frekari endurskoðunar og mér skilst, að enn sé í fullum gangi.

Þá langar mig að vekja athygli á því, að þessar reglur geta á vissan hátt valdið talsverðu misrétti kynja. Það hefur talsvert verið um það talað, að í þessu frv. fælist mikil bót á jafnréttisaðstöðu karla og kvenna í sambandi við tryggingar. En ef öldruð hjón hafa þannig tekjur, að þau missa af tekjutryggingunni, sem reiknað er með í 4. gr., þá er það ekki reiknað á þann hátt, að það séu þau hjónin, hvort um sig, sem hafi þær tekjur, heldur eru tekjur hjóna lagðar saman og sameiginlega reiknað út, hvort þau geti átt rétt á tekjutryggingunni eða ekki, þannig að ef einungis maðurinn hefur þær tekjur, að hann fari fram yfir lágmarkið, þá missa bæði hjónin af tekjutryggingunni. Þetta tel ég, að þyrfti að athuga mun betur en hér er gert. Mér reiknast til, að hjón geti fengið samtals 216 þús. með tekjutryggingunni í ellilífeyri, en ef þau fá enga tekjutryggingu, fá þau 126 þús. Ef þetta er ekki rétt, bið ég, að það sé leiðrétt.

Ég játa það, að svo mikill hraði hefur verið á að athuga þessi mál, að það kann að vera, að hér fari eitthvað milli mála. Ég hef ekki haft tíma til að afla talna úr Tryggingastofnun ríkisins um þessi mál, en mér sýnist, að í sambandi við þetta ákvæði þurfi að athuga aðstöðu í sambandi við jafnrétti karla og kvenna.

Í sambandi við ákvæðið um fjölskyldubætur vil ég taka fram, að það hefur lengi verið skoðun Sjálfstfl., að eðlilegra væri að afnema ákvæði um fjölskyldubætur úr lögum um almannatryggingar. Það er kunnugt, að fjölskyldubætur eru ekki hluti af tryggingakerfinu, heldur hefur greiðsla fjölskyldubóta verið, í því formi, sem hún núna er, meira hugsuð sem eins konar efnahagsráðstöfun. Það er þess vegna, sem svo einkennileg niðurstaða verður, að fjölskyldubætur eru greiddar með fyrsta barni vel bjargálna fólks, og það finnst mér sannast sagna ekki vera eðlileg niðurstaða. Og í samræmi við þá yfirlýstu stefnu núv. hæstv. ríkisstj. og stefnu fyrri ríkisstj. að gera hag hinna lægst launuðu sem beztan, þá held ég, að breytt fyrirkomulag á greiðslu fjölskyldubóta gæti einmitt komið mjög til athugunar í því skyni, og ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því, að brtt. um þetta efni skulu ekki verða

lagðar fram af hæstv. ríkisstj., um leið og hún leggur fram bæði frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt og frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar. Þess er e. t. v. að vænta, að slíkar brtt. komi frá hæstv. ríkisstj., þegar skattalög verða hér til meðferðar síðar í vetur. En ég hef skilið hæstv. heilbr.- og trmrh. svo í ræðum hér á Alþ., að hann hefði einmitt þessa sömu skoðun á fyrirkomulagi á greiðslu fjölskyldubóta og Sjálfstfl. hefur. Og ég vil hvetja til þess, að þetta mál verði athugað enn betur af þeirri n., sem hefur mál þessi til meðferðar. Ég hygg nú, að fyrrv. ríkisstj. hafi þegar unnið þar undirbúningsstarf, og væri því e. t. v. ekki svo geysiflókið mál að fella þessa hluti saman í það form, að fjölskyldubætur verði hér eftir eða síðar greiddar í gegnum skattakerfið í stað tryggingakerfisins nú, en það fyrirkomulag mun geta leitt til þess, að þær komi mun betur til góða hinum tekjulægstu í þjóðfélaginu.

Ég mun ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en ég get ekki varizt því, áður en ég lýk máli mínu, að harma það, að ég heyrði í umr. hér í gær, að hæstv. forsrh. allt að því átaldi okkur stjórnarandstæðinga fyrir að fylgja þessu máli, sem lagt er þó fram af hans hálfu. (Gripið fram í.) Er það mikill misskilningur? Það gleður mig mjög, og þá mun ég ekki hafa fleiri orð um það atriði.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. og öllum meðlimum hennar fyrir ákaflega góð störf. Ég fór fram á það við 1. umr., að þetta mál fengi mikinn forgang í störfum, og n. hefur sannarlega orðið við þessari beiðni minni.

Frá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni liggja fyrir brtt. á þskj. 211. Sú fyrri er um það atriði, að inn í ákvæðin um fjölskyldubætur verði teknir nýir liðir, sem eiga að fela í sér aðstoð við námsfólk. Þetta er hugmynd, sem við ræddum hér á síðasta þingi, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og ég, vegna þess að hér er um að ræða skipan, sem ég veit, að t. d. Svíar hafa í þessu sambandi. Hins vegar tel ég óeðlilegt, að um þetta mál verði fjallað í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það er starfandi á vegum ríkisstj. sérstök nefnd, sem á að fjalla um nýja tilhögun á stuðningi við námsfólk á bilinu á milli skyldunáms- og háskólastigs, og sú nefnd er að störfum. Og ég mun beita mér fyrir því, að þessi hugmynd hv. þm. verði rædd itarlega í þessari nefnd.

Annað atriði í till. hv. þm. er, að skylt skuli að hækka fjölskyldubætur eins og aðrar bætur almannatrygginga, en í frv. er, eins og kunnugt er, lagt til, að þetta verði ákvörðunarefni fyrir ríkisstj. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., hvers vegna ríkisstj. legði þetta til. Ég er á sama máli og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir um það, að fjölskyldubætur eru annars eðlis en almennar tryggingabætur. Fjölskyldubætur eiga að vera tekjujöfnunaraðferð að minni hyggju, og ég tel, að það þurfi að fjalla sérstaklega um það, að sú mikla upphæð, sem í þetta fer, nýtist miklu betur til tekjujöfnunar en raun er á núna, og um það mál verður fjallað í þeirri nefnd, sem vinnur núna að heildarendurskoðun almannatrygginganna. Þar verður fjallað áfram um þetta mál. Þess vegna hlýt ég að leggja til, að þessar till. hv. þm. verði felldar, og raunar er þar enn ein ástæða. Í þessum till. eru fólgin atriði, sem hefðu í för með sér mjög verulegar fjárupphæðir. Ég sé ekki í skjótu bili, hversu miklar þær fjárupphæðir munu vera, en mér sýnist, að þær muni vera milli 100 og 200 millj. kr., trúlega.

Eins og ég gerði grein fyrir í fyrstu umr., fela þríþættar breytingar á almannatryggingum, sem koma til framkvæmda um þessi áramót, í sér upphæð, sem nemur yfir 1000 millj. kr. Ég er sannfærður um það, að það er áhyggjuefni þm. almennt, hvort ríkisstj. spenni ekki bogann of hátt með till. af þessu tagi. Og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur varað sterklegar við því en nokkur annar þm., að ríkisstj. sé að fara yfir strikið með hugmyndum sínum um útgjöld ríkissjóðs. Ég hef einnig áhyggjur af þessu máli. Þess vegna tel ég ekki heldur fært af þessari ástæðu að fallast á till., sem hefðu í för með sér veruleg viðbótarútgjöld, að því er þetta atriði varðar.

Hv. þm. benti á það réttilega, að það væri tekin upp sú breyting í frv., að skyldan til hækkana á bótum almannatrygginga væri miðuð við almenna verkamannavinnu, en ekki fiskvinnu, og að þarna væri munur á. Þetta er alveg rétt, þarna er munur á. Ef farið hefði verið eftir fiskvinnutaxtanum, hefðu bæturnar hækkað um rúml. 13%, en í samræmi við þau ákvæði, sem í frv. eru, hækka þær um rúm 10%. Þetta er ekki ýkja mikill munur, en þetta er munur, það er alveg rétt. En ég gerði grein fyrir því í 1. umr., hvernig á þessu stæði. Ég tel, að það sé ekki rétt að miða þessi ákvæði við laun tiltekins starfshóps. Við erum hér að vinna að lagasetningu, sem getur staðið um alllangt skeið hugsanlega, og það gætu komið upp þau tilvik, að þessi starfshópur gerði kjarasamninga, sem kæmu verr út fyrir viðskiptavini almannatrygginganna. Meginatriðið er þó hitt, að ég tel, að það sé ekki rétt að leggja þá byrði á samningsaðila í verkalýðshreyfingunni, að hann sé ekki aðeins að semja um sín kjör, heldur einnig um útgjöld almannatrygginga.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti hér allítarlega ræðu og kom með margar aths. bæði við frv. og þetta mál í heild og ýmsar aths., sem ég er mjög sammála. Ég er t. d. algjörlega sammála hv. þm. um það, að það er vandamál í sambandi við tekjutrygginguna, hvernig fara eigi með fólk, sem vinnur og hefur nokkrar tekjur í því sambandi. Ég hef velt þessu máli mikið fyrir mér, og ég tel, að maður verði að reyna að finna einhverja lausn á þessu vandamáli. Þetta er vissulega vandamál, og um það verður að sjálfsögðu fjallað í þeirri nefnd, sem vinnur áfram að endurskoðun almannatrygginganna.

Hins vegar langar mig til þess að minnast á það í þessu sambandi, að á þessum kjarabaráttutímum, sem ég skal sízt lasta, heyrist það stundum, að vinnan sé böl, sem menn verði fyrst og fremst að fá bætt fjárhagslega. En vinnan er ekki aðeins böl, vinnan er lífið sjálft, og vinnan gefur mönnum lífsfyllingu. Ég veit ósköp vel, að aldrað fólk og öryrkjar, sem hefur tök á því að vinna, er að þessu leyti miklu betur sett en öryrkjar og aldrað fólk, sem ekki á kost á því að vinna. Við skulum einnig muna eftir þessari hlið málsins. Ég tel raunar, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að aldrað fólk, sem ekki fær að vinna hér almenna vinnu, en hefur fulla starfsorku, eigi þess kost að vinna t. d. hluta úr vinnudegi. Þetta er þjóðfélagslegt vandamál,

sem fer vaxandi, og vandamál, sem ég tel, að við verðum að sinna.

Í sambandi við bráðabirgðaákvæði um tekjuöflunarlið þessa frv. gerði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir margar aths. Þarna er um að ræða óhjákvæmilega forsendu þessara breytinga að sjálfsögðu, að gera ráð fyrir tekjum í þessu sambandi. Í þessum tekjum er ekki um að ræða neina nýja hluti. Hv. þm. spurði, hvort launaskatturinn væri nýr skattur. En það er ekki þannig hugsað. Hér er aðeins verið að framlengja þann skatt, sem fólst í verðstöðvunarfrv. Að þessu leyti er verið að því, má segja. Hv. þm. spurði einnig um upphæðir í þessu sambandi. Ég get nú því miður ekki svarað þessu af jafnmikilli nákvæmni og hæstv. fjmrh. væri vafalaust fær um að gera, en ég vil minna á það, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að launaskattarnir báðir, þessi 1½% launaskattur og gamli 1% launaskatturinn, nemi 700 millj. kr.

Hv. þm. gerði grein fyrir brtt., sem hún mun flytja við 3. umr. og sem hún ræddi við mig í morgun. Ég bar þá till. undir sérfræðinga mína í trmrn. og fjmrn., og niðurstaða þeirra varð sú, að þeir teldu ekki ástæðu til að hafa þann hátt á, að ráðh. geti ákveðið þá frestun, sem þarna er um að ræða. Þeir töldu, að þessi ákvæði væru í sjálfu sér það einföld og skýr, þó að ég skylji vel og geti fallizt á það, að þm. hafi haft naumari tíma til þess að átta sig á því, að þessa ákvæðis væri ekki þörf.

Ég skal fúslega á það fallast með hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, að þetta stórmál er allt of seint fram komið. Það á ekki aðeins við um þetta mál, heldur einnig um frv. ríkisstj. um tekjuskatt og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga. Ríkisstj. hefur færzt ákaflega mikið í fang með þessum miklu breytingum. Og ríkisstj. hefur haft nauman tíma til starfa. Þetta er að sjálfsögðu hennar réttlæting í þessu sambandi. Hins vegar er ég algjörlega sammála hv. þm. um það, að þm. eiga heimtingu á að hafa meiri tíma en þetta til að fjalla um mikilvægustu mál. Slíkt hefur þó vissulega áður gerzt hér á þingi. Ég hef staðið hér í þessum ræðustól og flutt hliðstæða gagnrýni og hv. þm., en það breytir engu um það, að þessi gagnrýni á rétt á sér. Við verðum að reyna að haga samvinnu ríkisstj. og Alþ. þannig, að alþm. geti fjallað á sem allra raunsæjastan hátt um þau mál, sem þeir þurfa um að fjalla.

En einmitt vegna þess arna, að þetta mál er umfangsmikið og hvað hv. heilbr.- og félmn. og fulltrúar allra flokka í henni hafa unnið kappsamlega að þessu máli, vil ég ljúka máli mínu með því að endurtaka þakkir mínar til n. Ég vil láta þess einnig getið, að þeirri breytingu, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir minntist á í sambandi við 2. gr. frv. og hún hafði vakið athygli mína á áður, er ég sammála og mun við 3. umr. flytja till. um hana.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. lagði þetta frv. fyrir d., bað hann bæði þm. og þá n., sem fengi málið til meðferðar, að hraða afgreiðslu þess þannig, að það væri öruggt, að það næði fram að ganga fyrir jólafrí. Þegar hæstv. ráðh. var spurður um tekjuhlið málsins, svaraði hann því alveg hreint, að hún fælist í því frv., sem lagt hefði verið á borð þm. Ég tel því, að hæstv. ráðh. beri bein skylda til þess að sjá svo um, að sú n., sem hefur með þetta mál að gera og hefur haft það til athugunar, sé ekki að setja inn í það ákvæði, sem koma þm. mjög á óvart og alveg í bakið á þeim, þegar farið er fram á það, að þeir afgreiði málið með sérstökum forgangshraða. Ég er sannfærður um það, að það er fullur vilji hér á Alþ. til þess að koma málinu fram, eins og hæstv. ráðh. fór fram á. Það er ekki það, sem um er deilt.

Það kemur þarna á síðustu stundu eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir réttilega benti á, ákvæði um 1½% launaskatt til að standa undir útgjaldahlið þeirra breytinga, sem hér eru lagðar til. Hún spurðist fyrir um það, hvað þessi 1½% launaskattur mundi nema miklu. Ég held, að þetta liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, og benti hæstv. heilbrrh. á það hér, að í fjárlögum er gert ráð fyrir 700 millj. kr. tekjum af launaskatti. Í grg. með fjárlagafrv. er þess getið, að þar sé innifalinn 1½% skatturinn, sem lögum samkv. átti að standa til loka þessa árs. Ef ég man rétt, voru gamli 1% skatturinn og nýi 1½% skatturinn innheimtir af sama tekjustofni eða á sama hátt, og sýnist mér því auðséð, að 1½% skatturinn, sem hér er gert ráð fyrir í till. hv. heilbr.- og félmn., nemi 420 millj. kr. Ég held, að það fari ekkert á milli mála með það, að 3/5 hlutar af 700 millj. séu 420 millj. Í grg. með frv., eins og það var lagt hér fyrir, segir í síðasta málsl., sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður vegna þeirra breytinga, er frv. hefur í för með sér, hefur verið kannaður og er talinn vera þannig: Vegna lífeyristrygginga 296 millj., vegna slysatrygginga 3.4 millj., vegna sjúkratrygginga 11.8 millj. Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga þarf því að hækka um 106.6 millj. og sjúkratrygginga um 6.7 millj. frá fjárlagafrv. 1972."

Hérna er hins vegar verið að leggja til 420 millj. kr. nýjan skatt, því að þetta verður nýr skattur, þar sem ákvæðið um 1½% launaskattinn rennur sjálfkrafa út um næstu áramót, ef það verður ekki framlengt. Ég vil gera þá kröfu til hæstv. heilbrrh., að hann sjái um, að þetta ákvæði verði tekið út úr till. n. við 3. umr., og ef á að framlengja 1½% skattinn, eins og fjárlög gera ráð fyrir, verði það gert á venjulegan hátt, með því að framlengja þau lög, sem um hann gilda. Ég tel, að það sé miklu hreinni aðferð en að vera að lauma þessu ákvæði um 420 millj. kr. álögur á atvinnurekstur inn í nál. hjá þessari n., sem fer með það mál, sem hér liggur fyrir. Ég tel þessa aðferð hvorki sæmandi hæstv. ráðh. né Alþ. Það er ekkert við því að segja, ef það er stefna hæstv. ríkisstj. að ætla að framlengja 1½% launaskattinn, en þá á bara að gera það á venjulegan hátt, eins og þegar lög eru framlengd, ef þau eiga að gilda lengur. Hvaða skýring er á því, að þarna segir í grg. frv., að hér sé um 106.6 millj. kr. aukaútgjöld að ræða umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., en hér er ætlazt til, að við samþykkjum nýjan skatt upp á 420 millj. til að mæta þessari upphæð, sem þar er gert ráð fyrir? Þetta getur ekki farið saman.

Ég vil ítreka tilmæli mín til hæstv. ráðh., að hann sjái um, að þetta ákvæði verði tekið út úr till. n., því að það er fullur vilji fyrir því í þessari hv. d., enda kemur það fram í nál. og hefur komið fram í framsögu þeirra aðila, sem mælt hafa fyrir nál., að þetta mál nái fram að

ganga, eins og það var lagt fyrir af hæstv. heilbrrh. með þeirri grg., sem hann gerði um málið í framsögu sinni og með þeirri grg. hans um tekjuöflunarhlið málsins, sem hann taldi þá og lýsti yfir, að fælist í því frv. um tekju- og eignarskatt, sem þá hafði nýlega verið lagt á borð alþm.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það þarf aðeins að gefa nokkra skýringu á því, sem hér hefur verið rætt um varðandi framlenginguna á lagaákvæðunum um launaskatt. Ég gæti tekið undir þær aths., sem hér hafa komið fram um það, að framlengingin á þessu lagaákvæði hefði gjarnan mátt vera í öðru frv. en þessu út af fyrir sig. En hins vegar get ég ekki séð, að það skipti ýkja miklu máli, hvort þetta bráðabirgðaákvæði verður í þessu frv. eða öðru.

Hér er ekki um það að ræða, að verið sé að leggja á nýjan skatt. Hér er aðeins um það að ræða að framlengja skatt, sem verið hefur í gildi, og samkv. fjárlagafrv. er ætlað að halda honum áfram. Þegar launaskatturinn var lagður á á sínum tíma í sambandi við verðstöðvunarlögin, var þar um ákveðna efnahagsaðgerð að ræða, sem hefur verið gert ráð fyrir að halda áfram. Með því að, eins og fram hefur komið hér, ætlunin er, að verðstöðvun sem slík falli niður um næstu áramót, þarf að framlengja ýmis ákvæði, sem í þeim lögum eru. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því að framlengja þetta ákvæði varðandi launaskattinn, og einnig er áformað að framlengja ýmis önnur ákvæði úr þeirri löggjöf, sem miða að því að halda áfram undir verðlagseftirliti öllu því, sem verðstöðvunarlögin annars bundu. Það má auðvitað segja, að það hefði mátt framlengja verðstöðvunarlögin, sem slík út af fyrir sig. En vegna þess að ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að leyfðar muni verða ýmsar verðbreytingar af eðlilegum ástæðum, eins og nú er komið, finnst ríkisstj. óeðlilegt að kalla þetta ástand verðstöðvunartímabil, en hins vegar er meiningin, að öll ákvæði úr verðstöðvunarlögunum, sem miða að því að banna hækkun á verðlagi á vörum og þjónustu nema að fengnu leyfi viðeigandi stjórnarvalda, verði áfram í lögum. Það hafa því verið gerðar ráðstafanir til þess að biðja aðra n. í þinginu að sjá um að skjóta hér inn í annað frv. ýmsum öðrum ákvæðum, sem betur þykja eiga heima í því frv. um verðlagsmál, þar sem um er að ræða framlengingu á ákvæðum úr verðstöðvunarlögunum. En fjmrn. hefur þótt heppilegt að bæta við þetta frv. framlengingarákvæðunum um launaskatt. Þetta vildi ég, að kæmi fram.

Ég álít, að málið sé ofur einfalt í sjálfu sér. Ef hér eru einhverjir, sem ekki vilja framlengja þennan skatt, sem verið hefur í gildi, þá verður hann að sjálfsögðu borinn upp sérstaklega, og afstaða þeirra til launaskattsins sem slíks kemur þá greinilega fram við atkvgr., en hitt get ég vel tekið undir, að framlengingin á þessu ákvæði hefði gjarnan mátt að mínum dómi vera í einhverjum öðrum lögum fremur en að hnýta þeim þarna, en ég held, að það sé ekki neitt á móti því, að framlengingin sé sem bráðabirgðaákvæði við þessi lög. En hér er sem sagt ekki um það að ræða, að verið sé að leggja á nýjan skatt, eða gera neina slíka breytingu, og það má segja, að þessi skattur komi ekki þessu máli við sérstaklega, heldur er þetta aðeins almennt í sambandi við tekjur ríkissjóðs, eins og fjárlagafrv. sjálft ber greinilega með sér.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég var ekkert út af fyrir sig að ræða um afstöðu mína til launaskattsins. Ég taldi bara þá aðferð, sem hér er viðhöfð, vera óeðlilega og óframbærilega eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. heilbrrh. gaf hér, þegar hann lagði frv. fram, þ. e. að tekjuhlið þess væri tryggð í þeim frv., sem þá höfðu nýlega verið lögð á borð þm.

Það er talið í frv., að útgjaldaaukningin sé 311 millj. Nú liggur það fyrir, að hér er verið að leggja til nýjan skatt, því að þetta er nýr skattur. 1½% skatturinn átti að mæta ákveðnum útgjöldum vegna verðstöðvunarinnar. Þetta hlýtur því að teljast nýr skattur. Þó að auðvitað megi framlengja lögin eitthvað breytt, þá er þarna um rúmlega 100 millj. kr. hærri upphæð að ræða en frv. segir til um, að þessi breyting, sem verið er að gera á lögunum, komi til með að kosta ríkissjóð. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur alveg í hendi sér, hvort hún vill framlengja ákvæðin um launaskatt, eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum og reiknað verður með, að muni gert verða, en þá á það bara að gerast á eðlilegan og þinglegan hátt. Auk þess getur hæstv. ríkisstj., ef hún telur, að tími sé ekki til þess fyrir jólafrí að framlengja þau lög, sem þar um gilda, gert það þá með brbl., meðan þing ekki situr í jólafríinu, ef hún telur sig þurfa þess með. En þetta tel ég alveg ósæmilega aðferð, að bera fram tilmæli til þm. um að veita málinu sérstakan forgang, sem ég held, að allir þm. muni fallast á, og ætla svo að koma í bakið á okkur með því að blanda inn í málið umdeilanlegum, nýjum skatti. Það er þetta, sem ég er að átelja, en ekki skattinn út af fyrir sig. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh., að við getum um það deilt, ef við höfum á því skiptar skoðanir, við annað tækifæri en í sambandi við það lagafrv., sem hér liggur fyrir og er alveg sérstaks eðlis og hefur velvilja, eins og ég hef sagt áður, þm. um, að það fái sérstaka meðferð.

ATKVGR.
Brtt. 214,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 214,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 211,1 felld með 16:6 atkv.
5.–10. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 211,2 felld með 17:8 atkv.
11. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 214,3 (12. gr. falli niður) samþ. með 34 shlj. atkv.
– 214,4 (13. gr. falli niður) samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 225 tekin aftur til 3. umr.
– 214,5 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 231, 225).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr., að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefði bent mér á ákvæði í 2. gr. um barnalífeyri, sem betur mætti fara en var í frv. upphaflega, og ég er sammála hv. þm. um þetta atriði.

Í 2. málsl. 2. gr. var komizt svo að orði í hinu upphaflega frv.: „Séu báðir foreldrar látnir eða ófærir um að inna framfærsluskyldu sína af hendi, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.“ Þetta mætti túlka þannig, að tryggingarnar væru að taka á sig skyldur gagnvart þjóðfélagshópum, sem tryggingarnar hafa ekki fjallað um til þessa, og það var ekki ætlunin með þessu frv. Þess vegna legg ég til, að 2. málsl. orðist svo: Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Í því sambandi vil ég minna á, að í sömu gr. eru ákvæði um heimild til að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega.

Ég bar þetta undir hv. heilbr.- og félmn. í morgun, og það varð samhljóða álit n. að vera með þessari brtt. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það barst beiðni til heilbr.- og félmn. um að flytja brtt. við 11. gr. laganna. Heilbr.- og félmn. varð sammála um að verða við þessari beiðni, og mér var falið að hafa samband við Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra og forstjóra Tryggingastofnunarinnar, Sigurð Ingimundarson. Ef þeir sæju ekkert því til fyrirstöðu, að þessi breyting yrði gerð á frv., þá ætluðu nm. að flytja þessa till. En hún er svo hljóðandi:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Orðin „sem átt hafa sér stað eftir 1. jan. 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.“

En til þess að hv. alþm. átti sig á, við hvað er átt, þá ætla ég, með leyfi forseta, að lesa niðurlag 11. gr., sem er svo hljóðandi:

„Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. jan. 1961.“

Þeir, sem höfðu frestað þessu fyrir 1. jan. 1961, koma ekki undir þetta ákvæði, eins og lögin eru, og þess vegna leggur heilbr.- og félmn. til, að þetta verði fellt niður.

En þar sem þessi till. er skrifleg og of seint fram borin, þá verð ég að leita þess við hæstv. forseta, að hann fái heimild til þess að láta þetta ganga fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 232 og 233) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 233 samþ. með 28 shlj. atkv.

– 232 samþ. með 29 shlj. atkv.

– 225 felld með 17:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar ég mælti fyrir þessu máli í Nd., gerði ég það allítarlega, fjallaði um hverja gr. frv. fyrir sig og gerði grein fyrir röksemdum mínum fyrir þeim. Ég vildi hins vegar leyfa mér hér í Ed. að fjalla um frv. í dálítið styttra máli, vegna þess að ég veit, að þm. eru ákaflega önnum kafnir og langar ræður eru ekki vel þegnar, og hafi menn hug á því að kynna sér frekar þær röksemdir, sem ég var með í Nd., þá er ræða mín þar að sjálfsögðu tiltæk hjá skrifstofu Alþingis.

Lög um almannatryggingar nr. 67 frá 1971, sem samþ. voru á Alþ. á s. l. vori, áttu að taka gildi, eins og kunnugt er, hinn 1. jan. n. k. Núv. ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að flýta gildistöku bótaákvæða lífeyristryggingarinna, og var þetta eitt af atriðum málefnasamnings ríkisstj., og því voru gefin út brbl. þar að lútandi hinn 19. júlí 1971, og voru þessar bótahækkanir greiddar frá 1. ágúst. Það var einnig eitt af atriðum málefnasamnings ríkisstj., að tekið skyldi til endurskoðunar allt almannatryggingakerfið, einkum með það fyrir augum að gera greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja það háar, að það nægði til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki hafa aðrar tekjur. Í samræmi við þetta var á s. l. sumri skipuð nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða tryggingalöggjöfina, og hefur sú nefnd starfað síðan og starfar enn. Af hálfu ríkisstj. var lögð á það áherzla, að nefndin ynni starf sitt í tvennu lagi. Annars vegar að gerð tillagna um ráðstafanir, sem nauðsynlegt væri að koma í framkvæmd um leið og lög um almannatryggingar taka gildi hinn 1. jan. n. k. Hins vegar að halda áfram heildarendurskoðun almannatryggingalaganna. Nú var vitað, að sú endurskoðun tæki mun lengri tíma.

Það lagafrv., sem hér liggur fyrir, eru þær breytingar, sem nefndin hefur talið, að þyrftu að komast fram og taka gildi um leið og almannatryggingalögin nr. 67 frá 1971. Þó á þetta ekki við um 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða, sem eru samin á vegum ríkisstj.

Meginbreyting þessa lagafrv. felst í 5. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir breytingu á núv. 19. gr. laganna, þannig að lágmarksbætur elli- og örorkulífeyrisþega hækki, ef þeir hafa ekki aðrar tekjur, úr 84 þús. kr., eins og er í frv. í dag, í 120 þús. kr. á ári, eins og segir í 4. gr. laganna, þ. e. 10 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og 18 þús. kr. fyrir hjón, ef bæði eiga rétt á tekjutryggingu. Þá er einnig gert ráð fyrir í þessari gr., að heimildarákvæði haldist um frekari greiðslur, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi komist ekki af án hækkunar, en sú meginbreyting er gerð, að nú verður gert ráð fyrir því, að hér verði um tryggingabætur að ræða, en ekki framfærslugreiðslur, því að þáttur sveitarfélaganna í þessum uppbótum er felldur alveg niður. Með þessari breytingu, eins og hún er sett fram í 5. gr. frv., er stigið stórt skref í áttina til þess markmiðs, sem sett var fram í málefnasamningi ríkisstj., en þar sagði orðrétt:

„Greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að þær nægi til

framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur."

Þær breytingar, sem orðið hafa núna á fáeinum mánuðum, fela í sér meira en 100% hækkun á greiðslum til þess fólks, sem nýtur tekjutryggingar. En þrátt fyrir þessa háu prósentutölu vil ég vekja athygli manna á því, að hér er ekki verið að bjóða til neinnar veizlu. Þessar bætur eru þrátt fyrir allt ekki hærri en sem svarar 50–60% af dagvinnulaunum verkamanna, eftir þær hækkanir, sem fram koma vegna fyrsta áfanga nýgerðra kjarasamninga.

Ljóst er, og Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar fengið af því nokkra reynslu, að ýmis vandamál rísa, þegar taka á afstöðu til bótahækkunar samkv. þessari gr., og er þá gert ráð fyrir því, að sett sé reglugerð um nánari framkvæmd lífeyrishækkunarinnar, að fengnum till. tryggingaráðs, sem að sjálfsögðu mun gera slíkar till. í samræmi við þá reynslu, sem Tryggingastofnunin hefur nú þegar af framkvæmd þessa bótaákvæðis.

Aðrar breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru rýmkun á ákvæðum barnalífeyris, sem um er fjallað í 3. gr. Þar er gert ráð fyrir, að ýmis atriði, sem nú eru heimildarákvæði, breytist í skyldugreiðslur, svo sem barnalífeyrir vegna örorku móður. Þá verða tekin upp ný heimildarákvæði, svo sem að greiða barnalífeyri vegna manna, sem sæta gæzlu- eða refsivist, svo og vegna barna, sem ekki hefur tekizt að feðra. En að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að feðrun hafi verið reynd fyrir dómi, en ekki tekizt, þannig að þarna er gert ráð fyrir mjög fáum tilvikum, en slík tilvik eru því miður til. Svipaðar breytingar eru lagðar til með 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að tekið verði upp jafnrétti kynjanna, þannig að ekkjur og ekklar njóti sama réttar við fráfall maka. Þá er gert ráð fyrir breytingum á greiðslum dagpeninga sjúkratrygginga og slysatrygginga, og gert er ráð fyrir að miða allar dagpeningagreiðslur við einstaklinga, án tillits til kynferðis og hjúskaparstéttar, og hækka verulega greiðslur vegna barna á framfæri og sé greitt fyrir hvert barn á framfæri. Um þetta er fjallað í 8. og 9. gr. frv.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir viðbót við 54. gr. laganna, og er viðbótin sett til að ítreka skyldur sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunar og umboðsmanna hennar til þess að kynna bótaþegum sem rækilegast rétt þeirra, og er með gr. lögð skylda á starfsfólk þessara stofnana til þess að kynna sér rækilega allar aðstæður þeirra, sem til stofnananna leita. Þessi gr. hvetur Tryggingastofnunina og starfsdeildir hennar til þess að taka upp sérstaka kennslu í tryggingafræðum, þ. e. þeim þáttum þeirra, sem lúta að starfi stofnananna, lagaákvæðum, bótareglum og því um líku, svo að enginn geti starfað við þessar stofnanir í neinni stöðu, þar sem eitt af hlutverkum er að gefa upplýsingar og ráðleggingar, án þess að hafa til að bera þá kunnáttu, sem nauðsynleg er slíku starfsliði.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir breytingu á núv. 78. gr., og er breytingin tvíþætt, annars vegar sú að miða breytingar á tryggingabótum við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Hins vegar sú að undanþiggja fjölskyldubætur þeim ákvæðum, sem gr. fjallar um, en gera það að ákvörðunarvaldi ríkisstj. hverju sinni, hvernig um það skuli fjallað.

Fyrri breytingin er tilkomin annars vegar vegna hlutfallsbreytingar, sem hefur orðið á dagvinnukaupi, sem til var vitnað í fyrri gr., og vikukaupi vegna styttingar vinnutíma, og hins vegar vegna þess, að eðlilegra þótti að miða hér við almenna verkamannavinnu, en ekki almenna fiskvinnu, eins og gr. gerir ráð fyrir nú. Ég tel það afar óeðlilegt að miða þetta ákvæði við tiltekinn starfshóp í verkalýðshreyfingunni, og stundum getur af því hlotizt ávinningur fyrir viðskiptavini almannatrygginga, og stundum getur hlotizt af því tap. En hitt finnst mér þó mestu máli skipta, að mér finnst það ekki vera hægt að leggja það á hóp innan verkalýðshreyfingarinnar og það hóp, sem er jafn viðkvæmur að mínu áliti og starfsfólk í fiskvinnu, að það bætist ofan á samningsaðstöðu þeirra, að þetta fólk eigi einnig að semja um útgjöld almannatrygginga.

Eins og ég sagði áðan, felst einnig í þessari gr. að taka fjölskyldubætur undan skylduákvörðun ráðh. og gera hækkun fjölskyldubóta að ákvörðunaratriði ríkisstj. allrar, þar sem fjölskyldubætur hafa sérstöðu. Þær eru tryggingabætur af sérstöku tagi og greiðast að fullu úr ríkissjóði. Fjölskyldubæturnar eru fyrst og fremst hugsaðar sem aðferð til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu, og ég hygg, að það væri mikil nauðsyn að endurskoða það kerfi og íhuga, hvort ekki sé hægt að hagnýta þær miklu upphæðir, sem þar er um að ræða, mun betur en nú er gert, einmitt til þess að ná betri tekjujöfnun. Og þetta verður eitt þeirra atriða, sem um verður fjallað af þeirri nefnd, sem áfram starfar að heildarendurskoðun almannatrygginga. Í sambandi við þetta vil ég einnig minna á það, að í sambandi við verðstöðvunarlögin var ákveðin veruleg hækkun á fjölskyldubótum, og það er ákveðið, að sú hækkun muni haldast, þó að verðstöðvunarlögin falli úr gildi að forminu til, þannig að þetta atriði brennur ekki sárt á mönnum, eins og sakir standa.

Í upphafi frv. er gr. um, að settur verði á stofn sérstakur tryggingadómur og um hann verði sett sérstök löggjöf. Það hefur lengi verið um það rætt, að nauðsynlegt væri, að í tengslum við almannatryggingakerfið starfaði sérstakur tryggingadómstóll, sem bótaþegar gætu skotið úrskurðum og ákvörðunum um bætur til, og ég tel þetta vera mjög mikilvægt atriði, en um það verður á sínum tíma fjallað í sérstöku frv.

Reynt hefur verið að gera sér grein fyrir því, hvaða kostnaðarauka þetta lagafrv. hefur í för með sér, og hefur þar verið stuðzt aðallega við útreikninga tryggingafræðings Tryggingastofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir, að kostnaðaraukinn í heild verði um 311 millj. kr., sem skiptist þannig, að vegna lífeyristrygginga verði kostnaðaraukinn 296 millj., vegna slysatrygginga 3.4 millj. og vegna sjúkratrygginga 11.8 millj. Ef litið er á fjárlög gildandi árs og frv. til fjárlaga fyrir árið 1972, eins og það var lagt fyrir Alþ., þá kemur í ljós, að þar var gert ráð fyrir 465 millj. kr. hækkun á útgjöldum lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins, eða um 22% hækkun. Þegar tekið er tillit til þeirra breytinga, sem hér eru lagðar til, þá verður hækkunin milli ára um 760 millj. eða um 35% miðað við fjárlög ársins 1971. Auk þessa munu eftir áramótin verða ákveðnar hækkanir samkv. 78. gr. eða samkv. 12. gr. þessa frv., eins og skylda ráðh. er, og þessar bætur munu hækka samkv. þessu ákvæði um rúmlega 10%, og óvarlegt er að gera

ráð fyrir, að bótahækkun síðar á árinu nemi ekki a. m. k. 6% til viðbótar. Að frádregnum fjölskyldubótum nema þessar hækkanir vegna lífeyristrygginganna um 240 millj. kr. eða sennilegt, að bætur lífeyristrygginga muni verða allt að 1000 millj. hærri á árinu 1972 en þær voru á árinu 1971. Með tilliti til þessa alls má gera ráð fyrir því, að lífeyrisgreiðslur ársins 1972 verði um 45–50% hærri en ársins 1971. Ríkisstj. telur sig með þessum ákvörðunum hafa komið nokkuð til móts við það markmið sitt að gera tryggingabætur þannig, að þær nægi bótaþegum til framfæris, en heildarendurskoðun tryggingakerfisins mun halda áfram, eins og ég hef áður getið, en þess er tæplega að vænta, að lokatillögur þeirrar nefndar geti legið fyrir fyrr en á næsta þingi.

Auk þeirra atriða, sem ég hef talið, eru í frv. ákvæði til bráðabirgða, sem víkja að þeim breytingum, sem verða á tekjuþáttum almannatrygginga í sambandi við breytingar á þessum lögum og aðrar breytingar, sem gerðar eru nú á tekjum ríkis og sveitarfélaga. Röksemdum fyrir þessum breytingum var útbýtt hér, og þær liggja á borðum þm., þannig að ég verð að láta mér nægja í sambandi við það að vísa til þeirra.

Ég vil hins vegar láta þess getið, að í Nd. var það gagnrýnt af stjórnarandstöðunni, að þessi ákvæði til bráðabirgða hefðu borizt ákaflega seint, og vissulega er það rétt. Bæði málið allt og þessi ákvæði hafa borizt svo seint, að það er farið fram á ákaflega mikið af hv. þm. að biðja þá að afgreiða þetta mál á jafn skjótum tíma og til er ætlazt.

Efnislega virtist mér þó, að gagnrýnin á ákvæðum til bráðabirgða í Nd. beindist fyrst og fremst að einu atriði, að þarna er í III. lið í ákvæðum til bráðabirgða ákvæði um, að á árinu 1972 skuli leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Hér er ekki um að ræða neina nýja ákvörðun af hálfu ríkisstj. Fyrir þessu var gert ráð þegar í fjárlagafrv. Þetta er ekki neinn nýr launaskattur, heldur sá launaskattur, sem lagður var á með verðstöðvunarlögunum. Það er aðeins gert ráð fyrir því, að verið sé að framlengja hann. En nú eiga verðstöðvunarlögin að falla úr gildi að forminu til um þessi áramót, og þá hefði þessi skattur sjálfkrafa fallið úr gildi, þannig að nauðsynlegt var að endurnýja hann. Og sá háttur hefur verið á hafður, að það er gert með því að fella það inn í þetta frv. Þetta var gagnrýnt í Nd., og vissulega má færa rök að því, að eðlilegra hefði verið að framlengja þennan skatt með öðru móti. En þó er þarna fremur um form að ræða en efnisatriði, og ég vona, að hv. þm. geti eftir atvikum sætt sig við þessa aðferð, þó að mönnum falli hún ekki alls kostar í geð.

Þegar ég mælti fyrir þessu máli í Nd., fór ég fram á það við hv. heilbr.- og félmn. þeirrar d. og þm. alla í d., að þeir afgreiddu þetta mál á mjög skjótum tíma, til þess að hægt væri að tryggja því fullnaðarafgreiðslu fyrir jól. Þessi beiðni mín fékk ákaflega góðar undirtektir í Nd. Mér er óhætt að segja, að fulltrúar allra flokka þar hafi lagzt á eitt um að greiða götu þessa máls og afgreiða það með svo skjótum hætti, að það var ekki nokkur leið að ætlast til þess, að það gæti gerzt á skemmri tíma. Ég vil leyfa mér að beina hliðstæðum óskum til hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. og hv. þm. allra, að reynt verði að hafa þann hátt á vinnubrögðum, að unnt verði að samþykkja þetta mikilvæga mál fyrir jól. Það hefur komið í ljós, að það er enginn ágreiningur um meginefni frv., og ég hygg, að við þm. allir mættum ákaflega vel við una að geta afgreitt mál af þessu tagi fyrir jól.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. um staðfestingu á brbl., sem hér voru til umr. í upphafi þessa þings, þ. e. þau brbl., sem hæstv. ríkisstj. setti um gildistöku ákvæða þeirra laga, sem samþ. voru hér á síðasta þingi og flutt af fyrrv. ríkisstj., fóru fram nokkuð almennar umr. um tryggingamál yfirleitt, og get ég því að þessu sinni sem þátttakandi í þeim vísað til þeirra umr. um tryggingamál almennt og stytt þar af leiðandi mál mitt mjög og haldið mig eingöngu við þetta frv., sem hér er til umr., en vil nota tækifærið til þess að lýsa því í upphafi yfir, að Alþfl. mun, svo sem í hans valdi stendur, stuðla að því að uppfylla óskir hæstv. heilbr.- og trmrh. um, að málið megi hljóta afgreiðslu fyrir þinghlé nú fyrir jólin, og ég lýsi um leið yfir stuðningi við þá meginstefnu, sem í þessu frv. er mörkuð.

Það er alveg ljóst, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að hér er aðeins um hluta tryggingalaganna að ræða, en verulegar úrbætur þó í þeim efnum eigi að síður, sem koma munu flestöllum bótaþegum til góða. Það eru aðeins fjögur atriði, sem ég vil staðnæmast við án þess að gera þau að sérstöku umræðuefni.

Það er í fyrsta lagi það, að nú er talið eðlilegra, að viðmiðunin um hækkun á bótum skuli framvegis miðuð við almennt verkamannakaup. Þessa hugsun tel ég ekkert óeðlilega, en hefði þó kosið, að gamla ákvæðið hefði gilt, a. m. k. að þessu sinni, þar sem vitað er, að nýafstaðnir kjarasamningar færðu einmitt því fólki, sem viðmiðunin var miðuð við áður, þ. e. fólki í fiskvinnu, hlutfallslega meiri kauphækkun en almennum verkamönnum, því að á það var lögð sérstök áherzla af hálfu alþýðusamtakanna, að laun hinna lægst launuðu yrðu hækkuð mest. Það mun þarna muna í þessu tilfelli núna um 3%, þ. e. sú 10% hækkun, sem hér verður, hefði orðið 13%, ef gamla viðmiðunin hefði haldizt. Hitt tel ég eðlilegt og er sammála hæstv. ráðh. um það, að eðlilegra sé í framtíðinni að miða við almenn verkamannalaun, en þar sem svo stóð á nú, að þessi fyrri viðmiðunarhópur fékk meiri launahækkun en aðrir, þá hefði ég kosið, að að þessu sinni hefði verið miðað við þennan starfshóp, en viðurkenni um leið, að óeðlilegt sé að miða til frambúðar við svo viðkvæman starfshóp, sem hér er um að ræða og víðtæk áhrif hefur á hinum almenna launamarkaði.

Þá harma ég það, að fjölskyldubætur skuli teknar hér út úr og einar bóta ekki hljóta þá hækkun, sem almennt er gert ráð fyrir í frv., og ekki sízt með hliðsjón af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er um leið til tekjudreifingar eða tekjujöfnunar í landinu að ræða. Um það getum við svo deilt, hvort hún er nú eins og hún á að vera, en ég fagna þeirri yfirlýsingu hans, að þessir hlutir séu í endurskoðun, en hefði kosið, að þeir hefðu nú samt sem áður fylgt með í þeim hækkunum, sem hér er um að ræða, því að eðlilega hlýtur sívaxandi dýrtíð, sem

á sér stað, að bitna fyrst og fremst á þeim, sem stærstar hafa fjölskyldurnar og erfiðast eiga með framfærslu þeirra.

Ég fagna þá enn fremur tveimur atriðum, sem í frv. eru og ég varð áþreifanlega var við, meðan ég gegndi störfum heilbr.- og trmrh. Það er það, að í 3. málsl. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ef fyrirvinna er dæmd til refsivistar til margra ára í senn og kannske í sumum tilfellum til ævilangrar refsivistar, þá skuli það ekki bitna á aðstandendum hennar, börnum og maka, heldur lagt að jöfnu við fyrirvinnumissi, a. m. k. þann tíma, sem refsivistin stendur yfir. Um þetta eru því miður til átakanleg dæmi, og ég varð því miður töluvert var við, að á þessu þyrfti að halda, þó að hv. núv. ríkisstj.-flokkar sæju um það með sigri sínum í síðustu kosningum, að mér vannst ekki tími til að fá þessa breytingu fram. En ég fagna henni eigi að síður og tel hana mjög í mannréttindaátt. Þetta fólk á, held ég, í engum tilfellum neina sök á því, að fyrirvinna hlýtur refsivist.

Ég mun freista þess að bera fram hliðstæðar brtt. og flokksbróðir minn, hv. 7. þm. Reykv., gerði í Nd. til þess m. a. að fá úr því skorið, hvort hér sé í þessari hv. þd. meirihlutafylgi fyrir þeim till., sem þar komu fram í nál. heilbr.- og félmn. Nd. Á þessum sama tíma, þessu 1½ ári, sem ég gegndi þessum störfum eftir breytinguna á Stjórnarráði Íslands, eftir að þessi hluti félagsmálanna var tekinn undan félmrn. og settur eiginlega með heilbrigðismálunum, þá kom það berlega í ljós, að fjöldi unglinga á þeim aldri, þar sem skyldunámi lýkur, vildi gjarnan halda áfram námi, en gat jafnframt ekki fengið vinnu við sitt hæfi og varð að ganga iðjulaus af þeim sökum, að fjölskyldufaðirinn var ekki svo efnum búinn að geta kostað þá til frekara náms. Mér er sagt, að hæstv. ráðh. hafi svarað því til í Nd., – og það kunna að vera fyrir því svipuð rök og um aðra liði tryggingalaganna, sem hér eru ekki með að þessu sinni, – að þessi mál væru í endurskoðun og ættu jafnvel ekki heima sérstaklega í þessum lögum. En ég tel nauðsynlegt að undirstrika það með sérstökum tillöguflutningi, að hér er vandamál, sem verður að leysa, hvort sem það á heima í þessum lögum eða öðrum, að unglingar verji ekki þarna tveimur til þremur árum til lítils eða einskis og þá oft með þeim afleiðingum, að að því hléi loknu fást þeir ekki til frekara náms, og þar hefur m. ö. o. væntanlega mikill starfskraftur fyrir borð fallið í þágu þeirra starfa, sem nauðsynlegt er að vinna í þjóðfélaginu.

Ég ítreka það svo að lokum, að við Alþfl.-menn munum gera það, sem í okkar valdi stendur, þrátt fyrir þessar aths. okkar, til þess að frv. megi hljóta afgreiðslu fyrir þinghlé.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég ætla, að því hafi þegar verið lýst yfir af hálfu beggja stjórnarandstöðuflokkanna, að þeir mundu fyrir sitt leyti stuðla að því, að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þinghlé.

Á frv. hafa verið gerðar breytingar í meðförum þess í Nd., sem ég tel tvímælalaust til bóta. Þar hafa aftur komið inn ný ákvæði, sem við satt að segja hér í þessari hv. þd. höfum ekki haft neinn tíma til þess að kynna okkur til hlítar, og það verður tæpast hægt, því að ef málið á að afgreiðast fyrir þinghlé, þá verður tími sáralítill og naumur til ítarlegrar könnunar eða athugunar á því, hvað þá heldur að kveðja til aðila, sem geti gefið ítarlegri upplýsingar.

Ég vil aðeins nefna það, sem reyndar kom fram í ræðu hæstv. trmrh. og viðurkennt var af honum, að það er eiginlega ákaflega óeðlilegt, að ákvæði um framlengingu launaskatts séu tekin inn í frv. sem þetta. Um það þýðir ekki að fást, en það hefði vissulega, ef eitthvað fyrr hefði verið að hugað, mátt koma því fyrir með eðlilegri hætti.

Ég skal ekki á þessu stigi, vegna þess að ég á nú sæti í þeirri þn., sem væntanlega mun fá frv. til meðferðar, fjölyrða frekar um það á þessu stigi, en ítreka það, að minn flokkur mun stuðla að því fyrir sitt leyti, að frv. fái svo skjóta afgreiðslu sem unnt er.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Erindi mitt upp í ræðustólinn er einvörðungu það að þakka fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna fyrir mjög jákvæðar undirtektir, að því er varðar þetta frv. Í ræðu hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar komu fram nokkrar aths., sem ég kann að ræða í sambandi við tillöguflutning, sem hann boðaði, en að þessu sinni vil ég aðeins ítreka þessar þakkir mínar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 242, 241).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. Ed. hefur fjallað um frv. það til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem er á þskj. 234.

N. mælir einróma með samþykkt frv., en fulltrúar stjórnarandstöðunnar áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. Um aths. einstakra nm. við ákvæði frv., svo og ákvæði til bráðabirgða, vísast til nál.

Þetta frv. var þegar í haust boðað af hæstv. trmrh., þegar hann mælti fyrir frv. um staðfestingu á þeim bráðabirgðalögum, sem sett voru á s. l. sumri um þessi mál. Þá þegar rakti hann helztu atriði þess og hefur nú í báðum hv. þd. skýrt ítarlega efni þess, svo að óhætt er að fara hér fljótt yfir sögu.

Það er rétt að minna á það enn einu sinni, að á liðnu sumri var sett nefnd til að endurskoða allt tryggingakerfið, og þetta frv. nú er sá fyrsti áfangi, sem lagt er til, að öðlist gildi nú um áramót. Sá áfangi er reyndar geysilega mikilsverður hvað aðalatriði hans snertir, tekjutryggingu aldraðra og öryrkja, auk annarra þeirra umbóta, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er jafnframt mikilvægt, að nefndin skuli starfa áfram og vinna að frekari úrbótum á tryggingakerfinu, enda hefur hæstv. ráðh. áður greint frá ýmsu því, sem fyrirhugað er að taka þar fyrir, þótt síðar öðlist gildi.

Svo snúið sé beint að efni frv. sjálfs, þá er hér um að ræða till. til hækkunar, sem munu gjörbreyta allri að-

stöðu þess fólks, sem lakast er sett í þjóðfélaginu fyrir sakir elli eða af völdum örorku. Það atriði, sem 5. gr. frv. felur í sér, þ. e. tekjutryggingin svo kallaða, er leiðrétting á efnahagslegu og félagslegu misrétti, sem brýna nauðsyn bar til að draga sem mest úr. Þær upphæðir, sem nú skulu gilda, 10 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og 18 þús. kr. fyrir hjón, eru sérstaklega athyglisverðar, þegar gerður er samanburður við greiðslur fyrri hluta þessa árs, þegar sambærilegar tölur voru innan við 5 þús. á einstakling og milli 8 og 9 þús. kr. fyrir hjón. Það, að hér er á ferðinni rúmlega 100% aukning þessara bóta, sannar hvort tveggja, knýjandi nauðsyn breytingarinnar og ekki síður mikilvægi hennar. Þessari stórfelldu leiðréttingu er því fagnað af öllum. Sú tekjutilfærsla, sem hér er um að ræða, er svo sjálfsögð félagsleg umbót, að um hana geta engar deilur orðið, enda þegar komið glögglega í ljós.

Þau önnur atriði frv., sem rétt er að benda á sérstaklega, eru þessi: Í 3. gr. eru ákvæði um barnalífeyri. Þar er um ákvæði að ræða, sem að nokkru voru áður aðeins heimildarákvæði, en nú eru ótvíræð. Nú er barnalífeyrir greiddur, hvort sem faðirinn eða móðirin er öryrki, en áður gilti þetta aðeins um föður. Þá skal greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist um lengri tíma, og er þetta ákvæði í mörgum tilfellum mikilvægt og réttlátt.

Þá er í 4. gr. athyglisvert og nauðsynlegt ákvæði, þar sem ekkill engu síður en ekkja fær rétt til bóta í 6 mánuði eftir lát maka og einnig bætur vegna barns á framfæri innan 17 ára aldurs.

Í 8. og 9. gr. frv. er gert ráð fyrir hækkun sjúkradagpeninga barna og eins því, að allir fullorðnir einstaklingar hafi jafnan rétt gagnvart þessum greiðslum, en áður nutu húsmæður ekki sama réttar og aðrir.

Það er ákvæði 11. gr., sem kveður á um skyldur umboðsmanna tryggingana og stofnunarinnar í heild að gera sér jafnan grein fyrir aðstæðum umsækjenda og bótaþega, og þá ekki síður að gera þeim grein fyrir ítrasta rétti þeirra til bóta tvímælalaust svo ákveðið, að ekki ætti að vera nein hætta á því, að fólk fái ekki að vita rétt sinn, ef ákvæðinu verður vel og rækilega fylgt eftir. Það hefur allt of víða viljað brenna við, að þarna hafi verið um vanrækslu og skeytingarleysi að ræða, einkanlega víða úti á landsbyggðinni, þótt allt hafi það verið í framfaraátt undanfarin ár.

Um 12. gr. hafa hvað mest komið fram ólíkar skoðanir á réttmæti þeirra breytinga, sem þar eru lagðar til. Ég hlýt að telja viðmiðun við almennt kaupgjald verkafólks sanngjarnari og eðlilegri en viðmiðun við einhvern tiltölulega afmarkaðan starfshóp innan verkalýðshreyfingarinnar.

Fylgismenn núv. stjórnar hljóta einnig að treysta henni til að beita sér fyrir breytingum á fjölskyldubótum, beinlínis til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu, eins og eðlilegast hlýtur að teljast.

Um einstakar brtt. við frv. vildi ég aðeins segja það, að ég tel á þessu stigi ekki rétt að gera hér á neinar breyt., enda hefur í Nd. verið gengið til móts við óskir stjórnarandstöðunnar í veigamiklum atriðum. Þar sem vitað er, að mál þessi eru öll í endurskoðun, eins og áður er sagt, þá munu þessi atriði og mörg fleiri verða tekin þar til gaumgæfilegrar athugunar, og skal því fyllilega treyst, að allar sanngjarnar umbætur fái þar góða úrlausn.

Því skal svo að lokum aðeins fagnað, að þessi áfangi skuli svo myndarlegur, um leið og ég hlýt að lýsa yfir gleði minni yfir samstöðu þm. um heildarefni frv.

Auður Auðuns: *Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 242 með fyrirvara. Ég mun, eins og reyndar þegar kom fram við 1. umr. málsins, stuðla að framgangi frv., að það megi verða að lögum fyrir þinghlé og mun greiða atkv. með frvgr. öðrum en bráðabirgðaákvæðunum.*

Frv. hefur tekið nokkrum breytingum í meðferð hv. Nd. Þar hafa m. a. verið numin burt ákvæðin um tryggingadómstólinn og sömuleiðis ákvæði í 2. gr. frv., en eins og frv. var upphaflega lagt fram, var smuga fyrir *sveitarfélögin til að velta miklu af þunga framfærslubyrðarinnar yfir á Tryggingastofnunina og ríkissjóð.*

Ég hef ásamt öðrum í heilbr.- og félmn. látið gera bókanir, sem fram koma í nál. og er þar þá fyrst að nefna bókun varðandi þá skerðingu tekjutryggingarinnar, sem í frv. felst, eins og það nú liggur fyrir. Þegar skerðingarreglurnar voru á sínum tíma afnumdar, mig minnir snemma á valdatíma viðreisnarstjórnarinnar, þá þótti þar vera um mikla framför að ræða. Hér eru óneitanlega komnar skerðingarreglur á ný í almannatryggingalög. Við vitum það, að *fjöldi ellilífeyrisþega* og örorkulífeyrisþega stundar ýmis létt störf, sem aldur og heilsa leyfa, og það eru störf, sem eru tæpast þó svo lítið launuð, að þau valdi ekki því, að þetta fólk missir alveg af tekjutryggingunni. Það er sá megingalli á þessu, að þetta dregur úr viðleitni fólks til að stunda vinnu, eftir að það hefur náð ellilífeyrisaldri eða hefur verið úrskurðað á örorkulífeyri. Þetta er þjóðhagslega óæskilegt, og þó er kannske eitt, sem segja má að vegi þyngra: Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir einstaklinginn, alveg burtséð frá þeim krónum, sem þarna er um að ræða? Ég tel, að þetta sé mikill galli á löggjöfinni, eins og hún nú væntanlega verður. En nú eru almannatryggingalögin öll í heildarendurskoðun, og vonandi er, að þetta atriði verði tekið sérstaklega til athugunar.

Einnig vildi ég minnast aðeins á félaga í lífeyrissjóðum, sem hafa keypt sér réttindi, kannske um áratugi, og þurft að verja til þess ákveðnum hluta af sínum tekjum. Þegar þeir svo komast á lífeyrisaldur, sem yfirleitt er sá *sami og hjá almannatryggingum, þá verða þessi eftir*laun, sem þeir hljóta, til þess, að þeir fá ekki tekjutrygginguna. Ég gæti trúað, að það yrðu margir þessara aðila býsna sárir og þeim þyki þetta ekki vera sanngjarnt. Þessu fólki, sem kemst á lífeyri hjá sjóðunum, mun ugglaust fjölga mjög á komandi árum, því að enn þá eru margir þessir sjóðir svo nýir, að það eru fáir farnir að njóta bóta úr þeim.

Þá eru það bráðabirgðaákvæðin, sem skellt var inn á síðustu stundu, og það hefur ekki verið nein aðstaða til að skoða þau sem skyldi. Ég held það hafi ekki verið fyrr en í gær, sem útbýtt var þskj. með frv. eftir 3. umr. í Nd. Hér sátum við á fundi samfellt í allan gærdag, með matarhléi aðeins, og fundur í heilbr.- og félmn. var haldinn þegar að loknum deildarfundi. Ég og aðrir nm.

vorum ákveðin í því að stuðla að því, að frv. fengi svo skjóta afgreiðslu sem unnt væri, og það var satt að segja tómt mál um að tala að fá nánari skýringar á ýmsu því, sem í bráðabirgðaákvæðunum felst. Svo skeður sá, ég vil segja, fáránlegi hlutur, að þarna er inni í almannatryggingalögum verið að framlengja launaskatt. Ég segi, fáránlegur hlutur, og ég held, að allir séu sammála um, bæði stjórnarandstaða og stjórnarliðar, að það sé ákaflega óeðlilegt að framlengja launaskatt í almannatryggingalögum. Og maður satt að segja undrast, hvers vegna hæstv. ríkisstj., sem hlýtur að vera búin fyrir löngu að gera sér grein fyrir, að hún ætlaði að framlengja launaskattinn, gerði það ekki með eðlilegum hætti.

Ég veit ekki, hvort nokkur svör fást við því, og ég býst varla við, að hæstv. trmrh. geti gefið mér þau, – þessi bráðabirgðaákvæði eru satt að segja mál hæstv. fjmrh., – hvað ætlað sé, að launaskatturinn gefi, þetta 1½%. Mér skilst, að svör muni ekki hafa fengizt við því í hv. Nd., enda mun nú fjmrh. ekki einu sinni hafa verið við, þegar þessi bráðabirgðaákvæði voru rædd þar.

Svo er annað, sem ég vildi spyrja um líka, sem er nú kannske reyndar fyrir fram gefið. Nú þarf auðvitað að reikna hækkanir á allar bætur í samræmi við ákvæði laganna. Og ég geri ráð fyrir, að þá verði hækkun reiknuð einnig á þessar hækkanir, sem lagðar eru til hér í þessu frv., þótt frv. sé reyndar fram komið, eftir að samningar hafa tekizt og vitað er um kauphækkanir.

Í bráðabirgðaákvæðunum er eitt atriði, sem vakin var athygli á við 1. umr. málsins. Það er í I, B, vegna sjúkratrygginga, þar sem ákveðið er, að sveitarfélögin eigi að greiða sjúkrasamlaginu með jöfnum greiðslum á árinu 2125 kr. fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu, eins og þar segir. Það er af ýmsum talið, – ég hef ekki haft neina aðstöðu til að kynna mér það, – að þetta sé langt umfram það, sem eðlilegt sé í ýmsum sveitarfélögum og þá sérstaklega í þeim smærri. Við, eins og ég sagði, afgreiddum málið í n. í gærkvöld og vildum flýta fyrir afgreiðslu þess, og það væri e. t. v. ástæða til þess, að þetta eina atriði yrði þá athugað í n. milli 2. og 3. umr.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi, en endurtek það, að ég mun greiða atkv. með greinum þess öðrum en bráðabirgðaákvæðunum, en mun sitja hjá við atkvgr. um þau.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram við 2. umr. málsins hér í gær, þá flyt ég á þskj. 241 tvær brtt., sem ég gerði örlitla grein fyrir í gær, og reyndar skýra þær sig sjálfar, svo að ekki þarf mörg orð þar um.

Fyrri brtt. mín á þskj. 241 er um það, sem ég gat um í gær, að stundi barn kauplaust nám eftir 16 ára aldur, – ætla má, að það hafi lokið skyldunámi, – þá njóti það sömu námsaðstoðar eins og það væri í skóla, ef það getur sannað, að um 6 mánaða skólavist sé að ræða með a. m. k. 30 kennslustundum á viku.

Og í öðru lagi, að setningin „Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstj. hverju sinni", falli niður í 12. gr. frv.

Þessar brtt. mínar þurfa ekki að mínu viti frekari skýringa við, þær skýra sig svo greinilega sjálfar.

En það er eitt atriði, sem mig langar til að beina til hæstv. trmrh., eða réttara sagt ein fsp., sem ég held, að sé nauðsynlegt, að liggi fyrir, áður en deildin gengur endanlega frá frv. En það er varðandi ákvæði 12. gr. frv., eins og það er eftir 3. umr. í Nd. Hvað er átt við með „vikukaupi í almennri verkamannavinnu"? Nú er það á vitorði allra hv. þdm., að kauptaxtar eru breytilegir, og þeir munu vera a. m. k. 4, ef ekki 6 talsins í almennri verkamannavinnu. Er það vegið meðaltal þessara taxta allra, sem hér er átt við, eða er átt við einhvern tiltekinn taxta? Ég held, að það sé nauðsynlegt, að þetta sé til í skjölum Alþ., því að þarna væri hæglega verið að bjóða heim misskilningi meðal bótaþega, um hvað væri í raun og veru um að ræða.

Ég lýsti því hér í gær, að ég hefði talið, að a. m. k. að þessu sinni hefði þessi viðmiðun átt að vera óbreytt, vegna þess að hlutfallslega mest kauphækkun fékkst í þeim greinum, sem miðað var áður við, þ. e. kaup fólks, sem vinnur við sjávarafla í landi, fiskvinnsluna í landi. Þá hefði sú breyting orðið 13% hækkun í staðinn fyrir, að með þessu ákvæði verður hún aðeins 10%, ef miðað er við lægsta taxta Dagsbrúnar, eftir að búið er að taka tvo neðstu taxtana af, svo sem kaup- og kjarasamningar kváðu á um.

Ég mun greiða frv. atkv., eins og það liggur fyrir. Þótt mér sé ljóst, að erfitt sé að gera á því breytingar, þá taldi ég rétt að fá það staðfest, einnig í þessari hv. þd., hvort hún væri annarrar skoðunar um þau atriði, sem ég legg til í brtt. mínum á þskj. 241, en fram kom í Nd.

Að öðru leyti, eins og ég lýsti yfir í gær, mun ég greiða frv. atkv. að undanteknum ákvæðum til bráðabirgða, sem, eins og næsti ræðumaður hér á undan sagði, samrýmast alls ekki lögum um almannatryggingar og eiga heima í allt öðrum lögum. Hér er verið að bjarga í land hlutum, sem hæstv. ríkisstj. hefur sézt yfir. Að vísu er það mannlegt og skiljanlegt, en það verður eigi að síður ekki gert með mínu atkv. Hins vegar mun ég ekki hindra framgang málsins, svo miklar bætur, sem í því felast bótaþegum til handa, en ég vil, að það liggi skýrt fyrir, að ég tel, að þessi ákvæði eigi ekki heima í þessum lögum. Auk þess óska ég skýringa á því, við hvað sé átt, þegar talað er um vikukaup í almennri verkamannavinnu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Tryggingalöggjöfin í heild felur í sér afar víðtæk ákvæði, svo að þetta mál gæti í sjálfu sér verið tilefni til mikilla umr. En það er alls ekki ætlun mín að tala hér almennt um tryggingalöggjöfina, og það er ekki ætlun mín að tefja afgreiðslu þessa máls, þótt ég hafi kvatt mér hljóðs í því skyni að segja fáein orð um það þskj., sem hér er til afgreiðslu.

Það er einn liður í ákvæðum til bráðabirgða, sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli á með nokkrum orðum. Þetta ákvæði er svo hljóðandi:

„Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöld-

um héraðssamlags árið 1972. Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu 2,125 kr. fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu."

Þetta ákvæði lýtur aðeins að framkvæmd mála á árinu 1972, enda virðist mér, að með þeirri skipulagsbreytingu, sem nú er gerð á fjárhagsgrundvelli sjúkrasamlaga, sé nokkuð tvísýnt um það, hvort þau til frambúðar starfi á sama hátt og verið hefur, og til þess bendir að nokkru ákvæði í II. lið á þskj., þar sem kveðið er svo á, að hvert sjúkrasamlag skuli gert upp nákvæmlega miðað við 1. jan. 1972. En um framtíðarskipan sjúkrasamlaga í heild verður ekki fjallað í sambandi við þetta mál, og það bíður síðari tíma. En fjárhagsgrundvöllur sjúkrasamlaganna hefur verið þannig, að Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld í hverju sjúkrasamlagi, að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðh. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur sjúkrasamlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess. Á móti iðgjöldum, sem ákveðin eru í hverju sjúkrasamlagi, hefur ríkissjóður síðan greitt hlutfallslega, og eins og lögin eru nú, þá nemur það 250% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna, og hlutaðeigandi sveitarfélag hefur síðan greitt 85% iðgjaldanna, eða fjárhæð, sem nemur 85% af heildariðgjöldunum. Ákvörðun Tryggingastofnunarinnar um iðgjaldahæð í hverju sjúkrasamlagi, sem tekin er að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar, er því sá grundvöllur, sem fjárhagsöflun til sjúkrasamlagsins byggist nú á, þar sem hinir aðilarnir greiða tiltekin framlög á móti, fjárhæð í tilteknu hlutfalli við iðgjöldin. Þetta hefur í framkvæmd þróazt þannig, að sjúkrasamlagstjórnir, sem eiga heima í hverju sveitarfélagi, þar sem sjúkrasamlag starfar, gera sér grein fyrir fjárþörfum sjúkrasamlagsins og senda tillögur sínar um fjárhæð iðgjalda til Tryggingastofnunar ríkisins. Ég hygg, að ég megi fullyrða, að Tryggingastofnunin hafi aldrei hamlað gegn því eða ráðh., að hækkuð væru iðgjöld til sjúkrasamlaganna, þvert á móti hygg ég, að það hafi verið sjónarmið þeirra, að fjárhagur sjúkrasamlaganna ætti að vera vel tryggður. Þótt framkvæmdin hafi verið með þessum hætti, þá er það augljóst, að þarfir sjúkrasamlaganna hafa reynzt misjafnar, og af því hefur leitt, að iðgjöld í sjúkrasamlögum hafa verið allmismunandi.

Ég hef hér í höndum rit Tryggingastofnunar ríkisins, Félagsmál, og í þessu riti er listi um iðgjöld sjúkrasamlaga nokkuð víða af landinu, eins og þeim hefur verið breytt og þau ákveðin á árinu 1971. Þessi listi tekur að vísu ekki til allra sjúkrasamlaganna í landinu, vegna þess að á árinu 1971 mun ekki hafa verið um verulegar breytingar að ræða á iðgjöldum í sumum sjúkrasamlögunum, en mér telst svo til við lauslega athugun, að þessi listi nái yfir 55 sjúkrasamlög, og þessi listi eða grg. sýnir, að hæsta iðgjald hjá þessum 55 sjúkrasamlögum hefur á árinu 1971 verið 4 020 kr., í Kópavogi, en lægsta iðgjald á þessu ári, að mér virðist við lauslega athugun, hefur verið 2 160 kr., í sjúkrasamlagi Raufarhafnarhrepps, og síðan eru fjárhæðirnar misjafnar, sveiflast nokkuð til þarna á milli, en mjög mörg sjúkrasamlög hafa verið með iðgjöld á þessu ári um 3 000 kr. og þar fyrir neðan. Reykjavík er að sönnu ekki á þessum lista, að mér sýnist, hins vegar er Akureyri hér, og iðgjald þar er 3 300 krónur, og þetta er nokkuð eftirtektarvert með tvo stærstu kaupstaðina, þegar Reykjavíkurborg er tekin frá, Akureyri og Kópavog, hvaða munur er þar á iðgjaldi til sjúkrasamlags, þ. e. hvernig þau málefni hafa þróazt í þessum kaupstöðum, þótt ég telji víst, að réttindi sem samlagsmenn njóta í þessum tveimur stóru kaupstöðum, séu svipuð eða hin sömu.

Nú er hér með þessum till. breytt fjárhagsgrundvelli sjúkrasamlaganna, þar sem iðgjöld einstaklinga eiga að falla niður, og þá er ekki óeðlilegt að spyrja: Hvernig verður fjárhagsgrundvöllur sjúkrasamlaganna lagður í framkvæmd á árinu 1972? Mér skilst, að það geti komið til greina, að sjúkrasamlagsstjórnir, sem vitanlega starfa áfram, sendi tillögur sínar til Tryggingastofnunar ríkisins, um það, hver iðgjöld á árinu 1972 hefðu þurft að vera, til þess að fjárhagur samlagsins sé tryggður, miðað við þær hækkanir, sem í vændum eru, og síðan verði ákveðin iðgjöld til hvers sjúkrasamlags með tilliti til þessara tillagna.

Hitt gæti e. t. v. komið til greina, – það er aðeins hugmynd, sem ég varpa fram, – að það muni ekki verða gert ráð fyrir því, að sjúkrasamlögin safni sjóðum á árinu 1972. Ef svo ætti að vera, virðist ástæðulaust að gera þau upp miðað við næstu áramót, heldur að þau geti innt af hendi þann kostnað eða þær kvaðir, sem á þau falla, og þá mætti hugsa sér, að sveitarfélög og ríkissjóður greiddu eftir á mánaðarlega upp í þær þarfir, sem sjúkrasamlagið hefur fyrir tekjur, en þetta er nú, má segja, hugmynd um framkvæmdaatriði, sem ekki snertir þetta þskj. beinlínis, þótt ég hafi haft orð á þessu.

Nú má gera ráð fyrir, að það verði einhver hækkun á kostnaði, sem sjúkrasamlög eiga að standa undir á árinu 1972, frá því, sem verið hefur á þessu ári, og í heild verður kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins miklum mun meiri en á þessu ári, en það stafar að verulegu leyti af stórauknum bótum og þannig útfærslu í tryggingakerfinu, en þau réttindi, sem sjúkrasamlögin eiga að veita á árinu 1972, munu ekki breytast mikið frá því, sem verið hefur að undanförnu, þannig að það er eðlileg ályktun, að hækkun til þeirra þurfi ekki að vera eins mikil og til almannatrygginganna í heild.

Þá kem ég aftur að orðalagi í bráðabirgðaákvæðunum, sem ég las í upphafi máls míns, þar sem segir, að sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skuli árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972. Nú er starfsemi sjúkrasamlaganna þannig, að reikningar eða fjárhæðir eru greiddar eftir á samkv. reikningum, sem sjúkrasamlagsstjórnirnar fá í hendur, og ég skil þetta orðalag þannig, að þegar talað er „af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags", þá sé þar með átt við þann kostnað, sem kominn er fram samkv. reikningum, sem sjúkrasamlagsstjórnir hafa fengið í hendur, og þar sem þessi kostnaður er greiddur eftir á, þá virðist mér, að það nægi, að sjúkrasamlagið geri kröfu til þess, að sveitarsjóður greiði jafnóðum, þ. e. mánaðarlega eftir á, 9.77% eða segjum 10% af þeim kostnaði, sem sjúkrasamlagið hefur orðið fyrir á tilteknu tímabili, og síðan greiði ríkið hitt, til þess að reikningar sjúkrasamlagsins

séu gerðir upp. Ég tel þetta varhugavert, og ég vildi mælast til þess, að n. athugaði þennan málsl., sem ég skal nú lesa, og ég tel vel farið, að hæstv. ráðh. hlustar á þessi orð:

„Skal hvert sveitarfélag" – þ. e. a. s. hvert einasta sveitarfélag – „greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu."

Ég bendi aftur á það, að á þessu ári hafa iðgjöld margra sjúkrasamlaga, samkv. opinberri, óvéfengjanlegri heimild verið 3 000 kr. og þar fyrir neðan, og ef miðað væri við, við skulum segja, 3 000 kr. iðgjald, það hefði þurft að vera það á árinu 1972, og sveitarsjóður á að greiða 9.77% eða 10% af hlutfalli við það, þá er þessi skattheimta til sjúkrasamlagsins 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann langt umfram þarfir hjá mörgum þeirra. Ég sé satt að segja ekki, – þar sem ekki mun vera miðað við það, að sjúkrasamlögin fari að safna sjóðum, enda finnst mér þá, að hlutur ríkisins ætti að hækka að sama skapi, – að það sé nein ástæða til að vera að gera þetta skilyrðislaust, og þess vegna vil ég mælast til þess, að þessi málsl. verði skoðaður, áður en málið fer út úr d., annaðhvort á þann veg að sleppa þessu ákvæði um skilyrðislausar greiðslur sveitarsjóðs, sem nema 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann, og láta bara hlutfallstölluna gilda, eða á þann veg, að þetta sé ekki gert skilyrðislaust, heldur sé þetta hámark, það megi vera allt að þessu, en í reynd verði þetta miðað við þarfir sjúkrasamlags í hverju sveitarfélagi.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeirri brtt., sem hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, hefur flutt við þetta frv., sem hér er til umr.

Út af fyrir sig eru þessar tillögur góðra gjalda verðar, en ég veit það, að hv. flm. á ekki upphafið að þessum tillögum. Hér mun vera um góðmennsku hans að ræða og tillitssemi við formann Alþfl., sem flutti þessar sömu tillögur í hv. Nd. En ég vil aðeins, áður en þessar brtt. hv. 1. landsk. þm. koma til afgreiðslu hér í hv. d., minna Alþfl. á vissar staðreyndir, minna á þær staðreyndir, að Alþfl. hefur farið með menntamál í 15 undanfarin ár og tryggingamál í 13 ár. Þessar brtt. eru einmitt fluttar af hæstv. fyrrv. menntmrh. í Nd. og hæstv. fyrrv. trmrh. hér í hv. d. Þessa góðu hluti, sem eru í þessum brtt., létu þeir undir höfuð leggjast að framkvæma í öll þessi ár, og mér finnst satt að segja, að þessar tillögur hafi á sér það yfirbragð, að það sé eins og þessir hæstv. fyrrv. ráðh. séu að naga sig í handarbökin yfir því að hafa ekki gert þá góðu hluti, sem stefnuskrá Alþfl. segir, að hugur standi til, en þessi fyrri till. á þskj. 241 fjallar um það að veita námsfólki á aldrinum 16–21 árs styrk, sem nemur upphæð fjölskyldubóta, að óbreyttu því kerfi, sem búið hefur verið við í skattamálum. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur ákveðið að fella niður nefskatta. Það svarar til þess, ef búið hefði verið áfram við óbreytt það kerfi, sem Alþfl. ásamt Sjálfstfl. mótaði á ríkisstjórnarárum þessara flokka í þrjú kjörtímabil, að nú sé greiddur 13 þús. kr. styrkur til alls þessa fólks og ekki aðeins námsfólks á aldrinum 16–21 árs, heldur einnig til þeirra, sem eru í æðra námi. Þessi styrkur nemur að óbreyttu kerfi, sem búið var við áður, 13 þús. kr. á hvern námsmann, því að nefskattarnir verða niður felldir.

Þetta vildi ég aðeins, að fram kæmi hér, vegna þess að ég tel, að Alþfl. megi ekki gleyma þessu og hann verði að hafa þetta í huga, þegar greidd verða atkv. um þessar brtt.

Að öðru leyti vil ég segja það um síðari till., að kerfið um fjölskyldubætur er hugsað upphaflega þannig, að fjölskyldubætur verði til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Ég tel, að það kerfi sé þannig nú, að það leiði ekki til þeirrar tekjujöfnunar, sem það gæti gert, ef á því væru gerðar breytingar, og sú nefnd, sem hæstv. trmrh. hefur skipað til að endurskoða í heild tryggingalöggjöfina, hefur þetta verkefni með höndum, að kanna, hvaða breytingar sé skynsamlegt að gera á kerfi fjölskyldubóta, og það er eðlilegt, að sú nefnd fái starfsfrið til þess að kanna það mál betur, og hún mun síðar koma með till. sínar fyrir hv. Alþ., þegar hún hefur lokið störfum, og þær till. munu væntanlega verða lagðar fyrir hv. Alþ. á næsta þingi.

Axel Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við I. liðinn í bráðabirgðaákvæði. Hv. 3. þm. Austf. hefur vikið allítarlega að þessu, og ég vil taka undir þau orð, sem hann lét falla í þessu efni. Þetta hefur aðeins komið inn í umr. hér í hv. d. í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, að sveitarstjórnarmönnum finnst nokkur óvissa um, hver hlutur sveitarfélaganna verði, það er raunar sagt þar, að 50% af framlagi sveitarfélaga til sjúkrasamlaga taki ríkið á sig, en síðan er eftir að gera sér sem gleggstar hugmyndir um, hver verður hlutur sveitarfélaganna eftir sem áður, og það skiptir nokkru máli í þessu efni. Þess vegna teldi ég mjög nauðsynlegt, að hægt væri að fá þær forsendur, sem þessar tölur eru byggðar á.

Í því sveitarfélagi, sem ég er kunnugastur, Kópavogi, sem hér hefur nú verið vikið að, höfum við há sjúkrasamlagsgjöld. Sveitarfélögin einmitt hér á höfuðborgarsvæðinu búa við dýrustu sjúkrahúsagjöldin, og það er mjög mikill munur hvar á landinu er í þessu efni, en daggjöld til sjúkrahúsanna eru 40% af útgjöldum sjúkrasamlagsins í Kópavogi. Þegar bæjarstjórn Kópavogs gekk frá fjárhagsáætlun sinni miðað við gildandi lög í því efni, þá fékkst áætlun frá sjúkrasamlaginu um framlag bæjarins á næsta ári miðað við núgildandi lög, og það var reiknað með að hækka framlag bæjarins um 20% frá því árið áður. Þessi tala, sem hér er sett, 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann, er talsvert hærri en 50% af því framlagi, sem þó var gert ráð fyrir að hækka um 20% frá fyrra ári, og þess vegna endurtek ég: Það er mjög nauðsynlegt að fá vitneskju um, á hverju þetta er byggt. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Austf., að mér sýnist, að í mörgum tilvikum geti verið ósamræmi milli þessa gjalds, 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann, og svo hins vegar því, að sveitarsjóður á að greiða 9.77%. Þetta hlýtur að vera mjög breytilegt hjá sjúkrasamlögunum, en það kann að vera, að þetta sé miklu nær hér á höfuðborgarsvæðinu en víða út á landi, en þrátt fyrir það tel ég nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um, á hverju þessi útreikningur byggist.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afar fljót störf. Hún hefur raunar lokið meðferð sinni á milli 1. og 2. umr. á skemmri tíma en ég gerði mér nokkrar vonir um.

Hv. þm. Auður Auðuns vék í ræðu sinni hér áðan að ýmsum atriðum í sambandi við þetta frv., atriðum, sem vissulega eru umhugsunarverð. M. a. vék hún að ákvæðinu um tekjutryggingu og talaði um skerðingarreglur í því sambandi. Ég veit nú ekki, hvort það er í sjálfu sér alveg rétt orð í sambandi við þetta. Þarna er ætlunin að aðstoða sérstaka þjóðfélagshópa, fólk, sem hefur haft allt framfæri sitt frá tryggingunum eða litlar tekjur í viðbót við það, þannig að tryggt verði, að enginn þjóðfélagsþegn, sem þessi lög ná til, hafi lægri tekjur en þarna er um að ræða, en þegar sett er löggjöf um aðstoð við sérstaka hópa í þjóðfélagi, þá koma alltaf upp vandamál í sambandi við mörkin, það er alveg rétt, og þær röksemdir, sem hv. þm. kom með, eiga vissulega fullan rétt á sér. Ég hef hugleitt þetta mál, og mér finnst sjálfsagt, að sú nefnd, sem um þetta fjallar, íhugi það, hvernig hægt er að gera þessi mörk eins mannleg og hægt er. Þetta atriði kom einnig hér til tals í Nd., og ég tók þar undir það á sama hátt, en ég minnti á það einnig í því sambandi, að á þessum kjarabaráttutímum, sem við lifum nú og ég skal sízt lasta, þá heyrist það stundum, að talað sé um vinnuna fyrst og fremst sem álag eða böl, en auðvitað er vinnan það ekki. Vinnan er lífið sjálft, það er hún, sem gefur lífinu gildi hjá einstaklingunum, og við skulum einnig muna eftir því í þessu sambandi, að þeir öryrkjar, sem geta unnið, og aldrað fólk, sem getur unnið, er í nánari tengslum við þjóðfélagið og lifir þess vegna heilbrigðara og betra lífi, hvað þessi atriði snertir. Ég vil, að menn muni einnig eftir þessu sjónarmiði, um leið og ég viðurkenni með hv. þm. Auði Auðuns, að þarna er um að ræða mál, sem sjálfsagt ber að athuga nánar.

Hv. þm. Auður Auðuns gagnrýndi þann stutta tíma, sem Alþ. hefði fengið til meðferðar á þessu máli. Ég viðurkenndi það í framsöguræðu minni í gær, að þessi tími er allt of naumur, og ég get gjarnan ítrekað það nú. Ég hef oft sjálfur staðið hér í ræðustól á Alþ. og gagnrýnt það, að Alþ. væri notað sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. hverju sinni, og ég hef ekki skipt um skoðun, þótt ég sé nú kominn í þá aðstöðu að verða að biðja þm. um að vinna störf sín við aðstæður, sem ég tel í meginatriðum vera rangar. Hugmyndir mínar um sambúð Alþ. og ríkisstj. eru þær, að ég tel, að Alþ. eigi að hafa miklu meiri áhrif en það hefur nú. T. a. m. tel ég, að nefndir þingsins þyrftu að geta verið miklu virkari og haft miklu meira frumkvæði en þær hafa, eins og sakir standa. Ég lít svo á, að þróunin þurfi að vera sú, að í stað þess að Alþ. sé stundum afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj., þá beri að líta á ríkisstj. sem eins konar framkvæmdarstjórn Alþ. Þetta eru mínar hugmyndir, og ég vonast til þess að geta að því leyti, sem það kemur til minna kasta, stuðlað að því, að þróun mála verði á þessa lund. Réttlæting ríkisstj. nú er sú, að hún hefur færzt ákaflega mikið í fang á ákaflega skömmum tíma. Hún tekur við eftir langt stjórnartímabil annarra flokka og hefur reynt að koma ákaflega miklu í verk, og þess vegna er farið fram á þessi vinnubrögð hér á hv. Alþ., en ég endurtek, að ég tel vinnubrögð af þessu tagi ekki vera eins og vera ber.

Hv. þm. Auður Auðuns spurði mig um launaskattinn. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að innheimtur verði launaskattur, þ. e. gamli 1% launaskatturinn og síðari launaskatturinn 1.5%, sem settur var með verðstöðvunarlögunum. Þar er þessi launaskattur áætlaður 700 millj. kr., þetta 1.5% ætti þá að vera um 420 millj.

Hv. þm. spurði einnig um, hvort ætlunin væri, að hækkun samkv. ákvæðum 12. gr. þessa frv. ætti einnig að koma á þær bætur, sem þarna bætast við, og ég mundi telja það eðlilegt, að þær bætur, sem til koma á síðari hluta ársins, nái einnig til þessara upphæða.

Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hefur flutt hér brtt., sem einnig voru fluttar í Nd. Að þeim hefur verið vikið hér í ræðu, og ég þarf ekki miklu við það að bæta. Það atriði, sem felst í fyrri till., að fjölskyldubætur verði notaðar til að aðstoða fólk, sem er við nám, er hugmynd, sem hefur verið rædd hér áður á þingi, og ég vék m. a. að henni á síðasta þingi. Þetta er kerfi, sem ég veit, að er t. d. notað í Svíþjóð, en það er starfandi nefnd, sem hæstv. menntmrh. hefur skipað til þess að fjalla um aðstoð við námsfólk á milli skyldunámsins og háskólanámsins, og ég tel eðlilegt, að sú nefnd fjalli um þessa hugmynd. Ég tel, að hún eigi ekki heima í þessum lögum um almannatryggingar, alveg óháð því, hvað mönnum kann að sýnast um hugmyndina sjálfa, og þess vegna legg ég til, að sú till. verði felld.

Í sambandi við síðari till. um fjölskyldubætur, þ. e. að það verði skylda að hækka þær eins og aðrar bætur, þá gerði ég grein fyrir því við 1. umr., þar sem ég taldi þetta ekki rétt, að sú nefnd, sem að þessu starfar, vinnur einmitt að endurskoðun á því, hvort ekki sé hægt að nota fjölskyldubæturnar til miklu meiri tekjujöfnunar en núna er í framkvæmd, en tilgangur fjölskyldubóta átti einmitt að vera sá. Ég er þeirrar skoðunar, að sú upphæð, sem nú fer til fjölskyldubóta, gæti nýtzt miklu betur en nú er með breyttri tilhögun, og einnig þess vegna leggst ég gegn því, að þessi till. verði samþ. Raunar vil ég minna á það í sambandi við þessa till., að þarna er gert ráð fyrir nýjum útgjöldum almannatrygginga, sem nema mjög verulegum upphæðum. Það var ekki gerð nein grein fyrir því af flm., hvaða upphæðir þarna sé um að ræða, en mér sýnist, að það muni naumast vera undir 100–200 millj. kr. Ég vil minna á það, að í þeim þríþættu breytingum á almannatryggingalögum, sem nú koma til framkvæmda um þessi áramót, eru fólgnar hækkanir, sem nema yfir 1 þús. millj. kr. Ég er sannfærður um það, að þm. almennt hafa áhyggjur af því, hvort ríkisstj. sé ekki að spenna bogann of hátt með þessum breytingum, og ég skal viðurkenna það fúslega, að við þetta eru áhyggjur mínar einnig bundnar. Hv. formaður Alþfl. hefur með meiri þunga en aðrir menn bent á það, að ríkisstj. væri að auka útgjöld ríkissjóðs ákaflega mikið, og ég fæ ekki komið því saman og heim að leggja áherzlu á slíkar kenningar, en að flytja á sama tíma brtt. af þessu tagi, sem fela í sér svona mikla hækkun, sem ég hef gert grein fyrir.

Hv. þm. Páll Þorsteinsson og Axel Jónsson hafa vikið að einu atriði í ákvæði til bráðabirgða, atriði B, vegna sjúkratrygginga, og beðið mig um nánari skýringar á

þessu atriði. Ég verð að viðurkenna það hreinskilnislega, að ég hef ekki þá vitneskju, að ég geti gefið þessar skýringar. Þetta mál var unnið á vegum fjmrn., og ég hef ekki kynnt mér þetta atriði það gaumgæfilega, að ég geti um það fjallað. Hins vegar heyrðist mér á hinni mjög svo greinargóðu ræðu hv. þm. Páls Þorsteinssonar, að þarna sé um að ræða vandamál, sem þurfi að skoða, og ég teldi eðlilegt, að hv. heilbr.- og félmn. athugaði þetta mál á milli 2. og 3. umr., og ég mundi þá reyna að gera ráðstafanir til þess, að hæstv. fjmrh. gæti mætt á fundi með n. eða einhver annar, sem gæti fjallað um málið af nægilegri sérþekkingu. Eina áhyggjuefni mitt í þessu sambandi er við það bundið, að ég hef, eins og menn vita, og þm. allir hafa raunar áhuga á því, að þetta mál fáist samþykkt fyrir jól, og ef gerð er breyting á því hér í Ed., þá verður hún að gerast það fljótt, að hægt verði að taka málið aftur í Nd. og afgreiða það þar, en þær röksemdir, sem hér hafa komið fram, eru þess eðlis, að ég tel sjálfsagt, að þetta verði athugað.

Að svo mæltu ítreka ég þakkir mínar til hv. n.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil aðeins láta þess getið, að þegar ég spurði, hvort hægt væri að fá upplýsingar um, hvað væri áætlað, að launaskatturinn gæfi, þá var mér vitaskuld kunnugt um, að í fjárlagafrv., sem er lagt fram í þingbyrjun, er hann áætlaður 700 millj., og þarf þá ekki annað en að reikna hlutfallslega, hvað þessi framlenging launaskatts þýðir. Það, sem ég átti við, var nú eiginlega það, vegna þess að maður veit það, að tekjur manna stórhækka á næsta ári vegna samninganna í haust, hvort það væri einhver áætlun um það með tilliti til þeirrar hækkunar, hvað búast mætti við, að launaskatturinn gæfi.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Því miður hef ég ekki þá vitneskju, að ég geti svarað þeirri spurningu, sem hv. þm. Auður Auðuns var að bera fram.

En ég kvaddi mér hljóðs aftur vegna þess, að ég gleymdi að svara fsp., sem hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson beindi til mín, þ. e. hvað átt væri við með almennri verkamannavinnu. Þarna er átt við lægsta taxta Dagsbrúnar, þann taxta, sem áður var hinn almenni fiskvinnslutaxti. Það var dálítið vandamál, hvernig ætti að orða þetta, og við bárum þetta undir Verkamannasambandið, og það túlkaði það á þennan hátt, að þetta orðalag mundi jafngilda þessum taxta.

Í þessu sambandi skal ég mjög gjarnan viðurkenna það, sem kom fram í ræðu hv. þm., að hækkun samkv. þessum taxta er ögn lægri en hún hefði verið samkv. fiskvinnslutaxtanum. Þarna munar, eins og hv. þm. sagði, um 3%. Hækkunin samkv. frv. verður rúmlega 10%, en hefði orðið rúmlega 13% samkv. þessum almenna fiskvinnslutaxta. Þarna er ekki um ýkja háa fjárhæð að ræða, hvað peninga snertir. Heildarupphæðin, sem áætluð er vegna þessarar skyldu til hækkunar á árinu, hefur verið áætluð 240 millj., þannig að þessi munur er innan við 10 millj., svo að það er ekki um mikla upphæð að ræða. Meginröksemd mín er hin, sem ég gerði grein fyrir áðan, að mér finnst ekki hægt að leggja þann bagga á jafn viðkvæman hóp eins og fólk í fiskvinnu, að það sé látið semja um almannatryggingar ásamt almennum samningum sínum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 241,1 felld með 10:2 atkv.
6.–11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 241,2 felld með 10:2 atkv.
12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BGuðbj, BFB, TK, HFS, IBJ, PÞ, RA, HK, BJ.
AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, HBl, AJ, SteinG, ÞK greiddu ekki atkv.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 234, 254, 256).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um ákvæði til bráðabirgða, I. lið B, sem er með frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar. Tilefni þeirra breytinga, sem n. leggur til varðandi þetta, eru þær ábendingar, sem fram höfðu komið við fyrri umr. málsins, þar sem nauðsynlegt var talið að breyta ákvæðinu. N. stendur að brtt., sem kemur í stað 3. málsgr. í B-lið, og gr. verður svo hljóðandi, hún er á þskj. 254:

„B-liður orðist svo:

B. Vegna sjúkratrygginga:

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga samkv. 2. málsgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga samkv. 3. málsgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972."

Þá er það breyting, sem þarna kemur einmitt í þessa grein síðast:

„Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætlun um framlagið. Uppgjör vegna greiðslnanna fer fram að árinu liðnu."

Þetta var sem sagt brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur um þetta ákvæði.

Þá flytur meiri hl. heilbr.- og félmn. brtt. á þskj. 256 við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 20. apríl 1971, samkv. ábendingum forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og að ósk hæstv. fjmrh. Breyting þessi er til komin til að taka af allan vafa um skilning á þessari gr., og mun það vera í fullu samræmi við þau sjónarmið, sem tryggingaráð, sem að þessum málum hefur unnið, hafði um þessa sérstöku breytingu á tryggingalögunum, þ. e. að tekjutryggingin hækki ekki sjálfkrafa, heldur fari þar um eftir ákvörðun ríkisstj., eins og um fjölskyldubæturnar, sem nú er ótvírætt eftir þessa breytingu á gr., en brtt. er á þá leið, að í 12. gr. orðist síðasti málsl. gr. svo:

„Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris samkv. 19. gr."– þ. e. tekjutryggingin – „eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkanir þessara bóta og greiðslna fer eftir ákvörðun ríkisstj. hverju sinni."

Að þessari till. stendur meiri hl. heilbr.- og félmn., en fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. ekki.

ATKVGR.

Brtt. 256 samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, RA, HK, ÁB, BGuðbj, BFB, TK, HFS, IBJ, BJ.

SteinG, ÞK, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, HBl, AJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

Brtt. 254 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 257).

Á 34. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til einnar umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á frv. þessu voru gerðar tvær breytingar í Ed., og kemur það því aftur hér til meðferðar í hv. Nd. Fyrri breytingin var við 12. gr. frv. og er í því fólgin, að þar er ákveðið, að tekjutryggingin svo nefnda hækki ekki sjálfkrafa í samræmi við breytingar, sem verða í almennri verkamannavinnu, heldur fari hún eftir ákvörðunum ríkisstj. hverju sinni á sama hátt og fjölskyldubætur. Í sambandi við þessa breytingu vil ég láta þess getið og geri það raunar í samráði við hæstv. fjmrh., að af hálfu ríkisstj. mun verða stefnt að því að reyna að halda þannig á málum, að þessi tekjutrygging haldi a. m. k. kaupmætti sínum í sambandi við slíkar endurskoðanir.

Hin breytingin var á ákvæði til bráðabirgða, B-lið vegna sjúkratrygginga. Þar var ákvæði um það, að hvert sveitarfélag skyldi greiða tiltekna upphæð á árinu með jöfnum greiðslum, 2 125 kr. fyrir hvern samlagsmann, en á það var bent í Ed. af þm., sem kunnugir eru starfsemi sjúkrasamlaga úti um land, að þessi upphæð mundi ekki vera í samræmi við fjárhagsáætlanir þeirra allra, og því var breytt þessu orðalagi þannig, að hvert sveitarfélag skuli greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætluðu framlagi, þannig að þarna er ekki nefnd tiltekin upphæð, en að öðru leyti á ekki að vera fólgin í þessu nein efnisbreyting.

Ég vil svo fara þess á leit við hv. þd., að hún geti fallizt á frv. í þessu formi, svo að okkur verði öllum að þeirri sameiginlegu ósk okkar, að meginefni frv. geti komið til framkvæmda um áramót.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 280).

---

13. Verðlagsmál.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960 [119. mál] (stjfrv., A. 148).

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að framlengja þau ákvæði, sem í gildi hafa verið varðandi verðlagsnefnd, níu manna verðlagsnefnd, aðeins með einni minni háttar breytingu. Nú er lagt til, að nefndin verði eins skipuð og hingað til, en það sé hins vegar opið, hvern rn. skipar sem formann nefndarinnar, en í gildandi lögum hafði það verið þannig, að það var ráðuneytisstjórinn í viðskrn., sem var níundi maður í nefndinni. Ástæðurnar til þess, að þetta er sett upp á þessa lund nú, er eindregin ósk hans um að vera ekki alveg bundinn við það að þurfa að vera í þessu starfi, og þó að ekki sé þar með sagt, að hann kunni ekki að verða í því um einhvern tíma, þá þótti rétt að verða við því, að þetta væri opið, að rn. gæti sett annan mann en ráðuneytisstjórann sem oddamann í nefndina, þar sem hann vildi mjög gjarnan vera laus við þetta starf. En að öðru leyti er hér aðeins um framlengingu að ræða, hliðstæða þeirri, sem hér hefur verið gerð í a. m. k. ein tvö ár í röð um starfsemi þessarar nefndar, og þar sem verksviðið fellur úr gildi samkv. lögum um næstu áramót, þá þykir nauðsynlegt að endurnýja þessi ákvæði enn um eitt ár.

Hér er um svo sjálfsagt mál og einfalt að ræða, að ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð, en vil leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. til athugunar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég lýsi fylgi mínu við þetta frv. Hér er um að ræða staðfestingu á skipan, sem tekin var upp af fyrrv. ríkisstj. í samráði við samtök launþega. Gert var ráð fyrir því, að launþegar ættu fjóra fulltrúa í verðlagsnefnd og atvinnurekendur aðra fjóra, en oddamaður skyldi vera samkv. núgildandi lögum ráðuneytisstjórinn í viðskrn. Ég hef ekkert við það að athuga, að því ákvæði sé breytt, fyrst svo er, sem hæstv. ráðh. hefur skýrt frá, að ráðuneytisstjórinn hefur óskað þess, að það væri ekki lögbundið, að hann skyldi gegna því starfi. Hins vegar hefði ég kosið, að lögin hefðu getað orðið óbreytt áfram, vegna þess að mér er persónulega kunnugt um, af hve frábærri samvizkusemi og heilladrjúgri þekkingu ráðuneytisstjórinn hefur stýrt málefnum verðlagsnefndar. En fyrst það er ósk hæstv. ráðh. og hans, að þetta verði með öðrum hætti, þá sé ég enga ástæðu til annars en fallast á það og samþykki frv., þótt með þessari breytingu sé. En augljóst er, að áfram verður oddamaður í verðlagsnefnd skipaður af ríkisstj. eða viðskrh. og þar með fulltrúi hennar með nákvæmlega sama hætti og ráðuneytisstjórinn var áður fulltrúi ríkisstj. í verðlagsnefnd og oddamaður þar milli fjögurra fulltrúa launþega og fjögurra fulltrúa atvinnurekenda.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að nýlega hafa orðið nokkrar breytingar á kaupgjaldi, og von er á meiri breytingum samkv. þegar gerðum samningum.

Þá þekkingu hef ég og raunar allir, sem láta sig þau mál einhverju skipta, á störfum verðlagsnefndar á undanförnum árum, að fastlega má gera ráð fyrir því, að fulltrúar launþega í verðlagsnefnd óski þess, að atvinnurekendur beri kostnaðaraukann af orðnum og væntanlegum launahækkunum. Hins vegar mun það án efa verða sjónarmið fulltrúa vinnuveitenda í verðlagsnefnd, að þeir eigi að fá uppi borinn aukinn kostnað að einhverju eða öllu leyti. Þannig hefur reynslan verið um skoðanaskipti í verðlagsnefnd á undanförnum árum. Það hefur því fallið í hlut oddamanns, fulltrúa ríkisstj., í mörgum tilvikum að fella úrskurð, þ. e. atkv. hans hefur ráðið.

Við slíkum viðfangsefnum má tvímælalaust búast alveg á næstunni, og þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi þegar rætt það, hvort hún hugsi sér að gefa væntanlegum fulltrúa sínum fyrirmæli um það, hvernig hann skuli haga atkv. sínu í átökum um þetta efni, og ef svo er, þá hvernig þau fyrirmæli muni verða. Í þessu sambandi vil ég einnig minna á mjög skýlaus og ákveðin ákvæði stjórnarsáttmála ríkisstj. um það að stöðva háskalega verðlagsþróun og hafa hemil á hækkandi verðlagi.

Jafnframt vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort athugað hafi verið og hvort nokkrar niðurstöður liggi fyrir um það, hver áhrif þær kauphækkanir, sem þegar hafa verið ákveðnar og samið hefur verið um, muni hafa á verð landbúnaðarvöru, hvort það muni hækka, og ef svo er, þá hversu mikið og hvenær slíkar hækkanir muni koma til framkvæmda. Ég vona, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að greiða úr þessum spurningum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þarf aðeins að svara þeim fsp., sem hér hafa komið fram. Svör mín eru þau, að ríkisstj. hefur enn þá ekki gefið nein fyrirmæli til fulltrúa síns, sem væntanlega verður í þessari verðlagsnefnd. Það gefur auga leið, þar sem hann hefur enn ekki verið skipaður, og hún hefur ekki tekið neina ákvörðun um það á þessu stigi málsins, hvaða meginregla skuli gilda í sambandi við endurmat á álagningu miðað við þær aðstæður, sem nú hafa komið upp, en aðeins um það, að ákveðið er að sjálfsögðu, að taka til endurskoðunar, svo sem lög gera ráð fyrir, nýjar aðstæður í þessum efnum og ákveða nýja verðlagningu í hverju einstöku tilfelli eftir því, sem ástæður þykja til.

Það er enginn vafi á því, að nokkur vandi getur verið að ákveða það, hve hér er raunverulega um mikla útgjaldaaukningu að ræða í hverju einstöku tilfelli. Hvort tveggja er það, að kjarabætur þær, sem samþykktar hafa verið, eru þess eðlis, að það liggur ekki eins hreint fyrir og stundum áður að meta það nákvæmlega, hver útgjaldaaukningin mundi vera, og það er líka alveg ljóst, að hún er mjög mismunandi í hinum einstöku greinum, t. d. í sambandi við vinnutímastyttinguna, og því liggur það að sjálfsögðu fyrir að reyna að gera sér grein fyrir þessu, og það verður að sjálfsögðu gert fyrst og fremst í verðlagsnefndinni, sem á um þessi mál að fjalla, en svo kemur auðvitað ríkisstj. til með að fjalla um það nánar í sambandi við sinn fulltrúa, hver afstaða hennar kann að verða í þeim tilvikum, þar sem ekki getur orðið um samkomulag á milli aðila að ræða.

Mér eru vel ljós ákvæði stjórnarsáttmálans í þessum efnum, og það verður auðvitað reynt að standa gegn öllum óeðlilegum eða óþörfum verðhækkunum, en hins vegar hefur það komið hér skýrt fram í umr. á Alþ. og á opinberum vettvangi, að ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, að slíkar launabreytingar sem nú hafa verið samþykktar hljóta að koma fram í ýmsum greinum í verðlagi að meira eða minna leyti, allt eftir ástæðum.

Um það atriði, hvaða áhrif þessar launabreytingar muni hafa á verðlagningu landbúnaðarafurða, get ég heldur ekki sagt. Það hefur enn ekki farið fram mat á því, hvað hér yrði um miklar kjarabætur í rauninni að ræða. Þegar það mál verður metið, verður síðan að meta, hvað teljast skuli sanngjörn og hliðstæð kjarabót á launalið í verðlagningu landbúnaðarafurða. Þetta eru verkefni, sem liggja fyrir, en um þetta hefur ekki verið tekin nein afstaða á þessu stigi málsins. Ég get því miður ekki upplýst frekar um þessi atriði, sem hér hefur verið spurt um, vegna þess að þau eru nú í athugun, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar á þessu stigi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér kemur það ekki á óvart, þó að hæstv. viðskrh. hafi ekki auðveldlega getað svarað þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, og það mun áreiðanlega vefjast meira en lítið fyrir þeim mönnum, sem um þessi mál eiga að fjalla, að svara þeim í framkvæmdinni á næstunni.

Um þetta frv. vil ég að öðru leyti segja það, að skipun verðlagsnefndar, sem hér er verið að framlengja með nokkrum breytingum, var ætíð hugsuð til bráðabirgða, og okkur sjálfstæðismönnum var fullkomlega ljóst, að þetta var mesti óburður. Á þessu máli þurfti að taka á allt annan veg, og það var unnið að því að hálfu fyrrv. ríkisstj. að endurskoða þessi verðlagsmál og verðgæzlumál í landinu frá rótum og reyna að skipa þeim málum með skaplegri hætti og í svipuðum dúr eins og kunnugt var, að tíðkaðist hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum með miklu betri árangri, þá fyrst og fremst til þess að koma á skaplegri verzlunar- og viðskiptaháttum hér, sem yrði öllum til góðs, bæði verzlunarstéttinni og neytendunum í landinu í heild. En það fór sem fór, og ég skal ekki rekja hér, að tilraunir til þess að koma þessum málum í skaplegra horf mistókust á sínum tíma hjá fyrrv. ríkisstj. En hún vann þó áfram að athugunum á áframhaldandi endurbótum, þó að henni entist ekki aldur til þess að koma þeim inn í þingið.

Við sjálfstæðismenn höfum unnið að því að reyna að koma þessum málum í skaplegra horf og munum sæta fyrsta tækifæri til þess, sem okkur gefst, og við munum e. t. v. síðar á þessu þingi bera fram tillögur, sem hér að lúta og kynnu að móta einhverja áfanga í þessu máli, þó að við vitum, að eins og nú er háttað pólitískum völdum hér í þingi, er ekki líklegt, að við komumst að leiðarenda með þeim hætti, sem við teljum, að bráðnauðsynlegt sé og yrði öllum almenningi í landinu til góðs og mundi leiða til lægra verðlags almennt í landinu. Það verðlagseftirlit, verðgæzla og þetta kerfi, sem við búum við, er orðið margsinnis úrelt og leiðir í mýmörgum tilfellum til þess, að almenningur þarf að borga miklu hærra vöruverð en ella mundi verða.

Út í þetta skal ég ekki meira fara nú, en ég vil segja það, að þessi framlenging er auðvitað stórum verri og sú breyting, sem hér er gerð, heldur en áður var, því að mér dettur ekki í hug, að núv. hæstv. ríkisstj. finni hlutlausan oddamann á við ráðuneytisstjórann í viðskrn., og mæli ég það af tvennu, af reynslu minni af starfsháttum þessa ágæta embættismanns, svo og einnig af því hugarfari, sem hefur ekki farið neitt leynt hjá núv. hæstv. ríkisstj., sem ég hef ekki mikla trú á og miklu minna traust á en hæfileikum ráðuneytisstjórans í viðskrn. Það getur vel verið, að hæstv. stjórn takist að finna einhvern góðan mann, ef hún hefur þá einhvern áhuga á því að finna góðan mann. Er það þá ekki einn pólitískur dyndill í viðbót? Það gildir um marga, sem þegar er búið að setja á jötuna, og margir eiga eftir að koma, sem m. a. sýnir sig í því frv., sem nú er til meðferðar í hv. Ed., um þann óskapnað, sem kallaður er Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ég geri ráð fyrir því, að við munum láta þetta frv. lönd og leið. Að sjálfsögðu er ekki hægt að fella það eins og er, því að eitthvað verður að halda áfram, en við munum að sjálfsögðu ekki greiða fyrir því, að það fái framgang í þinginu, við sjálfstæðismenn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. fjallar einvörðungu um skipan verðlagsnefndar, en ekki um verðlagseftirlitskerfið sjálft. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég hefði kosið, að frv. væri algjörlega samhljóða gildandi lögum og að ráðuneytisstjórinn í viðskrn. yrði áfram oddamaður í verðlagsnefnd. Ég leyfi mér að láta uppi ósk um, að ríkisstj. skipi hann, þótt henni sé það ekki skylt, ef þetta frv. verður að lögum, því að betur, hygg ég, að hlutleysi og þekking í afgreiðslu mála í þessum efnum verði ekki tryggð.

Um verðlagseftirlitskerfið, verðlagslögin í heild, er það kunnara en frá þurfi að segja, að ég tel gildandi lög í þeim efnum vera meingölluð og mjög úrelt, en um það mál fjallar frv. ekki, svo að ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál frekar.

En ég hlýt að segja, að ég er ekki ánægður með svör hæstv. ráðh. við spurningum mínum. Ég get að vísu skilið það, að hann geti ekki skýrt frá fyrirmælum til embættismanns eða til fulltrúa ríkisstj., sem enn hefur ekki verið skipaður, en hitt urðu mér vonbrigði, að ríkisstj. skuli ekki enn í alvöru hafa rætt þau grundvallarvandamál, sem hér eru augljóslega á ferðinni, að hann skuli ekki geta talað með ákveðnari hætti um það, hvaða stefnu ríkisstj. muni fylgja í þessum efnum, með sérstöku tilliti til mjög ákveðinna ummæla um verðlagsmál í málefnasamningi ríkisstj. Þó hlýt ég að vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. gaf í skyn, ég vil nú ekki segja, bjó þingheim og þar með landslýð allan undir það, að í kjölfar þeirra samninga, sem nýlega hafa verið gerðir, muni sigla verulegar verðhækkanir. Ég gat ekki skilið lausleg ummæli ráðh. öðruvísi en þannig. Ég hef enga löngun til þess að rangtúlka þau, ekki hina allra minnstu, en ég hygg, að þau verði ekki skilin öðruvísi en þannig, að hann hafi með þeim verið að búa landslýð undir það, að innlent vöruverð almennt og landbúnaðarverð líka muni hækka, misjafnlega mikið þó að vísu, í kjölfar þeirra samninga, sem gerðir hafa verið. Ef ummæli hans eru rétt skilin með þessum hætti, og það hygg ég vera, þá hygg ég, að það hljóti að vekja ugg í brjóstum margra þeirra, sem hafa bundið miklar og góðar vonir við farsæla lausn síðustu kjaradeilu. En reynslan mun sýna, hver niðurstaðan verður í þessum efnum, en ummæli ráðh. hljóta að vekja nokkurn ugg í brjósti þeirra manna, sem vilja stuðla að því, að verðlag á Íslandi haldist sem stöðugast og kaupmáttur kaupgjaldsins sem traustastur.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er nú út af fyrir sig býsna athyglisvert að heyra hér tvo fyrrv. ráðh. tala um ástandið í verðlags- og viðskiptamálum þjóðarinnar á þá lund, sem menn hafa heyrt hér. Annar segir, nýkominn frá því að stjórna þessu, að þetta sé allt saman meingallað og úrelt, en hinn segir, að Sjálfstfl. hafi unað illa þessu ástandi, en vilji ekki una við það lengur. Það er nú mál út af fyrir sig, að þeir skuli hafa stjórnað þessu á þá lund, en búist nú fyrst við verulegum breytingum, þegar þeir eru farnir frá.

Ég get hins vegar tekið undir með þeim að því leyti, að ég tel margt meingallað í þessu kerfi. En hins vegar er það mín skoðun, að það væri alveg fráleitt að afnema það, sem þó er eftir hér af verðlagseftirliti í landinu, og alveg sérstaklega teldi ég, að það væri háskalegt á slíkum tímum eins og nú ganga yfir hjá okkur.

Varðandi það, sem hér hefur verið sagt um framlengingu ákvæðanna í gildandi lögum um verðlagsnefnd, og var jafnvel látið liggja að því, að það sé einhver stórbreyting, að þar er gert ráð fyrir því, að fulltrúi ríkisstj. kunni að verða annar maður en ráðuneytisstjórinn í viðskrn., sem óskar eftir því að vera laus við starfið, vil ég minna á það eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði hér í sinni ræðu, – og hann er fyrrv. viðskrh. og þekkir því þessi mál alveg út og inn, – að hér var um að ræða fulltrúa ríkisstj., sem var að framkvæma stefnu hennar, og auðvitað á hennar ábyrgð, og varð hann að gera margt annað en það, sem hann hefur kannske sjálfur viljað gera, af því að hann varð að fara eftir stefnu ríkisstj., og er þá kannske ekki ýkja mikill munur á því, hvort það er, við skulum segja, deildarstjóri, fulltrúi eða ráðuneytisstjóri úr rn., sem kynni að sitja í þessari nefnd á ábyrgð ríkisstj. En það er nú ekkert útséð um það enn þá, hvort ráðuneytisstjórinn fæst til þess að vera í nefndinni, og engin hugmynd er það frá minni hálfu, að hann verði ekki áfram í þessu starfi. Hins vegar er mér það alveg ljóst, að hann hefur miklum störfum að gegna og mörgum, og það er engan veginn þægilegt, að hann sé bundinn í þessu starfi, og ég get vel skilið sjónarmið hans. Hér er því auðvitað ekki verið að leggja til neina sérstaka breytingu í þessum efnum nema þá, sem verður að teljast minni háttar.

Það er alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að hér er í rauninni aðeins um að ræða verðlagsnefnd, en ekki breytingu á hinum almennu lagaákvæðum varðandi verðlagseftirlit og verðlagsmál. Og hvort sem að því verður horfið eða ekki að breyta skipun verðlagsnefndar einhvern tímann í framtíðinni, um það get ég ekkert sagt, þá er það skoðun ríkisstj. nú, að ekki komi til mála að raska því samkomulagi, sem enn er byggt á milli þeirra aðila, sem þarna eiga fulltrúa í verðlagsnefnd, og það sé rétt að halda því áfram, á meðan ekki

eru gerðar einhverjar meiri háttar breytingar á kerfinu sem heild.

Þá lýsti hv. 7. þm. Reykv. því hér yfir, að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með svör mín við þeim spurningum, sem hann lagði hér fyrir. En ég held, að svör mín hafi verið fullkomlega eðlileg. Það væri í rauninni alveg fjarstætt, að ríkisstj. gæti farið að gefa út einhver fyrirmæli á þessu stigi málsins um beint efni þess, hvernig ætti að verðleggja vörur nú á næstunni, þegar ekki hefur einu sinni verið gengið frá kjarasamningum til fulls, og þeir aðilar, sem með þessi mál hafa að gera, eru ekki búnir að skila af sér enn. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að mjög mikilvæg atriði í þessum kjarasamningum eru þess eðlis, að það er nokkur vandi að meta þau til útgjalda. Og ég hygg, að allir viðurkenni það, að t. d. stytting vinnuvikunnar er mjög mismunandi til útgjalda í hinum ýmsu tilvikum.

En stefnan, sem að sjálfsögðu verður fylgt og hefur komið fram af hálfu ríkisstj. við aðila í þessum efnum, er sú, sem við erum enn bundnir af í þeim verðlagslögum, sem við störfum eftir, og það er, að í meginatriðum á að ákveða verðlagningu þannig, að eðlilega rekin viðskiptastofnun hafi starfsgrundvöll. Það verður að taka tillit til þeirra aðstæðna, sem eru fyrir hendi á hverjum tíma. Eins og útgjöld geta hækkað að hækkuðum launum, geta vitanlega aðrir þættir spilað hér inn í, sem verka aftur til lækkunar, og þetta ber að meta, þegar ákvörðun verður tekin um starfsgrundvöll í þessum efnum.

Ég vil svo segja það í tilefni af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér, að það er rangt, að það væri hægt að skilja orð mín svo, að ég hafi verið hér að búa landslýð undir það, að nú stæðu fyrir dyrum verulegar verðhækkanir. Ekkert slíkt hef ég sagt. Ég hef aðeins sagt það, sem hér hefur verið margsagt áður í umr. um þessi mál, áður en endanlega var samið, að það megi að sjálfsögðu búast við því, að eftir allverulegar kauphækkanir kunni að verða einhverjar verðhækkanir, en við vitum ekki, hversu miklar þær verða. Það ber vitanlega að athuga það, eins og ég segi, í hverju einstöku tilfelli. Mín orð hafa ekki gefið neitt tilefni til þess að hægt sé að segja, að menn séu nú með ugg í brjósti í tilefni af því, sem að ég hef sagt.

Ég ætla, að ýmsir aðrir hafi látið sterkari orð falla og meiri en ég í þessum umr. um það, að nú standi fyrir dyrum stórkostlegar verðhækkanir. Það getur hver og einn getið sér til þess, sem honum sýnist í þessum efnum, en um það, að fyrir dyrum standi nú stórkostlegar verðhækkanir, hef ég ekkert sagt. Ég hef aðeins sagt það, að beiðni um verðlagshækkanir verða teknar fyrir og athugaðar með það að meginmarkmiði af hálfu ríkisstj. að halda verðlagi eins mikið niðri og tök eru á.

Ég hélt nú satt að segja og á alveg von á því, að við í ríkisstj. eigum eftir að heyra það frá þeim, sem eru í stjórnarandstöðu miklu fremur, að við höfum verið of harðhentir eða of skilningslitlir við þá, sem sækja um heimildir til hækkunar, en það, að búast megi við, að við sleppum nú öllu lausu og séum sérstaklega hættulegir í þeim efnum að leyfa allar verðhækkanir. En reynslan ein verður auðvitað að skera úr um það, hvort við komum til með að leyfa meiri verðhækkanir en t. d. hafa verið leyfðar af fyrrv. ríkisstj. við eitthvað svipaðar aðstæður. Reynslan á eftir að skera úr um það.

Ég endurtek svo það, sem ég sagði áður, að ég get ekki gefið frekari upplýsingar um þessi mál en ég hef gert. Þau eru núna á fyrsta athugunarstigi. Það liggja ekki einu sinni fyrir beiðnir frá hinum einstöku aðilum um verðhækkanir enn þá. Eins og venja er til, verða þeir ábyggilega fyrstir á ferðinni, sem framselja vinnu og hafa aðeins álagningu á þau millistörf, að þeir útvega menn í vinnu og selja þá vinnu auðvitað eftir hinum nýju kaupgjaldstöxtum.

Vinnuvikustyttingin kemur ekki í gildi fyrr en um áramót, og því er alveg augljóst, að það er ekki ýkja margt, sem kallar þar á breytingar nema þá í sambandi við útselda vinnu fyrr en upp úr því, að sá útgjaldaliður kemur í framkvæmd. Það getur því varla verið neitt undrunarefni, þó að það liggi ekki fyrir á þessu stigi, að hægt sé að upplýsa um það, hvaða álagning verði t. d. almennt leyfð eða annað slíkt, eða að hægt sé að draga af því einhverja ályktun um það, hvað landbúnaðarvörur mundu hækka mikið í verði. Það er engin aðstaða til þess að gefa upplýsingar um slíkt á þessu stigi málsins.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við þær hliðarumr., sem hér hafa orðið um þetta litla frv., sem ég lýsi fylgi mínu við.

En ef undrazt er um það, að ekki væru gefin svör við tilteknum spurningum hv. 7. þm. Reykv., held ég nú, að það sé ósköp augljóst mál, að þessum spurningum er ekki hægt að svara, eins og á stendur. Í fyrsta lagi vegna þess, sem hæstv. viðskrh. tók fram, að einn meginþáttur þeirra samninga, sem nú fóru fram, var vinnutímastyttingin, en hún tekur ekki gildi fyrr en um áramót. Í öðru lagi er kjarasamningum verzlunarfólks, sem hvað helzt hafa veruleg áhrif a. m. k. á álagningarreglur verzlunarinnar, ekki lokið. Kaupgjald verzlunarfólks var ekki ákveðið með þessum samningum. Samningsaðilar urðu ásáttir um að vísa þeim efnum til gerðardóms, og úrskurður hans kemur í fyrsta lagi í janúarlok. Hvernig ríkisstj. á að gera sér grein fyrir því í dag, hvað út úr þeim málum kemur, það get ég ekki skilið.

Þegar við stóðum í þessum samningum nú fyrir nokkrum dögum, urðum við fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar þess mjög varir, að atvinnurekendur eða fulltrúar þeirra töldu sig ekki fá þau jákvæðu svör einmitt varðandi álagningarreglur eftir hina nýju samninga, sem þeir óskuðu eftir, mjög fjarri því. Og ég held a. m. k., að það, sem þeir sögðust hafa eftir stjórnvöldum, gæfi ekki neinn byr undir vængi því, sem hér var sagt, að miklar verðhækkanir væru í vændum af völdum samninganna.

Hitt held ég sé svo alveg augljóst mál, að um leið og verkalýðshreyfingin gerir þær kröfur til stjórnvalda, nú eins og áður, við nýja samningagerð, að allt verði gert til þess að halda verðlaginu í skefjum, er okkur ákaflega vel ljóst, að það er ekki framkvæmanlegt í þjóðfélagi okkar, eins og allt er í pottinn búið, að verðlag breytist ekki eitthvað við þessa samninga. Það væri þá mikið breytt frá tíð fyrri stjórnar a. m. k.

Ég held, að samningarnir fyrir hálfu öðru ári síðan hafi ekki gefið tilefni til allra þeirra verðhækkana, sem

þá urðu. Það er mitt mat og var þá líka, en ég vonast til þess, að ríkisstj. reyni nú að halda þessum málum í eins þröngum skorðum og mögulegt er, en það er sjálfsagt að fara ekki að halda þeim í svo föstum skorðum, að til stöðvunar leiði, kannske í einstökum greinum, og það er ekki það, sem verkalýðshreyfingin óskar, en hins vegar, að aðhald verði eins sterkt og mögulegt er. Og það þekkjum við frá fyrri tímum og sjálfsagt ekki sízt hv. 7. þm. Reykv., að á svona breytingatímum, þegar verðlag verður að breytast eitthvað, vill gjarnan fylgja með ýmislegt annað, þar sem notað er þá þetta tilefni til þess að hækka vörur og þjónustu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Mér datt að sjálfsögðu aldrei í hug, að hæstv. ráðh. gæti veitt þess konar svör við spurningum mínum, að í þeim fælust upplýsingar um, hversu mikið verðlag á einstökum vörum mundi breytast, hversu mikið álagning mundi hækka eða hversu mikið verð á landbúnaðarvörum mundi hækka. Það datt mér auðvitað aldrei í hug. En ég gerði mér von um, að hæstv. ráðh. gæti gefið almenna stefnuyfirlýsingu af hálfu ríkisstj. um það, hvers konar fyrirmæli hann mundi gefa fulltrúa sínum, oddamanni í verðlagsnefnd. Svör hæstv. ráðh. voru þannig, að ég get ekki skilið þau, og enginn, hygg ég, með sanngirni getur skilið þau öðruvísi en þannig, að búast megi við verulegum verðhækkunum í kjölfar þeirra samninga, sem gerðir hafa verið. Og þetta er svar út af fyrir sig, þótt ég hefði búizt við því, að það gæti orðið skýrara en það var í raun og veru.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þær umr., sem nú hafa farið fram, eru vissulega aðeins smjörþefur af þeim umr., sem eftir eiga að fara fram á Alþ., áður en því lýkur, um efnahagsmálin. En ég get ekki stillt mig um það nú strax að vekja athygli á því, að það er svolítið annar limatilburður á stjórnarherrunum núna, hæstv. viðskrh. og hv. 8. þm. Reykv. í sambandi við hugsanlegar verðhækkanir og verðlagsmál en voru hér á þingi í fyrra, þegar þeir voru í stjórnarandstöðunni. Þeir voru þá ekkert að velta vöngum yfir því, þessir herrar, að það þyrfti eitthvað að hækka og vitaskuld þyrfti eitthvað að hækka á slíkum tímum. Nei, þeir sögðu blákalt þá hér, að það ætti ekkert vöruverð að hækka. Atvinnurekstrinn ætti að bera kauphækkanirnar, sem gerðar voru þá.

Þeir fluttu þá till. um það að skipa rannsóknarnefnd til þess að leiða mig sem forsrh. fyrir landsdóm fyrir það, að eitthvað hefði hækkað vöruverðið í landinu. (Gripið fram í.) Það var ekkert allt annað tilefni, en úr því að hv. þm. grípur fram í, að þessi till. var ekki afgr. á þinginu, vil ég benda á, að núv. ríkisstj. hefur haft aðstöðu til þess frá því í júlímánuði að láta þessa rannsókn fara fram og standa þannig við stóru orðin í fyrra, um að ég hafi gert mig stórlega sekan í minni embættisfærslu, þannig að það ætti að draga mig fyrir landsdóm. En það getur vel verið að tillögugerðin á sínum tíma hafi stafað af allt öðru tilefni en þá var látið í veðri vaka.

Það var mikill misskilningur hjá hæstv. viðskrh., að sjálfstæðismenn hefðu nú einhverja aðra stefnu í verðlagsmálum í landinu í heild en áður var. Það er kunnugt, að ágreiningur var um það innan ríkisstj. og innan stjórnarflokkanna, þannig að meiri hl. á Alþ. var ekki fyrir þeirri tillögugerð, sem undirbúin hafði verið af þáv. hæstv. viðskrh. Og ég sagði hér áðan, að mér væri alveg ljóst, að við hefðum ekki aðstöðu til þess að koma miklu áleiðis í þessum efnum, eins og að valdaskiptingin væri í Alþ. nú, en gerði grein fyrir því, að við sjálfstæðismenn hefðum þegar unnið að því og værum að vinna að því, eftir því sem að tækifærin byðust, að koma okkar till. á framfæri og þoka málunum áfram til betri vegar, og ég sagði, að það mundi sennilega síðar á þinginu koma fram álitsgerð eða till. frá okkur um einhverja áfanga í því efni, hvernig sem þeim verður svo tekið í þinginu, eins og það nú er skipað.

Ég vil svo aðeins að lokum vekja athygli á því, hvernig stendur á því, að þessir hv. talsmenn ríkisstj., ráðh. og hv. 8. þm. Reykv., eru að siendurtaka það, að á slíkum tímum eins og nú hljóti að verða verðhækkanir, sem leiði af þeim kjarasamningum, sem gerðir hafa verið. Ef við hefðum fengið hér á þessu þingi einhverjar ljósar hugmyndir frá hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún ætlaðist fyrir í efnahagsmálunum, gætum við náttúrlega rætt þessi mál betur, og það gefst auðvitað tækifæri til þess síðar, og þess vegna talaði ég um það, að þetta væri sjálfsagt aðeins byrjun á miklum umr. um efnahagsmálin.

En hvað er það, sem einkennir þessa tíma nú, árið, sem er að líða? Þetta hefur verið eitt bezta ár, sem við höfum haft til lands og sjávar og í viðskiptum okkar við önnur lönd. Er það vitnisburður eða einkenni þess, að á slíkum tímum þurfi allt að keyrast í hnút í verðlagsmálum vegna verðhækkana eða vegna þess, að það sé eitthvað sérstaklega erfitt að eiga við málin á þeim tímum? Vöruverð hefur verið hagstætt á erlendum markaði og hækkanir miklu minni en sumir gerðu ráð fyrir á fyrri hluta ársins. Verðlag á útfluttri vöru hefur sífellt farið hækkandi. Allur atvinnurekstur hefur yfirleitt verið rekinn með góðri afkomu á s. l. ári. Hvað kemur til, að stjórnarherrarnir eru að tala um þetta tímabil, þar sem árferði er hvað bezt hjá okkur og alls staðar til þess virkilega að mæta efnahagsmálunum á þann hátt, að við getum haldið stöðugu verðlagi, eins og við gerðum á s. l. ári og í tíð fráfarandi ríkisstj.? Frá því í maí—júnímánuði 1970 og þar til núv. ríkisstj. tók við völdum, óx kaupmáttur launanna í landinu um 20% á einu ári. Hæstv. ríkisstj. hefur nú lofað 20% kaupmáttaraukningu á 2 árum, ég kalla það gott, en hún á bara eftir að standa við það.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Af því að ég reikna nú með því, að það verði eflaust umr. hér um efnahagsmál, áður en langt um líður, eins og hv. 1. þm. Reykv. minntist hér á, þá skal ég nú ekki verða langorður og ekki fara út í það að ræða við hann eða aðra hér um þau mál, svona á almennum grundvelli, en mér finnst sérstök ástæða til þess í tilefni af orðum hans að vekja hér aðeins athygli á mjög mikilvægu máli, sem snerti einmitt það, sem við höfum verið að ræða hér.

Hann talaði hér nokkuð um það, að við hefðum notað orðin „á slíkum tímum“ og skildi nú ekki, að það væru neinir slíkir tímar nú, að það þyrfti yfirleitt á neinum verðhækkunum að halda, því að árferði hefði

verið gott og góð afkoma allra. Ber þetta þá að skilja svo, að það sé skoðun hans og hans flokks, að það muni ekki vera þörf á neinum verðbreytingum í dag og það sé m. a. óhætt t. d. fyrir mig að standa fast á því að neita öllum verðhækkunum? Það er auðvitað afskaplega mikill stuðningur fyrir mig í vandasömu starfi, ef ég á von á stuðningi Sjálfstfl. og formanns Sjálfstfl. í þessum efnum, að ég tali nú ekki um, ef hann legði Morgunblaðið með sér til þess að standa að því að verja það, að staðið yrði gegn öllum verðlagshækkunum.

Ég hef gert mér grein fyrir því, að við stöndum auðvitað frammi fyrir allmiklum breytingum. Venjan er sú, að þegar búið er að halda verðlagi kyrru með verðstöðvun í rúmlega heilt ár, þá er búið að safna fyrir talsverðu af vandamálum, sem ekki hafa verið leyst, og þegar um talsvert verulega kaupbreytingu er að ræða, þá koma slíkir tímar, að viss vandi er á ferðum, og þá er sótt mjög á það að breyta verðlagi. Vonandi er ástandið þannig almennt séð í atvinnurekstrinum í okkar landi og í sambandi við innflutningsmál, að hægt sé að halda þannig á málum, og ég gat ekki skilið formann Sjálfstfl. á annan veg en þann, að það væri hægt að standa gegn öllum verðlagshækkunum. Það er sjálfsagt að hafa það í huga við þessa athugun, sem nú er framundan.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að láta hæstv. viðskrh. komast upp með það að koma hér í ræðustólinn á eftir mér og rangtúlka algjörlega mín orð. Hann þarf ekki að gera því skóna, að hann geti flaggað með skoðun minni í þessum málum núna. Hann verður að byggja á sjálfum sér, sá góði herra, en ég var að vekja athygli á því, hver munur væri á framkomu hans nú og tilburðum hans hér í umr. í fyrra, þegar því var sífellt haldið fram, að bókstaflega mætti ekki nokkurn skapaðan hlut hækka.

Hitt er svo annað mál, og það er ósköp ánægjulegt að hlusta á það, þegar hæstv. viðskrh. kemur hér í stólinn og rifjar það núna upp, að menn verði að muna, að það séu lög í þessu landi, sem segi það, að taka eigi tillit til tilkostnaðarins við atvinnureksturinn, þegar verðlag er ákveðið. Hann mundi nefnilega ekki alveg þessi ákvæði í fyrra, en mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. man þau núna og leggur mikla áherzlu á að minna hv. þm. á þetta atriði. Ég vil hins vegar ljúka máli mínu með því að segja það við hæstv. ráðh., að hann þarf ekki að berja fótastokkinn á flóttanum frá sinni eigin fyrri afstöðu í þessum málum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of, en ég get ekki stillt mig um að gera hér örstutta aths. við það, sem hér hefur komið fram.

Á sínum tíma spurði ég forsrh. að því, hvort ríkisstj. hæstv. hefði gert sér grein fyrir því, áður en hún gekk frá hinum margfræga samningi, stjórnarsamningi sínum, hvort þjóðarbúið og atvinnuvegirnir þyldu þá 20% rauntekjuhækkun, sem hún ætlaði, að hægt væri að koma í kring, og styttingu vinnutíma og lengingu orlofs, eins og stendur í þeim samningi. Hæstv. ráðh. sagði það þá hér á Alþ., að ríkisstj. hefði gert á þessu athugun, hún hefði safnað um þetta upplýsingum, og það væri mat hennar að vel athuguðu máli, að þetta væri hægt. Ég vil vekja athygli á því, að hér er talað um rauntekjur, og þá er átt við það, að kaupmáttur launa hækki um 20% á þessum tíma.

Nú kemur hins vegar fram, að ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, eftir að kauphækkanir hafa orðið, sem eru innan ramma þess, sem í stjórnarsáttmálanum segir, að það muni verða um einhverjar verðhækkanir að ræða. Kauphækkunin, sem nú er samið um, er, að því er mér skilst, innan við það, sem gert er ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, innan við 20% á tveimur árum, en samt sem áður eiga að verða verðlagshækkanir, og þess vegna er spurningin þessi: Ætlar ríkisstj. með einhverjum öðrum hætti þá að koma því í kring, að 20% rauntekjuhækkun verði? Í annan stað vekur það líka spurningar, vegna þess að ríkisstj. hefur gert sér svona nákvæma grein fyrir þessu, þegar hún var mynduð, hvernig stendur á því, að hún veit ekki einu sinni nokkurn veginn, hvert hún stefnir núna, eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Þetta eru sem sagt heldur mótsagnakenndar yfirlýsingar hjá þessum hæstv. ráðh., sem ég hér hef vitnað til, bæði hæstv. forsrh. og viðskrh., um grundvallaratriði efnahagsstefnu ríkisstj. Það er eins og fyrri daginn, að það er svolítið erfitt að átta sig á því, hvaða stefna verður ofan á hjá ríkisstj., eftir því, hvaða ráðh. talar á hverjum tíma.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér sýnist nú, að hv. 5. þm. Norðurl. e. sé með allundarlegar hugsanir í sambandi við kaupmáttaraukningu. Hann hefur ekki skilið það, að ríkisstj. leyfi sér að tala um það að auka kaupmátt launa um 20% á tveggja ára tímabili, jafnvel þótt það yrðu einhverjar verðlagshækkanir. Hann hefur ekki getað sett saman þetta tvennt. Ég held, að ef honum er bent á þetta, þá hljóti hann nú við endurskoðun á þessu að sjá það ósköp einfaldlega, að það er hægt að veita kaupmáttaraukningu, jafnvel þótt um einhverja verðlagshækkun sé að ræða, vegna þess að við búum við það kerfi, að hér er um verðtryggingu á laun að ræða, og ef um einhverja verðlagshækkun verður að ræða, þá fá menn hana bætta eftir sérstöku kerfi. Það hefur sem sagt legið alveg ljóst fyrir frá byrjun, að ríkisstj. hefur talið, að það væri hægt með ákveðnum ráðstöfunum, sem hún er að vinna að, að tryggja 20% kaupmáttaraukningu á næstu tveimur árum. Hún hefur þegar lagt nokkurn grunn að því, að það megi takast, en hinu hefur henni ekki dottið í hug að halda fram, að á þessu tveggja ára tímabili geti ekki orðið um neina breytingu aðra að ræða en 20% hækkun á kaupi, þ. e. engar verðlagsbreytingar. Á svona einfaldan hátt hefur okkur ekki enn þá dottið í hug að setja upp dæmið. Þessi hv. þm. getur svo auðvitað slöngvað fram einhverjum fullyrðingum um það, að ríkisstj. viti ekkert, hvert hún stefnir, en það breytir bara ekki miklu um það, hvað ríkisstj. er að gera, hvað hann kann að segja í þessum efnum, sem kann að vera rökstutt á þennan sérstaka hátt.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég átti alveg von á því, að hv. 1. þm. Reykv., form. Sjálfstfl., mundi fremur velja sér þá stöðu, sem hann myndaði sig til að gera hér, að halda því jöfnum höndum fram, að ríkisstj. væri að standa fyrir miklum verðhækkunum að óþörfu miðað við góðar aðstæður, og svo því, a. m. k. í eyrun á réttum aðilum, að þeir hefðu ekki fengið nægilegar verð-

hækkanir miðað við það, sem þeir þyrftu, og því þurfti að taka það fram, að við mættum nú ekki treysta á hans skoðanir í þessum efnum, við yrðum að taka á okkur vandann sjálfir.

Svo talaði hv. 1. þm. Reykv. mikið um það, að ég og aðrir í stjórnarandstöðu hefðum sagt hér í fyrra, að ekkert mætti hækka í verði. Þetta er eins og hvert annað slúður, þetta höfum við ekki sagt. Hann finnur þess hvergi dæmi nokkurs staðar í Alþt., að við höfum sagt þetta. (Gripið fram í.) Já, það væri anzi gaman, að hv. þm. tæki sig til og færi að leita, en þetta höfum við vitanlega aldrei sagt.

Hitt er annað mál, að það hefur verið hér uppi ágreiningur um það, hvort þær verðhækkanir, sem leyfðar hafa verið, hafi allar átt rétt á sér. Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram, að það væri auðvelt fyrir okkur hér á Íslandi að halda öllu verðlagi óbreyttu, hvað svo sem gerðist í kringum okkur og einnig hér í þjóðfélagi okkar. En það er hægt eigi að síður að halda þannig á málum, að það gefi þá raunverulegu útkomu, að það jafngildi kjarabótum, og vitanlega er að því stefnt í þessum efnum.

Ég skal svo ekki vera að þræta við þessa hv. þm. um þessi atriði öllu meira. Mér sýnist þetta sé nú meira frá þeirra hálfu af vilja en mætti.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég mátti til með að gera svolitla aths. við málflutning hæstv. viðskrh., þar sem hann sá ástæðu til þess að væna mig um það, að ég vissi ekki, hvað orðið kaupmáttaraukning þýddi. Það kemur stundum fram í máli hæstv. ráðh., að þeir líta ekki þeim augum á hv. þm., að þeir séu sæmilega skyni bornir menn. Ég ætla nú ekki að fara að þrátta við hæstv. ráðh. um þetta, en mér finnst það heldur lítil virðing, sem hæstv. ráðh. sýnir alþm. með svona málflutningi.

Það, sem ég var að segja hér, var það, að forsrh. lýsti yfir því á sínum tíma, að það hefði verið mat ríkisstj. að vel athuguðu máli, að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir þyldu styttingu vinnutíma, lengingu orlofs, eins og segir í stjórnarsamningnum, auk 20% kaupmáttaraukningar án verðhækkana, án verðbólgu. (Gripið fram í.) Hann sagði þetta. **(Gripið fram í:** Er það hið sama, verðhækkun og verðbólga?) Það er spurning, hvort hæstv. ráðh. hefur einhverja sérstaka skýringu á því, hvort verðhækkanir eru ekki verðbólga, það kann að vera fróðlegt að hlusta á fyrirlestur hæstv. ráðh. um það. Hitt er svo annað mál, að nú hafa orðið kauphækkanir, sem eru innan við það, sem stendur í stjórnarsáttmálanum. Samt sem áður er gert ráð fyrir verulegum verðhækkunum líka, og hæstv. ráðh. minnti á það, að hér væri við lýði kerfi, sem verðtryggði laun, þ. e. vísitölukerfi. Það merkir það, að ef verðhækkanir verða, þá hækkar kaup, og þannig koll af kolli, og þetta er það, sem nefnt er verðskrúfa eða verðbólga, þannig að það, sem hæstv. viðskrh. boðar hér, er allt annað en það, sem hæstv. forsrh. sagði, þegar hann svaraði minni fyrirspurn um það, að það væri mat ríkisstj., að þetta væri allt saman hægt að gera án verðhækkana. Það var einfaldlega þetta, sem ég var að benda á, og ég held, að hæstv. sjútvrh. eða viðskrh. geti illa sannað, að hér hafi þeir báðir sagt það sama, hann og hæstv. forsrh. Hér er um að ræða grundvallarmismun á sjónarmiðum þeirra, enda held ég satt bezt að segja, að yfirlýsing hæstv. forsrh. hafi verið byggð á óstöðugri undirstöðu.

En ég endurtek það, það er eins og fyrri daginn hér í þingsölum, að það fer eftir því, hvaða ráðh. talar hverju sinni, hvern skilning þeir leggja í þennan ágæta stjórnarsáttmála, og það fer líka eftir því, hvaða ráðh. talar hverju sinni, hvern skilning þeir leggja í stjórnarstefnuna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 148, n. 190, 169, 226).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um þetta mál. Eins og fram kemur á þskj. 190, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. Þrír nm., Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, taka það fram, að þeir mæli með samþykkt frv. í því trausti, að viðskrh. skipi embættismann sem formann verðlagsnefndar. Og tveir nm., Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Það liggur fyrir ein brtt. við þetta frv. frá einstökum þm., um breytingu á skipan verðlagsnefndar. Nefndarskipanin var í upphafi ákveðin með samkomulagi við ýmsa aðila, og aðrir nm. en þeir tveir, sem áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., treysta sér ekki til að mæla með samþykkt þeirrar brtt. og raska þar með því samkomulagi, sem gert var á sínum tíma.

Nú er þess að geta, að eftir að gengið hafði verið frá nál., bárust n. tilmæli frá hæstv. ríkisstj. um, að bætt yrði við þetta frv. ákvæði til bráðabirgða, sbr. þskj. 226.

Fjhn. varð ásátt um að verða við þessari beiðni og hefur lagt fram brtt. á þskj., sem ég áðan nefndi. En rökstuðningur fyrir þessari beiðni ríkisstj. var á þessa leið:

„Þar sem lög nr. 94 frá 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, falla úr gildi 31. des. n. k., er talið nauðsynlegt, að meginatriði þeirra laga um meðferð verðlagsmála haldi gildi sínu út árið 1972, svo að hægt sé að fylgjast með og hafa hemil á verðhækkunum, svo sem frekast er kostur. Er í ofangreindum till. lagt til, að þessi ákvæði í verðstöðvunarlögunum verði látin gilda til ársloka 1972."

Þetta voru skýringar frá hæstv. ríkisstj. á þeim ákvæðum til bráðabirgða, sem hv. fjhn. hefur tekið upp sem sína till. og liggja hér fyrir á þskj. 226.

En fjhn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. og þá með þessari breytingu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja örlitla brtt. við þetta mál, sem hér er á dagskrá. Það varðar ekki þann þátt þess, sem hér hefur helzt verið um deilt. Mér er að sönnu ekki sérlega geðfelld sú skipan, að ákvörðun verðlagsmála sé í höndum sérstakrar opinberrar nefndar, fjarri því. En mér er

ljóst, að þingmeirihluti er fyrir því, að svo verði áfram. Ég vil því gera ýtrustu tilraun til þess að bæta þetta mál örlítið.

Brtt. er fólgin í því, að ég legg til, að einn fulltrúanna í verðlagsnefnd verði skipaður samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands. Núna er nefndin þannig skipuð, að af neytenda hálfu eru fjórir fulltrúar af níu nefndarmönnum alls, og eru þessir fjórir tilnefndir af launþegasamtökunum. Þessir fjórir menn eiga að vera í nefndinni sem fulltrúar neytenda í landinu, og vissulega eru þeir það.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að Kvenfélagasamband Íslands hefur sérstaklega í sínu starfi unnið að málefnum neytenda, og það með meiri og merkari hætti en ég vil segja, að nokkur annar aðili í landinu hafi gert, á því sviði, sem þar er um að ræða. Ég hef þar bæði í huga þátt Kvenfélagasambandsins í húsmæðrafræðslu almennt á öllu landinu og þá ekki síður starf Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra hér í Reykjavík. En ég hygg, að væru til skýrslur um öll þau þúsund, sem sú starfsemi hefur sparað neytendum með hlutlausri upplýsingastarfsemi, þá sæjust sannarlega í þeim skýrslum merkar staðreyndir. Ég tel þarna vera um starfsemi að ræða, sem er eðlilegt, að tekið sé mark á og reiknað með, þegar rætt er um það, að fulltrúar neytenda eigi að mega sín einhvers, en svo tel ég einmitt eiga að vera um verðlagsmál.

Fulltrúar neytenda eru núna þrír fulltrúar frá ASÍ og einn fulltrúi BSRB. Mér finnst eðlilegt, að í stað hinna þriggja fulltrúa frá ASÍ yrðu þeir tveir, en einn kæmi frá Kvenfélagasambandi Íslands, frá BSRB yrði áfram einn og aðrir nm. eins og segir í frv.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessi till. hljóti skilning hv. þdm. Hún er engan veginn fram sett til þess að beina spjótum gegn ASÍ, það er svo fjarri því, enda mun sú skipan, sem þarna er á höfð nú, fyrst og fremst vera til þess að hafa jafnvægi milli neytenda annars vegar eða öllu heldur verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og vinnuveitenda hins vegar og stjórnvalda. Ekki er svo að skilja, að allir þessir aðilar séu ekki neytendur, en sá aðili, sem mér finnst með réttustum hætti vera fulltrúi neytenda í landinu, er sá, sem kemur fram sameiginlega fyrir hönd allra húsmæðra á Íslandi, og það er Kvenfélagasamband Íslands.

Á þessum dögum, þegar mönnum verður svo tíðrætt um það, að konur eigi að hafa meiri áhrif og meiri rétt í þjóðfélaginu en hingað til hefur verið, – og sannarlega eru íslenzkar konur alltaf að sækja sig á því sviði,– má telja mjög eðlilegt, að hv. alþm. sýni vilja sinn í þessum efnum og sinn hug til kvenþjóðarinnar í landinu, til húsmæðranna í landinu, til fræðslu um rekstur heimila í landinu, sinn hug til þeirra, sem hafa það efst á sinni stefnuskrá að sjá um hag heimilanna í landinu og eru fróðastir um neytendamál. Mér sýnist allt þetta mæla með því, að hv. Alþ. samþykki þessa brtt., sem hér hefur verið lögð fram og miðar að áhrifum Kvenfélagasambands Íslands á verðlagsmál.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við brtt. á þskj. 169, sem hv. 12. þm. Reykv. flytur. Þar er lagt til, að í stað þess að ASÍ tilnefni þrjá menn í verðlagsnefnd, tilnefni Alþýðusambandið einvörðungu tvo, en Kvenfélagasamband Íslands einn. Þessa afstöðu mína má ekki skilja sem vantraust á ASÍ í þessu efni, heldur tel ég, að mjög mikilvægt sé, þar sem er nefnd níu manna, sem fjalla á um verðlagsákvarðanir, að fulltrúi frá samtökum eins og Kvenfélagasambandinu eigi þar sæti.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorð, en ég tel rétt, að fram komi hér annað sjónarmið varðandi hlutverk og stöðu kvenna í þjóðfélaginu í dag. Eins og hv. 12. þm. Reykv. tók fram, þá er nú mikil hreyfing í þá átt, að þær seilist til aukinna áhrifa í þjóðfélaginu, en ég hygg, að hv. 12. þm. Reykv. hafi nokkuð misskilið, á hvern hátt ætlazt er til þess, að þær geri það. Enda þótt ég hafi fullan skilning á því starfi, sem Kvenfélagasamband Íslands gegnir í þessum málum, þá vil ég taka fram, að till. hennar gengur í afturhaldsfarveg og stefnir að því að festa konur í sessi húsmæðra, gera þær sjálfkrafa án tillits til nokkurs annars að neytendum, fulltrúum neytenda, í stað þess að ætla þeim önnur hlutverk jafnframt.

Ég er ekki svo kunnug starfi verðlagsnefndar, að ég geti talað þar af fullum myndugleik, en ég vil benda á, að það er engan veginn útilokað, að Kvenfélagasamband Íslands gæti tilnefnt fulltrúa, sem væri úr hópi framleiðenda, því að samfélagið er nú þegar breytt frá því, sem var, þegar Kvenfélagasamband Íslands var stofnað.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. nefndi það hér í ræðu sinni, að ég hefði misskilið, á hvern hátt væri ætlazt til, að konur létu til sín taka í þessu þjóðfélagi. Mér er spurn: Á hvern hátt er ætlazt til þess? (Gripið fram í.) Ég vil tjá hv. 4. landsk. þm., að ég var kjörin til þingstarfa 26 ára að aldri og sat hér á Alþ. í 7 ár. Allan þann tíma lét ég til mín taka með fullum þingmannsrétti, eftir því sem ég frekast taldi ástæðu til. Með því teldi ég, að ég væri að leggja mitt litla persónulega lóð á þá vogarskál, að konur létu til sín taka, eins og þær hefðu rétt til og hefðu fengið fylgi til.

Ég vil leiðrétta mikinn misskilning, sem kom fram í máli hv. þm. Hún hélt því fram, að starf Kvenfélagasambands Íslands miðaði í afturhaldsátt. Ég vildi satt að segja óska, að hún hefði ekki látið þessi ummæli falla hér á opinberum vettvangi, að það starf miðaði nokkuð í afturhaldsátt, og það miðaði að því að festa konur við heimilin. (**SvJ:** Þetta er ekki rétt.) Er þetta ekki rétt? (**SvJ:** Ég sagði, að till. miðaði í þá átt.) Till. mín? Það var nú enn þá fjær lagi, að till. um, að fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands sæti í verðlagsnefnd, gæti á nokkurn hátt miðað að því að festa konur á heimilum sínum. Þetta er jafn fjarri lagi og það, að formaður verðlagsnefndar sé embættismaður eða eitthvað álíka, festi konur á heimilum sínum. Þessi till. kemur alls ekki neitt nálægt því máli, hvar starfsvettvangur konunnar er.

Hins vegar vil ég láta þess getið, að starf Kvenfélagasambands Íslands hefur vissulega miðað að fræðslu húsmæðra í landinu. En fræðsla húsmæðra í landinu miðar ekki að því að skipa þeim einhvern ákveðinn starfsvettvang. Hvar sem ein húsmóðir vinnur, utan heimilis eða innan, þá er hún ásamt bónda sínum þó

alltaf stjórnandi heimilisins, og það er full nauðsyn á því og það er hagur þessarar þjóðar, að fólk sé sem bezt upplýst um það, hvernig á að reka heimili, svo að í lagi sé. Það varðar miklu um meðferð á fjármunum þjóðarinnar.

Ég veit raunar ekki, hvort hv. stjórnarsinnum finnst það yfir höfuð skipta máli, hvernig farið er með fjármuni þessarar þjóðar, en mér finnst það skipta máli, og ég veit, að þeim, sem ég starfa mest með í stjórnmálum, finnst það skipta miklu máli.

Enn fremur vil ég benda á það, að fræðsla um rekstur heimila, hagkvæmni í störfum og hagkvæmni í innkaupum dregur á engan hátt úr því, að fólk velji sér starfsvettvang. Hún verður miklu fremur til þess, að fólk hafi möguleika á að velja sér starfsvettvang. Kona, t.d. sem veit ekki, hvernig hún á að haga störfum sínum, eða ver fjármunum sínum í óráðsíu, hefur engan tíma til þess að sinna sínum mörgu störfum, svo að í lagi sé. Hún þarf að geta skipulagt stjórn á sínu heimili, þó svo að hún vinni einhvers staðar annars staðar. Þó svo að einhver annar sinni þar ýmsum störfum, þá þarf hún alltaf að stjórna því ásamt manni sínum.

Kvenfélagasamband Íslands hefur einmitt í seinni tíð lagt áherzlu á nauðsyn þess, að konur sem karlar séu frædd um þessi atriði og leggur áherzlu á nauðsyn þess, að karlar og konur standi sameiginlega að hagsmunamálum heimilanna, jafnt í störfum sem í ýmsu öðru efnalegu tilliti og að öllu leyti öðru. Það er hrein nauðsyn, til þess að heimilið geti verið sá vettvangur friðar og öryggis, sem við nú einu sinni byggjum á og viljum, að þau séu. Ég viðurkenni það fyllilega, að það er mín stefna, að svo sé, og ég tel það á engan hátt spilla þeirri stefnu eða framgangi þeirrar hugsunar, að fólk sé sem bezt frætt um ýmis neytendamál heimilanna, störf á heimilum eða rekstur þeirra yfirleitt. Þetta vil ég láta koma hér fram, til þess að öruggt sé, að enginn misskilningur sé varðandi hlutverk Kvenfélagasambandsins. Ég veit raunar, að það eru fjölmargir þm. og ekki sízt þm. utan af landi, sem eru því mun kunnugri en hv. síðasti ræðumaður, hve mikið gagn þetta samband hefur gert í landinu áratugum saman.

Hitt er svo annað mál, að það skiptir vitanlega ekki nokkru máli um það, hvort kona vinnur aðallega á heimili sínu eða einhvers staðar annars staðar, eða hálfan dag á heimili sínu og hálfan daginn einhvers staðar annars staðar, hvort Kvenfélagasamband Íslands á fulltrúa í verðlagsnefnd. Það er gjörsamlega óskylt mál. Samt vildi ég nú láta þetta koma fram að gefnu tilefni frá síðasta ræðumanni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerði upphaflega ráð fyrir því, að ákvæðin um verðlagsnefnd yrðu framlengd, eins og þau hafa verið, að öðru leyti en því, að ákvæðunum um skipun formanns nefndarinnar var vikið örlítið til af ástæðum, sem hér hafa verið skýrðar. Framlenging þessara ákvæða hefur verið endurtekin nokkrum sinnum hér á þingi undanfarin ár með fullu samkomulagi allra, og það hefur einfaldlega byggzt á því, að um mjög viðtækt samkomulag er að ræða um skipun þessarar nefndar á milli verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og stjórnvalda og vinnuveitenda í landinu, og það hefur öllum þótt rétt að halda þessu samkomulagi, en rífa það ekki upp.

Auðvitað geta verið uppi ýmsar skoðanir um það, hvernig bezt væri fyrir komið skipun verðlagsnefndar. Það er ekkert óeðlilegt, að fram komi till. um t. d. neytendasamtökin í landinu, að þau ættu þarna fulltrúa o. s. frv. Hv. 12. þm. Reykv. flytur hér till. um að gefa Kvenfélagasambandinu kost á því að tilnefna hér einn mann, og auðvitað geta komið fram miklu fleiri till. eða ábendingar um það, hverjir mættu eiga fulltrúa í þessari nefnd, en kjarni þessa máls er það, að þessi nefnd hefur verið sett saman með sérstöku samkomulagi á milli þeirra aðila, sem hér hafa verið nefndir, verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og atvinnurekenda hins vegar og ríkisvaldsins, og við höfum talið á undanförnum árum og teljum enn, að rangt sé að rífa upp þetta samkomulag. En það er auðvitað alveg augljóst mál, að ef till. frá hv. 12. þm. Reykv. á þskj. 169 yrði samþ., þá er búið að rjúfa þetta samkomulag, sem gilt hefur um þessa nefnd. (Gripið fram í.) Það gildir svo lengi sem þessir aðilar og stjórnarvöldin hafa ekki sagt því upp, og auðvitað getur Alþ. breytt því og ákveðið að taka upp nýtt skipulag, það er alveg rétt, það er opið þannig, en samkomulagið á milli þessara aðila stendur enn þá, og ég hélt satt að segja, að það þyrfti ekki að verða ágreiningur um þetta atriði, og það hefur ekki verið hér á undanförnum árum. Af þessum ástæðum mæli ég eindregið gegn samþykkt till. á þskj. 169, af því að hún mundi alveg steypa þessu samkomulagi, sem þarna hefur verið, og ég held, að af því gætu hlotizt ýmiss konar erfiðleikar varðandi framkvæmd á þessu máli.

Hitt atriðið, sem síðan hefur verið tekið hér upp í sambandi við þetta mál, er till. um bráðabirgðaákvæði á sérstöku þskj. 226, till. frá fjhn. samkv. beiðni ríkisstj. Þar er um að ræða að taka orðrétt upp úr verðstöðvunarlögum öll þau atriði, sem varða sérstaklega verðlagningarmál, því að þótt gert sé ráð fyrir því, að verðstöðvunarlögin sem slík falli úr gildi um næstu áramót, þá er það vilji ríkisstj., að áfram verði í gildi ákvæði þess efnis, að óheimilt sé að breyta verðlagningu í landinu, jafnt á vörum og þjónustu, nema til komi leyfi viðkomandi yfirvalda. Við lítum hins vegar svo á, eins og ég hef sagt hér áður, að það væri ekki eðlilegt að framlengja út af fyrir sig verðstöðvunarlögin, því við teljum það varla eðlilegt, að kalla það ástand, sem hér kemur til með að verða eftir áramótin, verðstöðvun, af því að beinlínis er gert ráð fyrir því, að í ýmsum tilvikum verði að breyta verðlagi. En við teljum, að óhyggilegt sé að leyfa hinum ýmsu aðilum að ákveða verðlagið sjálfir, eins og annars mundi verða, ef þetta yrði ekki framlengt. Það hefur t. d. komið í ljós síðustu daga, að bæði sveitarstjórnir og aðrir aðilar eru að gera samþykktir um að hækka verðlag í ýmsum greinum, og þeir mundu sýnilega gera það, ef ekki yrðu áfram einhver ákvæði í lögum um það, að þeir yrðu að sækja um leyfi fyrir slíkum hækkunum til stjórnarvalda, og þær yrðu að metast í hverju einstöku tilviki. Ég vil því vænta, að hv. þm. geti fallizt á það að framlengja áfram með því að samþykkja þessi bráðabirgðaákvæði þau ákvæði úr verðstöðvunarlögunum, sem snerta eftirlit með verðlagi á öllum sviðum.

Þá sýnist mér, að hér sé ekki í rauninni um annað að ræða í sambandi við þetta frv. í heild en framlengingu á ákvæðum, sem hafa verið í gildi, og ég hefði því viljað vænta þess, að það gæti tekizt samkomulag um þetta og að ekki þyrftu að verða hér mjög langar umr. um það atriði út af fyrir sig, hvernig æskilegast væri að dómi manna að skipa verðlagsnefnd. Ég efast auðvitað ekkert um, að um það eru uppi margar og misjafnar skoðanir. Spurningin er aðeins þessi: Geta menn ekki fallizt á, að það samkomulag, sem gilt hefur um þetta mál á milli jafn þýðingarmikilla aðila og hér eiga hlut að máli, fái að standa áfram, eins og nú er ástatt um þessi mál öll?

Ég vænti þess, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er að finna á þskj. 226 og fjhn. stendur að, en leggst gegn því, að till. á þskj. 169 frá hv. 12. þm. Reykv. verði samþ.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með það, að það virðist vera ætlun hæstv. ríkisstj. að halda áfram verðlagseftirliti. Ekki er vanþörf á í því dýrtíðarflóði, sem við blasir á næstu mánuðum. Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma hér fram, að öflugt verðlagseftirlit á öllum sviðum sé vissulega brýn nauðsyn á komandi mánuðum, því að verðlagseftirlit er ekki aðeins vörn neytendans gagnvart óhóflegri verðlagningu, heldur má einnig líta á verðlagseftirlit sem ráð til þess að veita atvinnurekstri aðhald og til þess að auka framleiðni og bæta rekstur atvinnufyrirtækja. Verðlagseftirlit er þannig heppilegt tæki í baráttunni við verðbólguna, og sem slíkt hefur verðlagseftirlit verið notað í vaxandi mæli í ýmsum löndum undanfarið.

En tilefni þess, að ég er hér kominn í pontuna, er að biðja hæstv. ráðh. um að skýra það hér fyrir okkur alþm., hvað meint sé með því, sem segir hér í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóv. 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstj."

Ég vil spyrja: Hvaða markmið mun ríkisstj. hafa varðandi væntanleg leyfi til verðhækkana, hvaða reglur hyggst hún setja til viðmiðunar í þessum efnum? Það væri gagnlegt að fá upplýsingar um þetta. Ég fyrir mitt leyti tel það mjög mikilsvert, að ríkisstj. sjái svo um, að haldið verði uppi ströngu og öflugu verðlagseftirliti á komandi mánuðum.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég ætti kannske ekki að blanda mér inn í orðaskipti, sem hér fóru fram á milli hv. 12. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. áðan, og það því síður, sem ég er nánast í grundvallaratriðum sammála báðum. Ég met mjög mikils starfsemi kvenfélaganna um allt land, en sakna hins vegar ákaflega, hversu takmörkuð hefur verið þátttaka kvenna í almennum félagsmálum.

Mér fannst þó, að ég þyrfti að gera örlítið nánar grein fyrir afstöðu minni til brtt. hv. 12. þm. Reykv., úr því að þessar umr. spunnust um hana. Ég tók það að vísu fram, að það væri skoðun nm., að varðandi skipan verðlagsnefndar þá væri um að ræða samkomulag, sem enn væri í gildi, og þess vegna væri ekki gjörlegt að raska neinu í frv. vegna samkomulagsins. En út af þessum umr. vil ég einnig skýra afstöðu mína að öðru leyti örlítið nánar.

Það er staðreynd og er öllum ljóst, að í ASÍ og BSRB eru hundruð ef ekki þúsundir kvenna. Það liggur alveg í augum uppi. Einnig má það vera öllum ljóst, að í hópi vinnuveitenda og þá í verzlunarstétt einnig, en þessir tilnefna aftur mótaðilana, eru einnig hópar kvenna. Ég skal ekkert segja um fjölda þeirra, en það er alveg víst mál, að þær eru þar fleiri eða færri. Þess vegna má auðvitað reikna með því og það ætti svo að vera, að í hópi fulltrúa frá þessum samtökum geti alveg eins verið konur eins og karlar, eins og þetta er í pottinn búið skv. lögunum.

Hv. 12. þm. Reykv. tók það réttilega fram og lagði áherzlu á það, að það þyrfti að vera jafnvægi á milli vinnuveitenda, – það er auðséð, að til þess er ætlazt, – í þessari nefnd og svo aftur launþega, og þetta er hárrétt. En það vita allir hv. þm. og allur landslýður, að Samband ísl. kvenfélaga, eða hvað það nú heitir orðrétt, er auðvitað blandaður félagsskapur, ekki eftir kynferði, heldur eftir stéttum. Þess vegna er það alveg undir hælinn lagt, hvort fulltrúi frá Kvenfélagasambandinu yrði úr hópi framleiðenda í þessu tilfelli eða neytenda, þannig að einnig af þeim ástæðum er ekki unnt að samþykkja þessa till., ef menn vilja tryggja jafnvægi í nefndinni á milli framleiðenda og neytenda, atvinnurekenda og launþega. Það er að sjálfsögðu alveg fráleitt að halda, að menn geti gengið út frá því, að þetta samband nefndi alls ekki konur úr hópi atvinnurekenda á einhverju sviði.

Ég vil láta þetta koma alveg skýrt fram, að auk þess, sem ég áður tók fram um það, að hér væri um að ræða að raska samkomulagi, sem er í gildi og ekki er grundvöllur fyrir að raska á þessari stundu, þá finnst mér einnig breytingin fráleit efnislega.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Nokkur orð í sambandi við till. hv. 12. þm. Reykv. Ég vil taka það strax fram, að ég þekki nokkuð til starfa Kvenfélagasambandsins á sviði leiðbeininga við neytendur og veit, að þar er unnið gott starf, sérstaklega með tilliti til leiðbeininga við ýmis innkaup og gæðaflokkun vara, og það, að ég get ekki verið sammála hv. flm. þessarar brtt., ber ekki að skoða sem neitt vanmat á störfum Kvenfélagasambandsins, síður en svo. Hins vegar vil ég undirstrika og minna á, eins og raunar aðrir hv. þm. hafa hér gert, að þessi skipan verðlagsnefndar varð til með sérstökum hætti og það ekki að ófyrirsynju.

Verðlagsmálin og afgreiðsla verðlagsmála í verðlagsnefnd er ákaflega viðkvæmt mál, einmitt fyrir launþegasamtökin sérstaklega, og fulltrúar Alþýðusambandsins og BSRB eru út af fyrir sig ekki almennir neytendafulltrúar í verðlagsnefnd, heldur eru þeir fyrst og fremst fulltrúar þessara launþegasamtaka og launþeganna í landinu. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, hversu afdrifarík verðlagsmál og álagningarmál hvers konar eru einmitt fyrir launþegana sem slíka og samtök þeirra. Þetta samkomulag var gert á sínum tíma, en þá átti það nú að vísu aðeins að verða til

bráðabirgða, en síðan hefur það verið framlengt á hverju ári. Launþegasamtökin gengu inn á þetta samkomulag, einmitt með þetta í huga, hve mikilvæg verðlagsmálin eru sem þáttur kjaramálanna.

Nú er fram undan mjög viðkvæmt tímabil í þessum efnum, og ég hygg, að það væri ekki óviturlegt að hafa sömu skipan á verðlagsnefnd og verið hefur, einmitt nú á næstu mánuðum. Eins og hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, þá eru auðvitað margar hugmyndir um það, hvernig verðlagsnefnd væri bezt fyrir komið, ákaflega margar, en ég tel nú rétt að halda þessu fyrirkomulagi áfram, þótt ég hafi eiginlega aldrei verið sérstaklega hrifinn af því. En ég held, að þessi samtök, ASÍ og BSRB, hefðu ekki áhuga á því að fara að breyta þeim grundvelli að samkomulaginu, sem á sínum tíma var gerður. Og ég verð nú að segja, að ég varð hálfundrandi á afstöðu hv. 4. þm. Austf., sem er einmitt forustumaður fyrir stórum launþegasamtökum, að hann vildi sem sagt rugla þessu samkomulagi.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en vil hins vegar einnig lýsa fylgi mínu við, að ákvæði verðstöðvunarlaganna, að því er varðar verðlagseftirlitið, verði framlengt núna.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., það er aðeins örstutt aths. Það kom fram í ræðu eins hv. þm. hér áðan, að hann væri í raun og veru fylgjandi þeirri brtt., sem ég hef lagt fram um þetta mál, en hins vegar teldi hann standa í vegi fyrir samþykkt þeirrar till. samkomulag, sem enn væri í gildi. Ég vil benda á, að mér er fullkunnugt um, hvernig þessi núv. skipan verðlagsnefnda kom til. Hún var gerð í sambandi við lög, sem sett voru 1967, og gert var ráð fyrir að stæðu í eitt ár, og mér er ómögulegt að sjá, að það, sem var gert ráð fyrir, að gengi úr gildi eftir eitt ár, þegar samkomulagið var gert, sé í gildi fyrir árið 1972 eða eftirleiðis. Þess vegna finnst mér einungis, að þessi viðbrögð gefi hálfgerða skopmynd af starfsháttum Alþ., hvílíkt ofurkapp er stundum lagt á það að koma í veg fyrir, að saklaus lítil till., sem tvímælalaust er til bóta, nái fram að ganga, aðeins af því, að hún er frá stjórnarandstæðingi.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil lýsa stuðningi mínum við það, að verðlagseftirliti verði haldið áfram samkv. þessu frv., og mun sannarlega ekki vera vanþörf á. Ég geri ráð fyrir því, að það verði miklar beiðnir um verðhækkanir, sem menn munu óska eftir að fá samþykktar, og er það þá auðvitað eins og venjulega, að sumar þeirra eru kannske réttlætanlegar,en öðrum þarf að gjalda mikinn varhug við og standa fast á verði um, að ekki séu samþykktar, og á það jafnt við raunar um einkaaðila og opinbera aðila, því að stundum hefur mér nú þótt eins og opinberu aðilarnir væru fullt eins fljótir til að fara fram á hækkanir. Ég vil þess vegna taka undir það, að það þurfi að hafa hér mikla gát á, en á sama tíma þarf að gera sér grein fyrir því, að það er ekki tilgangurinn að drepa atvinnufyrirtækin. Þarna verður því áreiðanlega um mjög vandasamt verk að ræða.

Nú tók ég eftir því í nál. hv. fjhn., að þrír nm. mæla með frv. í trausti þess, að viðskrh. skipi embættismann sem formann. Ég kom fyrst og fremst hingað til þess að spyrja hæstv. viðskrh., hvort hann geti nokkuð um þetta sagt á þessu stigi, en ég held, að þetta mál sé svo erfitt og viðamikið, að ég er hræddur um, að það verði enn erfiðara, ef um væri að ræða pólitískan fulltrúa sem formann, en eins og hv. þm. vita, hefur ráðuneytisstjórinn í viðskrn. hingað til verið formaður. Ég legg talsvert mikið upp úr þessu atriði, og ég á von á því, að málið allt verði auðveldara viðfangs fyrir væntanlega verðlagsnefnd, ef embættismaður yrði valinn sem formaður.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var aðeins til þess að svara hér tveimur fsp., sem til mín hefur verið beint.

Annars vegar spurði hv. 5. landsk. þm. um það, hvert mundi verða markmið ríkisstj. varðandi verðlagningarmál eða hvaða reglur hún mundi setja í þeim efnum, og hann spurði um þetta jafnhliða því, að hann lýsti yfir því, að það væri skoðun hans, að nú þyrfti að standa hér vel gegn öllum verðhækkunum. Ríkisstj. hefur að vísu engar sérstakar reglur sett varðandi þessi mál enn þá, en ég get lýst yfir því, að það er stefna hennar að standa gegn öllum verðhækkunum, sem hún telur mögulegt að standa gegn, en hins vegar gerir hún sér ljóst, að það er ekki hægt að komast hjá því í sumum tilvikum að leyfa einhverjar hækkanir. Eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, þarf hér að reyna að rata réttan meðalveg. Það er eflaust nokkur vandi á höndum í þessum efnum, en eins og ég hef áður í umr. hér um þessi mál sagt, er það ákveðið í lögum, að það sé skylda að haga verðlagsmálum á þá lund, að vel rekin fyrirtæki hafi starfsgrundvöll. Það er sem sagt meiningin að standa gegn öllum verðhækkunum, sem tök eru á að standa gegn, og leyfa ekki aðrar verðhækkanir en þær, sem talið er alveg óhjákvæmilegt að veita. Þar undir falla t. d. hækkanir á erlendum vörum, sem við fáum ekki við ráðið. Einnig ef um slíka hækkun á kostnaðarverði hér innanlands er að ræða, að það sé ekki hægt að ætlast til þess, að þeir, sem með þjónustuna hafa að gera, geti tekið þá hækkun algjörlega á sig, þá auðvitað yrði einnig þar um einhverja verðlagshækkun að ræða.

Þá spurði hv. 2. landsk. þm. um það, hvað væri ætlunin að gera varðandi skipun á formanni í verðlagsnefnd, þar sem gert væri ráð fyrir þeirri breytingu, að ráðh. geti skipað formann í stað þess, að áður var gengið út frá því, að ráðuneytisstjórinn í viðskrn. væri formaður nefndarinnar. Ég held, að ég hafi sagt það hér áður, að helzt kysi ég, að ráðuneytisstjórinn fengist til að taka þetta starf að sér áfram, og verði þess kostur, þá mun ég skipa hann formann. En þar sem hann hefur færzt undan því að gegna þessu starfi, þá er það til athugunar að velja annan mann úr viðskrn. til þess að gegna starfinu. Mér hefur ekki komið til hugar að skipa neinn af þeim mönnum, sem ég þykist vita, að bæði fyrirspyrjendur og aðrir eigi við, þar sem þeir eru að tala um einhvern pólitískan fulltrúa ráðh., en hins vegar get ég auðvitað ekki varizt að geta þess um leið, að þess hefur oft verið getið hér, m. a. af fyrirrennara mínum hér sem viðskrh., að þessi oddamaður væri fulltrúi ríkisstj., og bæri auðvitað að skrifa verk hans þannig á reikning ríkisstj. Þetta er öllum ljóst, að hann er póli-

tískur fulltrúi, hver svo sem hann er að þessu leyti til, svo að það þýðir ekki að líta út af fyrir sig fram hjá því. En það hefur verið ætlun mín að halda þarna sama formanni áfram, ef þess yrði kostur, – ég vil hins vegar ekki þvinga hann til þessara starfa hér með lagasetningu, – en annars að skipa þá annan fulltrúa úr viðskrn. til þess að gegna þessu starfi, og ég vænti þess, að það verði unnið á svipuðum grundvelli og áður hefur verið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 12. þm. Reykv. Það er mín meining, að ef konur vilja komast í þessa verðlagsnefnd, þá ættu þær að vinna að því að komast þangað sem fulltrúar þeirra samtaka, sem eiga rétt á því að fá fulltrúa í nefndina. Af hverju eru konur t. d. ekki fulltrúar ASÍ eða BSRB? Í þessum stóru samtökum eru fjölmargar ágætar konur. Og hvernig er þá með hin samtökin, sem nefnd eru í frv.? Af hverju þarf sérstaklega að taka fram, að fulltrúinn sé kona? Þessir nm. eru níu og ekkert mælir gegn því, að þeir séu allir kvenmenn. Hvergi er tekið fram, að þeir eigi að vera karlmenn, hvorki í frv. né í brtt., nema þessari.

Ekki dettur okkur karlmönnum t. d. í hug að flytja brtt. um það, að karlmannafélagasamband Íslands fái sérstakan fulltrúa. Mér finnst till. fráleit og hreint vantraust á getu kvenna til þess að vinna sér sæti í kerfinu af eigin rammleik, og maður átti sízt von á slíkri till. frá þriðjungnum af þeim kvenmönnum, sem sitja hér á þingi. Hins vegar treysti ég okkar ágæta kvenkyni miklu betur en svo, að þær séu ekki fyllilega færar til þess að vinna sér sinn réttmæta sess eftir venjulegum leiðum.

ATKVGR.
Brtt. 169 felld með 20:11 atkv.
1. gr. samþ. með 30:1 atkv.
Brtt. 226 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 235).
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd. Það felur í sér þá breytingu, að gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., að eldri lagaákvæði um skipun verðlagsnefndar verði nú framlengd um eins árs skeið. Þetta fyrirkomulag hefur nú verið gildandi í nokkur ár og verið framlengt árlega. Skipun verðlagsnefndar með þessum hætti, sem hér er um að ræða, var gerð á sínum tíma með samkomulagi á milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda og ríkisstj., og það hefur þótt rétt að halda þessu samkomulagi áfram og hafa skipun nefndarinnar þannig með sama hætti.

Sú ein breyting felst hér í 1. gr. frv., að nú segir í gr., að formaður nefndarinnar skuli vera skipaður af ráðh. án tilnefningar, en áður hafði verið sá háttur á, að formaður nefndarinnar var ráðuneytisstjórinn í viðskrn. Þessi litla breyting er hér flutt, vegna þess að ráðuneytisstjórinn í viðskrn. hefur mjög færzt undan því að vera lagalega bundinn því að gegna þessu starfi, því að hér er vitanlega um allmikið starf að ræða. En það er nú samt ekki fullljóst enn þá, hvort hann neitar með öllu að taka við starfinu, en ætlun mín er sú að skipa hann formann áfram, ef hann fæst til þess að gegna starfinu, en ég kann hins vegar ekki við það að knýja hann til þess með lagasetningu gegn hans vilja. Ef hann fengist ekki sem formaður, þá mundi annar fulltrúi í rn. verða formaður í nefndinni af hálfu rn. í hans stað.

Eins og frv. lítur nú út, þá hefur verið bætt við frv. í Nd. ákvæði til bráðabirgða, en þar er um að ræða, að tekin eru upp úr núgildandi lögum um verðstöðvun þau ákvæði laganna, sem sérstaklega fjalla um verðlag. Það er sem sagt gengið út frá því, að þótt verðstöðvunarlögin falli úr gildi um næstu áramót, þá séu þau ákvæði þeirra laga, sem sérstaklega fjalla um verðlagsmál, áfram í gildi og tekin hér inn í þessi lög. Áfram verði það svo, að allar verðhækkanir eru bannaðar á vöru og þjónustu, nema til komi leyfi viðkomandi yfirvalda og einnig, að leyfi ríkisstj. komi til í hverju tilfelli um sig. Það er álit ríkisstj., að eins og nú er ástatt um verðlagsmál í landinu, þá sé ekki hægt um næstu áramót að heimila hinum ýmsu aðilum frjálsræði um verðlagningu, og því verði að sækja um leyfi til verðlagshækkana og fá slík leyfi, ef verðlagshækkanirnar eigi að ná fram að ganga. Hins vegar hefur ekki þótt eðlilegt að framlengja óbreytt lög um verðstöðvun, vegna þess að beinlínis er gert ráð fyrir því, að í ýmsum tilvikum verði samþykktar verðlagshækkanir, og þykir þá ekki viðkunnanlegt að kalla það því nafni, verðstöðvun, en hins vegar, að fullkomið verðlagseftirlit verði á öllum þessum málum, eins og verið hefur.

Þetta eru meginatriði frv.

Ég vænti þess, að þetta frv. geti fengið fljóta afgreiðslu, einnig hér í þessari hv. d., en legg til, herra forseti, að frv. gangi að lokinni þessari umr. til 2. umr. og fjhn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál með langri ræðu, enda skilst mér nú, að það séu aðrir en við stjórnarandstæðingar, sem hafa tafið þingfundi hér í kvöld, þar sem mjög hefur á það skort, að stuðningsmenn stjórnarinnar mættu til þingfunda. Þó að til einhverra þeirra fjarvista kunni að liggja eðlilegar ástæður, þá er nú svo fundum háttað í báðum deildum Alþ., að án nærveru okkar stjórnarandstæðinga væri fundum ekki fram haldið með eðlilegum hætti.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er fyrst og

fremst sú að undirstrika þá yfirlýsingu hæstv. viðskrh., að fáist sá embættismaður, sem gegnt hefur hlutverki oddamanns í verðgæzlunefndinni, ekki til áframhaldandi starfa, þá muni annar embættismaður úr rn. verða til þess skyldur. Þetta er mjög mikilvægt atriði, ekki sízt á þeim umrótstímum, sem nú eiga sér stað og munu sennilega í enn ríkari mæli eiga sér stað á næstu vikum og mánuðum. Vegna þeirra kjarasamninga, sem gerðir hafa verið að undanförnu, mun, ef að líkum lætur, ásókn þeirra aðila, sem hafa með sölu á vörum og þjónustu við almenning að gera, aukast í að fá að velta af sér þeim byrðum, sem kjarasamningar kunna að hafa á þá sett. Enda gaf ráðh. til þess tilefni í þessum fáu orðum, sem hann hafði við framsögu í málinu, að ætla, að til þess kynni að koma, og það er nokkuð augljóst, að undan þessu verður ekki vikizt í einstökum tilfellum, eins og hann sagði. Þess vegna langar mig til að spyrja, ef hægt er að svara því í örstuttu máli, í fyrsta lagi: Hvaða tilfelli telur hæstv. ráðh., að helzt muni koma þar til greina, þannig að ekki komi til þess, að fyrirtæki stöðvist og menn fái hóflega álagningu á sína vöru eða þá þjónustu, sem viðkomandi fyrirtæki veitir? Hvaða greinar eru það helzt, sem þar koma til greina? Í öðru lagi er í hinum margnefnda stjórnarsáttmála lofað allsherjarendurskipulagningu á verðgæzlumálunum, og í því sambandi vildi ég spyrja: Er sú endurskoðun hafin, og hvenær eru líkur á því, að niðurstöður þeirrar endurskipulagningar sjái dagsins ljós?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., m. a. vegna þess að ég tek undir þá ábendingu hv. 1. landsk. þm., að ástæðulítið er fyrir okkur stjórnarandstæðinga að halda hér uppi fundi, úr því að stjórnarsinnar hafa ekki áhuga á því.

En ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég vil gera fyrirvara um afstöðu mína til ákvæðis til bráðabirgða sérstaklega og áskilja mér rétt til athugunar á efni þess ákvæðis. Ég tók að vísu eftir þeirri skýringu hæstv. viðskrh., að það væri í þessi lög sett, en ekki í framlengingu verðstöðvunarlaganna, vegna þess að ekki væri unnt að halda uppi áfram verðstöðvun. Nauðsynlegt hlyti að verða að leyfa einhverjar verðhækkanir.

Ég get vel fallizt á þessa skýringu hæstv. ráðh., og án þess að ganga á bak orða minna hér í upphafi máls míns þá vil ég þó rifja það upp, að þegar verðstöðvunarlögin voru sett 1. nóv. á síðasta ári, þá var því yfir lýst, að þau væru vitaskuld tímabundin, og það væri hvorki unnt, mögulegt eða æskilegt, að slík lög væru sett til allrar frambúðar. Það væri eðlilegt, að verðbreytingar ættu sér stað, m. a. til þess að tryggja hagkvæmustu nýtingu framleiðsluþáttanna í þjóðfélaginu, vinnu, fjármagns og tækja.

Ég minni enn fremur á það, að núv. hæstv. ríkisstj., þótt hún s. l. vor sem stjórnarandstæðingar héldi því fram, að verðstöðvunin væri óframkvæmanleg og ekki unnt að framlengja hana til áramóta, eins og þáv. stjórn taldi stefnu sína, gerði það nú samt að till. sinni eftir kosningar að framlengja hana til áramóta. Og ég tel það að vísu út af fyrir sig góðra gjalda vert með fyrirvörum þó, að því er tekur til einstakra ákvæða þeirra framlengingarlaga.

Ég vil loks minna á, að það var yfirlýst stefna Sjálfstfl., að þessari verðstöðvun skyldi létt af stig af stigi, skref fyrir skref, nú eftir áramótin. Ég tel því rétt, að í n. verði þetta ákvæði til bráðabirgða nánar kannað og frekari upplýsingar fengnar, m. a. frá hæstv. viðskrh., hvernig hugsað er að beita þeirri heimild, sem ríkisstj. hefur samkv. þessu ákvæði, að leyfa verðbreytingar, eftir að þessi lög taka gildi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er aðeins til að svara hér með örfáum orðum þeim fsp., sem fram hafa komið, en tími er nú ekki til þess að ræða þetta mál hér ítarlega, enda sé ég ekki beina ástæðu til þess, áður en málið fer til n., að slíkar umr. fari fram.

Hv. 1. landsk. þm. spurði um það, í hvaða tilfellum mundi helzt koma til greina, að verðhækkanir yrðu leyfðar. Það er ekki auðvelt að svara því á þessu stigi málsins. Í meginatriðum verður þannig staðið að þessum málum nú eins og áður, að hvert einstakt tilfelli fyrir sig verður skoðað og metið, hvort talið verður óhjákvæmilegt að leyfa verðhækkun, en ætlunin er að veita ekki aðrar verðhækkanir en þær, sem talið er óhjákvæmilegt að veita. Samkv. lögunum er það svo, að til þess er ætlazt, að vel rekin fyrirtæki fái aðstöðu til þess að halda áfram eðlilegum rekstri innan þeirra marka, sem ákveðin eru með verðlagsákvæðum, og við það verður auðvitað að miða. Það gefur auga leið, að eftir slíkar launabreytingar, eins og nú hafa átt sér stað, og þegar það er einnig samhliða nokkrum verðhækkunum erlendis, m. a. af gengismálum viðskiptaþjóða okkar, og þar að auki eftir rúmlega eins árs verðstöðvun, þá hljóta að vera ýmis tilfelli þannig, að ekki verði hjá því komizt að heimila einhverjar verðhækkanir. Sérstaklega verður þarna t. d. um það að ræða eftir þessa nýgerðu launasamninga, að þar sem um er að ræða beinlínis framselda vinnu, þar sem fyrirtæki eru að selja áfram vinnu annarra aðila, sem nú taka allt önnur laun en þeir hafa tekið, þá er auðvitað óhjákvæmilegt, að leyfðar verði einhverjar hækkanir í slíkum tilvikum.

Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér, vil ég taka það fram, að það er yfirlýst stefna ríkisstj. að halda áfram ströngu verðlagseftirliti, og hún telur, ekki sízt eins og nú háttar til í þjóðfélaginu, að ekki verði undan því vikizt að standa þar nokkuð fast í ístaðinu gegn öllum tilraunum til óeðlilegra verðhækkana. Það er skoðun ríkisstj., að það sé ekki hægt að komast hjá því að hafa hér fullar hömlur á, þannig að engir aðilar í landinu geti einhliða ákveðið verðhækkanir eða hækkanir á þjónustu, án þess að um það hafi farið fram athugun og til komi samþykki viðkomandi yfirvalda.

En nánari upplýsingar, ef óskað verður, er vitanlega hægt að gefa við nánari athugun á málinu í n. eða við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 268 og 272).

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti og er ekki reiðubúinn að fallast á þá málsmeðferð.

Það frv., sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér verulegar breytingar frá því, sem nú er. Meginbreytingarnar eru fólgnar í því, að í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að formaður verðlagsnefndar sé skipaður án tilnefningar í stað þess, að það var áður bundið við ráðuneytisstjórann í viðskrn. En þetta er gert sem sagt óbundið, og kom fram á nefndarfundi, að gert er ráð fyrir því, að ráðh. muni skipa einhvern embættismann í rn. í þetta starf. En talið er heppilegra að hafa þetta óbundið.

Eftir að frv. kom hér til meðferðar á Alþ., hefur verið bætt við ákvæði til bráðabirgða, og það er um það ákvæði, sem ágreiningur hefur orðið. Nú er þar skemmst frá að segja, að það ákvæði til bráðabirgða, sem hér um ræðir, felur ekki í sér neitt nýmæli, og þar er um að ræða nær óbreytt þau ákvæði, sem fólust í verðstöðvunarlögunum á s. l. hausti. Meginatriðið í þeim ákvæðum var það, að verðlagsnefnd og verðlagsyfirvöldum heimilaðist ekki að leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau teldu hana algerlega óhjákvæmilega, og var leyfi til slíkrar hækkunar háð samþykki ríkisstj. Þetta er tekið hér óbreytt upp í ákvæðum til bráðabirgða, og eins er um önnur efnisatriði þessa ákvæðis, að þau eru tekin beint upp úr hinum fyrri verðstöðvunarlögum, sem eins og kunnugt er ganga formlega úr gildi nú um áramótin.

Hins vegar er ofurlítil orðalagsbreyting í 2. málsl. 3. mgr., þar sem segir:

„Ákvæði þessarar mgr. taka ekki til þeirrar hækkunar húsaleigu, sem ákveðin var samkv. fyrri mgr. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis."

Að vísu má segja, að þetta sé ekki nein efnisbreyting, en ákvæðið var að sjálfsögðu ekki á þessa leið í hinum fyrri verðstöðvunarlögum. Það er í raun réttri verið að vísa þarna til verðstöðvunarlaganna. En þarna var ákveðið, að því aðeins væri heimilt að hækka húsaleigu, án þess að fá til þess sérstakt leyfi, að hækkunin væri heimiluð í samningum aðila, og væri þá við það miðað, að húsaleiga hækkaði í samræmi við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar.

Eins og ég segi, er raunverulega um mjög litla breytingu að ræða frá því skipulagi, sem nú ríkir í þessum málum, og sé ég því ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Með því að þetta er síðasti fundur hv. d. fyrir jólahlé, skal ég reyna að stytta mál mitt og gera þetta mál ekki að því umræðuefni, sem e. t. v. annars væri vert.

Við hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, höfum ekki getað átt samleið með öðrum nm. fjhn. d. og skilum sérstöku nál. á þskj. 272. Til frekari skýringar á afstöðu okkar þykir mér rétt að rifja hér upp, að hæstv. ríkisstj. sýnist ekki hafa forsjálni eða fyrirhyggju til að bera í verðlagsmálum og ýmsum öðrum þeim málum, sem lög um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, er samþ. voru hér á Alþ. 18. nóv. 1970, höfðu inni að halda. Þetta hefur komið fram í mismunandi myndum.

Það kemur fram í ákvæði því til bráðabirgða, sem fylgir eða bætt var inn í frv. það til l. um breyt. á l. um verðlagsmál nr. 54 frá 1960, sem nú er hér til umr. En þar í því ákvæði eru upp teknar nokkrar heimildir, sem hin upprunalegu verðstöðvunarlög höfðu inni að halda. Í öðru lagi kemur þetta fram með því, að á síðasta stigi í fyrri d. er heimild til álagningar 1½% launaskatts stungið inn, einnig sem ákvæði til bráðabirgða, í lög um almannatryggingar. Og loks í þriðja lagi kemur þetta ekki sízt fram í afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár og framlagningu þeirra tekjustofnafrv., sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir hér á Alþ. síðustu dagana. En samkv. því er ætlazt til þess, að nefskattar séu niður felldir og í stað þess sé teknanna aflað með beinum sköttum.

Þarna er verið að endurnýja í raun og veru ákvæði laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, þar sem annars vegar var frestað greiðslu vísitöluuppbóta á laun og hins vegar ekki tekið tillit til hækkunar áfengis, tóbaks og almannatryggingaiðgjalds í því sambandi. Það er a. m. k. jafn mikil vísitöluskerðing, sem felst í þessum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj., og fólst í lögum um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis frá 20. nóv. 1970, og er líklega raunar heldur meiri. Það er því mikil sýndarmennska, þegar brbl. til framlengingar verðstöðvuninni höfðu inni að halda, að því er formælendur þeirra laga sögðu, niðurfellingu á þessari skerðingu. Hún er enn á ný færð í lög og raunar færð í lög vegna þess, að þar átti aðallega eingöngu um frestun að vera að ræða, í þeim lögum, sem upprunalega voru hér samþykkt.

Ég hef nefnt þessi atriði til þess að sýna, hve vinnubrögð hæstv. ríkisstj. eru losaraleg og fyrirhyggjulaus, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, að í málefnasamningi ríkisstj. er talað um heildarendurskoðun verðlagsmála.

Nú má að vísu spyrja, hvernig á því standi, að við getum ekki fellt okkur við þau ákvæði og heimildir, sem ákvæði til bráðabirgða hafa inni að halda, þar sem um sömu atriði sé að ræða og í þeim lögum, sem fyrrv. ríkisstj., er við studdum, beitti sér fyrir. Á þetta minntist hv. frsm. meiri hl. fjhn. nokkuð. Ástæðan til þess er sú, að þótt þær heimildir hafi verið eðlilegar í verðstöðvun, sem upprunalega var ætlað að gilda um 10 mánaða skeið, og jafnvel þótt eðlilegt hefði verið að framlengja þá verðstöðvun um 4 mánuði, eða til ársloka, þá er ekki víst, að það sé eðlilegt, að slíkt fyrirkomulag sé til þess fallið að framlengjast til 12 mánaða í viðbót, eins og gert er ráð fyrir nú. Einkum er ástæða til þess að vekja athygli á, að það sé ekki eðlilegt með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar hæstv. viðskrh., að hér sé ekki um verðstöðvun að ræða. Hæstv. ríkisstj. gerði sér grein fyrir því, að það væri nauðsynlegt að leyfa verðlagshækkanir, og því vildi hún ekki kalla þetta verðstöðvun. Ef svo er, þá er þetta fyrirkomulag, sem þarna er um að ræða, ákaflega þungt í vöfum. Það er ætlazt til þess, að ríkisstj. sjálf fjalli um allar verðhækkanir, sem leyfa á, og enn fremur er framlengt það vald, sem tekið var af

sveitarstjórnum landsins, um að þær mættu á grundvelli gildandi reglugerða og gjaldskráa, sem staðfestar eru af ráðh., hafa sjálfræði í þessum málum. Við teljum hvort tveggja þetta óeðlilegt til langframa, þótt við drögum ekki í efa, að verðlagseftirlit þurfi að vera við lýði, sérstaklega vegna þess jafnvægisleysis í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem er að ágerast fyrir tilverknað og vegna stefnumörkunar núv. hæstv. ríkisstj.

Við teljum, að ríkisstj. hafi vanrækt þá skyldu sína að koma á og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, sem er grundvöllur hagvaxtar og aukningar þjóðarteknanna. Við teljum, að hefði ríkisstj. innt þá skyldu af hendi, þá væri ekki þörf þessara ráðstafana, sem koma í veg fyrir þá eðlilegu verðmyndun, sem verður að vera í landinu, ef við vildum nýta framleiðsluþættina, vinnu, fjármagn og tæki sem bezt allri þjóðinni til heilla.

Með tilvísun til þessa teljum við ekki unnt að greiða atkv. með því frv., sem hér um ræðir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 281).

---

14. Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar [134. mál] (stjfrv., A. 187).

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál er algjört samkomulagsmál. Það er alveg sama eðlis og frv., sem lagt var hér fram, snertandi önnur sveitarfélög á s. l. hausti og er nú orðið að lögum. Frv. er flutt að ósk Reykjavíkurborgar, og felst efni frv. í upphafi 1. gr., þar sem segir, að ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skuli ákveðin samkv. reglugerð.

Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á landinu, sem hefur þessar lóðaleigur bundnar í lögum, og hefur þessari upphæð ekki verið hreyft nú um mjög langt árabil, vegna þess að þetta hefur verið lögbundið. Breytingin er í því fólgin, að nú verði þessi leiga, að því er þessa lóðaleigu snertir, ákveðin með reglugerð, sem ráðh. staðfesti. Ég tel, að það sé sjálfsagt að gera þessa breytingu til þess að jafna nokkuð aðstöðu Reykjavíkurborgar til þess að ákveða þessar lóðaleigur, eftir því sem verðlag breytist, en svo mikið er víst, að ef málið næði ekki fram að ganga fyrir áramót, þá mundu lóðaleigurnar, sem hér heyra undir, margfaldast vegna hins nýja fasteignamats, sem gengur í gildi um áramótin. Ég legg til, að málið fái skjóta afgreiðslu og verði skoðað í heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 246).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur yfirfarið frv. þetta. Í aths. við lagafrv. segir:

„Frv. þetta er flutt samkv. ósk Reykjavíkurborgar. Við gildistöku nýs fasteignamats um áramótin 1971—1972 mun leigugjald það, sem um ræðir í frv. þessu, margfaldast, verði ekki gerð breyting á lagaákvæðum 2. gr. laganna. Lagt er til, að leigugjaldið verði ekki fastbundið í lögunum, hins vegar verði það ákveðið í reglugerð, sem borgarstjórn setur og rn. staðfestir. Gert er ráð fyrir, að téð reglugerð verði staðfest til þess að öðlast gildi 1. jan. 1972."

N. fellst á þessar aths. og samþykkir þær og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 282).

---

15. Fjárlög 1972.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (EystJ): Þessi útvarpsumr. fer þannig fram, að fyrst flytur hæstv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, framsöguræðu, og er ræðutími hans ekki takmarkaður. Því næst verða fluttar hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka en þingflokks ráðherrans og í þessari röð: Sjálfstfl., ræðumaður Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., Samtök frjálslyndra og vinstri manna, ræðumaður Karvel Pálmason, 7. landsk. þm., Alþfl., ræðumaður Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn., og Alþb., ræðumaður Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v. Að lokum talar fjmrh. aftur og hefur stundarfjórðung til andsvara.
Hefst nú umræðan og tekur til máls hæstv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Áður en ég vík að frv. til fjárlaga fyrir árið 1972, sem hér liggur fyrir til 1. umr., mun ég gera grein fyrir afkomu ársins 1970 og ársins 1971, eftir því sem horfur segja til um afkomu þess árs. Venja hefur verið sú, að nákvæm grein hefur verið gerð fyrir liðnu ári í fjárlagaræðu. Ég mun nú breyta nokkuð út af þeirri venju með því að stikla á stóru í atburðum ársins 1970. Hins vegar bæti ég úr því gagnvart hv. alþm. og þjóðinni allri, þar sem hér á hv. Alþ. hefur verið afhent grg. með svipuðum hætti og grg. ráðh. hefur verið í undanförnum fjárlagaræðum. Blöðum, sjónvarpi og útvarpi hefur einnig verið afhent þessi grg. Þessi grg., sem ég afhendi hérna nú, er samhljóða þeirri grg., sem fyrrv. ríkisstj. gerði í júlímánuði s. l., að öðru leyti en því, að gerðar hafa verið tölulegar leiðréttingar, sem komu fram við lokauppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1970, en hann var þá ekki fullfrágenginn. Ég tel, að þessi breyting geti orðið það form, sem rétt sé að hverfa að í framtíðinni, því með þessu móti vinnst það tvennt, að náð er að gefa út fullkomna grg. fyrir afkomu ársins á undan og fjárlagaræðan verður verulega stytt með því að afhenda hv. þm. þessa grg. á borð sín, eins og nú hefur verið gert. Mun ég þá snúa mér að því að skýra frá helztu atriðum úr rekstri ársins 1970.

Tekjur ársins 1970 reyndust 9 milljarðar 800 millj. kr., en rekstrargjöldin reyndust 9 milljarðar 352 millj., rekstrarafgangur var því 448 millj. Bætt staða í sjóði og óbundnum bankareikningi á árinu nam 424 millj. kr., en nettóbreyting annarra greiðslufjárreikninga er hagstæð um 34 millj. kr. Nettóbreyting á umsömdum lánum svarar til skuldaaukningar að fjárhæð 70 millj. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1970 voru 8 milljarðar 397 millj. kr. Tekjur fóru því 1 milljarði 403 millj. fram úr áætlun fjárlaga. Helztu liðir í umframtekjum ríkissjóðs á árinu 1970 voru aðflutningsgjöld, sem fóru 613 millj. fram úr áætlun, söluskattur 312 millj. kr., tekju- og eignarskattur 149 millj. kr. Tekjur af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins reyndust 49 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert. Hins vegar náði bensínskattur ekki áætlun og var 22 millj. kr. undir henni. Tekjur af stimpilgjöldum voru 27 millj. kr. hærri en áætlað var, launaskattur 58 millj. kr., en þess ber að geta, að hann var hækkaður á árinu um 1½% og nam innheimta á því um 20 millj. kr. Leyfisgjald af bifreiðum var hins vegar fellt niður á árinu og þær tekjur, sem inn höfðu verið heimtar, voru greiddar aftur og meira þó, eða um 15 millj. kr., sem voru endurgreiddar þeim, sem keypt höfðu bifreiðir meðan leyfisgjald var við lýði. Keflavíkurflugvöllur skilaði 45 millj. kr. í ríkissjóð af rekstri sínum og fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 16 millj.

Rekstrarútgjöld ársins 1970 reyndust 9 milljarðar 352 millj. kr., eins og áður er fram tekið. Rekstrarútgjödd urðu 875 millj. kr. umfram fjárlagaheimild, þ. e. niðurstöðutölur fjárlaga með þeim breytingum, er sérstök lög og lántökuheimildir höfðu í för með sér. Stærstu liðirnir í umframgjöldum voru annars vegar eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs og stofnana í A-hluta, 506 millj. kr., en hins vegar tilfærslur, 366 millj. kr. Meginhluti eiginlegra umframgjalda í ríkissjóð í A-hluta voru laun, 370 millj. kr., enda voru launahækkanir á árinu. Af umframgjöldum tilfærslna fóru 258 millj. kr. til B-hluta, þar af vegna aukinna útgjalda Tryggingastofnunar ríkisins til almennra trygginga, einkum sjúkratrygginga, og hækkunar lífeyris o. fl. bóta almannatrygginga 151 millj. kr. Vegna umframgjalda í flugmálum fóru 47 millj. kr. og af öðrum umframgjöldum vegna tilfærslu voru 60 millj. vegna framlags til landbúnaðar, þar af 32 millj. til útflutningsbóta. Hér verður ekki farið út í það að gera samanburð á útgjöldum einstakra ráðuneyta umfram fjárlagaheimildir, enda er sá samanburður ekki framkvæmanlegur svo eðlilegt sé, þar sem verulegar launahækkanir urðu á árinu, eins og áður er greint, og gerir það þennan samanburð mjög örðugan.

Af álögðum tekjum, 9800 millj. kr., innheimtust á árinu 9 milljarðar 538 millj. Mismunur felur í sér aukningu á óinnheimtum tekjum ríkissjóðs, 262 millj. kr. Í þessum tölum er innifalin aukning eftirstöðva vegna ógjaldfallinna tekna. Þar er fyrst og fremst um söluskatt að ræða vegna sölu á síðasta tímabili ársins, er

fellur í gjalddaga eftir áramót. Á árinu 1970 nam sú aukning 170 millj. kr. Aukning ógjaldfallinna hluta launaskatts var 35 millj. kr. og skatta af framleiðslu 14 millj. Raunveruleg aukning á óinnheimtum gjaldföllnum tekjum, þegar tekið hefur verið tillit til hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er því 57 millj. kr. Meginhluti gjaldfallinna eftirstöðva er tekjuskattur, 40 millj. Hluti ríkissjóðs af gjaldeyristekjum bankanna er 10 millj. og sektir 7 millj. Eftirstöðvar persónuskatts til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkuðu um 0.3 millj. kr. Í árslok 1969 samdi ríkissjóður við Seðlabankann um að breyta skuld sinni, sem þá var 600 millj. kr. á yfirdráttarreikningi, í föst lán til 5 ára allt að 500 millj. kr. Árið 1970 var fyrsta afborgun þessara skulda, 100 millj., greidd, en auk þess var á árinu 1971 greidd aukaafborgun, sem gerð var í júlímánuði s. l., 191 millj. kr., þannig að eftirstöðvar voru þá 209 millj. kr. Þessa frásögn læt ég nægja vegna ársins 1970 og sný mér þá að því að gera grein fyrir afkomu yfirstandandi árs, að því leyti sem hún liggur fyrir og spáð er, enda munu hv. alþm. og aðrir áheyrendur hafa meiri áhuga á þeirri frásögn heldur en því, sem að framan hefur verið sagt.

Fjárlögin fyrir árið 1971 voru gerð upp með 270 millj. kr. greiðsluafgangi. Ljóst var þó, að hér var ekki um raunhæfan greiðsluafgang að ræða, þar sem útgjöld vegna launahækkana ríkisstarfsmanna samkvæmt kjarasamningi frá 19. des. s. l. voru ekki tekin með í útgjöld fjárlaganna. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að greiðsluafgangur þessi nægði til að mæta þessum útgjöldum ríkissjóðs. Það hefur nú komið í ljós, að svo er ekki. Samkvæmt upplýsingum frá launadeild fjmrn. þann 1. þ. m. hækkuðu útgjöld ríkisins árið 1971, þ. e. **A-hluta fjárlaganna, um 430 millj. kr. vegna kjarasamninganna eða 160 millj. kr. umfram áætlaðan greiðsluafgang.** Auk þessa munu ríkisútgjöldin á þessu ári hækka um 150 millj. kr. vegna ákvörðunar, sem tekin var í febrúarmánuði s. l. um hækkun á daggjöldum sjúkrahúsanna, og 60 millj. kr. vegna annarra smærri útgjalda, svo sem halla á ríkisspítulunum á árunum 1969 og 1970, sem hefur verið tekinn til útgjalda á yfirstandandi ári. Samtals eru þessar fjárhæðir 640 millj. kr. eða 370 millj. umfram greiðsluafgang, sem áður greinir. Þessar breytingar á útgjöldum ríkissjóðs, sem hér hefur verið getið, eru allar ákvarðaðar af fyrrv. ríkisstj. og er hér að sjálfsögðu stuðzt við staðreyndir einar, sem nú eru kunnar.

Þegar núv. ríkisstj. kom til valda, framkvæmdi hún, svo sem kunnugt er, nokkrar breytingar í ríkiskerfinu, sem kostuðu aukin útgjöld, og skal nú greint frá þeim. Ríkisstj. ákvað að láta lögin um almannatryggingar, sem samþykkt voru á síðasta Alþ., koma til framkvæmda 1. ágúst s. l. Þar sem sveitarstjórnir höfðu þá yfirleitt gengið frá sinni tekjuöflun, var ríkissjóður látinn bera kostnað af þessari framkvæmd, þess vegna eru þessar breytingar kostaðar að öllu leyti af ríkissjóði nú fram til næstu áramóta, og mun sá kostnaður vera um 200 millj. kr. Samhliða þessari ákvörðun var ákveðið að halda verðstöðvuninni áfram til áramóta. Ekki var gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslum, sem upp voru teknar 1. nóv. s. l., yrði haldið áfram lengur en til 1. sept., eins og kunnugt er, og fjárveitingar því ekki miðaðar við lengra tímabil. Samhliða þessu var ákveðið, að þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögunum í fyrrahaust, skyldu nú taka gildi aftur. Jafnframt var ákveðið að leiðrétta ýmsar skekkjur, sem höfðu verið í verðlagsgrundvelli landbúnaðar, svo sem í sambandi við vanreiknað fóðurbætisverð frá upphafi verðstöðvunar og hækkun á áburðarverði o. fl., sem synjað var um í vor. Fleiri slíkar leiðréttingar voru **teknar inn í vísitöluna 1. sept. Útgjöld vegna þessarar** ákvörðunar munu nema um 380 millj. kr. til áramóta. Þá voru látin taka gildi þau tvö vísitölustig, sem frestað var gildistöku á með verðstöðvunarlögunum. Í sambandi við þessar ákvarðanir voru felldir niður eða lækkaðir tekjustofnar, eins og söluskattur af mestu nauðsynjavöru og námsbókagjöld, og mun þessi tekjumissir nema um 80 millj. kr. Samanlagt gera þessi útgjöld og tekjuskerðing um 660 millj. kr. Af framansögðu er ljóst, að útgjöld ríkissjóðs verða um 1300 millj. kr. umfram það, sem fjárlögin gerðu ráð fyrir, að meðtöldum þeim 640 millj., sem leiddi af ákvörðun fyrrv. ríkisstj. Áætlaður greiðsluafgangur var 270 millj. Ef hann er dreginn frá útgjöldum ríkissjóðs, þá eru heildarútgjöldin umfram fjárlög 1030 millj. kr.

Ég vil ekki slá því föstu, að með þessu séu öll kurl komin til grafar. Til dæmis er enn þá til meðferðar sem arfur frá fyrri árum mál Síldarverksmiðja ríkisins, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. vék að í fjárlagaræðu sinni í fyrra, og er að því unnið nú að koma því máli til betri vegar. Að sjálfsögðu mun sú lausn kosta ríkissjóð einhverja **fjármuni. Sama er að segja um mál síldarverksmiðjunnar Rauðku á Siglufirði,** sem í sambandi við lausn þessara mála er ekki unnt að nefna nú. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin gerði áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs í febrúarmánuði s. l., er miðuð var við mánaðarlega afkomu ríkissjóðs allt þetta ár. Þá höfðu verið gerðar breytingar á daggjöldum sjúkrahúsanna og þeim öðrum liðum, er ég greindi frá í upphafi þessa kafla. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir, að áhrif af launasamningunum 19. des. yrðu meiri en 220 millj. kr. hjá ríkissjóði. Samkvæmt þessu yfirliti var gert ráð fyrir, að 8118 millj. kr. yrðu heildarútgjöldin orðin í septem**berlok. Hins vegar reyndust þau þá vera orðin 8 milljarðar 656 millj. kr. eða 538 millj. kr. fram yfir áætlun.** Gert var ráð fyrir, að tekjur yrðu á sama tímabili 7315 millj. kr., en þær voru 8058 millj. kr. eða 743 millj. kr. umfram áætlun.

Þegar lánahreyfingar höfðu verið gerðar upp samkvæmt þessari áætlun, reyndist nettógreiðslustaðan vera 68 millj. kr. betri en áætlunin gerði ráð fyrir. Það skal tekið fram, að áætlun þessi var endurskoðuð eftir stjórnarskiptin í sumar og inn teknar þær hækkanir, er **leiddi af ákvörðun nýju ríkisstjórnarinnar, og tekjuáætlunin var þá einnig endurskoðuð.**

Þetta yfirlit, sem ég hef nú gefið um afkomu ársins 1971, er að sjálfsögðu tæmandi eins langt og það nær. Hins vegar skal ég engu um það spá, hver niðurstaðan kann að verða af þeim þremur mánuðum, sem eftir eru af árinu. Nokkrar umræður hafa orðið um það, að væntanlegur sé hallabúskapur hjá ríkissjóði á þessu ári. Ég hef ekki dregið neina dul á það, að ég geri ráð fyrir, að svo geti farið, vegna þeirra auknu útgjalda, sem ákveðin hafa verið síðan fjárlög voru afgreidd, bæði af

fyrrv. og núv. ríkisstj. Mér var þó ekki ljóst í fyrstu, að kjarasamningarnir mundu kosta ríkissjóð svo mikið sem raun ber nú vitni um. Ég vil hins vegar segja það, að þrátt fyrir þetta er sú skoðun mín óbreytt, að núv. ríkisstj. gat ekki sparað greiðslu til þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, gamla fólksins, öryrkjanna og einstæðu foreldranna. Henni bar skylda til að sinna málefnum þessa fólks og ég vil líka segja það, að það varð ekki hjá því komizt að greiða þau 1.3 vísitölustig, sem gert var ráð fyrir að fella niður af páv. ríkisstj., því að hverri ríkisstj. ber að virða gerða kjarasamninga. Ég held því fram, að það hefði verið dýrara fyrir þjóðina í heild, ef verðbólgunni hefði verið sleppt lausri, sem gerzt hefði, ef hætt hefði verið að greiða niður 1. sept., eins og ákvarðað var með verðstöðvunarlögunum. Og ég dreg í efa, að nokkur ríkisstj. hefði lagt út í slíkt ævintýri. Jafnvel þó það kostaði 2–300 millj. kr. að halda verðbólgunni í skefjum meðan ekki voru gerðar aðrar ráðstafanir, þá hefði þeim fjármunum, sem búið var að taka af þjóðinni til niðurgreiðslu, verið á glæ kastað, ef þannig hefði verið að farið.

Hver sem afkoman kann að verða hjá ríkissjóði árið 1971, verður þessari ríkisstj. ekki einni kennt um umframgreiðslur á því ári, því svo verulega gætir þar einnig áhrifa fyrrv. ríkisstj.

Þá er ég kominn að því að gera grein fyrir fjárlagafrv. ársins 1972. Í upphafi máls míns vil ég vekja athygli á þeim meginatriðum þessa frv., sem ég tel frábrugðin fjárlögum fyrri ára. Þau eru þessi: Fjárveitingar til félagsmála eru verulega auknar, fjárveitingar til framkvæmda eru miðaðar við sem bezta nýtingu fjárins, þ. e. að náð verði nauðsynlegum áfanga eða verki lokið. Áhrif verðbólgunnar í rikisbúskapnum eru hér sýnd án undanbragða. Ekki er gerð tilraun til að sniðganga kjarasamninga. Ég mun í ræðu minni hér á eftir rökstyðja þessi atriði. Ég dreg enga dul á það, að verðbólgan setur verulegan svip á þetta fjárlagafrv., en ekki er laust við, að broslegt sé að sjá það í blöðum fyrrv. stjórnarflokka, sem hafa staðið að verðbólgufrv. undanfarinna ára og bera höfuðábyrgðina á þeirri verðbólgu, sem nú er við að fást, þegar þeir berja sér nú á brjóst og þeim ógna þau áhrif verðbólgu á ríkisbúskapinn, sem þeir telja nú fyrst sjáanleg í fjárlagafrv. Í sambandi við þessi blaðaskrif langar mig að skjóta hér að sögu, er mér var sögð eftir prófessor Magnúsi Jónssyni, sem var fyndinn maður og skemmtilegur. Eitt sinn, er hann var að koma af bankaráðsfundi í Landsbankanum, en þar var hann formaður bankaráðs og samtímis alþm., og stóð á tröppum Landsbankans og leit út yfir borgina, varð honum að orði: Ja, mikið lítur nú veröldin öðru vísi út frá dyrum Landsbankans en **alþingishússins.** Og mikið lítur verðbólgan öðru vísi út frá dyrum blaðamanna fyrrv. stjórnarliðs 1971 heldur en á árunum þar á undan, þó að vöxtur hennar sé frá þeim árum og áhrifin þau sömu. En því er ekki að neita, **að verðbólgan er sem fyrr alvarlegasta vandamál þessa þjóðfélags í efnahagsmálum og hún er alvarlegasta vandamálið, sem við er að fást nú í sambandi við ríkisfjármálin. Hún er hrollvekja, eins og Ólafur Björnsson prófessor lýsti réttilega í ræðu í fyrravetur, hrollvekja, sem þjóðin stendur enn þá andspænis. Með þeirri ákvörðun, sem tekin var með verðstöðvunarlögunum í fyrrahaust, var vandi efnahagsmálanna færður á ríkissjóð. Þar með var mörkuð sú stefna, að ríkissjóður skyldi annast þau útgjöld, sem þyrfti til að verðbólgan væri ekki meiri en svo, að viðráðanleg væri. Góðæri er nú í landinu, verðlag á útfluttum afurðum er betra en oftast nær áður, allt selst, er úr landi er flutt, en þrátt fyrir þetta** bera atvinnuvegirnir ekki fulla greiðslu á verðlagsvísitölu. Þar við bætist, að nú miðar að gerð nýrra kjarasamninga og öllum er ljóst, að þeir, sem lægst eru launaðir, búa við þau kjör, að við þau verður ekki unað. Þrátt fyrir þetta ástand, er ég hef nú lýst, verður ríkissjóður að verja af tekjum sínum 1635 millj. kr. á þessu fjárlagafrv. eða 12% til niðurgreiðslna, svo að efnahagskerfinu sé haldið í skefjum. Ég held, að þjóðinni hljóti að vera það ljóst, að þetta ástand í efnahagsmálum er arfur frá fyrrv. ríkisstj., og af arfi þeim er enginn öfundsverður. Rétt er einnig að hafa það í huga, að fyrrv. ríkisstj. hafði haldið svo á kjaramálum ríkisstarfsmanna, að launakjör þeirra voru svo fjarri réttu lagi, að kjarasamningar, sem gerðir voru 19. des. s. l., leiða af sér 780 millj. kr. hækkun á þessu fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum og vísitalan er 130 millj. kr. Engan þarf að undra, þegar þannig hefur verið að staðið, þó að fjárlagafrv., sem er hið fyrsta frá þessum kjarasamningum og virðir verðbólguna eins og hún raunverulega **er, hækki verulega frá fjárlögum, þar sem þessir útgjaldaliðir eru ekki virtir nema að takmörkuðu leyti.**

Ég vil líka vekja athygli á því, að samanburður útgjalda á fjárlögum 1971 og fjárlagafrv. nú er í alla staði óraunhæfur og gefur alveg ranga mynd af raunverulegri hækkun, nema gefnar séu skýringar á útgjöldum fjárlaga 1971, eins og ég mun nú sýna fram á.

Ef heildarútgjöld ríkissjóðs á fjárlögum 1971 eru ekki **talin nema 11 023 millj. kr., þá er hækkunin frá þeirri tölu til heildarútgjalda fjárlagafrv. 2 947.9 millj. kr. eða** 26.7%. En þetta er rangur samanburður. Til þess að samanburðurinn sé raunhæfur verður að telja til útgjalda á yfirstandandi ári þær hækkanir, er ég hef greint frá hér fyrr í ræðu minni. Það er í fyrsta lagi launahækkun og hækkun á daggjöldum ríkisspítalanna, sem eru samtals 605 millj. kr. Auk þessa eru vantalin ríkisútgjöld árið 1971, 235 millj. kr., ef markaðir tekjustofnar **eru teknir með í samanburðinn. Það eru útgjöld** Vegasjóðs vegna þeirra hækkana, sem gerðar voru á tekjustofnum hans, bensínskatti og þungaskatti. Breyting á vegalögunum, eða ákvörðun um hækkun á þessum tekjustofnum Vegasjóðs, var afgreidd frá Alþ. í fyrra um svipað leyti og fjárlögin, þó að áætlun Vegasjóðs væri ekki breytt í þeim. Ef sleppa á þeirri fjárhæð, er af skatthækkuninni leiðir, 235 millj. kr., úr útgjöldum ríkissjóðs 1971 í samanburði við fjárlagafrv. 1972, þá hækkar fjárveiting til vegaframkvæmda um 267.4 millj. kr. árið 1972 í samanburði við fjárlög 1971. Ég efast ekkert um, að fyrrv. samgrh. telji þá túlkun á útgjöldum Vegasjóðs óheiðarlega og hún væri það, af því að við vitum betur. Hvorki núv. samgrh. né ég leyfum okkur slíkan samanburð. En við ætlumst einnig til þess af þeim, sem bezt eiga að vita, að þeir leyfi sér ekki, í samanburði á ríkisútgjöldum á árinu 1971 og fjárlagafrv. 1972, að gleyma ákvörðun sinni um aukin launaútgjöld vegna kjarasamninga við ríkisstarfsmenn, dag-

gjaldahækkun sjúkrahúsanna og aukin útgjöld Vegasjóðs vegna hækkunar á tekjum hans, eins og komið hefur fram í þeim umr. um þetta fjárlagafrv., sem hafa farið fram á síðustu dögum. Slík högg til pólitískra andstæðinga munu reynast vindhögg. Og það er ekki sök núv. ríkisstj., þótt nákvæmni væri ekki meiri hjá fyrrv. ríkisstj. en svo við fjárlagaafgreiðslu ársins 1971, að það skortir um 840 millj. kr. á, að útgjöld fjárlaga væru í samræmi við þeirra eigin ákvarðanir um ríkisútgjöld á árinu 1971. Þegar þessi sjálfsagða leiðrétting hefur verið gerð, er réttur samanburður þessi: Útgjöld á rekstrarreikningi fjárlagafrv. nú eru 13 milljarðar 971 millj. kr., en 1971 11 milljarðar 863 millj. kr. Mismunurinn eða hækkun nú er 2 milljarðar 108 millj. kr. eða 17.8%. Ef mörkuðum tekjustofnum er sleppt bæði árin, sem venja er, þar sem útgjöld þeirra vegna eru háð áætlunum um tekjubreytingu á þeim tekjustofnum, enda eru þeir bundnir ákveðnu verkefni, en ekki háðir ákvörðun í hvert sinn, þá er hækkunin 1 826 millj. kr. eða 19.3%. Um skiptingu á þeirri fjárhæð er það að segja, að um 900 millj. kr. er varið til þess að mæta launahækkunum vegna kjarasamninganna frá 19. des. s. l., en þær koma til framkvæmda á árinu 1972, og til útgjalda, er leiða af lagasetningu frá síðasta Alþ. Enda þótt ekki verði deilt um réttmæti kjarasamninga, verðlagsuppbót á laun né lagasetningu frá síðasta Alþ., þá leiða þær ákvarðanir til þess, að segja má með réttu, að þær hækkanir hefði hvaða ríkisstj. sem var orðið að taka til greina og áætla á fjárlagafrv. útgjöld vegna þeirra. Það, sem þá er eftir, er hækkun um rúmar 900 millj. kr., en það eru ákvarðanir núv. ríkisstj. og er það 6.4% af heildarútgjöldum fjárlagafrv. Þessari fjárhæð hefur samkv. ákvörðun ríkisstj. verið þannig varið:

Vegna aukinna niðurgreiðslna hækkar fjárlagafrv. um 508 millj. kr. eða rúml. 50% af þessari fjárhæð. Vegna fjárfestingarframkvæmda og til atvinnumála um 250 millj. kr. Launaliðir hækka vegna nýrra starfa um 53 millj. kr. og þá eru eftir ýmsir rekstrarliðir, um 120 millj. kr.

Með þessari frásögn tel ég mig hafa gert raunhæfan samanburð á milli ársins 1971 og fjárlagafrv. og skýrt ástæðu fyrir hækkun fjárlagafrv. Útgjöld fjárlagafrv. skiptast svo í höfuðþáttum sem hér segir:

Ef miðað er við A-hluta fjárlagafrv., þá eru launagreiðslur alls 3 104 millj. kr. Önnur rekstrargjöld eru 783 millj. kr., viðhaldsliðir eru 377 millj. kr. og vextir 93 millj. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er 1 015 millj. kr. Af þessu framkvæmdafé fer mest til skólanna. Undir þennan lið koma einnig framkvæmdir eins og tollstöðin í Reykjavík, lögreglustöðin og aðrir þættir, er ríkið kostar að mestu eða öllu leyti.

Til fyrirtækja B-hluta er veitt 5 701 millj. kr. Hér er fyrirferðarmest fjárveiting til Tryggingastofnunar ríkisins, sem er 3 795 millj. kr., og til Atvinnuleysistryggingasjóðs 221 millj. kr. Í þessum hópi útgjalda er einnig Lánasjóður íslenzkra námsmanna og ýmsar stofnanir, eins og Þjóðleikhús, Sinfóníuhljómsveit o. fl.

Sá útgjaldaliður, sem næst kemur, er til sveitarfélaga, en það eru 512 millj. kr., og það eru fjárveitingar til ýmissa framkvæmdaliða, sem eru kostaðir sameiginlega af sveitum og ríkinu, svo sem hafnir, sjúkrahús, læknabústaðir, vatnsveitur, landgræðsla o. fl. Til fyrirtækja og atvinnuvega er varið 2 306 millj. kr. og eru niðurgreiðslur þar fyrirferðarmestar eða 1 635 millj. kr. Framlag til togaralána er 59 millj. kr. og hækkar á þessu fjárlagafrv. um 29 millj. kr. Til Fiskveiðasjóðs 35 millj. kr., Iðnþróunar- og Iðnlánasjóðs 26 millj. kr. Þá kemur fjárveiting til einstaklinga og heimila og samtaka, ýmsir styrktarliðir, en samtals eru þessir liðir upp á 251 millj. kr. Hér er samansafn margs konar framlaga og styrkja, sem veittir eru af ríkinu. Á þessum lið er framlag til þess að styrkja nemendur úr strjálbýli til framhaldsnáms, sem nú eru hækkaðir úr 15 millj. kr. í 25 millj. kr. Er það sú fjárveiting, sem menntmrn. fór fram á. Gerð verður nú athugun á því, á hvern hátt verður heppilegast að greiða niður kostnað hjá nemendum, er búa í heimavist, svo að þeir njóti samsvarandi stuðnings og aðrir nemendur, er ekki geta sótt skóla heiman frá sér. Framlag til alþjóðastofnana, 36 millj. kr., er einnig á þessum útgjaldalið.

Í ræðu minni hér að framan hef ég gert grein fyrir höfuðatriðum í skiptingu á útgjöldum fjárlagafrv. til málaflokka. Ég mun því ekki gera frekari grein fyrir breytingum á útgjöldum einstakra stofnana eða útgjaldaliða, að því er rekstur varðar frá fjárlögum 1971, enda er sá samanburður óraunhæfur, þar sem verulegur hluti launanna er ekki færður á þessum liðum í fjárlagafrv., svo sem áður er greint. Ég mun því fyrst og fremst greina frá útgjöldum, er varða framkvæmdir og framlög til atvinnuveganna. Af heildarútgjöldum fjárlagafrv. 1972 er varið 3 152.8 millj. kr. til framkvæmda og til atvinnuvega. Þetta er hækkun frá núgildandi fjárlögum um 523 millj. kr. eða 20%. Samkv. till. fjárlagafrv. leggur ríkissjóður 507 millj. kr. til skólabygginga á næsta ári. Til sjúkrahúsa, læknamiðstöðva og læknabústaða 231 millj. kr. Til Byggingarsjóðs ríkisins og verkamannabústaða 476 millj. kr. Til hafnargerðar og til uppbyggingar á samgöngum á sjó 186 millj. kr. og til vegagerðar 905 millj. kr. Um tillögur að fjárveitingu til einstakra stofnana vil ég segja þetta:

Framlög til framkvæmda eru fyrst og fremst miðuð við að ná vissum áföngum eða ljúka verki, svo að nýting fjárins verði sem bezt. Til Menntaskólans á Laugarvatni er varið 18 millj. kr. og er hækkunin 8.5 millj. kr. Þar er um að ræða byggingu á kennsluhúsnæði og er gert ráð fyrir, að með þessari fjárveitingu muni vera hægt að ljúka byggingunni á næsta ári. Til Menntaskólans við Hamrahlíð er varið 20.1 millj. kr. og er þá miðað við að ljúka byggingu skólahúsnæðisins, og 19 millj. kr. verður varið til að hefja byggingu á íþróttahúsi. Til Menntaskólans á Ísafirði er varið 21 millj. kr. og er hækkunin 13.5 millj. kr. Er miðað við að ljúka við fyrsta áfanga heimavistarbyggingar skólans og gera fokheldan annan áfangann, en í honum er einnig mötuneyti. Fjárveiting til menntaskóla á Austurlandi er tvöfölduð og verður 5 millj. kr. Verður þá til um 17 millj. kr. heildarfjárveiting til byggingar þess skóla, svo mögulegt er að fara að hefja þar framkvæmdir. Fjárveiting til íþróttahúss Kennaraháskólans er 16.2 millj. kr. og hefur verið tvöfölduð. Með þessari fjárveitingu og því fjármagni, sem fyrir hendi er, er hægt að ljúka byggingu fyrsta áfanga íþróttahússins, en áætlað er, að það kosti 32 millj.

Fjárveiting til barna- og gagnfræðaskólabygginga er

lítið eitt hærri en hún var á yfirstandandi fjárlögum. Framkvæmdafé til héraðs- og húsmæðraskóla hækkar heldur ekki. Talið var eðlilegt að fylgja þeirri venju, að Alþ. meti þörf einstakra skóla í þessum málaflokki til fjárveitinga. Ekki var talin minni ástæða til þess nú en áður, þar sem nýkjörið Alþ. fjallar um þetta fjárlagafrv.

Í sambandi við fjárveitingar til barna-, unglinga- og gagnfræðaskóla skal það tekið fram, að fjárveiting er miðuð við að greiða framkvæmdir á fjórum árum, enda hefur þriggja ára reglan aldrei tekið gildi, og hæpið er, að sveitarfélög gætu fjármagnað svo fjárfrekar framkvæmdir sem skólabyggingar á þremur árum, jafnvel þó að ríkissjóður gæti það, sem ekki hefur heldur verið.

Byggingarframlag til Heyrnleysingjaskólans er meira en tvöfaldað og verður 14 millj. kr. Með þeirri fjárveitingu er gert ráð fyrir að ljúka byggingu heimavistar.

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar nú um 64.7 millj. kr. auk þess, sem þar er um verulegar hækkanir að ræða vegna launahækkana. Þessi aukning á fjárveitingum er vegna fjölgunar stúdenta svo og framkvæmda á nýjum reglugerðum, sem miða bæði að bættum kennsluháttum og nýjum námsleiðum. Auk þessa hækka fjárveitingar til ýmissa stofnana, sem tengdar eru Háskólanum, t. d. til Handritastofnunar um 1.6 millj. kr. Þegar frá fjárlagafrv. var gengið, lá ekki fyrir áætlun Lánasjóðs ísl. námsmanna um fjárþörf á næsta ári, en hækkunin, sem hér er gerð, er gerð án tillits til þess. Áætlun sjóðsstjórnarinnar var lögð fram síðar og verður lögð fyrir fjvn. Alþ. Verður málið þá tekið til athugunar og mun fjárveitingin hækka þar. Í þessu fjárlagafrv. eru áætlaðar 15 millj. kr. til byggingar þjóðarbókhlöðu. Alþ. samþykkti ályktun þess efnis, að stefnt yrði að því, að henni yrði komið upp eigi síðar en 1974. Unnið er nú að undirbúningi og framkvæmd málsins.

Framlög til félags- og íþróttamála eru verulega aukin á þessu fjárlagafrv. frá því, sem áður hefur verið. Fjárveiting til Ungmennafélags Íslands hækkar úr 900 þús. í 1.2 millj., eins og um var sótt, og til Íþróttasjóðs, sem lengi hefur verið 5 millj. kr., er hækkunin í 13 millj. eða 160%. Þó að hér sé um verulega hækkun að ræða, er þó langt frá því, að náð sé því marki að koma sjóðnum úr þeirri fjárhagskreppu, sem hann er nú í. En með þessari fjárveitingu er stefna mörkuð í þá átt, að Íþróttasjóði gefist tækifæri til þess að rétta við fjárhag sinn og hann verði aftur virkur í þeim verkefnum, sem honum var samkv. lögum ætlað að vinna. Fjárveiting til Íþróttasambands Íslands hækkar í 1.3 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að tekjur ÍSÍ af seldum vindlingum muni lækka um 540 þús. Vonazt er til, að með auknum fjárveitingum til ÍSÍ geti það í ríkara mæli en verið hefur stutt sérsambönd og ýmis félagasamtök innan sinna vébanda. Nauðsyn ber til að vinna að því að gera áætlun um fjárþörf íþróttahreyfingarinnar, svo að ekki verði með rökum sagt, að samfélagið sinni ekki þessum áhugamálum æskunnar, og fjárveitingar af þess hendi séu svo við nögl skornar, að það dragi verulega úr þessari hollu og nauðsynlegu starfsemi. Þá er aukin fjárveiting til starfsemi Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum. Á yfirstandandi fjárl. var tekin upp 100 þús. kr. fjárveiting til skólans, m. a. vegna raflýsingar. Sú fjárhæð er nú hækkuð í 300 þús. Ekki orkar það tvímælis, að hér er um nauðsynlega og ánægjulega starfsemi að ræða, sem rétt er að styðja. Starfsemi þessa skóla getur hvatt til vetrarferðalaga útlendinga hingað til Íslands.

Eins og kunnugt er, voru á síðasta Alþ. sett lög um **æskulýðsmál og ber ríkissjóði að standa straum af** æskulýðsráði samkv. þeim lögum, og er áætlað að verja til þess 100 þús. kr. á þessu fjárlagafrv. Þá eru, eins og venja er, felldir niður úr frv. ýmsir styrkir, sem ríkissjóður hefur innt af hendi á undanförnum árum til ýmissar félags- og hjálparstarfsemi á vegum menntmrn. Þetta er m. a. gert til þess, að Alþ. geti á hverjum tíma krafizt grg. um, hvernig með fjárveitinguna hefur verið farið, og ber nauðsyn til að svo sé, og meti fjárþörfina og réttmæti fjárveitinganna.

Framlag til náttúruverndarráðs er aukið um 500 þús. kr. Þegar frá því máli var gengið, lá ekki fyrir áætlun frá ráðinu. Einnig vil ég geta þess, að Þjóðleikhúsið hefur nú horfið frá því að vera aðili að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar og ríkissjóður tekur þar af leiðandi meiri þátt í rekstri hennar eða um 50%.

Í sambandi við utanrrn. hefur það komið í ljós, að vanáætlun hefur átt sér stað á fyrri árum á færslu á ferðakostnaði hjá sendiráðsmönnum. Gerð er nú tilraun til þess að leiðrétta þetta og gera áætlunina raunhæfari. Þá eru fjárveitingar til sendiráða. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum, þannig að greint er nú á **milli fastra launa og staðaruppbótar, barnalífeyris og** risnu. Er með þessu stefnt að því að taka aukið tillit til fjölskylduaðstæðna sendiráðsfólks og raunverulegs framfærslukostnaðar í hverju landi, enda var eldra kerfið orðið óraunhæft að þessu leyti. Við ákvörðun þessara liða í framtíðinni mun verða tekið tillit til verðlagsþróunar í viðkomandi landi, og þar með horfið frá því, að launabreytingar hér á landi hafi sjálfkrafa áhrif á fjárveitingar til sendiráða. Risna er nú færð af launalið og á önnur rekstrargjöld og mun utanrrn. með sérgreiningu á þessum lið gefast tækifæri til þess að líta eftir, hvernig þessu fé er raunverulega varið á hverju ári.

Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, m. a. vegna þess, að þar á að ráða tvo nýja tollverði. Á síðari árum hefur það orðið æ ljósara, að þetta embætti fæst nú meira og meira við tollgæzlu, en upphaflega var embættið hugsað aðeins vegna dvalar varnarliðsins á vellinum.

Eins og kunnugt er, voru lög um um Landnám ríkisins tekin til endurskoðunar á síðasta Alþ. og koma nú til framkvæmda. Hækkar fjárfestingarliðurinn eftir ákvæðum þeirra um 17.7 millj. kr.

Af öðrum framkvæmdaliðum, er landbúnað varða, vil ég geta þess, að fjárveiting til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verður 22 millj. kr., en hún var ekki í síðustu fjárl. Með löggjöf, sem samþ. var á síðasta Alþ., var gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi til sjóðsins, en auk þess er bætt við 12 millj. til aðstoðar við byggingu sláturhúsa, **til að verða við auknum kröfum um bætta aðstöðu og** aukið hreinlæti við matvælaframleiðsluna. Þessi aðstoð hefur að sjálfsögðu áhrif til að lækka sláturkostnaðinn, sem er orðinn tilfinnanlega hár í þessum nýju og vönduðu sláturhúsum.

Niður hefur verið felld fjárveiting, sem var til aðstoðar við bændur vegna harðæris og eldgosa á yfir-

standandi fjárlögum, 29 millj. kr. Hins vegar er nú tekin upp 10 millj. kr. fjárveiting til aðstoðar við þá bændur, sem verst eru settir fjárhagslega eftir þessi miklu áfallaár og ekki gátu notið þess að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, svo sem þeir bændur gátu, er betur voru settir. Tekin er upp fjárveiting til endurbóta á íbúðarhúsinu á Skriðuklaustri. Það hefur lengi staðið til, að unnið yrði að endurbótum á því húsi, er Gunnar Gunnarsson skáld byggði, en fé hefur skort til þess. Nú er veitt til þess 1 millj. kr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri hefur alllengi verið í byggingu nýtt skólahús, en oftast við lága fjárveitingu. Í ár eru 5 millj. veittar til framkvæmda á Hvanneyri, en með þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hækka þá fjárveitingu upp í 15 millj. kr. Með þeirri fjárveitingu ætti að vera hægt að komast langt eða jafnvel ljúka byggingu eldhúss eða matsalar fyrir nemendur og nauðsynlegri starfsaðstöðu fyrir þjónustufólk. Niður fellur af þessu fjárlagafrv. fjárveiting til veðdeildar Búnaðarbankans, 2.5 millj. kr., og til súgþurrkunar sama upphæð, þar sem samningar þar um voru niður fallnir. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að á þessu þingi verði málefni veðdeildar Búnaðarbankans tekin til sérstakrar meðferðar og aðstoð ríkisins vegna fjárútvegunar til veðdeildarinnar verði tekin til athugunar, áður en fjárlagaafgreiðslan fer fram hér á hv. Alþ.

Fjárveiting til byggingarframkvæmda við vinnuhælið á Litla-Hrauni er 3 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að með þessari fjárveitingu verði hægt að ljúka þeirri byggingu, sem nú er unnið að. Lagt er til, að fjárveiting verði tekin upp að nýju til fangelsisins í Síðumúla í Reykjavík. Á fjárlögum 1970 var fjárveiting til þess, en var felld niður á fjárl. 1971. Áætluð fjárveiting nú er 3.5 millj. kr.

Um Landhelgisgæzluna er það að segja, að gert er ráð fyrir, að úthald á skipum hennar verði með svipuðum hætti fyrri hluta næsta árs eins og það var á yfirstandandi ári. Tekin er upp 15 millj. kr. fjárveiting, sem nota á til aukinnar gæzlu eftir 1. sept. 1972. Nú nýlega hafa forráðamenn Landhelgisgæzlunnar skilað áliti og tillögum um fjárþörf til Landhelgisgæzlunnar, sérstaklega síðara hluta ársins 1972, og verður hún til meðferðar og afgreiðslu hjá fjvn.

Fjárveiting til almannavarna lækkar um 1 millj. 600 þús., enda var fjárveitingin hækkuð mjög á árinu 1971, m. a. til tækjakaupa, svo að ekki mun verða þörf sömu fjárhæðar á næsta ári. Fjárveiting til umferðarráðs er hér meira en tvöfölduð. Þegar gengið var frá fjárlagafrv., lá ekki fyrir áætlun frá umferðarráði um fjárþörf á næsta ári. En með hliðsjón af hinum miklu umferðarslysum þótti rétt að hækka fjárveitinguna til ráðsins. Gert er ráð fyrir, að umferðarráð skili tillögum sínum og grg. um fjárþörf til fjvn., svo að hægt verði að hafa hliðsjón af því, áður en fjárlög verða afgreidd.

Bætt er við einu nýju prestsembætti í Kópavogi til útgjalda á kirkjumálum í ár, og fjárveiting til Hallgrímskirkju er tvöfölduð og verður 2 millj. kr. Framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækkar um 500 þús. kr. Kostnaður við biskupsbústaðinn lækkar um 118 þús. og framlög til minningarkapellu um Jón Steingrímsson og til Kirkjuvogskirkju í Höfnum, sem voru 400 þús. kr. samtals, falla niður.

Framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um 48.7 millj. kr. Hluti Byggingarsjóðs af launaskatti er þar 36.4 millj. og byggingarsjóðsgjöld 11.7. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 2.5 millj. eða 55%, en framlag til sjóðsins hefur verið óbreytt frá upphafi að öðru leyti en því, að það var lækkað um 500 þús. fyrir nokkrum árum.

Um framlög til vatnsveitna er það að segja, að þau eru ákveðin í frv. 10 millj. kr. og er það í samræmi við tillögur félmrn. En það fór fram á, að varið yrði til annarra vatnsveitna en Vestmannaeyjaveitu 10 millj. kr., og er þá komið langleiðina í að greiða upp þær skuldir, sem ríkissjóður stendur í samkv. lögum við þá aðila, sem hafa verið í vatnsveituframkvæmdum fram til þessa, að áætlunin var gerð. Fjárveiting til annarra vatnsveitna en Vestmannaeyjaveitu var 5 millj. á árinu 1971, og er því hér um 100% hækkun að ræða. Stuðning við vatnsveitu Vestmannaeyja verður að ákveða við afgreiðslu fjárlaga.

Þá hækkar framlag til heimilishjálpar samkv. lögum frá 1952 um 3 millj. kr. Hins vegar lækkar framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs um 15.7 millj. kr. Það er annars vegar vegna þess, að gert er ráð fyrir, að tekjur af álgjaldi lækki um 5.7 millj. og lagt er niður sérstakt framlag úr ríkissjóði, 10 millj. kr., er var á fjárlögum 1971. Gert er ráð fyrir því, að frv. að nýrri löggjöf, er varðar sjóðinn, verði lagt fram snemma á þessu þingi og mun staða sjóðsins breytast verulega þá. Er talið eðlilegt, að fjárveiting til hans verði ákveðin, eftir að frá þeim nýju lögum hefur verið gengið. Enn fremur eru ekki með ýmsir byggingarstyrkir til styrktarfélaga, svo sem Gerðverndarfélagsins, Sjálfsbjargar, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra o. fl., en þessir styrkir hafa yfirleitt ekki verið teknir inn í fjárlagafrv., heldur farið eftir till. fjvn. Alþ. þar um. Ekki er gert ráð fyrir því, að þessir styrkir falli niður úr fjárlögum, þó að þeir séu ekki í frv. Hins vegar er ætlazt til þess, að þeir, sem að þessum samtökum standa, skili fjvn. grg. um starfsemi sína og hvernig þeir hafa notað fjárveitingar á undanförnum árum, svo að hún geti metið það um leið og hún afgreiðir tillögur um mál þeirra við fjárlagaafgreiðsluna.

Framlag ríkisins til almannatrygginga hækkar samkv. frv. um 617.2 millj. kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 246.7 millj. kr. koma á lífeyristryggingar og 370.5 á sjúkratryggingar. Meginorsök hækkunarinnar á framlagi til lífeyristrygginga á rætur að rekja til breytingar á lögum um almannatryggingar, sem samþ. var á síðasta þingi, og fól í sér verulega hækkun bóta almennt, annarra en fjölskyldubóta. Þá varð og sú breyting, að fávitaframfærsla var sameinuð almannatryggingakerfinu, en framlag ríkissjóðs hefur til þessa verið á sérstökum fjárlagalið og nam 61.4 millj. kr. á fjárlögum 1971. Fjárveiting til fjölskyldubóta er áætluð á sama grundvelli og gildir í dag. Hækkunin er 70 millj. kr., vegna þess að fjárlagatala ársins í ár er miðuð við 8 mánaða gildistíma, þar til verðstöðvuninni lyki 1. sept., svo sem stefnt var að, en nú er hins vegar miðað við heilt ár.

Framlag til sjúkratrygginga er áætlað 1 milljarður 438.8 millj. kr., en var áætlaður 1 milljarður 68.3 millj. kr. í fjárl. 1971. Hækkunin nemur því, eins og fyrr segir,

370.5 millj. kr., og stafar mest af því, að eftir samþykkt fjárlaga ársins 1971 voru daggjöld á sjúkrahúsum almennt hækkuð verulega, og í frv. 1972 er, eins og á undanförnum árum, áætluð nauðsynleg kostnaðaraukning á ríkisspítölunum, sem felur í sér hækkun daggjalda. Með hliðsjón af því er síðan áætlað framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga, og verður aukning þessa framlags 189.2 millj. kr.

Sú bráðabirgðaáætlun, sem gerð hefur verið um daggjöld á ríkisspítölum og ég hef áður greint frá, er miðuð við, að daggjöld standi að fullu undir rekstri þeirra, og er því hvergi um að ræða rekstrarframlög til þeirra úr ríkissjóði á fjárlagafrv. Ríkissjóðsframlög, er fram koma í A-hluta fjárlagafrv., eru því eingöngu til byggingar og tækjakaupa. Rekstrarkostnaður ríkisspítalanna er miðaður við þær launabætur, sem fram eru komnar, er frv. var lagt fram, kaupgjaldsvísitölu 107.19 stig. Í þessum áætlunum er hvergi gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks, nema vegna nýrra sjúkradeilda á Landsspítalanum, þar sem opnuð verður endurhæfingardeild í byrjun marz 1972. Það er hins vegar ljóst, að við meðferð fjárlagafrv. verður nauðsynlegt að taka áætlun stjórnarnefndar ríkisspítalanna til nákvæmrar athugunar í þeim tilgangi að heimila nokkra fjölgun, þar sem þörfin er brýnust. Skal í því sambandi sérstaklega getið um Kleppsspítalann, en samkomulag hefur orðið milli fjármála- og heilbrigðisyfirvalda um að stuðla að því, að á þeim spítala verði starfsliði fjölgað eftir fastri áætlun, sem lögð mun verða fyrir fjvn. Alþ. Fjárveiting til framkvæmda við fæðingardeild Landsspítalans er tvöfölduð og verður um 60 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að með þessari fjárveitingu verði hægt að vinna að framkvæmdum af fullum krafti á árinu 1972 og ljúka þeim á árinu 1973. Í þessu fjárlagafrv. er tekin upp ný fjárveiting til Landsspítalans, 4.5 millj. kr., til að undirbúa byggingu geðdeildar. Þessi fjárveiting er við það miðuð, að hægt verði að ljúka undirbúningi á næsta ári, a. m. k. um svipað leyti og lokið er byggingu fæðingardeildarinnar, og geti þessi framkvæmd þá strax hafizt. Til framkvæmda við Landsspítalann er veitt 51.4 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að halda áfram við þær framkvæmdir, sem nú er unnið að, og endurbæta gamla húsið verulega, svo að það geti nálgazt þær kröfur, sem nú eru gerðar til góðra sjúkrahúsa. Fjárveitingar til Kristness og Vífilsstaða eru tæpar 4 millj. samtals, og lækkar fjárveiting til Vífilsstaða nokkuð frá fyrra ári, vegna þess að því verkefni, sem þá var unnið að, er að miklu leyti lokið. Fjárveiting til byggingar og tækjakaupa í ríkisspítölunum hækkar um 34.2 millj. kr.

Framlag til byggingar annarra sjúkrahúsa og læknabústaða hækkar um 5.1 millj., og styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 3.5 millj. kr. Hins vegar lækkar styrkur til St. Jósepsspítalans um 2.8 millj. kr.

Upp er tekinn nýr liður, 3 millj. kr. vegna mengunarmála. Gert er ráð fyrir því, að heilbrmrn. ráði yfir þessari fjárveitingu. Nánari reglur munu verða settar síðar um framkvæmd þessa máls.

Þá eru framlög til Gæzluvistarsjóðs hækkuð um 8 millj., úr 12 í 20 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að á vegum sjóðsins verði hafin bygging lokaðs gæzluvistarhælis, og er þessi fjárveiting miðuð við það.

Tillögur um fjárveitingu til embættis ríkisskattstjóra og kostnað við skattstofur eru miðaðar við sama starfsmannahald að mestu leyti og nú er. Hækkunin er því eingöngu vegna launahækkana og rekstrarkostnaðar. Hins vegar hefur síðan fjárlagafrv. var samið verið tekin ákvörðun um að bæta við starfsmönnum hjá skattrannsóknarstjóra. Nú er auglýst eftir fimm nýjum starfsmönnum. Hér er um að ræða hið mesta nauðsynjamál, því að veruleg breyting hefur ekki verið gerð á þessum málum nú síðustu árin, enda þótt t. d. söluskatturinn hafi verið hækkaður verulega. Eftirlit með skilum á honum verður að sjálfsögðu nauðsynlegra, eftir því sem hann verður hærri. Ríkisstj. gaf í stjórnarsamningi sínum fyrirheit um aukið skatteftirlit og er þetta upphaf að framkvæmd á því fyrirheiti. Þessi ákvörðun mun að sjálfsögðu hafa kostnað í för með sér, og hækkar fjárveiting til embættisins við fjárlagaafgreiðsluna. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessi kostnaður eigi eftir að skila sér í betri skattheimtu. Nauðsyn ber til, að búið sé að undirbúa aukið skatteftirlit, áður en þau skattalög taka gildi, sem nú er unnið við að semja. Skattrannsóknarstjóri hefur í auknum mæli beitt nýjum vinnubrögðum, m. a. þar sem sú framkvæmd er komin á að velja nokkur rannsóknarefni með vélrænum úrdrætti úr skattframtölum, og mun verða aukinn sá þáttur í starfsemi skattstofanna.

Hækkun verður nú á bótum á eftirlaunum og lífeyri, 80.6 millj. kr. eða 142.6%. Þessi mikla hækkun stafar af því, að ríkissjóður stendur að fullu undir öllum hækkunum frá þeim tíma, sem einstakir lífeyrisþegar fara á eftirlaun, hvort sem það stafar af verðlagsuppbótum, flokkahækkun eða öðru.

Á þessu ári tók til starfa við Innkaupastofnun ríkisins framkvæmdadeild. Er hún byggð á 18. gr. laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við rekstur þessarar deildar, að því leyti er byggingareftirlitsmenn varðar, færist á viðkomandi framkvæmdir, er þeir hafa eftirlit með. Hins vegar mun ríkissjóður greiða 1.7 millj. kr. vegna yfirstjórnar og annars þess, sem ekki verður heimfært á sérstakar framkvæmdir.

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs lækkar um 8 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að tekjur hans lækki um 2 millj. miðað við árið 1971. Er þessi lækkun gerð með tilliti til þess, að afkoma atvinnuveganna ætti að vera góð á þessu ári og þeir að geta staðið undir sínum lánum sjálfir.

Einn greiðsluliður hjá fjmrn. nefnist „ýmis lán“, og er þar um að ræða vaxtagreiðslur af ýmsum lánum ríkissjóðs. Sá háttur hefur nú verið tekinn upp að verulegu leyti, að vextir af flestum lánum, er ríkissjóð varða, er áður voru greiddir hjá ýmsum stofnunum, eru nú færðir á þennan lið. Liðurinn í heild hækkar um 15.6 millj. kr., en raunveruleg hækkun vegna þessara breytinga er 35.9. Þar á móti kemur vaxtalækkun vegna yfirdráttarláns Seðlabankans, sem hefur verið greitt niður meira en gert er ráð fyrir, og nemur sú lækkun 15.3 millj. kr.

Liðurinn „ýmislegt“ hjá fjmrn. hækkar um 39.3 millj. kr. Hér er um að ræða 29.1 millj. kr. fjárveitingu vegna togaralána, sem áður er getið. 12.5 millj. kr. eru til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaganna, en áður var sá liður færður hjá félmrn. Ýmsir smærri liðir eru þarna

hækkaðir, eins og framlag til framkvæmda á vegum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um 800 þús.

Á fjárveitingum til samgöngumála vil ég geta fyrst um hækkun á fjárframlögum til flugmála. Liðurinn í heild hækkar um 41.2 millj. kr., en ríkissjóðsframlag til framkvæmda um 24 millj. Hins vegar fellur niður á fjárlagafrv. 5 millj. kr. fjárveiting til þess að greiða af tækjakaupaláni, svo að raunveruleg aukning framkvæmdafjárins er 19 millj. eða 61%. Hækkun vegna afborgana af lánum er tæpar 2.5 millj. kr. og rekstrarhækkanir aðrar eru eðlilegar miðað við launa- og verðlagshækkanir. Enda þótt hér sé um verulega fjárhæð að ræða og mikla hækkun til flugvalla og flugöryggistækja, frá því sem áður hefur verið, er ríkisstj. það ljóst, að betur má ef duga skal í þessum efnum, og mun þetta mál verða athugað betur með tilliti til þess að auka þessa fjárveitingu í meðferð fjárlaganna á Alþ. Það er öllum ljóst, að þessum málum hefur ekki verið svo staðið að sem skyldi á síðustu árum, og er því þörfin nú miklu meiri en nokkur leið er að fullnægja í svipinn.

Framlag til byggingar og tækjakaupa hjá Veðurstofunni hækkar um 12 millj. kr. og skortir þá 10 millj. kr., til að hægt sé að fullgera byggingu þá, sem Veðurstofan stendur að. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að með þessari fjárveitingu verði hægt að koma því verki svo langt, að hægt verði að taka húsið að einhverju leyti í notkun í árslok 1972 og ljúka því að öllu leyti með fjárveitingunni 1973.

Sérstök fjárveiting er til landmælinga, til að kaupa loftljósmyndavél, og er þar um fyrstu greiðslu að ræða af þremur, 1.3 millj. Þá er einnig fjárveiting til þríhyrningsmælinga umhverfis jörðina í samvinnu við aðrar þjóðir og er ætluð til þess 1 millj. kr.

Fjárframlög til strandferða hækka um 13.2 millj. kr., og er það til að mæta auknum rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins vegna kostnaðarauka, en þá er líka reiknað með óbreyttum farmgjöldum.

Um aðra liði samgangna, eins og hafnamál, vil ég segja, að fjárveitingar í frv. eru þær sömu og á yfirstandandi fjárlögum. Er því sama til að svara og með skólamálin, að eðlilegt þótti að bíða með auknar fjárveitingar til þeirra eftir störfum Alþ., enda er þar um að ræða fjárveitingar til vissra hafnarframkvæmda og eðlilegt, að Alþ. fjallaði þar um. Áætlun um fjárþörf Hafnabótasjóðs barst fjmrn. ekki fyrr en eftir að fjárlagafrv. hafði verið samið og bíður því einnig ákvörðunar Alþ.

Um vegamálin er það að segja, að ekki er ný fjárveiting til þeirra í þessu fjárlagafrv., en ég mun síðar í ræðu minni víkja að þeim, um leið og ég geri grein fyrir tekjuáætlun fjárlagafrv.

Heildarfjárveiting til Orkusjóðs hækkar um 31 millj. kr. Af því fara 13 millj. til að greiða af lánum og 18 millj. kr. til framkvæmda við rafvæðingu í sveitum. Framlag þetta hækkar úr 32 millj. kr. í 50, eða 56%. En jafnhliða þessu er svo gert ráð fyrir lánsfjáröflun á framkvæmdaáætlun, sem nemur rúmlega þessari fjárhæð. Gert er ráð fyrir, að 109 millj. kr. þurfi til að ljúka einum þriðja af sveitarafvæðingunni á næsta ári, sem ríkisstj. hefur ákveðið. Með þessu móti mun nást það fjármagn, sem þörf er á til að halda þeirri áætlun.

Niðurgreiðslur á vöruverði hækka á fjárlagafrv., eins og áður er greint, um 508 millj. kr. Er miðað við að halda sömu niðurgreiðslum áfram allt árið 1972 og búið var að ákvarða fyrir 1. sept. s. l. Eins og fram kemur í grg. fjárlagafrv., hafa ekki enn þá verið teknar ákvarðanir um, hvort jafnmiklum fjármunum skuli til niðurgreiðslna varið eins og hér er gert ráð fyrir. Unnið er nú að því að endurskoða allt niðurgreiðslukerfið, og til þess ber brýna nauðsyn. Ekki er því að leyna, að veruleg áhætta og galli fylgir svo stórfelldum niðurgreiðslum, sem hér eru í framkvæmd nú. Auk kostnaðarins, sem er óhugnanlega mikill, bætist það við, þegar niðurgreiðslan er orðin meiri en kostnaður frá framleiðenda til neytanda, að þá situr framleiðandinn við lakara borð en neytandinn, auk þess sem áhættan er veruleg hjá framleiðandanum, ef skyndiákvarðanir yrðu teknar um að hverfa frá niðurgreiðslum. Við þá endurskoðun, er nú fer fram, ber nauðsyn til að hafa þessi atriði í huga og skipuleggja framkvæmdirnar, svo að dregið verði úr áhættu og göllum í framkvæmd niðurgreiðslna svo sem auðið er, því að ljóst er, að þær verða við lýði að verulegu leyti um nokkra framtíð a. m. k. Hér læt ég staðar numið um að greina frá útgjöldum fjárlagafrv. og sný mér þá að tekjuhlið þess.

Ég vil taka það fram, að áætlaðar ríkistekjur á árinu 1972 eru að sjálfsögðu byggðar á núverandi lögum og reglum, enda þótt nú sé unnið að því að endurskoða tekjustofna ríkisins og að því stefnt, að byggja tekjuöflun ríkisins fyrir árið 1972 á þeim lögum, sem sett verða að þeirri endurskoðun lokinni. Höfuðatriðið í endurskoðuninni er skipting skattabyrðanna, þar sem stefnt verður að því að létta byrðum af þeim, sem minna mega sín fjárhagslega í þjóðfélaginu. Í því sambandi verða persónuskattarnir sérstaklega athugaðir, en þeir eru eins og kunnugt er lagðir á án tillits til tekna. Skattvísitala er lögbundin 100 á þessu ári, en látin fylgja verðlagsþróuninni í þessari tekjuáætlun og verður því, ef miðað er við áætlaða breytingu ársmeðaltals vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1970–1971, 106.5–107 stig. Þessar skýringar tel ég nauðsynlegt að gefa í sambandi við tekjuáætlúnina, en skal að öðru leyti greina frá henni, eins og hún er í frv.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1972 er, eins og á undanförnum árum, unnin af Efnahagsstofnuninni. Grundvallast áætlunin á þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir það ár, eins og gerð er grein fyrir í fskj. með þessu frv. Meginþættir þjóðhagsspárinnar eru þessir: Gert er ráð fyrir, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar aukist í heild um 8%. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist að verðmæti um 14%, og hefur þá verið gert ráð fyrir erlendri verðhækkun um 3–4%. Þessar spár um þróun eftirspurnar fela í sér 7–8% aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, og spáð er 6% aukningu þjóðarframleiðslu og 5% aukningu þjóðartekna.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 14 milljarðar 270 millj. kr. á móti 11 milljörðum 534.7 millj. kr. í fjárlögum 1971. Nemur hækkunin því 2 millj. 735.3 millj. kr., eða 23.7%. Af heildartekjum eru markaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum samtals 2 761.4 millj. kr., en voru 2 210.5 í fjárlögum 1971, og er hækkunin 550.9 millj. kr. eða 24.9%. Sam-

kvæmt þessu hækka eiginlegar ráðstöfunartekjur ríkissjóðs um 2 milljarða 184 millj. kr., eða 23.4%.

Áætlað er, að persónuskattar hækki um 215.5 millj. kr. frá fjárlögum 1971. Er þar um að ræða gjöld til almannatrygginga, þ. á m. atvinnuleysistrygginga, sem hækka samtals um 234.8 millj. vegna áorðinna gjaldahækkana og fjölgunar gjaldskyldra aðila, en frá því dregst, að námsbókagjald, sem var áætlað 19.3 millj. í fjárlögum 1971, hefur nú verið fellt niður.

Áætlað er, að 574.4 millj. kr. hækkun verði á tekjusköttum, og er þá gert ráð fyrir, að nettótekjur hækki í heild um 23% á árinu 1971 frá 1970, og er það svipuð breyting og áætlað er að verði á heildaratvinnutekjum milli sömu ára.

Áætlað er, að gjöld af innflutningi hækki um 1 294 millj. kr. Þessi áætlun er byggð á framangreindri spá um 7–8% aukningu ráðstöfunartekna á árinu 1972 og 14% aukningu almenns vöruinnflutnings. Meðaltollhlutfall er áætlað 23.3%, óbreytt frá áætlun í fjárlögum 1971. Af heildarhækkuninni nemur tekjuhækkun ríkissjóðs af almennum aðflutningsgjöldum 1 milljarði 73.4 millj. kr., en innflutningsgjald af bensíni 210 millj. kr. og nettóhækkun á öðrum liðum er 10.6 millj. kr.

Gert er ráð fyrir lækkun skatta af innlendri framleiðslu um 4.7 millj. kr. frá fjárlögum 1971. Þarna er reiknað með 5.7 millj. kr. lækkun á álgjaldi vegna sölutregðu á áli á heimsmarkaðinum, en hækkun á öðrum sköttum í þessum flokki er 1 millj. kr.

Gert er ráð fyrir því, að tekjur af söluskatti hækki um 252 millj. vegna þeirrar veltuaukningar, sem felst í þjóðhagsspánni. Þá eru tekjur af launaskatti áætlaðar 277 millj. hærri en í fjárlögum 1971, einkum vegna mun hærra launastigs og þess, að hækkun skattsins um 1½%, sem var hluti verðstöðvunaraðgerðanna, gildir nú allt árið í stað tveggja þriðju hluta ársins í fjárlögum 1971, og hækkunarinnar gætir nú í innheimtu allt árið. Söluhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins er hins vegar áætlaður um 20 millj. kr. lægri en í fjárlögum 1971 vegna minni sölu á tóbaki en áður hefur verið og hækkandi verðlags á áfengi og tóbaki í innkaupum erlendis frá.

Aðrir óbeinir skattar hækka um 93.3 millj. kr., og munar þar mest um hækkun tekna af bifreiðaskatti 78.7 millj. kr. Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 17.5 millj. kr., en niður fellur bifreiðaskattur vegna hægri umferðar, 17.5 millj., sem var í fjárlögum 1971. Aðrir liðir hækka samtals um 14.6 millj. kr.

Áætlað er, að arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta hækki um 28.5 millj. Er þar fyrst og fremst um að ræða aukningu umferðar og viðskipta á Keflavíkurflugvelli. Þannig aukast tekjur frá flugmálastjórn um 17.6 millj. og frá fríhöfninni um 10.7 millj. kr.

Um lánahreyfingar er það að segja, að sú breyting hefur verið gerð á færslu lánahreyfinga út, þ. e. afborgana af teknum lánum, í A-hluta, að mun fleiri greiðslur af þessu tagi en áður eru nú færðar á liðinn „Ýmis lán" í fjmrn. í stað þess að færa þær á hlutaðeigandi stofnanir. Er unnið að því í ríkisbókhaldinu að skrá þar öll þau lán, sem endurgreiðast af beinum fjárveitingum, en í nokkrum tilvikum eru afborganir þó færðar á hlutaðeigandi stofnun, þar sem sérstaklega stendur á, einkum ef viðkomandi stofnanir standa undir endurgreiðslu lána með eigin tekjum. Lánahreyfingar út nema 254.4 millj. kr. en lánahreyfingar inn samtals 3.8 millj., þannig að hallinn verður á lánahreyfingunni 250.6 millj. kr. Miðað við fyrra ár eru lánahreyfingar inn óbreyttar, þ. e. afborganir af veittum lánum eru þær sömu á árinu 1972 og þær voru á árinu 1971, hins vegar hækka lánahreyfingar út, þ. e. greiðslur af lánum ríkissjóðs, um 9.6 millj. kr.

Sú breyting er tekin upp með þessu fjárlagafrv., að látin er fylgja grg. frá Efnahagsstofnuninni um þróun efnahagsmála árið 1971 og spá stofnunarinnar um þróun efnahagsmála á árinu 1972. Það er bæði rétt og skylt, að þessi grg. fylgi sem fskj. með fjárlagafrv. Þar er komið á framfæri ýmsum upplýsingum stofnunarinnar um þróun efnahagsmála á árinu 1971 og spá hennar um afkomu næsta árs. Það kemur svo í ljós, hvernig sú spá reynist, þegar raunveruleikinn sýnir sig. Enn fremur er með þessum hætti lagður fram grundvöllur sá, sem stofnunin byggir á, er hún gerir tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1972. Á það hefur skort áður fyrr, að þessi grundvöllur væri birtur með fjárlagafrv. Í frásögn stofnunarinnar af afkomu ársins 1971 er gert ráð fyrir því, að þjóðarframleiðslan muni aukast um 9% og viðskiptakjörin út á við muni þannig batna verulega. Útflutningsverðlag sjávarafurða mun sennilega hækka um 22–23% að meðaltali frá 1970. Innflutningsverðlag mun væntanlega hækka um a. m. k. 5%. Vegna þessara bættu viðskiptakjara getur aukning þjóðartekna orðið mun meiri en þjóðarframleiðslan, eða allt að 12%. Samkvæmt þessari frásögn stofnunarinnar er gert ráð fyrir, að heildaraukning verðmætaráðstöfunarinnar verði á árinu um 23% að magni. Í þessari frásögn er gert ráð fyrir því, að í heild verði aukning vöruinnflutnings rúm 30% að magni og 36–37% að verðmæti. Almennur vöruinnflutningur eykst samkvæmt frásögninni um 23–24% að magni og 30% að verðmæti. Þetta leiðir til þess, að verulegur halli hlýtur að verða á viðskiptajöfnuði gagnvart útlöndum. Þá má hins vegar telja víst, að gjaldeyrisstaðan batni verulega, eða a. m. k. um 1100 millj. kr. á árinu 1971, vegna þess að mjög mikill innflutningur verður á fjármagni, þ. e. lánum, m. a. vegna kaupa á flugvélum og skipum og til stórframkvæmda. Einnig mun Íslenzka álfélaginu nauðsynlegt að flytja inn fjármagn til þess að standa straum af framleiðslukostnaði ársins auk fjármagns til fjárfestingar. Kemur það fram í þessari grg. Efnahagsstofnunarinnar, að útflutningur áls á þessu ári mun engan veginn verða nægjanlega mikill til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnað og framleiðslunauðsynjar álversins. Niðurstöður af grg. um efnahagsþróunina á árinu 1971 eru þær, að viðskiptajöfnuður á verðlagi þessa árs verði óhagstæður um 3 milljarða 570 millj. kr. Jöfnuður fjármagnshreyfinga er hagstæður hins vegar um 4 milljarða 670 millj. kr. Samkvæmt þessu er breytt gjaldeyrisstaða til batnaðar um ca. 1100 millj. kr.

Í efnahagsspánni fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir því, að sjávarafli aukist um 4%. Einnig er gert ráð fyrir því, að útflutningsverðlag sjávarafurða muni hækka um 1½% að meðaltali ársins í ár. Reiknað er með heldur auknum útflutningi á áli, þannig að birgðaaukningin verði álíka á þessu ári, en framleiðsluaukningin geti

orðið aukinn útflutningur. Enn fremur er gert ráð fyrir auknum útflutningi iðnaðarvara á næsta ári sem nemur um 100 millj. kr. eða 16–17%. Í heild er spáð, að aukning útflutningsvöruframleiðslunnar verði 6½–7% að magni, en rúmlega 8% að verðmæti.

Í spánni um fjármunamyndun er gert ráð fyrir, að innflutningur á kaupskipum og flugvélum muni dragast saman á næsta ári miðað við yfirstandandi ár, enda var hann verulegur þá. Gert er ráð fyrir því, að fjármunamyndun að frátöldum skipum og flugvélum muni aukast um 9% á árinu 1972, sem skiptist þannig, að aukning í atvinnuvegunum verði 13%, til nýbygginga 8%, til byggingarmannvirkja hins opinbera 6%. Á árinu 1972 er gert ráð fyrir mikilli fjármunamyndun í fiskveiðum, eða um 1½ milljarði á verðlagi ársins 1970, sem er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir, að fjármunamyndun í almennum iðnaði aukist um 20%. Niðurstöðutölur af þessari spá Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1972 eru, að viðskiptajöfnuður á verðlagi þessa árs verði óhagstæður um 3 milljarða 625 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir, að jöfnuður fjármagnshreyfinga verði hagstæður um 3 milljarða og 50 millj., en gjaldeyrisstaðan mundi samkvæmt þessari spá rýrna í heild um 575 millj. kr. Frekari frásögn af þessu fskj. frá Efnahagsstofnuninni sé ég ekki ástæðu til að gefa. Hins vegar tel ég, eins og áður er sagt, að slík grg. um efnahagshorfur í þjóðarbúinu eigi að fylgja fjárlagafrv., því að ljóst er, að afkoma ríkissjóðs hlýtur alltaf að spegla afkomu þjóðarinnar á hverjum tíma. Þess vegna er það nauðsynlegt, að gerð sé grein fyrir því, hverju spáð er um afkomu þjóðarinnar í heild, þegar lögð er fram áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Til viðbótar því, sem hér kemur fram í áætlun Efnahagsstofnunarinnar, vil ég minna á það, sem upp hefur komið í sumar og haust um þá óvissu, sem nú er í alþjóðagjaldeyrismálum, er kann að hafa áhrif á afkomu íslenzku þjóðarinnar, eins og annarra þjóða, og þá einnig á afgreiðslu þessa fjárlagafrv.

Einn er sá þáttur í sambandi við tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár, sem ég vil gera að sérstöku umtalsefni, áður en ég lýk við þennan kafla í ræðu minni, en það eru tekjur þær, sem ríkissjóður fær af umferðinni, sem oft hefur verið til umr. hér á hv. Alþ. Þegar fyrrv. ríkisstj. kom til valda, var hún svo lánsöm að koma að tekjustofnum, svo sem bensínskatti, gúmmígjaldi og þungaskatti af bifreiðum, sem lítið eitt var þá farið að nota, en voru æskilegir tekjustofnar til þess að veita fjármagn til vegagerðar í landinu. Ríkisstj. notaði sér þessa möguleika óspart allt það tímabil, sem hún sat að völdum, og það verður að segjast eins og er, að stjórnarandstaðan gekk óhikað fram í því að styðja hana í þessari skattlagningu. Svo almennur áhugi var fyrir bættum samgöngum og þá fyrst og fremst fyrir bættum vegum í landinu. Síðast á síðasta þingi gekk stjórnarandstaðan jafnhliða ríkisstjórnarliðinu fram í því að hækka þessa tekjustofna verulega, svo að aukningin nam á þessu ári 235 millj. kr. Það gerðist hins vegar á sama tíma, að framlög af hendi ríkissjóðs til vegamála af öðrum tekjum en þessum voru alveg felld niður um nokkurra ára skeið. Nokkur deila var hér á hv. Alþ. um þessa þróun. Bent var á, að aðstoð þm. almennt við þessa hækkun tekjustofna hefði ekki átt að leiða til þess, að ríkissjóður drægi úr beinum framlögum til vegagerðarinnar í landinu, heldur ættu hækkanirnar að koma þar til viðbótar. Ekki sízt þótti þetta ófugþróun, þegar tekjur ríkissjóðs jukust á sama tíma vegna þessara aðgerða að verulegu leyti með auknum innflutningi á bifreiðum. Höfuðdeilan hér á hv. Alþ., sem ég tók þátt í ásamt öðrum stjórnarandstæðingum, stóð um það, hvort sérskattarnir, sem af bifreiðum væru teknir, yrðu allir látnir ganga í vegasjóðinn eða ekki. Með vegalögunum frá 1963 var gert ráð fyrir því, að tekjur af bensínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi gengju í Vegasjóð, en leyfisgjald, sem var tekið af innfluttum bifreiðum um nokkurra ára skeið, var hins vegar látið ganga beint sem tekjustofn í ríkissjóð. Eftir gengisbreytingarnar 1968 stöðvaðist svo að segja allur bílainnflutningur til landsins vegna þeirrar verðhækkunar, sem gengisbreytingarnar leiddu af sér. Það endaði með því, að á árinu 1970 var leyfisgjaldið allt fellt niður, en áður hafði það verið lækkað nokkuð. Segja má því, að Vegasjóður væri þá farinn að njóta allra sérskatta af umferðinni, eftir að leyfisgjaldið var fellt niður. Hins vegar er það ljóst, og það varð ljóst við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, að þrátt fyrir geysilega hækkun á tekjustofnum Vegasjóðs, sem búið var að gera og gerð var um s. l. áramót, 1970–1971, þá mundi það ekki nægja sem tekjur í Vegasjóð þegar á árinu 1972. Jafnhliða þessari hækkun á sköttum af umferðinni, bensínskatti og þungaskatti, var í baráttunni fyrir því knúið fram á árinu 1969 og 1972, að ríkissjóður lagði fram beinar fjárveitingar til Vegasjóðs, sem eru nú 47 millj. kr., sama fjárhæð og var, þegar vegalögin tóku gildi. Jafnhliða þessu var því komið í gegn, að ríkissjóður tók að sér að greiða vexti og afborganir af nokkrum vegalánum, sem Vegasjóður hafði gert áður. Hins vegar er enn þá vegalán, sem Vegasjóður var látinn standa undir eða útvegaði nýtt lánsfé til þess að greiða vexti og afborganir af, eins og gert hefur verið með skuld Keflavíkurvegarins. Efnahagsstofnunin gerði fyrir mig, jafnhliða tekjuáætluninni, sérstaka grg. um tekjur af umferðinni á yfirstandandi ári og áætlun fyrir 1972. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að innflutningur bifreiða hefur verið geysilega mikill á þessu ári, og er gert ráð fyrir því í þessari áætlun, að úr honum dragi á næsta ári nokkuð verulega frá því, sem nú er. Í áætlun Efnahagsstofnunarinnar eru teknar með tekjur af innfluttum bifreiðum umfram meðaltollprósentu 22%. Með því er gert ráð fyrir því, að tekjur af umferðinni verði 1 673.3 millj. kr. á yfirstandandi ári, þ. e. 766 millj. umfram það, sem til Vegasjóðs mun ganga. Er þar innifalið í þeirri tölu frá Vegasjóði 47 millj. kr. úr ríkissjóði. Hins vegar er ekki tekið hér tillit til þeirra afborgana af vöxtum og lánum, sem ríkissjóður greiðir nú vegna Vegasjóðs. Á árinu 1972 er gert ráð fyrir því, að tekjur af umferðinni verði eftir sömu reglum 1 599 millj. kr., eða lækki um 75 millj. Hins vegar er þá gert ráð fyrir því, að Vegasjóður fái tekjur upp á 972 millj., en eftir er þá hjá ríkissjóði 627 millj. kr. Fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir því að auka framlög úr ríkissjóði til Vegasjóðs. Hins vegar er mér það ljóst og ríkisstj. allri, að eitt af þeim verkefnum, sem hún verður að leysa áður en vegáætlun verður gerð í vetur, er að útvega Vegasjóði meira fjármagn en hann

getur fengið samkvæmt þeim tekjustofnum, sem hann hefur nú. Enn þá hefur ekki verið ákveðið, hvernig með það mál skuli farið. Enda þótt segja megi með réttu, að Vegasjóður hafi nú aflað sérskattanna, þá má einnig gera dæmið upp eins og hér hefur verið gert og taka tekjur ríkissjóðs af bifreiðunum umfram meðaltollprósentu. Ástæðan til þess, að þetta mál er ekki til meðferðar hér á fjárlagafrv., er ekki sú, að því hafi verið gleymt eða neinu af því, sem áður hefur verið sagt í þessu sambandi, heldur sú, að enn þá hefur ekki verið gert upp, hvort tekjuáætlun ríkissjóðs leyfir það, að gerbreyting geri það að verkum, að hægt verði að sinna fjárframlögum til vegasjóðsins með beinni fjárveitingu, eða hvort það verður gert með ríkislánum, sem Vegasjóður nyti, en ríkissjóður annaðist að öllu leyti. Ég get ekki á þessu stigi málsins um það fullyrt, hver niðurstaðan kann að verða. En augljóst er, að málið verður tekið til meðferðar og fundin niðurstaða til að auka tekjur Vegasjóðs áður en frá vegáætlun verður gengið hér á hv. Alþ. Hins vegar er þess fastlega vænzt, að hv. stjórnarandstæðingar verði okkur hollráðir í þessu máli, eins og við vorum þeim áður fyrr og leiddum þá þá til betri vegar með ráðum og dáð.

Ég gerði mér grein fyrir því, að það mundi koma fram í umr. um þetta fjárlagafrv., að lítillar sparnaðarviðleitni gætti af hálfu hinnar nýju ríkisstj. Enda þótt sá tími, sem ríkisstj. hafði til undirbúnings þessa fjárlagafrv., væri innan við 2 mánuðir, frá því að hún kom til starfa og þangað til það var tilbúið til prentunar, þá vissi ég vel, að þessu yrði hampað. Ég vil hins vegar benda á, að í umr. mínum um þetta atriði sem stjórnarandstæðingur hef ég alltaf haldið því fram, að það væri ekki hægt að gera neinar verulegar tillögur í sparnaðarátt í ríkisrekstrinum nema með nákvæmri athugun og í flestum tilfellum lagabreytingu, því að megnið af þeim útgjöldum, sem máli skipta og kostnaði valda í ríkiskassanum, eru bundin í lögum. Ég vil líka benda á það, að þegar hagsýslustofnunin og ríkisstj. fóru að vinna að undirbúningi fjárlagafrv., þá kom það á daginn, að í tillögum rn., sem voru tilbúnar, þegar ríkisstjórnaskiptin urðu, var gert ráð fyrir samanlögðum hækkunum, sem námu á annan milljarð fram yfir það, sem tekið var til greina. Með mikilli vinnu og góðu samstarfi hagsýslustofnunar, rn. og ríkisstj. tókst það. Mér er hins vegar ljóst, að æskilegt hefði verið að sinna fleiri verkefnum með fjárveitingum en gert er. Þessar aðgerðir sýna, að verulega var að því unnið að forðast útþenslu í ríkiskerfinu og það hefur tekizt. Mér er einnig ljóst, að til þess að ná þarna verulegum árangri verður að leggja fram mikla vinnu og gera ýmsar skipulagsbreytingar, sem líka þýða lagabreytingar. Þessi vinna verður lögð fram og er þegar hafin. Í sambandi við þau atriði, sem nú er verið að taka til endurskoðunar, vil ég nefna lög nr. 48 frá 1958, svo kallaða bremsunefnd, sem hlaut það nafn vegna þess valds, sem henni var gefið með lagasetningunni. Í raun og veru má segja, að þessi lagasetning hafi verið upphaf að þeirri hagsýslu, sem nú er einn hluti fjmrn. Vald þessarar nefndar var m. a. það, að ekki mátti fjölga starfsliði í ríkisstofnunum nema með leyfi hennar. Þetta verkefni er í raun og veru það eina, sem eftir er nú hjá nefndinni, annað er komið til hagsýslunnar. Nú hefur verið ákveðið að taka þessi lög til endurskoðunar. M. a. hefur það sýnt sig, að þrátt fyrir ákvæði laga um, að ekki megi fjölga í ríkisrekstrinum án samþykkis hennar, og þó að nefndin hafi yfirleitt verið talin íhaldssöm, þá er reyndin sú, að hjá mörgum stofnunum í ríkisrekstrinum er orðið fullt af lausráðnu fólki, sem sumt hefur starfað árum saman. Þannig hefur verið komizt fram hjá þessu ákvæði laganna um, að nefndin samþykkti starf til þess að hægt væri að ráða mann í það. Þessi fjölgun starfsfólks veldur að sjálfsögðu verulegum útgjaldaauka hjá ríkissjóði. Ljóst er, að með þessum hætti hefur verið farið fram hjá því eftirliti, sem átti að vera með þessu lagaákvæði um þessa nefnd. Annað er það, að þetta fólk, sem þannig starfar, nýtur takmarkaðra réttinda og staða þess í starfi hjá ríkinu er þess vegna með öðrum hætti heldur en annarra starfsmanna þar. Brýna nauðsyn ber því til nú að endurskoða þessa löggjöf, fella hana að hagsýslustofnuninni, sem nú er fyrir hendi, og þeim breyttu viðhorfum, sem skapazt hafa. Um leið yrði þá að byggja á þeirri reynslu, sem fengizt hefur, bæði af þessari lagasetningu og hagsýslunni sjálfri. Það verður að tryggja það með endurbættri löggjöf og starfi hagsýslunnar, að inn í ríkiskerfið geti ekki bætzt fólk til starfa, sem í raun og veru hefur aldrei verið samþykkt, að þangað kæmi, nema um stundar sakir.

Á sínum tíma tók ég þátt í vinnu undirnefndar fjvn. á vegum fyrrv. ríkisstj., og ég var stuðningsmaður þess að taka þau vinnubrögð upp. Ég er sannfærður um, að það var rétt ákveðið, og hugsa mér að efla þau og gera þátttöku undirnefndar fjvn. virkari en verið hefur til þessa. Geri ég þó ekki lítið úr þeim verkum, sem þegar hafa verið unnin, og ég mun leita eftir því að fá þingsköpum breytt þannig, að starfsemi undirnefndar fjvn. verði fest í lög um þingsköp, enda ber nauðsyn til þess, m. a. vegna ákvæða ýmissa laga, svo sem hafnalaga, þar sem samþykki fjvn. þarf, til að eðlilegar afgreiðslur geti fengizt.

Unnið er áfram að því, að greiðslur ríkisins vegna bílanotkunar starfsmanna verði við það eitt miðaðar, að þar sé um að ræða greiðslur vegna notkunarinnar en ekki sem tekjuviðbót. Þetta þýðir það, að eftir að ríkið hefur komið þessum málum þannig fyrir verður einnig að taka tillit til þess hjá öðrum fyrirtækjum, ef slíkar greiðslur hjá þeim eru orðnar tekjuviðbót eða hlunnindi, þá verður að meta það, t. d. í skatti. Þá hefur verið ákveðið, að nefndin taki til endurskoðunar aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs og samræmi það við launakjör þeirra. Þegar til kom að framkvæma kjarasamninginn frá 19. des. gagnvart þeim, kom það í ljós, sem að vísu var kunnugt áður, að margir af þeim höfðu það miklar aukatekjur, að dregið var að láta kjarasamning koma til framkvæmda. Þetta hefur svo verið gert með því, að kjarasamningur hefur ekki komið til framkvæmda hjá þeim, sem mestar höfðu aukatekjurnar. Hjá þeim, sem næstir voru að aukatekjum, hefur hann komið til framkvæmda með skertum greiðslum, en hjá þeim, sem engar aukatekjur höfðu, hefur hann hins vegar komið til fullra framkvæmda.

Það er ljóst, að ekki er hægt að halda þannig á þessu máli og þess vegna er endurskoðun hafin á lagaákvæðunum og reglum, er lúta að aukatekjum þessara

embættismanna, sem ekki falla eðlilega að því launakerfi, sem nú hefur verið sett upp. Eftir stjórnarskiptin varð það í umr. milli mín og ríkisendurskoðenda að samkomulagi, að gerð yrði allsherjar endurskoðun hjá öllum innheimtumönnum ríkisins um landið allt. Þetta hefur ríkisendurskoðunin gert, og hefur nú að mestu lokið því verki. Mjög hefur verið brýnt fyrir innheimtumönnum að herða nú á innheimtu, enda óeðlilegt í slíku árferði, sem nú er, ef innheimtan verður ekki betri en verið hefur. Jafnhliða þessu hefur svo verið lagt fyrir, að starfsmenn megi ekki skulda við stofnanir, sem þeir starfa við, þar með taldir skattar, og verði þeirri ákvörðun fylgt mjög fast eftir. Þá hefur einnig verið tekin ákvörðun um það, að framkvæmdir á vegum ríkisstofnana og embætta verði ekki undir umsjón forstöðumanna viðkomandi stofnana, þegar um verulegar endurbætur eða nýbyggingu er að ræða, heldur mun slík framkvæmd verða fyrst og fremst á vegum hinnar nýju deildar Innkaupastofnunarinnar, byggingardeildarinnar, og hagsýslu ríkisins. Eins og kunnugt er, ákváðu yfirskoðunarmenn ríkisreiknings með atkv. við ríkisreikning fyrir árið 1968 að gera kröfu til þess, að á árinu 1969 fylgdi skrá yfir nefndir, sem störfuðu á vegum ríkisins það ár, og kostnað við starf þeirra. Með ríkisreikningnum, sem nú hefur nýlega verið útbýtt hér á hv. Alþ. fyrir árið 1969, fylgir þessi skrá yfir nefndir og kostnað við þær. Ég vil taka það fram, að með ríkisreikningi fyrir árið 1970, þegar hann verður lagður fram endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum, mun skrá yfir nefndir verða látin fylgja og framvegis mun hún fylgja ríkisreikningi. Ég tel, að hér sé um mjög góða lausn á þessu vandamáli að ræða. Með þessu móti verður það tryggt, að nefndir verða ekki taldar að störfum lengur en þær raunverulega starfa að þeim verkefnum, sem þeim hafa verið falin.

Á þeim tíma, sem núv. ríkisstj. hefur starfað, hefur hún að sjálfsögðu skipað nefndir til að vinna að einstökum verkefnum, en þegar dæmið er gert upp í heild, mun nefndum ekki hafa fjölgað, því að jafnhliða hafa aðrar verið lagðar niður. Ríkisstj. hefur samþ. reglur um kostnað við utanfarir ráðh., en áður hafa slíkar reglur ekki verið í gildi fyrir ríkisstj. í heild, þó að einstakir ráðh. hafi e. t. v. farið að ákveðnum reglum þar um. Einnig hefur ríkisstj. samþykkt að fella niður þau hlunnindi ráðh., sem þeir höfðu, um innkaup á áfengi og tóbaki til einkanota. Ákveðið er að sameina verkstæði og vélaeign ríkisins, en tillögur þar að lútandi voru gerðar af nefnd, sem fyrrv. fjmrh. hafði skipað. Mun áhaldahús og viðgerðaverkstæði Vegagerðar ríkisins verða kjarni í þeirri sameiningu. Ákveðið hefur verið, að hagsýslan og undirnefnd fjvn. vinni áfram að athugun á rekstri mötuneyta ríkisstofnana, en þessu máli verður að ljúka sem fyrst. Framkvæmd á rekstri þeirra hefur verið mjög breytileg hjá hinum einstöku stofnunum og kostnaður einnig verið breytilegur. Ákveðið er, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafi samstarf við hin einstöku rn. og ríkisstofnanir um endurskoðun og endurskipulagningu í ríkisrekstrinum yfirleitt.

Mér er það ljóst, að hér er um mikið starf að ræða, en það er líka starf, sem nauðsyn ber til, að verði af hendi leyst. Eitt af því, sem ég hef haldið fram í sambandi við ríkisreksturinn, er það, að til þess að hægt verði að koma fyrir nýjum verkefnum, sem alltaf verða að komast að, án þess að gera ríkiskerfið allt of fyrirferðarmikið, verði að breyta skipulagi, leggja niður eða sameina eitthvað af stofnunum, sem fyrir eru. Meðal þeirra verkefna, sem nú er unnið að, er slík athugun á sameiningu stofnana og hagræðingu á verkefnum, sem heyra undir landbrn. og mun verða haldið áfram á þeirri braut hjá fleiri rn. og yfirleitt í ríkisrekstrinum. Ég ætla mér ekki að fara að þylja hér langan lestur með sparnaðarfyrirheit, en ég vil endurtaka það, að sú skoðun mín er óbreytt frá því, sem áður hefur verið, að nauðsyn ber til að taka ríkiskerfið til gagngerrar endurskoðunar. Og það er vonlaust að ná nokkrum árangri í því, sem sparnaður heitir, nema með slíkum vinnubrögðum. Þess háttar vinnubrögð verða viðhöfð, og mun forustan verða hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, en jafnhliða verður þetta gert í fullu samstarfi við Alþ. í gegnum undirnefnd fjvn., eins og ég hef áður greint frá. Ég er sannfærður um það, að með því að rn. og ríkisstofnanirnar taka þátt í þessu starfi, þá tekst að gera skipulag ríkisrekstrarins betra en nú er og að því mun verða unnið.

Herra forseti. Mál mitt er nú orðið það langt, að þörf er á, að því fari að ljúka, enda líður nú að því. Eitt af því, sem verið hefur til umr. í hópi stjórnarandstæðinga í sumar, er, að ríkisstj. hafi við valdatöku sína boðið til veizlu. Þá er átt við ákvarðanir hennar um að hækka laun til aldraðra og öryrkja um 1000 kr. á mánuði og það að virða kjarasamninga og lækka söluskatt á mestu nauðþurftum. Rétt mun það, að hér munu þeir aðilar eiga hlut að máli, sem ekki eiga venjulega kost á veizlu af hendi stjórnvalda. Hitt mun einnig, að ekki mun hafa verið mikið um veizluhöld að ræða hjá þeim, sem njóta nú 6000 kr. launa á mánuði í stað 5000. En það mun heldur aldrei ráða úrslitum um afkomu ríkissjóðs, þótt bætt verði kjör ellilaunþega, öryrkja, einstæðra foreldra og þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Það er hins vegar þeim, er betur eru settir, til lítillar sæmdar að telja slíka stjórnarathöfn eiga skylt við veizluglaum og óráðsíu. Ég endurtek, að þessi ákvörðun veldur litlu um í fjármálum ríkissjóðs og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það vandamál, sem mest áhrif hefur á fjárlagagerðina og kemur í veg fyrir, að hægt sé að nota meira af tekjum ríkissjóðs til nauðsynlegrar og æskilegrar uppbyggingar vegna framtíðarinnar, er verðbólgan, sem hér hefur ráðið ríkjum um langt árabil og er enn þá ógnvaldur. Hún hirðir kúfinn af ríkistekjunum í gegnum niðurgreiðslur, mikinn rekstrarkostnað og launagreiðslur, þó að enginn telji sig þar ofhaldinn. Þetta gerist, þrátt fyrir það þó að tekjuáætlun sé nú miðuð við það, að góðæri haldist. Þessi staðreynd er hrollvekja, sem ríkisstj. tók í arf frá fyrirrennurum sínum.

Það er skoðun núv. ríkisstj., að til þess að ná árangri í að hafa hemil á verðbólgunni og því takmarki, sem ríkisstj. hefur sett sér, að hér verði ekki meiri verðbólga en gerist með þeim þjóðum, sem við eigum viðskipti við og eru okkar nágrannar, þarf að ná samstarfi við fólkið í landinu, launþegana og framleiðendurna um þessa ákvörðun. Meðal þess, sem þarf til þess að því verði náð, er, að vinnufriður haldist í landinu. En ef vinnufriður á að haldast, verður að ríkja skilningur, ekki sízt á

kjörum þeirra, sem verst eru settir. Það verður að vera full atvinna, því að ef atvinnuleysi heldur innreið sína hér á ný, þá er voði fyrir dyrum. Ríkisvaldið verður að leggja sig fram um það, að þátttaka þess í félagslegu átaki og uppbyggingu sé svo sem geta þjóðarinnar frekast leyfir. Það verður að vera skilningur á þörfum æskunnar, bæði til mennta og leikja og alls konar íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Það verður að vera skilningur stjórnvalda á því, að tekjur ríkissjóðs á ekki að sækja til þeirra, sem minnstu hafa úr að spila. Það verður líka að vera skilningur á því, að til þess að ná þessu marki er ekki hægt að sleppa verðbólgunni lausri, heldur verður að gefa rólega eftir á tauginni og þoka sér þannig inn á annað svið, sem betur hentar til þess að treysta efnahagsmál þjóðarinnar. Það verður að taka upp skipulagða stjórn á fjárfestingu og forustu í atvinnumálum og styðja atvinnurekesturinn m. a. með betri lánakjörum en hann býr nú við. Til þess að ná þessu marki, verður að skapa trú á gjaldmiðli þjóðarinnar og að eiga peninga. En þjóðin trúir því ekki, að gjaldmiðill hennar sé einhvers virði, ef hún trúir því ekki, að sparisjóðsbókin sé einhvers virði, ef hún trúir því ekki, að sparsemi og hyggindi í fjármálum séu einhvers virði, þá getur hún ekki notið þess að bæta efnahag sinn og öðlast betri lífskjör eða skapa festu í efnahagskerfinu. Allt þetta þarf að vinna upp. Allar aðgerðir verða að miðast við þetta, því að þetta er undirstaðan undir festu og öryggi í efnahagsmálum okkar litlu þjóðar. Mér er ljóst, að það hefði verið ánægjulegt að geta varið meiri fjárhæð til ákveðinna verkefna, sem löngun er til að leysa og þörf er að leysa og ríkisstj. mun beita sér fyrir lausn á. Hins vegar ákvað ríkisstj. að fara með gætni við gerð þessa fjárlagafrv., svo sem gert er af hennar hendi, enda liggur ekki fyrir nú, hvaða möguleika endurskoðun á tekjustofnum ríkisins gefur ríkissjóði í tekjum né hvaða áhrif væntanlegir kjarasamningar kunna að hafa á þjóðarbúskap með tekjuþörf ríkissjóðs fyrir augum. Þess vegna er fjárlagafrv. byggt upp af hendi ríkisstj. með þeim hætti, að virtir eru samningar og lagasetning frá fyrri árum, verðbólgunni er haldið í skefjum, en að öðru leyti er fjárveitingunum varið til þess að ná árangri í framkvæmdum í þeim þáttum þjóðfélagsins, sem mesta nauðsyn ber til, og til að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. Það er von mín, að þau vinnubrögð, sem Alþ. mun hafa á fjárlagaafgreiðslunni, verði í þessum anda og þau verði til þess að treysta betur það höfuðatriði í efnahagsmálum okkar að skapa festu og trú á efnahagskerfi þjóðarinnar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er næsta sérkennileg aðstaða, sem við hæstv. fjmrh. erum í við þessa fjárlagaumr. Undanfarin 6 ár hefur það verið hlutskipti mitt að tala fyrir fjárlagafrv., en hann hefur öll þessi ár og raunar lengur verið höfuðtalsmaður stjórnarandstöðunnar. Það er því ekki ólíklegt, að hv. þm. og hlustendur geri í huga sínum nokkurn samanburð á okkur í þessum nýju hlutverkum og hversu okkur takist að haga málflutningi okkar í samræmi við fyrri kenningar.

Skoðanir mínar og míns flokks á mikilvægi hallalauss ríkisbúskapar og ábyrgrar fjármálastjórnar eru óbreyttar, þótt Sjálfstfl. sé í stjórnarandstöðu. Þetta fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar er raunar hvorki fugl né fiskur, því að þar er ekki að finna neina mótaða efnahagsmálastefnu og ótal fyrirvarar í grg. um veigamikil atriði, og ekki urðu menn fróðari af að hlusta á ræðu hæstv. fjmrh. hér í kvöld. Það er þó ljóst, að hæstv. fjmrh. hefur orðið að taka upp allt aðra starfshætti og málatilbúnað, eftir að hann settist í ráðherrastól, heldur en meðan hann í stjórnarandstöðu gat talað svo sem hann taldi vinsælast hverju sinni. En nú er ekki lengur hægt að verja aðgerðaleysi í alls konar umbótamálum með valdleysi. Nú er hætt við, að fólkið, sem treysti öllum umbótaloforðunum, krefjist efnda. Það var óheppilegt fyrir hæstv. fjmrh., en einkar góð lýsing á hans ástandi nú, þegar hann vitnaði í hinn orðsnjalla mann, Magnús Jónsson prófessor, að mikið liti veröldin öðru vísi út af tröppum Landsbankans en alþingishússins. Þetta hefur sannazt rækilega á hæstv. núv. fjmrh. Vandamálin líta allt öðruvísi út úr stóli fjmrh. en áróðursstóli Framsóknar á síðustu árum.

Vinstri stjórnin gamla hrökklaðist frá völdum vegna hreinnar óstjórnar og úrræðaleysis um lausn fjármála og efnahagsmála, svo sem forsrh. hennar hreinskilnislega játaði. Hún skildi við efnahagskerfið á hengiflugi, alla sjóði tóma og lánstraust erlendis þrotið. Þessi ósköp gerðust í miklu góðæri í landinu. Það féll í hlut samstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. að veita þjóðinni forustu samfellt þrjú kjörtímabil. Ekki aðeins tókst að leysa úr öngþveiti vinstri stjórnarinnar, heldur hefur þetta stjórnartímabil í heild verið mesta framfaraskeið í sögu þjóðarinnar og þjóðarauðurinn vaxið gífurlega, enda þótt miklir örðugleikar hafi dunið yfir fyrir örfáum árum, svo sem öllum er í fersku minni. Engin ríkisstj. hefur tekið við blómlegra þjóðarbúi en hin síðari og vonandi síðasta vinstri stjórn á Íslandi. Á örskömmum tíma hefur aftur skipazt svo veður í lofti, í senn vegna hagstæðra aflabragða og verðlags og þó eigi síður vegna markvissrar forustu fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum og fjármálum, að núv. ríkisstj. fékk í hendur 4000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð, meiri sparifjáraukningu en áður hefur þekkzt, myndarlegan stofn að verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem er grundvallarnauðsyn fyrir útgerðarmenn og sjómenn að eiga til þess að jafna hinar miklu verðsveiflur, sem ollu erfiðleikum áranna 1967–1969, nær 500 millj. kr. greiðsluafgang ríkissjóðs, sem jafnaði að fullu hinn eðlilega hallarekstur erfiðleikaáranna 1967–1969, og fyrirsjáanlega myndarlegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði á þessu ári, ef skynsamlega væri á málum haldið. Verðlag útflutningsvara er hærra en nokkru sinni. Iðnaðarframleiðslan hefur stóraukizt og þetta ár er eitt hið hagstæðasta fyrir landbúnaðinn. Til viðbótar hafði svo fyrrv. ríkisstj. komið á verðstöðvun með nauðsynlegri fjáröflun, sem gerði væntanlegri ríkisstj. auðið að fá nægilegt svigrúm til nauðsynlegra ráðstafana, til þess í senn að tryggja kaupmátt hinna miklu kjarabóta, sem launþegar fengu á s. l. ári, og gera viðeigandi ráðstafanir til efnahagslegs jafnvægis með því að stuðla að raunhæfum og skynsamlegum samningum launþega og vinnuveitenda nú í haust. Það er því sannarlega engin hrollvekja, sem fráfarandi ríkisstj. lét eftir sig, heldur blómlegt bú, sem gefur þjóðinni skilyrði til mikillar nýrrar framfara-

sóknar, ef skynsamlega er á málum haldið. Ljósust sönnun þess er sú yfirlýsta skýrsla Efnahagsstofnunarinnar um þróun efnahagsmála í ár og horfur á næsta ári, sem fylgir fjárlagafrv. En það eru hins vegar vissar blikur á lofti, sem geta orðið hrollvekjandi, ef vinstri stjórnin heldur áfram svo sem hún hefur stigið sín fyrstu spor. Hún þarf líka við að fást arf úr eigin búi, sem ekki er hugnanlegur. Í fyrsta lagi málflutning sinn undanfarin ár, í öðru lagi tillöguflutning á síðasta þingi, sem stjórnarandstöðuflokkarnir og þá fyrst og fremst Framsfl. lýstu yfir fyrir síðustu kosningar, að bæri að skoða sem kosningastefnuskrá, og í þriðja lagi stjórnarsáttmálann sjálfan, sem er einstæður að skrumi og sýndarmennsku og mun ekki áður hafa þekkzt við nokkra stjórnarmyndun hérlendis eða erlendis, en minnir fremur á óskalista sumra flokksþinga en ábyrga stefnu ríkisstj. Og hinir nýju valdamenn með loforðalistana vildu heldur ekki lengi láta sitja við orðin tóm. Nú var hrollvekjan, sem þeir prédikuðu fyrir fólki á síðasta vori, gleymd, og rósabjarmi kominn yfir allt, eftir að þeir sjálfir voru seztir í valdastóla. Þótt þeir hefðu í kosningabaráttunni talið það fásinnu hjá sjálfstæðismönnum að halda því fram, að auðvelt væri að halda áfram verðstöðvun til áramóta eða lengur án nýrrar fjáröflunar, þá framkvæmdi ríkisstj. eigi aðeins framlengingu verðstöðvunar, heldur ákvað, að ný almannatryggingalög skyldu nú þegar taka gildi, og með haustdögum voru niðurgreiðslur enn auknar, allt án nýrrar fjáröflunar, og hinn nýi fjmrh. samþykkti möglunarlaust að leggja fram úr ríkissjóði á þessu ári til viðbótar útgjöldum fjárlaga um 650 millj. kr. Vafalaust munu ríkistekjur fara mjög fram úr áætlun, en þó má telja víst, að þessi rausn fjmrh. muni leiða til töluverðs greiðsluhalla, einmitt þegar sízt skyldi á mestu velmegunartímum, þegar brýna nauðsyn ber til vegna efnahagsjafnvægis, að ríkisbúskapurinn sé hallalaus. Úthlutunin úr verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er mál út af fyrir sig og ákvörðunin um að eyða verðjöfnunarsjóði olíu, sem aðeins gat nægt til tæpra þriggja mánaða, nánast brosleg ráðstöfun.

Fjárlagafrv. hefur að vonum verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, því að vafalaust hafa stuðningsmenn vinstri stjórnarinnar, ekki sízt framsóknarmenn, sem ár eftir ár hafa hlustað á núv. hæstv. fjmrh. lýsa sukkinu og óstjórninni, búizt við mikilli stefnubreytingu, þegar tækifæri gafst til að láta að sér kveða. Og nú er hin stóra stund sparnaðar og ráðdeildar runnin upp, – og hvað blasir við?

Í nál. minni hl. fjvn. á síðasta þingi, sem núv. hæstv. fjmrh. var frsm. fyrir, segir svo orðrétt: „Þessi hækkun er stórfelldari en dæmi eru til í sögu íslenzkra fjárlaga, og það svo, að öll fyrri met á því sviði hverfa sem dögg fyrir sólu.“ Fjárlagafrv. fyrir árið 1971, sem fær þennan harða dóm, hækkaði á rekstrarreikningi frá fjárlögum ársins 1970 um 1 608 millj. kr. eða 24.9%, þegar frá eru taldir tekjustofnar, sem ráðstafað er með sérlögum. En hvað gerir hinn harði dómari sjálfur? Fjárlagafrv. fyrir árið 1972 hækkar ekki um 1 608 millj., heldur um 2 431 millj. eða 27.5%, og þó að hæstv. fjmrh. reyni að verja þessi ósköp með því, að réttara sé að miða við hin endanlegu fjárlög, þá breytir það engu um þennan samanburð, því að viðurkennt er í grg. fjárlagafrv., að þrátt fyrir hina geigvænlegu hækkun vanti enn miklar fjárhæðir, því að enn sé ekki farið að framkvæma neitt af stefnumálunum, sem geta kostað geysilegar fjárupphæðir.

Í fjárlagafrv. nú er aðeins 48 millj. kr. greiðsluafgangur, sem Alþ. er ætlað til ráðstöfunar, en var í fjárlagafrv. í fyrra 313 millj. Tekið er fram í frv., að ekki sé gert ráð fyrir neinum launahækkunum og umbótamálin eigi öll eftir að sjá dagsins ljós. Það er næsta kynlegt, hversu rík áherzla er á það lögð í grg. frv., að meginhluti útgjaldahækkunarinnar stafi af launahækkunum opinberra starfsmanna, sem ákveðnar hafi verið í tíð fyrrv. ríkisstj., og auknum framlögum til almannatrygginga, sem einnig hafi verið samkv. lögum, sem sett voru á síðasta þingi. Jafnframt er þó tekið fram, að hvort tveggja þetta hafi verið sjálfsagt. Hvað á þá að þýða að reyna að láta þessi útgjöld líta út sem sérstakan arf frá fyrrv. stjórn? Hitt hlýtur að vekja meiri athygli, að ekki er gert ráð fyrir neinum auknum bótum almannatrygginga í fjárlagafrv. Stórhækkun bóta almannatrygginga er þó eitt af helztu stefnumálum ríkisstj., og lýstu núv. ráðamenn því með mörgum orðum, hversu lítilfjörlegar þær bætur væru, sem fyrrv. ríkisstj. lét lögfesta á síðasta þingi, en nú virðist eiga að láta þar við sitja. Og gerir ríkisstj. ráð fyrir því jafnframt því, sem hún lofar opinberum starfsmönnum verkfallsrétti, að ekki þurfi að hækka laun þeirra, þótt talað sé um verulegar launahækkanir annarra stétta?

Í nál. um fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár komst núv. hæstv. fjmrh. svo að orði: „Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar, eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi. Yfir 1 100 millj. kr. er varið til niðurgreiðslna á vöruverði.“ En hvaða ráðstafanir eru nú gerðar til að lækka hinn geigvænlega sótthita? Niðurgreiðslur eru hækkaðar úr 1 100 millj. í 1 635 millj., og vantar þó til viðbótar rúmlega 100 millj., ef halda á áfram á næsta ári þeim niðurgreiðslum, sem ákveðnar hafa verið eftir 1. sept. En nú hlýtur þó að hafa verið myndarlega tekið til höndum við að draga úr eða a. m. k. að stöðva útþensluna í ríkisbákninu, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur ekki haft nógu sterk orð til að fordæma undanfarin ár. Hvað sýnir fjárlagafrv. og þegar unnin afrek ríkisstj. á því sviði? Þar er allt á eina bókina lært. Að vísu hefur ekki enn tekizt að skipa þær 40 nefndir og ráð, sem þessir flokkar lögðu til í þingmálum sínum á síðasta vetri, að skipaðar væru. En furðuötul hefur ríkisstj. verið í skipun nýrra nefnda, síðan hún tók við völdum. Og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 33 millj. kr. launum til nýrra embættismanna til viðbótar eðlilegri aukningu, svo sem kennara. Ekki örlar á hinni gömlu tillögu um fækkun sendiráða. Og framlög til margumræddrar löggæzlu á Keflavíkurflugvelli hækkar nokkru meira en nemur hækkun á stuðningi við námsmenn, sem sækja skóla utan heimabyggðar, og ekkert bólar á hinni stórhuga hugmynd Sigurvins Einarssonar og Ingvars Gíslasonar, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, um 100 millj. kr. til námskostnaðarsjóðs. Lánasjóður ísl. námsmanna, sem í stjórnarandstöðu var sérstakt óskabarn núv. stjórnarherra, er svo gersamlega látinn sitja á hakanum, að 80–90 millj. kr. fjárveitingu vantar til að fullnægja ákvörðunum fyrrv. ríkisstj. um eflingu þess sjóðs eða nær

tvöfaldan allan greiðsluafgang frv. Hæstv. fjmrh. sagði að vísu, að mál lánasjóðsins þyrfti að athuga í Alþ. Þau hafa áreiðanlega skipt mörgum tugum atriðin, sem hann reyndi að afsaka, að ekki væru í fjárlagafrv., með því að þau ættu að lagfærast í Alþ. En hvar er peninga að fá til þeirrar lagfæringar? Á fjvn. að finna það út?

Þenslan í stjórnarráðinu hefur lengi verið vinsælt bitbein núv. ráðamanna. En nú kastar fyrst tólfunum um aukningu á kostnaði við stjórnarráðið. Hækkunin nemur 62 millj. kr. Talsmenn núv. stjórnarflokka töluðu oft síðustu árin um þreytta menn í fyrrv. stjórn, en sjálfir komast þeir ekki yfir störf sín þegar á fyrsta ári nema ráða aðstoðarráðherra.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hagsýslustofnunin verði efld, því að ógerlegt sé að koma við sparnaði nema með skipulögðum aðferðum. Mér er þessi yfirlýsing ánægjuefni, því að ég átti frumkvæðið að stofnun þessarar stjórnardeildar, einmitt með þeim rökum, að án slíkrar stofnunar fjmrn. verður ekki komið við kerfisbundnu aðhaldi og sparnaði. Mér þykir einnig vænt um að heyra, að hæstv. ráðh. ætlar að halda áfram því samstarfi fulltrúa allra flokka um athugun sparnaðarúrræða, sem hafið var með góðum árangri fyrir þremur árum. Ekki er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir neinum lækkunum fjárveitinga til ferðalaga eða risnu, sem oft hefur verið vinsælt bitbein, heldur er stefnt í hækkunarátt, enda hefur ríkisstj. bæði verið veizluglöð og óspör á ferðalög. Hæstv. núv. fjmrh. hefur oftlega haldið því fram, að afnám söluskatts af ýmsum nauðsynjum væri þjóðráð í baráttunni gegn verðbólgunni. Auðvitað hefur lækkun vöruverðs áhrif í þessa átt. En hvað varðar þessar vörur, sem flestar eru niðurgreiddar um miklu meira en söluskattinum nemur, þá skiptir sú niðurfelling engu máli og er sýndarmennska. Dæmigert fyrir þessa sýndarmennsku er sú ákvörðun ríkisstj. á s. l. sumri að fella niður söluskatt af smjöri, en lækka um leið niðurgreiðsluna þannig, að smjörkílóið var jafndýrt eftir sem áður. Á s. l. þingi fluttu framsóknarmenn tillögu um að fella niður á næsta ári alla tolla af vélum til atvinnuveganna og stórlækka tolla af ýmsum heimilisvélum. Nú er tækifæri til framkvæmda, en ekki gerir fjárlagafrv. ráð fyrir þessu tekjutapi. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var lagður grundvöllur að kerfisbundnum aðgerðum til byggðaþróunar með stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs og byggðaáætlunum. Þessar ráðstafanir hafa framsóknarmenn talið allsendis ónógar og fluttu á síðasta þingi undir forustu Gísla Guðmundssonar frv. um byggðajafnvægisstofnun, sem skyldi fá hvorki meira né minna en 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs til ráðstöfunar og í fyrsta sinn 1972. Nú eru ráðin í þeirra höndum til þessara stórátaka. Efndirnar eru þær, að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir minni tekjum Atvinnujöfnunarsjóðs en á þessu ári, og framlag til uppbóta á línufisk er fellt niður. Stórfenglegust hefur þó verið sú kenning, sem einmitt ekki hvað sízt hæstv. fjmrh. hefur haldið fram ár eftir ár, að ríkissjóði bæri skylda til að afhenda allar tekjur sínar af umferðinni til Vegasjóðs. Hér mun vera um 6—700 millj. kr. að ræða. Hvar er þessa tillögu að finna í fjárlagafrv.? Það þýðir ekki að reyna að tala sig með fallegum orðum frá þessari staðreynd, eins og hæstv. fjmrh. reyndi hér í kvöld. Það verða engir vegir lagðir með orðum einum.

Þá hefur það verið eftirlætisviðfangsefni hæstv. fjmrh. í stjórnarandstöðu, að heildarhækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda verði hlutfallslega til jafns við hækkun fjárlaga hverju sinni. Að vísu hafa þessi framlög í ýmsum greinum margfaldazt að raungildi síðasta áratug, þótt krafan um hlutfallslega hækkun sé auðvitað fráleit af rökum, sem ég hef oft vikið að. En hvernig efnir hann sjálfur þessa einbeittu kröfu sína í fyrsta fjárlagafrv. sínu, þegar ríkistekjur hækka meira á einu ári en nokkru sinni fyrr? Hafnargerðir eru meðal mikilvægustu framkvæmda fyrir fjölda byggðarlaga, og framlög til almennra hafna hækkuðu í ár um 21 millj. kr. En í fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir einnar krónu hækkun. Eftir engum framlögum ríkisins hefur verið jafnmikið sótt á Alþ. undanfarin ár og byggingarframlögum til barna- og gagnfræðaskóla. Þessi framlög hækkuðu í ár um 82 millj. kr., en aðeins um 7.3 millj. í fjárlagafrv. Þá hlýtur það að vekja sérstaka athygli, þegar miðað er við öll stóru orðin um áhuga á eflingu iðnaðarins, að framlög til byggingar iðnskóla hækka ekki um eina krónu, og ekki er heldur um að ræða neina hækkun á hinum ýmsu framlögum til eflingar á iðnþróun. Nú sýnist það eitt helzta úrræðið til að bæta heilbrigðisþjónustu víða um land að koma upp læknamiðstöðvum, og víða eru sjúkrahús í smíðum. Ríkisframlög í þessu skyni voru hækkuð í ár um rúmar 25 millj. kr., en í fjárlagafrv. er ráðgerð 5 millj. kr. hækkun. Hvernig skyldi fjvn. ganga að skipta þessu fé? Byggingarframlög til ríkissjúkrahúsa hækka að vísu um 34 millj., en um leið er með hækkun daggjalda felldur niður 24 millj. kr. rekstrarstyrkur, svo að raunveruleg hækkun til ríkissjúkrahúsanna er aðeins 10 millj. Í grg. frv. er þess getið með töluverðu stolti, að a. m. k. sé þó vel búið að flugmálunum með 19 millj. kr. hækkun framkvæmdafjár. Hér ber þess að gæta, að til flugöryggismála var varið 18 millj. kr. í framkvæmdaáætlun í ár, svo að hækkunin er ekki nema 1 millj. En hvað er að segja um stærsta og kostnaðarsamasta viðfangsefnið í flugvallamálunum, stækkun flugbrauta á Keflavíkurflugvelli, sem er forsenda þeirra miklu og vaxandi tekna, sem ráðgerðar eru á þeim flugvelli? Þar gagnar engin ein millj., heldur þúsund millj. Fyrrv. ríkisstj. hafði hafið samninga við Bandaríkjastjórn um að leggja fram allt að 1 400 millj. kr. til þessara mikilvægu framkvæmda. Hvað líður þeim samningum nú? Í stjórnarsáttmálanum er ákveðið að ljúka rafvæðingu sveitanna á þremur árum. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir nægilegu fé í þessu skyni, svo að væntanlega á þá að afla lánsfjár í framkvæmdaáætlun. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, en þó markar þessi ákvörðun engin tímamót, því að fyrrv. stjórn hafði þegar ákveðið að ljúka rafvæðingunni á fjórum árum, og ótrúlegt þykir mér í reynd, að það gerist á skemmri tíma.

Framsóknarmenn hafa í stjórnarandstöðu talið sig bera veðdeild Búnaðarbankans mjög fyrir brjósti og oft lagt fram tillögur um stóreflingu hennar. Nú bregður svo kynlega við, að fellt er niður 2.5 millj. kr. ríkisframlag til veðdeildarinnar, sem er í fjárlögum þessa árs og er bráðnauðsynlegt til að jafna rekstrarhalla deildarinnar, og úr því verður ekki bætt með lánsfé. Þá er og fellt niður jafnhátt framlag vegna sérstaks stuðnings við

bændur vegna súgþurrkunar. Ég veit ekki, hvort þetta er í samræmi við þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að hann hyggist byrja skipulegar sparnaðaraðgerðir við landbrn. Þá er ekki ósennilegt, að útflutningsuppbætur séu verulega vanáætlaðar, jafnvel um 100–150 millj. kr. Sem betur fer er ekki að finna í fjárlagafrv. þá tillögu hæstv. forsrh. frá síðasta þingi, að ríkissjóður leggi fram 150 millj. kr. óafturkræft framlag til ríkisútgerðar togara.

Vitanlega eru í frv. nokkrar hækkanir til verklegra framkvæmda, enda væri furðulegt, ef svo væri ekki, miðað við 3 milljarða tekjuhækkun ríkissjóðs. En flest er það af skornum skammti og í engu samræmi við fyrri kenningar núv. stjórnarflokka. Engin drög að framkvæmdaáætlun fylgja nú fjárlagafrv., svo sem verið hefur síðustu árin, og er því ógerlegt að fá nokkra heildarmynd af framkvæmdaáformum hæstv. ríkisstj. Ef ganga má út frá því, að hæstv. fjmrh. hafi ekki fallið frá öllum fyrri kenningum sínum, má þó gera ráð fyrir, að ekki verði um neinar teljandi lántökur að ræða til almennra ríkisframkvæmda, svo mjög hefur hann fordæmt það á fyrri árum, að fjármagnaðar skuli hafa verið með lánum ýmsar ríkisframkvæmdir, því þá væri aðeins verið að binda bagga á herðar framtíðarinnar.

Um stefnuna í skattamálum er enn ekkert vitað fremur en önnur atriði stjórnarsáttmálans, en í fjárlagafrv. er boðað, að allt bíði síns tíma. Endurskoðun skattalaga hefur nú staðið í tvö ár, og á síðasta þingi voru samþ. veigamiklar breytingar á skattalögum, einkum varðandi skatta fyrirtækja vegna aðildarinnar að EFTA, en einnig ýmsar umbætur á sköttum einstaklinga. Taka þau lög að öllu óbreyttu gildi um næstu áramót. Heildarendurskoðun allra helztu þátta skattamála hófst fyrir ári síðan og var í höndum nefndar hinna færustu sérfræðinga á sviði skattamála, enda er hér um stórflókin mál að ræða og margflækt. Á s. l. vori ákvað ég í samráði við starfsbræður mína í ríkisstj. að breikka grundvöll þessarar nefndar, með því að óska aðildar Sambands ísl. sveitarfélaga, samtaka vinnuveitenda, launþega og bænda í nefndina til þess að tryggja það, að öll sjónarmið kæmu þar fram. Er að mínu mati skattkerfið allt, bæði skattar ríkis og sveitarfélaga, verkaskipting þessara aðila og tegundir skatta, svo samtvinnað, að heppilegast er, að heildarathugun málsins sé í einni hendi, en síðan starfað í undirnefndum. Núv. ríkisstj. vildi hafa allt annan hátt á, kærði sig ekkert um það samstarf sérfræðinga ríkisins og heildarsamtaka, sem fyrir hafði verið, en skipti verkefninu á milli fleiri nefnda með pólitískari blæ. Við skulum vona, að verkið sækist vel engu að síður, en ekki er ég viss um, að breyting þessi hafi verið til bóta. Enda þótt sérfræðingar eigi ekki að ráða of miklu, þá tel ég þó farsælla að byggja á sérmenntun þeirra heldur en láta brjóstvitið eitt ráða, sem sýndist í upphafi hafa verið metnaðarmál ríkisstj., þótt hún síðar hafi lært nokkuð af reynslunni. Undanfarin tvö ár hefur það verið stöðugt árásarefni á mig, að ég hafi hlunnfarið skattgreiðendur með því að ákveða skattvísitölu allt of lága, einkum á árunum 1969 og 1970, og þannig raunverulega stórhækkað tekjuskatt og útsvör. Ég hef aldrei reynt að leyna því, að skattvísitalan hefði átt að vera hærri þessi ár, þótt ég hafi talið málflutning gagnrýnendanna rangan. En ég hef bent á þá staðreynd, að á erfiðleikaárunum var gripið til þessa ráðs, því ella hefði orðið að afla ríki og sveitarfélögum tekna með öðrum hætti, og raunar hefðu flest sveitarfélög, sem fá meginhluta tekna sinna af útsvörum, komizt í algert greiðsluþrot, ef skattvísitalan hefði verið hækkuð í samræmi við framfærsluvísitölu, svo sem var krafa gagnrýnendanna. Ég taldi hins vegar sjálfsagt að reyna að jafna metin, þegar betur áraði, og á yfirstandandi ári var skattvísitalan ákveðin 29 stigum hærri en árið áður, eða mun hærri en nam aukningu framfærslukostnaðar á skattárinu. Höfuðgagnrýnendur á þessar ákvarðanir mínar voru einmitt hæstv. núv. fjmrh. og hv. núv. formaður þingflokks Framsfl. Maður skyldi því ætla, að myndarlega væri bætt fyrir ofsókn mína á skattgreiðendur á liðnum árum, þegar ríkisstj. hefur úr meira fé að spila en nokkur önnur ríkisstj. En hver er reyndin? Skattvísitalan er aðeins hækkuð um 6.5 stig eða nákvæmlega sem svarar framfærslukostnaðaraukningu síðastliðins árs, sem að hluta til var verðstöðvunarár. Þrátt fyrir allt peningaflóðið í peningakassann hefur fjmrh. ekki séð neina ástæðu til að bæta fyrir skattrán mitt, en gerir í frv. ráð fyrir 574 millj. kr. hækkun á tekjusköttum til ríkissjóðs. Nú má engan pening missa.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt áherzlu á það, að nú eigi að gera ný átök í skattrannsóknum og verði ráðinn hópur nýrra starfsmanna að skattrannsóknadeildinni. Gott og blessað er að heyra þetta, enda hef ég lagt ríka áherzlu á nauðsyn réttra framtala og upprætingu skattsvika í öllum þeim sex fjárlagaræðum, sem ég hef flutt undanfarin ár. Á það er þó rétt að benda, að það voru ekki framsóknarmenn, sem áttu frumkvæðið að kerfisbundnum skattrannsóknum, heldur var skattrannsóknadeildin fyrst sett á laggirnar í fjármálaráðherratíð Gunnars Thoroddsen og hún síðan efld frá ári til árs, eftir því sem ástæða hefur þótt til og forstöðumenn hennar hafa óskað eftir. Árangur slíkra rannsókna fer ekki eingöngu eftir fjölda starfsmanna, heldur eftir skipulegu starfi, sem þróast smám saman, og eftir nægilega sérhæfðu starfsliði. Til þess að tryggja rétt framtöl fyrirtækja þarf t. d. að vera nægilega fullkomið bókhald og því voru ný bókhaldslög sett fyrir fáum árum. Höfuðatriði þessa mikla máls er líka það að reyna að tryggja rétt framtöl, en ekki að refsa fyrir skattsvik. Og á það legg ég að lokum áherzlu, að frá því að rannsóknadeildin tók til starfa hefur aldrei verið synjað um mannaráðningar til hennar.

Í grg. fjárlagafrv. og ræðu hæstv. fjmrh. er lögð sérstök áherzla á, að útgjaldaaukning þessa fjárlagafrv. sé einkum arfur frá fyrri tíð. Auðvitað eru fjárlög hverju sinni spegilmynd ríkjandi efnahagsþróunar og löggjafar Alþ., en hvaða veigamikil útgjaldaaukning skyldi það vera, sem núv. stjórnarflokkar og núv. hæstv. fjmrh. hafa verið andvígir, og muna menn eftir því, að núv. valdhafar hafi verið sérstakir baráttumenn gegn kauphækkunum undanfarin ár, og sé svo, því þá ekki að reyna að fikra sig aftur niður brattann, og séu útgjöldin slæmur arfur, hvað segir þá hæstv. fjmrh. um hinn hluta arfsins, 3 milljarða kr. tekjuauka án nýrra skatta? Nei, sannleikurinn er sá, að bæði á sviði ríkisfjármála og varðandi ástand þjóðarbúskaparins í heild er betur búið í haginn fyrir þessa ríkisstj. en nokkra aðra. Sé

einhverja hrollvekju við að fást, þá er hún því heimatilbúið vandamál vegna ráðleysis ríkisstj., – ef ekki gerast einhver sérstök óhöpp varðandi útflutningsframleiðsluna.

Ég hef hér dregið upp nokkra mynd af mismuninum á orðum og verkum eftirmanns míns í embætti fjmrh. og fylgdarliðs hans. Það er spegilmynd af já, já, nei, nei-stefnu Framsfl., já í stjórnarandstöðu, nei í ríkisstj.

Ég er ekki að ásaka hæstv. fjmrh. fyrir að skoða málið raunsætt og segja nú nei við mörgu því, sem áður var flaggað með í von um vinsældir og fylgisaukningu, sem kannske hefur nægt til þess að ná í ráðherrastólana, heldur hef ég samúð með honum í þeirri baráttu, sem hann á fram undan við margs konar vofur, sem á hann hljóta að sækja í mynd fyrri orða og tillagna. Enn hefur ríkisstj. í meginefnum ekki gert annað í efnahagsmálum en að fylgja stefnu fyrrv. ríkisstj., sem fyrir síðustu kosningar var talin fjarstæða og kosningablekking. Verðstöðvunin hefur verið framlengd með sams konar tekjuöflun, og það er ekki aðeins til áramóta, heldur að verulegu leyti næsta ár. Og á það er lögð hin ríkasta áherzla, að allt velti á kjarasamningunum í haust, nákvæmlega eins og við sjálfstæðismenn sögðum fyrir kosningarnar. Munurinn á vinnubrögðunum er aðeins sá, að við treystum á skilning launþega og vinnuveitenda í frjálsum samningum, á mikilvægi þess ekki sízt fyrir launþega til tryggingar kjarabóta og atvinnuöryggis, að kjarasamningarnir yrðu miðaðir við raunverulega greiðslugetu atvinnuveganna, en ekki nýja verðþenslu. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar þann háttinn á að segja verkalýðsforingjum sínum, hvers þeir eiga að krefjast og þetta megi þeir fá og ekki meira. Vonandi tekst, vegna þjóðarhagsmuna, að ná skynsamlegum kjarasamningum. En furðulegt má teljast, ef það er leiðin til farsællar lausnar, að ríkisstj. segi verkalýðsforingjunum fyrir verkum. Þetta er að vísu rökstutt með því, að núv. ríkisstj. sé launþegunum svo vinveitt. Þessi kenning er fjarstæða. Fyrrv. ríkisstj., ekki sízt Bjarni heitinn Benediktsson forsrh., lagði ríka áherzlu á sem nánast samstarf við launþegasamtökin, einkum í því skyni að bæta kjör hinna lægst launuðu. Og enn sem komið er hefur vinsemd núv. ríkisstj. ekki birzt í öðru en því að láta taka gildi einum mánuði fyrr en ella tvö vísitölustig, taka áfengi og tóbak og almannatryggingagjöld aftur inn í vísitölu, sem er næsta hæpin ráðstöfun, en skiptir litlu máli, og greiða til sjómanna og útgerðarmanna nokkur hundruð milljónir úr sjóði, sem þeir áttu sjálfir. Boðskapurinn um lengri frítíma, þegar alls staðar vantar fólk til framleiðslustarfa, er næsta hæpinn og raunverulega engin kjarabót, svo sem kunnur verkalýðsleiðtogi úr stjórnarliðinu hefur bent á, nema ætlunin sé, að menn vinni þennan frítíma. Sjálfstfl. mun í stjórnarandstöðu hafa sömu afstöðu til efnahags- og ríkisfjármála og í ríkisstjórn. Hann telur brýna nauðsyn bera til að stuðla að jafnvægi í efnahagskerfinu og væri í því sambandi fróðlegt að vita, hvort stjórnin ætti á hættu bindingu sparifjár í Seðlabankanum, sem núv. ráðherrar hafa fordæmt harðlega, en mundi nú valda slíkri óðaverðbólgu, að við ekkert yrði ráðið, eyða gjaldeyrisvarasjóðnum á skömmum tíma og leiða til nýs haftakerfis, sem ríkisstj. hefur kannske ekki svo mikið á móti en sem við sjálfstæðismenn fordæmum.

Í grg. fjárlagafrv. er að finna þessa setningu: „Eins og lýst er í málefnasamningi ríkisstj. mun hún kosta kapps um fjárveitingar til verklegrar og félagslegrar uppbyggingar í landinu, þó að slíkt framkvæmdafé takmarkist að sjálfsögðu alltaf af fjárhagslegri getu ríkissjóðs og útliti um efnahagsmál og atvinnumál þjóðarinnar.“ Ef hv. þáv. stjórnarandstæðingar hefðu mótað fjármálakenningar sínar og tillöguflutning á síðustu árum eftir þessari ákvörðun, hefði það orðið á annan veg. En betra er að vita seint en aldrei. Svo mikil þensla er nú í efnahagskerfinu, að hallalaus ríkisbúskapur er óumflýjanleg nauðsyn. Því vona ég fastlega, að hæstv. fjmrh., sem ég treysti að vilji vinna verk sitt vel, láti ekki við afgreiðslu fjárlaga nú samstarfsmenn sína hrekja sig svo af réttri leið, sem hann því miður gerir á þessu ári, að reka ríkisbúskapinn með halla í mesta góðærinu. Það lofar hins vegar ekki góðu, þegar hæstv. ráðh. nefnir í ræðu sinni hér í kvöld ótal útgjaldaliði, sem þurfi að hækka í fjárlagafrv., án þess að ræða eitt orð um fjáröflun á móti. Það verður þó í lengstu lög að vona, að ábyrgðartilfinningin verði lýðskruminu yfirsterkari hjá hæstv. ríkisstj. við endanlega afgreiðslu fjárlaganna. – Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég tel víst, að hv. alþm. og kannske ekki síður almenningur í landinu telji það hyggilegt nýgræðingi á Alþ. að nota fyrstu vikur til þess eins að hlýða á mál hinna eldri og reyndari þm. og kynnast vinnubrögðum þessarar merku stofnunar. Þetta hafði ég líka hugsað mér, en margt fer öðruvísi en ætlað er. Þegar þess var óskað, að ég kæmi fram fyrir hönd SF í útvarpsumr. nú á fyrstu dögum þingsins, þá var vissulega úr vöndu að ráða hvað mig snerti. Mér var það ljóst, að mikil ábyrgð er lögð á herðar þm., sem er að stíga sín fyrstu spor hér í þinginu, að tefla honum fram sem málsvara síns flokks í útvarpsumr. um fjárlög ríkisins. En að vel athuguðu máli taldi ég þó rétt að verða við þessari beiðni. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég vildi ekki bregðast því trausti, sem mér var með þessu sýnt, og í öðru lagi og kannske ekki síður vegna þess, að með þessari ákvörðun sýna SF hinni yngri kynslóð fyllsta traust, traust, sem ég er viss um, að mikill fjöldi þess unga fólks, sem kom til liðs við SF í síðustu kosningum, metur mikils. Hitt er svo ykkar, góðir tilheyrendur, í þessu sem öðru að dæma um, hvernig til tekst.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 hefur verið lagt fram og er nú til umr. Við skulum áður en lengra er haldið átta okkur rétt sem snöggvast á því, hvernig slíkt frv. um tekjur og gjöld alls ríkiskerfisins verður til. Stofnanir, fyrirtæki og sjóðir í ríkiskerfinu senda tillögur sínar til fjárlaga til viðkomandi rn., sem fer yfir tillögurnar og sendir þær síðar til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, en hún framkvæmir athugun á tillögum allra rn. Að þeirri athugun lokinni fer hagsýslustjóri yfir tillögurnar með fjmrh. og formanni fjvn., en þeir gera síðan sínar tillögur til ríkisstj. Eftir að ríkisstj. hefur samþykkt endanlega gerð fjárlagafrv. eru allar breyt-

ingar, sem gerðar hafa verið á tillögum rn., kynntar ráðuneytisstjórum, en að því loknu er frv. prentað og lagt fyrir Alþ. sem frv. ríkisstj. Ljóst má vera, að sú margþætta undirbúningsvinna, sem hér hefur verið rakin, tekur langan tíma, enda mundi sízt hlýða, að svo þýðingarmikið mál, sem fjárlög ríkisins eru, fengju ekki vandaðan undirbúning. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum 14. júlí í sumar, var undirbúningsverk að gerð fjárlagafrv. þess, sem hér er til umr., langt komið. Því var þess ekki kostur að gera neinar stórvægilegar breytingar, og frv. er því að verulegu leyti svipað fjárlagafrv. fyrri ára.

Um tekjuhlið frv. er það að segja, að hún er byggð á áætlun Efnahagsstofnunar um það, hvað hver tekjustofn samkv. gildandi lögum muni gefa af sér á næsta ári. Fyrirhuguð stefnubreyting ríkisstj. um skattheimtu kemur því á engan hátt fram í frv., þar sem þess er enginn kostur að byggja frv. til fjárlaga á væntanlegri lagasetningu, þó að fyrirhugað sé að leggja fram frv. í þá átt. Því má segja, og það er rétt, að menn geri sér grein fyrir því, að tekjuhlið frv. mundi væntanlega hafa orðið því sem næst eins án tillits til, hvaða flokkar ættu sæti í ríkisstj. Hins vegar er þess að vænta, að tekjuhlið frv. taki á sig verulega breytta mynd í meðförum þingsins jafnhliða því, sem ríkisstj. flytur frv. til l. um ýmsar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs í samræmi við málefnasamning stjórnarflokkanna, svo sem vikið verður að nánar hér á eftir. Í málefnasamningi stjórnarflokkanna segir svo um tekjuöflun ríkissjóðs:

Að endurskoðaðar verði tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattbyrðinni verði dreift réttlátara en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skatteftirlit verði hert þannig, að réttlátari skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er. Stefnt verði að því, að persónuskattar eins og til almannatrygginga verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti. Jafnframt verði gerð ítarleg athugun á rekstrarkostnaði ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í þeim tilgangi að gera reksturinn einfaldari og draga úr kostnaði.

Hér er mörkuð skýr stefna í opinberum tekjuöflunarmálum. Mikilvægast er það markmið, að allir einstaklingar þjóðfélagsins búi við efnalegt sjálfstæði. Þeim, sem ekki geta unnið sér inn lágmarkstekjur, verði tryggður lágmarkslífeyrir og þær tekjur, sem aðeins hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Með þessu er stefnt að því marki að jafna aðstöðu manna, en eitt meginmál í stefnu ríkisstj. er einmitt það að draga úr efnalegu misrétti. Það verður m. a. gert með því að beita skattalöggjöf og tryggingalöggjöf, eins og hér hefur verið lýst, en einnig með því að minnka launamun. Ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni beita áhrifum sínum í þá átt. Unnið er nú að endurskoðun á opinberum tekjuöflunarleiðum og tryggingamálum af þremur nefndum, sem ríkisstj. skipaði, í samræmi við þá stefnu, sem hér hefur verið lýst. Fjallar ein nefndin um tekjuöflun ríkisins, önnur um tekjuöflun sveitarfélaga og sú þriðja um tryggingamál. Óhætt mun að fullyrða, að þetta sé í fyrsta sinn, sem slík heildarendurskoðun á sér stað á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Hingað til hefur endurskoðun, sem framkvæmd hefur verið, verið takmörkuð við einn þessara þátta. En augljóst er, að endurskoða verður allt kerfið í einu, ef unnt á að vera að marka heildarstefnu í þessum málum. Því munu áðurnefndar þrjár nefndir starfa í nánum tengslum hver við aðra. Rétt er hins vegar að vara við of mikilli bjartsýni um, að slík endurskoðun geti gerzt á skömmum tíma. Hér er um slíkt stórmál að ræða að ætla verður töluverðan tíma til heildarendurskoðunar sem þessarar. Gert er þó ráð fyrir því, að verstu og augljósustu agnúarnir á kerfinu verði sniðnir af því fljótlega, og má því vænta frv. á þessu þingi um nokkra leiðréttingu á lögum um skatta og tryggingar, en hins vegar mun þess ekki að vænta, að heildarstefnumörkun geti legið fyrir, fyrr en á næsta þingi. Því má segja, að það verði ekki fyrr en með fjárlagafrv. fyrir árið 1973, sem stefna ríkisstj. í skattamálum kemur greinilega í ljós.

Hér verður nú rakið að nokkru, til hverra stefnubreytinga sú endurskoðun á skattalögum og tryggingamálum, sem rætt hefur verið um, geti leitt. Fyrsta grundvallaratriði í endurskoðun tryggingalaganna er, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að þær nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur. Til þess að tryggja þetta þarf skilyrðislaust að greiða þeim lífeyrisþegum, sem ekki ná lágmarkstekjum, viðbótarlífeyri að því marki, sem á vantar til þess að þeir nái þessum lágmarkstekjum. Í þessu sambandi er rétt að minna á lífeyrissjóðina. Á undanförnum árum hafa verið stofnaðir fjöldamargir lífeyrissjóðir um allt land, sem eiga að tryggja þeim, sem aðild eiga að sjóðunum, eftirlaun, eftir að þeir hafa látið af störfum, sem miðast þá við þær tekjur, sem þeir höfðu, er þeir hættu störfum. Það er hins vegar einkum eitt atriði, sem skiptir þessum sjóðum í tvo gerólíka hópa. Það er það, hvort eftirlaunin eru verðtryggð eða ekki. Sá mismunur, sem er á upphæð eftirlauna, sem eru verðtryggð, og þeirra, sem eru það ekki, er svo gífurlegur, að ljóst er, að það mál þarf sérstakrar athugunar við. Ef reiknað er með 8% verðbólgu, sem er minna en verið hefur hér á landi síðasta áratug, fær maður, sem er í óverðtryggðum lífeyrissjóði, 15 árum eftir að hann byrjaði að fá greidd eftirlaun, minna en þriðjung eftirlauna á við annan mann, sem fær eftirlaun úr verðtryggðum sjóði. Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur gert sérstaka könnun á lífeyrissjóðum þeim, sem starfandi eru, og úttekt á þeim reglum, sem þeir starfa eftir. Lokaorð skýrslu hans um lífeyrissjóðina eru þessi:

„Í raun og veru er ekki um neitt kerfi að ræða. Aragrúi sjóða er starfandi og í þann veginn að taka til starfa. Þeir veita mismunandi réttindi og félagsleg uppbygging þeirra er mjög breytileg. Hér tel ég nauðsyn á samræmingu og einföldun. Í því sambandi vil ég

benda á, að þó að gerðar séu breytingar á reglugerðum eldri sjóða og/eða þeir sameinaðir eldri sjóðum, þarf ekki að rýra réttindi sjóðsfélaga þeirra á neinn hátt. Ég tel einnig nauðsynlegt, að tekið sé tillit til laga um almannatryggingar og þau endurskoðuð. Aðalatriðið er, að gerð lífeyrissjóða og ákvæði laga um almannatryggingar séu þannig, að sjóðirnir og tryggingarnar gegni hlutverkum sínum svo vel sem framast er unnt. Það er hægt að bæta reglugerðir allra lífeyrissjóða og endurbæta lög um almannatryggingar."

Þessi ummæli sérfræðingsins eru vissulega harðorð, en ég leyfi mér að efast um, að þar sé nokkuð ofsagt. Hér er vissulega þörf átaks. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því átaki. Lausn þessa máls verður ekki fundin með neinni skyndivitrun. En meginmáli skiptir, að ríkisstj. hefur sett sér það mark að vinna að lausn vandamálsins, og að því mun verða unnið. Við endurskoðun tryggingalöggjafar munu menn fljótt rekast á önnur atriði, sem krefjast lagfæringar, svo sem að tryggja réttarstöðu ekkla, en þeir njóta nú ails ekki sömu réttinda og ekkjur. Varla er þó unnt að ímynda sér, að maður, sem missir konuna frá börnum þeirra, sé betur settur í lífinu en konan, sem missir mann sinn. Bæði eru auðvitað mjög illa sett í efnahagslegu tilliti og því full ástæða til þess, að þjóðfélagið létti þeim erfiðleikana.

Halda mætti lengi áfram að telja upp dæmi þessum lík, sem sumum kunna að virðast léttvæg, en skipta þá aðila, sem hlut eiga að, miklu máli. En hér verður þó látið staðar numið í þessum málum. Eins og áður er drepið á, er nú unnið að endurskoðun skattalaga og allsherjar tekjuöflunarkerfis ríkis og sveitarfélaga. Skattalögum var nokkuð breytt á síðasta þingi, en þær breytingar, sem þá voru gerðar, miðuðust nær eingöngu við það að létta skattabyrði af atvinnurekstrinum. Við sköttum einstaklinga var hins vegar ekki hreyft.

Ein breyting snertir þó einstaklinga, skattfrelsi arðs af hlutafé. En samkv. þeirri breytingu var arður af hlutafé gerður skattfrjáls, allt að 60 þús. kr. á ári hjá hverjum hlutafjáreiganda. Þótti mörgum þessi lagasetning kynleg á sama tíma og persónufrádrætti til skatts var haldið í skefjum, þ. e. hann var ekki látinn hækka í samræmi við verðlagsþróun. Allir vita þó, að persónufrádráttur hefur tiltölulega mesta þýðingu fyrir þá, sem minnstar tekjur hafa, en hlutafjáreigendur eru almennt meðal hinna efnameiri í þjóðfélaginu. En þessi tilfærsla á skattabyrðinni af þeim, sem breiðust hafa bökin, yfir á þá, sem sízt mega sín, var alveg í samræmi við stefnu þáv. ríkisstj. Það er hins vegar yfirlýst stefna ríkisstj. nú að létta skattabyrðinni af þeim lægst launuðu. Þeirri stefnu verður m. a. framfylgt með því að skattleggja ekki brýnustu nauðþurftartekjur.

Skattakerfi og allt tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs þarf að vera þannig uppbyggt, að það geti verið virkt stjórntæki í höndum ríkisstj. Til þess að svo geti orðið, þarf kerfið að vera einfalt, en þó að búa yfir nægjanlegri fjölbreytni skatttegunda, þannig að unnt sé að ná mismunandi markmiðum. Það fer varla á milli mála, að íslenzkt skattkerfi er allsendis ófullnægjandi að þessu leyti. Það er nánast samansafn tilviljanakenndra skattlagninga, þar sem bætt hefur verið skattlagningu á skattlagningu ofan, án þess að þær séu í nokkru kerfi eða samhengi hver við aðra. Oftast hefur verið bætt við einhverri skattlagningu til þess að standa undir kostnaði við eitthvert verkefni eða framkvæmd. Slíka skattlagningu hefur oftast borið þannig að, að einhver hefur séð brýna þörf til þess að leysa eitthvert afmarkað verkefni og fundið einhvern tekjustofn til þess að standa straum af kostnaðinum og losna með því við þann erfiðleika að þurfa að berja fram fjárveitingu á fjárlögum til nýrra útgjalda. Slík tilviljanakennd stefna í skattlagningu er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi. Ég tel athugandi, hvort ekki sé rétt að fækka hinum mörkuðu tekjustofnum. Samkv. því fjárlagafrv., sem hér er til umr., eru markaðir tekjustofnar, þ. e. tekjustofnar, sem ráðstafað er fyrir fram til ákveðinna þarfa, um fimmti hluti heildarútgjalda. Með því er fjárveitingavaldið bundið að því er varðar afgreiðslu fjárlaga að 1/5 hluta. Í flestum tilfellum er hinum mörkuðu tekjustofnum ætlað að renna til brýnna þarfa, en staðreynd er þó, að í sumum tilvikum er þörfin fyrir fjármagn e. t. v. ekki eins mikil og veitt er til verkefnisins með fyrir fram ákveðnum tekjustofni. Ég tel, að óæskilegt sé að binda hendur fjárveitingavaldsins svo mjög sem hér er gert. Þess í stað eigi að marka heildarstefnu í tekjuöflunarmálum ríkissjóðs, og síðan sé það Alþ. að meta fjárþörf hvers verkefnis og skiptingu teknanna á útgjaldaliði. Fjöldi þeirra skatta, sem ríkið heimtir nú af skattborgurum, er mikill. Sem dæmi um fjöldann má nefna, að tillögur hafa komið fram um að fella niður 30 tegundir gjalda. Upphæð þessara gjalda nemur um 500 millj. kr. á ári, og samanborið við heildartekjur fjárlagafrv. nú, sem eru um 14 milljarðar, nema tekjur af þessum 30 gjaldstofnum innan við 4% af heildartekjunum.

Ásamt því, að stefnt verði að réttlátari skiptingu skattbyrðarinnar, hlýtur eitt meginverkefni þeirrar nefndar, sem vinnur nú að endurskoðun tekjustofna ríkisins, að vera að fækka sköttum, sem leiðir eitt sér til nokkurrar einföldunar á kerfinu. Ein drýgsta tekjuöflunarleið ríkisins undanfarin ár hefur verið söluskattur, sem skilar um fjórðungi ríkisteknanna. Þrátt fyrir vissa tilhneigingu til þess að draga úr vægi óbeinna skatta, hlýtur söluskattur eða annar svipaður tekjustofn að verða notaður töluvert enn um sinn. Söluskattur í því formi, sem hér er, hefur þó vissa ókosti. Nokkuð hefur verið rætt um að taka hér upp virðisaukaskatt í stað söluskatts, og virðist það vera skynsamlegt. Virðisaukaskattur byggist á því, að skatturinn er lagður á á öllum framleiðslu- og sölustigum, þar sem söluskattur er einungis lagður á á síðasta stigi, við lokasölu vörunnar. Virðisaukaskattur er þannig lagður á framleiðsluverð vörunnar hjá framleiðanda, á kostnaðaraukann, sem bætist við hjá heildsalanum, og að lokum á kostnaðaraukann hjá smásalanum. Helzti kostur við virðisaukaskatt umfram söluskatt er sá, að eftirlit með innheimtu hans er mun auðveldara en söluskatts. Einnig má segja, að virðisaukaskattur sé hæfari en söluskattur til þess að skila þeim tekjum, sem til er

ætlazt, auk þess sem auðveldara er að sjá, hverja hann hittir. Flest rök virðast því mæla með því, að athugað sé nánar, hvort ekki sé rétt að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts.

Nú standa yfir kjarasamningar milli Alþýðusambands Íslands og félaga þess og vinnuveitendasamtaka. Þessir kjarasamningar munu, eins og allir samningar um kaup og kjör, hafa áhrif á fjárlög og afkomu ríkissjóðs. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún telji sig vera ríkisstj. hinna vinnandi stétta og muni fyrst og fremst gæta hagsmuna þeirra. Í málefnasamningi stjórnarflokkanna er þýðingarmikil stefnumörkun á sviði kjaramála, þar sem því er lýst yfir, að stjórnin telji, að með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. sé mögulegt að auka í áföngum kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum, og mun stjórnin beita sér fyrir, að því marki verði náð. Hér er um að ræða grundvallarstefnuatriði stjórnarsáttmálans. Mikil aukning þjóðartekna og síbatnandi viðskiptakjör á síðustu árum hafa gert mögulegt, og þótt fyrr hefði verið, að bæta kjör láglaunafólks. Og stjórnin telur, að unnt sé að ná 20% kaupmáttarauknингu á tveimur árum með nánu samstarfi ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Því ber að fagna, að verkalýðshreyfingin hefur náð samstöðu í þeim samningum, sem nú standa yfir um það, að laun þeirra lægst launuðu beri að hækka meira en laun annarra. Hlutverk launþegasamtakanna hlýtur að vera það að tryggja meðlimum sínum raunhæfar kjarabætur. Því skal á það bent, að allsherjar launahækkanir geta leitt til verðbólguþróunar, ef þeim er ekki haldið innan hæfilegra takmarka. Hjá því verður aldrei komizt, að launahækkanir koma að einhverju leyti fram í verðlagi, en það er takmark ríkisstj., að raunverulegar kjarabætur láglaunafólks verði 20% á næstu tveimur árum, ekki aðeins hækkun tímakaups í krónutölu.

Verkalýðshreyfingin hefur á undanförnum árum sannað, að hún er nægilega sterk og samhent til þess að geta knúið fram umtalsverðar og oft miklar launahækkanir, og svo mun enn reynast í þeim samningum, sem nú eru hafnir. Á hitt hefur fremur skort, að löggjafarvald og ríkisstj. hafi talið það sitt hlutverk að verja eða vernda þá sigra, sem alþýðusamtökin hafa unnið, og því hefur oft eða jafnvel oftast svo farið, að launahækkanirnar hafa runnið út í sand verðhækkana og verðbólgu eða gengisfellinga og launafólk staðið litlu betur að vígi eftir en áður.

Nú er það hins vegar von allrar alþýðu manna, að í þessum efnum sé brotið blað í kjarabaráttunni að því leyti, að stjórnvöld telji það sitt meginverkefni að hafa þá stjórn á efnahagskerfinu, sem til þarf til þess að hver kjarabót, hver launahækkun, sem um er samið af aðilum vinnumarkaðarins, verði haldgóð og varanleg. Þetta hyggjast stjórnarflokkarnir og ríkisstj. gera með því að hefja áætlunarbúskap, ná heildarstjórn á fjárfestingarmálum og öðrum mikilvægustu þáttum efnahagslífsins með því að beita virkum verðlagstakmörkunum og verðlagseftirliti og síðast en ekki sízt með því að hafa forustu um skipulagða atvinnuuppbyggingu og þá aukningu þjóðarframleiðslunnar, sem ein er fær um að tryggja þann nauðsynlega grundvöll, sem bætt lífskjör alls almennings og þjóðarinnar í heild hljóta að byggjast á. Þetta eru að mínu viti þau meginumskipti, sem nú hafa orðið, að því er snertir hagsmuni launastéttanna, og hlýtur það að vera einlæg ósk allra, að takast megi að ná þeim markmiðum, sem hér er að stefnt. Fari hér allt að vonum, ætti fyllilega að vera mögulegt að bæta launakjör um allt að 10% á ári næstu árin eða tvöfalda rauntekjur á um það bil 7 árum, en í dag höfum við þá staðreynd fyrir augum, að rauntekjur hafa sem næst staðið í stað allan s. l. áratug, sem viðreisnin réði í landi, a. m. k. hvað snerti laun hinna lægra launuðu stétta, svo sem verkafólks og bænda. Sé þetta haft í huga, verða þau straumhvörf, sem orðið hafa í íslenzkum stjórnmálum, augljós hverjum manni.

Meginundirstaðan undir tekjuöflun ríkissjóðs er traust atvinnulíf. Leggja ber höfuðáherzlu á áætlunargerð um uppbyggingu atvinnuveganna. Í því efni ber að leggja sérstaka áherzlu á atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum landsins. Fólksflóttinn frá ýmsum landshlutum er nú svo geigvænlegur, að þar duga engin vettlingatök, ef ekki á að verða landauðn víða, þar sem hingað til hefur verið öflug sjósókn og landbúnaður, sem skapað hefur drjúgan hluta þjóðarteknanna. Taka verður upp öfluga byggðastefnu, sem miðist að því að skapa traust og öruggt atvinnulíf ásamt félagslegu öryggi, sem er ein meginforsenda þess að stöðva fólksflóttann. Sjálfsagt er, að vandamál heilla landshluta, svo sem Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða, séu tekin fyrir út frá heildarsjónarmiðum og vinni sveitarfélög innan svæðanna, samtök þeirra og ríkisstj. ásamt hagsmunasamtökum sameiginlega að lausn vandamálanna. Jafnhliða því, sem atvinnulíf landshlutanna er treyst, þarf að mynda þjónustumiðstöðvar úti um landið. Í heilbrigðismálum, viðskiptum, samgöngum, skólamálum og ferðamálum, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Eitt megininntak þeirrar byggðastefnu er að hafa áhrif á staðarval fyrirtækja og stofnana í helztu byggðakjörnum landsins. Með því móti fær landsbyggðin sinn skerf af starfskröftum þeirra manna, sem þjóðin hefur menntað og sérhæft til að starfa í atvinnu- og menningarlífi. Þetta verður enn þýðingarmeira, þar sem úrvinnslu- og þjónustugreinar munu laða til sín stærstan hlut af aukningu á vinnumarkaði. Sem dæmi um áhrif, sem ríkisvaldið getur haft á þessa þróun, má nefna dreifingu stofnana ríkisins út um landsbyggðina, en því máli hefur oft verið hreyft á þingi. Í því máli mun ég sérstaklega beita mér. Ég tel fráleitt, að allar stofnanir séu staðsettar í Reykjavík og þar sitji menn með litla þekkingu á vandamálum landsbyggðarinnar. Hins vegar tel ég, að með staðsetningu þessara stofnana úti á landsbyggðinni megi komast hjá ýmsum erfiðleikum, sem eru samfara því, að menn eru að reyna að leysa vandamál, sem þeir þekkja ekki nægilega. En ég endurtek, að þessi mál verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki allra þeirra, sem hlut eiga að máli. Vandamálin eru hins vegar slík, að þar þarf að taka rösklega til hendinni. Áhugi núv. ríkisstj. á lausn þessara mála sést

greinilega á fjárlagafrv., sem hér er til umr., þar sem flestar hækkanir á gjaldaliðum frv. frá frv. þessa árs eru tengdar uppbyggingu félagsmála landsbyggðarinnar. Sem dæmi má nefna hækkuð framlög til byggingar sjúkrahúsa um 48.8 millj., hækkun til skólamannvirkja um 44.9 millj., hækkun til togaralána um 29.1 millj., hækkun til framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 22 millj., hækkun til sveitarafvæðingar um 18 millj. og hækkun til framkvæmda í flugmálum um 19 millj. kr. Hér er að vísu ekki um neitt stórvægilegt átak að ræða, en þó spor í rétta átt, og ég fullyrði, að áfram mun verða haldið á sömu braut að treysta stöðu allra landshluta og stöðva fólksflóttann.

Við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna teljum, að farsæl lausn þeirra þjóðfélagsvandamála, sem hér hefur verið drepið á, og annarra sé hins vegar að verulegu leyti undir því komin, að Samtökunum verði eitthvað ágengt í því meginmarkmiði sínu að sameina alla jafnaðar- og samvinnumenn í einum stjórnmálaflokki. Myndun núv. ríkisstj. var skref í átt til sameiningar, en aðeins stutt skref. Þar þarf að vinna ötullega að því lokatakmarki, að skipulagsleg sameining takist. Aðeins með því er unnt að tryggja varanleg áhrif vinstri stefnu á landsmálin. Aðeins öflugur flokkur allra þeirra, sem aðhyllast stefnu jafnaðar og samvinnu, getur tryggt vinstri stefnu varanlegan framgang og keppt við hægri öflin um völdin í þjóðfélaginu. Æ fleiri gera sér nú ljósa þessa meginstaðreynd stjórnmálanna, og því mun áfram verða knúið á um sameiningu. Við í SF munum áfram sem hingað til beita okkur af alhug fyrir því, að þessu takmarki verði náð. Úrslit alþingiskosninganna s. l. vor sýndu, að almenningur í landinu vill, að upp verði tekin raunveruleg vinstri stefna í stjórn ríkisins. Þau sýndu enn fremur og ekki síður, að það er krafa fólksins til forustumanna flokkanna að vinna af heilum hug að sameiningarmálinu.

Að lokum vil ég þakka kjósendum það mikla traust, sem þeir sýndu frambjóðendum SF, og þá alveg sérstaklega Vestfirðingum. Sá sigur, sem þar var unninn, var einstakur. Um leið og ég þakka traustið, persónulega og fyrir hönd SF, lýsi ég því yfir, að ég mun reyna eftir mætti að bregðast ekki því trausti, sem mér hefur verið sýnt.

Ýmis mikilvæg mál bíða úrlausnar þessa þings og á þeim mun verða tekið af festu. Ég veit, að Vestfirðingar líta ekki síður en aðrir landsmenn á sameiningarmálið sem höfuðmál íslenzkra stjórnmála í dag, og því máli mun ég leggja allt það lið, sem ég get.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. – Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil byrja mál mitt með því að vitna til orða núv. fjmrh., sem hefur nú flutt sína jómfrúræðu sem ráðh. og gert í löngu máli grein fyrir fyrsta fjárlagafrv. sínu. Við umr. í fyrra, 20. okt. 1970, sagði Halldór E. Sigurðsson orðrétt, með leyfi forseta:

„Fjárlög eru spegilmynd af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstj., sem að þeim stendur. Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er góð sönnun á gildi þessarar reglu. Einkenni þess, sem fyrri fjárlaga ríkisstj., er verðbólga og útþensla ríkiskerfisins."

Svo mörg voru þau orð. Hæstv. núv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, er ekki með öllu ókunnur gerð fjárlaga. Hann hefur mörg undanfarin ár setið í fjvn. og einnig verið endurskoðandi ríkisreikninga og gert í hvert sinn, er þessi mál eru til meðferðar, margvíslegar aths. og lagt á það áherzlu, að breytinga væri þörf. Það vantaði ekki stóru orðin í málgögnum þeirra framsóknarmanna í vor fyrir kosningarnar um verðbólgustefnu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Ekkert var til sparað í púðrinu, svo að skotin geiguðu ekki. Þeir höfðu líka árangur sem erfiði. Nú eru þeir komnir í ríkisstj. og veita henni meira að segja forstöðu. Að óreyndu mætti halda, að við lestur þessa fjárlagafrv. kæmi eitthvað athyglisvert í ljós hjá þeim, svo miklir kappar og snjallráðir sem þeir sögðust vera, og svo miklir aular og eyðsluseggir sem hinir áttu að vera. En hvað skeður? Ekkert sérstakt nýtt kemur fram, sem athygli vekur, nema ef vera skyldi vanáætluð útgjöld og óraunhæft mat á ríkjandi aðstæðum í þjóðfélaginu og launamálunum sem heild. Sem afsökun á þessu eru eftirfarandi orð í aths. við frv., á bls. 141:

„Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar kom til valda um miðjan júlí s. l., höfðu flest rn. skilað fjárlaga- og hagsýslustofnuninni tillögum sínum vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1972. Af eðlilegum ástæðum óskuðu hinir nýju ráðh. eftir því að kynna sér tillögur rn. sinna og breyta þar um, eftir því sem nauðsyn bar til og mögulegt var að þeirra dómi. Af þessum ástæðum var tími til að vinna að gerð fjárlagafrv. skemmri heldur en áður mun hafa verið og æskilegt er."

Vel má vera, að fyrir suma hafi tíminn verið knappur, en á hitt má benda, að langur tími fór í það að gera svo nefnda úttekt á þjóðarbúinu. Var það verk gert, og hefði úttektin átt að sýna núv. ráðh. glögglega, hvað allt var hagstætt. Hins vegar var og er það trú sumra þeirra enn þá, að ekki sé allt með felldu. Samt sem áður er það staðreynd, að engin ríkisstj. hefur nokkru sinni tekið við eins góðum fjárhag þjóðarbúsins og stöðu ríkissjóðs og núv. ríkisstj. Hrollvekjan margumtalaða í kosningabaráttunni hvarf sem dögg fyrir sólu. Þegar ríkisstj. hafði gert sér grein fyrir hinum góða hag ríkissjóðs, hófust ráðh. strax handa um að dreifa arðinum út á meðal almennings, og má þakka fyrir þann rausnarskap. Athyglisvert er, hvernig þeir sögðu frá nýju tryggingaumbótunum, sem lögfestar voru af fráfarandi ríkisstj. og voru þá margnefndar í umr. smánarbætur einar, bæði hér á hv. Alþ. og einnig mjög á kosningafundum úti um allt land. Okkur Alþfl.-mönnum var margvelt upp úr aumingjaskapnum vegna þessara smánarbóta. En viti menn. Nú, þegar til útborgunar kemur í sumar, eru þessar smánarbætur, sem nefndar voru svo í vor, allt í einu kallaðar miklar tryggingabætur í þeirra eigin blöðum. Hvað hafði gerzt á meðan? Einfaldlega ekkert annað en það, að gildistöku laganna hafði verið flýtt. Þegar frv. um auknar tryggingabætur voru til meðferðar í vor á Alþ., kom þáv. stjórnarandstaða en núv. stjórnarflokkar með brtt. upp á mörg

hundruð millj., án þess að gera nokkrar tillögur um tekjuauka, og höfðu um það mörg orð, hversu illa við í Alþfl. stæðum í ístaðinu fyrir hönd tryggingaþeganna. En hvar eru þessar brtt. í dag? Þið megið lengi leita, hlustendur góðir, því að ekki örlar á þeim í þessu frv., og það, sem enn merkilegra er, nú er í fyrsta sinn um lægra hlutfall að ræða til trygginga en verið hefur um margra ára skeið. Já, það er sitt hvað orð og efndir hjá sumum mönnum. En nú er langt í kosningar, og þess vegna telja þeir sig hafa efni á því að birta þjóðinni svona vinnubrögð. Á það vil ég benda og vekja á því alveg sérstaka athygli hlustenda, að fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna marglýstu því yfir við kosningarnar í vor, að þeir væru allir tilbúnir að leggja tryggingunum mikið lið og stórefla bæturnar. Það eru engin rök hjá stjórnarsinnum að segja, að lögin séu í endurskoðun í dag. Ef hugur fylgdi máli til aukningar á bótunum, þá væri auðvitað eðlilegt að reikna með einhverri ákveðinni upphæð í þessu skyni, en svo er alls ekki gert.

Eins og allir vita, hafa launþegasamtökin sett fram kröfur um verulega kauphækkun. Enginn dregur í efa, að kaup muni hækka talsvert, þó að ekki sé unnt að nefna vissa tölu í því sambandi. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir þessum hækkunum í frv., og mun því síðar koma til hækkana á frv., er nema sennilega nokkrum hundruðum millj. kr. Nú er nettógreiðsluafgangur frv. aðeins tæpar 50 millj. og sjá allir, að þetta er raunar sett alveg út í hött. Ríkisstj. lofar því að hækka ekki skattana, en hins vegar eru skattalögin í endurskoðun og mun endurskoðunin eiga að ganga svo fljótt fyrir sig, að ný skattalög geti tekið gildi um næstu áramót. Þetta getur verið gott og blessað. En hér er óvarlega siglt, það nær alls ekki nokkurri átt að afgreiða fjárlög með sama og engum greiðsluafgangi við núverandi aðstæður í launa- og verðlagsmálum þjóðarinnar. Slíkt mundi aðeins enn herða á þeirri spennu, sem ríkir hér og er undirrót verðbólgunnar í ríkisbúskap þjóðarinnar. Miklu fremur er réttlætanlegt og jafnvel nauðsynlegt að skapa nú verulegan greiðsluafgang til þess að mæta verri tíma seinna. Við Íslendingar höfum góða reynslu af slíkum sveiflum í hagkerfinu.

Afurðaverð er nú í heild mjög hagstætt hjá okkur, og sala á sjávarafurðum gengur mjög fljótt og vel. Eftirspurn eftir vöru og margvíslegri þjónustu er í algeru hámarki. Innflutningur er í metstöðu, og mun ríkissjóður fá geysilega auknar tekjur þess vegna. Það er grunur minn, að hæstv. ríkisstj. setji nú vel á þennan vonarpening. Hæstv. fjmrh., sem er gamall bóndi og efni í landbrh., ætti þó að vita, að meira öryggi er í því að setja á stabbann hjá sjálfum sér en treysta um of á góða afkomu náungans.

Margar greinar hafa séð dagsins ljós í málgögnum þeirra framsóknarmanna um skattvísitöluna og hvernig fráfarandi ríkisstj. hagnýtti sér ranga skattvísitölu, eins og það var orðað hjá þeim, til aukinnar tekjuöflunar. En hvað ætla þeir sér að gera nú sjálfir? Á bls. 143 í fjárlagafrv. nú er greint frá því, að skattvísitalan sé 106.5 stig og við það verði miðað. Hefði nú fyrrv. fjmrh. viljað hafa þennan hátt á, dreg ég ekki í efa, að hann hefði fengið margt óþvegið orð frá fyrri skrifendum um skattvísitöluna og misnotkun hennar til þess að skattpína hinn almenna skattgreiðanda. Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð, að vitanlega mun kaup hækka miklum mun meira en nemur þessum 6.5 stigum, og verður því skattvísitalan of lág, ef hún verður ekki hækkuð til sama hlutfalls og vaxandi tekjur koma til með að verða. Það er undirstrikað, að hæstv. ríkisstj. hefur líka aldrei lofað lækkun á heildarskatttekjunum, aðeins innbyrðis breytingu milli skattgreiðenda.

Það er ýkjulaust, að á engan mann hefur verið meira ráðist á undanförnum árum en á dr. Gylfa Þ. Gíslason, fyrrv. menntmrh. og formann Alþfl. Hann átti að vera þversum í skólamálunum og koma þar litlu í framkvæmd, og allt kerfið átti að vera meira og minna úr sér gengið á valdatímabili hans, en hann var menntmrh. í 15 ár samfleytt. Það var því forvitnilegt að kynna sér tillögur núv. menntmrh. og ríkisstj. í heild, og eins hversu fjmrh. væri örlátur á fé í menntamálin. En í ræðu sinni í fyrra með fjárlagafrv. gagnrýndi Halldór E. Sigurðsson harðlega, hve lítið fjármagn færi í nýbyggingar barna- og unglingaskóla, og eins það, að aðeins 10 millj. væru veittar til þess að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms. 10 millj. voru á fjárlagafrv., en síðar urðu það 15 millj. í lögunum. Um þessar *fjárveitingar á s. l. ári fórust núv. fjmrh. orð* þannig, með leyfi forseta:

„Hér er um hróplegt ranglæti að ræða, sem ekki verður þolað. Öllum var ljóst, að þessi fjárveiting var aðeins viðurkenning á nauðsyn málsins, eins og áður er fram tekið, og mundi ekki nægja til að jafna aðstöðumuninn. Það vakti því undrun, þegar ljóst var, að fjárhæðin á fjárlagafrv. árið 1971 hækkaði ekki einu sinni sem nemur hækkun námskostnaðar, hvað þá ef litið væri á þörfina eða nemendafjölgunina. Að þannig sé tekið á máli, er skiptir sköpum fyrir æsku landsins, með fjárlagafrv., er hækkar yfir 2 000 millj. kr., munu hv. þm. ekki láta bjóða sér."

Svo mörg voru þau orð. En hvað gerist nú í þessu frv., sem hér er til umr.? Á bls. 145 er greint frá því, að framlag til þess að jafna umræddan aðstöðumun fyrir unga fólkið úr strjálbýlinu hækki nú einmitt um 10 millj. kr. Ég spyr því: Hver er hinn seki? Er það hinn nýbakaði þm. og menntmrh. Magnús Torfi Ólafsson? Þó hækka fjárlög fyrir árið 1972 ekki um liðlega 2 000 millj., heldur hvorki meira né minna en um nærri 3 000 millj. Mér hefur ekki tekizt að gera góðan samanburð á fjárveitingum til hinna ýmsu skóla, en ekki er þar heldur um umtalsverðar breytingar að ræða fram á við. Aukning á fjárveitingu til Háskóla Íslands er nokkur, en hlutfallsleg minnkun er í fjárfestingu. Hins vegar hækkar eðlilega heildarfjármagnið í menntamálum vegna hærri launa og svo aukins mannafla, eins og hefur komið fram í fyrri ræðum hér í kvöld, og aukins kennslukrafts víða um landið. Þeir þurfa því ekki að kvíða samanburði ráðh., Gylfi Þ. Gíslason og Magnús Jónsson, sem höfðu þessi mál í tíð fyrrv. ríkisstj., mennta- og fjármálin.

Samband íslenzkra námsmanna erlendis hefur sent frá sér aths. við tillögur í fjárlagafrv. um fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hæstv. fjmrh. kom inn á það hér áðan, að tillögurnar hefðu ekki verið fullmótaðar, og kunna því að liggja rök að því, að þær séu eins lágar og frv. ber vitni um. En í frv. er gert ráð fyrir 104 millj. kr. fjárveitingu til sjóðsins. Að áliti sjóðsstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að fjármagnsþörfin sé allt að 250 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn taki bankalán að upphæð 60 millj. kr. Ríkissjóður þyrfti því að leggja fram allt að 190 millj. kr. til þess að geta svarað þörfinni. Hins vegar er framlag samkv. frv. aðeins, eins og áður sagði, 104 millj., og vantar því allt að 86 millj. kr. til þess að leysa úr þörfum sjóðsins fyrir íslenzka námsmenn erlendis. Þannig er ljóst, að þetta þýðir í raun mikla lækkun á ráðstöfunarfé sjóðsins beint, og þegar tekið er tillit til verulegrar aukningar námsmanna, má öllum ljóst vera, að tillögurnar í frv. eru með öllu óraunhæfar. Þeir sömu menn hafa áður lofað heitu sumri, kannske vorar vel í þeim efnum aftur.

Fræðslumálin í heild taka til sín 16.5% af heildarútgjöldum ríkisins og er aðeins einn flokkur annar hlutfallslega hærri, en það eru tryggingamálin með 28.7%, eins og fjárlagafrv. liggur fyrir nú. Fræðslumálin fá þannig þrátt fyrir allt 2 309 millj. til sín. Auk þessa fá söfnin, listir og önnur menningarstarfsemi 222 millj. kr. Vissulega eru þetta miklir peningar, og e. t. v. kann sumum að þykja nóg um.

Ekki eru tök á því að fjalla mikið um hvert einstakt rn., hvernig það fær sitt fjármagn. Er það raunar óþarfi, því að það hefur verið gerður rækilegur samanburður á því, bæði af hæstv. ráðh. og fyrrv. ráðh., Magnúsi Jónssyni. Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á viss rn. og fjármagnið, sem til þeirra fer. Ég vil byrja á utanrrn. Mörgum hefur stundum fundizt of miklu eytt í utanríkisþjónustuna, og man ég eftir harðri gagnrýni í því efni í málgögnum framsóknarmanna. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að of litlu fjármagni hafi verið ráðstafað þangað og hér þurfi að verða breyting á. Þjóð, sem á eins mikið undir góðum viðskiptakjörum og við Íslendingar, verður að að leggja nokkuð af mörkum til utanríkisþjónustu og annarrar slíkrar starfsemi til þess að kynna sig og það, sem hún hefur fram að færa. Í sendiráðin fara um 75 millj. kr. og getur það ekki verið minna. Aukin kynning er hafin á vegum rn. vegna landhelgismálsins, og hafa verið gefin út fjölrituð gögn í þessu skyni. Þessi þáttur er alls ekki nægilega góður. Aðeins er þetta til á ensku, – hvers vegna ekki einnig á einhverju Norðurlandamálinu eða á þýzku? Hvers vegna ekki vel prentaður bæklingur með myndum af fiskveiðum og vinnslu aflans og atvinnulífi frá hinum dreifðu byggðum landsins? Hér þarf að semja miklu meira og vanda þessi landkynningarrit mjög mikið. Enginn mun telja þá peninga eftir, sem varið er í kynningu á mesta hagsmunamáli okkar, landhelgismálinu.

Nátengd utanríkismálunum er starfsemi Landhelgisgæzlunnar, en á næsta ári verður meira álag á starfsliði þeirrar stofnunar en nokkru sinni fyrr. Mér virðist því gert ráð fyrir of litlum fjármunum til Landhelgisgæzlunnar, og þótt hún fái 15 millj. kr. aukafjárveitingu síðla ársins, mun það varla duga. Ef við ætlum að verja hin nýju fiskveiðitakmörk okkar af myndarskap, verðum við að leggja Landhelgisgæzlunni til nauðsynlegt fjármagn, jafnvel þótt gefið hafi verið í skyn af hæstv. sjútvrh., að ekki svo mjög miklu meiri vinna væri við gæzlu á 50 mílna mörkunum, – sú skoðun er afar hæpin.

Sjómælingarnar þurfa á stóraukinni aðstöðu að halda við sitt starf. Nauðsyn ber til þess að mæla upp allt landgrunnið með nýjustu tækni og gefa síðan út fullkomið nýtt sjókort handa fiskimönnum okkar hið bráðasta. Það er hálfgerð skömm, að sjómenn okkar verði að notast við erlend kort og þá einkum við fiskveiðar lengra frá landinu. Hér þýðir ekki að fresta málinu miklu lengur.

Undir liðnum dómgæzla og lögreglumál eru veittar samkv. frv. 568 millj. kr. Þetta er há upphæð. En þó mun svo, að t. d. gæzla á vegum og umferðarmálin munu þurfa meira fjármagn, ef vel á að vera. Slysum í umferðinni fer ískyggilega fjölgandi og við verðum að auka fræðslu og leggja í fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að koma í veg fyrir slysin. Þetta er sameiginlegt átak hjá þjóðinni og á ekki að vera smitað af pólitík neins konar. Dómsmálin hafa verið eins konar Akkillesarhæll í stjórnarráðinu, og enn er kurr meðal dómara vegna launakjara. Ég á ekki kost á því að meta að fjármagni til, hvað æskilegt er í þeim efnum, en óhjákvæmilegt er að koma þeim upp úr núverandi ófremdarástandi. Það mun kosta aukið fjármagn, ef dæma má af fréttum um málið. Ég verð að segja frá, hversu mikill munur er á fjölda löggæzlumanna hjá okkur og t. d. í jafnstórum bæjum í Danmörku. Staður er nefndur Hirtshals á Jótlandi, og hafa íslenzk síldveiðiskip selt afla sinn í stórum stíl þar undanfarin ár. Þessi staður hefur mjög svipaða íbúatölu og Kópavogur eða Akureyri, en þar eru starfandi fastir 2–3 lögregluþjónar. Hins vegar eru lög hér þannig, að sjálfkrafa aukning kemur fram við ákveðna íbúafjölgun. Er þetta ekki nokkuð vel að verið? Það er ekki að gagnrýna löggæzluna að vilja breyta hér til. Við verðum sjálfir að athuga, hvað er að hjá okkur, þegar löggæzlulið okkar hér uppi á Íslandi er að verða fimm sinnum fjölmennara en hjá Dönum og það í fiskibæjum hjá þeim.

Viðskrn. hefur með höndum niðurgreiðslur. Þær nálgast nú 1 700 millj. kr. á næsta ári eftir áætlun. Þessi upphæð hefur farið vaxandi ár frá ári og hækkar um 508 millj. kr. samkv. frv. Fjmrh. greindi frá því áðan, að allt kerfið væri nú í gagngerðri endurskoðun, og er það vel. Þegar slíkt kerfi er orðið svo umfangsmikið sem raun ber vitni, má mikið vera, ef einhverjir geta ekki matað krókinn sæmilega á allri þessari millifærslu. Hér er eitt mesta vandamál okkar á ferðinni. Lausnin á þessu er nátengd því, við hvaða verði við ætlum að framleiða hér heima ýmsar neyzluvörur okkar. Sjálfstæð þjóð verður að hafa lágmarksframleiðslu örugga við meðalárferði, en vandinn liggur í góðu skipulagi. Því miður eru menn afar ósammála í þessu efni. Von-

andi skilja menn nú, að tími er kominn til þess að setjast niður í bróðerni og leggja sig fram um lausn á þessu. Við Alþfl.-menn erum fyrir löngu búnir til þess. Það er engin lausn á neinu vandamáli að brigzla ákveðnum stjórnmálaflokki um illkvittni eða annað enn verra í garð ákveðinnar stéttar, þótt lagt sé til, að visst framleiðslukerfi sé tekið til fullkominnar endurskoðunar, vegna þess að það skilar ekki hlutverki sínu í dag við ríkjandi aðstæður og mun ekki gera það um ókomin ár, nema breyting verði þar á. Þess vegna fögnum við því, að hæstv. landbrh. styður endurskoðun á framleiðslu- og niðurgreiðslukerfinu.

Fjmrn. tekur til sín samkv. frv. 731 millj. kr. Á vegum þessa rn. er miklu fé úthlutað og er miklu meira sótt á en unnt er að láta af hendi. Toll- og skattheimtan kostar 220 millj. kr. og mun sennilega þurfa að eflast, svo að innheimtan gangi jafnt yfir. Geysileg skriffinnska er orðin við allt skatta- og tollakerfið. Erfitt mun sennilega að draga hér nokkuð úr, en það er eins og vélvæðingin heimti margt fólk. Hins vegar skila vélarnar óhemjumagni af upplýsingum frá sér, – en hversu dýru verði má kaupa þær? Hvað hjálpa þær mikið til þess að gera allan ríkisrekstur einfaldari og traustari?

Hér er um mikið vandamál að ræða. Almennt lítur fólk hið opinbera oft hornauga og segir: Það hrifsar til sín of mikið. Á hinn bóginn eru gerðar geysilegar kröfur til þess á móti, og um leið og hallar undan fæti er komið með kröfur um hjálp eða einhvers konar aðstoð. Þetta er sjálfsagt og eðlilegt. Nútíma þjóðfélag á að veita þegnum sínum visst lágmarksöryggi frá vöggu til grafar. Það er krafa okkar Alþfl.-manna. Á hinn bóginn verðum við að gera kröfu til hins almenna borgara á móti, að hann skilji og meti af sanngirni ríkisbúskapinn og allt fjármálakerfið, sem nútíma þjóðfélag byggir tilveru sína á. Almenningur þarf að fá góðar upplýsingar um, hvernig ríkið ráðstafar þeim peningum, sem það innheimtir af þegnunum. Því miður eru þessar útvarpsumr. í núverandi formi, sem hér eru hafðar frammi í kvöld sem endranær, algerlega úreltar að mínu viti og hrein tímaeyðsla. Við eigum nú að taka vissa þætti fjárlagafrv. fyrir í sjónvarpinu, t. d. hvert rn. fyrir sig, og vanda vel til þess og sýna glögglega með skýringarmyndum ásamt tölum, hvernig fjármögnun viðkomandi rn. á sér stað og hvernig ráðstöfun peninganna fer fram. Þetta þarf að vera valinn hópur, sem skilji, hvað um er að ræða. Með þessum hætti mundi hinn almenni borgari skynja næstum því áþreifanlega, hvernig allt ríkiskerfið vinnur. Þessu þarf að breyta sem fyrst, og ég leyfi mér hér með að skora á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir úrbótum í þessu skyni.

Oft er kvartað yfir þunglamalegri afgreiðslu hjá ríkinu og kann svo að vera í sumum tilfellum. Þar sem ríkissjóður er langstærsti atvinnuveitandi landsins, er varla að undra, þótt einhyers staðar séu misjafnir starfsmenn hjá því. Hins vegar má hugsunarhátturinn breytast verulega, fólk vinni með því hugarfari, að það sé því og öllum öðrum fyrir beztu, að vel og samvizkusamlega sé starfað hjá því opinbera, en þar eigi ekki að slá slöku við og reyna að hafa mest út fyrir sjálfan sig. Alþfl. vill traust og ábyrgt ríkisvald eða stjórnarráð. Við gerum okkur grein fyrir því, að þegar til lengdar lætur fer bezt á því fyrir hvern og einn, að staða ríkissjóðs sé traust og hann geti fljótt brugðið við, ef einhvers staðar hallar undan fæti í atvinnulífinu eða aðrir erfiðleikar steðja að, eins og alltaf mun eiga sér stað hér á Íslandi. Hins vegar viljum við ekki neina sýndarmennsku, eyðslu og bruðl. Við viljum, að ríkisfyrirtæki séu rekin heiðarlega og með nánu samstarfi. Það er mikið verkefni að fá góða lausn á betra samstarfi í þjónustu hins opinbera, og hafa verið gerðar athuganir í þessu skyni og hæstv. ráðh. hefur lofað úrbótum í því efni. Bætt skipulag á að geta sparað ríkissjóði stórfé. Oft heyrist, að vissir hópar ríkisstarfsmanna geti komið svo fram sínum vinnutíma, að mikil yfirvinna falli til. Þetta er vissulega atriði, sem þarf að athuga alveg sérstaklega, og hvernig yfirvinna á vegum ríkisins skiptist á milli stofnana og starfsliðs þeirra. Það er ekki nýtt, að ríkisstarfsmaður þurfi að sýna mikla samvizkusemi og árvekni.

Á s. l. ári voru gerðir nýir launasamningar við ríkisstarfsmennina. Þeir höfðu í för með sér mikla kauphækkun, og voru allir hér á hv. Alþ. sammála um réttmæti þess. Eins og fram kemur í fjárlagafrv., er launahækkun vegna samninganna allt að því 1 000 millj. kr. á næsta ári. Það er ekki svo lítið. Aðrar atvinnugreinar hafa kvartað yfir þessum samningum og segja þá of góða, of hagstæða fyrir ríkisstarfsmenn, atvinnugreinarnar geti ekki keppt við ríkið um gott vinnuafl lengur. Nokkuð er til í þessu, og er hér sem áður vandratað meðalhófið. Ekki getur ríkið setið eftir með lélegt vinnulið. Það væri óhugsandi til lengdar. Hins vegar er óæskilegt, að hið opinbera fari í beint kapphlaup um vinnuafl við framleiðsluatvinnuvegina og lami þá þess vegna.

Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur gert langan og góðan málefnasamning að þeirra dómi. Vonandi hafa þeir möguleika á því að framkvæma mikið af sínum miklu loforðum. Við í Alþfl. hér á hinu háa Alþingi munum styðja hvert það heilbrigt mál, sem fram verður borið fyrir almenning í landinu. Hins vegar munum við vissulega gagnrýna það, sem að okkar dómi fer miður og ekki er til almennra heilla. Þótt ég hafi hér nokkuð deilt á gerð fjárlaga og vitnað í því sambandi í fyrri orð núv. fjmrh., þegar hann var í stjórnarandstöðu, vil ég segja það, að varla verða nokkur fjárlög svo samin, að ekki megi benda á eitthvað, sem æskilegra væri að hafa meira fjármagn til að ráðstafa í. En það vildi ég undirstrika, að léttara er að benda á þarfirnar en að koma með úrlausnina. Og þennan möguleika notfærðu núv. stjórnarflokkar sér óspart á undanförnum árum og virðist það hafa borið nokkurn árangur.

Núv. fjmrh. er gamalreyndur í fjvn., og geri ég því auknar kröfur til úrræða hans við mótun fjárlaga en ella væri. Við, sem kosnir höfum verið í fjvn., gerum okkur ljóst, að mikið meira af erindum muni koma en unnt er að veita fulla úrlausn á. Það er hins vegar von mín, að vegna hins hagstæða útlits í afkomu þjóðarinnar megi auka vissar fjárveitingar, frá því sem nú er gert í fjár-

lögum, til hinna brýnustu verkefna. Það sé góðu heilli gert fyrir land og þjóð. – Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Fjárlög ríkisins eru afgreidd með nokkuð óvenjulegum hætti að þessu sinni. Ný ríkisstj. hefur tekið við undirbúningi fjárlaga úr höndum fráfarandi stjórnar á síðari helmingi ársins. Má því segja með nokkrum sanni, að hér sé á ferðinni afkvæmi, sem getið sé af fráfarandi stjórn, en fætt og fóstrað undir handarjaðri núv. stjórnar. Engir vita betur en Íslendingar, að ættfræðin skiptir máli, og þessu ættfræðilega atriði má sízt af öllu gleyma, þegar Alþ. tekur nú til meðhöndlunar þetta hið fyrsta af mörgum væntanlegum börnum núv. stjórnar.

Lítum fyrst á tekjuhlið frv. Að sjálfsögðu mótast tekjurnar fyrst og fremst af þeim skattalögum, sem í gildi eru og nýja stjórnin er bundin við meðan breyting hefur ekki verið gerð. Endurskoðun skattalaga er nú hafin, en þar er um gífurlegt verk að ræða og enn ekki ljóst, hvenær því verður lokið. Hin nýja ríkisstj. hefur engu lofað um, að skattar verði lækkaðir. En því hefur fyrst og fremst verið heitið að skipta byrðinni með réttlátari hætti.

Um útgjöld ríkisins gegnir svipuðu máli og um tekjurnar. Gjöldin mótast af gefnum loforðum, gerðum samningum og settum lögum. Fáum getur dulizt, að nýja ríkisstj. tekur við stórfelldum vandamálum, sem hrúgazt hafa upp á seinustu misserum og fráfarandi stjórn hefur skilið eftir sig án þess að gera nokkra tilraun til þess að leysa. Lítum nánar á viðskilnað fráfarandi stjórnar. Á 12 ára valdaskeiði hennar var verðbólga hér á landi meiri en áður hafði þekkzt. Efnahagslífið fór nýja og nýja kollsteypu svo til á hverju ári og tvisvar sinnum tvívegis var gengi krónunnar fellt. Verðstöðvunin, sem á var sett 7 mánuðum fyrir kosningar, stöðvaði ekki nema á yzta borði þá verðbólguskriðu, sem ætt hafði áfram jöfnum hraða allan seinasta áratug. Stórfelldar hækkanir, sem leyfðar voru skömmu fyrir verðstöðvun, hafa aftur kallað á nýjar hækkanir. Verðlagningarvandamálin hafa hrúgazt upp. Afleiðingar hrikalegra gengisfellinga 1967 og 1968 eru enn að koma fram með ýmsum hætti. Verðstöðvun með fáeinum pennastrikum nokkrum mánuðum fyrir seinustu kosningar, án nokkurra frekari mótaðgerða gegn verðbólgunni, hefur því verið lítið annað en gálgafrestur, biðtími meðan menn neituðu að horfast í augu við vandann. Þegar nýja ríkisstj. tekur við, er enga verðbólgu að sjá. Dýrtíðarflauminum hefur öllum verið safnað saman í stóra stíflu, sem stöðugt hækkar í. Þetta er eitt af hinum risavöxnu vandamálum, sem nýja stjórnin tók í arf frá hinni gömlu og olli miklum hrolli þegar í fyrravetur meðal hreinskilnustu stuðningsmanna fráfarandi stjórnar.

Jafnhliða þessu fær svo nýja stjórnin upp í fangið þann mikla vanda, sem fylgir niðurgreiðslukerfi fráfarandi stjórnar. Samkv. því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru 1 600 millj. kr. ætlaðar í niðurgreiðslur. Langmestur hluti af þessum niðurgreiðslum var ákveðinn í tíð fráfarandi stjórnar, en nýja stjórnin hefur orðið að bæta því við, sem fylgdi í kjölfar óhjákvæmilegra leiðréttinga á kaupgjaldsmálum launþega. Hér er um gífurleg vandamál að ræða, sem enn hafa ekki verið leyst. En þessi mikla upphæð er til marks um, hvílík nauðsyn er, að allt kerfið verði nú tekið til endurskoðunar. Auk alls þessa hefur svo nýja ríkisstj. þurft að taka á sig ýmiss konar meiri háttar útgjöld umfram þau, sem fyrir voru, vegna margs konar samninga frá fyrri tíð. Þannig er t. d. búið að ákveða hækkanir til opinberra starfsmanna fyrir löngu, og nema launahækkanir samtals í ýmsu formi um 900 millj. kr. Mjög háar fjárhæðir hefur einnig þurft til að uppfylla gefin fyrirheit bæði í tryggingamálum, heilbrigðismálum og ýmsum framkvæmdamálum.

Viðskilnaður fráfarandi stjórnar er heldur ljótur og ber því skýran vott, að lifað hefur verið fyrir líðandi stund og allt látið draslast fram yfir kosningar meira eða minna stefnulaust. Hitt er svo allt annað mál, að ytri aðstæður fyrir þjóðarbúið hafa verið einstaklega góðar núna á seinustu misserum, og það hefur vissulega bjargað miklu. Árferði til lands og sjávar hefur verið hagstætt, heyskapur mikill og aflafengur heldur góður. Aflinn á vetrarvertíð náði að vísu ekki því hámarki, sem hann náði í fyrra, en sumar- og haustaflinn hefur verið ágætur. Úrslitum hefur þó ráðið frábærlega gott verð á erlendum mörkuðum, sem á mestan þátt í því, að talið er, að heildartekjur þjóðarinnar muni vaxa á þessu ári um 11%, en sjálf framleiðslan er talin munu aukast um 5–6% á sléttu verði. Varla þarf þó að taka fram, að gott árferði og hagstætt markaðsverð verður hvorki þakkað fráfarandi né núv. ríkisstj. En vegna þessara óvenjulegu ytri aðstæðna hafa tekjur ríkisins aukizt meira en nokkurn grunaði. Innflutningur hefur verið miklu meiri en áður og þar með öll umsetning, sem aftur hefur haft í för með sér stórauknar tekjur af tollum og söluskatti. Það er eins ótvírætt og verða má fyrir hvern, sem vill kynna sér staðreyndir, að ástandið í peningamálum ríkis og þjóðar hefði verið harla ískyggilegt nú í vetrarbyrjun, að ekki sé meira sagt, ef ekki hefði komið til hið hagstæða árferði og háa afurðaverð á erlendum mörkuðum. Þúsundir milljóna hefði á vantað til að endar næðu saman, og þetta var einmitt það, sem við blasti, þegar hrollurinn margumræddi fór um hagfræðiprófessorinn Ólaf Björnsson.

Ég hef rætt hér nokkuð um viðskilnað fráfarandi ríkisstj. Enn er þó ótalinn sá þátturinn í viðskilnaði fyrri stjórnar, sem sízt af öllu má gleymast, en það er viðskilnaðurinn við þá ýmsu hópa þjóðfélagsins, sem minnstar tekjurnar hafa. Þannig stóð á, þegar stjórnin fór frá, að þrátt fyrir stórauknar þjóðartekjur og mikla tekjuaukningu hjá ýmsum þjóðfélagshópum, áttu flestar láglaunastéttir þjóðfélagsins eftir að fá leiðréttingu sinna mála. Fyrst er eðlilegt að minna á gamla fólkið og öryrkjana, sem allra minnst hafa, en áttu þó ekki að fá neina leiðréttingu á kjörum sínum fyrr en á árinu 1972. Það var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. að láta 20% hækkun örorkubóta og ellilauna koma þegar til framkvæmda, og áfram verður haldið á þeirri braut. Sjómenn á fiskiskipum hafa lengi verið frámunalega

illa launaðir, þótt starf þeirra sé allt í senn eitt hið hættulegasta og erfiðasta, sem hugsazt getur, og um leið eitt allra mikilvægasta frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Þegar í fyrravetur var farið að bera á því, að skortur væri á dugandi sjómönnum til starfa, enda fullkomlega eðlilegt, að þeir leiti til rólegri starfa í landi, þegar þar er nóg að gera og öllum ráðum er beitt til að rýra sjómannshlutinn. Þessu breytti sjútvrh. þegar á fyrstu starfsdögum sínum og hækkaði kjör sjómanna á fiskiskipum og togurum um 18%. Það varð heldur en ekki gauragangur í blöðum fráfarandi stjórnar, þegar þetta tvennt var gert, að auka tryggingarnar og bæta kjör sjómanna. „Furðulegar ráðstafanir", sagði Morgunblaðið 21. júlí s. l. um hækkunina til sjómanna. Og sama blað sagði, með leyfi forseta:

„Það er augljós stefna ríkisstj. að slá upp veizlu í þjóðarbúinu og útdeila öllum tiltækum föngum þegar í stað."

Þeir hinir sömu, sem samþykkt höfðu stórfelldar hækkanir til hæst launuðu embættismanna ríkisins, leyfðu sér nú að býsnast yfir bruðli vinstri stjórnarinnar og kölluðu það veizluhöld, þegar gamla fólkið fékk 6 þús. kr. til að lifa af á mánuði. Þessi furðulegu viðbrögð stjórnarandstæðinga sýna svo glöggt sem verða má, hvers mátt hefði vænta, ef þeir hefðu farið áfram með völd í landinu. Sjómenn hefðu leitað í land í vaxandi mæli, sjósókn hefði minnkað, afli dregizt saman, undirstaðan, sem allt annað hvílir á, hefði veikzt í stað þess að vaxa og stækka eins og nú er. Og hvers hefði mátt vænta nú í haust, ef fráfarandi stjórn hefði ráðið ferðinni? Enginn þarf að efast um, að komið hefði til stórfelldra verkfalla og vinnustöðvana, sem kostað hefðu þjóðarbúið hundruð ef ekki þúsundir millj. kr., eins og oft hefur gerzt á nýliðnum áratug. Vinnuveitendur hefðu talið sig hafa sterka aðstöðu til að hafna launahækkunum og styttingu vinnutímans. Nú er taflinu snúið við. Verkalýðshreyfingin hefur loksins fengið ríkisvaldið að bakhjarli. Stytting vinnuvikunnar, lenging orlofs og 20% hækkun launa í áföngum er beinlínis á stefnuskrá stjórnarvalda og þess vegna eru nú auknar líkur á því, að takast megi að leysa úr deilu verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda á friðsamlegan hátt.

Og enn má lengi rekja hinn langa slóða óleystra vandamála, sem fráfarandi ríkisstj. hefur skilið eftir sig. Á miðju sumri kom í ljós, að stærsta skipasmíðastöð landsins var algerlega komin í þrot og leitaði á náðir ríkisvaldsins um fyrirgreiðslu, sem talin er nema mörgum tugum millj. Ein af stærstu niðursuðuverksmiðjum landsins, Norðurstjarnan í Hafnarfirði, sem reyndist einnig komin í mikla þröng, bað um leyfi að mega selja vélarnar til útlanda og hætta þar með öllum rekstri. Almennt má segja, að undir kraftlausri forustu fráfarandi ríkisstj. hafi íslenzkt atvinnulíf oltið áfram stefnulaust og stjórnlaust. Áætlanir á sviði einstakra atvinnugreina hafa engar verið til. Ef sæmilegan hagnað hefur mátt fá á ákveðnu sviði, hafa tugir manna rokið til og fjárfest hundruð millj. í vélum og tækjum. Meginhluti fjárins hefur verið fenginn að láni af almannafé, úr opinberum sjóðum og lánastofnunum, sem lánað hafa hver um sig meira eða minna blindandi án nokkurrar yfirsýnar yfir þróun viðkomandi atvinnugreinar. Afleiðingin hefur oft orðið sú, að allt of margir aðilar hafa lent í sams konar framleiðslu eða tekið upp svipaða þjónustu, sem aftur hefur leitt til þess, að fyrirtækin hafa verið allt of lítil og óarðbær og álagning að sama skapi há. Það er einhuga ásetningur stjórnarflokkanna þriggja, að á verði komið markvissari vinnubrögðum í atvinnumálum þjóðarinnar og virkari stjórn á fjárfestingarmálum. Með væntanlegu frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins verður stefnt að því að sameina í einni sterkri stofnun tvo þýðingarmestu þætti atvinnumála, víðtæka áætlunargerð og stjórn fjárfestingarmála.

Formaður Sjálfstfl., hv. þm. Jóhann Hafstein, fjallaði nokkuð um málefnasamning ríkisstj. í langri ræðu s. l. mánudag. Fátt, sem þar kom fram, getur talizt svaravert, enda hefur þm. tekið upp þess háttar ræðustíl síðan hann hvarf úr ráðherrastól, sem helzt virðist ætlaður til skemmtunar fyrir baráttuglaða Heimdallarstráka. Í fáeinum háðsglósum, sem hann varpaði fram um væntanlega Framkvæmdastofnun ríkisins, reyndi hann að telja mönnum trú um, að verið væri að stofnsetja nýtt leyfakerfi, eins og hann orðaði það, með leyfi forseta, „úthlutunarkerfi til þess að úthluta gæðum lífsins til einstaklinganna af opinberum pólitíkusum". Það þarf tæpast að taka fram, að þetta er innantómur áróður. Það hefur enginn lagt til og enn síður ákveðið, að upp verði tekin úthlutun fjárfestingarleyfa eins og Sjálfstfl. stóð fyrir á sínum tíma. Hins vegar er óhjákvæmilegt og sjálfsagt að reyna að tryggja, að fjármagn úr opinberum sjóðum og lánastofnunum renni ekki í hvaða vitleysu sem vera skal, heldur til framkvæmda, sem þurfa að hafa forgang af þjóðhagslegum ástæðum. Meðan lánsfjármagn er ekki ótakmarkað, verður það alltaf svo, að sumar framkvæmdir njóta lánsfyrirgreiðslu og aðrar ekki. Spurningin er aðeins sú, hvort tiltæku lánsfjármagni sé ráðstafað í blindni með happa- og glappaaðferðinni eða hvort reynt sé að tengja útlánin, eftir því sem unnt er, við fyrir fram gerðar áætlanir um skynsamlegasta uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega.

Það var eitt megineinkennið á fjármálakerfi fráfarandi stjórnar, að hundruð millj. kr. voru veitt flokksgæðingum, sem m. a. kepptust um að byggja sem glæsilegastar verzlunar- og skrifstofuhallir. Á sama tíma var sáralítið fé afgangs til ýmiss konar atvinnugreina, sem afla gjaldeyris og hljóta að vera undirstöðugreinar í atvinnulífi þjóðarinnar. Tökum sem dæmi niðursuðu- og niðurlagningariðnað landsmanna. Meðan nálægar fiskveiðiþjóðir hafa byggt upp slíkan iðnað hröðum skrefum, hefur allt hjakkað hér í sama farinu árum saman. Ekkert átak hefur verið gert af opinberri hálfu til að afla markaða. Fyrir nokkrum árum voru fimm niðursuðuverksmiðjur búnar að útvega sér mikla fjárhæð að láni frá erlendri lánastofnun, sem hafði sannfærzt um möguleika þessarar íslenzku iðngreinar og vildi fjármagna sókn þeirra inn á erlenda markaði. En innlend bankafyrirgreiðsla, sem sett var að

skilyrði, fékkst aldrei. Markaðsmálin hafa stöðugt verið í algerum molum, en innlendar lánastofnanir hafa neitað að veita óhjákvæmileg hráefnis- og afurðalán, nema samningar um sölu til erlendra aðila lægju fyrir. Málefni þessa iðnaðar hafa því verið í algerum vítahring. Þessu þarf að breyta, og það verður gert á grundvelli áætlunarbúskapar og í samræmi við augljósa hagsmuni þjóðarinnar.

Munurinn á stefnu núv. og fráfarandi ríkisstj. í atvinnumálum kemur einnig afar skýrt í ljós í tengslum við raforkumál landsins. Fráfarandi stjórn var búin að bíta í sig þá kreddu, að ekki væri mögulegt að ráðast í stórar virkjanir, nema áður væri búið að semja um raforkusölu til útlendinga. Ítrekaðar yfirlýsingar hv. þm. Jóhanns Hafstein, hæstv. fráfarandi iðnrh., benda ótvírætt til þess, að ekkert frekar hefði verið aðhafzt í virkjunarmálum, ef illa hefði gengið að finna erlenda kaupendur. Eini atvinnureksturinn, sem notið hefur frábærrar fyrirgreiðslu íslenzkra stjórnvalda á liðnum árum, eina svið atvinnumála, þar sem ríkisvaldið hefur haft raunverulega forustu og frumkvæði og beitt áætlanagerð og skipulagningu, er einmitt stóriðjurekstur erlendra auðfélaga í landinu. Það var opinber trúarjátning frávarandi stjórnar, að í iðnaðarþróun næstu ára yrði vaxtarbroddinn að finna í atvinnurekstri útlendinga. Í þessum áformum var Íslendingum ætlað það hlutverk eitt að útvega ódýrt vinnuafl og rafmagn á kostnaðarverði. Erlendir menn áttu að eiga fyrirtækin og flytja svo arðinn af rekstrinum út úr landinu. Á þessu sviði tákna stjórnarskiptin í sumar grundvallarstefnubreytingu, sem líklega er þyngri á metunum fyrir íslenzkt efnahagslíf en flest annað. Þótt skammt sé liðið frá myndun hinnar nýju ríkisstj., hafa þegar verið teknar ákvarðanir um 150 megawatta stórvirkjun við Sigöldu og samtengingu orkuveitusvæðanna fyrir norðan og sunnan. Gerð verður áætlun um uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í eigu landsmanna sjálfra og áherzla lögð á hvort tveggja, léttan smáiðnað víðs vegar um land og orkufrekan þungaiðnað jafnframt því, sem stefnt verður að húsahitun í stórum stíl með raforku, þar sem hún er hagkvæmari en varmaorkan. Stjórnarskiptin og myndun nýrrar ríkisstj. hafa borið með sér ferskan gust, sem hvarvetna má nú kenna í þjóðlífinu. Aukin bjartsýni er nú ríkjandi og trú á möguleikum Íslendinga til að standa sjálfstæðir á eigin fótum án pólitískrar eða efnahagslegrar yfirdrottnunar erlendra manna.

Fráfarandi ríkisstj. gat ekkert aðhafzt í landhelgismálinu. Hún var lömuð af fyrri gerðum sínum, bundin af brezka samningnum frá 1961, sem hún vildi ekki segja upp. Hún gat ekkert ákveðið og enga stefnu mótað, en beið þess, sem verða vildi á alþjóðlegum vettvangi. Á aðeins hálfu ári eru orðin alger umskipti. Nú heyrist ekki lengur úr herbúðum fráfarandi stjórnar, að einhliða útfærsla landhelginnar sé ævintýrapólitík eða siðlaust athæfi, eins og sagt var hér í útvarpsumr. á Alþ. fyrir rétt rúmu hálfu ári. Nú, þegar stefnan er mótuð og engum getur lengur dulizt, að þetta er vilji þjóðarinnar, er tónninn hjá talsmönnum fráfarandi stjórnar orðinn allt annar. Þessu ber að fagna, enda er ekkert jafnörlagaríkt á næstu misserum og einmitt það, að almenn og góð samstaða náist um útfærslu landhelginnar.

Samhliða hinni nýju sókn í landhelgismálinu er svo loksins að komast verulegur skriður á endurnýjun togaraflotans. Það er tvímælalaust einn ljótasti bletturinn á valdaferli fráfarandi ríkisstj., hvernig togveiðarnar hafa drabbazt niður og togaraflotinn skroppið saman ár frá ári. Árum saman fluttu þm. Alþb. tillögur á Alþ. um kaup á skuttogurum og sérstaka fyrirgreiðslu ríkisvaldsins í því sambandi, en í meira en hálfan áratug gerðist ekki neitt í þessu máli. Það var svo loks fyrir rúmu einu ári, að fyrrv. ríkisstj. féllst á að láta smíða sex togara, og bætti svo tveimur við í vor. Við stjórnarskiptin í sumar hefur verið rækilega rutt úr vegi þeirri stíflu, sem fyrir var, hvað snertir endurnýjun togaraflotans. Fyrirgreiðsla ríkisvaldsins hefur verið bætt mjög verulega. Lán til kaupa á meðalstórum skuttogurum erlendis frá hafa verið hækkuð úr 72% af kaupverði í 85%, og lán til smíði á togskipum innanlands hafa verið hækkuð úr 85 í 90% af byggingarverði. Sóknin í landhelgismálinu, hækkandi verðlag á afurðum og hin stóraukna fyrirgreiðsla hefur vakið upp meiri áhuga á togarakaupum en dæmi eru til um áratugaskeið. Stjórnarflokkarnir settu sér það markmið í málefnasamningnum að gera ráðstafanir til, að landsmenn gætu eignazt a. m. k. 15–20 skuttogara af ýmsum stærðum og gerðum svo fljótt sem verða mætti. Það er þó þegar ljóst, að hin nýja forusta í sjávarútvegsmálum og stóraukin fyrirgreiðsla mun leiða til enn stórfelldari endurnýjunar á togskipaflotanum en nokkur þorði að reikna með fyrir þremur mánuðum, þegar málefnasamningurinn var gerður.

Ég hef vikið hér nokkuð að atvinnumálum, vegna þess að á þeim hvílir fjárhagur ríkisins framar öllu öðru. Umskipti í atvinnumálum landsmanna eru algert skilyrði fyrir því, að unnt sé að róta upp í fjármálakerfi fráfarandi stjórnar. Umskiptin frá tíð hinnar gömlu stjórnar koma betur og betur í ljós með hverjum deginum. Af úrslitum kosninganna í sumar má auðveldlega ráða, að þessi umskipti voru langþráð. Í marga áratugi hefur ekki orðið önnur eins sveifla meðal kjósenda, og sjaldan hefur íslenzkri ríkisstj. verið varpað á dyr með jafn afgerandi hætti. Sjaldan hefur þjóðin verið fegnari að fá nýja stjórn í staðinn fyrir gamla, þreytta ráðh. Þessi afdráttarlausu viðbrögð kjósenda þarfnast varla skýringa. Kjósendur vísuðu á bug því efnahagskerfi, sem nýlega hefur kallað yfir þá meira atvinnuleysi og meiri fólksflótta af landi brott en dæmi eru til um áratuga skeið. Kjósendur afneituðu fjármálakerfi fráfarandi stjórnar, sem dembt hefur yfir þá meiri verðbólgu en nokkru sinni fyrr og hefur þó jafnframt átt í stöðugri styrjöld við launþegasamtökin í viðleitni sinni til að halda lífskjörum lægst launuðu stéttanna í algeru lágmarki. Jafnframt lagði meiri hluti landsmanna áherzlu á það með atkv. sínu, að ákveðin afdráttarlaus stefna yrði nú mörkuð í landhelgismálinu eftir margra ára hik. Og kjósendum hefur orðið að ósk sinni. Hin nýja ríkisstj. hefur þegar áorkað miklu, og þó

er býsna margt ógert. Umskiptin á öllum sviðum verða þó aldrei framkvæmd í einu vetfangi. Fráfarandi stjórnarflokkar hafa byggt upp öflugt valdakerfi í kringum sig í meira en áratug einir og ótruflaðir, og það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma fyrir nýjan meiri hluta að fá völdin í sínar hendur. Það er ekki aðeins, að allar stjórnir og ráð, sem Alþ. kýs, séu enn með pólitísku meirihlutavaldi fráfarandi stjórnar. Hvarvetna annars staðar, þar sem máli skiptir, hafa íhaldsöflin tryggt aðstöðu sína. Þjóðin fékk nokkra innsýn í valdabrask fráfarandi stjórnar dagana eftir kosningar, þegar ráðh. fóru að hamast við að skipa menn í stöður og embætti svo að tugum skipti, m. a. í rn. sjálfum, eftir eð þeir voru búnir að segja af sér formlega og opinberlega. Þessi purkunarlausa ósvífni, sem hvergi á sinn líka í nokkru nálægu landi, gefur ofurlitla hugmynd um, hvílík misbeiting á pólitísku valdi hefur átt sér stað á 12 ára tímabili, þegar þannig er að farið á seinustu valdadögunum.

Í fyrrnefndri ræðu, sem Jóhann Hafstein flutti s. l. mánudag, varpaði hann fram þeim spaklegu ummælum, að Sjálfstfl. legði einn allra flokka áherzlu á gildi einstaklingsins. Þar höfum við það. En spurningin hlýtur að vera, hvort umhyggja fyrir einstaklingnum dregur ekki nokkuð skammt, ef fjöldinn er vanhirtur. Sjálfstfl. hefur alla tíð barizt mest fyrir hagsmunum þeirra einstaklinga, sem bezt hafa efnin. Svo að dæmi sé nefnt stóð flokkurinn á s. l. vetri fyrir nýjum skattareglum, sem veita stórfyrirtækjum tækifæri til að draga verulegan hluta af tekjum sínum undan skatti, bæði með beinum frádrætti og hinum furðulegustu afskrifta- og fyrningarreglum. Auðvitað þarf enginn að efast um umhyggju Sjálfstfl. fyrir gildi þeirra einstaklinga, sem þarna eiga hlut að máli. En hvað um allan fjöldann, sem af þessum sökum verður að taka á sig þyngri byrðar, verði þessum fáránlegu ákvæðum ekki fljótlega breytt? Stjórnarskiptin fela í sér breytt gildismat íslenzkra valdhafa. Hin nýja ríkisstj. er ekki til þess mynduð að vernda hagsmuni fárra einstaklinga, sem oft hafa margfaldar tekjur fyrir litla vinnu. Þetta er ríkisstj. hins vinnandi fjölda, ríkisstj. þeirra, sem vilja vinna að málum í anda jafnaðar og félagshyggju. Alþb. mun styðja þessa ríkisstj. af fremsta megni og gera sitt til að varðveita hinn ágæta samstarfsanda, sem ríkt hefur í samskiptum flokkanna þriggja frá myndun núv. ríkisstj. – Góða nótt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar, vil ég segja þetta. Það er misskilningur hjá þessum hv. þm., ef hann heldur það, að ég líti öðru vísi á ríkisfjármálin og efnahagsmálin nú heldur en ég hef áður gert. Ég hef haldið því fram í sambandi við umr. um fjárlög hér á hv. Alþ. undanfarin ár og ég held því fram enn þá, að það sé verðbólgan, sem setur svip sinn á afgreiðslu fjárlaga, og hún setur svip sinn á þetta fjárlagafrv. Ég tók það fram í minni framsöguræðu, en þeir hv. þm. Magnús Jónsson og Jón Árm. Héðinsson munu hafa samið sínar ræður áður og ekki reiknað með, að ég mundi tala svo nú. Og ég skal taka eitt gott dæmi, sem tekur af öll tvímæli um það, hvernig verðbólgustefna fyrrv. ríkisstj. hefur ráðið ríkjum í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins, og það er það, þegar hv. þm. Magnús Jónsson talaði um góðærið og góða búið, sem núv. ríkisstj. hefði tekið við.

Það er rétt. Það er einstakt góðæri í landinu, einstakt góðæri. En það er sönnun fyrir verðbólgustefnunni, að þegar slíkt góðæri er, svo að gera má ráð fyrir með sæmilegu öryggi, að tekjur ríkissjóðs hækki í þriðja milljarð á milli ára, þá er ekki rúm fyrir eðlilegar framkvæmdir á fjárlagafrv., vegna þess að verðbólgan gleypir þetta í gegnum niðurgreiðslur, í gegnum launahækkanir og gegnum aukinn rekstrarkostnað, sem allur er tengdur verðbólgustefnu fyrrv. ríkisstj. Og það er ekki hægt að fá betra sönnunargagn heldur en það, sem hv. þm. Magnús Jónsson hélt fram um stefnu fyrrv. ríkisstj., þegar slíkt góðæri, sem nú er, getur ekki einu sinni haldið í við hana.

Hv. þm. Magnús Jónsson talaði um tillögur okkar í stjórnarandstöðunni á fyrri þingum í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Ég hef athugað það, sem ég reyndar mundi, hversu fyrirferðarmiklir við höfum verið í tillögugerð í sambandi við fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár. Á þinginu í fyrra fluttum við við 2. umr. tillögur um hækkun útgjalda upp á 101 millj., og þá voru fjárlög samt á 12. milljarð. Og við 3. umr. frv. fluttum við aðeins eina tillögu, minni hl. í fjvn., og það var tillaga um að hækka námsaðstoðina við dreifbýlisunglingana úr 12 í 25 millj. kr. Við sömdum svo við páv. menntmrh. um að þoka þessu upp í 15. millj. kr., en höfum nú þegar sett það í 25 millj. strax og við höfðum áhrif til og erum að vinna að því að athuga málið betur, og það er gert hjá hæstv. menntmrh. nú og verður athugað, svo að við gerum okkur grein fyrir því á þessu þingi, hvað raunverulega þarf til að jafna þessa aðstöðu.

Hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, talaði um það, að þetta fjárlagafrv. væri nú þannig, að það væri mikið los í því og þyrfti mörgu að breyta, ef vel ætti að fara. Skyldi það nú hafa komið fyrir áður hér á hv. Alþ.? Síðasta fjárlagafrv. hækkaði um tæpan milljarð í meðförum Alþ. En það er ekki nóg með það. Ef við lítum á þingsögu síðustu ára, þá hefur það verið svo, að þegar búið hefur verið að afgreiða fjárlagafrv., þá hefur verið tekið upp annað fjárlagafrv., og ég hef hér fyrir mér registur yfir það frá árunum 1965–1966. Þá var gefið út annað fjárlagafrv. árið 1966 vegna efnahagsmála, um 80 millj., á þinginu 1966–1967 upp á 230 millj., á þinginu 1967–1968 upp á einar 300–400 millj. og svo kom gengisfall um haustið. Á þinginu 1968–1969 eftir gengisfallið, sem kom árið 1968, komu eiginlega viðbótarfjárlög í hverjum einasta mánuði. Svo kom gengisfall um haustið og árið 1969 mun vera eina árið, sem engin viðbótarfjárlög hafa komið. Árið 1970 komu svo verðstöðvunarlögin með nýjum fjárlögum, því að þá voru teknir upp nýir skattar og nýjar ákvarðanir teknar í sambandi við fjárlögin. Og á árinu vegna fjárlaga 1971 gerist það svo, að þau eru afgreidd með þeim hætti, að það vantaði upp undir 900 millj. kr. á

útgjaldaliði fjárlaga til þess að þeir væru í samræmi við raunveruleikann. Og svo talar hv. þm. um, að það sé los í þessu fjárlagafrv., það þurfi sennilega að breyta því eitthvað hér á hv. Alþ., því að það sé ekki séð fyrir öllu, þegar fjárlagafrv. er rétt lagt fram og þeir, sem að því unnu, höfðu tæpa tvo mánuði til þess að vinna málið. Þarf nú nokkurn að undra, þó að ekki sæi í botn. Auk þess er nú fjárlagafrv. með þeim hætti, að það er ætlazt til þess, að Alþ. hafi þar einhver áhrif.

Þá talaði hv. þm. um, að það hefðu nú verið ferðalög og risna mikil hjá núv. ríkisstj. Það var nú annað uppi hjá þeim, sem áður voru. Ekki ferðuðust þeir, ekki einu sinni menntmrh. En ég man eftir því, að árið 1968 var hér til meðferðar frv. um sparnað á útgjöldum ríkisins og eitt í sparnaðartillögunum var að lækka kostnað við risnu og ferðalög. Þetta var lækkað um 1–2 millj. En reyndin varð svo sú, að þegar ríkisreikningurinn kom, þá var risnan og ferðalögin hærri en upphaflega tillagan, þannig að það var meira, sem fór, heldur en sparnaðurinn, því að það var bætt nokkru við það, sem gert var ráð fyrir, þegar fjárlagafrv. var upphaflega á ferðinni.

Út yfir tók þó í ræðu hv. þm., þegar hann fór að tala um hækkun á launalið starfsfólksins í stjórnarráðinu. Engum átti þó að vera kunnugra en hæstv. fyrrv. fjmrh., að inn á launalið starfsfólksins í stjórnarráðinu, sem annarra ríkisstarfsmanna, vantaði árið 1968 það, sem samið var um í kjarasamningnum. Og þarf nokkurn að undra, þó að það sé hækkun frá árinu 1971, þegar ekki er tillit tekið til þeirrar hækkunar, sem varð með kjarasamningnum árið 1971 og árið 1972? Ég varð nú undrandi, þegar ég heyrði hv. þm. tala um slíkt, því að þar vissi hann nú betur en kom fram í þessari setningu.

Þá taldi hv. þm. Magnús Jónsson, að ég hefði gefið mörg fyrirheit um sparnað í ríkisrekstrinum. Ég tel mér hins vegar trú um það, að ég sé miklu aðgætnari en hann í fyrirheitum um sparnað í ríkisrekstrinum, því að þegar hann var í stjórnarandstöðu 1958 og ekki búinn að kynnast því að verða ráðh., þá sagði hann við páv. fjmrh., Eystein Jónsson, að auðvitað mætti spara í ríkisrekstrinum, það þarf ekkert nema réttsýni og kjark til þess að koma sparnaði við. Ég held því hins vegar ekki fram, að það þurfi bara réttsýni og kjark. Það þarf miklu meira til. Það þarf skipuleg vinnubrögð og skipulega athugun á ríkiskerfinu, ef á að koma þessu í framkvæmd.

Þá var hv. þm. að tala um verklegar framkvæmdir, að ekki væri nóg ætlað til þeirra og það þyrfti nú meira til vegamála en orðin tóm, og rétt er nú það. Kunnugt er mér um það, að meira þarf en nokkur orð til þess að ná peningum, a. m. k. úr hans höndum úr ríkissjóði til vegamála, því að þegar við vorum í brasinu um að hækka skattana til vegagerðarinnar í fyrra, þá gekk ég í það með Ingólfi Jónssyni og Eysteinn Jónsson líka að reyna að knýja páv. fjmrh. til að leggja meira fé í vegina, og okkur tókst nú eftir allt baslið að hafa út úr honum 5 millj. Það var söluskatturinn, sem hann hafði af hækkuninni á bensíninu vegna breytingar á skattinum, sem við vorum að gera, svo að mér er það ljóst, að það þarf meira en orðin tóm til þess að fylgja þessu eftir, og það verða engir vegir lagðir, nema fjármunir komi til. Þeir hafa nú ekki, fyrrv. stjórnarherrar, verið svo stórtækir í tillögum um verklegar framkvæmdir, þó að þeir hresstu upp á sálina í fyrra, því að kosningar voru fram undan. Ég hef gert athugun á því, hvað tillögur þeirra um framlög til verklegra framkvæmda hafa hækkað á milli ára frá fjárl. til frv., og 1969 var það 13% frá fjárl. 1968, 1970 var það 10%, 1971 var það 22% og þá komust þeir lengst, enda kosningar fram undan, og nú verður það 20%, svo að við erum í fyrstu lotunni að ná þangað, sem þeir voru í þeirri síðustu.

Þá var það, sem hv. þm. sagði um veðdeildina. Mér er það ljóst, að þessar 2.5 millj., sem voru á núv. fjárl. til veðdeildarinnar, eru ekki í frv. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í dag, að það mál verður tekið til sérstakrar athugunar, og ég treysti því nú, að það verði a. m. k. hægt að hressa upp á þessar 2.5 millj., sem þeir komu inn á fjárlög á sínu síðasta valdaári, – að svo langt verði nú hægt að ná. En fjármálum veðdeildar landbúnaðarins verður ekki bjargað með því, það þarf miklu meira til, og það er stórmál, sem þarf að vinna að að leysa og verður reynt að vinna að, svo að einhver skikkanleg lausn fáist þar á.

Hv. þm. var hissa á því, að ég teldi, að það væri nokkurt mál, sem fjvn. Alþ. mundi vinna að. Ég hef alltaf litið á störf hennar þannig og tel mig hafa kynnzt því, að hún hefur veruleg áhrif og á að hafa það og mun á þessu þingi sem öðrum vinna gott verk að því að ganga frá þeim fjárlögum, sem Alþ. mun síðar samþykkja.

Hann nefndi það, hv. þm. Magnús Jónsson, að þá vantaði teknamegin það, sem við ætti að éta. Ég gerði hins vegar grein fyrir því og það er gerð grein fyrir því í fjárlagafrv., að tekjustofnar ríkisins eru í sérstakri athugun og tekjuáætlun nú er alveg byggð á þeim sköttum og þar með þeirri vísitölu, skattvísitölu, sem er nú í gildi samkvæmt lögum, og eftir því er farið. En hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessum þáttum verði breytt, áður en fjárlagafrv. verður afgreitt.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, sagði, þá var það nú margt á svipuðum nótum og hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann sagði, að ég hefði sagt, að fjárlagafrv. væri spegill af þeirri efnahagsstefnu, sem ríkti, og ég endurtek það og þess vegna er það einmitt verðbólgan, sem enn þá er ráðandi aflið, og núv. ríkisstj. hefur því miður ekki tekizt að ráða niðurlögum hennar, enda væri það undarlegt, ef það hefði gerzt á jafnstuttum tíma og þessi ríkisstj. hefur setið.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og legg til, að fjárlagafrv. verði vísað til hv. fjvn. og umr. verði frestað. – Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 23. fundi Sþ., 13. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Fjvn. sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við fjárlagafrv. við þessa umr. og leggur til, að því verði vísað til 2. umr.

Forseti (EystJ): Í samræmi við venju, sem skapazt hefur allmörg undanfarin ár, hefur verið leitað samkomulags þingflokkanna um að fresta almennum stjórnmálaumr., sem á að halda við 1. umr. fjárlaga, svo kölluðum eldhúsdagsumr., en til þess þarf afbrigði frá þingsköpum. Formenn þingflokkanna mæla með því afbrigði og leyfi ég mér að leita þess.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumr. leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv. og frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 14. des., utan dagskrár, mælti:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í dag er 14. des. og á dagskrá Sþ. er frv. til fjárlaga fyrir árið 1972, 2. umr. Við þm. Sjálfstfl. skutum á skyndifundi nú, áður en þessi fundur í þinginu hófst. Í framhaldi af því kveð ég mér hljóðs um þingsköp, þar sem athugasemd mín snertir mikilvæg önnur mál en fjárlagafrv. Í gær var útbýtt í þinginu þremur stjfrv. um hin flóknustu málefni, frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga og frv. til laga um almannatryggingar. Stjórnarandstaðan hefur enga aðstöðu haft til þess að fylgjast með undirbúningi þessara frv. Mér er nær að halda, að hv. þm. stjórnarliðsins hafi einnig hinar fátæklegustu hugmyndir um það, hvað í þeim felst.

Aldrei fyrr hefur, svo að ég viti, verið flaustrað eins af afgreiðslu fjárlaga og nú. Segja má, að 2. umr. geti verið lítið annað en til málamynda að því leyti, hversu mikil óvissa ríkir um veigamestu þætti fjármálanna. Það eru þó aðeins nokkrir dagar til jóla, þegar venja er að gera hlé á störfum þingsins. Sagt er, að á tekjuöflun skorti allt að 2 000 millj. kr. til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hæstv. ríkisstj. hefur stofnað til eða verður að mæta. Útilokað er að afgreiða tekjuöflunarfrv. fyrir jólahlé. Ég held, að það sé einsdæmi, enda ekki verjandi að afgreiða fjárlög þannig, að ekki sé hægt að styðjast við tekjuöflunarlög, sem svara til útgjalda þeirra. Slíkt er óvirðing við Alþ. og óvirðing við þjóðfélagsþegnana. Sveitarstjórnir geta að sjálfsögðu með engu móti afgreitt fjárhagsáætlanir sínar fyrir næsta ár á þessu ári, eins og venja hefur verið t. d. í höfuðborginni Reykjavík, þar sem þær hafa ekki lög við að styðjast.

Að öðru leyti en nú er sagt skal ég, herra forseti, hafa mál mitt ádeilulaust, enda skortir mig, eins og aðra hv. þm., að hafa haft aðstöðu til þeirrar athugunar mála að efni til, sem eðli þeirra krefst. Ég leyfi mér hér með, hæstv. forsrh., að lýsa þeirri skoðun þm. Sjálfstfl., að ekki sé verjandi, að afgreiðsla fjárlaga fari nú fram, eins og til er stofnað, og sérstaklega meðan afgreiðsla tekjuöflunarfrv. hefur ekki farið fram. Að öðru leyti gætum við nú afgr. á örfáum dögum það af málum, sem bráðnauðsynlegt er að afgreiðslu hljóti og hægt er að ætlast til, að hv. þm. hafi aðstöðu til að marka afstöðu sína til. Ljúka mætti þessari 2. umr. fjárlagafrv., en láta þar staðar numið. Ég ætlast ekki til þess, að hæstv. forsrh. svari nú um hæl þessum mótmælum þm. Sjálfstfl., því telja verður eðlilegt, að hann fái tóm til þess að kalla saman fund í hæstv. ríkisstj., en stjórnarandstaðan ætti nú í dag að geta fengið vitneskju um afstöðu hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, vil ég segja það, að það hefur verið gert ráð fyrir því af hálfu ríkisstj. og stjórnarflokkanna, að fjárlög yrðu afgreidd fyrir jólaleyfi. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir því, að þau frv., sem voru lögð fram hér í gær, að ég ætla, varðandi tekjuöflun ríkisins og tekjustofna sveitarfélaga yrðu afgreidd fyrir jól, þannig að hv. þm. mun gefast nægur tími til þess að athuga þau mál og kynna sér þau. Tekjuáætlun fjárlaga mun hins vegar miðuð við þau frv.

Hv. þm. sagði, að slíkt mundi aldrei hafa komið fyrir áður. Ég hygg, að hann þurfi nú að athuga þingsöguna betur. Ég hygg, að það þurfi ekki að fara mjög langt aftur í tímann til þess að finna fordæmi fyrir því, en það er sjálfsagt að rannsaka það, og ég skal ekki vera með fullyrðingar um það, en mitt minni er nú þannig, að mig minnir fastlega, að það hafi átt sér stað áður, að ekki hafi verið afgreitt frv., sem gerði ráð fyrir ákveðinni tekjuöflun til þess að brúa bil í fjárlögum, heldur aðeins sýnt. Mér skildist á hv. þm., að hann hefði ekki á móti því, að 2. umr. fjárlaga færi fram, og ég geri þá ráð fyrir því, að hún geti farið fram með þeim hætti, sem fyrirhugað hefur verið, en að sjálfsögðu mun ég ræða þessar ábendingar hans í ríkisstj. og stjórnin mun athuga þær, en ég hygg nú, að ekki sé hægt að segja annað en að stjórnarandstæðingar hafi haft tækifæri til að kynna sér fjárlagafrv. og þau útgjöld, sem þar eru fyrirhuguð. Ég veit ekki betur en frv. hafi sætt alveg venjulegri meðferð og athugun í fjvn. Ég vil ekki á þessu stigi fara nánar út í að gera grein fyrir þeim frv., sem hér hafa verið lögð fram, og hvernig þeim er ætlað að mæta því, sem á vantar í tekjuhlið fjárlaga, en ég hef gert ráð fyrir því, að slíkt mundi koma fram á milli 2. og 3. umr. og þá mundi verða gerð nánari grein fyrir því í fjvn. Þetta vildi ég aðeins segja á þessu stigi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á fundum Alþfl. undanfarið hefur komið fram megn óánægja með það, hvernig málatilbúnaði af hálfu hæstv. ríkisstj. hefði verið hagað og þá alveg sérstaklega, hvernig undirbúningi fjárlagafrv. og allri meðferð þess hefur verið hagað. Fulltrúi Alþfl. í fjvn. hefur skýrt okkur frá því, að síðustu tillögur hæstv. ríkisstj. í sambandi við útgjöld á fjárlögum hafi komið fyrir fundi í fjvn. á fimmtudaginn var, og nú er þriðjudagur. Hæstv. ríkisstj. hefur

ekki enn lagt fram í fjvn. áætlun um tekjuhlið fjárlaga. Hitt er rétt, að hæstv. ríkisstj. sýndi í gær tvö tekjuöflunarfrv. um ríkistekjur og tekjur sveitarfélaga, mikla lagabálka, sem engum manni dettur að sjálfsögðu í hug, að hægt verði að afgreiða nú fyrir hátíðar. Ég hef átt sæti á Alþ. í 25 ár og ég hika ekki við að fullyrða, að í þann aldarfjórðung hefur aldrei gerzt neitt þessu líkt varðandi undirbúning á endanlegri afgreiðslu fjárlaga. Að kominn skuli vera 14. des. og fyrir örfáum dögum hafi verið útbýtt endanlegum útgjaldatillögum af hálfu ríkisstj. eða meiri hl. fjvn., að enn skuli ekki hafa séð dagsins ljós tillögur ríkisstj. um tekjuhlið fjárlaga. Ég hika ekki við að fullyrða, að það er áreiðanlega óhætt að rannsaka, að þetta hefur ekki gerzt áður, a. m. k. ekki þann tíma, sem ég hef átt sæti á Alþ., sem þó er orðinn 25 ár. Að sjálfsögðu hefur mér ekki frekar en öðrum þm. unnizt tími til þess að athuga þau tekjuöflunarfrv., sem lögð hafa verið fram og ekki á að afgreiða áður en fjárlög verða afgreidd, en í fljótu bragði sýnist mér, að ef með þeim einum á að ná saman endum á fjárlögum, þá þurfi tekjuskattur til ríkissjóðs að gera mun meira en tvöfaldast, auk þess sem sú gjörbreyting er gerð á tekjuöflunarkerfi sveitarfélaganna, að ég sé ekki, hvernig kaupstaðir landsins eiga að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum með sín tekjuöflunarmál í jafnmikilli óvissu og þau hljóta að verða, eftir að þessum frv. um tekjuöflun sveitarfélaga hefur verið útbýtt. Ég vek athygli á því, að þessi framkoma hæstv. ríkisstj. gagnvart hinu háa Alþ. er öldungis óvenjuleg, og í raun og veru ekki aðeins öldungis óvenjuleg, heldur einnig algjörlega óeðlileg. Ég skal engum getum að því leiða að þessu sinni, hvað þessu kunni að valda, en mér sýnist einnig sú staðreynd, að aðalfrv. hæstv. ríkisstj. um efnahagsmálin, frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, er enn í nefnd í hv. Nd., bera vott um, hversu mál hafa nú orðið síðbúin. Stórmál, sem ríkisstj. útbýtti í gær, var rétt áðan til meðferðar í hv. heilbr.- og félmn. Frv. um aukningu tryggingabóta, sem Alþfl. hefur lýst fullum stuðningi sínum við, kemur samt ekki fram fyrr en viku áður en þingi á að fresta fyrir hátíðar. Allt þetta ber vott um, að allur málatilbúningur af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur verið óvenjuseint á ferðinni og óvenjuseinvirkur, og ég get ekki séð annað en þetta beri vott um tvennt: Annars vegar virðast hæstv. ráðh. ekki eiga gott með að vinna saman og hins vegar virðast þeir ekki eiga gott með að vinna með embættismönnum. Á þetta hvort tveggja legg ég sérstaka áherzlu. Það kann ekki góðri lukku að stýra, ef ráðh. geta hvorki unnið vel saman né heldur unnið vel með embættismönnum.

Á 24. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 180, 181 og 182, 174, 177, 184).

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 182, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrv. N. stendur þó sameiginlega að brtt. á þskj. 174 og 177, en fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Alþfl. í n. hafa þann fyrirvara, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar brtt. n., og áskilja sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., sem fram hafa komið.

N. hóf störf við athugun frv. þegar, er hún var kosin, og hefur haldið 36 fundi, auk þess sem einstakir nm. hafa starfað í undirnefndum, sem hafa annazt athuganir á sérstökum málaflokkum, skólabyggingamálum, hafnamálum, fyrirhleðslum, lífeyris- og styrktarfjárgreiðslum. Hagsýslustjóri, Gísli Blöndal, hefur setið allflesta fundi n. og veitt henni hina mikilsverðustu aðstoð við afgreiðslu málsins. Lagt var kapp á að ljúka fyrir þessa umr. afgreiðslu n. á till. um fjárveitingar til hafnaframkvæmda, sjúkrahúsabygginga og læknamiðstöðva, fyrirhleðslna og styrktarfjár og ýmissa eftirlauna, og liggja till. n. um alla þessa málaflokka nú fyrir við 2. umr., en ýmis einstök erindi bíða endanlegrar afgreiðslu milli 2. og 3. umr.

Til þess að ná þessu marki hefur þurft að leggja strönd fundahöld á nm., ekki sízt á þá, sem í undirnefnd í skólamálum hafa starfað, en þeir hafa iðulega mátt leggja nótt við dag og á það ekki síður við um fulltrúa minni hl. en meiri hl. Vil ég við þetta tækifæri flytja meðnm. mínum öllum sérstakt þakklæti mitt fyrir vel unnin störf og einstaklega ánægjulegt samstarf og umburðarlyndi við mig sem formann. Mjög mikið af fundartíma n. hefur, sem jafnan fyrr, verið varið til viðtala við forráðamenn ríkisstofnana um þann rekstur, sem þeir hafa með höndum, og beiðnir þeirra um fjárveitingar. Samtímis hafa legið fyrir n. erindi frá stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum svo hundruðum skiptir, eða nú, þegar 2. umr. fer fram, um 550 erindi, – líklega fleiri en nokkru sinni fyrr. Auk þeirra embættismanna, sem komið hafa til viðtals við n., hefur hún á fundum sínum átt viðtal við fjölmarga aðra aðila, sem erindi hafa sent til n.

Verulegur hluti og allt of stór hluti þessara 550 erinda, sem fyrir n. hafa legið, hafa borizt svo seint, að í rauninni er ókleift, að n. gefist ráðrúm til þess að kanna þau sem vert væri. Það lýsir aðstöðu n. í þessu efni líklega bezt að geta þess, að fyrri helming nóvembermánaðar bárust n. um 120 erindi og síðari helming nóvembermánaðar um 150 erindi og í desembermánuði um 100, þ. e. að í nóvember og desember bárust samtals 370 erindi. Í sambandi við tillögugerð í skólamálum og hafnamálum hefur það mjög háð undirnefndunum og n. allri, hve seint grg. berast frá menntmrn. og hafnamálaskrifstofunni, og kemur þetta sér þó sýnu verr að því er tekur til skólamála, vegna þess hve yfirgripsmikil þau eru, og veldur óþarflega miklu álagi á þá, sem í undirnefnd skólamála hafa starfað, þegar þessar grg. loks berast. Ástæðurnar til þess, hversu seint þessar stofnanir skila gögnum sínum, eru sjálfsagt að verulegu leyti þær, hversu seint upplýsingar og umsóknir berast til þessara stofnana frá sveitarfélögum og hversu lengi er beðið eftir þeim áður en gögnin eru fullunnin og send fjvn. Erfiðleikarnir, sem af þessu hljótast, eru margvíslegir og skal ég í því sambandi benda á, í fyrsta lagi: Þess er naumast að vænta, að umsóknir og erindi, sem berast svo seint, t. d. í nóvem-

ber og desember, en það eru 370 erindi að þessu sinni, geti hlotið þá athugun og meðferð, sem til er ætlazt. Er raunar óhjákvæmilegt, að sú spurning vakni meðal nm., hversu alvarlega eigi að taka umsóknir um milljóna króna fjárveitingar til nýrra framkvæmda, þegar þeim er kastað á borð þeirra um það leyti, sem n. á að vera að ljúka störfum. Í öðru lagi: Engin leið er fyrir nm. að gera sér ljóst, þegar störf hefjast, eða yfirleitt meginhluta starfstímans, hvað í rauninni liggi fyrir af fjárlagabeiðnum, þegar gera verður ráð fyrir, að von sé á umsóknum um hin veigamestu mál allt fram til síðasta dags, sem n. hefur málið til meðferðar. Í þriðja lagi: Þegar svo lengi þarf að bíða grg. frá ráðuneytum og stofnunum ríkisins, e. t. v. vegna þess hversu þær stofnanir bíða lengi eftir erindum, veldur það slíku álagi á fjvn., að nm. slitna um alllangt skeið undir lokin í rauninni að verulegu leyti úr tengslum við önnur störf þingsins. Í fjórða lagi: Í störfum sínum í undirnefndum fjvn. og í n. sjálfri þurfa nm. að sjálfsögðu að hafa sem nánast samband við aðra þm. vegna tillögugerðar í n. um mál, sem varða framkvæmdir eða þjónustu í einstökum kjördæmum. Bæði nm. og aðrir þm. þurfa á þessu sambandi að halda, til þess að sem allra mest af upplýsingum og athugasemdum komi fram, áður en fjvn. leggur sínar tillögur fram. Raunin er sú, að vegna þess hversu seint gögnin berast, umsóknir frá aðilum og grg. rn. og annarra stofnana ríkisins, þarf að vinna störfin í undirnefndum og n. sjálfri á svo skömmum tíma, að í stað þess að nm. gefist tóm til samráðs við aðra þm. um mál, sem varða þeirra kjördæmi, verða nm. helzt að reka þá af höndum sér til þess að hafa næði til að ljúka störfum sínum fyrir tiltekinn tíma. Þetta er jafnóþolandi fyrir fjvn.-menn og aðra þm., og á þessu verður að fást breyting.

Allt ber því að sama brunni um afleiðingarnar af því, hversu seint umsóknir og gögn berast til fjvn. og rn. Að mínum dómi, og ég hygg nm. yfirleitt, verður að taka upp nýja hætti í þessu efni og setja ákveðin tímamörk um móttöku erinda. Það mun reynast öllum aðilum fyrir beztu. Forráðamönnum ríkisstofnana er gert að skila fjárlagatillögum fyrir stofnanir sínar fyrir lok maímánaðar vegna næsta fjárlagaárs, og ég held, að unnt ætti að vera að haga málum svo, að fjárlagaumsóknir frá sveitarfélögum, félagasamtökum, stofnunum og einstaklingum væru komnar fram, áður en þing kemur saman, jafnvel t. d. fyrir lok ágústmánaðar. Slíkar reglur þyrftu ekki að vera einstrengingslegri en svo, að þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, yrðu umsóknir, sem síðar bærust, teknar til afgreiðslu. Aðalatriðið er, að svo til allar umsóknir og gögn lægju fyrir, þegar n. hæfi störf. Jafnvel mætti hugsa sér, að undirnefnd, sem starfað hefði milli þinga og skipuð er einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, hefði þá kannað erindin og aflað þeirra upplýsinga, sem hún teldi nauðsynlegt að tiltækar væru, þegar n. hæfi störf í októbermánuði.

Ég hef gert þessi atriði að umtalsefni, vegna þess að ég tel, að hér sé um mikilsvert mál að ræða varðandi afgreiðslu fjárlaga og mikilsverðari en margur kynni að hyggja í fljótu bragði. Ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að fjvn. taki þetta atriði til úrlausnar, eftir að fjárlagaafgreiðslu er lokið.

Þarfirnar fyrir auknar framkvæmdir og þjónustu á hinum ýmsu stöðum á landinu eru að sjálfsögðu brýnar og mjög sótt á um fjárveitingar, eins og hin háa tala erinda sýnir. Alls staðar blasa við óleyst verkefni, og getur það í flestum tilvikum talizt eðlilegt, þegar haft er í huga, hversu smá þjóð býr hér í harðbýlu og stóru landi og hversu tiltölulega stutt er síðan þjóðin gat af eigin rammleik hafizt handa um uppbyggingu. Þó að nýtízku tækni auðveldi framkvæmdir, þá kallar nýting þeirrar sömu tækni jafnframt á hinar stórfelldustu fjárfestingar. Þarfirnar eru víða brýnar og val þeirra, sem fjárveitingum ráða, því ávallt erfitt. Annars vegar milli hinna einstöku framkvæmdagreina; hafnaframkvæmda, skólabygginga, sjúkrahúsabygginga, vegaframkvæmda, flugvallagerðar, rafvæðingar og svo mætti lengi telja, og síðan innbyrðis innan sömu framkvæmdaþátta. Í vali eins hlýtur oft að felast að hafna öðru. Valið verður því ávallt erfitt og nógu erfitt, þótt hendur fjvn. og Alþ. séu í tillögugerð og afgreiðslu ekki bundnar fyrir fram í einstökum atriðum, annars vegar af böggum, sem á ríkissjóð hafa verið lagðir með framkvæmdum, sem unnar hafa verið fyrir bráðabirgðalánsfé eftir ákvörðun einstakra ráðh. algjörlega utan við samþykkt fjárlaga og án minnstu vitundar eða samráðs við fjvn. eða Alþ., og hins vegar af ótímabærum yfirlýsingum ráðh. um tilteknar fjárveitingar á þeim fjárlögum, sem fjvn. er hverju sinni að undirbúa fyrir afgreiðslu Alþ., sem ótvírætt á að hafa ákvörðunarvaldið um hverja einstaka fjárveitingu.

Enda þótt Alþ. sé ekki skylt að veita, þegar óskað er, fé til greiðslu lána vegna framkvæmda, sem ráðizt hefur verið í án fjárlagaheimildar, enda þótt yfirlýsingar einstakra ráðh. séu að nafni til einungis fyrirheit um, að þeir muni beita sér fyrir ákveðnum fjárveitingum til tiltekinna framkvæmda, þá eru hendur fjvn. af hvorum tveggja þessum sökum í reynd bundnari en svo, að viðunandi sé. Hygg ég, að í fjvn. sé algjör samstaða um þá skoðun, að tími sé til kominn, hver sem í hlut á hverju sinni, að slíkum bindandi framkvæmdum, ákvörðunum og yfirlýsingum án samráðs við fjvn. og Alþ. linni.

Þegar fjvn. afgreiddi tillögur sínar fyrir 2. umr., lágu ekki fyrir áætlanir um tekjuhlið frv., þannig að unnt væri að leggja þær fyrir n. Ég viðurkenni fullkomlega, að það er ekki ákjósanleg afgreiðsla á fjárlagafrv., að við endanlega afgreiðslu í fjvn. fyrir 2. umr. liggi tekjuáætlun ekki fyrir, a. m. k. í grundvallaratriðum, og ég viðurkenni jafnfúslega, að slík afgreiðsla gerir aðstöðu minnihlutaaðila slæma, þar sem þeir hafa ekki, eðli málsins samkvæmt, sömu upplýsingar og meiri hl. hefur undir slíkum kringumstæðum um fyrirætlanir stjórnarflokkanna. Þetta kannast ég mætavel við frá fyrri tíð sem minnihlutaaðili, þegar endanlegar ákvarðanir um tekjuhlið og tiltekna útgjaldaliði voru seint á ferðinni. Þótt slíkt geti átt eðlilegar skýringar, og að sjálfsögðu ekki sízt nú við stjórnarskipti, þá get ég

naumast ætlazt til þess, að hv. minni hl. viðurkenni það. Það er nú, þegar allt kemur til alls, eitt af hlutverkum minnihlutaaðila að hafa uppi aðfinnslur og ádeilur á þá, sem með stjórnina fara hverju sinni, og gildi þess hlutverks í stjórnmálum vanmet ég sízt af öllu. Þar sem fulltrúum stjórnarflokkanna var fyrir afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv. til 2. umr. að sjálfsögðu kunnugt um þær áætlanir um tekjuöflun ríkissjóðs, sem nú liggja fyrir í frv.-formi, hefur meiri hl. n. staðið að afgreiðslu á öllum helztu framkvæmdaliðum frv. og gert tillögur um þær hækkanir þeirra og annarra liða, sem fram koma á þskj. 174 og 177 og nema samtals 765.2 millj. kr., eftir að leiðréttar hafa verið tvær prentvillur í þingskjölunum.

Tekjuáætlun í þeirri mynd, sem hún er í frv., var gerð síðastliðið sumar og upphæðir einstakra tekjuliða því að sjálfsögðu of lágt áætlaðar nú á þessari stundu vegna kaupgjaldsbreytinga og af öðrum ástæðum. Frv. um breyt. á tekjustofnum ríkisins hefur nú verið lagt fram og er samkvæmt því gert ráð fyrir að mæta þeim hækkunum, sem þegar hafa verið gerðar till. um, svo og þeim hækkunum, sem ætla má að verði á fjárlagafrv. við 3. umr., m. a. vegna hækkana á bótum almannatrygginga, svo að fjárlagafrv. verði afgr. án tekjuhalla.

Kem ég þá að því að gera í stuttu máli grein fyrir einstökum brtt., sem n. flytur á þskj. 174 og 177, og tek ég þá á víxl af þskj., eftir því sem þær falla í rétta röð á einstök rn., og kemur þá fyrst forsrn. og menntmrn.

Er þá fyrsta till. um embætti forseta Íslands, að fjárveiting til viðhalds fasteignar hækkar um 1.5 millj., en húsin að Bessastöðum þarfnast endurbóta, einkum vegna skemmda á leiðslum.

Þá kom till. varðandi menntmrn. Liðurinn Þjóðhátíð 1974 hækkar um 750 þús. kr. m. a. vegna kostnaðar við verðlaunaveitingu. – Í stjórnarráðshúsinu að Arnarhvoli hafa farið fram og eru væntanlegir allmiklir þjóðflutningar, stofnanir fara og aðrar koma og vegna þessara flutninga er lagt til, að tekinn verði á fjárlagafrv. nýr liður, breytingar á Arnarhvoli, 3 millj. kr. – Þá kemur nýr liður, framlag til Byggðasjóðs. Samkvæmt frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er Byggðasjóði ætlað að taka við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs, og flytjast því tekjur þess sjóðs af álgjaldi, 46 millj. og 85 þús. kr., og 15 millj. kr. beint framlag ríkisins yfir á Byggðasjóð. Auk þess bætist við nýtt framlag úr ríkissjóði, 85 millj. kr., svo að framlag ríkisins verður samtals 100 millj. kr., eins og ráðgert er í lagafrv.

– Framlag vegna þjóðgarðsins á Þingvöllum er hækkað um 2.1 millj. kr., þar sem þar þurfa að fara fram ýmiss konar framkvæmdir og undirbúningur, til þess að unnt verði að taka þar á móti mannfjölda á væntanlegri Þjóðhátíð 1974.

Fjárveiting til kennaranámskeiða hækkar um 1.5 millj. vegna aukinnar þátttöku kennara, sem m. a. geta aflað sér hækkunar á launum með því að taka þátt í þessum námskeiðum, og fjárveitingin til námskeiðanna nemur þá alls 5 014 millj. kr. – Háskóli Íslands: Til heimspekideildar nemur hækkunin 1 130 millj., og er þar annars vegar um að ræða fjárveitingu til fastrar kennarastöðu, sem fallið hefur niður af fjárlagafrv., og hins vegar er um að ræða 643 þús. kr., sem eru laun til gistifyrirlesara, og er þá gert ráð fyrir, að deildum Háskólans verði gefinn kostur á að bjóða innlendum eða erlendum fræðimönnum til fyrirlestrahalds. – Fjárveiting til Handritastofnunar Íslands hækkar um 5 millj. kr. vegna kaupa á bókasafni Þorsteins M. Jónssonar, en það er hluti af heildarkostnaði, en ekki talið ólíklegt, að matsverð þessa bókasafns, sem keypt hefur verið eftir eldri heimild, nemi milli 10 og 20 millj. kr., en helmingurinn af þeirri upphæð á að leggjast í sjóð í eigu Handritastofnunarinnar og er gjöf frá núv. eigendum safnsins. – Þá kemur inn nýr liður: Fjárveiting að upphæð 198 þús. kr. til hlutdeildar Íslands í sérfræðikostnaði við jarðefnaleit hér á landi árið 1970 á vegum Tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna. – Við Tækniskólann hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 700 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir því, að þessi upphæð verði notuð í sambandi við athuganir á byggingarmálum skólans, en kennsla í þessum skóla fer nú fram víðs vegar um bæinn, svo að meira en tímabært er að ákveða um endanleg húsnæðismál hans. – Framlag til iðnskólabygginga hækkar um 12 millj. 66 þús. kr., í 25 millj. 200 þús. kr., en sundurliðun á einstaka skóla kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 177. Fjárveitingar til iðnskóla hafa verið æðiknappar á undanförnum árum. Hér er gert ráð fyrir að bæta verulega úr því. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa t. d. sameinazt nú um byggingu iðnskóla í Keflavík og sveitarfélög á Suðurlandi á sama hátt um byggingu iðnskóla á Selfossi. – Nýr liður, Fiskvinnsluskólinn 3.1 millj., en áætlun um þann skóla lá ekki fyrir við gerð fjárlaga. Þessi skóli tók til starfa í haust, eins og þm. vita. Launaliður er þar áætlaður 2 millj., rekstrarkostnaður 1 millj. og gjaldfærður stofnkostnaður 100 þús. kr. – Hjúkrunarskóli Íslands, þar er gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 900 þús. kr. vegna kennslutækja, húsbúnaðar og breytinga á húsnæði. – Húsmæðraskólar, þar er gjaldfærður stofnkostnaður lækkaður um 2 millj. 323 þús. kr., og sundurliðun á einstaka skóla kemur fram á þskj. 177. – Myndlista- og handíðaskólinn, þar hækka laun um 125 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir því, að það verði fastráðinn húsvörður að skólanum. Nokkur laun hafa til þessa verið greidd fyrir húsvörzlu, en þessi skóli starfar frá því kl. 9 á morgnana til kl. 10 á kvöldin og talið óhjákvæmilegt að hafa þar húsvörð. – Sjómannaskólahúsið, þar er hækkun til byggingarframkvæmda 2 millj. kr., en með þessari hækkun og því fé, sem til er handbært, er gert ráð fyrir, að unnt sé að ljúka við áfanga, sem tekinn verður í notkun á næsta hausti. – Lagt er til, að framlag til Samvinnuskólans hækki um 700 þús. og framlag til bréfaskóla SÍS og ASÍ um 100 þús. kr. – Gjaldfærður stofnkostnaður við byggingu héraðsskóla hækkar um 20 millj. 780 þús. í 45 millj. 750 þús. Þar af er hækkun Reykholts 9.5 millj., en sundurliðun kemur að öðru leyti fram á sérstöku yfirliti á þskj. 177. – Liðurinn barna- og gagnfræðastigsskólar, aksturskostnaður hækkar um 23 millj., úr 10 millj. í 33 millj., vegna

vanáætlunar á núgildandi fjárlögum og á fjárlagafrv. – Barna- og gagnfræðastigsskólar, viðhaldskostnaður skólafasteigna hækkar um 5 millj. 800 þús. kr. En þar sem getið er um þessa brtt. í nál. meiri hl., er prentvilla, þar stendur 25.8 millj., en hækkunin er 5.8 millj., og verður þá liðurinn 30 millj. 961 þús. Viðhaldskostnaður skólastofubúnaðar hækkar um 4 millj. 200 þús. – Framlag til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 98 millj. 960 þús. og verður 394 millj. 360 þús., og sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174. Svo sem kunnugt er, er í lögum gert ráð fyrir greiðslu byggingarkostnaðar skólamannvirkja á þremur árum, en erfiðleikar við framkvæmd þeirra ákvæða, ekki síst hjá sveitarfélögunum sjálfum að ráða við sinn hluta kostnaðar, hefur leitt til þess, að í stærri verkefnum hefur verið miðað við a. m. k. fjögurra ára greiðslutímabil, og svo er gert enn. Þrátt fyrir stórfellda hækkun framlags til þessara framkvæmda, minnka ekki erfiðleikarnir við að fylgja þeim reglum, sem hafa verið látnar gilda í reynd, heldur er því jafnvel öfugt farið, vegna þess hve stofnað hefur verið til mikilla greiðsluskuldbindinga, og vaxandi þungi hlýzt af því, þegar framlögum hefur verið skipt svo, að minni hluti greiðslu hefur verið látinn falla á fyrstu árin í ýmsum stærstu verkefnunum, og veldur það þeim mun meiri greiðsluþunga á síðara stigi. Um ákvarðanir um greiðslutímabil hefur verið samstaða í n. og nm. er ljóst, að naumast verður hjá því komizt, bæði vegna ríkisins og sveitarfélaganna, að taka til endurskoðunar ákvæði skólakostnaðarlaga um greiðslu byggingarkostnaðar á þrem árum. Reynslan hefur sýnt, að þetta ákvæði er ekki raunhæft. – Þá kemur Lánasjóður íslenzkra námsmanna. Þar hækkar framlag um 86 millj. kr., og er heildarframlag þá miðað við áætlun sjóðsstjórnar, en þar er gert ráð fyrir, að sjóðurinn afli sér enn fremur bankalána að upphæð 60 millj. og að lánveitingar verði þá nálægt 77% af umframfjárþörf nemenda. Eftir þessa hækkun nemur framlag ríkisins til lánasjóðsins 190 millj., og er nánast sama upphæð og veitt er vegna rekstrar og byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands.

Styrkur til útgáfustarfsemi hækkar um 400 þús. í 3 millj. og 500 þús., og er þá m. a. gert ráð fyrir, að eftirtaldir aðilar hljóti styrk sem hér segir: Sögufélag Eyfirðinga 50 þús., það er nýr liður. Kaldalónsútgáfan 100 þús., sem er nýr liður. Hið íslenzka bókmenntafélag 375 þús. kr., og hækkar þá um 125 þús. Æskulýðssamband Íslands, vegna námskynningarhandbókarinnar, nýr liður, 40 þús. Jón Gíslason, til að kanna sögu sunnlenzka hreppafyrirkomulagsins 15 þús. kr., nýr liður. Hið íslenzka þjóðvinafélag 200 þús. kr., hækkun 50 þús. kr. Ingvar Brynjólfsson, vegna íslenzk-þýzkrar orðabókar 75 þús. kr., var áður með 100 þús. kr. Sögunefnd Þingeyinga 50 þús. kr., sem er óbreytt upphæð. Einar Ól. Sveinsson 100 þús. kr., sem er nýr liður. Ólafur Ragnar Grímsson, til söfnunar samtímaheimilda um íslenzk stjórnmál 150 þús., sem er nýr liður. En þá er gert ráð fyrir, að verkið verði unnið á vegum námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskólann. Til útgáfu sögu Eskifjarðar, hækkun 25 þús., kr. 50 þús. Þjóðfræðafélag Íslendinga til skráningar á ísl. þjóðlögum 35 þús. kr., sem er nýr liður. Styrkur til myndlistarskóla hækkar um 120 þús. kr., þ. e. styrkur til myndlistarskóla í Reykjavík um 80 þús., í Vestmannaeyjum um 20 þús. og í Neskaupstað um 20 þús. Framlag til Landsbókasafns hækkar um 385 þús. kr., þar af launaliður um 100 þús. til að ljúka allsherjarskrá um íslenzk tímarit, en í október á næsta ári eru tvær aldir liðnar síðan fyrsta íslenzka tímaritið var gefið út. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 285 þús. kr. vegna útgáfu íslenzkrar bókaskrár, áfangans 1534–1844. – Þjóðminjasafn, liðurinn hækkar í heild um 1050 þús., þar af laun og önnur rekstrargjöld um 600 þús. kr. vegna örnefnasöfnunar, og er þessi upphæð veitt til þess að unnt sé að vinna skipulega að söfnun örnefna, þar sem mest hætta er á að þau glatist. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 110 þús. kr. vegna kaupa á báti þeim, sem Hannes Hafstein notaði árið 1899 við tilraun til handtöku brezks landhelgisbrjóts á Dýrafirði, en bátur þessi er í góðu lagi og enn notaður, en til þess að breyta honum í upphaflega mynd þarf að kosta til um 40 þús. kr., og er það meðtalið í fjárveitingunni. – Framlag til Listasafns Einars Jónssonar hækkar um 120 þús. kr. vegna launa forstöðumanns, en ekkja listamannsins lét af störfum um s. l. áramót og er fjárveitingin laun nýs forstöðumanns, en gert er ráð fyrir því, að ekkjan haldi sínum launum. – Listasafn Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 700 þús. kr., vegna þess að niður fellur framlag frá Menningarsjóði til málverkakaupa. – Þá kemur nýr liður, Kjarvalshús, gert er ráð fyrir rekstrarframlagi 975 þús. kr. Menntmrn. tók við rekstri þessa húss 1. okt. s. l., og er gert ráð fyrir, að Listasafnið hafi not af húsinu sem útlánadeild og að þar verði húsvörður. Lánahreyfingar út koma hér til viðbótar, 315 þús.

Framlag til náttúruverndarráðs hækkar samtals um 1.8 millj. kr. Tillögur frá ráðinu höfðu ekki borizt við gerð fjárlagafrv., en í frv. var framlagið hækkað um 519 þús. kr. frá núgildandi fjárlögum, hækkunin er því samtals 2 millj. 319 þús. frá fjárlögum þessa árs.

Í liðnum almenningsbókasöfn eru 300 þús. kr. færðar af bæjar- og héraðsbókasöfnum á liðinn til sveitarbókasafna og lestrarfélaga samkv. ósk bókafulltrúa ríkisins. Enn fremur er framlag til Rithöfundasjóðs hækkað um 205 þús. kr., og er framlagið þá í samræmi við gildandi lög, en í þeim er ákveðið, að ríkissjóður greiði til Rithöfundasjóðs upphæð, sem nemur 10% af framlagi ríkisins til bókasafna.

Nýr liður, til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, að upphæð 400 þús. kr., vegna stofnkostnaðar, fyrsta greiðsla af þremur, en þessi skóli hefur fest kaup á húsinu nr. 7 við Hellusund í Reykjavík, og er áætlaður kostnaður auk breytinga 5.5 millj. Þá eru veittar 250 þús. kr. til Tónlistarskóla Kópavogs til að standa straum af ýmissi sérsmíði vegna innréttingar á húsnæði, sem skólinn hefur tekið á leigu til 10 ára, en heildar-

kostnaður félagsins við þá framkvæmd er áætlaður 900 þús. kr.

Framlag til leiklistarstarfsemi hækkar um 800 þús. kr. – Liðurinn til listasafna hækkar um 300 þús., þar af til Listasafns ASÍ um 200 þús. kr. – Starfslaun listamanna hækka um 826 þús. kr. í 1.5 millj., en þessari upphæð er úthlutað af nefnd, sem menntmrn. skipar. – Liðurinn listamannalaun hækkar um 1 millj. 700 þús. kr., en í brtt. nr. 26 á þskj. 174, þar sem getið er um þessa brtt., hefur komizt inn villa, hækkunin er þar tilgreind 170 þús. í stað 1.7 millj. kr., og verður það leiðrétt.

Þá er nýr liður, til Hins ísl. mannfræðifélags til mannfræðirannsókna í samvinnu við Háskóla Íslands 500 þús. kr., en auk þess er gert ráð fyrir, að Jens Pálssyni verði veittar 150 þús. kr. af liðnum til náms- og fræðimanna. – Starfsstyrkur til Norræna félagsins hækkar um 100 þús. kr. – Æskulýðsráð ríkisins, sem sett var á stofn í des. 1970, hækkar um 600 þús. kr., en þess ber að gæta, að laun æskulýðsfulltrúa ríkisins eru færð á aðalskrifstofu menntmrn. – Framlag til Æskulýðssambands Íslands hækkar um 45 þús. kr. í 175 þús. kr. – Framlög til æskulýðsnefnda í A.-Húnavatnssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hækka um 25 þús. kr. til hverrar um sig og tvöfaldast frá því, sem þar er á frv. – Framlag til Sambands ísl. kennaraskólanema hækkar um 15 þús. kr.

Liðurinn minningarlundir og skrúðgarðar hækkar um 50 þús. kr. – Þrjú náttúrugripasöfn, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, fá 25 þús. kr. hækkun hvert, og er þá styrkur til hvers þeirra 100 þús. kr. – Rekstrarstyrkur til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækkar um 50 þús. kr., og nemur þá 300 þús. kr. – Framlag til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar um 50 þús. kr. og styrkur til Leikfélags Reykjavíkur um 1 millj. kr., og er þessi upphæð einkum ætluð til að bæta kjör lausráðinna leikara, og nemur þá styrkur til félagsins í heild 2.5 millj. kr. – Styrkur til Skáksambands Íslands hækkar um 80 þús. kr., en áformað er að hefja sérstaka deildakeppni í skák á Íslandi á næsta ári. – Styrkur til Taflfélags Reykjavíkur og Skáksambands Íslands vegna alþjóðaskákmóta hækkar um 50 þús. kr., en næsta alþjóðaskákmót á Íslandi verður haldið í febr. næstkomandi.

Dagheimili, byggingarstyrkir hækka um 200 þús. kr. vegna nýrra umsókna. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174. Áformað er, að sett verði sérstök lög um stuðning ríkisins við rekstur og byggingu dagheimila. En ég vil sérstaklega geta þess, að í prentun hefur fallið niður liðurinn Húsavík 75 þús. kr., en upphæðin er innifalin í samtölunni 800 þús. kr. Þessi samþykkt er skráð í fundargerðabók fjvn. – Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands hefur verið á tveimur liðum, en er nú sameinaður og hækkar um 200 þús. kr. í 1 millj., og styrkur til Kvenréttindafélags Íslands er hækkaður um 75 þús. kr. – Framlag til sumardvalarheimila, dagheimila o. fl. hækkar um 600 þús. kr. Hér er nánast um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þar sem vænta má lagasetningar um stuðning ríkisins við bygginga og rekstur slíkra stofnana. – Framlag til félagsstarfsemi American Field Service hækkar um 25 þús. kr., en ekki 75 eins og fram kemur í 13. till. í þskj. 177, en þetta verður leiðrétt. – Styrkur til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra hækkar um 50 þús. kr., en á vegum þessara félagssamtaka starfar félagsráðgjafi. Þessi samtök njóta enn fremur styrks frá Reykjavíkurborg.

Nýr liður: Til Fóstrufélags Íslands vegna norræns fóstrumóts, sem halda á í Reykjavík á n. k. sumri, eru veittar 150 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að um 500 fóstrur muni sækja þetta mót. – Til minnisvarða um Ara fróða eru veittar 35 þús. kr., til minnisvarða um Guðmund góða 35 þús. kr. og til minnisvarða um Jón Eiríksson konferenzráð 35 þús. kr. Þessir síðast taldir þrír liðir eru óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. – Þá eru veittar 75 þús. kr. til heimildarkvikmyndar um atvinnuþróun á Suðurlandi, og veittar eru 250 þús. kr. til heimildarkvikmyndar um sjómennsku á vegum sjútvrn. og e. t. v. fleiri aðila. – Veittar eru 60 þús. kr. til Haralds Ágústssonar til kaupa á sérstökum skurðarhníf til viðargreininga. – Þá eru veittar 100 þús. kr. til starfsemi sumarskóla í Edinborg í Skotlandi, þar sem fjallað verður um íslenzk fræði. Verður þessu fé einkum varið til þess að fá fyrirlesara frá Íslandi til skólans. – Þá er tekið upp að nýju framlag til íslenzks dýrasafns, 100 þús. kr., með sömu skilyrðum og áður, að sett verði stofnskrá um safnið, staðfest af menntmrn. Fjárveiting af núgildandi fjárlögum hefur ekki verið hafin enn, þar sem þetta skilyrði hefur ekki verið uppfyllt, en gera má ráð fyrir, að af því verði bráðlega. – Þá eru kór Öldutúnsskóla í Hafnarfirði veittar 100 þús. kr. til að taka þátt í söngmóti, sem halda á í Túnis í júlí 1972, en alþjóðleg félagssamtök tónlistaruppalenda innan UNESCO hafa boðið kórnum að koma fram á mótinu, en einungis þrír flokkar frá Norðurlöndum fá tækifæri til að koma þar fram. – Rithöfundasambandi Íslands eru veittar 75 þús. kr. vegna móts barna- og unglingabókahöfunda, sem haldið verður í Reykjavík á næsta sumri.

Er þá komið að utanrrn., og varðar 1. till. tímaritið Iceland Review. Á fjárlagafrv. hefur verið felldur niður útgáfustyrkur til tímaritsins að upphæð 80 þús. kr., en gerð er nú till. um, að liðurinn til kaupa á Iceland Review verði hækkaður um 76 þús. kr. og nemi þá upphæðin 450 þús. kr. – Nýr liður, aðstoð við þróunarlöndin 1.5 millj., og verður fénu varið til greiðslu kostnaðar við þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um aðstoð við þróunarlöndin. – Þá er veitt framlag til greiðslu árgjalds Íslands til Bernarsambandsins, 125 þús. kr., en það er í fyrsta sinn, sem sú greiðsla er sett á sérstakan fjárlagalið. – Nýr liður, tillag Íslands til IDA, 16.4 millj. kr., en hér er um að ræða tillag Íslands til hinnar alþjóðlegu þróunarstofnunar. Tillagið greiðist á þremur árum og nú í annað sinn. Tillagið vegna ársins 1972 er 13.2 millj., en 3.2 millj. eru eftirstöðvar frá þessu ári.

Þá kemur næst landbrn. 1. till. varðar Landgræðsluna. Hluti af því fé, sem Landgræðslan hefur fengið undir liðnum gjaldfærður stofnkostnaður og er mestmegnis varið til áburðar- og fræ kaupa, hefur runnið til

félagssamtakanna Landverndar vegna landgræðslu, sem áhugamenn hafa annazt. Sá hluti nam á s. l. ári 2.8 millj. kr. Gerð er till. um, að þessi þáttur landgræðslustarfseminnar verði sérgreindur liður á Landgræðslunni og hækki framlagið í 3 millj. kr., en jafnframt verði sá hluti, sem rennur til Landgræðslunnar sjálfrar, hækkaður um 600 þús. kr. og nemi þá 13 millj. 911 þús. kr., eftir að áhugamannasamtökin hafa fengið 3 millj. Eftir sem áður er við það miðað, að notkun þessa fjár, sem til starfsemi áhugamanna rennur, verði undir umsjá Landgræðslunnar. – Þá kemur tillaga um Vélasjóð, sem lækkar um 500 þús. kr. og verður þá 560 þús. – Liðurinn fyrirhleðslur hækkar um 4 millj. 890 þús. kr. í 9 millj. 890 þús. kr. Sundurliðun fyrirhleðslna kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 177. – Liðurinn landþurrkun hækkar um 100 þús. kr. og verður alls 500 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174. – Liðurinn uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkar um 48 millj. kr. og nemur þá alls 323 millj. kr. – Nýr liður, veðdeild Búnaðarbankans 3 millj. – Inn er tekinn nýr liður, til súgþurrkunar 2.5 millj. – Framlag til Landssambands ísl. hestamannafélaga hækkar um 75 þús. kr. og verður þá alls 125 þús. kr. – Sérstakt framlag til sama félags vegna leiðbeininga um hestamennsku hækkar um 25 þús. kr. og verður þá alls 125 þús. kr. – Framlag til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækkar um 100 þús. kr. og verður þá alls 500 þús. kr. Þessi rannsóknastofa annast einkum efnagreiningar á jarðvegs- og heysýnishornum og er að mestu leyti kostuð af norðlenzkum bændum. – Framlag til rannsóknastöðvarinnar Kötlu hækkar um 75 þús. kr. Þar hafa dvalizt ýmsir rannsóknarmenn við náttúrurannsóknir og auk þess annast stöðin sjálfstæðar rannsóknir, en kostnaðinn af þessari stöð bera sveitarfélögin í Eyjafirði og Eyjafjarðarsýslu og KEA að miklu leyti. – Nýr liður, 50 þús. kr. til norræns dýralæknamóts, sem halda á í Reykjavík í ágúst 1974. – Liðurinn Garðyrkjuskólinn á Reykjum, gjaldfallinn stofnkostnaður hækkar um 500 þús. – Nýr liður, bændaskóli á Suðurlandi, gjaldfærður stofnkostnaður 700 þús. kr., og er þessi fjárhæð ætluð til undirbúningsathugana í sambandi við stofnun skólans.

Er þá komið að sjútvrn. Þar er Hafrannsóknastofnunin efst á blaði. Þar er gert með brtt. ráð fyrir ráðningu eins nýs sérfræðings í mengunarrannsóknum og þriggja aðstoðarmanna. Hækkar því framlag til sjórannsóknadeildar um 1.5 millj. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að Hafþór verði rekinn allt næsta ár, en framlag til leiguskipa lækki sem nemur 1.5 millj. kr. Heildarhækkunin til stofnunarinnar verður því 12 millj. kr. Það er ljóst, að með nýjum afkastamiklum rannsóknaskipum vex þörfin á starfsmönnum til úrvinnslu gagna; ella fæst ekki eðlileg nýting á því fé, sem varið er til útgerðar skipanna. Jafnhliða því aukast kröfur um meiri þjónustu þessara skipa bæði í Norðursjó og óskir um athuganir og rannsóknir hér heima. Nú starfa 14 sérfræðingar við Hafrannsóknastofnunina, og telja stjórnendur hennar það lítinn hóp miðað við þann fjölda sérfræðinga, sem sér um rannsóknir á þurrlendinu, og telja það vera í litlu samræmi við mikilvægi sjávarútvegsins fyrir íslenzkt þjóðarbú, en hér er gert ráð fyrir ráðningu fjögurra nýrra starfsmanna. – Rannsóknarstofa í Vestmannaeyjum, nýr liður, að upphæð 1 millj. kr., til að greiða kostnað við rannsóknarstofu fyrir fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum. Með rekstri sameiginlegrar rannsóknarstofu fyrir fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum er komizt hjá því, að hvert fyrirtæki þurfi að vera með sérstaka rannsóknaraðstöðu, sem þar á ofan gæti aldrei verið jafn fullkomin. Gert er ráð fyrir því, að fiskvinnslufyrirtækin í Vestmannaeyjum búi rannsóknarstofuna tækjum á sinn kostnað, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins reki þessa rannsóknarstofu og selji þjónustuna í Vestmannaeyjum. Framlagið 1 millj. kr. er ætlað til þess að kosta halla á rekstrinum, en ljóst er, að kostnaður verði meiri en tekjur, ef fylgt verður gjaldskrá rannsóknastofnunarinnar í Reykjavík.

Er þá komið að dóms- og kirkjumrn. Liðurinn embætti sýslumanna og bæjarfógeta, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 millj. 460 þús. kr. – Liðurinn sýslumaðurinn í Borgarnesi, þar hækkar launaliður um 362 þús. kr., vegna launa eins starfsmanns við embættið 262 þús., og önnur launahækkun er 100 þús. kr. Þessi starfsmaður hefur til þessa unnið lausráðinn við þetta embætti. Liðurinn Hegningarhúsið í Reykjavík, viðhaldskostnaður hækkar um 500 þús. kr., en hegningarhúsið hefur eins og alkunnugt er reynzt illa mannhelt, og er framlagið ætlað til að ljúka viðgerðum og endurbótum, sem unnið hefur verið að. – Liðurinn Vinnuhælið á Litla-Hrauni, viðhaldskostnaður hækkar um 170 þús. kr. En jafnframt er á fjárlagafrv. 3 millj. kr. vegna nýbyggingar þar. – Liðurinn til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. sept. 1972 hækkar um 5 millj. kr. og verður alls 20 millj. Ef hentugra þykir, mun þetta framlag sjálfsagt að einhverju leyti verða notað fyrir 1. sept., en hækkunin er ákveðin vegna útfærslu landhelginnar 1. sept. n. k. – Liðurinn sérstök löggæzla hækkar um 700 þús. kr. til þess að standa straum af löggæzlu vegna fíkniefna. Kostnaður vegna hunds þess, sem fenginn hefur verið í því skyni að hafa upp á fíknilyfjum, er á öðrum lið í frv., en framlag þetta, sem hér er gerð till. um, er ætlað til þess að samræma aðgerðir lögregluyfirvalda á hinum ýmsu stöðum í því starfi að hamla gegn dreifingu fíknilyfja. – Liðurinn bygging fangahúsa hækkar um 400 þús. kr. vegna byggingar fangageymslu á Akranesi, en sú, sem fyrir er, er mjög léleg og ekki talin viðunandi, nánast heilsuspillandi. – Liðurinn Þjóðkirkjan, æskulýðsstarf hækkar um 100 þús. kr. – Þá koma nýir liðir: Til Kirkjuvogskirkju 150 þús. kr., það er styrkur til viðgerðar og varðveizlu kirkjunnar, sá liður er óbreyttur frá því, sem hann er á núgildandi fjárlögum. – Til Búrfellskirkju í Grímsnesi vegna endurbóta á kirkjunni, en þær fóru fram á árunum 1967–1970, það er nýr liður, 50 þús. kr. – Til minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson 250 þús. kr., jafnhá upphæð og á núgildandi fjárlögum. – Til Auðkúlukirkju 75 þús. kr. vegna endurbyggingar, nýr liður. Sérstök meðmæli

þjóðminjavarðar hafa fylgt umsóknum um fjárveitingar til viðgerða á þessum gömlu kirkjum.

Þá er næst félmrn. Liðurinn vatnsveitur skv. lögum hækkar um 7.5 millj. Er þá gert ráð fyrir, að af heildarfjárveitingunni renni 7.5 millj. kr. til Vestmannaeyja og 700 þús. kr. til Vestur-Landeyja, og er þá þar um jafnháar upphæðir að ræða og greiddar eru til þessara aðila á þessu ári. – Liðurinn vatnsveitur aðrar hækkar um 160 þús. kr.

Þá er gerð till. um, að framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs falli niður, og er það í samræmi við till. um framlag til Byggðasjóðs.

Liðurinn til Alþýðusambands Íslands hækkar um 1 millj. 600 þús. kr., og er framlagið ætlað til menningar- og fræðslustarfsemi. – Nýr liður: Til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsstarfsemi 1 millj., en Alþýðusambandið hefur í hyggju að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við skipulagningu vetrarorlofs og til þess að auðvelda verkafólki með öðrum hætti að taka orlof. Þess skal getið, að í nál. meiri hl. á þskj. 182 hefur komizt inn sú prentvilla, að liðurinn hækki um 1 millj. 900 þús., en í skrá yfir brtt. sjálfar á þskj. 174 er upphæðin rétt tilgreind 1 millj. – Styrkur til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 105 þús. kr., og er þar annars vegar um að ræða greiðslu lögfræðilegrar aðstoðar, leiðbeiningar í sambandi við meint brot á iðnnámssamningnum, 35 þús. kr., og hins vegar er aukinn rekstrarstyrkur.

Félagið Heyrnarhjálp, styrkurinn hækkar um 190 þús. kr., en þetta félag kostar m. a. ferðir sérþjálfaðs manns ásamt aðstoðarstúlku um byggðir landsins til heyrnarmælinga, leiðbeiningarstarfs um val og notkun heyrnartækja og annarra hjálpartækja fyrir heyrnardaufa. – Nýr liður: Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra er veittur 50 þús. kr. styrkur til að kosta sérnám fóstru erlendis í stjórnun og kennslu við fyrirhugaðan forskóla og leikskóla fyrir fötluð börn á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. – Styrkur til Neytendasamtakanna hækkar um 125 þús. kr. Félagið rekur sérstaka þjónustuskrifstofu fyrir neytendur í Reykjavík, en væntanlegt mun vera á næstunni frv. um neytendamál. – Framlag til Orlofssjóðs húsmæðra hækkar um 400 þús. kr., og framlag til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra vegna útgáfu sérstakrar orðabókar hækkar um 50 þús. kr. – Nýir liðir: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 200 þús. kr., sem er jafnhátt og er í núgildandi fjárlögum. – Byggingarstyrkur til Geðverndarfélags Íslands 2 millj. kr. Það er jafnhátt framlag og á núgildandi fjárlögum. – Byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra er 500 þús. kr. hærri en á núgildandi fjárlögum og byggingarstyrkur til Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra er jafnhár og á núgildandi fjárlögum.

Heilbr.- og trmrn.: Framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða hækkar um 61 millj. 578 þús. kr. í 149 millj. 578 þús. Sérstök sundurliðun kemur fram á yfirliti á þskj. 174. Hér er um mjög verulega hækkun að ræða, enda taka nú framlög til læknamiðstöðva, sem ríkissjóður kostar að fullu, að segja til sín. Við úthlutun þessa fjár togast á annars vegar hin gífurlega þörf að hefjast handa hvarvetna, þar sem ástandið er slæmt, og hins vegar hið byggingarfræðilega hagkvæmnissjónarmið að nýta fjármagnið fyrst og fremst til sem hagkvæmastra byggingaráfanga, þar sem fest hefur verið fé. – Liðurinn til að bæta héraðslæknisþjónustu hækkar um 1 millj., og er þá gert ráð fyrir, að keyptar verði sérstakar bifreiðir til afnota í læknislausum héruðum, þar sem fengnir eru læknar til að gegna störfum um stundarsakir. – Framlag til sjúkraflugs hækkar um 200 þús. kr., og þá er gert ráð fyrir því, að flugfélagið Ernir h. f. á Vestfjörðum fái 100 þús. kr. hækkun og Flugleiðir h. f. í Vestmannaeyjum fái styrk að upphæð 100 þús. kr. Það er í fyrsta skipti, sem það félag fær styrk, og hann er einkum veittur vegna tjóns, sem þetta félag varð fyrir á flugvél. – Nýr liður: Námskeið heilbrigðisstétta 1 millj. 500 þús., en þetta námskeið er fólgið í því að þjálfa ljósmæður til almennra hjúkrunarstarfa vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Framlag til elliheimila hækkar um 600 þús. kr., það er aukinn rekstrarstyrkur. – Nýr liður: Til heilsuhælis á Norðurlandi 100 þús. kr. Þessi upphæð er veitt í sambandi við hugmyndir um byggingu heilsuhælis á Norðurlandi, en heilsuhælið í Hveragerði hefur ekki getað annað eftirspurn. – Þá er nýr liður: Til norræns tannlæknamóts, sem halda á hér á landi í júní 1972, 100 þús. kr., en búizt er við, að um 1000 útlendingar sæki þetta mót. Má segja, að við afgreiðslu þessa erindis og annarra slíkra um fjárveitingar í sambandi við þinghald og mót, sem haldin eru hér á landi, líti nefndin á þessi framlög á vissan hátt sem stuðning við ferðamál. – Framlag til félagssamtakanna Verndar hækkar um 100 þús. kr., en þessi samtök annast fangahjálp og njóta einnig styrks frá Reykjavíkurborg, sem m. a. leggur fram húsnæði, og auk þess nýtur það framlaga frá styrktarfélögum. – Framlag til áfengisvarna hækkar um 300 þús. í 3 millj. 163 þús., en áætlun frá áfengisvarnaráði lá ekki fyrir, þegar fjárlög voru samin. – Framlag til Stórstúku Íslands hækkar um 270 þús. í 900 þús.

Þá er næst fjmrn. Liðurinn embætti ríkisskattstjóra. Hækkar launaliður þar um 1 millj. 958 þús. kr., en þessi hækkun stafar af fjölgun starfsmanna rannsóknardeildar í þeim tilgangi að auka skatteftirlit frá því, sem nú er.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, liðurinn lækkar um 275 þús. kr., en sundurliðun kemur fram í sérstöku yfirliti á þskj. 174. – Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, lækkar um 429 þús. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174.

Ýmis lán ríkissjóðs, lánahreyfingar út. Liðurinn hækkar um 10 millj. 900 þús. vegna kaupa á jarðhitaréttindum í Námaskarði við Mývatn. – Nýr liður: Lífeyrissjóður bænda 10 millj. kr., en þar er um að ræða greiðslur á hlut eða iðgjaldi neytenda til lífeyrissjóðsins.

Samgrn.: Vegagerð, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 53 millj. kr., og þar er um að ræða hækkun á framlagi ríkisins til vegagerðar úr 47 millj. kr. í 100

millj. – Vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka, sá liður hækkar um 400 þús. kr., en þar er um að ræða hækkun á framlagi til að halda uppi gistingu og byggð og þá fyrst og fremst til Flókalundar og Bjarkarlundar, sem gert er ráð fyrir að fái 100 þús. kr. hækkun hvor. Enn fremur er ætlazt til, að upp verði tekinn þar nýr liður, 30 þús. kr. vegna gistiaðstöðu á Hólmavík.

Hafnarmannvirki og lendingarbætur, liðurinn hækkar um 62 millj. 435 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir um 100 millj. kr. fjárframlagi til hafnarframkvæmda og og lendingarbóta, en það kom fljótt í ljós, þegar athuguð voru gögn um áætlaða viðskiptastöðu hafna gagnvart ríkissjóði í árslok 1971, að lítt mundi sú upphæð duga til nýrra framkvæmda, því að nýtt vangreitt framlag ríkissjóðs, auk eldri halans frá því fyrir 1967, var áætlað hvorki meira né minna en um 80 millj. kr. í lok þessa árs. Orsakir hækkana þessara vangreiddu framlaga eru þessar: Í fyrsta lagi: Eðlileg kostnaðarhækkun frá áætlunargerð 8.5 millj. Í öðru lagi: Breytt ákvörðun um það hlutfall, sem ríkissjóði ber að greiða af einstökum framkvæmdum, hækkun úr 40% framlaginu í 75%, nemur um 12.5 millj. Í þriðja lagi: Ríkishluti þeirra framkvæmda, sem flýtt hefur verið innan fjögurra ára framkvæmdaáætlunar og ekki var ráðgert að veita fyrr en nú, 21.5 millj. Í fjórða lagi: Breyting vegna lokauppgjörs verka frá árunum 1968–1970 3.5 millj. Og í fimmta lagi: Verk, sem unnin hafa verið algerlega utan við framkvæmdaáætlun á árinu 1971 og án nokkurra fjárlagaheimilda, 35.5 millj. Það eru því fleiri baggar, sem við er tekið, en gamli halinn, sem veittar eru á frv. 25.5 millj. kr. til að greiða. Sá nýi er orðinn sýnu stærri og hann hefur einkum vaxið á þessu ári. Þótt unnt mundi reynast að velta einhverju af þessum nýju skuldum áfram á næstu ár, er sýnt, að of lítill hluti þeirrar 62 millj. kr. hækkunar á framlagi til hafnarmannvirkja, sem till. er gerð um, getur farið til greiðslu á nýjum framkvæmdum, vegna þeirrar skuldasöfnunar, sem hér hefur átt sér stað. – Ferjubryggjur, liðurinn hækkar um 69 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174. – Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 5 millj. kr., en sjálfsagt þarf að gera fleiri ráðstafanir til þess að auka ráðstöfunarfé Hafnabótasjóðs. – Sjóvarnargarðar, liðurinn hækkar um 2 millj. 300 þús., og sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 174.

Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 35 millj. 300 þús., þar af er aukinn rekstur 10.3 millj., en 25 millj. renna til flugvallagerða og flugöryggismála. Framkvæmdir í flugvalla- og flugöryggismálum hafa verið verulega vanræktar á undanförnum árum, og er hér gerð tillaga um stefnubreytingu í þeim málum með hækkun fjárveitingar úr 31 millj. kr. á núgildandi fjárlögum í 75 millj. kr.

Þá er það iðnrn. Framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækkar um 1 millj. kr. og rekstrarstyrkur til Landssambands iðnaðarmanna hækkar um 100 þús. kr. – Þá er nýr liður: 10 millj. kr. til jarðvarmaveitna ríkisins. Þessi útgjaldahækkun fer til þess að greiða halla á rekstri gufurafstöðvar við Mývatn, en hún selur rafmagn til Kísiliðjunnar og Laxárvirkjunar, og virðast samningar um þá rafmagnssölu ekki hafa verið hagkvæmir jarðvarmaveitunum, þótt líta megi svo á, að hér sé að nokkru um tilraunastarfsemi að ræða, sem ekki sé óeðlilegt að kosta nokkru til.

Á því fjárlagafrv., sem lagt var fram í haust, varð að hækka launaliði um 800 millj. kr. vegna þeirra kjarasamninga við opinbera starfsmenn, sem gerðir voru fyrir um það bil einu ári í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Þótt kjarasamningarnir væru gerðir í fyrrahaust og launahækkanirnar kæmu að verulegu leyti fram á þessu ári, þá gerði þáv. ríkisstj. ekki ráð fyrir útgjöldunum á núgildandi fjárlögum, að öðru leyti en því, að 270 millj. kr. voru látnar heita greiðsluafgangur á fjárlögum og átti hann að mæta þessum hækkunum. Á það mun þó hafa skort í reynd, og alls ekki var séð fyrir fjármunum til að kosta verðstöðvun eftir 1. sept. eða til að mæta öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum, ef henni yrði þá hætt. Fjárlög voru því í raun og veru afgreidd með halla. Þó gerir hv. 1. minni hl. fjvn. sér lítið fyrir á nál. sínu og telur þessar 270 millj. kr. ekki útgjöld, þegar hann ber saman heildarútgjöld ríkissjóðs á núgildandi fjárlögum og fjárlagafrv. nú við 2. umr. Sú talnameðferð er mál út af fyrir sig, sem ég sé ekki ástæðu til að ræða hér frekar, en séu þessar 270 millj. kr. taldar útgjöld á núgildandi fjárlögum, sem rétt er, þurfti vegna samninga við opinbera starfsmenn s. l. haust að taka inn í fjárlagafrv., sem hér er til umr., nær 530 millj. kr. sem hækkun á launaliðum miðað við núgildandi fjárlög. Fyrir þessu hefur verið séð, en að öðru leyti er naumast um aðrar rekstrarkostnaðarhækkanir að ræða, nema þær, sem sjálfkrafa mun leiða af vísitöluhækkunum. Yfirgnæfandi hluti rekstrarkostnaðarhækkunar á sér því rætur í tíð fyrrv. ríkisstj. Hins vegar láta núv. stjórnarflokkar sér ekki nægja ámóta fjárveitingar og þær, sem undanfarin ár hafa runnið til að tryggja afkomu bótaþega í landinu og til þjóðnauðsynlegustu framkvæmda. Fyrrv. ríkisstj. setti skömmu fyrir kosningar lög um hækkun bóta almannatrygginga, án þess að þurfa að sjá fyrir tekjum. Samkvæmt fjárlagafrv. hækka lífeyrisbætur almannatrygginga á næsta ári um 460 millj. kr. miðað við núgildandi fjárlög, aðallega vegna þessara laga. Fyrir hluta ríkissjóðs af þessari upphæð hefur verið séð á fjárlagafrv., en við það hefur ekki verið látið sitja, heldur hefur nú verið lagt fram nýtt frv. um hækkun bóta almannatrygginga um 310 millj. kr., og vænta má enn verulegrar hækkunar vegna launahækkana í landinu, þannig að líklegt er, að miðað við núgildandi fjárlög verði hækkun bóta lífeyristrygginga almannatrygginganna ekki fjarri 1 milljarði á þeim fjárlögum, sem hér verða afgreidd áður en þinghaldi lýkur um jól. Samkvæmt fjárlagafrv. og þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 174 og 177, er áætlað, að framlög til almannatrygginga og verklegra framkvæmda hækki á næsta ári um 50%. Framlag til bygginga og verklegra framkvæmda hækki á næsta ári um 50%. Þar er m. a., eins og nánar er rakið í nál. meiri hl. fjvn., gert ráð fyrir hækkun á framlagi til sjúkrahúsabygginga og lækna-

bústaða um 110 millj. kr. eða 62%. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 62 millj. kr. eða 63% hækkun. Til flugvalla og öryggisþjónustu hækkun um 44 millj. kr. eða 142% hækkun. Til barna- og gagnfræðaskóla 106 millj. kr. hækkun eða 37%. Til iðnskóla 12 millj. kr. hækkun eða 90%. Til rafvæðingar í sveitum, hækkun 18 millj. kr. eða 56%. Og til vegamála, hækkun 53 millj. kr. eða 113%. Framlag til fjárfestingar- og lánasjóða mun hækka á næsta ári um 218 millj. kr. eða um 25%.

Á undanförnum árum hefur verið staðið mjög gegn eðlilegri aukningu starfsliðs og þjónustu í sjúkrahúsum samhliða því, að ríkisbáknið var að öðru leyti þanið út. Nú er gert ráð fyrir að bæta fyrir þessa vanrækslu stig af stigi og hefja fyrstu úrbætur með sérstakri hækkun á fjárframlagi. Þá er það mjög áberandi við afgreiðslu fjárlaga nú, að betur er en áður komið til móts við óskir hinna ýmsu félagssamtaka almennings um fjárstuðning, en þær fjárveitingar hafa rýrnað mjög á undanförnum verðbólguárum. Það, sem einkennir fyrst og fremst afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni, er í fyrsta lagi: Stórfelldari aukning framlags til lífeyristrygginga almannatrygginga en áður hefur þekkzt. Í öðru lagi: Mjög mikil hækkun til nauðsynlegustu samfélagslegra framfara og til fjárfestingar- og lánasjóða, svo að um algera stefnubreytingu er að ræða. Í þriðja lagi: Aðhald í rekstrarkostnaði ríkisins. Og í fjórða lagi: Breytt afstaða að því er varðar stuðning við félagssamtök almennings í landinu.

Við afgreiðslu fyrstu fjárlaga hv. núv. ríkisstj. koma því fram grundvallaratriði í stefnu hennar, stórauknar samfélagslegar framkvæmdir og aukin samhjálp og félagshyggja í þjóðfélaginu.

Ég legg svo til, herra forseti, að þær brtt., sem fjvn. flytur á þskj. 174 og 177, verði samþykktar og frv. að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frsm. meiri hl. fjvn. hefur nú gert grein fyrir þeim brtt. við fjárlagafrv., sem fjvn. flytur sameiginlega við 2. umr. málsins. Ég tel, að flestar þessar till. séu þess eðlis, að þær séu nauðsynleg breyting á fjárlagafrv. og fram bornar af n. eftir nákvæma yfirvegun á þeim 36 fundum, sem hún hefur haft málið til meðferðar.

Ég vil þegar í upphafi máls míns þakka formanni n. og nm. öllum fyrir gott samstarf í n. og tel, að öll vinnubrögð þar, að því er varðar hina venjulegu athugun á fjárlagafrv., hafi verið mjög góð.

Eins og brtt. n. bera með sér, vantaði mikið á, að fjárlagafrv. væri þannig úr garði gert af hendi ríkisstj., að viðunandi mætti teljast. Þegar frv. var lagt fram í byrjun þings, voru niðurstöðutölur þess tæplega þrem milljörðum kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Verði þessar tillögur n. samþykktar, sem hún hefur leyft sér að bera fram, hækkar frv. enn um 764 millj. kr. og nemur þá heildarhækkunin 3 milljörðum 711 millj. kr. Er því hér um algert met að ræða hvað viðkemur hækkun fjárlaga á einu ári. Hér verður þó varla látið staðar numið, því enn liggur hjá n., eins og hv. frsm. gat um, fjöldi erinda, sem hún á óafgreidd, og a. m. k. sum þeirra eru þess eðlis, að ekki verður hjá því komizt að veita einhverja úrlausn. Til viðbótar þessu er svo um að ræða, eftir því sem okkur hefur verið tjáð, upphæðir, sem skipta hundruðum millj. kr., en þar mun viðbótarframlag til almannatrygginga nema hæstri upphæð. Þá er einnig vitað um ýmsa aðra útgjaldapósta, sem verulega munu hækka útgjaldahlið fjárlagafrv. Þegar þannig er ástatt, stendur fjvn. frammi fyrir þeirri staðreynd, að þrátt fyrir gífurlega hækkun tekna, sem í frv. er áætluð, þá er greiðsluhallinn orðinn yfir 700 millj. kr. Það er svo fyrst í gær, sem ríkisstj. lætur útbýta hér á hv. Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um almannatryggingar. Hér er um svo mikla lagabálka að ræða, að ríkisstj. getur varla ætlazt til, að Alþ. afgreiði þessi frv. nú fyrir jól, enda hefur hæstv. forsrh. nú skýrt frá því, að svo sé ekki. Það verður því að gera fastlega ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. fresti endanlegri afgreiðslu fjárlagafrv. á meðan Alþ. gerir sér efnislega grein fyrir þessum frv. Önnur vinnubrögð væru með öllu óafsakanleg og ég ætla, að þegar svo stendur á, að engin löggjöf er fyrir hendi, sem tryggi þá tekjuöflun, sem nauðsynleg er til að mæta jafngífurlegri útgjaldahækkun og hér er stefnt að, þá séu þess ekki dæmi í allri þingsögunni, að fjárlög séu afgreidd við slíkar aðstæður. Ég vil því mega vona, að hæstv. ríkisstj. ætli sér ekki að knýja í gegn afgreiðslu fjárlagafrv., áður en þau tekjuöflunarfrv., sem nú hafa verið lögð fram, hafa hlotið þinglega meðferð og hæfilega könnun. Taki ríkisstj. hins vegar þá ákvörðun að knýja fram afgreiðslu fjárlagafrv. undir þessum kringumstæðum, þá væri ekki óeðlilegt að álykta, að það væri nokkuð til í því, sem sagt hefur verið um vinnubrögð ríkisstj., að hún ákveði og framkvæmi hlutina fyrst, en ætli svo að athuga málin á eftir.

Ég vil þessu næst víkja nokkuð að fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. hefur á undanförnum árum við slík tækifæri sem þetta haldið því fram, að fjárlögin væru spegilmynd af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstj., sem að þeim stendur. Undir þessi orð hæstv. fjmrh. vil ég taka, og tel að svo hafi verið. Ég tel því vafalaust, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um, að þessi fjárlög núv. ríkisstj., þau fyrstu, sem hún sendir frá sér, séu þá spegilmynd af þeirri efnahagsstefnu, sem sú ríkisstj. hyggst marka sem framtíðarstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Fyrir aðeins ári síðan sagði hæstv. fjmrh. í sambandi við hækkun, sem þá átti sér stað á fjárlögum, – en þar var um minni hækkun að ræða en nú á sér stað, – ráðh. sagði, að sér fyndist það allsögulegur viðburður að afgreiða fjárlög á verðstöðvunartímabili með slíkri hækkun sem þá átti sér stað. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort hér sé þá ekki að hans dómi um enn sögulegri viðburð að ræða í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlagafrv., sem nú þegar slær öll fyrri met, og að hann verði enn sögulegri við 3. umr. málsins, þegar koma til viðbótar hundruð millj. kr., sem þá væri gert ráð fyrir að enn bættust við upphæðina. Við vitum, að í dag gildir verðstöðvun og að ríkisstj. hefur framlengt þær

ráðstafanir fyrst um sinn til áramóta. Hvað við tekur þá, vitum við að vísu ekki annað um í dag en það, sem fram kemur í fjárlagafrv., en þar er lagt til að verja miklum mun meiri fjármunum en áður til niðurgreiðslu á vöruverði eða um 1 650 millj. kr. Ósamræmið, sem er á milli fjárlagafrv., sem nú er til umr., eða gerðar þess, og margyfirlýstrar gagnrýni núv. stjórnarflokka, þegar þeir voru að ræða um fjárlög fyrri ára og það fjármálasukk, sem að þeirra dómi átti sér stað, verður bezt séð með því að lesa stuttan kafla úr nál. þeirra frá síðasta þingi, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þessi hækkun er stórfelldari en dæmi eru til í sögu íslenzkra fjárlaga, og það svo, að öll fyrri met á því sviði hverfa sem dögg fyrir sólu."

Mér er spurn, hvað hefðu þessir hv. þm. sagt um fjármálasukkið og útþenslumetið, sem þetta fyrsta fjármálafrv. vinstri stjórnarinnar setur, ef það hefði komið frá fyrri ríkisstj.? Það eru e. t. v. einhverjir hv. alþm., sem hugsa sem svo: Það hlýtur að vera um einhverjar óvenjulega miklar fjárveitingar að ræða til nýrra framkvæmda og efnda á kosningaloforðum fyrrverandi stjórnarandstöðuflokka frá síðustu kosningum, sem valda þessari miklu hækkun, eða tæpum 3 þús. millj. kr. Ég hef leitað um allt fjárlagafrv. eftir svari við slíkri ályktun, sem ég tel fyllilega eðlilega, en því miður hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að til þessara ástæðna sé ekki að rekja hækkanirnar nema að mjög óverulegum hluta, eða innan við 10% af allri hækkuninni. Það munu vera um 279 millj. kr., sem varið er til þess, sem kallað er gjaldfærður stofnkostnaður, byggingarstyrkir, þar með talin framlög til fjárfestingarsjóða, rafvæðing í sveitum og annað, sem telst til nýrra fjárfestinga. Allt annað fer þá sennilega til þess, sem hv. fyrrv. stjórnarandstæðingar mundu hafa kallað útþenslu í ríkiskerfinu. Ef haldið er áfram lýsingum fyrrv. stjórnarandstöðuflokka á hinum ýmsum liðum fjárlagafrv., vil ég enn vísa til ummæla þeirra í nál. frá síðasta þingi, sem hæstv. fjmrh. var frsm. fyrir, en þar segir m. a. svo: „Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar, eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi. Yfir 1 100 millj. kr. er varið til niðurgreiðslna á vöruverði." Ja, minna mátti það ekki vera, þvílíkt var heilbrigðisástandið. Hvað mætti þá segja um þetta fjárlagafrv. til samanburðar, þar sem lagt er til að verja 1 650 millj. kr. í sama skyni, – ég skil vart, að sjúklingurinn eigi sér nokkra lífsvon. Hitt er svo annað mál, sem rétt er að taka með í reikninginn, þegar rætt er um ný fjárlög, en það er viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. á efnahagssviðinu og staða ríkissjóðs við stjórnarskiptin. Svo sem kunnugt er, voru fjárlög yfirstandandi árs afgreidd með rúml. 270 millj. kr. greiðsluafgangi. Eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, þegar þessu fjárhagsári er að ljúka, bendir allt til þess, að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði allt að 1 200–1 300 millj. kr. hærri en þær eru áætlaðar í fjárlögunum. Í slíku góðæri væri því ekki óeðlilegt að álykta, að staða ríkissjóðs hjá Seðlabankanum væri mjög hagstæð. Þessu mun þó því miður ekki þannig farið. Ef borin er saman staða ríkissjóðs á viðskiptareikningi hans við Seðlabankann 30. nóv. s. l. og svo aftur, hver hún var á sama tíma á s. l. ári, kemur í ljós, að 30. nóv. 1970 er skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningnum 316 millj. kr., en nú mun skuldin hins vegar vera um 629 millj. kr. Ríkissjóður hefur því þrátt fyrir hina góðu afkomu hlaðið upp nýjum skuldum við Seðlabankann, sem nema rúmlega 300 millj. kr. Þessar staðreyndir ber ríkisstj. að viðurkenna, og engin ný ríkisstj. hefur tekið við blómlegra þjóðarbúi en núv. ríkisstj., enda gat hún viðstöðulaust og að því er virtist án nokkurrar umhugsunar ausið hundruðum millj. kr. úr ríkissjóði til þess m. a. að sýna hv. kjósendum, að nú væru stjórnmálaflokkar setztir að völdum, sem ætluðu að standa við kosningaloforðin.

Þessi hagstæða afkoma ríkissjóðs leyfði ríkisstj. m. a. að halda áfram verðstöðvuninni til áramóta og láta einnig koma til framkvæmda lög um auknar lífeyris- og örorkubætur, sem samþ. voru á síðasta Alþ., en áttu annars að taka gildi um næstu áramót. Hvor tveggja þessara málaflokka átti fyllsta rétt á sér, og ber að fagna því, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs var með þeim hætti, að þetta var framkvæmanlegt.

Til viðbótar hinni hagstæðu þróun ríkissjóðs inn á við er svo þess að geta, að gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem var að fullu uppurinn í lok vinstristjórnartímabilsins á árinu 1958, var nú um 4 000 millj. kr., eða einhver sá öflugasti, sem um getur nokkru sinni áður. Þá er það ekki lítils virði, ef til þess kæmi, að eitthvað harðnaði á dalnum fyrir útflutningsatvinnuvegunum, að hafa lagt til hliðar nokkurn hluta af hinu óvenju hagstæða söluverði sjávarútflutningsafurðanna, sem verið hefur að undanförnu. Láta mun nærri, að í verðjöfnunarsjóðum sjávarútvegsins séu nú um 900 millj. kr., og er þá inn komið lítið eitt meira fyrir útfluttar afurðir en til 1. ágúst s. l. Allt þetta ber vissulega vott um hyggilega fjármálastjórn, sem er ómetanlegur arfur fyrir hina nýju ríkisstj., ef hún hefur framsýni og gæfu til að hagnýta á þjóðhollan hátt, en spilar ekki öllu út í vanhugsuð ríkisafskipti og ráðleysi, eins og því miður margt bendir til, að verði hlutskipti hinna nýju stjórnarherra.

Þensla í stjórnarráðinu, ríkisbákninu yfir höfuð, var oft kærkomið umræðuefni núv. stjórnarflokka á meðan þeir enn voru í stjórnarandstöðunni. Ekkert bendir til þess, að þeir ætli að vera sjálfum sér samkvæmir í þessum efnum frekar en öðru, eftir að þeir eru nú komnir til valda. Launagreiðslur til nýrra embættismanna nema tugum millj. kr., og er það allt utan þess, sem telja verður eðlilegt, t. d. í sambandi við fjölgun kennara, sem á sér alltaf stað í sambandi við fólksfjölgun og aukna kennslu. Mest er þó hækkunin í sjálfu stjórnarráðinu, en þar nemur hækkunin á milli 60 og 70 millj. kr. Þessi útþensla, sem nú á sér stað í ríkiskerfinu, var augljós strax í sumar, eftir að vinstri stjórnin tók við. Allt virtist stefna í eina átt: gerviráðherrum var hrúgað upp, og varla leið sá dagur á fyrstu vikum ríkisstj., að ekki fréttist um einhver ný ráð eða nefndir, sem búið var að setja á laggirnar, skipaðar pólitískum gæðingum. Allt virðist því nú stefna í eina átt og bera að

sama brunni og hjá hinni fyrri vinstri stjórn: ábyrgðarleysi og ráðleysi í efnahagsmálum samfara stórauknum afskiptum hins opinbera á athafnasviðinu.

Á hinu fyrra tímabili vinstri stjórnar hér á landi var það ógæfa þjóðarinnar, að til forustu völdust menn, sem ekki höfðu yfirsýn yfir málin. Í einstöku góðæri sigldu þeir þjóðarskútunni í strand og hrökkluðust síðan frá völdum. Að dómi forsrh. þeirrar stjórnar blasti þá ekkert annað við en algert gjaldeyrishrun, og hengiflug óðaverðbólgu var á næsta leiti. Það kom því í hlut viðreisnarstjórnarinnar að veita þjóðinni þá stjórnarforustu, sem dugði, – rétta við og endurheimta glatað lánstraust erlendis og byggja upp að nýju öflugan gjaldeyrisvarasjóð. Eins og opinberar skýrslur bera með sér, hefur og reyndin verið sú, að allt þetta tímabil hefur þjóðarauðurinn stóraukizt, og það, sem enn meira máli skiptir fyrir allan almenning, er sú staðreynd, að daglaunafólk hefur fengið stærri skerf í sinn hlut af heildarverðmætisaukningunni en áður hefur átt sér stað.

Með júnísamkomulaginu svo nefnda og svo aftur með launasamningum á síðasta ári hafa verið stigin stærstu skrefin í þá átt að tryggja verðgildi þeirra kjara, sem um hefur verið samið. Án þess að til kæmu þær ráðstafanir, sem verðstöðvunin var byggð á, hefðu á ótrúlega skömmum tíma runnið út í sandinn allar þær kjarabætur, sem um var samið, og þar til viðbótar hefði þá einnig skapazt slíkt verðbólguástand, að fullvíst má telja, að atvinnuvegirnir hefðu ekki getað rönd við reist, en af því hefði leitt, að samdráttur hefði orðið í atvinnulífinu með þeim óheillaafleiðingum, sem því fylgja. Það veltur því einnig á þessu sama nú sem fyrr í sambandi við þá kjarasamninga, sem nú eru nýafstaðnir. Og því er eðlilegt, að ríkisstj. sé spurð, á hvern hátt hún ætli að mæta þeirri verðlagsþróun, sem hlýtur að sigla í kjölfar þeirra samninga, sem nú hafa átt sér stað á hinum almenna launamarkaði. Það mun talið nokkurn veginn gefið dæmi, að kostnaðarauki atvinnuveganna hvað kaupgjald snertir muni fara stígandi á öllu samningstímabilinu, og eftir að öll samningsákvæði eru komin til framkvæmda verði hækkunin sem næst 62%, en þá er allt meðtalið, bæði vinnutímastyttingin og hækkun orlofs. Það hefur hjálpað atvinnuvegunum að undanförnu, hvað verðlagsþróunin hefur verið hagstæð. Verðlag í okkar viðskiptalöndum hefur hækkað mjög mikið, sem kunnugt er, á undanförnum árum, en nú eru þær fréttir nýjastar í þeim efnum frá einni okkar helztu viðskiptaþjóð, Bandaríkjunum, að þar komu til framkvæmda seint á síðastliðnu sumri ný lög, þar sem allt verðlag á innlendum markaði er fastbundið. Til að byrja með gilti þetta ákvæði í 6 mánuði, en nú er að hefjast annað slíkt tímabil, sem einnig er með takmarkanir hvað verðlag snertir. Hvaða áhrif þessi afskipti opinberra aðila í Bandaríkjunum kunna að hafa á markaðsverð framleiðsluvara okkar verður að vísu ekkert sagt um í dag, en hitt er staðreynd, að hér eru á ferðinni aðgerðir, sem ekki er ósennilegt að hafi einhver áhrif á okkar framtíðarviðskipti við þessa þjóð.

Í framhaldi af því, sem ég hef þegar rætt um nýgerða kjarasamninga, vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvernig ríkisstj. hyggst mæta þeim kaupkröfum, sem opinberir starfsmenn hafa sett fram og telja sig eiga rétt á samkv. kjarasamningum. Verði þar um einhverjar grunnkaupshækkanir að ræða, – ég tel, að það muni vera rætt um 14%, – verður að sjálfsögðu að taka það með í reikninginn og áætla fyrir því. Eða telur ríkisstj., að opinberir starfsmenn eigi ekki samningsbundinn rétt til að fara fram á kauphækkun, sem byggð er á þeirri kaupbreytingu, sem átt hefur sér stað í samningum milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda nú í byrjun þessa mánaðar? Hér er um mál að ræða, sem æskilegt væri, að hæstv. fjmrh. gæfi upplýsingar um. Þá er þess að geta, að í öllum þeim tillögum, sem fjvn. hefur gert og varða verklegar framkvæmdir, hefur í kostnaðinum verið byggt á því kaupgjaldi, sem í gildi var hinn 1. sept. s. l. Svo sem kunnugt er, er nú þegar um verulega kauphækkun að ræða, og þegar slíkt hefur átt sér stað áður en fjárlög hafa verið afgreidd, hefur það venjulegast verið áætlað og miðað við einhverja prósentu og þá tekin inn í fjárlög upphæð til að mæta þeim aukna kostnaði. Varðandi skattvísitöluna, en á undanförnum árum hefur verið harðlega gagnrýnt af hæstv. fjmrh. og m. a. núv. formanni þingflokks Framsfl., að henni hafi verið haldið óhóflega niðri af fyrrv. fjmrh., þá vil ég nú spyrjast fyrir um það, hvort tillagna sé að vænta frá ríkisstj. um að gera hér nokkra breytingu á frá því, sem nú er í fjárlagafrv., en þar er lögð til grundvallar 6.5 stigs hækkun eða nákvæmlega það sama sem svarar til framfærslukostnaðarauka s. l. árs.

Í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands þá er framlag til sjóðsins í frv. 35 millj. kr., og er það samkvæmt gildandi lögum og þá að sjálfsögðu sem lágmarksframlag. Enginn bannar Alþ., ef það vill svo við hafa, að veita þar nokkurn viðbótarstyrk, að slíkt geti átt sér stað. Það hefur komið fram í umr. um þann kafla ríkisstjórnarsamningsins, sem veit að því, að ríkisstj. muni beita sér fyrir, að vextir verði lækkaðir af stofnlánum og lánstími verði lengdur. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel, að það sé mjög æskilegt, að þetta ákvæði stjórnarsáttmálans komi sem fyrst til framkvæmda, og eftir því sem hæstv. sjútvrh. hefur tjáð, er þess að vænta, að þetta ákvæði komi til framkvæmda um næstu áramót. Mér skilst þó, að þessi breyting ætti einungis að ná til nýrra lána, sem veitt yrðu eftir áramótin, hitt væri allt of flókið, að breytingin næði einnig til eldri lána. Nú er það svo, að lenging lána hjá Fiskveiðasjóði er ekkert nýtt mál, slíkt hefur oft átt sér stað áður. Það hefur gerzt, þegar sérstaklega hefur verið erfitt í ári hjá sjávarútveginum, og það jafnan í því formi, að felld hefur verið niður afborgun lána í 2–3 ár eftir ástæðum, en vextina hafa menn jafnan þurft að greiða. Varðandi vexti af eldri lánum, þá getur það nú varla talizt flókið mál að koma á þar einum ákveðnum vaxtastofni. Hitt er annað mál, hvort sjóðurinn er fær um að veita slíka allsherjarlækkun vaxta, en vissulega væri æskilegt, að úr því væri bætt, úr því að rætt er um vaxtalækkun á

annað borð, að þá gætu viðskiptamenn Fiskveiðasjóðsins átt þess kost að sitja allir við sama borð hvað þetta snertir. En hvort heldur sem er, að lenging lána eða lækkun vaxta verður látin ná yfir lengra eða skemmra svið sjóðsins, þá hlýtur það að hafa nokkur áhrif á starfsmöguleika hans. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort þess sé ekki að vænta, að ríkisstj. geri tillögur um aukið framlag til Fiskveiðasjóðs, því vissulega standa mál hans þannig með tilliti til hinna miklu verkefna, sem bíða og fram undan eru í sambandi við togara- og aðrar fiskiskipabyggingar, að ástæða er til að gera nú stórt átak til að efla Fiskveiðasjóðinn.

Þá vil ég minnast á aðra fjárveitingu, sem einnig snýr að sjávarútveginum og fé hefur á undanförnum árum verið veitt til í fjárlögum, en nú er engin tillaga um í frv. Hv. formaður fjvn. hefur þó tjáð mér, að það mál sé til athugunar. Hér á ég við hinn svo kallaða línustyrk, en það er kunnara en frá þurfi að segja, hvers virði það er hinum ýmsu verstöðvum í landinu, að unnt sé að halda úti línuveiðum. Þýðingu þessarar útgerðar fyrir atvinnulífið í sjávarplássunum má bezt sjá á því og vitna til þess, að sveitarfélögin sjálf hafa stundum veitt fjárframlög til stuðnings og örvunar á þessum atvinnurekstri. Þegar styrkur þessi var fyrst veittur, nam hann 25 aurum á hvert fiskkíló upp úr sjó. Var það gegn því skilyrði, að fiskkaupendur greiddu jafnmikið á móti. Síðan hækkaði styrkurinn með sömu skilyrðum upp í 33 aura á kíló. Á yfirstandandi ári hefur styrkurinn verið 33 aurar frá ríkissjóði en 50 aurar frá fiskkaupendum, og kemur þessi verðuppbót til viðbótar hinu umsamda fiskverði. Það hefur þó verið sá galli á gjöf Njarðar í þessum efnum, að styrkurinn hefur ekki náð til línuveiða yfir allt árið. Þar hefur fallið niður tímabil yfir sumarið. Vissulega væri það æskilegt, að allir, sem línuveiðar stunda, sitji hér við sama borð með tilliti til þess mikla kostnaðarauka, sem að undanförnu hefur átt sér stað og þá sérstaklega í sambandi við stórhækkað beituverð, auk þess sem er sameiginlegt hjá allri útgerð. Eins og ég áðan sagði, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort þess sé ekki að vænta, að ríkisstj. geri till. um það til n., að inn verði tekinn liður um fjárveitingu í þessu skyni og þá í samræmi við það, að unnt verði að greiða a. m. k. 50 aura á hvert kíló.

Eitt er það mál enn, sem ég vil minnast á í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og sem lýtur að sjávarútvegi, en það er framlagið til Aflatryggingasjóðs. Um nokkur undanfarin ár hefur framlag til sjóðsins á fjárlögum verið nokkuð lægra en lög um Aflatryggingasjóð gerðu upphaflega ráð fyrir. Um þessa framkvæmd hefur oft verið deilt og því haldið réttilega fram, að hér sé um svo áhættusaman atvinnurekstur að ræða, að ekkert sé meira áríðandi í okkar þjóðarbúskap en að ekki komi til þess, að sjávarútvegurinn stöðvist eða að þeir menn, sem þessa atvinnu stunda, fái ekki laun sín greidd. Með það fyrir augum að forða slíku ástandi voru lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sett. Á hverju ári hefur til þess komið, að einhver eða einhverjar verstöðvar hafa vegna aflabrests orðið að sækja um styrk til sjóðsins. Sem betur fer hefur reynslan verið sú nú um langt árabil, að sjóðurinn hefur verið fær um að greiða þær bætur, sem lög og reglugerð varðandi bæturnar kveða á um, en eins og ég áðan sagði, þá er sjávarútvegurinn svo áhættusamur og oft sveiflukenndur atvinnurekstur, að mikið getur oltið á því, að slíkur sjóður, sem hér um ræðir, komist ekki í greiðsluþrot. Ég vildi nú, eins og á undanförnum árum við sama tækifæri, leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. fjmrh. vill ekki, á sama hátt og fyrrv. fjmrh. hefur gert, gefa þá yfirlýsingu, að ef til þess kæmi, að sjóðurinn yrði ekki fær um að standa við skuldbindingar sínar eftir sömu reglum og gilt hafa um bótagreiðslur úr sjóðnum, þá muni hann beita sér fyrir því, að sjóðnum verði tryggðar nægilegar viðbótartekjur. Slíka yfirlýsingu tel ég fullnægjandi, en jafnframt tel ég hana nauðsynlega.

Ég mun nú fara að stytta mál mitt, enda þótt ástæða væri til að minnast á margt fleira við afgreiðslu þessara fjárlaga, sem á margan hátt má telja, að séu með einstökum hætti. Hvort tveggja er, að hér er um að ræða fjárlög, sem eiga engan sinn líka í þingsögunni hvað viðkemur útþenslu fjárlaga á einu ári, og einnig hitt, að sjaldan hafa jafnmargir liðir fjárlagafrv. verið óráðnir, þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram, eins og nú á sér stað. Það er með tilliti til þessa, sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. höfum tekið þá ákvörðun við þessa umr. málsins að flytja ekki fleiri brtt. við frv. en þær, sem við stöndum að og n. flytur sameiginlega við þessa umr., en um þær till. vil ég segja það, að þær eru flestar þess eðlis, að þar er um brýn viðfangsefni að ræða, sem ekki verður á frest skotið.

Þá er það einnig með tilliti til þess, sem ríkisstj. hefur boðað og nú lagt fram á Alþ., lagafrv., sem marka munu gagngerar breytingar á skattaálögum og öðrum tekjustofnum ríkissjóðs, sem fela munu í sér stórauknar álögur á þjóðina, og sem ég tel nauðsynlegt, að Alþ. hafi gert sér fulla grein fyrir áður en fjárlög fyrir árið 1972 verða afgreidd. Ég vil því vænta þess, að þau vinnubrögð, sem ég hef áður vikið að, varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. verði viðhöfð.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér fyrst að leiðrétta eina smávægilega villu í nál. mínu á bls. 4. Við greinaskil á miðri bls. stendur: „Þingmenn munu aðeins sjá nýju skattalögin", en á auðvitað að standa „skattafrv." o. s. frv. og síðar, „sem í frv. felst".

Ég tel ástæðu til þess að byrja þessa ræðu mína með því að þakka formanni og öðrum nm. fyrir gott starf á hinum 36 fundum, sem n. hefur setið sameiginlega. Þar hafa erindi verið rædd, og nm. hafa einnig fengið á fundi til sín forstöðumenn ríkisstofnana, sem hafa greint frá fjármálum viðkomandi stofnana og þörfum þeirra fyrir framlag úr ríkissjóði. Þessir fundir hafa jafnan verið fróðlegir, og með okkur fjvn.-mönnum hefur Gísli Blöndal hagsýslustjóri verið. Hann hefur veitt ýmislegar upplýsingar og aðstoðað við afgreiðslu mála. Auk þessara sameiginlegu funda hafa undirnefndir starfað. Ég hef ekki átt kost á því að starfa með

þessum undirnefndum og kann því ekki að segja frá starfi þeirra. Þessar undirnefndir hafa tekið fyrir stóru málaflokkana, svo sem skóla-, hafna- og sjúkrahúsamálin og fjárveitingar til þeirra. Það var þó einkennandi fyrir suma þessa málaflokka, að tillögur varðandi þá komu mjög seint, og mun það hafa átt sér stað áður. Það er raunar ekki boðlegt að leggja fyrir nm. rétt fyrir 2. umr. svona viðamiklar tillögur. Á þessu þarf að verða gagnger breyting. Svo mun einnig gilda um fleiri stofnanir hjá ríkinu. Viðkomandi ráðh. verða að gera þessum stofnunum ljóst, að erfitt verður að sinna beiðnum þeirra, ef ekki er nægilega snemma gerð grein fyrir fjármagnsþörfum. Einnig er það undarlegt, að ýmsir aðilar víða á landinu skuli hafa möguleika á því að senda inn erindi til fjvn. allt fram að umr., – þessari. Ég vil mælast til þess við hæstv. fjmrh., heyri hann mál mitt, að ákveðin tímasetning verði sett um skil erinda. Það verður að gefast nokkurt tóm fyrir nm. að lesa yfir erindin, svo að réttmæt athugun fari fram á beiðni, sem í erindunum er, áður en til afgreiðslu kemur. Einnig er bráðnauðsynlegt að breyta um fyrirkomulag afgreiðslu erinda eða stilla þeim upp, ef svo má segja, það er að sjá, um hvers konar fjármagn er sótt, hvort hér sé um viðbótarfjárveitingu að ræða eða nýtt fjármagn. Á þetta hef ég bent í fjvn. og formaðurinn kom inn á þetta, og hefur hann tekið vel undir þessa hugmynd. Þetta mun flýta fyrir skipulegri vinnu og tryggja það, að erindi fái eðlilega afgreiðslu, en ekki sé á málaleitan tekið með flaustursömum vinnubrögðum. Núv. formaður fjvn. lýsti þessu hér áðan, eins og hann hafði áður gert á fundum n., og þakka ég honum fyrir.

Um aðild mína að till. meiri hl. er það að segja, að hún er með sama hætti og venja hefur verið um afgreiðslu í n. undanfarin mörg ár. Formaður ber upp ákveðna till. og aðrir nm. fallast á till. hans. Ég tel mig hafa óbundnar hendur um fylgi við aðrar till., sem fram kunna að koma við þessa umr. og þá þriðju. Þetta tel ég rétt, að komi fram þegar nú við 2. umr., því vissulega hefur tíminn verið mjög naumur, sem við í stjórnarandstöðunni höfum haft til þess að kanna ýmis erindi, er komið hafa til fjvn. Okkur hefur ekki gefizt tækifæri til þess vegna tímaleysis að fara með ýmsar afgreiðslur í fjvn. inn í þingflokkana og kynna þær þar, hvað þá að ræða málin, eins og eðlilegt væri. Þetta veit ég, að er nú sérstaklega erfitt vegna þess skamma tíma, sem líður á milli 2. umr. fjárlaga og 3. umr., en það verður aðeins um vikutími eða varla svo. Fjvn. á sameiginlega eftir að koma með nokkrar till. í viðbót í sambandi við afgreiðslu við 3. umr., en engu að síður mun þm. almennt gefast mjög naumur tími til þess að athuga um till., sem gerðar hafa verið og gefa þeim sjálfum tækifæri á því að bera fram brtt., og formaður undirstrikaði það áðan, að sú tilhneiging er mjög rík að taka þetta vald, sem Alþ. hefur og fjvn. til að fjalla um þessi mál á sjálfstæðan hátt.

Hæstv. ríkisstj. gerði í aths. með fjárlagafrv. grein fyrir því, að samkvæmt hennar mati hefði skammur tími verið til undirbúnings fjárlaga og þess vegna væru fjárlög með mjög mikil einkenni frá fyrri ríkisstj. E. t. v. voru nokkur rök í þessari staðhæfingu, en í dag er ekki hægt að bera við sífelldu tímaleysi og afsaka undarleg vinnubrögð með því, að ekki hafi gefizt tóm til að athuga málin. Ríkisstj. gerði mjög langan málefnasamning 14. júlí, þegar hún kom til valda. Í þessum samningi er fjallað um fjölmarga þætti efnahagslífsins, og þ. á m. er lögð áherzla á að taka eigi nú af festu á móti verðbólgunni. Það er staðreynd, að nú við 2. umr. fjárlaga vantar veigamiklar upplýsingar um, í hverju þetta stóra átak til hemlunar á verðbólgunni á að vera fólgið. Augljóst er, að fjárlög munu hækka mikið á annan milljarð í meðferð Alþ. Þegar eru till. fjvn. með hækkunum um 763 millj., eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, og vitað er, að verulegar hækkanir munu koma fram fyrir atbeina ríkisstj. sjálfrar. Ekkert liggur fyrir um breytingar á niðurgreiðslum á vöruverði, og með hvaða hætti á að takast á við þann vanda. Ekkert liggur fyrir um vinnulaunahækkunina í rekstri ríkisins, og hvernig á að mæta slíkri hækkun á komandi ári. Ekkert liggur fyrir í fjvn. um stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann né hefur grg. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972 verið lögð fram, eða á nokkurn hátt verið gerð grein fyrir því, hvernig fjármagna á mörg stór verkefni, sem bíða næsta árs og ríkisstj. verður að ráða bót á með einu eða öðru móti, ef framkvæmdir eiga ekki að stöðvast. Ljóst er af þessari upptalningu, að hér er um einstæð vinnubrögð að ræða við afgreiðslu fjárlaga, og kunnugir menn segja mér, að svo hafi varla verið áður. Hér jaðrar við lítilsvirðingu á störfum Alþ. að haga sér þannig. Hæstv. ríkisstj. getur ekki boðið þm. upp á slík vinnubrögð, og alþjóð verður að vita, hvað verið er að aðhafast í þeim herbúðum.

Það, sem núv. stjórnendur gagnrýndu mjög fyrrv. ríkisstj. fyrir, var seinagangur í ýmsum málum, sérstaklega þó, þegar atvinnuleysi var og harðnaði á dalnum í þjóðarbúskap okkar árin 1967 og 1968. Nú hefur allt atvinnulíf verið með miklum blóma á yfirstandandi ári, verðlag gott á útflutningsvörum og innflutningur gífurlega mikill. Eftirspurn eftir fjármagni er með langmesta móti og þó hefur sparifé aukizt verulega. Mikil spenna er á vinnumarkaðinum, peningaskortur er gífurlegur vegna ákafa í mikla fjárfestingu, þar sem menn óttast nú óðaverðbólgu og það að marggefnu tilefni. Það átti þó að verða aðalsmerki þessara hv. herra að koma í veg fyrir, að óðaverðbólga skylli hér á, og markið var ekki hátt sett, en þó nægilega hátt sett, þ. e. verðbólgan hér skyldi fara með svipuðum hraða og gerðist í nágrannalöndunum. Fróðlegt verður að sjá, hvernig ganghjólið hér heima snýst í samanburði við það, sem gerist t. d. á Norðurlöndunum. Í málefnasamningnum góða segir, að ríkisstj. muni beita sér fyrir „aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti.“ Ekkert hef ég heyrt, að bóli á endurskipulagningu í verðlagseftirlitinu. Það er þó nauðsynlegt, ekki dreg ég úr því, allra sízt á svona verðþenslutímum. Aðgerðirnar í peningamálunum eru einnig undir yfirborðinu, ef undan er skilið útboð á spariskírteinunum, þessum 200 millj. Stjórnarandstæðingar höfðu mælzt til þess, og það lagði ég sér-

staklega áherzlu á við stuðning við frv. í Ed., að öll þessi upphæð yrði ekki boðin út í desember, sérstaklega þar sem það mundi koma illa við allan almenning í sambandi við smávíxlaþjónustu í viðskiptabönkunum einmitt nú á þessum árstíma og eins vegna þess, að engin grein hefur verið gerð fyrir ráðstöfun á þessum peningum af hálfu hæstv. ríkisstj. Ekki var hlustað á þetta. Það mun líka mála sannast, að þessa upphæð á að nota til þess að sýna betri stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann nú um áramótin. Í samtölum við forsvarsmenn launþega og einnig forsvarsmenn atvinnuveitenda um lausn kjaradeilunnar kom skýrt fram, að verðlag mundi hækka meira eða minna vegna samninganna. Ekki er vitað enn, hvað þetta vegur mikið inn í vísitöluna, né heldur eru neinar upplýsingar veittar um, hversu mikið fé verður veitt í niðurgreiðslur á komandi ári. Í fjárlagafrv. eru 1635 millj. ætlaðar í niðurgreiðslur, en það mun hvergi nærri duga til þess að halda verðbólgunni innan þeirra takmarka, sem ríkisstj. telur eðlilegt, samanber málefnasamninginn sjálfan. Allur rekstrarkostnaður við landbúnaðinn mun stórhækka. Vandamál við verðlagningu hans eru og hafa verið mikil. Því er heitið í samningnum góða að taka verðlagninguna til endurskoðunar, og stefnt skal að því, að Stéttarsamband bænda semji beint við ríkisstj. um kjaramál sín. Þetta er vægast sagt hæpið og kann að draga þungan dilk á eftir sér fyrir ríkissjóð. Það er mikið álitamál, hvort rétt sé að veita einni stétt í landinu þau forréttindi að geta samið beint við ríkissjóð um kjaramál sín. Bændastéttin er alls hins bezta makleg, það vil ég undirstrika, en fordæmi, sem gefið er með því, að ríkisstj. á hverjum tíma komi til móts við Stéttarsambandið og semji þannig beint um kjaramál, er mjög hæpið. Það kann að leiða til þess, að aðrir starfshópar, aðrar stéttir í þjóðfélaginu, sem vissulega vinna mikilvæg störf engu síður en bændur landsins, geta með tilvitnun í þetta fyrirkomulag sagt: Við skulum semja beint við ríkisstj. um okkar kjör. Slíkt getur orðið mjög erfitt fyrir hvaða ríkisstj. sem er, og er mjög óskynsamlegt að taka upp slík vinnubrögð. Í sambandi við málefni bænda er rétt að vekja athygli á því alveg sérstaklega, að tillaga kom fram um auknar útflutningsbætur um 48 millj. kr., en í fjárlögum eru þær þegar 275 millj. kr., og eiga því að hækka upp í alls 323 millj. Aðspurður sagði form. fjvn., að þetta byggðist á mati um útflutning, en ekki var þetta mat nánar skýrt né heldur greint frá því, hvaða aðilar önnuðust þetta mat. Mörgum manninum mun koma þetta nokkuð spánskt fyrir sjónir. Sérstaklega er þetta undarlegt, þegar margsinnis hefur verið sagt, að bændur hafi nú sett á meiri bústofn en oftast áður vegna góðs árferðis. Hvað mundi nú ske, ef árferðið væri undir meðallagi og útflutningur væri bráðnauðsynlegur í reynd? Þetta sýnir, hvað óhjákvæmilegt er, að þessi útflutningsmál og verðlag á útflutningslandbúnaðarafurðum sé tekið til gagngerðrar endurskoðunar, og þjóðin á heimtingu á því að fá góða grg. um, hvernig staðið er að þessari verðlagningu og hvernig þessum uppbótum er dreift. Það verður að athuga gaumgæfilega, hvaða skynsemi felst í því, að við séum að halda hér uppi dýrri framleiðslu á vissum landbúnaðarvörum, sem síðan eru seldar úr landi sem ódýrar neyzluvörur fyrir ákveðin lönd. Sérstaklega þarf að athuga þetta, þar sem allir viðurkenna, að vissir bændur hafi rýra afkomu, og nauðsynlegt er að hjálpa þessum aðilum til þess að halda búum sínum eða a. m. k. til að hafa sómasamleg lífskjör. Ég sé ekki betur en þetta kerfi beri dauðann í för með sér fyrr eða síðar, og í svipaðan streng tók fyrri ræðumaður hér áðan, eða síðasti ræðumaður, að ekki sé öllu lengur hægt að halda áfram við svo búið. Ég tel, að það sé öllum fyrir beztu, að þetta sé tekið til rækilegrar yfirvegunar og málið lagt hér fyrir hv. Alþ. og það fái að fjalla um þetta kerfi á eðlilegan hátt. Það er vitað, að skoðanir eru mjög skiptar í þessu efni, en lausnin verður ekki fundin, sérstaklega fyrir bændurna sjálfa, með því einu að stinga hausnum í sandinn.

Í samningnum góða segir m. a., að ríkisstj. muni beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í efnahagsmálum, og eru þar talin upp 8 atriði. Sumt er þegar að komast í framkvæmd, þ. e. lækkun á vöxtum á stofnlánum og lenging lánstíma, endurkaupalán Seðlabankans hafa verið hækkuð og vextir af þeim lækkaðir. Hins vegar hefur ekki frétzt um, að endurskoðun hafi átt sér stað varðandi ýmiss konar álögur, sem hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, eða þessar álögur verði lækkaðar eða felldar niður, eins og segir í samningnum. Fimmta atriðið, sem upp er talið í þessum flokki, er breyting á söluskattinum, þ. e. að hann verði felldur niður af ýmsum nauðsynjum. Ríkisstj. hefur þegar fellt niður söluskatt af vissum nauðsynjum. Engu að síður hvílir söluskatturinn enn á fjöldamörgum neyzluvörum og væri fróðlegt að vita, hvort áformað er að taka hann af fleiri vöruflokkum en nú er í dag. Þetta mun auðvitað rýra tekjur ríkissjóðs, og vil ég undirstrika það, að meðan við vitum ekki um tekjuöflunarhliðina, þá veldur þetta nokkrum áhyggjum, hversu fjárlög eigi að vera há gjaldamegin, því undarlegt er að standa að stórhækkunum á útgjöldum, á meðan ekki er vitað nokkurn veginn, hvað stíla má upp á háa tölu í heildartekjum ríkissjóðs. Einnig er nauðsynlegt í þessu sambandi að fá vitneskju um, hversu mikið á að taka í tekjustofn til ríkissjóðs í beinum sköttum eða hvort ríkisstj. hyggst taka enn stærri hluta í óbeinum sköttum, þ. e. í gegnum söluskattinn eða aðra hliðstæða skattheimtu. Það er auðvitað rétt, eins og fram hefur komið áður í umr. hér á hv. Alþ. um fjárlög undanfarin ár, að söluskatturinn sem slíkur hækkar rekstrarvöru fyrir framleiðsluna um jafnháa upphæð og hann nemur, en verði hann lækkaður, mun ríkissjóður engu að síður þurfa jafnháar tekjur í einu eða öðru formi. Hvernig þeirra tekna verður aflað, án þess að það snerti þessar framleiðslugreinar, sem um hefur verið rætt að borgi ekki söluskattinn, væri fróðlegt að fá vitneskju um, og hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér lausn á því dæmi. Það, sem auðvitað skiptir meginmáli í þessu öllu saman, er, að rekstrarskilyrði séu trygg fyrir framleiðsluna sjálfa, jafnframt því sem ríkissjóður hafi nægilegt fjármagn og nægilegar tekjur til þess að halda uppi eðlilegri starfsemi sjálfur og tryggja eðlilegt atvinnulíf í

landinu, og einnig að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi, sem veitt sé sem stofnlán til fyrirtækja. Útgjöld vegna rekstrarþáttarins munu fara vaxandi í ríkisbúskapnum vegna þess launaskriðs, sem í gangi verður á næsta ári, og mjög erfitt er að gera sér grein fyrir því á þessu stigi, hve sú tala verður há. Það var auðheyrt á mörgum forstjórum ríkisfyrirtækja, sem komu í heimsókn til fjvn. og ræddu um fjárhag stofnana sinna, að þeir óttast, að það fjármagn, sem veitt er til aukinna rekstrarútgjalda, hrökkvi ekki til og viðkomandi stofnun muni, þegar líður á árið, verða í nokkrum peningavandræðum. Vegna þessarar óvissu er eðlileg sú tilhneiging hæstv. fjmrh. að breyta svo skattalögunum og tekjuöflunarmöguleikum ríkissjóðs, að hann fái nokkurn veginn öruggar tekjur fyrir næsta ár. Þegar slík breyting á sér stað, sem er jafn umfangsmikil og boðað hefur verið, er mikil óvissa fram undan, og erfitt er fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því, hvað spenna má bogann hátt við afgreiðslu fjárlaga. Við í stjórnarandstöðunni viljum þó vara mjög eindregið við því að gera slíka byltingu í skattalöggjöfinni á svo stuttum tíma og með svo skammri athugun sem hér virðist vera á málum. Skattamálin eru mjög viðkvæm mál, og þau snerta því sem næst hverja fjölskyldu í landinu. Það skiptir því miklu máli, að vel takist til, þegar um grundvallarbreytingu er að ræða í skattkerfinu. Það, sem verður að tryggja, er, að láglaunafjölskyldur séu ekki skattpíndar. Allir flokkar hafa lýst því yfir, að þeir vilji koma í veg fyrir slíkt.

Nálengd skattabreytingu er breyting á almannatryggingalöggjöfinni. Mikil breyting var gerð á almannatryggingalögunum af fráfarandi ríkisstj. síðastliðið vor, áður en Alþ. hætti störfum. Þessi lög áttu að taka gildi um næstkomandi áramót, en gildistöku þeirra var flýtt, þar sem í ljós kom, að staða ríkissjóðs var góð og viðskil fráfarandi ríkisstj. með ágætum. Það ber að þakka, að gildistöku laganna var flýtt. Í gær var svo lagt fram frv. um breytingu á lögum um almannatryggingarnar. Þar er um verulega breytingu til batnaðar að ræða, og munum við í Alþfl. styðja frv. sem heild. Augljóst er, að útgjaldaaukning vegna þessa mun verða hátt í 600 millj. á næsta ári og hugsanlega meiri, eftir því hvernig launahækkunin verður látin vega á tryggingabæturnar. Ekki hef ég getað gert mér grein fyrir því, hversu hátt framlag ríkissjóðs verður vegna þessa, en augljóst er, að um mörg hundruð millj. verður hér að tefla til viðbótar því, sem þegar hefur verið samþ. til hækkunar. Ég geng út frá því, að fjölskyldubæturnar muni hækka hlutfallslega eins og aðrar bætur, – tryggingaráð hefur þegar samþ. það fyrir sitt leyti. Þegar breyting var til umr. í vor á almannatryggingalögum, lýsti þáverandi heilbr.- og trmrh. yfir því, Eggert G. Þorsteinsson, að yrði hann áfram eða Alþfl. við völd, mundu þeir stuðla að hliðstæðri jafnhárri breytingu fyrir fjölskyldubæturnar, – en hvað mundi ske nú?

Jafnframt frv. um almannatryggingarnar voru lögð fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga og tekju- og eignarskatt. Hvor tveggja eru þessi frv. stór í sniðum, og enginn tími er til þess að kanna þau gaumgæfilega fyrir þessa umr. Það er yfirlýst, að hvorugt þeirra á að fá afgreiðslu nú fyrir þinghlé, og mun því gefast svigrúm til þess að skoða þau vel síðar og ræða, hvað í þeim felst. Ég sakna þess þó, að þegar jafn umfangsmikil breyting er gerð á skattalögum, þá skuli ekki fylgja í grg. ýmsar áætlanir, sem byggðar eru á staðreyndum síðastliðins árs og sýna hver breyting verður eftir nýju frv. Þetta mundi mjög auðvelda þm. athugun á því, hvað felst í frv. Þetta mundi mjög auðvelda þm. athugun á því, hvað felst í frv. Ekki er sanngirni að ætlast til þess, að menn sjái það í sjónhending, hvaða tekjur komi í hlut sveitarfélaga eða ríkissjóðs samkvæmt því, sem hér er lagt til. Á bls. 18 í frv. um tekjuöflun sveitarfélaga segir þó, „að tekjuöflun sveitarfélaganna sé vel borgið.“ Þó er viðurkennt, að þetta geti komið nokkuð misjafnt niður, og er varla við öðru að búast. Þetta frv. boðar því varla neina skattalækkun fyrir almenning. Hins vegar virðist manni, að um einfaldari skattheimtu verði að ræða og heppilegri í framkvæmd og með minni sveiflum milli ára eftir árferði. Það er mikils virði fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Ég ætla mér ekki þá dul að hefja hér gagnrýni eða lof um tekjuskattsfrv. Slíkt væri byggt á of skjótri athugun. Ég vil heldur vænta þess, að hæstv. fjmrh. geri þessu frv. mjög góð skil í framsöguræðu sinni fyrir því og hlutist til um það, að þm. fái útreikninga, sem sýna, hver áhrif frv. eru miðað við ýmis raunveruleg skattframtöl á árinu 1970 og eins á yfirstandandi ári. Það ætti að vera mögulegt. Ég tel við fyrstu sýn, að margt sé hér vel hugsað, og vil ekki kveða upp dóm um það við svo búið. Hitt mun ég ætla, að eins og með tekjustofna til sveitarfélaga þá sé einnig vel fyrir tekjum ríkissjóðs séð hér. Ef svo væri ekki, má segja, að mikið ábyrgðarleysi væri fólgið í afgreiðslu fjárlaga, bæði af hendi fjvn. og eins í tillöguflutningi annarra þm. Ég vil vekja athygli á því, að allt útlit er til þess, að hækkun skatta í einu eða öðru formi þurfi að nálgast 4 milljarða frá fjárlögum 1971 vegna fjárlaga 1972. Þetta þýðir hvorki meira né minna en allt að um 100 þús. kr. gjald á meðalfjölskyldu í landinu. Þetta hefði nú einhvern tímann verið gagnrýnt af núv. stjórnarherrum og verið talið æðisgengin skattpíning af núv. stjórnarandstöðuflokkum. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort langt sé eftir af ræðu hans.) 7 mínútur, 5–7 mínútur. (**Forseti:** Það er rétt, að við gerum þá hlé á fundinum nú. Hann hefst aftur kl. 4.40.) – [Fundarhlé.]

Því miður, eins og ég sagði áðan, vantar okkur enn allar áætlanir um tekjustofna ríkissjóðs, miðað við hvað frv. boðar, og er það slæmt, vægast sagt. Ég vildi vonast eftir því, að fjvn. yrði gefinn kostur á því að sjá, þó ekki væri nema í stórum dráttum, hvað frv. kann að gefa af sér í tekjur fyrir ríkissjóð við ákveðnar forsendur. Þetta tel ég óhjákvæmilegt, að gert sé. Raunar eiga allir þm. rétt á því, að slíkt yfirlit komi fram nú. Ég vona, að ekki verði brugðið við tímaleysi enn einu sinni.

Ég vildi, að slík áætlun sýndi eftirfarandi: Í fyrsta lagi: persónuskatta á grundvelli framtala 1970; í öðru lagi: eignarskatta á sama grundvelli; í þriðja lagi:

tekjuskatta á sama grundvelli; í fjórða lagi: aðra skatta, sem skipta einhverju verulegu máli eftir frv., á sama framtalsgrundvelli. Mér finnst svo ekki ástæða til þess að fjalla meira um þetta tekjuskattsfrv. að sinni.

Mjög hefur það verið rætt hér á hv. Alþ. og einnig utan þess, hvernig spara megi í ríkisrekstrinum með aukinni hagsýni og endurskipulagningu. Nokkuð er unnið að þessu og hefur verið gert, en hér þarf að koma til skipuleg sókn og framkvæmdir sem fyrst. Ríkissjóður er langstærsti atvinnuveitandi hér á landi og hefur auk þess mjög fjölþætta þjónustu á sinni könnu. Almenningur gerir kröfu til þessarar þjónustu. Einnig, að hún sé lipur og góð. Þetta krefst oft mikils mannafla, sem hefur þó ekki alltaf fullt verkefni vegna mismunandi álags og eftirspurnar í þjónustugreininni. Um þetta hugsar fólk almennt ekki. Hins vegar eru menn oft fljótir til að gagnrýna ríkið, eins og sagt er, eða starfslið þess, ef menn verða varir við, að ekki er hver hönd að starfi. Hér er raunverulegt vandamál á ferðinni. Sem dæmi má nefna, að á vegum ríkisfyrirtækja eru rekin mörg viðgerðarverkstæði, sem hljóta að hafa mjög misjafnt álag eftir árstíðum og framkvæmdum. Ýmsar tillögur hafa verið ræddar um endurskipulagningu við verkstæðin, en einhvern veginn miðar hér hægt. Hér er þó verk að vinna fyrir fjmrn. og hagsýsluna.

Ég vil ekki spá neinu um, hve aukin hagræðing kann að draga úr rekstrargjöldum hjá ríkissjóði, en ekki væri nema eðlilegt, að fjvn. fengi að sjá tillögur um úrbætur, og það fyrr en síðar. Því miður er sá andi til innan um í starfsliði ríkisins, að ekki sé nein sérstök dyggð að spara fyrir ríkið. Ábyrgð og skyldur ríkisstarfsmanna er mikil, og nú hafa laun þeirra verið hækkuð verulega, – sumir segja of mikið. Hvað sem því líður, þá er hitt augljóst, að þá kröfu verður að gera til hvers og eins starfsmanns hjá ríkinu, að hann fari vel með fjármuni ríkisins og gæti eðlilegs sparnaðar í hvívetna. Þetta er nauðsynlegt ásamt skynsamlegu og réttmætu aðhaldi frá viðkomandi rn. Með þannig sameiginlegu átaki til sparnaðar og ráðdeildar fyrir ríkið, tel ég, að draga megi verulega úr útgjöldum fyrir ríkissjóð. Það á að vera ánægjulegt markmið, sem við ættum allir að geta stefnt að.

Herra forseti. Ég mun ekki taka fyrir hinar einstöku breytingar, þar sem venja hefur verið, að það geri form. fjvn. og frsm. hennar, og hefur hann gert þeim góð skil. Við í minni hl. höfum varla möguleika á öðru en að fjalla um fjárlögin í stórum dráttum og benda á ýmsa þætti þeirra, sem okkur finnst athugaverðir. Við munum, eins og ég sagði í upphafi, þó standa að brtt. og höfum um það óbundnar hendur, þótt við séum þegar aðilar að veigamiklum hækkunum á fjárlagafrv.

Húsnæðismál ríkisstofnana hefur oft borið á góma. Ekki hef ég handbærar upplýsingar um, hversu mikið fé ríkið greiðir í húsaleigu, en það mun nema mörgum milljónum, jafnvel nokkrum tugum milljóna. Skynsamleg lausn á þessu vandamáli er eitt brýnasta verkefnið fyrir ríkissjóð í dag. Þegar þess er svo gætt, að geysileg verðbólga er fram undan, þá má öllum ljóst vera, að þessi liður getur ekki annað en stórhækkað, þar sem leigusala mun vilja fylgja byggingarvísitölunni. Það sannast nú hér sem fyrr, að dýrast er að vera fátækur. Sú stefna ætti að vera ákveðin, að ríkið byggi á hverju ári yfir starfsemi sína fyrir ákveðna upphæð, eða ákveðna rúmmetra í húsnæði. Það tel ég vera hagsýni, sem skilar sér inn fyrr en síðar.

Mér þykir ástæða til þess að drepa aðeins í fáum orðum á fjárframlög til Landhelgisgæzlunnar. Sérstök fjárveiting, um 20 millj., kemur miðað við 1. sept. 1972. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, kom á fund n. og gerði grein fyrir þörfum hennar. Augljóst var af orðum hans, að þeir munu ekki hafa nægilegt fé, ef ganga á út frá því, að um raunverulega gæzlu eigi að vera að ræða eftir 1. sept. Þótt þetta sé viðkvæmt mál, er tilgangslaust að þora ekki að ræða það hér. Ef nota á öll skipin og flugvélar til viðbótar, þá verður stóraukið fé að koma til. Það minnsta, sem unnt er að gera nú, er að hafa heimild til verulegra aukinna útgjalda. Í varðskipið Þór kemur t. d. ný vél, og mun það kosta nálægt 50 millj. kr. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir, að m. s. Albert sé neitt í rekstri og að m. s. Árvakur verði aðeins hálft ár í rekstri. Þegar að útfærslunni kemur, verður sannarlega þörf fyrir allan flota okkar. Það er ekki aðeins þörf á gæzlu við 50 mílurnar, heldur einnig hjá okkur vegna fyrirkomulags í veiðihólfum og ýmislegrar annarrar þjónustu, sem Landhelgisgæzlan veitir. Þetta þarf að hafa í huga.

Ingvar Hallgrímsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar, kom á fund til okkar. Samkv. grg. hans er fjárveiting gjörsamlega í lágmarki og hrannast upp rannsóknargögn, sem ekki er unnt að vinna úr vegna manneklu. Fjvn. hefur hækkað fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunarinnar, svo að m. s. Hafþór er tryggður allt árið í rekstri og auk þess er séð fyrir fjórum sérfræðingum í viðbót. En Alþ. hefur sent til þessarar stofnunar margar þál. undanfarið, og ef þetta eiga ekki að verða aðeins pappírsplögg, þá verður hv. Alþ. að gera mönnum kleift að rannsaka það, sem áskorun er gerð um. Annað ber keim af sýndarmennsku.

Rekstur Skipaútgerðar ríkisins er og hefur verið erfiður. Augljóst er, að tap verður áfram, sem nemur mörgum tugum millj., og þarf að gera róttækar breytingar til úrbóta þar. Eins er enn ólokið uppgjöri á smíðaverði skipanna beggja, Heklu og Esju, samkv. upplýsingum forstjórans og ekki vitað, hvert verð þeirra verður endanlega. Hörð deila er um þetta atriði milli Ríkisskipa og Slippstöðvarinnar. Óhjákvæmilega þarf að tryggja aukið fé í þessu sambandi, hvort sem er í reksturinn eða til greiðslu á kaupverði skipanna.

Rétt þegar fjvn. var að ganga frá till. sínum, kom erindi frá fjmrn. vegna fjárhagsvandræða Slippstöðvarinnar á Akureyri. Þar er farið fram á marga tugi millj. til viðbótar því fé, sem áður var sett í þetta fyrirtæki. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður verði eignaraðili í stærri stíl en áður var. Nú hafa hv. alþm. fengið skýrslu um rekstur fyrirtækisins, og vægast sagt eru þetta hroðalegar niðurstöður og hörð gagnrýni á stjórnendur þar. Ég tel þó, að flestir eða allir séu á einu máli um það, að þetta fyrirtæki megi ekki lognast út af. En hér þarf að

athuga vel, með hvaða hætti ríkissjóður gengur inn í fyrirtækið og hvernig fyrri eigendur þess koma til með að hafa áhrif á reksturinn. Eins og er, er Slippstöðin raunverulega gjaldþrota.

Einnig var hliðstætt erindi frá rn. um aukið framlag til Siglufjarðar og að ríkið gerðist þar stærri eignaraðili í rekstri fiskvinnslu og útgerðar en verið hefur. Á þessum stað er því miður hörmulegt atvinnuástand, og hjálp er því óhjákvæmileg. Verði þessi erindi samþykkt, mun það hækka fjárlög eða heimildir um nokkra tugi millj. til viðbótar.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. Í nál. minni hl. í fyrra, en núverandi meiri hl., voru sem rauður þráður ásakanir á þáv. ríkisstj. vegna óðaverðbólgu, og tínd voru fram ýmis dæmi þessu til sönnunar. Ekki ætla ég að rifja það meira upp en gert er í nál. mínu, en það vil ég nú að lokum í ræðu minni segja og spyrja um leið, hvort þeir sjái ekki verðbólgueinkenni í þessu fjárlagafrv. sínu. Hvort þeir sjái ekki óðaverðbólgueinkennin í því að hafa eytt öllum umframtekjum ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og gera má ráð fyrir því, að umframtekjurnar verði umfram áætlun í fjárlögum allt að 1 200 millj. kr. Hvort þeir sjái ekki verðbólgueinkennin í því að skila ríkissjóði nú með mínus, eftir slíkt árferði sem nú er. Það eru engin rök né afsökun að bera fyrir sig fráfarandi ríkisstj. vegna þessarar umframeyðslu.

Í fögnuði sínum yfir unnum kosningasigri veittu þeir birtu á báðar hendur, eins og segir í vísunni um Lukt-ar-Gvend, en hvað lengi mun loga á týrunni, það er hin stóra spurning dagsins í dag.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að þakka hv. fjvn. fyrir störf hennar. Á það þakklæti mitt jafnt við meiri og minni hl., því að mér er það ljóst af störfum mínum í fjvn., að þar er ekki hægt að ljúka störfum á svo skömmum tíma, sem n. hefur til umráða, nema samstarfið í n. sé gott. Enda er mér kunnugt um það, að báðir aðilar hafa, nú sem fyrr, lagt á sig óvenjumikla vinnu til þess að leysa þetta verkefni af höndum, svo að 2. umr. um fjárlagafrv. gæti farið fram í dag, og það er svo, að þó að nokkrar deilur og skiptar skoðanir kunni að verða í sambandi við þá stefnu, sem ríkir um afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, sem ekki er nema eðlilegt um menn, sem eru úr mörgum stjórnmálaflokkum, þá er það einnig jafnvíst, að í n. starfa menn saman í eindrægni að því að leysa málin og reyna að koma þeirri afgreiðslu fyrir á sem heppilegastan hátt.

Ég tek undir það, sem kom fram í ræðu hv. form. n., – ég vil sérstaklega þakka hans störf og hans forustu í n., – að það verður að breyta um vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, því eins og þetta er nú og þessi mál, sem afgreiða á, eru orðin umfangsmikil, er í raun og veru alveg vonlaust að afgreiða framkvæmdaliðina á einni eða tveimur vikum, eins og jafnan hefur orðið að gera, þar sem skýrslur frá rn. hafa ekki borizt fyrr en svo, að sá tími einn hefur verið til stefnu. Það er því alveg nauðsynlegt að finna betri vinnubrögð í þessu skyni og koma þessum málum fyrir á heppilegri hátt.

Í sambandi við það, sem fram kom hér í forleik að þessum fundi og kom einnig fram í gær í ræðu hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, sem kemur nú endurhæfður til okkar á nýjan leik, þá datt mér í hug, að eitt sinn, þegar ég ræddi við Jón heitinn Eyþórsson veðurfræðing og spurði hann um veður langt aftur í tímann og þessar sagnir manna um það, að elztu menn myndu ekki þetta og hitt, þá varð honum að orði, að sín reynsla væri sú, að elztu menn myndu oft harla skammt, og mér fannst þess kenna greinilega í ræðum þeim, sem fluttar voru hér í upphafi þessa fundar, og því, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sagði í gær, að menn myndu harla skammt aftur í tímann. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga hef ég látið athuga nokkurt áraskeið, hvernig þeim hefur verið fyrirkomið og hvað seint menn hafa verið á ferðinni með 2. umr. fjárlaga og hvað hafi þá verið eftir. Ég hef í því sambandi tekið tímann allt aftur til 1960, en það ár fór 2. umr. fjárlaga fram 7. des., og þá voru eftir eftirlaun á 18. gr. af þeim málaflokkum, sem taldir voru fyrirferðarmiklir. 1961, þegar afgreiðsla fjárlaga fyrir 1962 var til meðferðar, fór 2. umr. fjárlagafrv. fram 12. des., þá voru einnig eftir eftirlaunin, en annað ekki. 1962 fór 2. umr. fram 13. des., þá voru eftir millibyggðavegir, brúagerðir og eftirlaun. 1963 fór 2. umr. fram 16. des., þá voru nýjar framkvæmdir eftir, þ. e. nýbyggingar skóla og aðrir slíkir liðir, sem ekki höfðu verið á frv. áður, og eftirlaunin. 1964 fór umr. fram 14. des., þá voru eftir nýbyggingar barna- og gagnfræðaskóla, fyrirhleðslur og eftirlaun. 1965 fór umr. fram 2. des., þá voru skólabyggingar allar eftir, fyrirhleðslur og eftirlaun. 1966 var umr. einnig 2. des., þá voru skólabyggingar og eftirlaun eftir. 1967 fór hún fram 11. des., þá voru skólabyggingar, hafnir, almannatryggingar og eftirlaun eftir. 1968 fór hún fram 13. des., þá voru skólabyggingar, hafnir og eftirlaun eftir, tekjuáætlunin, sjóvarnargarðar, fyrirhleðslur, landþurrkun, dagheimili o. fl. 1969 fór hún fram 9. des., þá voru byggingar iðnskóla, fyrirhleðslur, eftirlaun, almannatryggingar og landþurrkun eftir. Og 1970 fór hún fram 9. des., þá voru nýbyggingar barna- og gagnfræðaskóla eftir, eftirlaun og dagheimili.

Þessi skýrsla sýnir það, að fyrr hafa breyskir menn komið að fjármálum ríkisins og verið seint á ferðinni með afgreiðslu þeirra. (Gripið fram í.) Má ég halda áfram? (Gripið fram í.) Það voru líka tekjuáætlun, almannatryggingar, skólabyggingar, hafnir o. fl., sem voru eftir. Ég vil líka benda á það í sambandi við það, að nú eru þessir stóru málaflokkar eftir, en ég held áfram og minni á það, að þegar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1971, sem við búum við núna, þá var, áður en gengið var frá afgreiðslu, verið að semja við ríkisstarfsmenn. Þessir samningar mundu kosta mikið fé, að talið var, og menn töluðu um, að þeir mundu kosta um 600 millj. kr. Þá var talið, að 270 millj. kr. afgangur á fjárlögum mundi nægja til þess að mæta þessum auknu útgjöldum. Það hefði verið hægt að koma með þá kröfu af hendi okkar, stjórnarandstöðunnar þá, að fjárlög væru ekki afgreidd fyrr en séð væri, hvaða áhrif þessi samningur hefði, og það hefði sannarlega verið hyggilegra fyrir mig, fyrst það átti fyrir mér að liggja að tala fyrir fjárlögum nú, að það hefði verið gert, því nú koma þessir fyrrv. stjórnarsinnar, m. a. vinur minn Jón Árnason, fyrrv. formaður fjvn., sem stóð fyrir afgreiðslu á þessum fjárlögum ásamt þáv. fjmrh., og gleyma því,

að þessir samningar hafa verið gerðir og þessum 270 millj. kr., þeim hafi einu sinni verið ætlað það að vera þar til útgjalda. Nú er bara talað um, að það sé 3 000 millj. kr. hækkun á fjárlagafrv., þó það hafi verið 430 millj. kr., sem kjarasamningur við ríkisstarfsmenn kostaði minnst á árinu 1971 og um 900 millj. kr. á árinu 1972, þegar tekið er frá árinu 1971, eins og það var gagnrýnt. Nú tala þessir hv. þm. um það, að fjárlögin hjá ríkisstj. hækki um 3000 millj., og gleyma því, að þeir voru sjálfir búnir að afgreiða 900 millj. af því. En það er fleira, sem þessir hv. þm. gleyma. T. d. tók ég eftir því í blaðagrein hjá hv. 1. þm. Sunnl. í haust, þeim ágæta manni, fyrrv. samgmrh., að hann gleymdi því, að hann, ég og fleiri samþykktu að hækka skatta á umferðinni, bensíngjald, þungaskatt og gúmmígjald um 230 millj. kr. Það fór líka útgjaldamegin og það er innifalið í þessum 3 000 millj., – og því eru menn með svona leikaraskap? Og nú koma menn og eru alveg undrandi á því, að við skulum ekki vera búnir að ganga frá þessu öllu, svo sem vera ber, og sannarlega væri það ánægjulegt, – en muna ekki hv. þm., sem voru hér á Alþ., þegar EFTA-samningurinn var gerður? Þá voru fjárlög afgreidd þannig, að það var gert eftir að komið var saman á nýjan leik. Þá var gerð tollabreyting, sem boðað var að mundi þýða svona 250 millj. kr. lækkun, og það var gerð breyting á söluskattinum, sem þýddi 2–300 millj. kr. hækkun. Fjárlögin voru afgreidd einnig af okkur í stjórnarandstöðunni. Við settum ekki fótinn fyrir dyrnar, fyrir hurðina, gegn því að afgreiða fjárlög og afgreiða tollalög og afgreiða söluskattinn á eftir. Þetta voru einir stærstu liðirnir í tekjuáætlun fjárlaga. Svo fyllast menn vandlætingu hér yfir því að hafa þetta nú ekki allt saman pottþétt, þegar núv. ríkisstj. er búin að hafa 4–5 mánuði til þess að reyna að breyta viðreisnarkerfinu, þegar þeir, sem voru búnir að sitja í 5–10 ár, urðu að hafa þessi vinnubrögð. Nei, það er ekki nóg að endurhæfa sig og búa í húsi Jóns Sigurðssonar, eins og hv. 7. þm. Reykv. gerir, menn verða líka að muna eitthvað aftur í tímann og átta sig á því, hvernig þeir stóðu að málum, þegar þeir fóru með þau. Ég var að segja við vini mína úr Alþfl. hér áðan, að mér dytti í hug, að ef formaðurinn héldi svona áfram, þá yrði það með hann eins og séra Árni sagði um góðan frænda sinn, að hann yrði nú ekki lengi að afkristna heil sólkerfi með slíkum vinnubrögðum, hann yrði ekki lengi að afkristna þá Alþfl.-menn, ef hann héldi svona áfram. Þetta er nú það. Nú vil ég geta þess, að auðvitað væri það engum meiri ánægja en okkur í ríkisstj., að við hefðum getað afgreitt mál eins og skattamálin fyrr en við afgreiðslu fjárlaga, en það er alveg vonlaust, að slíkt geti gerzt, og við treystum því, að núv. stjórnarandstaða verði nú ekki verri en við, þegar við létum afgreiða fjárlögin og eftir var að breyta bæði tollalögum og söluskattslögum, eins og gert var, og án þess að líta á, hvað kostaði að hækka við ríkisstarfsmennina, eins og gert var í fyrra. Hins vegar er það svo, að til þess að við getum komið fram þeirri stefnubreytingu, sem við ætlum okkur og stefnum að, þá verðum við að sjálfsögðu að koma fram þeim grundvallaratriðum í breytingunni, sem skattamálin, tekjustofnalögin og tryggingakerfið er. Þetta er allt í samhengi, og ég skal fúslega verða við því, sem hv. 5. þm. Reykn. talaði hér um áðan, að gefa hv. þingheimi eins góðar útskýringar á þessu skattafrv. og hugsanlegum tekjum þar um, eins og ég hef möguleika til, þegar ég tala fyrir því frv., sem ég vona að geti orðið fyrr en seinna, og skal þar ekkert undan draga.

Þá kem ég næst að því, sem uppi hefur verið um mína fjármálastjórn á þeim tíma, sem ég hef þar verið, og til þess er vitnað, að staðan hjá Seðlabankanum sé nú æðimiklu verri en hún var um sama leyti í fyrra. Nú er það svo með mig, að ég tel mig nú ekki það kláran eða öllum öðrum mönnum fremri, að það taki mig ekki einhvern tíma að átta mig á því, sem hinir hafa verið að fást við lengi og líka getað missézt. En ef við lítum nú á þessa stöðu í Seðlabankanum, sem ég er fús að ræða hér og vil í sambandi við það, sem kemur fram í nál. hjá hv. 5. þm. Reykn., þar sem hann talar um ónógar upplýsingar, segja það, að mér er alveg ókunnugt um, að nokkrum hafi verið neitað um upplýsingar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, upplýsingar, sem þeir hafa óskað eftir, og ég vona, að svo sé ekki, og þess vegna sé nú aðeins um það að ræða, að hv. þm. hafi ekki óskað upplýsinga. Ég hlýt að vekja athygli á því í sambandi við fjárlög eða fjármál ríkisins á árinu 1971, að það skorti náttúrlega afar mikið á það, að fjárlögin sýni rétta mynd af ríkisútgjöldunum það ár. Ef menn, eins og ég gat um áðan, gleyma alveg þessum 270 millj., þá er útgjaldahækkun vegna launalagabreytinganna minnst 430 millj. kr. Ég hygg þó, að niðurstaðan verði sú, að hún reynist meiri. Ég vil líka minna á það, að skömmu eftir fjárlagaafgreiðslu, í byrjun febrúarmánaðar var tekin ákvörðun um að hækka daggjöld á ríkisspítulunum og að greiða halla á ríkisspítulunum frá fyrri árum. Hér er um að ræða útgjöld, sem munu nema yfir 200 millj. kr. Í þriðja lagi vil ég svo minna á það, að við afgreiðslu fjárlaga í fyrra voru áætlaðar tölur vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum lækkaðar um 100 millj. kr. Þetta var talið byggt á því, að útflutningurinn mundi verða minni á árinu 1971 en á árinu áður, vegna aukinna niðurgreiðslna. Nú ætla ég ekki að fara að halda því fram, að þetta hafi ekki verið gert í góðri trú, en reynslan er sú, að útflutningsbæturnar eru orðnar meira en 100 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, og í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan, vil ég segja honum það, að ástæðan fyrir breytingunni á fjárlagafrv. nú er einmitt sú áætlun, sem framleiðsluráðið hefur látið í té um það, sem því sýnist, að útflutningsuppbæturnar geti kostað, en eins og hann veit, mega þær samkv. lögum vera allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurðanna og leiðrétting er byggð á þeim upplýsingum, sem framleiðsluráðið gaf landbrn. og talið var sjálfsagt að setja þarna inn, til þess að þarna væri ekki um að ræða greiðslu, sem ekki væri getið á fjárlögum. Rökin, sem þeir hafa fært fyrir því, hef ég ekki ástæðu til að rengja, – þar fara þeir með, sem betur kunna.

Þegar þessir liðir hafa verið teknir saman og smáliðir þar fyrir utan, þá er hér um greiðslur að ræða umfram fjárlög, sem ekki verður komizt hjá að greiða og fyrrv. ríkisstj. ákvað, og eru á milli 800 og 900 millj. kr. Það þarf engan að undra, þótt þetta sjáist í dag í viðskiptum. (**Gripið fram í:** Hvað fóru tekjurnar langt fram úr áætlun?) Ég kem að tekjunum síðar, en þær hafa farið fram úr áætlun fyrr. Ég get náttúrlega ekki svarað þeirri fyrirspurn þessa hv. þm., hvað tekjurnar fara fram úr áætlun 1971, – til þess skortir mig mánuðinn desember,

sem ég vona að reynist hinn bezti mánuður, – en ég vil minna á það, að á árinu 1970 fóru tekjurnar um 1 400 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Og ég vil líka minna á það, að á því ári var það upp tekið að breyta innheimtu á söluskatti, sem skilaði 13 mánaða söluskatti og nam verulegum fjárhæðum. Það hefði komið sér vel, að geta náð í 13. mánuðinn nú í söluskattsinnheimtu, en það tekst ekki. Þetta tókst á s. l. ári, og þessi hv. þm. þarf ekki að hlæja að því, hann getur spurt samþingmann sinn um það, hvort þetta er ekki rétt. Staðan 1. des. 1970 var 367 millj. kr. mínus við Seðlabankann. Staðan 1. des. 1971 er 644 millj. kr. mínus við Seðlabankann. Mismunur á þessu er 277 millj. kr. Þá vil ég minna á það, að þá var líka búið að fá inn söluskattsmánuðinn, sem breytt var. Ég vil líka minna á það, að rétt fyrir stjórnarskiptin í sumar var Seðlabankanum greitt af skuld, sem tekin var vegna yfirdráttar á hlaupareikningi, sem breytt var í fast lán fyrir nokkrum árum, sem voru 600 millj., ef ég man rétt, 191 millj. kr. Það var ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins, að þessi greiðsla færi fram, og það var heldur ekki gert ráð fyrir því í greiðsluyfirliti ríkissjóðs, sem samið var í febrúar, að þessi greiðsla færi fram. Ef þetta er dregið frá, þá er mismunurinn 86 millj. kr., þegar annars vegar stendur ábyrgðin og reynslan og þekkingin og allt það og hins vegar reynsluleysið, ábyrgðarleysið og þekkingarleysið, sem ég á að hafa til brunns að bera. Ég verð nú að segja, að það munar nú ekki öllu á þessu í Seðlabankanum, og hef ég þó ekki nema 12 söluskattsmánuði inn að heimta í ár. En við skulum svo kíkja til baka. Það eru fleiri ár til en 1970 og 1971. Það er líka til árið 1960, og þá var líka yfirlit til í Seðlabankanum um stöðu ríkissjóðs, og þá var staða ríkissjóðs þannig í fyrirhyggjunni, ráðsmennskunni og hyggindunum, að ríkissjóður skuldaði 901 millj. kr. 1. desember. Það er því ekkert nýtt að gerast, þó að ríkissjóður skuldi eitthvað við Seðlabankann, og menn þurfa ekki að fyllast vandlætingu, eins og nú sé heimurinn að farast, en áður hafi hann verið vel uppbyggður. Það er afskaplega langt frá því, að svo sé. Hitt er annað mál, að við vissum það ósköp vel, núverandi ríkisstj., þegar tekin var ákvörðun um það í sumar að greiða tryggingabæturnar frá 1. ágúst, að láta koma til framkvæmda 2 vísitölustigin og halda niðurgreiðslunum áfram eða verðlaginu í skefjum, þá gerðum við okkur alveg grein fyrir því, að þetta kostaði peninga. En við gerðum okkur líka grein fyrir því, að líkur væru á því, að við næðum endum saman, og þær líkur sýnist mér að hefðu staðizt, ef við hefðum ekki fengið upp útgjaldaliði, sem við þá vissum ekki um. Ég vissi ekki og enginn okkar vissi þá annað en að 270 millj. kr. mundu nægja til að greiða launamismuninn. Það vissi enginn okkar annað en þær mundu nægja. Það vissi enginn okkar þá um það, að útflutningsuppbæturnar mundu fara á annað hundrað millj. kr. fram úr áætlun. Það vissi heldur enginn okkar um það, að ákvörðun hafði verið tekin um daggjöld til sjúkrahúsanna, sem kostaði um 200 millj. kr. Þetta allt samanlagt mun gera meira en sá mismunur er, sem kann að verða á hjá ríkissjóði um næstu áramót. Og ég vil minna á það út af því, sem hv. þm. Lárus Jónsson fann sig knúinn til að spyrja um áðan, að á árinu 1970 hafði þáv. fjmrh. 1 403 millj. kr. umfram fjárlög og aðrar tekjuaflanir, sem höfðu verið gerðar í sambandi við sérstakar ráðstafanir, og ef 13. söluskattsmánuðurinn hefði ekki verið innheimtur, þá hefði nú afgangurinn ekki orðið stór upphæð þrátt fyrir það. En hér er nú frásögn af stöðunni, svo menn hafi það þá.

Þá vil ég víkja að því, sem hv. stjórnarandstöðumenn hafa talað um, hækkun á fjárlagafrv. nú frá gildandi fjárlögum. Mér er það afskaplega vel ljóst, að hækkunin er mikil, og ég vil segja þessum hv. þm. það, að það er ákveðin stefna, bæði mín og núv. ríkisstj., að reyna að ná inn á fjárlagafrv. þeim útgjöldum, sem til eru fallin og til munu falla, þannig að myndin, sem fjárlagafrv. sýnir, verði sem réttust. Það er afar lítið gagn að því, þó að hægt sé að sýna lægri fjárlög, ef útgjöldin fara svo langt fram úr áætlun.

Í sambandi við þessa hækkun vil ég svo greina frá því, hvernig hún skiptist. Launahækkunin á fjárlagafrv. er um 967.4 millj. kr. Af þessu eru 910 millj. kr. vegna kjarasamningsins frá 19. des. s. l. Það var ekki núv. ríkisstj., sem gerði þann kjarasamning, og við höfum heldur ekki deilt um það, að nauðsyn bæri til að breyta launum opinberra starfsmanna, en það er hinsegin, að menn gleymi því, að þessi samningur hlaut að koma útgjaldamegin á fjárlögin. Hjá því varð ekki komizt, og enginn, sem hér er inni, er svo snjall fjármálamaður, að hann hefði komizt hjá því, enda dettur mér ekki í hug að halda því fram, að páv. fjmrh. hafi ekki gert sér það ljóst, þó það sé gleymt nú. Í sambandi við niðurgreiðslurnar, vegna þess að þeim var haldið áfram, og í fjárlagafrv. er reiknað með svipuðum niðurgreiðslum og var fyrir 1. sept. í sumar, þá er aukningin 573.4 millj. kr. Í þriðja lagi er svo hækkun á verklegum framkvæmdum, um 650 millj. kr. Ég verð nú að segja það um þennan lið, að ég er ekki búinn að sjá þann af okkur hv. þm., sem treystir sér til að draga þar verulega úr. Það hefur verið skoðun okkar margra, að gengið hafi verið of langt í því á síðari árum að halda þessum liðum niðri, það væri ekki hægt að komast af með svo litlar fjárhæðir sem ætlaðar hafa verið til þessara nauðsynlegu verkefna, sem við yrðum að leysa, og ég held, að mörg rök hnígi að því, að þessi skoðun okkar hafi verið rétt, og m. a. gerðist það á þessu sumri, að hafnar voru framkvæmdir, sem alls ekki var gert ráð fyrir í fjárlagaafgreiðslunni í fyrra, að til kæmu á þessu ári, en hv. þm. standa nú frammi fyrir þeim sem gerðum hlut og verða að fjármagna þær, ef sæmilega á að fara. Fyrir nokkru komu til mín menn austan af Stokkseyri vegna framkvæmda í hafnargerð, sem þar höfðu verið unnar í sumar. Mennirnir héldu því fram með réttu, að málið væri mikið nauðsynjamál, þeir gætu ekki stundað sína sjómennsku, svo sem þeir hafa gert og gerðu, nema fá þessa hafnarbót, og allt, sem þeir sögðu þar um, var réttmætt. En mín skoðun var sú, að Stokkseyri hefði verið til, skerjagarðurinn fyrir framan Stokkseyri hefði verið til og brimgarðurinn hefði verið til, þegar fjárlögin voru afgreidd í fyrra. En fjárlögin hefðu orðið hærri, ef hafnargerðin á Stokkseyri hefði fengið þá fjárveitingu, sem hún þurfti til framkvæmda í sumar. Hún fékk hana ekki þá og nú er verið að veita hana, og það er eitt af þessu, sem deilt er á núv. ríkisstj. fyrir, hækkun á fjárveitingu. Þannig mætti nefna mörg dæmi, en það er ekki hægt að segja í sama orðinu, að fjárlögin megi ekki hækka, en í hinu orðinu, að þau verði að hækka vegna nauðsynlegra framkvæmda. Þegar vita-

málastjóri kom með sína skýrslu, þá afhenti hann 80 millj., takk, sem er skuld ríkissjóðs við hafnirnar umfram fjárveitingar, og fjárveitingarnar voru tæpar 100 millj. Hér var um bit upp á 80% hækkun að ræða, – og halda svo hv. þm., þegar staðið er frammi fyrir slíku, að hægt sé að afgreiða þetta án þess að það sjáist nokkurs staðar? Það er ekki hægt að pakka þessu inn. Byggðarlögin þola það ekki. Það er ekki nokkur leið. Þess vegna varð að fara út í það að hækka fjárveitingar til hafna meira nú en nokkurn tíma hefur verið gert á einu ári, hlutfallslega líka. Það má svo ráðast á núv. ríkisstj. og fjmrh. fyrir gáleysi, fyrir ábyrgðarleysi að taka þannig á þessu máli.

Sama er að segja um skólamálin. Það hafa verið gerðir samningar af hálfu menntmrn. um byggingu á mörgum skólum. Nokkrir skólar voru norður í landi. Samningarnir voru upp á það að greiða þetta á fjórum árum, en þegar þrjú ár voru liðin, þá var búið að greiða um 48–50%, en á fjórða árinu átti að greiða hinn hlutann, sem var á annað hundrað millj. kr. Þetta er á fjárlagalið, sem var þó um 280 millj. kr. Menn geta hælt sér af svona samningum og blásið sig út út af ábyrgðarleysi, þegar þeir, sem verða svo að standa frammi fyrir þessum vanda, reyna að leysa þetta. Auðvitað getur hv. Alþ. ekki leyst þessi mál nú sem skyldi. Það er óframkvæmanlegt. Ég hef áður sagt það hér á hv. Alþ., þá sem stjórnarandstöðumaður, að ég teldi, að lögin um að greiða skólakostnað á þremur árum væru óframkvæmanleg. Ég hef haldið því áður fram, að við hefðum átt að halda okkur við fimm ára regluna og reyna að standa á henni, og ég er enn þeirrar skoðunar, að við getum ekki leyst þessi stóru verkefni, eins og skólabyggingar eru orðnar nú, með því að ætla okkur að greiða þær upp á þremur eða fjórum árum. Ef við stöndum á fimm eins og menn, þá gerum við vel. Og það er skynsamlegra en að vera að reyna að búa til lög, sem enginn gerir svo neitt með. Það er líka hægt að setja fram dæmi eins og það að greiða þessa þátttöku í akstri á börnum til barnaskólanna, – en af hverju halda hv. alþm., að sú fjárveiting hækki nú úr 10 millj. kr. í 34? Það hækkar fjárlögin um 24 millj., – en af hverju er það? Það er af því, að 10 millj. kr. dugðu ekki árin, sem liðin eru, og nú verður að greiða bæði það, sem liðið er, það sem á vantar þar, og það, sem við á að taka. Hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, sýndi fram á það hér um daginn með Íþróttasjóðinn. Það er hægt að láta þetta dankast og láta félagssamtök í landinu um þetta, þar sem fólkið vinnur af áhuga, af því það langar til að sinna þessum málum, eins og íþróttamálum og öðru slíku, en það vita allir, að æskan í landinu getur ekki náð því, sem hún vill í íþróttum, nema hún hafi hús. Það vita allir líka, að þær 5 millj. kr., sem voru í Íþróttasjóði, gerðu ekki neitt. Það hækkar fjárlögin að fara með þetta upp í 13 millj., en það er svo langt frá því, að því takmarki sé náð, sem þarf til þess að sinna þessu æskufólki, og þannig er það með fleiri útgjaldaliði í fjárlagafrv. Það er svo um marga félagslega þætti. Það hækkar fjárlögin, að námslánasjóðurinn hækkar um 100 millj. kr., en þetta er bara verk, sem við verðum að vinna og verðum að reyna að leysa, og verst af öllu er það, þegar við horfumst ekki í augu við þessar staðreyndir og reynum að velta þessu yfir á framtíðina. Og það, sem við erum að reyna nú, núv. stjórnarflokkar, er að reyna að fá þetta inn á sviðið og sýna það eins og það er, og það verður ekki gert með því, að við höldum þessum blekkingaleik áfram. Ég veit það vel, að við náum ekki árangri eins og skyldi. Við getum ekki klárað skuldir hafnanna. Það verður sumt að færast yfir á 1973. Það gerum við með opnum augum, af því við treystum okkur ekki lengra, en að það sé ábyrgðarleysi að reyna að gera það, sem gert er, á ég afar erfitt með að skilja, eða tala um, að það sé vítavert, eins og hv. 5. þm. Reykn. gerir í sínu nál., það á ég nú enn þá verra með að skilja.

Ýmis félagsstarfsemi, eins og ég drap á áðan, er geysilega mikill þáttur í okkar lífi. Hugsum okkur starfsemi eins og leikfélögin í landinu. Hver vildi missa þessa starfsemi? Hvað er þetta mikils virði fyrir þjóðina? Þetta fólk, sem hefur kvöld eftir kvöld lagt það á sig að æfa sjónleiki til þess að skemmta samborgurum sínum, hefur náð undraverðum árangri. Ríkið hefur styrkt þessa aðila með litlu fé. Nú er reynt að auka þetta nokkuð verulega, t. d. er fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækkuð úr 1 500 þús., sem hún hefur verið öll árin, sem liðin eru, í 2.5 millj. Nú er okkur það ljóst, hv. alþm. öllum, að betur hefði þurft að gera. Hins vegar finnst okkur, að verulega sé að gert með þessu og það sé léttara að komast að sæmilegu marki með því að taka svona fjárveitingar upp. Mér er það t. d. ljóst með tvo málaflokka, sem eru í okkar stjórnarsamningi, að þeir eru afskaplega mikils virði. Annars vegar dagheimilin, þau eru afskaplega mikils virði. Því miður treystum við okkur ekki til að fara þar nema mjög skammt á veg, m. a. vegna þess að okkur vantar löggjöf þar um, og sama er að segja um dvalarheimili aldraða. Í báðum þessum tilvikum er um málaflokka að ræða, sem fólkið í landinu hefur mikinn áhuga á, leggur mikið á sig til þess að koma í framkvæmd og ríkissjóður þarf að mæta, og auðvitað reynum við að stefna að því, þó skammt sé farið nú. En þannig er um megnið af þessu. Ég veit, að það er geysilegt átak að taka þetta á einu ári, en það er líka orðið þannig, að það er orðið afar erfitt fyrir byggðarlögin í landinu að standa m. a. undir þeim framkvæmdum, sem þau hafa staðið fyrir á síðustu árum, og hafa greiðslur ríkissjóðs svo aftarlega eins og raun ber vitni um.

Þegar ég er búinn að fara þannig í gegnum fjárlagafrv., – taka launin, niðurgreiðslurnar, verklegu framkvæmdirnar, félagsmálin, – þá eru eftir af þessum liðum um 300 millj. kr., sem eru ýmsir smærri liðir. Margir af þeim eru svipaðs eðlis og þessir, og aðrir eru svo rekstrarliðir. Ég tel því, að þegar á þetta er litið, þá sjái menn, að það, sem hér er á ferðinni, er ekki útþensla í ríkiskerfinu, heldur er hér verið að vinna upp vangreiðslur eða a. m. k. of litlar fjárveitingar fyrri ára til nauðsynlegustu verkefna. Og það er líka verið að mæta samningum, sem búið var að gera, eins og launasamningnum, sem tekur hér bróðurpartinn af þessari fjárhæð. Þarna eru komnar um 3.2 millj. kr. Það, sem þá er eftir, eru markaðir tekjustofnar, þar sem tekjurnar og gjöldin haldast í hendur. Meðal þeirra er skatturinn til vegamálanna, sem nú er talinn einn af eyðsluþáttum núv. fjmrh., sem hækkar fjárlögin í 3 þús. millj. kr. dæminu. Nú vil ég segja það í sambandi við vegamálin, að þar er fjárveiting hækkuð um rúmar 50 millj. kr.

Engum væri það meira ánægjuefni en mér og núv. samgrh., ef við hefðum treyst okkur til að fara lengra í því efni. Því miður treystum við okkur ekki lengra og svo náttúrlega verð ég að segja það eins og er, að við gerðum þetta líka með tilliti til fyrrv. samgrh., að hækka ekki fjárveitinguna nema um rúm 100%. Það þótti okkur svo hraustlegt, að við vildum ekki ganga lengra í því, svoleiðis að hjartað var á réttum stað, þegar þetta var ákveðið.

Í nál. 1. minni hl. er talað um útþenslu og nefndir þar til gerviráðherrar, pólitíkusar, sem svo séu. Nú er það svo, að í tvö rn. hafa verið teknir aðstoðarmenn. Það vill þannig til í landbrn., að um næstu áramót hættir einn starfsmaðurinn, sem fyrir var, og verður ekki bætt í það skarð, svo það verða jafnmargir eftir sem áður þar. Nú hef ég talið, að það væri mat manna, að fjmrn. væri nóg starf fyrir einn mann, og fyrst það atvikaðist nú svo til, að landbrn. fylgdi með að þessu sinni, þá væri ekki óeðlilegt, að einhver aðstoð þyrfti þar að koma til, þar sem tveir röskir menn hefðu verið í þessum störfum áður. En í sambandi við þetta vil ég minna á það, að þetta fyrirkomulag um aðstoðarmenn er í lögum, sem fyrrv. ríkisstj. setti og margir hafa talið, að þetta væri ekki óhyggilegt. Ég hygg, að ég fari líka rétt með það, þegar ég segi, að það muni hafa verið forsrh. í þeirri ríkisstj., ekki sá síðasti, sem fyrstur manna tók til sín slíkan starfsmann, sem síðar varð svo ráðuneytisstjóri í hans rn. En í sambandi við þetta vil ég minna á, að með lögum um stjórnarráð, sem gengu í gildi í ársbyrjun 1970, ef ég man rétt, var rn. fjölgað verulega, og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið þar um, hafa a. m. k. 18 manns bætzt við í störf í sambandi við þessa skiptingu, og þar er líka um allverulega útþenslu að ræða, ekki síður, og komast okkar tveir aðstoðarmenn lítið til jafns við þetta. Þess vegna held ég, að enn þá sé ekki hægt að ásaka okkur í núv. ríkisstj. fyrir að hafa þanið ríkiskerfið út. Hitt er jafnvíst, að auðvitað höfum við orðið að skipa nefndir til þess að vinna mörg verk, og ég vil í sambandi við þennan aðstoðarmann í landbrn. einnig geta þess, að flest af stærstu lögum landbúnaðarmála eru nú í endurskoðun, og vegna þess, sem hv. 5. þm. Reykn. vék hér að áðan, minni ég á, að lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins eru í endurskoðun og auðvitað verður það Alþ., sem afgreiðir þau, en enginn annar, og ákvarðanir í sambandi við það verða auðvitað Alþingis, hvernig sem með það mál hefur verið farið í rn. Nú skal ég ekki fara að ræða þennan þátt, en út af því, sem hann sagði, þá er það kerfi, sem bent er á í stjórnarsamningnum, sama kerfi og norsku bændasamtökin hafa haft alllengi, og það er miðað við að kynna sér það kerfi og reynsluna af því, og það hefur verið gert í sambandi við þessi mál. Ég held, að reynslan sé sú, að þegar betur er að gáð, muni bæði mér og ykkur öðrum hv. þm. reynast erfitt að skera það niður, sem upp hefur verið sett, jafnvel þó dæmið sé stórt, m. a. vegna þess, að enginn mundi treysta sér til að halda lengur áfram á þeirri braut að halda ýmsum framkvæmdaflokkum í hálfgerðu svelti, eins og verið hefur. Ég sé ekki, að það sé ámælisvert fyrir nokkra ríkisstj., þó að hún reyni að gera raunhæfar áætlanir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En það er það, sem þessi ríkisstj. er að reyna að gera.

Og þrátt fyrir það, sem fram hefur komið hér í ræðum hv. frsm. minni hl. um viðskilnaðinn frá fyrrv. ríkisstj. og öll þau gæði, sem þar væri að finna, stendur það óhaggað enn, að hrollvekjan, sem prof. Ólafur Björnsson talaði um, er staðreynd. Hún er sú staðreynd, sem við blasti í þeim hækkunum fjárlaga, sem hér hafa verið kynntar. Hann vissi það ósköp vel þá, Ólafur Björnsson, hvað kjarasamningar ríkisins mundu kosta. Hann vissi það líka, að fram undan mundu verða kjarasamningar við lægst launuðu stéttirnar. Hann þekkti það af fyrri reynslu, að ef það leiddi til verkfalla og átaka þar um, væri hrollvekja til þess að hugsa, sem fram undan væri. Hann vissi einnig, að gengislækkunarleiðin hafði gengið sér til húðar. Þetta var það, sem hann kallaði hrollvekju. Það má um það deila, hvaða orð eru um slíkt höfð, en staðreyndin var til staðar. Enda er það svo, að mesta vandamálið hefur einmitt verið það, að þrátt fyrir gífurlega hækkun fjárlaga hefur verið svo lítið svigrúm til þess að beina fjárveitingunum inn á þær brautir, sem verða til uppbyggingar í þjóðfélaginu. Það, sem núv. ríkisstj. er að gera með afgreiðslu fjárlaga nú, er að halda inn á þá braut. Henni hefur tekizt með sanngirni og þeim framkvæmdum, sem hún gerði, eftir að hún tók við í sumar, að komast hjá stóráföllum á vinnumarkaði og semja til tveggja ára, sem skapar þá möguleika til þess að byggja upp í þjóðfélaginu. Mér er það afskaplega vel ljóst, að það verður mikið blásið um hækkandi fjárlög og annað því um líkt, en það er ekki það, sem skiptir máli, heldur hitt, að við viðurkennum þær staðreyndir, sem fyrir liggja um greiðsluþörfina, og reynum að snúa inn á þá braut, að meira af tekjum ríkissjóðs gangi til uppbyggingar í landinu. Þetta er það, sem þetta fjárlagafrv. boðar, og meiri aðstoð við félagsstarfsemi landsmanna en verið hefur.

Í framhaldi af þessu vil ég svo víkja lítið eitt að því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykn. og hans nál., umfram það sem ég hef vikið að í ræðu minni hér að framan. Eitt af því er hækkunin á víni og tóbaki. Nú hefur orðið nokkur umr. um það í blöðum, og er vikið að því í nál. þessa hv. þm. með þeim hætti, að það sé eins og núv. ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um það að taka vín og tóbak inn í niðurgreiðslur. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að þetta hafi verið tekið inn í lög um vísitölu á þinginu 1960. Ég hef ekki fyrir mér ómerkari mann í þessu efni, að þessi skilningur sé réttur, en hagstofustjóra. Það, sem menn eru svo að deila um, er það, að 1.2 vísitölustig, sem átti að fella niður hér í fyrra, það væri hækkunin vegna víns og tóbaks. Um það er ekki verið að deila, heldur hitt, að það var ekki í samræmi við lög um vísitölu, þó að það væru þessir liðir, fyrst það er í lögum, sem núv. ríkisstj. taldi sér skylt að gera, að halda kjarasamningana og þar með vísitölugreiðslurnar. Þess vegna tók hún þessa greiðslu eins og aðra. Það hefði engu breytt, þó að þetta hefði verið fellt niður, það hefði ekkert skeð annað en það, að þetta 1.2 vísitölustig hefði týnzt, en áhrif af hækkun á víni og tóbaki, sem gerð var í haust og gerð kann að verða, kemur inn í vísitöluna eftir sem áður, nema lögunum sé breytt. Þess vegna er sá áróður, sem uppi hefur verið hafður þar um, alveg út í bláinn og er þá við þá að sakast, sem tóku þennan þátt inn í lögin um vísitölu, en ekki hina, sem verða að framkvæma ákvæði þessara laga.

Ég verð svo að segja það, eins og ég vék lítillega að

áðan, að ég skil ekki það, sem hv. 5. þm. Reykn. segir um vítaverða framkomu í sambandi við þessa fjárlaga-afgreiðslu, og held, að það sé nú ekki meint á þann veg, sem orðin gefa tilefni til. Ýmislegt í hans nál. ber þess merki, að hann er Þingeyingur, því að sumt er þar skáldlegt, þó að það sé svona með öðrum hætti en hjá sumum öðrum Þingeyingum, og hef ég ekki nema gott um það að segja, því að ég kann það að meta, þó að ég sé það ekki sjálfur.

Hitt er svo annað mál, að ég tek undir það með þessum hv. þm. og fleiri öðrum, að verðbólgan setur sinn svip á þetta frv. Það er svo fjarri því, að við séum lausir við verðbólgu. Og ég sagði það við 1. umr. fjárlaga í haust, að það verkefni ættum við eftir að vinna og það tæki langan tíma. Það, sem verður reynt við afgreiðslu þessa fjárlagafrv., verður að halda verðbólgunni í skefjum og gera hana ekki fyrirferðarmeiri en hún þegar er orðin, og það teljum við núv. ríkisstj. eitt af okkar höfuðverkefnum, en að hægt sé að komast fram hjá verðbólgunni nú við afgreiðslu fjárlaga, það er fjarri öllu lagi og slíkt væri blekking ein.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég víkja að tekjuáætluninni, sem menn ræddu hér um í upphafi, og ég hef nú sýnt fram á, að menn hafa svo sem áður hér á hv. Alþ., hv. þm. hafa orðið að afgreiða frv. til 2. umr. fjárlaga, þó að tekjuáætlun hafi vantað.

Það þarf ekki orðum að því að eyða, að það er stefna núv. ríkisstj. að breyta verulega um í tekjuöflun ríkisins. Því lýsti hún yfir í sínum stjórnarsamningi og frv., sem voru lögð fram hér í gær, miða við þetta, sem var fyrsta boðorð í framkvæmd á þeim sáttmála, en það er að leggja niður persónuskattana, þ. e. að þeir, sem ekki hafi tekjur til, þurfi ekki að greiða skatta samt, og eins og tryggingamálum er nú fyrir komið, þá eru þessir skattar orðnir verulega háar fjárhæðir, og það er í raun og veru óhugsandi að halda inn á þá braut tryggingganna, sem núv. ríkisstj. hefur gert með frv. sínu, sem lagt var fram í gær, nema breyta þessu. Persónuskattar af hjónum eftir þessa breytingu mundu vera um 22–23 þús. kr. og af einstaklingum, karlmönnum, – þetta er almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, – af karlmönnum um 16 þús. kr. og konum 13 þús. Hér er því um stórar fjárhæðir að ræða, og það var ekki hægt að koma þessu og svo því atriði í tryggingalögunum að tryggja þeim, sem verst eru settir, lágmarkslaun, nema breyta samhliða tekjuöflun ríkisins, sveitarfélaganna og tryggingakerfinu. Það var alveg óhugsandi að vinna einn þáttinn í þessu, því þessir þættir eru það tengdir hver öðrum, enda er stefnt að því með þessum frv. að taka tryggingamálin frá sveitarfélögunum sem útgjaldaliði, því það var alveg sama þar um að segja eins og í hinu tilfellinu, að þau voru orðin of fyrirferðarmikil til þess að hægt væri að koma þeim í framkvæmd með óbreyttu tekjuöflunarkerfi tryggingganna.

Ég endurtek, að það hefði verið mér sem öðrum mesta ánægja að geta verið fyrr á ferðinni með þessi mál en raun ber vitni um, en ég hef ekki samvizkubit í sambandi við þetta nema gagnvart þeim mönnum, sem hafa unnið að t. d. tekju- og eignarskattsfrv. ríkisins, því þeir hafa verið miskunnarlaust knúðir áfram og orðið að vinna með miklu meiri hraða en hægt er í raun og veru að krefjast af nokkrum mönnum í sambandi við svona stór mál, enda er það ætlun ríkisstj. nú í sambandi við þessi mál, í fyrsta lagi, að láta þau verða hér til meðferðar í þinghléinu, svo hv. þm. geti áttað sig betur á afgreiðslu þeirra, þegar þeir koma aftur. Í öðru lagi verður haldið áfram að vinna að þessum málum árið 1972. Þá er ætlunin að kanna frekar þessa þætti, bæði tekju- og eignarskattinn, enn fremur aðflutningsgjöldin og söluskattinn og skoða í því sambandi virðisaukaskattinn og þá þætti í tekjuöflun ríkissjóðs, sem þarf að endurskoða og það í heild. Ég held, að það sé að mörgu leyti nauðsynlegt fyrir þjóðina og Alþ. og ríkisstj. að fá reynslu á þetta kerfi, sem farið er inn á með þessum frv., fá eins árs reynslu til þess að geta verið betur undir það búinn að fá heildarlöggjöf, sem á að standa, en þannig er stefnt að því, að svo verði með þeim frv., sem kæmu næsta haust, einmitt þegar slík reynsla væri komin, og ég er sannfærður um það, að hv. þm. munu verða mér sammála um það, að nauðsynlegt er að vinna að þessu vandaverki þannig, að reynsla sé fengin áður en endanlega verður frá þessu gengið.

Ég veit það ósköp vel og endurtek það, að betra hefði verið að vera fyrr á ferðinni, en það er ekki af því, að tími sá, sem ríkisstj. hefur haft til ráðstöfunar, hafi ekki verið vel notaður og þeir menn, sem að þessu hafa unnið, hafi ekki unnið vel, heldur hefur hann ekki verið lengri, og ríkisstj. hafði aldrei hugsað sér að afgreiða fjárlög nú, nema í samhengi við þessa breyttu stefnu, enda hefði fjárlagaafgreiðsla öll orðið að vera með öðrum hætti, hefði átt að byggja á því tekjukerfi, sem fyrir var. Þetta veit ég, að hv. þm. skilja. Ég veit, að okkur greinir á um ýmsa þætti í þessu frv., og undarlegt væri, ef svo væri ekki. Ég held samt, að þegar farið verður að skoða málið, þá munum við nú sjá, að flest er þar til bóta, þó það sé ekki allt að allra dómi, enda væri það skrýtin löggjöf, og að það er mikil nauðsyn að fá einmitt nokkra reynslu áður en endanlega verður frá þessu máli gengið.

Ég vil svo segja það, að við hefðum þrátt fyrir þetta getað sett upp tekjuáætlun nú byggða á þessum frv. við 2. umr., ef ríkisstj. hefði ekki ákveðið að láta endurskoða tekjuáætlunina út frá nýgerðum kjarasamningum, – reyna að taka inn í fjárlagaafgreiðsluna nú áhrif þeirra, eins og þau verða metin. Ef það yrði ekki gert, þá byrjaði næsta fjárlagagerð eins og hún byrjaði í haust með því að taka pakkann, sem geymdur var við síðustu fjárlagaafgreiðslu. Það er ekki hugsun núv. ríkisstj. að fara þannig að. (Gripið fram í.) Þeir voru nú með þá með útgjöldum hinum megin, enda hefði það nú verið skrýtið, ef enginn eyrir hefði verið eftir, þegar fjárlög fara svona 12–1400 millj. kr. fram úr áætlun. Þegar betur er að gáð, er það merkilega lítið. Það er ekki hægt að leggja fram tekjuáætlun nú við 2. umr. fjárlagafrv., vegna þess að það er verið að vinna að henni, enda vita allir hv. þm., hvað langt er síðan gengið var frá kjarasamningum. Ég verð líka að segja það, að það er ekki nýtt fyrir mig sem gamlan fjvn.-mann, þó komið sé með tekjuáætlun á síðasta fund n. Þær breytingar hafa venjulega verið kynntar þar.

Skal ég nú láta máli mínu lokið, enda hef ég dvalið hér alllengi. Ég vil að lokum segja það, að ríkisstj. er að sjálfsögðu ákveðin í því að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, og mun gæta þess, að í tekjuáætlun þeirri, sem samin verður fyrir þessa ríkisstj., verði, eins og áður hefur verið sagt, gætt hófs, svo að hún geti haldið. Og

þótt eitthvað hafi verið skiptar skoðanir hjá hv. alþm. í dag um þá hugmynd að tefja fjárlagaafgreiðsluna, þá er ég jafn sannfærður um það, að svo verður ekki, enda hefur það jafnan verið svo, að minni hl. hefur ekki gert það, og svo á að vera. Þess vegna treysti ég því, að fjárlög verði afgreidd nú, eins og verið hefur, þó tekjuöflunin hafi verið tekin til meðferðar skömmu eftir afgreiðslu þeirra, eins og oft hefur átt sér stað.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. í sambandi við afgreiðslu þess fjárlagafrv., sem hér er til umr.

Fyrri till. er brtt. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 174, um framlög til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum. Í brtt. minni er gert ráð fyrir, að framlag til þessara mála hækki í 2.5 millj. kr. Ég vil taka það fram, að ég er sízt að vanþakka það, að hv. fjvn. hækkaði þennan lið upp í 1.5 millj. úr 900 þús., auk þess sem byggingarstyrkir dagheimila hækka um 200 þús. Þegar hugað er að allsherjar fjárþörf í þessum málum, má með sanni segja, að ég sé ekki stórtæk í kröfugerð. En eins og n. bendir réttilega á í nál. sínu og fram kom hér í ræðum þeirra beggja, hæstv. fjmrh. og hv. formanns fjvn., þá er áformað, að sett verði sérstök lög um stuðning ríkisins við rekstur og byggingu dagheimila. Nefnd til undirbúnings slíkri löggjöf mun fljótlega taka til starfa, og hefur Alþb. þegar tilnefnt fulltrúa sinn í þá nefnd. Það hljóta því að teljast eðlileg vinnubrögð, að tugmilljóna króna framlög haldist í hendur við uppbyggingu þessara mála frá grunni, og er ekki nema sanngjarnt að fallast á það sjónarmið fjvn., að önnur viðhorf gildi nú í ár en endranær, þegar veitt er fé til þessara mála. Samt er enn óbrúað stórt bil milli fjárþarfar og fjárveitingar á árinu 1972.

Mér er ljóst, að 2.5 millj. er ekki nema eins og dropi í hafið, þegar höfð er í huga fjárþörfin á höfuðborgarsvæðinu, en þegar ég leyfi mér að fara fram á þessa hækkun, þá hef ég einkum í huga dagheimili og leikskóla úti á landsbyggðinni, sem mundi muna verulega um aukna fjárhæð þangað til heildarskipulag er komið á. Ég nefni sem dæmi dagheimilið á Ísafirði, sem barnaverndarfélagið þar hefur rekið en varð að gefa upp á bátinn meðfram vegna fjárhagsörðugleika. Bærinn tók því við rekstrinum á s. l. hausti, og til að koma dagheimilinu þar í viðunandi horf, sem standist ströngustu kröfur nútímans, mun þurfa mun hærri fjárhæð en það heimili hefur fengið á undanförnum árum. Þar þarf aukið starfslið og aukin tæki. Sérfróðir menn hafa metið, að leikföngin ein muni kosta um 100 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að styrkur til þessa barnaheimilis var á árinu 1969 54 þús. kr. og á þessu ári 75 þús. kr.

Ég lít svo á, að hækkun um eina millj. kr. mundi gera mörgum slíkum dagheimilum úti á landi fært að halda starfsemi sinni áfram og bæta þar úr brýnustu þörf á því tímabili, sem hér um ræðir, þar til þessum málum hefur verið komið í skipulegt og viðunandi horf á vegum ríkisins. Ég vona fastlega, að hv. fjvn. taki till. þessa til athugunar, og í trausti þess tek ég hana aftur til 3. umr.

Herra forseti. Í öðru lagi hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 þess efnis, að ríkisstj. verði heimilt að innheimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum til notkunar lyfja fyrir sykursjúka né af nauðsynlegum fæðutegundum fyrir slíka sjúklinga, og setji fjmrn. nánari ákvæði þar að lútandi. Sykursýkisjúklingar munu vera um 2600 hér í Reykjavík einni, og eru þá ótaldir þeir, sem annars staðar á landinu búa. Þá er það athyglisverð staðreynd, að sjúkdómstilfelli meðal barna og unglinga fara vaxandi, eftir því sem læknar upplýsa. Sykursýkisjúklingar eru nú í þann veginn að bindast samtökum til að hrinda í framkvæmd ýmsum hagsmunamálum sínum, en ég held, að óhætt sé að segja, að samfélagið í heild hafi ekki gefið sérþörfum þessara sjúklinga nægilegan gaum.

Efni þessarar till. minnar stefnir í þá átt að létta útgjöldum af sykursýkisjúklingum og heimilum þeirra, en sum þessara útgjalda eru þeim beinlínis lífsnauðsyn. Svo sem kunnugt er geta sykursýkisjúklingar lifað eðlilegu lífi í öllum þýðingarmestu atriðum, ef þeir gæta sérstaks mataræðis mjög nákvæmlega og gera aðrar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Meðal þessara nauðsynlegu varúðarráðstafana eru daglegar insúlínsprautur. Sprautur, sem sjúklingarnir nota, verða þeir að greiða fullu verði í lyfjabúðum. Sprauturnar eru til af ýmsum gerðum og á ýmsu verði, en öllum er það sameiginlegt, að ríkið innheimtir af þeim 35% toll. Hér er um útgjöld að ræða, sem eru í fyrsta lagi nauðsynleg til að halda lífi í sjúklingnum, og í öðru lagi útgjöld, sem þeir verða að þola alla ævina, því að insúlínsprautur munu ómissandi, þegar veikin kemur fram snemma, eða þegar á bernsku- eða unglingsárum.

Þegar þetta er haft í huga, virðist augljóst réttlætismál, að ríkið létti nokkuð þessa útgjaldabyrði með því að afnema þessi aðflutningsgjöld, og komi þannig til móts við sérþarfir þessara sjúklinga.

Ég vænti þess, að hv. þm. séu mér sammála um, að það sé engan veginn eðlilegt, að ríkið hagnist beinlínis á þessum brýnustu þörfum sykursýkisjúklinga.

Í öðru lagi hef ég gert að till. minni, að ríkisstj. sé heimilað að afnema aðflutningsgjöld af ýmsum matvælum, sem ætluð eru sykursýkisjúklingum. Fyrir sykursýkisjúklinga er það mjög mikilvægt, að fæðið sé svipað að magni og gæðum frá degi til dags og hlutföllin á milli kolvetnis, eggjahvítu og fitu séu rétt. Enda þótt læknar geri sitt ítrasta til þess að útbúa þessum sjúklingum þann matarskammt, sem gefi tilefni til mestrar mögulegrar fjölbreytni, er það samt sem áður svo, að fæði þeirra hlýtur óhjákvæmilega að vera einhæft og þeim margt meinað, sem venjulegt fólk telur sjálfsagða fæðu.

Á markaðnum eru ýmsar vörur, sem eru sérstaklega framleiddar í því skyni að auka fjölbreytni í mataræði og gera þessum sjúklingum kleift að neyta ýmissar fæðu, sem áður var óhugsandi. En sá hængur er á, að þessar vörur eru mjög miklu dýrari en samsvarandi vörur, sem innihalda venjulegan sykur. Tilfinnanlegust útgjöld eru kaup á gervisykri, en gervisykur kostar 350 kr. kg, venjulegur strásykur 28–29 kr. kg. Dósaávextir, hrökkbrauð og kex fyrir sykursjúklinga er um helmingi dýrara en samsvarandi vörur venjulegar. Þessar sérstöku vörur munu dýrari í framleiðslu og innkaupi en aðrar, og þegar aðflutningsgjöld og önnur gjöld eru á lögð, er ógjörningur fyrir sykursjúka að leyfa sér þessa fjölbreytni í fæðu án verulegra aukaútgjalda.

Foreldrar, sem eiga sykursjúkt barn, vilja gjarnan

veita því dósaávexti og kex, ekki síður en börnum sínum heilbrigðum. En slíkt lítilræði hefur svo mikil aukaútgjöld í för með sér, að mörg heimili ráða ekki við það. Það er einkum sú hlið, sem að börnunum snýr, sem ég vil leggja áherzlu á. Að vísu eru ekki allar þessar matvælategundir nauðsynlegar frá læknisfræðilegu sjónarmiði, en hin félagslega hlið málsins má heldur ekki gleymast. Meðan þessar vörur eru svo dýrar í innkaupi sem raun er á, verður afleiðingin sú, að hinir efnameiri geta leyft sér að kaupa þær, hinir efnaminni neyðast til að neita sér um þær. Það er sannfæring mín, að þjóðfélagið gæti gert þessum sykursjúku börnum og þessu fólki öllu lífið bærilegra, ef svo væri um hnúta búið, að þeir þyrftu a. m. k. ekki að borga meira fyrir mat sinn en þeir, sem heilbrigðir eru. Því hef ég leyft mér að flytja þessa till.

Æskilegast væri, að afnám þessara gjalda væri gert með breytingu á tollskrárlögum. En ég hef kosið að fara þessa leið í þeirri von, að breytingin gæti komizt í framkvæmd sem allra fyrst.

Í trausti þess, að hv. fjvn. muni taka þessa till. mína til athugunar, tek ég hana aftur til 3. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Mér þótti ánægjulegt að heyra það hjá hæstv. fjmrh. hér áðan, að það er hans staðfastur ásetningur, að fjárlagafrv. skuli jafnan sýna sem réttasta mynd. Ég skil það svo, að hann óski þess, að það sé raunsætt. Skoðanir okkar að þessu leyti falla alveg saman, og ég vildi stuðla að því með honum, að sá háttur yrði á framvegis, þó það hafi ekki heppnazt að þessu sinni, því að þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1972 kemur hér til 2. umr., þá er öllum ljóst, að það á langt í land til þess að vera fullbúið.

Gjaldahlið þess hefur nú þegar hækkað í meðförum fjvn. um 764 millj. kr., og hlýtur að hækka enn verulega, ef sæmilega á að sjá fyrir hinum ýmsu og sjálfsögðu þörfum. Ég gagnrýni þetta í sjálfu sér alls ekki og hef reyndar staðið að mörgum þeim hækkunartillögum, sem hér eru lagðar fram af fjvn., en ég vil ætlast til þess, að um leið og við ákveðum þessar hækkanir, þá verði séð fyrir tekjuöfluninni til þeirra. Það hefur á skort. Í sambandi við gjöldin, svo ég ræði um þau áfram, þá vil ég minna á, að væntanlega verður framlag til niðurgreiðslu á vöruverði að hækka verulega eða gera þarf aðrar fjárfrekar ráðstafanir til að varna því, að óðaverðbólga ríði hér yfir og lami atvinnuvegina og geri að engu þá kaupmáttaraukningu, sem orðið hefur á undanförnum árum. Þá hefur hæstv. ríkisstj. loks í gær lagt fram frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem leiðir til hærra framlags ríkissjóðs, og auk þess eru boðaðar í frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem einnig var lagt fram í gær, vissar skuldbindingar. Ég vil benda á það í sambandi við lög um tekjustofna sveitarfélaga, að í 41. gr. frv. er sagt, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1972, og á bls. 18 í aths. með frv. segir:

„Gert er ráð fyrir, að við gildistöku frv. verði eftirtaldar breytingar gerðar:

1. Framlag sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði fellt niður.

2. Framlag sveitarfélaga til sjúkratrygginga verði lækkað um helming.

3. Kostnaði sveitarfélaga vegna löggæzlu verði af þeim létt.

4. Persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga verði felld niður.

5. Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaga verði felld niður."

Eftir þessu mættum við ætla, að þessar breytingar allar ættu að taka gildi 1. jan. 1972, og þegar á að fella þessi framlög niður ýmist af sveitarfélögunum eða þeim, sem tryggingarnar njóta og til þeirra hafa greitt persónuiðgjöld, þá sé ég engan aðila annan til að greiða þetta en ríkissjóð. Og þó að ég hafi ekki séð það enn, að til þess sé ætlazt í lögunum, þá verðum við að ætla, að svo sé. Hér er um stórfellda tilfærslu gjalda að ræða og verður ekki séð í fljótu bragði, hversu háar fjárhæðir er hér um að ræða. Að vísu hygg ég, að bending um þetta sé í riti Tryggingastofnunar ríkisins, sem út kom í okt. s. l., þar sem gerð er grein fyrir áætlun lífeyristrygginga og sjúkratrygginga fyrir árið 1972. En þar segir, að hinir tryggðu skuli gjalda til lífeyristrygginga á árinu 1972 654.9 millj. kr. Sveitarsjóðir skuli greiða til lífeyristrygginganna 373.3 millj. kr. Til sjúkratrygginga skuli hinir tryggðu greiða 499.8 millj. kr., en framlög sveitarsjóða skuli vera 424.9 millj. kr. eða þá sá hlutinn, sem á að létta af þeim, verði 212.4 millj. kr. Ef þessar upplýsingar eru réttar, mun þetta nema um 1 milljarði og 800 millj. kr., þessi gjöld, sem þarf að taka tillit til. Enn fremur er getið um það hér í þeim lista, sem fylgdi með tekjustofnafrv., að kostnað sveitarfélaganna vegna löggæzlu skyldi fella niður. Um þann kostnað hef ég ekki neinar upplýsingar, en hann hlýtur að vera þó nokkur og væri æskilegt, að það lægi fyrir, ef fjárlögin eiga að verða raunsönn, þegar við göngum frá þeim.

Það er því með öllu óljóst, hversu mörg milljónahundruð eða jafnvel hversu marga milljarða vantar í tekjuhlið frv. Við, sem skipum minni hl. fjvn., höfðum um það engar upplýsingar, þegar frv. var til afgreiðslu hjá n., á hvern hátt hæstv. ríkisstj. hygðist afla þess fjár, sem á skorti, til þess að frv. yrði afgreitt greiðsluhallalaust, en það teljum við með öllu óverjandi, að frv. verði afgreitt með greiðsluhalla í því góðæri, sem þjóðin býr nú við.

Hæstv. ríkisstj. hefur einnig í gær lagt fram frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki hefur unnizt tími til að kanna það frv. og meta þýðingu þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru. En þær hljóta að fela í sér stórlega auknar álögur á skattborgarana. Það var því brýn nauðsyn að kynna fjvn. og Alþ. þessar breytingar fyrr og upplýsa, til hvaða niðurstöðu þær leiddu, áður en fjárlagafrv. var afgreitt í n. til 2. umr. Við þær aðstæður, sem ég hef lýst hér stuttlega, er ógerningur að vinna, svo að nokkurt vit sé í. Við höfum verið að leitast við að skipta tekjum ríkisins til hinna ýmsu þarfa, án þess að hafa hugmynd um, hversu mikið gæti komið til skipta. Og ég hef ekki orðið þess var, að þeir nm., sem skipa meiri hl. fjvn., séu miklu nær því að þekkja þessar stærðir heldur en við í minni hl. Mér er það ríkt í huga nú að þakka þeim ágætu þingbræðrum mínum og samstarfsmönnum í fjvn., sem skipa meiri hl. hennar, fyrir ánægjulegt og gott samstarf í n. En það vegarnesti, sem þeir hafa haft til þeirrar vinnu, sem inna þarf af hendi í fjvn., er slíkt, að ekki var hægt að búast við heilsteyptu verki í verklok, enda vantar mikið á, að svo sé. Þó þykist ég vita, að þeir hafi dyggilega farið að ráðum hæstv. forsrh. og lesið málefnasamning ríkisstj.

kvölds og morgna og lesið hann til skilnings, a. m. k. þann póstinn, sem varðar fjármál og efnahagsmál. Það er sagt svo, að Bjarni bóndi á Leiti hafi verið fljótur að signa sig, og það þvælist heldur ekki lengi fyrir neinum að lesa efnahagspóstinn í málefnasamningnum, – hann er ekki svo stór. Málefnasamningurinn er, eftir því sem ég kemst næst, í 1. útgáfu 304 lesmálslínur, en efnahags- og fjármál taka aðeins yfir 34 lesmálslínur eða um 9% lesmálsins. Hér eru mikilvægu efni gerð lítil skil, þótt allir ættu að vita það, að heilbrigð stjórn efnahags- og fjármála er undirstaða framfara og á milli fjármagns og framkvæmda er órofa samband. Mér sýnist, að þær almennu hugleiðingar, sem er að finna um efnahagsmál í málefnasamningnum, séu ekki öruggur leiðarvísir fyrir þá, sem vinna að fjárlagagerð. Til þess er stefnumörkunin of óljós. Í málefnasamningnum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti."

Ég gat þess, að í þessum bæklingi væri ekki að finna markaða stefnu í efnahags- og fjármálum, og er það illa farið. Hitt er þó sýnu verra, að allt bendir til þess, að stjórnarathafnir hæstv. ríkisstj. þann skamma tíma, sem hún hefur verið við völd, leiði til allt annarrar niðurstöðu en heitið er að keppa að í þeim pósti, sem ég kynnti hér úr málefnasamningnum. Eða sýnist mönnum, að hæstv. ríkisstj. hafi tryggt það, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum? Mér sýnist allt annað blasa við. Og ef hafa á eitthvert vald á þeirri verðþenslu, sem þegar verður vart og líklegt er, að magnist til stórra muna á næstu mánuðum, þá hefði sannarlega þurft að gera sér grein fyrir því strax við gerð fjárlaga, með hverjum hætti það skyldi gert og hverjar fjárhæðir þyrfti til þeirra hluta, því að í öllu falli munu þær ráðstafanir, sem gera þarf, í hvaða formi, sem þær eru, hafa áhrif á gerð og niðurstöður fjárlaga.

Ég ætla ekki nú að ræða einstakar fjárveitingar, þótt freistandi væri að bera þær saman við þær kröfur, sem núv. stjórnarstuðningsmenn gerðu á fyrri þingum til ríkisvaldsins. En ég neita mér um það. En ég vil láta það koma fram hér og vil undirstrika það sérstaklega, að þótt niðurstöðutölur á gjaldahlið, ég endurtek, á gjaldahlið, – um tekjuhliðina er fátt vitað, – á gjaldahlið fjárlagafrv. hafi hækkað um 3.7 milljarða frá gildandi fjárlögum, þá hygg ég, að ekki sé meira en svo, að haldið sé í horfinu um framlög til framkvæmda, svo stórkostleg þensla er á vinnumarkaðinum nú þegar og horfur á hraðvaxandi þenslu við allar fjárfestingar. Af þeim sökum munu hækkandi fjárveitingar í krónutölu, eins og þær eru ákvarðaðar í frv., ekki leiða til meiri framkvæmda en staðið hefur verið að á þessu ári, en áköf útþensla í ríkiskerfinu hirðir hærri fjárhæðir en áður. Aðrir stórir fjárlagaþættir, sem hækka þar verulega, hafa enn orðið síðbúnir, eins og ég vék að áðan, svo að ekkert verður fullyrt um heildarniðurstöður. En einsýnt er, að nýjar álögur á almenning munu koma til í einhverju formi og stórauknum mæli eftir að 2. umr. um frv. lýkur.

Þennan seinagang og þessa vinnutilhögun vil ég átelja. Þessi vinnubrögð leiða til óábyrgrar fjárlagaafgreiðslu, sem er sem betur fer algert einsdæmi. Þessi meðferð mála sýnir um leið óþolandi virðingarleysi fyrir hinu háa Alþ. og þá ekki síður fyrir hinum almenna skattborgara, sem að síðustu kemur til með að bera allar byrðarnar á bakinu, hvort sem það bak er breitt eða mjótt.

Ég hef nú í mjög stuttu máli lýst þeirri aðstöðu til ábyrgra vinnubragða, sem fjvn. hefur búið við að þessu sinni. Þrátt fyrir fullan vilja meiri hl. fjvn. til þess að gefa minni hl. upplýsingar um ákvarðanir um skattheimtu ríkisins og þá þætti, sem máli skipta við fjárlagagerð, var þeim það ekki fært, þar sem þær voru ekki enn, þegar komið var fast að 2. umr., tilbúnar frá hæstv. ríkisstj. Með hliðsjón af þessari vinnuaðstöðu skal það engum vera undrunarefni, þótt fjárlagafrv. sé enn við 2. umr. opið í báða enda.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef lagt hér fram og flutt nokkrar brtt., sem fram koma á þskj. 184 og 193, og mun ég að sjálfsögðu gera grein fyrir þeim, en ég vil þó áður fara nokkrum orðum um fjárlagafrv. og efnahagsmálin almennt. Ég held, að það hafi verið svo undanfarna áratugi, að hver einasta ríkisstj., sem setið hefur að völdum hér á landi, hefur haft þá stefnu að reyna að berjast gegn verðbólgu og verðþenslu hér á landi, þó að vitað sé, að þetta hefur tekizt miður heldur en allir hafa óskað og misjafnlega hjá hinum ýmsu ríkisstj. Ég held, að sú ríkisstj., sem tók við hér á s. l. sumri, hafi þar alveg söðlað um og snúið því dæmi við, og hún hlýtur að stefna viljandi að geysilegri verðþenslu í landinu. Það fer ekki hjá því, að þeir aðilar, sem að efnahagsmálunum standa og ganga að þeirra ráðum nú, hljóti að gera sér fulla grein fyrir, hvert stefnir í þessum málum hjá okkur. Fjárlög hækka nú um 4–5 milljarða miðað við niðurstöðu fjárlaga árið 1971, eða um 40–50%. Þegar ég segi, að þau hækki um 4–5 milljarða frá 1971, þá er miðað við það, sem hér hefur verið gefið upp, að ekki sé komið fram enn þá, en það muni koma við 3. umr. fjárlaga. Þetta út af fyrir sig segir sína sögu, þegar ríkisstj. gengur á undan með slíkt fordæmi að hækka þannig fjárlögin um slíka upphæð, sem er miklu hærri upphæð en ég veit til, að fjárlög hafi hækkað um á einu ári, ef ekki hefur verið kannske um gerbreytingu í efnahagsmálum að ræða, þegar átt hafa sér stað stórar eða allstórar gengisbreytingar. Þegar litið er enn fremur á það, að í stjórnarsáttmálanum, – það má víst varla orðið minnast á hann hér, en til gamans má geta þess, að maður heyrir það, að almenningur er þegar farinn að tala um stjórnarsáttmálann sem faðirvor hæstv. forsrh., sem hann án efa sem sanntrúaður maður muni lesa kvölds og morgna, þó held ég, að okkur þm. sé óhætt að minnast á hann, enda verður það án efa gert oft og mörgum sinnum, áður en yfir lýkur. En þegar það kemur fram í sjálfum stjórnarsáttmálanum, sem gefinn er út um leið og ríkisstj. sezt að völdum, að þar er þegar gert ráð fyrir verulegri, almennri kauphækkun í landinu, að kaupmáttur launa eigi að aukast um 20%, þá segir það auðvitað sína sögu einnig, að það

er fyrir fram ákveðið, að almenn verðhækkun, sem hlýtur að leiða af almennri kauphækkun, skuli koma á og skella yfir okkur þegar á þessu og næsta ári. Þetta kom mjög greinilega fram hjá formanni Alþýðusambandsins, hv. 6. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, en þegar samningar höfðu verið gerðir, þá kom hann fram í sjónvarpinu og taldi, að kauphækkunin alls mundi nema um 45% á samningstímabilinu.

Þá hlýtur að koma að því að skoða, hvernig aðstaða atvinnuveganna verður, þegar allt þetta er skollið á. Mér er kunnugt um það, að einstaka fiskiðnaðarfyrirtæki hafa látið reikna þetta út fyrir sig eða gert sér grein fyrir því, og þau tjá mér alveg hiklaust, að þau telji, að launahækkun hjá þeim verði að samningstímabilinu loknu eftir tvö ár komin í 62.5%. Þegar við það bætist, eins og vitað er, að fiskverðshækkun hlýtur að verða á árinu 1972 og einnig án efa í ársbyrjun 1973, þá fer dæmið fyrir aðalatvinnuveg þjóðarinnar að verða nokkuð ljóst. Þó að vel hafi gengið fram að þessu hjá fiskiðnaðinum og verð hafi farið hækkandi og hann hafi tekið það á sig og staðið að því að leggja nokkuð af sínum fjármunum í verðjöfnunarsjóð, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að þetta eru meiri hækkanir en þessi atvinnuvegur þolir, nema um verulega verðsveiflu upp á við verði að ræða á sjávarafurðum erlendis. Því miður er farið að bera á því, að það sé komin stöðnun í þessa hluti og frekar sé von á því. Við skulum vona, að það verði ekki, en það er farið að bera á því, að hætta getur verið á því, að einstaka tegundir sjávarafurða verði ekki á sama verði og þær hafa verið hingað til, – að það verði um verðlækkun þar að ræða. Við skulum vona, að þetta verði ekki að raunveruleika, en allt hlýtur þetta að vera til athugunar, ef menn vilja í raun og veru gera sér grein fyrir, hvernig aðstaðan er í efnahagsmálunum. Hvað skeður, þegar þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er kominn í þá aðstöðu, að tekjur hrökkva ekki nálægt fyrir útgjöldum? Það er dæmi, sem hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér ljóst, þegar hún setur af stað þá geysilegu kollsteypu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem hún hlýtur að hafa gert sér fullkomna grein fyrir, þegar hún tók við völdum og markaði sína stefnu í efnahagsmálunum, bæði í sambandi við almennar launahækkanir og í sambandi við þá geysilegu hækkun, sem orðið hefur á fjárlagafrv. miðað við s. l. ár.

Í sambandi við það, sem á kann að vanta til að fjárlög nái endum saman, – ekki hefur nú verið gefið upp enn þá, um hve stóra upphæð er að ræða, en við höfum heyrt talað um 1.5–2 milljarða, sem sé það, sem á vanti til þess að endar nái saman á fjárlögum, þegar allt verður komið til alls, – þá hefur verið lagt hér á borð þm. skattafrv. og nokkuð hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir þessu máli, þó að ekki sé farið að ræða það formlega hér enn þá. Þá kom hann fram í sjónvarpinu og gerði landsmönnum grein fyrir, hvernig þetta nýja skattafrv. mundi verka. Svo einkennilega vill til, að þegar hæstv. ráðh. er að gera grein fyrir því í útvarpinu, þá leggur hann aðaláherzluna á það og færir fram ákveðin dæmi um það, að þarna sé um almenna lækkun að ræða í sambandi við tekjustofnafrv. og skattafrv. hjá öllum, ja, flestöllum almenningi. Þegar hins vegar er gerð grein fyrir þessum málum hér á Alþ., þá á það að standa undir þeim tekjum eða skapa þær tekjur, sem á vantar til að ná saman endum á fjárlögum. Þetta getur að sjálfsögðu aldrei farið saman, en það er náttúrlega þægilegt fyrir hæstv. ráðh., þegar hann kemur fram fyrir alþjóð í útvarpi og vill gera grein fyrir þessu, að reyna að telja fólki trú um, að þarna sé um lækkun á opinberum sköttum að ræða, þá er það eðlilegt, en ég hygg nú, að þetta eigi eftir að hitta hæstv. ráðh. kannske miklu verr heldur en hann þegar í dag gerir sér grein fyrir.

Ég er hér með afrit af viðtalinu við hæstv. ráðh., sem fram fór í útvarpinu í gær, og vil benda þar á nokkur atriði, sem mér þykir ástæða til að staldra aðeins við. Hæstv. ráðh. bendir á tiltekin dæmi um, að gjöld hjóna með tvö börn, sem hafi 250 þús. kr. tekjur, þeirra sameiginlegu gjöld til sveitarsjóðs og ríkissjóðs muni lækka svo og svo mikið, telur það verða 14 þús. kr. Einnig tekur hann annað dæmi um hjón með tvö börn, sem hefðu 380 þús. kr., þau munu lækka um, að mér skilst, rúmlega 20 þús. kr. Þá kemur þriðja dæmið, sem fer að verða einkennilegt og sýnir nú, að ráðh. gerir sér nokkra grein fyrir því, hvað erfitt er að túlka málið á þann veg, sem hann gerði í útvarpinu. Þar tekur hann dæmi um hjón með 6 börn. Hann þarf að láta þau hafa 6 börn til að geta sannfært þjóðina um það, að þau lækki sameiginlega í sköttum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs. Ég segi, því miður er það orðin hrein undantekning í þjóðfélaginu, ef hjón eiga eða hafa á sínu framfæri 6 börn, – ég segi, því miður. Það færi betur, að það væru fleiri aðilar, sem það hefðu, heldur en nú er í dag, því að þjóðinni veitir ekki af meiri vinnukrafti og meiri mannafla en hún ræður yfir. En þetta sýnir það, að hæstv. ráðh. þarf beinlínis að taka afbrigðilegt dæmi til þess að sannfæra menn um það, að hjón með 6 börn, sem hafa 770 þús. kr. tekjur, einnig þau lækki í sköttum til ríkis og bæjar.

Þá kemur að þeim, sem hafa breiðu bökin, eins og kallað er. Þar þarf hæstv. ráðh. að taka í útvarpinu dæmi um hjón með tvö börn, sem hafa 1 230 þús. kr. í brúttótekjur. Mér er ekki kunnugt um það, en það getur vel verið, að það sé kannske að hans dómi stór hópur í þjóðfélaginu, sem hafi slíkar tekjur. Ég verð að viðurkenna, að ég veit ekki, hvort ég þekki nokkurn, en marga þekki ég a. m. k. ekki, og ég fullyrði, að í mínu byggðarlagi væri það hrein undantekning, ef nokkur fjölskylda eða nokkur hjón hefðu slíkar tekjur. En það er á þessum breiðu bökum þeirra aðila, sem eru með yfir 1 250 þús. kr. tekjur, sem á að brúa bilið í fjárlögum upp á 1.5 eða 2 milljarða eða hvað það er nú, sem vantar á, til að endarnir nái saman. Ég tel það geysimikla bjartsýni, ef hæstv. ráðh. heldur, að fjárlögum verði þannig náð saman eða endum fjárlaga verði náð saman á þennan hátt, enda hygg ég nú, að hann viti betur. Ég er sannfærður um það, að þegar farið verður að skoða skattamálin sameiginlega í heild, eins og að sjálfsögðu verður gert í þinghléinu, því þá gefst tími til þess, þá komi út allt annað dæmi og allt önnur mynd af þessum sameiginlegu tveimur frv. heldur en hæstv. ráðh. vill vera láta, enda mundi það hreinlega ekki standast, að hægt væri að „dekka“ fjárlögin á þennan hátt, ef þetta væri eina rétta myndin af því, sem fram kom í viðtali við hæstv. ráðh. í sjónvarpinu í gærkvöld. En þegar er séð, að hæstv. ráðh. hlýtur að hafa vitað betur, því að þó að það sé rétt, að til standi að lækka ýmsa útgjaldaliði sveitarfélaganna og færa þá yfir til

ríkisins, sem auðvitað þýðir aukin útgjöld fyrir ríkið, þá er það líka inni í myndinni, að það á að hækka aðra skatta til sveitarfélaganna heldur en útsvör. Fasteignagjöldin eru þar orðin geysilega stór og þýðingarmikill liður, sem áður var til þess að gera mjög lítill liður hjá flestum sveitarfélögum. Og allir vita, að sveitarfélögin láta ekki setja allan sinn rekstur aftur. Við það að sleppa við þessi útgjöld er freistingin kannske enn þá meiri að fara út í meiri verklegar framkvæmdir, því að alltaf er það svo, að almenningur í hverju sveitarfélagi ætlast til þess af sinni sveitarstjórn, að hún geri sem mest á hverjum tíma. Krafan er hörð um það, og það þarf styrk hjá mörgum sveitarstjórnarmönnum, ef þeir ætla að fara eftir þessari biblíu, að við það, að léttir af þeim einstaka útgjaldaliðum, skeri þeir bara niður hjá sér fjárhagsáætlunina og fylgi henni í samræmi við þær lækkanir, sem yfirfærast á ríkið.

Og eitt er það einnig, þegar verið er að tala um, að það verði þessi almenna skattalækkun, sem má benda á. Það er að því stefnt að leggja niður aðstöðugjöldin hjá fyrirtækjum, fella þau alveg niður eftir árið 1972, en að hálfu leyti á því ári. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni augnablik; meðan leitað er afbrigða fyrir brtt., sem var verið að útbýta.) – [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 183 og 194, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Guðlaugur Gíslason (frh.): Ég var þar kominn, sem ég var að ræða niðurfellingu aðstöðugjaldanna. Auðvitað vita allir sveitarstjórnarmenn, að þegar felldur er niður jafnstór tekjuliður og aðstöðugjöldin hafa verið á undanförnum árum, þá er verið að gera tilfærslu innan sveitarfélagsins á þeim byrðum, sem verður að leggja á íbúana í hverju sveitarfélagi, bæði til reksturs þess og uppbyggingar, þá er verið að færa þessar byrðar af atvinnurekstrinum og yfir á einstaklingana. Það er einfaldlega þetta, sem gerist. Enda er séð fyrir þessu í tekjustofnafrv., þar sem í 34. gr. þess er heimild til handa sveitarfélögunum að hækka útsvörin, ef þau hafa verið of lágt áætluð um áramót, þannig að útilokað er að segja nokkuð um það, hvernig þessir skattar verða, fyrr en raunverulega liggur fyrir, hvernig þessi mál koma út hjá hinum ýmsu sveitarstjórnum.

Þá eru það fasteignagjöldin, sem eru stórhækkuð og auðvitað þýða aukna byrði fyrir skattgreiðendur til sveitarsjóða. Þetta er mál, sem oft hefur borið á góma. Þetta bar mjög á góma, þegar upphaflega var verið að semja frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem við höfum lengi búið við. En það ber allt að sama brunni í sambandi við þetta, þetta er talinn mjög tvíeggjaður tekjustofn fyrir sveitarfélögin og koma illa við marga aðila. Nú í dag hittir hin geysilega hækkun á fasteignagjöldum, sem fyrirhuguð er, unga fólkið, sem er að byggja eða hefur nýlega lokið við að byggja dýrar íbúðir, sem auðvitað verða metnar eftir verðgildi þeirra. Þetta hittir það unga fólk, sem í þessari aðstöðu er og sem flestallt, ég fullyrði það, sem flestallt hefur tekið á sig kannske jafnvel eins miklar skuldir eða jafnvel meiri skuldir en það sér fram úr í dag, hvernig á að ráða við. Stórhækkaður fasteignaskattur hlýtur að hitta þetta fólk ákaflega illa. Þá hittir það einnig illa þá aðila, sem við teljum alltaf, að Alþ. beri skylda til að fara sem vægast í skattlagningu á, en það er eldra fólk. Það er vitað, að margt eldra fólk býr í sínum gömlu íbúðum, kannske eru þær orðnar of stórar, en það vill auðvitað ekki fyrr en á síðustu árum ævi sinnar fara að smækka mjög við sig íbúðirnar og flytjast í nýtt húsnæði. Það vill halda áfram að búa meðan það getur á þeim sama stað, sem það hefur kannske búið á allt sitt líf. Það er í mörgum tilvikum án efa, að þessar íbúðir eru orðnar of stórar fyrir það, þegar það stendur orðið eitt uppi, börnin öll farin að heiman. En þetta fólk hittir einnig fasteignaskatturinn mjög illilega. Það eru þessi sjónarmið, sem alltaf hafa ráðið því, að fasteignaskattur til sveitarfélaganna hefur verið mjög umdeildur og fram að þessu hefur engin ríkisstj. og Alþ. ekki heldur farið inn á það að hækka þessi gjöld eins mikið og nú er gert ráð fyrir í hinu nýja tekjustofnafrv.

Þá hafa hæstv. ráðh., sem talað hafa um nýju skattalögin, ósjaldan bent á það, að með skattalögunum væru felldir niður hinir ýmsu skattar. Þetta er alveg rétt. Það stendur til að fella niður almannatryggingagjaldið, sjúkrasamlagsgjaldið að hálfu leyti o. s. frv. En er það svo, að þetta sé niðurfelling? Verða ekki þessar uppbætur, sem við áður greiddum í almannatryggingagjöldum og sjúkrasamlagsgjöldum, verða þær bara ekki teknar af gjaldendum í annarri mynd? Auðvitað verður ríkissjóður, fyrst hann ætlar að taka þessar byrðar á sig, auðvitað verður hann að innheimta nýja skatta fyrir þessu. Þetta kemur fram á einstaklingunum, kannske misjafnlega mikið, í misjafnlega miklum mæli, en auðvitað er þarna ekki um neina niðurfellingu á gjöldunum að ræða. Þessar stofnanir, sem þessir skattar hafa gengið til áður, halda auðvitað áfram að starfa og halda áfram í vaxandi mæli með sín útgjöld og þurfa auðvitað tekjur á móti. Það liggur alveg í augum uppi, að þarna er einnig verið að túlka málið á annan veg en rétt getur talizt.

Ég skal nú ekki tefja lengur við fjárlögin eða efnahagsmálin, en vil aðeins undirstrika það, sem ég hef sagt hér, að það er útilokað að mínum dómi, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki þegar í upphafi, þegar sama daginn eða áður en hún settist niður, þegar málefnasamningurinn var gerður, þá hafi hún ekki gert sér alveg fulla grein fyrir því, að hún væri vitandi vits að sigla inn í stórkostlega kollsteypu í efnahagsmálum þjóðarinnar og miklu meira en áður hefur verið kallað óðaverðbólga. Ég skal þá láta þessum þætti ræðu minnar lokið, en koma að þeim brtt., sem ég hef hér leyft mér að leggja fram.

Ég vil áður sýna hv. fjvn. þá fullu sanngirni og kurteisi að þakka henni fyrir þau framlög, sem á fjárlögum er að finna til hinna ýmsu málefna ög stofnana þess byggðarlags, sem ég er búsettur í. Það er þar ein upphæð, sem ég vil sérstaklega láta koma í ljós, að ég er mjög ánægður með, að skyldi verða tekin inn á fjárlög, en það er framlag, sem ætlað er til rannsóknarstofu fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum. Þetta hefur verið brennandi áhugamál í sambandi við fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum að koma slíkri rannsóknarstofu á fót. Fiskiðnaðurinn sjálfur hefur þar sameiginlega bundizt samtökum um það og gengið endanlega frá því að bera sjálfur allan stofnkostnað af þessari rannsóknarstofu og

mér er sagt, að hann nemi 4–5 millj. kr. Þetta er átak hjá þeim út af fyrir sig, sem ég tel, að þeir geti verið stoltir af að hafa á sig tekið, og þess vegna sé ég fulla ástæðu til þess að fara viðurkenningarorðum um undirtektir hæstv. sjútvrh. og fjvn. um framlag til þessarar stofnunar, því að ég er sannfærður um það, að hún á ekki eftir að verða aðeins fiskiðnaðinum í Vestmannaeyjum til góðs, heldur einnig þjóðinni í heild í bættri framleiðslu frá þessum stað.

Ég flyt hér á þskj. 184 í fyrsta lagi till. um nýjan lið, að áætlaðar verði 3 millj. kr. til sundlaugarbyggingar í Vestmannaeyjum. Á árinu 1971 voru teknar inn á fjárlög 2 millj. 728 þús. kr. í þessu skyni. Það var, eftir því sem mér var tjáð heima í héraði, ekki aðstaða til þess að hefja þá þegar framkvæmdir fyrir þessa fjárlagaupphæð, vegna þess að þá vantaði endanlegar teikningar af stofnuninni vegna breytinga, sem á henni höfðu verið gerðar, en þetta framlag var því miður, – mér er ekki kunnugt um, hvers vegna, – fellt niður við afgreiðslu fjárlaga 1971, og harma ég það mjög mikið. Ég leyfi mér því að vænta þess, að þar sem þarna er um framhaldsfjárveitingu að ræða, – það er ekki um nýja fjárveitingu, heldur framhaldsfjárveitingu að ræða til sundlaugar í Vestmannaeyjum, – þá skoði hv. fjvn. þetta mál á milli umr. og sjái sér fært að verða við þessari till. Ég skal í sambandi við þetta mál benda á það, – ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, – að Vestmanneyingar voru á sínum tíma fyrstir landsmanna til þess að taka upp sundskyldu í sambandi við skólanámið við eins frumstæðar aðstæður og voru á þeim tíma. Síðar réðust þeir í byggingu opinnar sundlaugar, þar sem um er að ræða upphitaðan sjó, – og hefur það bæði sína kosti og sína galla. En þessi laug er að verða 40 ára gömul, og að sjálfsögðu langt síðan hún var komin það mikið aftur úr, að hún er varla talin frambærileg lengur miðað við þær kröfur, sem almennt eru gerðar í þessum málum. Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. fjvn. taki þessa till. til frekari athugunar.

Þá hef ég leyft mér að flytja hér á sama þskj. till. um hækkun á framlagi til Náttúrugripasafns Vestmannaeyja. Þar er um ákaflega lítið framlag að ræða, að liðurinn hækki úr 75 þús. kr. upp í 300 þús. kr. Ég vil ekki una því fyrir hönd Náttúrugripasafns Vestmannaeyja, að það sé sett í annan flokk en t. d. Sædýrasafnið í Hafnarfirði. Þarna er um tvö mjög sambærileg söfn að ræða, bæði hafa þau safn lifandi fiska. Annað, Hafnarfjarðarsafnið, er raunar nokkru viðtækara í sambandi við dýralífið, en Vestmannaeyjasafnið hefur hins vegar mjög gott, að mér er tjáð, náttúrugripasafn. Þarna í Eyjum er um að ræða fasta stofnun, sem kaupstaðurinn réðst í að byggja á sínum tíma og kostaði miðað við verðgildi peninga á þeim árum mjög háa upphæð. Við höfum aldrei farið fram á neinn styrk í sambandi við byggingarkostnað á þessu safni og sætt okkur við mjög lágar fjárveitingar, og ég mundi hafa látið afskiptalausa till. hv. fjvn. um þá hækkun, sem varð, og eins og hún gekk frá henni, ef ég teldi ekki, að þetta safn ætti að njóta ekki lakari fyrirgreiðslu en Sædýrasafnið í Hafnarfirði, því að ég tel, að þó að þau séu, eins og ég sagði, kannske nokkuð hvort á sínu sviði, þá geti verið þar um mjög sambærilega aðstöðu að ræða og ekki lakari í Eyjum en er hjá Sædýrasafninu í Hafnarfirði.

Þá hef ég lagt til, að tekinn verði inn nýr liður á fjárlögum, þar sem um er að ræða einnig mjög hógværan póst, en það eru 200 þús. kr. til Styrktarsjóðs nemenda við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1971 voru teknar inn, ef ég man rétt, 300 þús. kr. til Styrktarsjóðs Stýrimannaskólans í Reykjavík. Ég taldi þetta mjög maklegt og gott, en flutti þá ekki brtt. við frv., því að þetta kom það seint fram, að þetta hreinlega fór fram hjá mér. En ég tel, að Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum eigi að njóta nákvæmlega sömu aðstöðu og Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Þarna er um að ræða alveg sambærilegar stofnanir að formi til. Þó að stofnunin í höfuðstaðnum sé að sjálfsögðu mun fjölmennari, þá er Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum orðinn föst stofnun, þangað sem sækja nemendur alls staðar að af landinu, og fer aðsókn þeirra, sem betur fer, mjög vaxandi. Ég hef áætlað, að það væri eðlilegt, að Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum fengi þriðjungsframlag á móti Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Það er nokkurn veginn hlutfallið á milli nemenda hjá þessum stofnunum, en ég hef tekið inn það, sem ætla mætti, að væri framlagið bæði fyrir árið 1971 og 1972, eða 100 þús. hvort ár.

Þá hef ég einnig á þessu sama þskj. leyft mér að flytja till. um, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast andvirði allt að 1.3 millj. bandarískra dollara vegna kaupa á svifskipi til flutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Þm. flestir muna eftir því, að hér var borin fram af mér ásamt tveimur öðrum hv. þm. úr Suðurlandskjördæmi till. snemma á þinginu um athugun á kaupum á svifskipi til þess að leysa einn þáttinn í samgöngumálum Vestmanneyinga. Þarna er um nýtt samgöngutæki að ræða, og því ekki nema ósköp eðlilegt, að menn taki með varúð notagildi þess. Þetta hefur aðeins gerzt einu sinni, að svifskip hafi komið hér til lands og verið reynt hér, en eins og ég hef áður gert grein fyrir, var það af allt annarri og minni gerð en við töldum okkur þurfa á að halda. Nú liggur það hins vegar fyrir, eins og ég hygg, að hv. alþm. viti og hér var gerð grein fyrir áður, að nú er að koma á markaðinn farartæki af þessari gerð, sem mundi henta að okkar dómi, sem höfum fylgzt með þróun þessara mála, mjög vel og vera alveg af þeirri gerð og stærð, sem við teljum, að við þurfum á að halda. Þessi skip eru enn ekki komin á sölulista eða þessi tegund, þessi stærð þessara skipa er ekki enn komin á sölulista. Ég taldi því ekki eðlilegt, að farið væri fram á ríkisframlag í þessu sambandi, en tel hins vegar nauðsynlegt, að ef þetta farartæki reynist nothæft og leysir þann vanda, sem við teljum, að það geti leyst, þá þurfi að vera fyrir hendi ríkisábyrgð til kaupa á slíku skipi. Ég efa ekki, að það væri hægt að útvega lán til kaupanna, ef hæstv. ríkisstj. vildi á það fallast að veita ríkisábyrgð fyrir því. Ég hef farið fram á það við hæstv. samgrh., að hann sendi hlutlausan aðila til Kanada, þegar reynsluför þessara skipa á sér stað, sem verður nú sennilega í næsta mánuði og mánuðunum þar á eftir, til þess að fá úr því skorið, hvort þessi farartæki muni henta hér við íslenzkar aðstæður, bæði í sambandi við samgöngumál Vestmanneyinga og e. t. v. annarra. Ég þykist þess fullviss, að bæjarstjórn Vestmannaeyja mundi þá nota tækifærið og senda sinn fulltrúa, sem yrði viðstaddur eða gæti sannreynt, hvort þarna er um farartæki að ræða, sem okkur hentar.

Ég sagði það hér áðan, að ég teldi eðlilegt, að þm.

væru kannske nokkuð vantrúaðir á þetta, þar sem um nýjung er að ræða. Það er alltaf svo. Maður vill vita hið sanna og er ekki tilbúinn að fallast á hlutina fyrr en séð er og sannað, að þeir geti skilað því hlutverki, sem til er ætlazt. Það hefur komið fram hjá þm., ég hef orðið þess var, að þeir trúa því, að þessu farartæki verði ekki komið við vegna sjólags á milli Vestmannaeyja og meginlandsins, á þann veg að það komi að haldi. Ég lét því gera yfirlit yfir, hvernig þessum málum er raunverulega háttað, og styðst ég þar við veðurstofuna og veðurathuganir í Vestmannaeyjum. Á hverjum einasta degi, tvisvar á dag, er með veðurathugun einnig gefið upp sjólag við Vestmannaeyjar. Þetta er gefið upp í 8 töluliðum og þar tilgreint frá núlli, sem kallað er ládautt, og upp í það, sem kallað er hafrót. En liðirnir, sem ég hafði áhuga fyrir, eru liðirnir frá 0–3, þar sem sjólagið er talið frá ládeyðu eða sléttum sjó upp í 1.25 m ölduhæð. En það er einmitt það, sem þetta skip er gefið upp fyrir að þola, án þess að farþegar verði fyrir nokkrum óþægindum af að ferðast með því.

Það kemur í ljós, sem mér kom ekkert á óvart, en ég hygg, að mörgum hv. þm. muni þó geta komið á óvart, að yfir sumarmánuðina eru ótrúlega margir dagar, þar sem sjólag á þessari leið er ekki verra en það, að hægt er að nota skipið, án þess að það valdi farþegum nokkrum óþægindum. Ég skal geta þess, að mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september, sem við hugsum okkur, að þetta skip yrði notað og þá til farþega- og bifreiðaflutninga, eins og ég hef sagt áður, þá er sjólag innan þeirra marka, sem ég hef hér tilgreint, eða ölduhæð ekki yfir 1.25 m eins og hér segir: í aprílmánuði 17 daga, í maímánuði 23 daga, í júnímánuði 23 daga, í júlímánuði 26 daga, í ágústmánuði 26 daga og í septembermánuði 19 daga. Þessi skýrsla byggist á 10 ára reynslu. Það var farið 10 ár aftur í tímann frá árinu 1971, þannig að þarna er um meðaltal 10 ára að ræða, og þetta er því engin hending. Hefði ég tekið aðeins 5 síðustu árin, þá hefði dæmið orðið hagstæðara, en ég taldi eðlilegt að fara þetta langt aftur í tímann til þess að vera hvorki að villa sjálfan mig eða aðra hv. þm. í þessu sambandi, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir, að ef skipið að öðru leyti getur talizt nothæft, kæmi það að fullum notum í sambandi við það hlutverk, sem við ætluðum því, þ. e. að flytja farþega og bifreiðir á milli lands og Eyja yfir þessa 5 sumarmánuði. Ég vænti þess því, að það verði vel tekið í þessa hugmynd Vestmanneyinga. Þeir gera sér það sjálfir ljóst, að ef af kaupum verður, þá verða þeir að koma þar einnig með fjármagn á móti til þess að þetta geti orðið að raunveruleika.

Þá hef ég leyft mér að flytja á þskj. 193 eina brtt., um það, að framlag til vatnsveitu Vestmannaeyja verði hækkað um 3 millj. kr., eða úr 7.5 millj. í 10.5 millj. kr., og liðurinn hækki þar af leiðandi um sömu upphæð miðað við þá upphæð, sem þegar er komin fram á fjárlögum og brtt. meiri hl. fjvn. Ég hef áður gert grein fyrir þessu fyrirtæki og tel eðlilegt, að Alþ. ætlist til þess, að grein sé gerð fyrir því, vegna þess að svo er litið á almennt, a. m. k. af okkur í Vestmannaeyjum, að þar sem heimild er fyrir því í lögum, að ríkissjóður standi að helmingi stofnkostnaðar slíkra fyrirtækja, þá ætlumst við til, að það verði gert. Þó að allar tölur í sambandi við framkvæmdir séu orðnar háar nú til dags, þá verður að telja, að þetta sé ein af stærri framkvæmdum hvers einstaks sveitarfélags, a. m. k. utan Reykjavíkur. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, er stofnkostnaður þegar kominn upp í 220 millj. og áætlað, að framkvæmdin fullgerð fari upp í 245 millj. kr. Þar af er dreifikerfið um 45 millj., sem ríkisstj. er ekki skuldbundin til að greiða neitt af, og við höfum ekki farið fram á, að það yrði gert. En nettókostnaður af þessu fyrirtæki eða stofnkostnaður, sem gæti verið greiðsluhæfur úr ríkissjóði samkv. gildandi lögum, er þá um 200 millj. Á fyrirtækinu hvíla nú í dag um 140 millj. kr. og er verulegur hluti af því, því miður, í erlendum lánum. Afborganir af þessum lánum nema rúmum 20 millj. og vextir 13.8 millj. eða tæpum 14 millj. kr. Eftir því sem bæjarstjóri Vestmannaeyjakaupstaðar tjáði mér í morgun, ætlast bæjarstjórn til þess, að gjald til vatnsveitunnar, gjaldskrá vatnsveitunnar verði hækkuð um 50% í byrjun næsta árs. Þannig mundi gjaldskráin gefa fyrirtækinu um 15 millj. kr. tekjur eða um tæpar 14 millj. nettó, þegar rekstrarkostnaður er dreginn frá. Það merkir, að fyrirtækið getur þá orðið staðið undir vöxtum af áhvílandi skuldum. Hins vegar er það ljóst, að bæjarsjóður verður að taka á sig hluta af afborgunum og ég tel það síður en svo ósanngjarnar kröfur íbúa þessa byggðarlags, þó að við færum fram á það, að afborgunum af lánunum verði skipt jafnt á milli þessara aðila eða um 10.5 millj. til hvors. Ég tel síður en svo, að þarna sé um nokkuð óeðlilega kröfu að ræða, og vænti þess, að hv. fjvn. vilji skoða þetta mál nánar.

Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum í sambandi við grg. hv. formanns fjvn., að hann skyldi ekki gefa neitt vilyrði eða fyrirheit um það, að framlagið til vatnsveitu Vestmannaeyja hækkaði eitthvað frá því, sem það var á fjárlögum 1971. Ég var satt að segja að vona, að hann gerði það, en þar sem það varð ekki, sá ég mig tilneyddan til þess að flytja þessa brtt., sem ég ætlast til, að aðstaða gefist til þess að skoða á milli umr.

Ég sé nú, að fundartíma er að ljúka fyrir kvöldmat, og skal þá hér með láta máli mínu lokið. – [Fundarhlé.]

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér litla brtt. á þskj. 184 þess efnis, að framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sé hækkað úr 3 millj., eins og það er í fjárlagafrv., í 6 millj. En þess ber að geta, að á þskj. 174 frá hv. fjvn. er búið að gera till. um að hækka þessa upphæð upp í 4 millj. Ég hef átt sæti í stjórn Útflutningsmiðstöðvarinnar síðan sú stofnun byrjaði og mér finnst einhvern veginn endilega, að hér hljóti að vera um einhvers konar misskilning að ræða eða þá að málið hafi ekki verið lagt nógu glöggt fyrir hv. fjvn. Ég flyt þetta vegna þess að ég vil freista þess, hvort hv. n. vill ekki taka þetta mál til endurskoðunar, þegar ég hef skýrt nokkuð frá málinu í heild og þegar menn átta sig á því, hvernig þessum málum er varið. Þetta er náttúrlega lítil hækkun, sem hér er farið fram á, en lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins frá síðasta Alþ., sem ég ætla, að allir flokkar hafi verið sammála um, fela það beinlínis í sér, að það er nauðsynlegt að hafa nokkra fjárveitingu til þessarar stofnunar.

Í 1. gr. þeirra laga stendur: „Stofnendur eru Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskrn. og iðnrn. fyrir hönd íslenzka ríkisins.“ Þessir aðilar allir tilnefna samkv. lögunum menn í stjórn þessarar stofnunar, en ef við at-

hugum lögin ofurlítið nánar, þá sjáum við, að tilgangur Útflutningsmiðstöðvarinnar er að efla útflutning íslenzkra iðnaðarvara og veita honum fyrirgreiðslu með því m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.

2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur og annað, sem útflutningssölu varðar.

3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.

4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra á milli.

5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um hagnýtingu á þeim.

6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenzkar iðnaðarvörur."

En varðandi kostnaðinn við þessa starfsemi segir svo í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal Útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum, sem hún veitir þjónustu. Útflutningsmiðstöðin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða."

Það er þess vegna alveg ljóst, að þegar hv. Alþ. samþykkti þessi lög fyrir nokkrum mánuðum, þá hefur það greinilega verið tilgangur hv. Alþ., að þessi starfsemi skyldi verða verulega styrkt af ríkinu. Og það má segja, að það sé, en á þessu yfirstandandi ári hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fengið, að ég ætla, 4.1 millj. frá ríkissjóði og auðvitað sjá allir, að ef á að auka þessa starfsemi eitthvað, þá er þess ekki nokkur kostur með því fjárframlagi, sem hér um ræðir. En til viðbótar þessu tel ég mig geta fullyrt, að allir eða a. m. k. flestir núv. hv. þm. hafa sýnt iðnaðinum mjög mikinn áhuga, svo að ekki sé meira sagt. Ýmsir hafa flutt till. og fsp. Þar á meðal hef ég flutt fsp. um það, hvenær vænta megi afurðalána til handa iðnaðinum og hæstv. iðnrh. eða viðskrh. minnir mig, að það væri, svaraði þeirri fsp. á þann hátt, að sú væri hans meining, að slíka fyrirgreiðslu fengi iðnaðurinn. Og mér er kunnugt um það, að hæstv. iðnrh. hefur skrifað hv. fjvn. og farið mjög ákveðið fram á það, að þessi upphæð væri hækkuð upp í 6 millj. kr. Enn fremur hafa þm. flutt frv. um eflingu Iðnlánasjóðs og fyrir nokkru flutti hv. 4. þm. Reykv. og fleiri hv. framsóknarþm. till., sem sýnir það mjög greinilega, að Framsfl. vill vinna að eflingu og aðstoð við iðnaðinn í landinu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í þáltill., að iðnfyrirtæki fái víxlasöluheimild til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum og auk þess yfirdráttarheimild. Og till. er flutt til að stuðla að því, að iðnaðinum sé a. m. k. tryggt visst lágmark rekstrarlána, sem hann vissulega þarf með.

Fleiri hv. þm. hafa talað um og mig minnir, að það sé nefnt í þeim margnefnda stjórnarsáttmála, að það skuli virkilega reyna að gera eitthvað til þess að aðstoða iðnaðinn, einkanlega þann, sem hneigist að útflutningi iðnaðarvara.

Nú er mikið til siðs að tala um eflingu á útflutningsiðnaði og þeir aðilar, sem mest hafa að þessum málum unnið, eru Samband ísl. samvinnufélaga, sem er aðili að Útflutningsmiðstöðinni, og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Ef við lítum aðeins á þann árangur, sem af þessum málum hefur orðið núna síðustu árin, þá hef ég hér upplýsingar um, að útflutningur á íslenzkum iðnaðarvörum á árinu 1971 hefur gengið vel, sérstaklega útflutningur á fatnaðarvörum og hvers konar ullar- og skinnavörum, þar með loðsútuð skinn. Fyrstu 10 mánuði ársins nam heildarverðmæti þessa útflutnings 305 millj. kr. á móti 230 millj. á sama tíma í fyrra. Þróunin hefur orðið sú, að 1968 var þessi útflutningur 74 millj., 1969 187 millj., 1970 330 millj. og má reikna með, að á þessu ári verði hann um 450–470 millj. Þetta skiptist á árið 1970 þannig, að loðsútuð skinn og húðir voru 166 millj., ullarlopi og ullarband 32 millj., ullarteppi 30 millj., prjónavörur úr ull 100 millj., annar ytri fatnaður 4 millj. og vörur úr loðskinnum 6 millj. tæpar. Það er þannig augljós þróun í þessum málum, sem hlýtur að koma öllum til góða og þá ekki hvað sízt þeim aðilum, sem atvinnu hafa við þessa framleiðslu. Eftir markaðssvæðum skiptist þessi sala þannig á síðasta ári, að til Bandaríkjanna og Kanada fór fyrir 98 millj., til Austur-Evrópu 96 millj., til EFTA-landa 89 millj., til Efnahagsbandalagslanda 45 millj. og til annarra landa tæpar 3 millj. Útflutningsmiðstöðin hefur á því tímabili, sem hún hefur starfað, og útflutningsskrifstofa iðnaðarins áður, unnið markvisst að því að reyna að sameina alla þá íslenzka aðila, sem í þessum útflutningsmálum iðnaðarins hafa staðið. Og það hefur líka áreiðanlega verið tilgangur löggjafans, þegar þessi lög voru sett snemma á þessu ári. Og mér finnst þess vegna skjóta nokkuð skökku við, ef þessi stofnun á ekki að fá nú það fjármagn, sem hún nauðsynlega þarf til þess að geta haldið rekstri sínum gangandi og þó heldur aukið hann. Fjárhagsáætlun Útflutningsmiðstöðvarinnar fyrir þetta ár er upp á 9 millj. Þar af var gert ráð fyrir, að greiddust úr ríkissjóði 6 millj., frá stofnendum 1 millj., frá vörusýningarnefnd 1 millj. og frá þátttakendum í sýningum um 1 millj. Gjöldin eru áætluð fyrst og fremst launa- og skrifstofukostnaður, sem er tæpar 4 millj., fata-, skinna-, sportvörusýningar, húsgagnasýningar, útgerðartækjasýning, silfursmíðasýning, vefjariðnaðarsýning og aðrar slíkar sýningar, 3.3 millj., þ. e. kostnaðurinn við sýningarnar beint, og svo til markaðsathugana vegna tækninýjunga og ýmissa annarra hluta og markaðsferða framleiðenda ½ millj., vegna matvælasýninga og heimboða erlendra kaupenda og fleira slíkt 800 þús., til almenns sýningarefnis, bæklinga, námskeiða o. fl. 450 þús., en þetta gerir 9 millj. Ef þessi stofnun fær nú ekki meira en þessar 4 millj., þá er það auðvitað augljóst mál, að það verður að draga saman seglin, og það má vel vera, að það sé meining valdhafa. En ég vil mjög eindregið biðja hæstv. fjmrh. að líta dálítið alvarlega á þetta mál ásamt með mörgum öðrum. En ef það þarf að draga saman seglin í þessari starfsemi, þá get ég sagt frá því líka, að það, sem við höfum undirbúið í formi sýninga erlendis, eru sýning í Kaupmannahöfn í vor, sem er fatnaðarsýning, tvær fatnaðarsýningar í Þýzkalandi, í München í vor líka eða seinni partinn í vetur og skinnasýning í Frankfurt, gull- og silfursmíðasýning í Kaupmannahöfn, húsgagnasýning í Kaupmannahöfn

og svo Íslandsvikur í Austurríki og Bandaríkjunum, en þar hafa núna á þessu hausti verið mjög víða sýningar, sem eru nú að gefa slíkan árangur, að ég vil reikna með því, að útflutningur á fatnaðarvörum til Bandaríkjanna og til fleiri landa sé nokkurn veginn öruggur fyrir þá framleiðslumöguleika, sem þessi litlu fyrirtæki hafa nú. En til að hv. þm. sé það líka kunnugt, eru fyrir utan Sambandið og Sláturfélagið mörg lítil fyrirtæki, sem vinna á vissan hátt sameiginlega að framleiðslu fatnaðar til útflutnings. Þessi fyrirtæki eru: tvö á Akranesi, eitt í Borgarnesi, eitt á Blönduósi, eitt á Egilsstöðum og nokkur í Reykjavík, eitt á Siglufirði, eitt á Húsavík, og þessi fyrirtæki hjálpa hvert öðru og vinna þannig og svo safna þau vörunum saman, en Útflutningsmiðstöðin á verulegan þátt í því að koma þessum vörum á markað erlendis. Og ég sé nú satt að segja ekki í fljótu bragði, að hægt sé að gera þetta á mikið annan máta, þar sem um lítil fyrirtæki er að ræða, sem engan veginn gætu gert þetta af neinu viti eða hefðu möguleika til þess, ef þau ætluðu að gera það sjálf. Þessar áætlanir hrynja, ef ekki er nokkur leið að afla þess lágmarksfjármagns, sem við höfum beðið um. Ég segi það auðvitað ekki, að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hætti, en hún verður að fækka verulega þeim sýningum, sem þarf að taka þátt í, og þegar við erum allir sammála um það, að ég ætla, að efla þurfi þennan útflutningsiðnað, þá finnst mér það ekki vera nein óskapa upphæð, sem mundi kollkeyra allt, þó að þessum þætti iðnaðarins væri hjálpað þarna um tvær millj. í viðbót. Ég veit, að það eru margir, sem biðja um margt, og það er ómögulegt að fullnægja öllum. En við þennan eina þátt, sem ég nefndi, vinna nokkur hundruð manns. Það er búið þegar að vinna mjög mikla undirbúningsvinnu í þessum efnum, það er búið að undirbúa það vel að kynna okkar vörur á mörkuðum erlendis, og það er ánægjulegt að geta sagt líka, að kaupendur eru ánægðir. Vörur okkar eru að vísu dálítið dýrar, en þrátt fyrir það eru kaupendur ánægðir. Og það er náttúrlega það, sem mest er um vert í þessum efnum.

Ég skal ekki segja og get ekki bent á, hvort það sé nægjanlegt kannske að hafa þessar 4 millj., og það eru sjálfsagt einhverjir, sem koma til með að halda því fram. Og ég skal ekki segja um það, hvaða árangur næst með þeirri upphæð, ef hún verður látin standa áfram. En ég vil sterklega mælast til þess við hv. fjvn. og hæstv. fjmrh., að þessu litla máli sé nú þrátt fyrir allt veitt athygli og það verði tekið til athugunar að nýju. Við vitum, að þm. allir eru sammála um að reyna að efla þessa starfsemi, og það ætti að vera nokkur bending til þess, að það ætti þá að vera hægt að fá málið samþykkt. Við vitum, að það er verið að reyna að efla nýjan útflutningsiðnað frá Íslandi og það er iðnaðinum og Íslandi nauðsynlegt, og væntanlega er enginn á móti því. Við erum að reyna að framleiða úr íslenzku hráefni iðnaðarvörur, sem er mjög þýðingarmikið, bæði fyrir þá, sem framleiða hráefnið, og svo fyrir þá, sem hafa atvinnuna við þessa framleiðslu. Og að þessu öllu saman athuguðu vil ég ekki trúa öðru en hv. fjvn. og hæstv. fjmrh. taki málið aftur til athugunar, og í trausti þess leyfi ég mér að draga till. til baka til 3. umr., herra forseti.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Starf fjvn. er örugglega meira en starf allra annarra nefnda þingsins til samans, og það má fullyrða, að þeir menn, sem í fjvn. sitja, eiga miklu nánara samstarf og með öðrum hætti en almennt gerist í öðrum nefndum, sem koma tiltölulega sjaldan saman og til stuttra funda. Ég hef átt sæti í fjvn. s. l. 8 ár og ég verð að segja, að þó að vinna sé þar oft mikil, sérstaklega þegar fer að líða að afgreiðslu mála, þá hefur verið ríkjandi þar góður andi og samstarf verið með ágætum með nm., hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Mér er ljúft og skylt að segja það hér, að á þessu hefur ekki orðið nein breyting í störfum fjvn. við það, að nýr formaður var þar kjörinn, og er mér mjög ljúft að þakka honum fyrir mjög ánægjulegt samstarf og sanngirni í afgreiðslu mála, sem fyrir n. hafa komið, og sömuleiðis öðrum fjvn.-mönnum og hagsýslustjóra, sem hefur starfað eins og áður með n. og veitt upplýsingar bæði stjórn og stjórnarandstöðu, eftir því sem honum hefur verið frekast unnt hverju sinni, eins og hann hefur alltaf gert áður.

Till. þær, sem fjvn. flytur, eru á þskj. 174 og 177, og þær nema með leiðréttingum á sérstöku þskj. um 765 millj. kr. hækkun á gjaldaliðum fjárlaga. Ég skal taka það fram, eins og frsm. 1. minni hl. okkar sjálfstæðismanna gerði raunar hér í dag, að við sjálfstæðismenn áttum aðild að fjölmörgum þessara tillagna og munum fylgja þeim hér við afgreiðslu í Alþ. Þó eru nokkrar till., sem við erum andvígir. Það eru tiltölulega smávægilegar till. hvað upphæðir snertir, en um stærstu till., sem fjvn. leggur hér fram, er að mínum dómi fullt samkomulag á milli nm. í fjvn., og þá á ég fyrst og fremst við skiptingu á framlagi til byggingar skólamannvirkja og til hafnaframkvæmda og sömuleiðis til sjúkrahúsa, læknamiðstöðva og læknabústaða. Hins vegar tek ég það fram, að við erum ekki sammála um heildarfjármagnið, sem til þessara framkvæmda er ætlað. Það er auðvitað fyrst og fremst ákvörðun ríkisstj., en samvinna og samstarf í fjvn. um skiptingu á því fjármagni, sem hér er um að ræða innan ramma þessara tillagna, var tiltölulega mjög gott. Ég mun síðar koma að þessum till. og ræða þær nánar. En áður en ég held lengra vil ég koma að því, sem ég tel miklu varða í sambandi við vinnubrögð og störf í fjvn., en það er tekjuhlið fjárlagafrv. Þar höfum við stjórnarandstæðingar engan staf séð, – engin grein hefur verið gerð, ekki einu sinni fyrir breytingum, sem verða á þeim tekjuliðum, sem fyrir eru í frv. Ég hefði nú talið, að þó að seint hefði gengið með jafnmikil störf og verið er að vinna og ætlunin er að framkvæma í sambandi við gerbreytingu á skattakerfinu, þá hefði þó mátt gefa fjvn. yfirlit og skýrslur um það fyrir 2. umr., hvaða breytingu tekjuliðir fjárlagafrv. hefðu tekið, frá því að fjárlagafrv. fór í prentun nokkru fyrir þingbyrjun. En það var látið algerlega undir höfuð leggjast, eins og fjvn. kæmi það á engan hátt við, hvernig ætti að afla fjár til þeirra framkvæmda og annarra útgjalda varðandi erindi, sem n. hafði með að gera.

Það verður ekki hjá því komizt, þegar við ræðum um þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, að fara aftur til þess tíma í sumar, þegar núv. ríkisstj. var mynduð, og það má segja, að þau fyrirheit, sem ríkisstj. hafi gefið þjóðinni, séu upptalning á óskum manna um, að þetta skuli gert, og það er eins og þeir, sem þar hafi komið saman, hafi verið í kappi um að panta það, sem á að

gera, án þess að gera sér grein fyrir því, að til þess að framkvæma alla þessa hluti þarf auðvitað að afla fjár til þess að uppfylla þessar óskir. Það þarf að gera sér grein fyrir, hver útgjöldin verða, og jafnframt en ekki mörgum mánuðum seinna að ákveða, hvernig fjár skuli aflað, eins og var gert í þessu tilfelli. Það þarf líka að gera sér grein fyrir, hvað skattborgararnir og atvinnufyrirtækin í landinu geta lagt mest af mörkum til ríkisins, og verða útgjöld ríkissjóðs að fara eftir því. Fari skattaálögur á einstaklinga og fyrirtæki mikið fram úr því, sem almennt gerist í þeim löndum, sem búa við svipaða lífnaðarhætti og lífskjör og við gerum, mun það hafa margvíslegar og skaðlegar afleiðingar á alla uppbyggingu atvinnulífsins og leiða af sér samdrátt í atvinnulífi og minnkandi atvinnu fyrir almenning í landinu.

Á undanförnum árum hafa hv. stjórnarandstæðingar haft um það mörg orð, hvað verðbólgan hefði aukizt í landinu, og að fjárlög hefðu farið ört hækkandi. Mátt hefði því ætla, að á þessu hefði orðið breyting með valdatöku núv. ríkisstj. Málefnasamningur er í svo nefndu Ólafskveri, en sá, sem kverið er kennt við, hefur lagt á það ríka áherzlu við okkur þm., að við lesum þetta kver bæði kvölds og morgna, og hefur hann fullyrt, að með tímanum munum við öðlast skilning á því, sem segir í þessu kveri. En í Ólafskveri segir:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum."

Ég læt hvern og einn um að dæma, hvernig til hefur tekizt í þessum efnum, það sem af er valdatíma hæstv. ríkisstj., og enn fremur ætla ég ekki að spá um framhaldið á næstu mánuðum. Hitt held ég, að liggi ljóst fyrir, að hækkana er að vænta á öllum sviðum. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu hér á Alþ. við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1971, en þá var hann talsmaður stjórnarandstöðunnar, að fjárlagafrv. væri spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt væri, og enn fremur, að stjórnarstefnan hefði áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar og hækkun verðbólgunnar í landinu. Nú skulum við líta aðeins á þessa spegilmynd, sem núv. hæstv. fjmrh. gerði að umræðuefni fyrir einu ári síðan.

Á fjárlögum ársins 1971 námu gjaldaliðir fjárlaga 11 milljörðum 23 millj. 273 þús. kr. Á fjárlagafrv. því, sem hæstv. fjmrh. lagði fram í þingbyrjun fyrir árið 1972, eru gjaldaliðir 13 milljarðar 971 millj. 188 þús. kr., en samkv. till. fjvn. hækka þeir um 765 millj. kr., þegar leiðréttingar hafa verið teknar með, og eru því nú um 14 milljarðar 736 millj. kr. Er því hækkun á fjárlagafrv. nú við 2. umr. um 33½% frá fjárlögum þessa árs. En hvað á svo eftir að koma? Það er stóra spurningin. Það hefur ekki komið skýrt fram í raun og veru, hvað á eftir að koma eða hve háar upphæðir fjárlagafrv. hækkar um. En í frv. því, sem lagt var hér á borðið í gær hjá okkur alþm. og fjallar um tekjustofna sveitarfélaga, er tekið fram í aths. við frv., að framlög sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði felld niður, framlög sveitarfélaga til sjúkratrygginga verði lækkuð um helming, persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga verði felld niður og iðgjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaganna felld niður. Eins og hv. 6. þm. Sunnl. gat um hér í sinni ræðu í dag, mun vera hér um að ræða útgjöld, sem nema 1.8 milljarði kr., og vitnaði hann í því sambandi til upplýsinga um fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1972, sem kom fram í blaði tryggingaanna, sem heitir Félagsmál og þm. hefur verið sent. Auk þessa kemur ríkissjóður til með að taka að sér allan kostnað við löggæzlu í landinu eða þann hluta kostnaðarins við löggæzluna, sem hingað til hefur verið greiddur af sveitarfélögum. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hver sá kostnaður væri, hvað þetta ætti eftir að hækka gjaldahlið fjárlaga og bera það saman við kokhreysti hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum í gærkvöld, þegar hann skýrði frá tekjuskattsfrv., því að það mátti á honum skilja, að þar væri fremur um lækkanir skatta að ræða en nokkrar hækkanir, þó að eigi að taka hér á ríkið útgjöld, sem nema töluvert á þriðja milljarð. Hins vegar heyrir maður, að það eigi að lækka mjög verulega niðurgreiðslur á vöruverði, en það er með það eins og annað, að þetta hefur verið farið með eins og mannsmorð. Það hefur ekki verið hægt að skýra fjvn. frá þessum málum enn þá, en samt hefur verið ætlunin að afgreiða fjárlög eftir nokkra daga. Mér er líka spurn, hver er ætlun ríkisstj. og hæstv. fjmrh. í þeim efnum? Hvað er ætlunin að lækka þann gjaldalið á fjárlagafrv. um mikið? Og hvernig er ætlað að mæta því að hleypa því út í verðlagið? Fylgir ekki í kjölfar þess vaxandi verðbólga, en hv. núv. stjórnarsinnar hafa helzt fundið fyrrv. stjórn það til forráttu, að hún hafi engan veginn staðið í stykkinu í þeim efnum?

Fyrir ári síðan, einmitt við 2. umr. fjárlaga, var fluttur kafli úr ræðu, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa upp:

„Hér er um stórfelldari hækkun að ræða heldur en nokkru sinni fyrr á fjárlagafrv., þar sem hækkunin ein nemur þremur milljörðum 139 millj. kr. Á undanförnum þingum hafa hv. alþm. og þar á meðal ég gert að umtalsefni þær hækkanir, sem hafa orðið á fjárlagafrv., en ég verð nú að viðurkenna það, að allt, sem hefur gerzt um þá hluti á undanförnum árum, eru smámunir einir samanborið við það, sem nú er að gerast. Það má geta þess, að árið 1965 eða fyrir 6 árum voru niðurstöðutölur fjárlagafrv. þrír milljarðar, 529 millj. kr., eða 308 millj. kr. hærri tala heldur en hækkunin ein er nú."

Hver skyldi nú hafa sagt þessi orð? Jú, þessi orð eru rétt höfð eftir núv. hæstv. fjmrh., Halldóri E. Sigurðssyni. Ég segi nú eftir þetta: Loftarðu þessu, Pétur?

Ég ætla að koma nokkuð inn á liði, sem er varið til framkvæmda í þjóðfélaginu, og þá ætla ég fyrst og fremst að minnast hér nokkuð á skólakostnaðarliðina. Ég sé, að í nál. minna ágætu samstarfsmanna í fjvn., sem skipa meiri hl., eru þeir dálítið grobbnir yfir því, hvað framkvæmdafé hækkar mikið, og þeir birta ákveðna hlutfallshækkun í nál., sem á að vera máli þeirra til sönnunar. Það út af fyrir sig er snjallræði manna að sýna, hvað hlutfallstala getur hækkað með því að taka einn og einn lið, sem getur náð yfir 100% hækkun, en nefna svo sakleysislega þá liði, sem eru í raun og veru stærstir, og segja, að þeir nái nú þessari tilteknu hækkun. Þá á ég við að taka t. d. aðalframkvæmdaliðinn, sem er til byggingar barnaskóla og gagnfræðaskóla, skólastjóra- og kennarabústaða og íþróttamannvirkja, og segja: Þessi liður hækkar um 37%.

Og það er látið líta svo út, að hér sé alveg um sérstakar hækkanir að ræða, sem aldrei hafi þekkzt fyrr í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nú skulum við athuga örlítið nánar þennan stærsta lið í framkvæmdunum, sem við erum nú að afgreiða hér við 2. umr. fjárlaga.

Á fjárlögum ársins 1970 var varið 206 millj. 860 þús. til byggingar skólamannvirkja í landinu á barna- og gagnfræðaskólastigi. Á árinu 1971 hækkaði þessi liður upp í 288 millj. og 91 þús., eða um 39%. Nú hækkar þessi sami liður úr 288 millj. 91 þús. í 394 millj. 360 þús., eða um 37%. Hækkun er minni nú en var við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Þar við bætist, að þegar við afgreiddum síðustu fjárlög, sáum við fram á, að hækkanir yrðu ekki eins gífurlega miklar og við sjáum nú við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972, svo að framkvæmdamáttur þessara peninga er í raun og veru mun minni en framkvæmdamáttur þess fjármagns, sem veitt var á síðustu fjárlögum, fjárlögum ársins 1971.

Hæstv. fjmrh. gerði að umræðuefni hér, – því ætlaði ég algerlega að sleppa í minni ræðu, en vegna þess að hann reið á vaðið í þeim efnum, þá sé ég mig knúinn til þess að gera það nokkuð að umræðuefni, – greiðslur ríkisins til skólabygginga samkv. skólakostnaðarlögum. Hann lýsti því yfir sem sinni skoðun, að hann teldi, að það ætti að breyta ákvæðum skólakostnaðarlaganna á þann veg, að ríkissjóður greiddi framlög til skólabygginga á fimm árum en ekki þremur árum eins og segir í gildandi lögum um greiðslu skólakostnaðar. Ég spyr hæstv. fjmrh. að því, hvers vegna flytur ríkisstj. þá ekki frv. til l. um breytingu á skólakostnaðarlögunum í þá átt, að skólakostnaður greiðist á fimm árum? Hvers vegna var það ekki gert, áður en fjvn. gekk frá tillögum sínum í sambandi við skólabyggingar? Með nýju skólakostnaðarlögunum var sú breyting gerð á greiðslu ríkisins til þessara framkvæmda, að í stað þess að greiða á fimm árum hluta ríkisins til sveitarfélaganna af skólabyggingum, þá var það ákveðið tekið upp, að það skyldi greitt á þremur árum. Fyrrv. ríkisstj. breytti þessum lögum á þann veg, að framlög til skólabygginga skyldu greiðast á fjórum árum og skyldi það gilda í eitt ár, en á s. l. ári skal ég fúslega játa, af því að ég starfaði einnig í þessari sömu undirnefnd í fjvn., að við neyddumst til þess að halda áfram að miða framlögin við fjögur ár, eins og gert var árið á undan með sérstakri lagaheimild, og nú höfum við einnig orðið að gera þetta sama. Og við gengum að vissu leyti lengra nú til þess að komast sæmilega frá því að skipta því fjármagni, sem hæstv. ríkisstj. taldi sig geta lagt fram í þessu skyni, með því ekki eingöngu að skipta á fjögurra ára tímabil heldur einnig, að í sambandi við þau mannvirki, sem eru lengra komin, jöfnuðum við greiðslurnar út með jöfnum greiðslum, það sem eftir er af framkvæmdatímabilinu. Hins vegar skal ég jafnframt upplýsa það og tel rétt, að það komi fram, að um þær byggingar á skólamannvirkjum, sem komnar eru af stað samkv. gildandi lögum um skólakostnað, hefur verið gerður sá samningur á milli viðkomandi sveitarfélags og menntmrn., að þrátt fyrir það, að fjárveitingar eru í sumum tilfellum lækkaðar nú frá því, sem þær ættu að vera eftir framkvæmdastigi nokkurra þessara mannvirkja, þá eiga sveitarfélögin og þeir aðilar, sem standa að þessum byggingum, fullan rétt á því að fá greiðslu samkv. þeim samningi, sem þegar hefur verið gerður. Og þá kunna þm. að spyrja: Er þá ekki of miklu fjármagni varið þess vegna til skólabygginga? En þá vil ég minna á það, að í skólakostnaðarlögunum er heimild fyrir menntmrn. til að færa fé á milli, þannig að fé til framkvæmda, sem ganga hægt vegna kannske aðstæðna sveitarfélaga, eða framkvæmda, sem ekki er farið í, en heimild er í lögum til að fara út í, það fé hefur menntmrn. rétt til að nota til þess að koma til móts við hina, sem eru með samning og halda áfram á fullum byggingarhraða.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram vegna ummæla hæstv. fjmrh. í þessu máli. Og ég spyr hann, hvernig stendur á því, að ríkisstj., ef hún hefur þetta í huga, flytur ekki frv. til þess að fá það jafnframt lögfest, fimm ára tímabilið, því að auðvitað á það að fylgja, því að það getur ekki gengið árum saman, að farið sé í kringum skólakostnaðarlögin.

Ég verð nú að segja eins og er, að mér finnst hljóðið í sumum mönnum vera nokkuð annað en verið hefur undanfarin ár. En hlutverkaskipti hafa nú orðið, eins og öllum er kunnugt. Það má kannske segja um fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn., að þeir hafa verið seinir að skipta um hlutverk hvað þetta snertir, því að við flytjum enga brtt. við fjárlagafrv. hér við 2. umr. Ástæðan er sú, að við teljum, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að það hafi í mörgum tilfellum verið komið mjög til móts við okkar óskir, og við eigum ekki síður en stjórnarsinnar þátt í sumum þessum tillögum, sem hér liggja fyrir. Við eigum þær alveg sameiginlega og í mörgum tilfellum erum við eftir atvikum ánægðir, en nokkrar tillögur, eins og ég gat um í upphafi, eru aftur mál, sem við ekki styðjum. Við stöndum við það við atkvgr. að styðja þær tillögur, sem við í rauninni höfum stutt í fjvn., og heitum þeim okkar fylgi hér í Alþ., en hins vegar höfum við viljað bíða eftir því að sjá heildarmynd tekjuhliðar fjárlaga, áður en við förum að flytja brtt. Þess vegna bíða þær brtt. okkar til 3. umr., því að enginn má taka það á þann veg, að við teljum ekki, að það séu mörg hugsjónamál okkar og annarra óleyst, þó að við flytjum ekki sand af brtt. hér við 2. umr. fjárlaga.

Ég sagði áðan, að sumir menn hefðu skipt um hlutverk. Ég tel nauðsynlegt að sýna fram á með skýrum dæmum, að hlutverkaskipti hafa orðið, og mig langar að nefna í því sambandi eitt mál alveg sérstaklega. Á árinu 1970 var tekið inn í fjárlagafrv. og afgreitt í fjárlögum fyrir það ár 10 millj. kr. framlag, sem hét að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Við gerð fjárlaga fyrir árið 1971 var þetta framlag hækkað um 50%, eða í 15 millj. kr. Þáv. stjórnarandstæðingum, núv. hv. stjórnarsinnum, fannst þetta framlag lítilfjörlegt í meira lagi og til stórskammar, – þetta væri í rauninni ekkert framlag, hér þyrfti að gera á stórkostlega breytingu. Og á tveimur síðustu þingum hafa stórhuga menn í forustuflokki ríkisstj., Framsfl., flutt frv. um stofnun námskostnaðarsjóðs, sem hefði það hlutverk að veita námsstyrki nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum meðan á námi stendur. Og þeir lögðu til, að sjóður þessi hefði þessar tekjur:

1. Leggja skal gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, svo og á hvers konar öl og gosdrykki. Skal gjaldið nema 5% af söluverði nefndra vara.

Ráðh. setur nánari reglur um álagningu gjaldsins og innheimtu þess.

2. Framlag ríkissjóðs, er nema skal 150 kr. á hvern íbúa landsins, samkv. síðasta manntali.

Ég fór að gera mér grein fyrir því, ef við hefðum nú samþ. þetta frv. á síðasta þingi fyrir áhugamennina í Framsfl., hvað þessi sjóður hefði nú miklar tekjur á árinu 1971. Samkv. áætlun fjárlagafrv. er áætlað, að seldar vörur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins muni nema 1 milljarði 774 millj. og 600 þús., en það mundi þýða, að í þennan sjóð þeirra framsóknarmanna hefðu farið, til þess að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, hvorki meira né minna en 88 millj. 730 þús. kr. Talið er, að það seljist 7 millj. 760 þús. flöskur af öli og 37 millj. 193 þús. flöskur af gosdrykkjum, og meðalverð á flösku er talið 9.28 kr. Þá mun láta nærri, að heildarsalan nemi um 417 millj., þannig að sjóður þeirra framsóknarmanna hefði fengið þar 20 millj. 850 þús. kr. Hitt er nú auðvelt að reikna út, 150 kr. skatt á hvern íbúa landsins. Það mun láta nærri að vera 30 millj. 600 þús. kr. Samkv. þessu hefði nú í ár verið varið 140 millj. 180 þús. kr. til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. En nú eru höfðingjarnir komnir að, stórhöfðingjarnir, sem fluttu frv. og studdu það. Hverju verja þeir svo til þess, sem þeir vildu í fyrra hafa 140 millj.? Núna verja þeir til þess 25 millj., 10 millj. kr. meira en fyrrv. ríkisstj. var með í fjárlögum ársins 1971. En það þýðir ekki, að það sé 10 millj. kr. meira í raun og veru, því að nemendum fjölgar ár frá ári. En framsóknarmenn voru ekki einir um þetta. Það var annar maður, sem nú á sæti í ríkisstj., sem flutti frv. 1969, bjartsýnismaður mikill, hæstv. félmrh. Hann lagði þá til, að vegna nemenda, sem kostaðir verða til dvalar í heimavist eða koma utan heimilis á annan hátt til námsdvalar í ríkisskólum, hvort heldur er á barnaskólastigi, í skólum gagnfræðastigsins eða í menntaskólum, skuli ríkissjóður greiða 25 þús. kr. á því skólaári, sem nú er hafið, vegna dvalarkostnaðar hvers nemanda, er eigi getur sótt skóla frá heimili sínu. Upphæð þessi breytist síðan í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Ég held, að það sé rétt hjá mér með þá breytingu, sem orðið hefur á vísitölu framfærslukostnaðar, frá því að þetta frv. var flutt, hún muni hafa verið 130.98 stig þá, en var nú 13. des. 155.58 stig. Eftir því sem ég kemst næst um þá nemendur á barna- og gagnfræðaskólastigi í heimavistarskólum, sem mundu hafa notið þessarar fyrirgreiðslu samkv. frv. því, sem hæstv. félmrh. flutti þá, mundu tekjur þessa sjóðs hafa numið um 140 millj. kr. Það getur leikið á 10 millj. Hitt er miklu nákvæmara og betur hægt að reikna út, frv. framsóknarmanna. En hann var nú þetta lægri í þessum yfirboðum á þeim tíma heldur en hv. framsóknarmenn. Ég kom hérna með þetta dæmi til þess að sýna, hvað fyrrv. hv. stjórnarandstaða var hátt uppi í yfirboðum sínum á þessum tíma.

Það er mikið veður gert út af því, hvað framlög til hafnamála hækki nú frá gildandi fjárlögum. Ég fyrir mitt leyti fagna innilega þeim hækkunum, sem orðið hafa á framlögum til hafnamála, og ég tel það mjög skynsamlegt af hæstv. ríkisstj. að hækka þau framlög, og ég er henni og hæstv. samgrh. þakklátur fyrir það að hafa beitt sér fyrir því, að þessi framlög fengjust hækkuð. En ég er ekki alveg sammála mínum ágætu samstarfsmönnum í fjvn. um hækkunina til hafnamála í heild. Þeir telja, minnir mig, í nál., að þau hafi hækkað um 160%, en þá taka þeir aðeins einn lið, til hafnarmannvirkja. Til þess að gera samanburð á því, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs, þá verðum við auðvitað að taka alla liðina til hafnamála og leggja þá saman og svo aftur það, sem er nú samkv. till. fjvn. Og þá held ég, að mínir ágætu samstarfsmenn og vinir mundu fá sama út og ég. En það, sem ég fæ út úr þessum málum, er það, að til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er varið á fjárlögum yfirstandandi árs 99 millj. 365 þús., til ferjubryggja 3 millj. 281 þús., til landshafna 52 millj. 988 þús. og til hafnarmannvirkja, eftirstöðvar framlaga, 25 millj. 200 þús., til Hafnabótasjóðs 17 millj. og til sjóvarnargarða 2.3 millj. kr. eða samtals 200 millj. 134 þús. kr. En samkv. fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, nema þessir liðir, sem ég nefndi áðan, samtals 270 millj. 702 þús. kr., og það fæ ég út, að sé rúmlega 35% hækkun. Og það er vel farið, enda skal ég játa það fúslega, að framkvæmdamáttur í hafnarmannvirkjum eða sú mikla aukning, sem hefur orðið á kostnaði við hafnarframkvæmdir, gerir það að verkum, að við verðum að stórauka þessi framlög. En hitt liggur líka ljóst fyrir, að þó að hafnalög hafi verið sett fyrir örfáum árum, þá hefur það komið í ljós, að hin minni sveitarfélög geta á engan hátt staðið undir þeim hluta, sem þessi hafnalög gera ráð fyrir, að þau eigi að standa undir. Að vísu hefur verið komið nokkuð til móts við sum þessara sveitarfélaga með styrkjum úr Hafnabótasjóði, en það hefur engan veginn verið nóg. Ég flutti ásamt fleirum á síðasta þingi till. til þál. um endurskoðun hafnalaganna. Þessi till. var ekki útrædd, en fyrrv. samgrh. tók þá ákvörðun að skipa nefnd til þess að endurskoða hafnalögin. Núv. hæstv. samgrh. hefur breytt nokkuð þessari nefnd eða réttara sagt fjölgað í henni, og þar er nú unnið að endurskoðun hafnalaganna, og ég vænti þess, að þeirri endurskoðun verði lokið fljótlega í byrjun næsta árs eða sennilega í janúarlok, og þá auðvitað tekur ríkisstj. það nál. til athugunar og tekur þá jafnframt ákvörðun um að flytja frv. til nýrra hafnalaga, en á því er mikil þörf. Ég veit það, að hæstv. samgrh. hefur mikinn áhuga á þessu máli. Það hef ég heyrt og fundið í samtölum við hann og sömuleiðis á hans viðbrögðum hér í sambandi við afgreiðslu þessara mála í fjvn., og ég trúi því og treysti, að hæstv. ríkisstj. taki ákvörðun fljótlega um þetta mál og Alþ. lögfesti nýtt hafnalagafrv., sem eykur nokkuð þátttöku ríkisins í kostnaði við hafnagerðir, sérstaklega gagnvart hinum minni sveitarfélögum, og jafnframt lagar það ástand, sem er víða í sambandi við fjárhag hafnanna.

Ég sagði áðan, að það hefði verið tiltölulega gott samstarf í sambandi við skiptingu á hinum stærstu framkvæmdaliðum í fjárlögum. Þó vil ég segja það, að í sambandi við skiptingu á fé til sjúkrahúsa, læknamiðstöðva og læknabústaða kom till. frá heilbrrn. til fjvn., sem ég hygg, að orðið hefði mikill ágreiningur um, ef meiri hl. fjvn. hefði fallizt á þá till. En ég ætla enn einu sinni að segja það, að fjvn. skildi það, að ekki var hægt að ganga frá skiptingu þess fjármagns á þann hátt, að ekki hefði einu sinni orðið sæmilegt samkomulag meðal stjórnarsinna hvað þá heldur stjórnarandstæðinga, og á því máli var gerð mjög veruleg bragarbót,

sem var á þann veg, að ég hygg, að allir hafi getað mjög vel sætzt á þá lausn málsins.

Hv. 2. þm. Vesturl. minntist í dag á uppbætur á línufisk. Það liggja fyrir erindi í fjvn. um sérstakar uppbætur á línufisk, að þær verði teknar upp í fjárlagafrv., en það hefur ekki verið tekið til endanlegrar afgreiðslu í n. Á fjárlögum yfirstandandi árs var sérstök upphæð í þessu skyni, en óskiljanlega féll þessi upphæð niður við samningu fjárlagafrv. Veit ég ekki vegna hvers það var, en ég vænti þess og treysti því, að hæstv. ríkisstj. muni verða við þeim sanngjörnu óskum, sem hér er um að ræða. Til þess að gera mönnum nokkra grein fyrir því, hvað þetta er há upphæð, er talið, að á árinu 1970 hafi magnið af línufiski, – en það er eingöngu um að ræða fyrsta flokks línufisk, – verið 50 þús. 326 tonn, og uppbótin miðað við 33 aura pr. kg varð í reynd 16 millj. 607 þús. kr. Stærsta upphæðin fór til svæðanna frá Grindavík að Ísafjarðardjúpi, en svæðið Patreksfjörður–Hólmavík fékk 5 millj. 195 þús. af þessari uppbót, Akranes að Stykkishólmi 3.3 millj. kr., Grindavík að Kópavogi 4 millj. 765 þús. og Reykjavík tæpar 1 200 þús. Norðurland, Austfirðir og Suðurland fengu tiltölulega mjög lágar greiðslur. Hv. 2. þm. Vesturl. gat þess hér í sinni ræðu í dag, að þessar uppbætur hefðu verið miðaðar við línufisk veiddan frá hausti til vors, en ekki yfir sumarmánuðina, og taldi hann, að hér ætti að gera breytingu á. Ég skal ekki segja neitt um það efni. Ef línuuppbótin verður tekin upp eða henni haldið áfram réttara sagt, þá verður það á valdsviði sjútvrh. og ríkisstj., hvort þessu verður breytt í það horf eða ekki. En ég vil aðeins minnast á það, að fiskkaupendur greiða nú 55 aura á kg í uppbætur til útgerðar- og sjómanna á línufisk og lengi vel fylgdust að sama upphæð, sem ríkissjóður greiddi uppbót af, og sú uppbót, sem greidd er af fiskkaupendum. Ósk okkar er sú, að sú venja haldist áfram, þó að það hafi breytzt á s. l. ári. Það verður enginn eldur út af því. Hins vegar trúi ég ekki öðru en hæstv. ríkisstj. meti og skilji þýðingu þessara veiða fyrir þjóðarbúið.

Ég verð að segja það eins og er, að mér kemur nokkuð á óvart, að framlög til sjávarútvegsins breytast í raun og veru ekkert, þegar undan eru skildar rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, en framlag til Fiskveiðasjóðs er óbreytt í fjárlögum. Ég held, að ég muni það rétt, að hæstv. núv. sjútvrh. deildi oft á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, hvað framlag ríkisins til Fiskveiðasjóðs var lágt. Á þeim árum var tiltölulega lítið byggt af skipum í landinu, en þó skal ég játa það fúslega, að ég var mjög óánægður með framlagið til Fiskveiðasjóðs á þeim árum. En ég bjóst nú við, að jafnharður og duglegur maður og hæstv. sjútvrh. er mundi beita sér fyrir því að hækka mjög verulega framlagið til Fiskveiðasjóðs. Það er um leið viðurkenning á því mikla hlutverki, sem Fiskveiðasjóður gegnir, og svo jafnframt því, hvað um er að ræða gífurlegar beiðnir, sem liggja fyrir Fiskveiðasjóði, þó að ég viti, að framlag ríkissjóðs verður ekki annað en dropi í hafið í þeim efnum. En ég tel, að sú gagnrýni, sem hann viðhafði í sambandi við þetta mál við fyrrv. ríkisstj., hafi átt við mikil rök að styðjast, og nú riður svo aftur á, þegar menn eru komnir í valdaaðstöðu, að láta verkin tala.

Mig langar líka að koma hér nokkuð að Atvinnujöfnunarsjóði, sem nú á samkv. frv. ríkisstj. um Framkvæmdastofnun ríkisins að leggja niður og eignir hans að færast til nýrrar stofnunar, sem á að heita Byggðasjóður. Á þinginu 1969 var flutt frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga. Samkv. þessu frv. áttu tekjur Byggðajafnvægissjóðs að vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs, en þannig lá það nærri miðað við fjárlagafrv., eins og það er nú, – það á eftir að hækka, eins og við vitum, við 3. umr., – að tekjur þessa sjóðs mundu þá hafa farið upp í 295 millj. kr. Jafnframt var lagt til, að skattgjaldið vegna álversins í Straumsvík yrði það sama og svo auðvitað vaxtatekjur sjóðsins. Nú leggur hæstv. ríkisstj. til, að tekjurnar af álgjaldi renni til Byggðasjóðs, og það er áætlað að vera 46 millj. 85 þús. kr., og jafnframt leggur fjvn. til, að 15 millj. kr. framlagið frá ríkissjóði til Atvinnujöfnunarsjóðs hækki um 85 millj., svo að beint framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs verði 100 millj. kr. En það er mun minna heldur en ætlazt var til 1969 í frv. framsóknarmanna, því að eins og ég sagði áðan, hefði það orðið nú við 2. umr. 295 millj. kr. og á eftir að hækka enn. Framlag núv. ríkisstj. til Byggðasjóðs kemur því ekki til með að verða þriðjungurinn af því, sem þeir ágætu menn, sem fluttu þetta frv., lögðu til. Og það voru nú ekki ómerkari menn, sem fluttu þetta frv., en Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Halldór E. Sigurðsson, núv. hæstv. fjmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson og Sigurvin Einarsson. Tveir eru nú horfnir af þingi, en fjórir eru eftir og meira að segja einn þeirra fjmrh. Ég hefði því búizt við því, að þeir reyndu nú að muna eftir þessum börnum sínum, sem ekki áttu upp á pallborðið hjá fyrrv. stjórn, og sýndu þeim nú meiri hug í verki en þeir gera.

Ég minnist þess, að oft var rætt um það á undanförnum árum, bæði við afgreiðslu fjárlaga og þá ekki síður við afgreiðslu vegáætlunar, að tekjur af umferðinni ættu allar að fara til Vegasjóðs. Og hæstv. fjmrh. sagði hér í dag, að framlagið til Vegasjóðs eða hækkunin á því væri ekki meiri vegna sérstaks tillits, sem þeir tækju til fyrrv. samgrh., en það þori ég að ábyrgjast, að þó að núv. hæstv. ríkisstj. hefði hækkað þessi framlög og margfaldað þau, hefði fyrrv. hæstv. samgrh. alls ekki tekið það illa upp, nema síður sé. Tekjur af umferðinni, sem ríkissjóður hefur á árinu 1971, eru sennilega í kringum 766 millj. kr., og það er áætlað miðað við sömu áætlun aðflutningsgjalda 627.4 millj. kr., en tekjur af innfluttum bifreiðum eru reiknaðar þannig, að aðflutningsgjald umfram 22% meðaltollprósentu er tekið með. Svo hafið þið nú heyrt, hvað ríkisstj. og fjvn. leggja til, að tekið sé til Vegasjóðs hér í þessu frv. Ég vil líka minna á, að það var búið að taka lán til vegagerðar til ársloka 1968, og þessi lán námu 585.3 millj. kr. Fyrrv. ríkisstj. tók þá ákvörðun, að ríkið tæki að sér þessi lán, og afborganir og vextir og vísitölubætur af þeim hafa verið greiddar af ríkinu af lánahreyfingum. Þessar upphæðir námu árið 1970 í afborgunum 29.9 millj. kr. og vextir og vísitölubætur 59.4 millj. kr. Samtals tók ríkissjóður að sér 89.3 millj. kr. og þetta hygg ég, að hv. stjórnarsinnar ættu að hafa í huga, þegar þeir ræða um framlög til vegamála frá ríkinu á undanförnum árum. Ég veit, að a. m. k. flestir þeirra og vonandi allir vilja þó heldur hafa það, sem sannara reynist.

Áætlaðar afborganir og vextir á árinu 1972 vegna þessara lána eru 103.8 millj. kr. og auðvitað reikna allir með því, að núv. ríkisstj. haldi áfram þessum greiðslum eins og verið hefur. Vegagerðin hefur síðan tekið lán á árinu 1969 að upphæð 41.7 millj. kr. og á árinu 1970 11.8 millj. kr. Og á yfirstandandi ári hafa verið tekin þessi lán: alþjóðabankalánið 160 millj. kr., erlent hraðbrautalán 150 millj. kr., Austurlandslán 60 millj. kr., lán til hraðbrautar við Akureyri 50 millj. kr. og lán til fjögurra tiltekinna kjördæma, 10 millj. í hvert kjördæmi, samtals 40 millj. kr. samkv. heimild í gildandi vegáætlun, þannig að heildarlántaka á þessum árum hefur numið 513.5 millj. kr. Það mun láta nærri, að á árinu 1972 muni vextir og afborganir af þessum lánum, sem ríkissjóður hefur enn þá ekki tekið á sig, nema um 76.9 millj. kr. Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. að því, hvort það sé ekki ætlun núv. hæstv. ríkisstj., að ríkið taki þessi lán að sér og greiði þau af fjárlögum eða sínum tekjum og létti þeim af Vegasjóði alveg, eins og gert var með allar lántökur Vegasjóðs til ársloka 1968?

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri nú ekki mjög alvarlegt, hvernig ástandið væri í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, því að við, sem áður höfum átt aðild að ríkisstjórn, hefðum ekki verið betri, og máli sínu til stuðnings nefndi hann það, að í sambandi við EFTA-aðildina var gerð breyting á tollskránni eftir að fjárlög voru afgreidd, eða í byrjun nýs fjárlagaárs, tolltekjurnar voru lækkaðar verulega með tilliti til EFTA-aðildarinnar og það var sömuleiðis gerð hækkun á söluskatti, en ég verð að segja, að ósköp voru nú þetta einfaldir hlutir, eftir að fjárlög voru afgreidd. Það var fært til á milli liða á tekjuhlið fjárlaga. Í raun og veru voru lækkuð aðflutningsgjöldin og söluskattur hækkaður. Gjaldaliðirnir breyttust ekkert. Þetta var ósköp einfalt dæmi, þetta vissu allir stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar við afgreiðslu fjárlaga, svo að ég held, að þessi aths. hæstv. fjmrh. sé ákaflega léttvæg, að ekki sé meira sagt.

Hæstv. fjmrh. talaði mikið um pakkann, sem hann hefði tekið við, í ræðu sinni hér í dag. Ég held, að margur hafi tekið við lakari pakka en pakkanum, sem hæstv. fjmrh. tók við. Hvað var í þessum pakka? Það voru peningar, 1.3 milljarðar kr., 1 300 millj. kr. umfram tekjuhlið gildandi fjárlaga. Það voru líka útgjöld, eins og hann nefndi, útgjöldin voru mikil, en þau voru ekki nema hluti af þessari upphæð. Ég hygg, að það sé ekki fjarri sanni að segja, að hæstv. fjmrh. hafi úr þessum pakka haft til ráðstöfunar um 600 millj. kr. Það hefði margur sagt takk fyrir minna. Eftir að hafa setið í embætti fjmrh. frá því í júlí í sumar og nú líður senn að áramótum, talar hann um, að hrollvekja sé fram undan. Hrollvekjan var ekki fram undan, þegar hann tók við. Það sýnir hin góða afkoma ríkissjóðs, það sýnir geta hans sem fjmrh. og ríkisstj. að geta greitt af umframtekjum, umfram það, sem áætlað hefur verið. Ég held, að það fari ekki á milli mála. Honum varð tíðrætt um framlag til lítils kauptúns, til hafnarmála Stokkseyrar, að það hefði hækkað nú í fjárlögum vegna þess, að það hefði verið svo lágt á s. l. ári. Það hækkar að mig minnir úr 2 millj. 330 þús. kr. í 6 millj., en ég vona, að það verði ekki það, sem haldi vöku fyrir hæstv. fjmrh., þó að framlagið til Stokkseyrar hækki upp í 6 millj. kr. af öllu því, sem um er hér að ræða á öðrum sviðum.

Einn af þm. Framsfl. sagði í ræðu á síðasta þingi, – ég hygg, að það hafi verið við afgreiðslu fjárlaga, – það var hv. 3. þm. Norðurl. v., hann sagði við páv. fjmrh., að hann skyldi laga þessa hluti, sem þá fóru aflaga í fjármálum þjóðarinnar, á einum mánuði. Og hann skyldi gera það fyrir ekki neitt, – gera það kauplaust, eins og hann sagði. Ég held, að þessi sami ágæti þm., sem er allra manna snjallastur í sambandi við fjármál og dugnaðarforkur hinn mesti, ætti nú að bjóða hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að laga þau, ég veit að það mun taka lengri tíma en mánuð, en ég veit, að hann sem stórbrotinn persónuleiki mun ekki láta það standa í vegi fyrir sér, þó hann ynni kauplaust í 3–4 mánuði við að koma hlutunum í lag. Ég held, að ekki verði sagt annað en að undanfarna mánuði hafi ríkisstj. á sviði efnahagsmála verið utan við þyngdarlögmálið og hún hafi svifið í lausu lofti. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég kann ólíkt betur við að sjá a. m. k. ágætan vin minn og félaga úr fjvn., hæstv. fjmrh., í framtíðinni með fast undir fótum. Þá held ég, að hann muni reynast betur en þessa mánuði, sem hann hefur svifið í lausu lofti.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 195 og 196, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 44 shlj. atkv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja mikið þessar umr., enda hef ég lítt lagt það í vana minn að halda uppi málþófi í málum. En það voru tvær ástæður til þess, að ég stend hér upp. Í fyrsta lagi eru nokkur orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í umr. í dag, og síðan varðandi tvær litlar brtt., reyndar þrjár litlar brtt., er ég er 1. flm. að á þskj. 196.

Í umr. í dag sagði hæstv. fjmrh. í ræðu sinni hér, að sú hækkun, sem væri nú á till. núv. ríkisstj. frá fyrrv. ríkisstj. eða frá till. hennar, væri fyrrv. ríkisstj. að kenna, og minntist hann í því efni sérstaklega á launahækkanir opinberra starfsmanna ásamt nokkrum atriðum fleirum, sem hann tiltók þar. Af þessu tilefni sagði hann, að enginn hefði séð það fyrir, hvað umræddir liðir mundu í raun og sannleika kosta, og raunin hefði orðið sú, að þeir hefðu farið langt fram úr þeim áætlunum, sem gerðar voru við samningu síðustu fjárlaga. Þetta væri, eins og hann orðaði það þá, stór og þungur baggi við að taka. Núv. hæstv. stjórnarliðar réðust harkalega að fyrrv. ríkisstj. fyrir að ákveða gildistöku frv. um almannatryggingar 1. jan. 1972, og m. a. var ein till. þeirra um það, að gildistakan yrði 1. júní 1971. Páv. ríkisstj. taldi hins vegar óábyrgt með öllu, er hún tók sína ákvörðun um mánaðamótin febr.–marz á s. l. vetri, að gefa slíka ávísun út á framtíðina, þegar allt var í óvissu, sem eðlilegt var um þá 10 mánuði, sem eftir voru ársins. Sérstakt góðæri, og ég vil segja eindæma góðæri þessa mánuði síðan gaf sem betur fer hæstv. ríkisstj. möguleika til þess að flýta gildistöku tryggingalaganna til 1. ágúst s. l., og allir hljóta að fagna því, að þetta góðæri skyldi gefa þessa möguleika. En það sá enginn, hvorki páv. ríkisstj. né stjórnarandstaða, sem fyllir núv. stjórnarlið, að tekjur ríkisins ykjust svo gífurlega sem raun hefur á orðið þá mánuði, sem síðan eru liðnir. Núv. ríkisstj. telur, að þessi flýtisaukning, er hún gaf út með brbl. frá því í júlí í sumar, í 5 mánuði muni nema um 500 millj. kr. auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Gildistaka miðað við þeirra eigin till. frá s. l. vetri, þ. e. 1. júní s. l., hefði því kostað a. m. k. 700–750 millj. kr. Þess vegna spyr ég hæstv. núv. fjmrh.: Hefði hann talið það ábyrga stefnu um mánaðamótin febr.–marz s. l. vetur, þegar ríkisstj. fyrrv. tók sína ákvörðun, að bæta við þennan pakka þessum mismun? Hefði hann talið það þá vera ábyrgt að spá 10 mánuði fram í tímann um þá tekjuaukningu, sem til þess hefði þurft að standa við þessi útgjöld? En kosningar fóru fram í júní s. l., eins og menn muna, og samþykkt á till. þeirra stjórnarandstæðinga hefði þá heitið á þeirra máli kosningahræðsla eða kosningaáróður. Þetta fullyrði ég, að er í samræmi við þeirra málflutning, er þeir viðhöfðu fyrir kosningarnar s. l. vor. Ég minni aðeins á þetta atriði eitt, fyrri ástæður gaf hæstv. ráðh., en ég læt þetta eitt nægja, vegna þess að hv. þm. og almenningi hlýtur að vera enn í fersku minni, hve þessi ákvörðun fyrrv. ríkisstj. var í kosningabaráttunni s. l. vor notuð í ræðu og riti gegn fyrrv. ríkisstj. á vægast sagt ódrengilegan hátt.

Eins og ég minntist á í upphafi þessara orða minna, hef ég leyft mér ásamt tveim öðrum þm. Alþfl., hv. 5. þm. Reykn. og hv. 8. landsk. þm., að flytja þær till., sem nú nýlega hefur verið útbýtt á þskj. 196. Ég tel ekki ástæðu til að lesa þær hér upp nú, en hefði gert það, ef þeim hefði ekki verið útbýtt. Þetta eru ákaflega hófsamlegar till., eins og þskj. ber með sér, og fluttar í beinu framhaldi af þáltill., sem flutt hefur verið hér í Sþ. á þskj. 48 og nú er til meðferðar í hv. allshn., en till. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á:

1. Hver þörf landsmanna er á auknum barnaheimilabyggingum.

2. Hver hlutur ríkisins í stofnkostnaði slíkra heimila á að vera.

Athugun þessi fari fram með hliðsjón af hinum ýmsu greinum barnaverndarstarfsemi, fjalli m. a. um vistarheimili, vöggustofur, dagheimili, leikskóla, upptökuheimili, tómstundaheimili og um leiðbeiningastarfsemi fyrir foreldra o. fl.“

Eins og frá var skýrt við umr. um fyrrgreinda þáltill., er sú meginhugsun að baki henni, að til viðbótar þeim rekstrarstyrkjum, sem undanfarin ár hafa verið veittir og hafa því miður verið allt of lágir, þá er það skoðun okkar flm., að betur verði að gera í þessum efnum, ef að gagni á að koma og til móts við sífellt stórauknar þarfir í þessum efnum. M. ö. o.: ekki aðeins rekstrarstyrkir, heldur og einnig hreinir stofn- eða byggingarstyrkir slíkra heimila, eins og gert er á hinum Norðurlöndunum í dag og hefur reyndar verið gert í sumum þeirra um áratuga skeið, eins og fram kemur í grg. umræddrar þáltill.

Fyrr í þessum umr. í dag upplýsti hv. 4. landsk. þm., að a. m. k. einn hv. stjórnarfl., þ. e. Alþb., hefði tilnefnt fulltrúa sinn í nefnd til þess að vinna að þessum málum, og persónulega er ég út af fyrir sig ánægður með þennan árangur af tillögugerð okkar Alþfl.-manna, þótt ég voni nú, að a. m. k. öllum þingflokkum hæstv. ríkisstj. takist að vinna svipað afrek, þ. e. að tilnefna fulltrúa í nefnd, og að nefndin taki til starfa hið allra fyrsta.

Nefndaskipanir, svo að maður nú ekki tali um tilvitnanir í stjórnarsáttmálann, eru góðar svo langt sem þær ná. Jafnvel lestur sáttmálans kvölds, morgna og miðjan dag er áreiðanlega hollur lestur, ekki síst þeim, sem vanari eru því í sínu pólitíska uppeldi að gera kröfur en að þurfa að standa við þær. Þá verður líka að treysta því, að lesturinn verði ekki með þeim hætti, sem sagt var, að ákveðin persóna læsi Biblíuna. Eftir þessar hugsanlegu niðurstöður í þessu máli, hvort heldur hér verður um niðurstöður nefndar eða sjálfs Alþ. að ræða, er ljóst, að verulegra fjármuna er þörf í þessum efnum. Þær till., sem ég hef þegar mælt fyrir, eru því aðeins byrjunarskref, lítið byrjunarskref í þessum mikilvæga málaflokki. Þess vegna vænti ég, að þær fái jákvæða afgreiðslu hv. Alþ. við samþykkt núverandi fjárlagafrv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs hér nú, er fyrst og fremst ræða hæstv. fjmrh. í dag við þessar umr., sem mér kom sannarlega mjög á óvart, og svo í leiðinni ætlaði ég að mæla hér fyrir örlítilli brtt., sem ég er meðflm. að við þessa fjárlagaumr.

Mér skildist á hæstv. fjmrh. í dag, þegar hann talaði hér, að það skipti hann meginmáli, hvort þm. gerðu ráð fyrir því, að fjárlögin nú mundu hækka frá síðustu fjárlögum um 40, 50 eða 60%. En skiljanlega vita þm. ekki um það enn, vegna þess að mikið vantar í fjárlagafrv. enn þá. Mikið á eftir að koma fram í þessum efnum. En ráðh. kom hér fram með furðulegan talnaleik til þess að sanna, að þessi prósentutala væri e. t. v. sú lægsta, sem ég nefndi, frekar heldur en 50 eða 60%. Ég held nú, að málflutningur þessa hæstv. fjmrh. hefði verið svolítið öðruvísi, ef hann hefði staðið hér í stjórnarandstöðu við flutning fjárlagafrv., sem svona hækkaði.

Fjmrh. bar sig líka heldur illa yfir því, að því er mér skildist, að honum hefði verið fenginn óheyrilegur arfur í hendur frá fyrrv. fjmrh. og frá fyrrv. ríkisstj. Hann hefði hvorki meira né minna en orðið að greiða úr ríkissjóði um 8–900 millj. kr., sem fyrrv. ríkisstj. hefði ákveðið að greiða fram yfir fjárlög yfirstandandi árs. Þar var um að ræða auknar kaupgreiðslur til opinberra starfsmanna, greiðslur vegna hallarekstrar á ríkisspítölunum og niðurgreiðslur á útflutningsverði landbúnaðarafurða. Upp í þetta hefði aðeins verið 270 millj. kr. greiðsluafgangur ríkissjóðs í fjárlögum miðað við að tekjuáætlun ársins stæðist. Ekki sá ráðh. þó ástæðu til þess að geta þess, a. m. k. ekki skilmerkilega, þótt hann væri að því spurður, að tekjur ríkissjóðs koma að öllum líkindum á yfirstandandi ári til með að fara mjög langt fram úr áætlun, og var raunar vitað um þetta strax í vor. Umframtekjur ríkissjóðs af þessum sökum eru taldar muni nema jafnvel á milli 1200 og 1400 millj. kr., eftir því sem mér er bezt um kunnugt. Ráðh. fær því í arf frá fyrrv. ríkisstj. a. m. k. 1 500 millj. kr. til þess að greiða með útgjaldaauka, sem nemur 8–900 millj. kr. Það má vel vera, að til þurfi alveg einstaka fjármálasnilli að greiða 800–900 millj. kr. með 1 500 millj. kr. í handraðanum, ég held þó, að ég verði að segja það, að ég mundi næstum því treysta mér til þess að gera þetta, hvað þá hæstv. núv. fjmrh. Þá sagði hæstv. fjmrh., að ríkisstj. hefði ekki vitað um þessar umframgreiðslur, þ. e. a. s. þessar ákvarðanir, sem fyrrv. ríkisstj. hafði tekið um umframgreiðslur, þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Við vissum ekki þetta og við vissum ekki hitt, sagði

hæstv. ráðh. í mjög miklum afsökunartón. En einhvern veginn hafa ráðh. komið auga á, að tekjur mundu fara fram úr áætlun, því að þeir tóku sig til og greiddu mörg hundruð millj. kr. út úr ríkiskassanum til góðra mála, en án þess að afla neinna nýrra tekna í staðinn, og niðurstaðan verður því hallarekstur ríkissjóðs í mesta góðæri, sem um getur á þessu landi, þrátt fyrir þá staðreynd, að fyrrv. ríkisstj. afhenti þeim 1 500 millj. kr. til þess að borga með útgjöld umfram fjárlög, sem námu 8–900 millj. kr.

Þá gerði hæstv. ráðh. því skóna og talaði m. a. um þá margfrægu hrollvekju í því sambandi, að fjárlög ársins 1972, sem hér eru til umr. og enn eru hvorki fugl né fiskur, þótt komið sé fast að jólum, að þau endurspegluðu viðskilnað fyrrv. ríkisstj. í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum. Formaður fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, vék einnig að þessu í sinni ræðu, sem þó var öllu hógværari en stundum hefur heyrzt úr þeirri átt við gerð fjárlaga. Hv. þm. sagði m. a., að yfirgnæfandi meiri hl. rekstrarhækkana á fjárlögum væri vegna ráðstafana fyrrv. ríkisstj. Betra hefði verið, að svo reikningsglöggur maður fyndi orðum sínum stað, en annars er það varla einleikið, hvað sú virðulega ríkisstj., sem nú situr að völdum hér á landi, og stuðningsflokkar hennar þykjast áhrifalausir í þjóðfélaginu. Látum það vera, að þeir séu það í stjórnarandstöðu og segist vera það, en þegar þeir þykjast litlu ráða í ríkisstj., þá fer skörin að færast upp í bekkinn.

Ég vil þá víkja að því, hver raunveruleikinn er í því efni, að fjárlög ársins 1972 verði ill hrollvekja uppvakin af fyrrv. valdhöfum. Þar er þá fyrst til máls að taka, að tekjur ársins 1972 eru í fjárlagafrv. áætlaðar 2 700 millj. kr. umfram núgildandi fjárlög, að óbreyttum skattareglum og því kauplagi og verðlagi, sem gilti fyrir 1. des. s. l. Auðséð er, að þessar tekjur hefðu orðið miklu hærri að óbreyttum lögum vegna áhrifa nýrra kjarasamninga og verðbólgustefnu núv. ríkisstj. Því má gera ráð fyrir, að sömu tekjustofnar sem nú gilda, hefðu haft í för með sér a. m. k. 3 500 millj. kr. tekjuauka ríkissjóðs á næsta ári. Þetta hefði gerzt án þess að íþyngja þegnum með hlutfallslega hærri sköttum en nú er gert. Þá skulum við tíunda, hvaða hækkanir hefðu óhjákvæmilega orðið á þessum fjárlögum vegna ákvarðana fyrrv. ríkisstj. Þar er fyrst og fremst um að ræða hækkun á launum opinberra starfsmanna, sem allir þm. eru sagðir hafa verið sammála um, hækkun á bótum almannatrygginga samkv. lögum frá síðasta þingi, en þetta mun samtals nema um 1 000 millj. kr., samkv. aths. sjálfs fjárlagafrv. Hægt hefði líka verið að auki að taka inn allar heildartillögur til fjvn. um hækkanir, að upphæð 770 millj. kr., framlengja niðurgreiðslu til ársloka 1972 og greiða hækkun nýrra almannatryggingalaga, sem fyrir liggja á þessu þingi. Allt hefði þetta kostað ríkissjóð 2 700–2 800 millj. kr., eftir hefði þá staðið að óbreyttum skattaálögum á almenning 7–8 hundruð millj. kr. sem afgangur til ráðstöfunar á fjárlögum 1972, þótt áðurnefnd löggjöf fyrrv. og núv. ríkisstj. hefði öll komið til framkvæmda. En þetta var ekki nóg fyrir hæstv. ríkisstj. Hún þarf ekki bara 3 500 millj., heldur kannske 5 eða 6 þús. millj. í tekjuauka á næsta fjárlagaári, og hún stefnir að því, að stórhækkun verði á skattaálögum á allan almenning í landinu. Alvarlegasta hliðin á þessu máli er þó vafalítið þau áhrif, sem þessir búskaparhættir ríkissjóðs og stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, eftir því sem um stefnu er hægt að tala, mun hafa á viðskiptajöfnuð landsins við útlönd. Nýlega hefur verið samið um verulegar kauphækkanir, sem eftir upplýsingum, sem hafa komið fram hér á Alþ., koma að ýmsu leyti fram í verðhækkunum og þar með verðbólgu vegna vísitölukerfisins, sem hér er við lýði. Þetta mundi til viðbótar þeirri þenslu, sem fyrir er, valda mikilli tilhneigingu til aukins innflutnings og þar með mikilli eyðslu af gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Í aths. við frv. eru drög að þjóðhagsspá frá Efnahagsstofnuninni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða spánna um utanríkisverzlun er sú, að mjög verulegur halli verði á viðskiptajöfnuði, eða um 3 625 millj. kr.“ – Þetta á við árið 1972. – „Seðlabankinn hefur sett fram lauslega spá um greiðslujöfnuð næsta árs, samstæða spánum um innflutning og fjármunamyndun, sem þegar hefur verið lýst. Spáin bendir til þess, að í heild verði jöfnuður fjármagnshreyfinga og annarra liða utan viðskiptajafnaðar jákvæður um 3 050 millj. kr. Í þessu felst, að gjaldeyrisstaðan muni versna um tæpar 600 millj. kr. á árinu 1972.“

Hér er beinlínis sagt, að erlendar lántökur og aðrar greiðslur utan viðskiptajafnaðar muni að nokkru bjarga okkur frá því að eyða nær öllum gjaldeyrisvarasjóði okkar á næsta ári. Þessi spá er, eins og áður segir, gerð áður en kauphækkanir urðu og áður en fyrirséð var, hvað hér yrði stórfelld þensla innanlands vegna verðbólgustefnu ríkisstj., sem m. a. endurspeglast í fjárlagafrv. því, sem hér er til umr. Það er því alveg ljóst, að komi ekki eitthvert sérstakt happ fyrir, þá er nú þegar fitjað upp á raunverulegri gengisfellingu íslenzku krónunnar, hvort sem það verður viðurkennt í verki eða ekki í mesta góðæri, sem um getur hér á landi.

Öll vinnubrögð við gerð fjárlagafrv., sem hér er til umr., eru vægast sagt óeðlileg, en þeirri hlið málsins hafa verið gerð sérstök skil hér áður. Mér finnst ástæða til að vekja athygli þingheims á þeim orðum hæstv. fjmrh., að hann stefni að því, að fjárlögin sýni að þessu sinni rétta mynd af ríkisbúskapnum. Nú verði ekki svo, að þau sýni ekki hækkun á launum opinberra starfsmanna, eins og síðastliðið ár, en samningar við þá stóðu yfir, þegar fjárlög voru í meðferð þingsins, og því var það ekki mögulegt að taka þann lið inn í fjárlögin á þeim tíma. Í þessu sambandi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er ætlunin að reikna með hækkun á launum opinberra starfsmanna, sem þeir eiga rétt á að fá á næsta ári til samræmis við almenna launahækkun, sem nú varð á þessu ári? Er ætlunin, að líka verði tekin með óhjákvæmileg vísitöluhækkun launa bæði opinberra starfsmanna o. fl., en þessir liðir báðir hljóta að koma fram í fjárlögunum? Ef hæstv. fjmrh. getur svarað þeim spurningum, þá óska ég honum til hamingju, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að hann viti ekki um þessa hluti nú, frekar en fyrirrennari hans, þegar frá síðustu fjárlögum var gengið.

Um tekjuhliðina á þessu fjárlagafrv. ræði ég ekki, þar sem vitað er, að hæstv. ríkisstj. hefur enn enga hugmynd um hana. Við slíkar aðstæður þykir mér heldur mikilúðlega tekið til orða, þegar sagt er, að fjárlögin eigi nú að gefa rétta og nákvæma mynd af ríkisbúskapnum á næsta ári.

Að lokum vil ég segja það, að hæstv. fjmrh. lýsti

sjálfur þessum fyrstu fjárlögum sínum mætavel, þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að þrátt fyrir gífurlega hækkun fjárlaga hefur verið allt of lítið svigrúm til að beina nauðsynlegum fjárframlögum inn á þær brautir, sem horfa til uppbyggingar í þjóðfélaginu. Þetta segir hæstv. fjmrh., sem nú ætlar að þyngja til stórra muna skattbyrði þjóðarinnar, frá því sem verið hefur og nauðsynlegt hefði verið, ef aðhalds og hagsýni hefði verið gætt í ríkisbúskapnum.

Herra forseti. Það var ekki ætlun mín, eins og í pottinn er búið um þau fjárlög, sem hér liggja fyrir, að flytja við þau verulegar brtt. Ég leyfi mér þó að gera till. um tvær smávægilegar breytingar. Önnur þeirra er á þskj. 196, um 300 þús. kr. fjárframlag til undirbúnings heimavistarbyggingar við skóla í Ólafsfirði, en þar er starfandi heimavist í leiguhúsnæði. Þörf fyrir slíka starfsemi er rík í þessu sveitarfélagi, vegna þess að hún gerir gagnfræðaskólann hagkvæmari í rekstri og bætir úr brýnni þörf unglinga úr sveit, sem búa frammi í firðinum. Þessi fjárveiting mun ekki hafa verið tekin inn í till. fjvn., vegna þess að till. um þetta voru síðbúnar heiman frá. Ég vil biðja hv. fjvn. að taka þessa till. til vinsamlegrar athugunar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er einkum orð, sem hæstv. fjmrh. lét falla í ræðu sinni hér áðan. Honum varð þar mjög tíðrætt um þá miklu hækkun, sem orðið hefur á fjárlögunum og enginn vafi er á, að er langmesta hækkun, sem nokkru sinni hefur orðið á fjárlögum á milli tveggja ára, og er ekki útséð um það enn þá, hversu mikil þessi hækkun mun verða, þegar öll kurl eru komin til grafar. Það, sem einkum var eftirtektarvert í máli hæstv. ráðh. af þessu tilefni, var sú niðurstaða hans, að öll þessi hækkun væri ekki að kenna hæstv. ríkisstj., sem gekk frá fjárlagafrv., heldur þeirri ríkisstj., sem setið hefur á undan henni, fráfarandi ríkisstj. Hann nefndi í því tilefni ýmis atriði og ég hjó eftir því, að honum varð tíðrætt um þá bagga, sem fráfarandi ríkisstj. hefur bundið hæstv. núv. ríkisstj. vegna skólamála dreifbýlisins, og minntist hæstv. fjmrh. þar sérstaklega á jafnviðamikla liði í þessari 5 milljarða kr. hækkun fjárlaga eins og akstur skólabarna og í öðru lagi byggingu nokkurra skóla. Þar sem hæstv. fjmrh. minntist sérstaklega í þessu efni á nokkra skóla, sem eru í Norðurlandskjördæmi e., sé ég mig knúinn til þess að koma með svo hljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.: Ef hin nauma fjárveiting, sem gert er ráð fyrir í till. fjvn. um skiptingu skólafjárins til Hrafnagils-, Stóru-Tjarna- og Hafralækjarskóla, hrekkur ekki fyrir lögboðnum framlögum ríkissjóðs á næsta ári, eins og framkvæmdum miðar áfram, mun þá hæstv. fjmrh. gera ráðstafanir til þess, að ríkissjóður geti staðið við skuldbindingar sínar? Það er mjög þýðingarmikið að fá þetta upplýst strax, til þess að eðlilegar framkvæmdir geti orðið við þessa skóla nú á næsta ári. Þá er það í öðru lagi einkar þýðingarmikið að fá það upplýst vegna orða hæstv. fjmrh. hér áðan, hvað hann hyggst fyrir í sambandi við skólakostnaðarlögin. Ég skildi orð hæstv. ráðh. svo, að hann mundi beita sér fyrir breytingu á skólakostnaðarlögunum í þá átt, að ríkissjóður greiddi framlag sitt til skólabygginga á fimm árum í stað þriggja, eins og nú er ákveðið í lögum. Þó það hafi í framkvæmdinni verið fjögur ár, þá tel ég einkar mikilvægt að fá það upplýst, hvað hæstv. fjmrh. hyggst fyrir í þessu efni.

Þá eru í öðru lagi ummæli, sem hæstv. fjmrh. lét hér falla áðan, sem glöddu mig mjög mikið, þar sem hann með mjög hófleygum orðum fjallaði um þá miklu þýðingu, sem leiklistarstarfsemi hefði í strjálbýlinu. Það vill svo til, að einmitt fyrr á þessu sama þingi hefur hv. 6. landsk. þm. fjallað um þetta sama mál og hv. 6. landsk. þm. vék einmitt að því í máli sínu hér í hv. Sþ., að tímabært væri, að Leikfélag Akureyrar væri tekið inn með sérstaka fjárveitingu til leikhússtarfsemi. Vegna þeirra hófleygu orða, sem hæstv. fjmrh. lét áðan falla um þýðingu leiklistarstarfseminnar út á landi, og vegna þess að ég hyggst vita það, að Helgi F. Seljan, hv. 6. landsk. þm., hafi nokkur áhrif í sínum flokki vegna fóstra síns, þá geri ég mér vonir um það, að á brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 197 um það, að Leikfélag Akureyrar fái sjálfstæða fjárveitingu, 750 þús. kr., verði fallizt af stjórnarflokkunum, einkum þar sem ég hef orðið var við það hér í sölum Alþ., að einkum þm. strjálbýlisins hafa gert sér grein fyrir því, að það er mjög nauðsynlegt að efla það, að úti á landsbyggðinni geti komið nokkur kjarni til mótvægis við þá menningarmiðstöð, sem öll hefur safnazt saman hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég teldi það einkar vel til fallið, ef þessi fyrsta fjárveiting yrði hinn fyrsti áfangi til þess, að á Akureyri mætti rísa upp einhvers konar menningarmiðstöð, leiklistarmiðstöð, og að Þjóðleikhúsið og hæstv. menntmrh. beittu sér fyrir því, að Þjóðleikhúsið væri mjög jákvætt í þessu efni. Ég skildi hæstv. fjmrh. svo hér áðan, að hann hefði talað sín fallegu orð um leiklistarstarfsemina í landinu í fullri alvöru, og vænti þess, að hann muni líta með velvild á þessa till. mína.

Þá vil ég í þriðja lagi beina því til hv. fjvn., og ég vona, að það komist til skila til formanns hennar, þó hann sé hér ekki við, að mér hefur sýnzt við fljótlega athugun, að þær fjárveitingar, sem þar er gert ráð fyrir til húsmæðraskóla, nægi engan veginn fyrir þörfinni. Þannig flytur fjvn. till. um það á þskj. 177, að fjárveitingar til gjaldfærðs stofnkostnaðar verði lækkaðar um rúmar 2 millj. kr. Mér hefur verið sagt, að þarna sé um brýna þörf að ræða fyrir upphæðina, og vænti þess, að fjvn. taki það til athugunar á milli 2. og 3. umr. Í annan stað vænti ég þess, að fjvn. taki til athugunar og skýt því til hennar, hvort ekki mætti hækka viðhald til húsmæðraskóla í samræmi við það, sem menntmrn. gerir ráð fyrir, sem mér skilst að sé 8.6 millj. úr 4 millj., og ég hygg, að það sé þörf fyrir allt það viðhald, sem þar er gert ráð fyrir. Ég vil í þessu sambandi benda á sérstaka þörf Húsmæðraskóla Akureyrar.

Þegar ég hlýddi hér í dag á ræðu hv. 4. landsk. þm. og las till. hans um að hækka framlög til barnaheimila um 1 millj. kr., þá kom mér í hug, eftir öll þau stóru orð, sem hv. þm. hefur sagt um þörf kvenna í þessu efni, hið fornkveðna: fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús. Ég hygg, að enginn hv. þm. hafi látið öllu sterkari orð falla en einmitt þessi hv. þm. í sambandi við þörf kvenna fyrir dagheimili. Þess vegna verð ég að segja það, vegna þess að ég tók þessi ummæli hennar svo, að Alþb. væri búið að kjósa sinn fulltrúa í nefnd, sem ríkisstj. hygðist skipa til þess að endurskoða þessi mál, og ég skildi hv. þm. þannig, að hún yrði fyrir valinu, og þá þótti mér þetta satt að segja hálf leiðinlegt mark, sem hv. þm. setti

sér, ef nefndin á að koma saman til þess að ráðstafa þessari 1 millj. kr. Ég tek það fram, að ég fagna því, ef þetta verður, en ég hygg, að þetta bæti lítið úr þeim vanda, sem strjálbýlið býr við í þessu efni, og ég held, að fólk ætti að spara sér að nota stór orð í því sambandi.

Að síðustu get ég ekki farið svo úr þessum ræðustól, að vekja ekki enn, eins og margir hv. þm. hafa gert á undan mér, athygli á þeim undarlega samanburði, sem hæstv. fjmrh. gerði í ræðu sinni hér áðan, þegar hann var að bera afgreiðslu þessa frv., sem hér liggur fyrir við 2. umr. nú, saman við þau fjárlagafrv., sem legið hafa fyrir frá því á árinu 1960. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er gagnkunnugur þessum málum, en ég ókunnugur, en þó hygg ég, að það muni vera einsdæmi, að fjmrh. geri hvort tveggja, að lýsa því yfir, að hann ætli að afgreiða hallalaus fjárlög annars vegar og hins vegar að sýna þingheimi fjárlög, sem miðað við þær till., sem fjvn. tekur til greina, eru með um 700 millj. greiðsluhalla. Það hygg ég, að sé einsdæmi, ekki síður en hitt, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði hér áðan, að í grundvallaratriðum lægi tekjuáætlunin ekki fyrir. Ég hygg, að það þurfi anzi flókinn samanburð til þess að sýna fram á einhverja hliðstæðu í þessu efni, en við getum átt von á því, að hún komi. Báðir hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., hafa mjög gert því skóna, að þessi samanburður sé fyrir hendi, og það væri mjög skemmtilegt að fá hann upplýstan, sérstaklega ef hann á að vera frá síðustu 10 árum. Sannleikurinn í þessu máli er að sjálfsögðu sá, eins og allir þm. vita og allur landslýður veit, að afgreiðsla fjárlaga verður nú með þeim einsdæmum, að ég hygg, í fyrsta lagi, að þessi 2. umr. líði svo, að hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að segja til um það, hvað hið nýja frv., sem lagt hefur verið fram um tekju- og eignarskatt, muni gefa ríkissjóði miklar tekjur. Ég hygg það. Það væri þá skemmtilegt, ef það fengist upplýst hér, hvað þetta frv. á að gefa ríkisstj. miklar tekjur, en ég hygg, að það sé enn ein sérstæðan við þessa 2. umr. nú, að hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess. Ég hygg í annan stað, að þetta verði að því leyti eftirminnileg fjárlög, að nú liggur fyrir, að ríkissjóður eigi að taka við geysilegum skuldbindingum af sveitarfélögunum, samhliða því sem boðuð er algjör breyting á tekjustofnum sveitarfélaga. Ég hygg, að það liggi heldur ekki fyrir við 2. umr. og verði ekki, í fyrsta lagi, hvað er ætlazt til þess að ríkissjóður taki við miklum byrðum af sveitarfélögum, hvað nemur það miklu, og í öðru lagi, hvað mundu þessir nýju tekjustofnar sveitarfélaganna gefa mikið af sér. Við vitum það, að við þessa umr. munu fjárlög hækka um 7–800 millj. kr. eftir till. meiri hl. fjvn. Við vitum, að óhjákvæmilegt verður að hækka fjárlögin um annað eins eða enn þá meira, og hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann ætli að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Þó hefur mér skilizt á þeim, sem hlýddu á hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu í gærkvöld, þegar hann gerði grein fyrir þeim breytingum, sem fælust í skattafrv., að þetta frv. ætti að fela í sér eintóma lækkun. Það veit hæstv. fjmrh. og það vita allir hv. þm., að nú er stefnt að meiri skattpíningu landsmanna en þekkzt hefur frá örófi. Það er ekki aðeins, að til stendur, að tekjuskatturinn eigi að gefa helmingi meira af sér, heldur á að þrefalda fasteignagjöld. Það á að þrefalda eignarskatta, erfðafjárskatt o. s. frv. o. s. frv. Það er naumast til sá skattstofn í þessu landi, að hann verði ekki hækkaður með einum eða öðrum hætti. Þess vegna er vissulega ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort von sé á því, að það komi fleiri frv. í þessa átt frá hæstv. ríkisstj. Eiga fleiri skattahækkunarfrv. eftir að sjá dagsins ljós nú fyrir þessi jól?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. sjálfstæðismenn hafa rætt svo mikið um þetta fjárlagafrv., að það er nú kannske að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar við, en það er af sérstakri ástæðu, sem ég tek hér til máls og býst ekki við að verða mjög langorður, og það er vegna þess, að mér sýnist, að fjárlögin verði miklu hærri en búizt hefur verið við. Ég hef heyrt stjórnarsinna tala um það nú á síðustu dögum, að fjárlögin muni fara upp í 16 milljarða. Það fannst þeim mikið og það fannst mér einnig mikið, og á síðustu dögum hefur verið rætt um það, hvernig ætti að fara að því að brúa bilið, sem er á milli tekna og gjalda, ef fjárlögin færu upp í 16 milljarða. En þegar ég settist hér niður í kvöld og eftir að hafa hlýtt á mál manna, þá hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að fjárlögin muni verða miklu hærri og bilið, sem þarf að brúa, miklu breiðara en gert hefur verið ráð fyrir nú fram á síðustu daga. Þetta finnst mér vera svo alvarlegt, að ég vildi ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessu, og það er sannarlega ekki ástæðulaust, þegar við sjálfstæðismenn vekjum athygli á því, að afgreiðsla þessa fjárlagafrv. er með allt öðrum hætti en venjulega, að því leyti, að það er ekki eðlilegt að ljúka afgreiðslu þess, nema staldrað sé við og fundnir fastir punktar undir væntanleg fjárlög. Þegar ég segi það, að fjárlögin muni verða miklu hærri en 16 milljarðar, þá vek ég athygli á því, að frv., sem lagt var fram í október s. l., það var upp á 14.2 milljarða. Fjvn. hefur samþykkt till. um hækkun, sem nemur um 800 millj. Eftir að þær till. hafa verið samþ., er frv. komið upp í 15 milljarða, – en hvað er það svo, sem bætist við? Ég bjóst við því í dag, þegar ég hlustaði á hæstv. fjmrh., að hann mundi upplýsa þingheim um það, hvað mundi bætast við þau útgjöld, sem þegar hafa komið í ljós, og hvaða tekjur mundu koma til þess að mæta þessum gjöldum. En hæstv. fjmrh. nefndi þetta ekkert. Hann sagði, að frv. um tekju- og eignarskatt mundi verða rætt áður en langt um líður og þá mundi hann gera grein fyrir því, hvað það gæfi í tekjur. Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði hér í gær, að þegar spurt væri um það, hvernig tekna yrði aflað vegna aukinna útgjalda til trygginga, þá benti hann á þetta frv. Það er þess vegna ætlazt til þess, eða hefur verið ætlazt til þess í gær, en í dag er mönnum sennilega ljóst, að þetta frv. um tekju- og eignarskatt nægir ekki til þess að brúa bilið á milli gjalda og tekna. Frv. er 15 milljarðar, eftir að búið er að samþykkja till. þær, sem fjvn. hefur flutt, en við það bætast lífeyristryggingar, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér, og samkvæmt því, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur reiknað út og er birt í októberhefti blaðs þess, sem hún gefur út, þá er það samkvæmt því, sem stjórnarsinnar hafa tilkynnt, útgjöld fyrir ríkissjóð 1840 millj. kr. Ef ég fer hér ekki rétt með, þá vænti ég þess, að hæstv. fjmrh. leiðrétti það. Viðbót vegna tryggingahækkana er 550 millj. Þá eru hækkanir vegna kjarasamninga. Hæstv. fjmrh. sagði í dag, að ekki hefði verið hægt að endurskoða tekjuáætlunina vegna þeirrar viðbótar útgjalda, sem kæmu á ríkissjóð vegna kjara-

samninga. Þessu trúi ég ekki. Ég er sannfærður um, að hæstv. fjmrh. veit, hversu mikil útgjöld ríkissjóðs eru vegna launagreiðslna, og að hann getur gert áætlun um aukningu útgjalda vegna kjarasamninga. Ég man ekki þessar tölur nákvæmlega, en ég gizka á og ég ætla, að það muni ekki mjög miklu, að hækkanir vegna kjarasamninganna geti orðið á næsta ári 250 millj. kr. En ég nefni þessa upphæð með fyrirvara.

Þá er það löggæzlukostnaðurinn, sem ríkissjóður ætlar að taka að sér. Löggæzlukostnaður, sem sveitarfélögin hafa áður borið. Mér tókst ekki í kvöld að fá upplýst, hversu mikið þetta er, en áreiðanlega eru þetta nokkrir tugir millj., kannske hundruð, ég get ekki upplýst það. En ef við segjum nú, að kostnaðurinn vegna hækkana kjarasamninga og löggæzlu væri 300 millj., þá býst ég við, að það sé ekki fjarri lagi, en eins og ég segi, þetta getur munað tugum millj., en það er nú ekki mikið í sambandi við allar þessar upphæðir.

Þá er áætlað til útflutningsuppbóta á landbúnaðarvörum í frv. 323 millj. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé of lítið. Það hefur alltaf þurft að nota útflutningsuppbæturnar til fulls eins og heimilt er, sem nemur 10% af verði framleiddrar búvöru. Við ætluðum að spara í fyrra rúmlega 100 millj., en það tókst ekki. Útflutningsuppbæturnar voru notaðar að fullu. Ég ætla, að þarna vanti a. m. k. 100 millj. kr.

Þá er það Vegasjóður. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli að taka á sig að greiða vexti og afborganir af þeim lánum, sem Vegasjóður hefur tekið og ætlar að taka. Nú hefur hæstv. fjmrh. sagt, að framlag til Vegasjóðs hafi verið hækkað um 50 millj. kr., og þá með sérstöku tilliti til mín sem fyrrv. samgrh. Ég vil vitanlega þakka fyrir þetta um leið og ég læt hæstv. fjmrh. vita, að þetta er of lítið til Vegasjóðs. Ég veit ekki, hvernig á að koma vegáætluninni saman, ef Vegasjóður fær ekki meira á fjárlögum en hér hefur verið lagt til. Ég minni á það, að þegar vegáætlunin var afgreidd á s. l. vetri, voru allir þeir þm., sem tóku til máls ásamt mér, sammála um, að það væri ekki hægt að auka tekjur Vegasjóðs með því að hækka bensín- og þungaskatt meira en hefur verið gert. Eina leiðin væri sú að taka ríflega upphæð á fjárlögum.

Hæstv. fjmrh., þáverandi þm. Vesturl., tók djúpt í árinni þá, eins og oft áður, og minnti á það, að Vegasjóður ætti að fá allar tekjur af umferðinni, það ætti ekkert að klípa utan af því, og reiknaði út, hvað væri búið að snuða Vegasjóð mikið á undanförnum árum með því að láta tekjur af umferðinni fara í ríkissjóðinn. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar, að ríkissjóður gæti misst þessar tekjur, – allar þær tekjur, sem kallaðar eru af umferðinni. En ég var á s. l. vetri, alveg eins og ég er nú, sannfærður um það, að ríkissjóður yrði að leggja Vegasjóði til allverulega upphæð, til þess að hægt væri að koma vegáætluninni saman, mæta vaxta- og afborganagjöldum og hækkaðri dýrtið.

Nú geri ég ráð fyrir því, að það sé meining hæstv. ríkisstj. að láta Vegasjóð fá, ekki 50 millj., heldur 300 millj. á fjárlögum fyrir næsta ár, til þess að unnt sé að koma vegáætluninni saman á sæmilegan hátt. Ég reikna fastlega með því. En þá er það ekki nema þriðji hlutinn eða tæplega það af þeim tekjum, sem mætti kalla, að komið hefðu af umferðinni á þessu ári. Og ég trúi því ekki, að það sé meiningin að skilja við Vegasjóð eins og ætla mætti samkv. því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í dag.

Nú býst ég við, að ýmsir útgjaldaliðir hafi komið til viðbótar þessu, sem ég hef hér talað um, – til viðbótar við útgjöld fjárlaganna. Ekki er ég viss um, hvort námsbókagjaldið er komið inn í frv. Ég hef ekki haft tíma til að athuga það. Og svo eru fleiri póstar. En þetta, sem ég hef hér skrifað um til viðbótar þeim till., sem fjvn. flytur, eru 3 milljarðar. Ef við reiknum þá dæmið til enda og setjum það upp á einfaldan hátt, þá kemur það þannig út, að frv., eins og það var flutt í haust, er 14 milljarðar og 200 millj., og hækkanir, sem ég tel, að óhjákvæmilega hljóti að koma fram, eru ca. 800 millj. frá fjvn. og 3 milljarðar, sem eiga eftir að koma á milli 2. og 3. umr. Með þessu móti er frv. komið upp í 18 milljarða og 29 millj. eftir þessum útreikningum. Ég tek það aftur fram, að þetta eru vitanlega ekki nákvæmar tölur, það getur alveg eins orðið meira en 18 milljarðar.

Fjárlögin á þessu ári teknamegin eru 11 milljarðar og 500 þús. Mismunurinn er þá, sem fjárlög mundu hækka frá þessa árs fjárlögum, 6 milljarðar 529 millj., eða nærri 60%. Ef við hugleiðum nú þetta, þá er þetta ekki glæsilegt. Og einn hv. þm. sagði við mig áðan: Ég held, að þú sért áhyggjufyllri út af þessu fjárlagafrv. heldur en stjórnarsinnarnir. Ekki veit ég það, sagði ég, en ég get ekki annað sagt en það, að þetta kemur mér við og þetta kemur okkur öllum þm. við, þegar svona horfir, og það sýnist vera algjör upplausn í fjármálalífi þjóðarinnar. Það kemur okkur stjórnarandstæðingum ekkert síður við en stjórnarsinnum. Og það kemur yfir okkur alla og alla þjóðina. Við hljótum að hafa þá ábyrgðartilfinningu, að við viljum aðstoða hæstv. ríkisstj. til að komast sem skárst út úr þessu.

Samkv. þessu ætti tekjuvöntunin að nema 3.6 milljörðum. En hvernig á að brúa þetta bil? Það hefur ekki annað verið sýnt en frv. um tekju- og eignarskatt. Ég hef verið að reyna í dag að fá það upplýst, hvað þetta frv. mundi gefa. Það hefur mér ekki tekizt. En ég hef komizt það nærri í málinu að vera alveg öruggur um, að það gefur ekki helming af þessari upphæð. Hæstv. fjmrh. veit það kannske, hvort það gefur helming af þessari upphæð eða eitthvað annað. En jafnvel þótt það gæfi helming af þessari upphæð, þá vantar 1.8 millj. til viðbótar.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt, að það ætti að afgreiða fjárlög hallalaust. Í rauninni er skylt að gera það. Ef það er ekki gert, þá eru fjárlög sá verðbólguvaldur, sem ekki er leyfilegt að láta frá sér fara. Ég held, að það sé eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. staldri við og gefi sér tíma til að hugleiða, hvað sé til ráða.

Einhver var að segja, að það ætti að lækka niðurgreiðslurnar og þess vegna væri þetta nú ekki svona mikil upphæð, sem vantaði. En ég vil vekja athygli á því, að ef niðurgreiðslur á búvörum verða lækkaðar, þá ýtir það undir verðbólguna. Og ég efast mjög um, að það sé eðlileg og rétt ráðstöfun. Ég held, að það væri eðlilegri og réttari ráðstöfun að halda niðurgreiðslunum óbreyttum og halda dýrtíðinni niðri og afla þá tekna með einhverjum öðrum hætti. T. d. með því, þótt það sé ekki glæsilegt, að leggja þá skatt á miður nauðsynlegar vörur, sem fólk gæti neitað sér um, heldur en hækka stórlega í verði mjólk og kjöt, sem allir verða að

kaupa, ekki sízt stórar fjölskyldur, sem lægstar tekjur hafa.

En það getur vel verið, að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. allri og hv. stjórnarþm. finnist óþarft að fá ráðleggingar frá mér eða öðrum stjórnarandstæðingum. Hv. þm. Björn Pálsson sagði áðan, að það hefði ekki verið leitað til sín um ráðleggingar í þessu efni. En víst er um það, að ef hann hefði mátt ráða, þá hefði öðru vísi verið að farið.

Þetta eru nú aðeins hugleiðingar, sem ég skýt hér fram til að freista þess, að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. öll reyni að átta sig á því, hvar hún er stödd í fjárlagaafgreiðslunni. Og það er af eðlilegum ástæðum, sem formaður Sjálfstfl. vakti athygli á þessu hér í dag og óskaði eftir, að tími gæfist til athugunar.

Það er svo vitanlega ekki nein ástæða til þess að vera að ræða um smámál hér á eftir, þegar við höfum hugleitt þann mikla vanda, sem við erum í stödd. En ég get þó ekki að því gert að minnast hér á Stokkseyrarmálið, vegna þess að hæstv. fjmrh. vakti sérstaka athygli á því, að þar hefði verið gert vel að veita fé til hafnarframkvæmda á Stokkseyri út á loforð, sem ég hafði gefið án þess að hafa raunverulega til þess heimildir. Ég vil þá vekja athygli á því, að Stokkseyringar komu til mín á s. l. vetri, eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd, með áætlun, sem verkfræðingur hafði gert um hafnargerð þar. Þessi hafnargerð átti að kosta 11 millj. kr. Þeir sögðust geta útvegað lán til þessara framkvæmda, ef unnt væri að greiða það upp á tveimur árum – helzt á tveimur árum. Þetta var svo mikilvæg framkvæmd fyrir þetta pláss, og þessi garður, sem þarna hefur verið gerður, skapar svo mikið öryggi, að mér fannst sjálfsagt að leyfa þeim að taka þetta lán. Og ég gaf þeim bréf um það, að ég mundi beita mér fyrir fjárveitingu. Ég vil þakka núv. hæstv. samgrh. fyrir það, að hann endurnýjaði þetta bréf eftir að ljóst var, að þessi framkvæmd kostaði ekki 11 millj. heldur 15 millj. En þessi framkvæmd er geysiþýðingarmikil fyrir þetta pláss, sem er í stórum uppgangi með sína útgerð. Nú er komið skjól fyrir bátana. Og þetta er kannske ódýrasta hafnargerð, sem gerð hefur verið á þessu landi. Ég vil vekja athygli á því, að það er ekkert nýmæli, þótt ráðh. veiti sveitarfélögum eða öðrum aðilum leyfi til að taka lán út á væntanlegar fjárveitingar seinna. Það hefur verið gert ótal sinnum, allt í kringum landið. Og ég samþykkti slíkar lántökur víða á s. l. vetri.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að hafnarframkvæmdirnar hefðu verið allt of litlar á undanförnum árum og fjárveiting til þeirra. Þetta er alveg rétt. En einmitt þess vegna var sveitarfélögunum gerður greiði með því að gefa þeim leyfi til að taka lán og flýta framkvæmdunum, þegar þau gátu fengið lánið. Og þetta hefur einnig gerzt í öðrum framkvæmdum svo sem vegaframkvæmdum, eins og kunnugt er, og hefði þótt dálítið stirðbusalegt af ráðh. að neita að gefa leyfi til slíkrar lántöku.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa byrjað fjárveitingar til bændaskólans í Odda. Þótt það sé lítil upphæð, þá nægir hún til þess, að nefnd sú, sem á að undirbúa skólamálið þar, getur haldið áfram að starfa. Og mín meining er sú, að það verði hægt að byrja byggingu á þessum skóla árið 1974 til minningar um fyrsta skólasetur á Íslandi, sem var í Odda. Með því að fá fjárveitingu á árinu 1972, þótt hún sé ekki há, og aftur á árinu 1973 til undirbúnings skóla í Odda, á að vera hægt að hefja framkvæmdir 1974 og þá ætti skólabyggingunni á Hvanneyri einnig að vera lokið og því tímabært að hefja framkvæmdir í Odda.

Mér fannst nú hæstv. fjmrh. vera nokkuð kokhraustur, þegar hann var að tala um það, að eiginlega ætti fyrrv. ríkisstj. mesta sök á hækkun fjárlaga fyrir árið 1972. Það er alveg áreiðanlegt, að við munum ekki skorast undan því að viðurkenna þann bagga, sem okkur má kenna í þessu frv. Við vitum, að það er nokkur upphæð. Það er nokkur hluti af þeirri hækkun, sem var í fjárlagafrv., þegar það var lagt fram í haust. En þær hækkanir, sem síðar koma, eru vitanlega ekki afleiðingar af verkum fyrri ríkisstj. Og í rauninni er engin ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að kvarta undan þeirri hækkun, sem er vegna aðgerða fyrrv. ríkisstj., vegna þess að fyrrv. stjórn lagði á borð með sér auknar tekjur. Ekki aðeins til að mæta þessum útgjöldum, heldur miklu meira, því umframtekjurnar eru nú þegar, 1. nóv., 1 300 millj., sem gera miklu meira en að mæta þeim útgjöldum, sem kenna má fyrrv. stjórn. Ég held, hæstv. fjmrh., að það sé eðlilegt að athuga þetta í réttu ljósi og að það sýndi manndóm hjá núv. hæstv. ríkisstj., ef hún vildi gera svo vel að viðurkenna það, sem hún á í þessu efni.

Hæstv. ríkisstj. tók við blómlegu búi í sumar og það hefur verið á það minnt, að hún hafi verið sérstaklega glöð, hæstv. ríkisstj., þegar henni varð ljóst, hversu búið var gott, vegna þess að þá tók hún ákvörðun um að greiða út hundruð milljóna, sem ekki voru á fjárlögum. Og það var vitanlega gott að geta gert þetta. Það var gott að geta flýtt greiðslum, hækkunargreiðslum til gamalmenna og öryrkja. En það var fleira, sem hæstv. ríkisstj. greiddi út, heldur en aðeins það, vegna þess að henni fannst hún standa föstum fótum í jötu. Og það er fleira, sem staðfestir það, að hæstv. ríkisstj. áleit, að hún tæki við góðu búi. Enda þrætir hún ekki fyrir það.

Hæstv. forsrh. upplýsti það hér í hv. Alþ., að atvinnuvegirnir hefðu að mati ríkisstj. staðið það vel, að það væri óhætt að lofa launþegum 20% kaupmáttaraukningu, styttingu vinnuviku og lengingu á orlofi. Þetta hefði hæstv. ríkisstj. ekki gert, ef hún hefði ekki verið sannfærð um að hafa tekið við góðu búi. Úr því að það liggur nú fyrir alveg skjalfest, að búið var svona gott um miðjan júlímánuð, þá tekur vitanlega enginn mark á því, þótt hæstv. fjmrh. eða einhver annar hæstv. ráðh. eða einhver hv. stjórnarsinni fari nú að tala um það, að búið hafi ekki verið gott. Það hefur hallað undan fæti síðustu 5 mánuðina, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft yfirsýn yfir fjármálin eða atvinnumálin, og það fer alltaf þannig, ef menn hafa ekki yfirsýn yfir það, sem þeir eiga að sjá yfir, – þá hlýtur alltaf að reka í strand. Undir þeim kringumstæðum eru gerðir þeir hlutir, sem kippa stoðunum undan því, sem á að standa. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði komið í veg fyrir vandræði á vinnumarkaðinum og vinnudeilur. Er þetta nú rétt? Eru nú allar vinnudeilur leystar? Eru ekki 14 skip bundin í höfninni? Eru nokkrar líkur til þess, að farmannadeilan verði leyst næstu dagana? Ekki fáum við blöðin til þess að lesa. Er ekki enn eftir að semja um veigamikil atriði við verkalýðsfélögin öll, og takist ekki þeir samningar, er

þá ekki hótað verkfalli, allsherjarverkfalli? Virðast ekki enn líkur á því, að það geti komið til stöðvunar báta-flotans um næstu áramót? Ég held, að það sé of fljótt fyrir hæstv. fjmrh. að fullyrða það, að ríkisstj. hafi komið í veg fyrir stöðvun, vinnustöðvun. Það er ekki gott að sjá fyrir endann á þessu, en hæstv. ríkisstj. ætti nú ekki að hrósa sér af því, þótt hún hafi í bili komið í veg fyrir allsherjarverkfall, ef það er rétt, að kaup-hækkunin nemur 45%, eins og sagt hefur verið, eða 60%, eins og sumir segja. Það gæti farið svo, að það yrði þungt fyrir dyrum hjá atvinnurekstrinum að taka á sig þessar kauphækkanir ásamt þeim miklu skattahækk-unum, sem felast í því frv., sem hér hefur verið lagt fram. Ég held, að það sé ástæða til, að hæstv. ríkisstj. lesi upp sínar lexíur og hún leiti ráða hjá mönnum, sem vel eru inni í þessum málum. Það var fullyrt hér í dag, að hæstv. ríkisstj. gengi illa samvinnan við embættis-mennina og sérfræðingana, sem stundum hefur verið gert lítið úr. Ég veit ekkert um þetta, en ég trúi því, að sá hv. þm., sem fullyrti þetta, hafi vitað um það, hann hafi ekki fullyrt þetta annars.

Ég tel svo, herra forseti, ekki ástæðu til að sinni að segja meira um þetta mál. Ég hef með þessum fáu orðum vakið athygli á því, að mér virðist ekki aðeins hæstv. ríkisstj. vera í vanda, heldur Alþingi Íslendinga og þjóðin öll, því að ef svo fer, að fjárlögin fari nú upp í 18 milljarða eða kannske meira, þá er enginn vafi á því, að slík fjárlög eru verðbólguvaldur og við megum búast við því, að það komi ótal erfiðleikar í kjölfar slíkra aðgerða.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Umr. um fjárlaga-frv. hefur nú staðið á áttundu klst. og í hverri ræðu, sem flutt er, kemur betur fram, að Alþ. stendur nú and-spænis einhverju stórbrotnasta og erfiðasta vandamáli, sem það hefur fengið til úrlausnar. Spurningar reka hver aðra, óleyst vandamál birtast hvert á fætur öðru, en það er lítið um svör af hálfu hæstv. ráðh., það er lítið um úrræði til lausnar á vandamálum.

Ég mun þó ekki gera fjárlagafrv. sem heild að um-ræðuefni, en láta mér nægja að gera stuttlega grein fyrir nokkrum brtt., sem ég og tveir flokksbræður mínir flytjum og prentaðar eru á þskj. 194. Allt eru þetta tiltölulega lítil mál fjárhagslega og sum, sem snerta eitt ákveðið kjördæmi.

Fyrsta till. á þessu þskj. er á þá lund, að fjárveiting til almennrar ráðstöfunar eða til svo kallaðra annarra rekstrargjalda fyrir náttúruverndarráð verði hækkuð um helming, úr 765 þús. í 1.5 millj. Í þessu sambandi vil ég minna á, að Alþ. afgreiddi s. l. vetur ný og stórmerk lög um náttúruvernd. Með þessum lögum sýndi Alþ. skilning sinn á þeirri bylgju, sem gengið hefur yfir heiminn og okkar land líka, hvað snertir viðhorf mannsins til umhverfis og náttúru. Sá höfuðgalli var á þessum lögum, að þar var ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum tekjustofni til náttúruverndar, heldur var það sett á vald Alþ., hversu miklu fé yrði til þessara mála varið. Það er ákaflega lítið, sem farið er fram á í þessari till., raunverulega aðeins brot af því, sem við ættum sóma okkar vegna og stærðar þessa máls að leggja fram, en þó mundi þessi aukning á fjárveitingu gefa náttúruverndarráði örlítið svigrúm til margvís-legrar byrjunarstarfsemi, t. d. kynningarstarfsemi, sem þarf að verða fyrsti þátturinn í starfi þess eftir endur-skipulagninguna. Í þessu sambandi vil ég benda á, að kostnaður við þjóðgarðinn í Skaftafelli er færður upp sem sérstakur liður í fjárlagafrv., en samkv. hinum nýju náttúruverndarlögum á náttúruverndarráð að fara með stjórn þjóðgarða. Það hefði því verið eðlilegra, að þjóðgarðurinn kæmi undir fjárveitingu ráðsins.

Önnur till. á þessu þskj. er á þá lund, að fjárveiting til Neytendasamtakanna verði aukin til muna. Hún á að verða 125 þús., en það er lagt til, að hún fari upp í 1 millj. Allar ríkisstj. og allir flokkar á Íslandi keppast um að lýsa áhuga sínum á að halda verðbólgu í skefjum og bæta hag almennings. Við vitum, að einn af nauðsyn-legustu þáttum til að slík starfsemi geti náð tilgangi sínum eru öflug neytendasamtök, sem vinna að því að upplýsa neytendur og gera þeim kleift að hagnýta kaupgetu sína sem bezt. Í þessum efnum höfum við verið langt á eftir nágrannalöndum okkar. Þó eru hér þróttmikil neytendasamtök, sem hafa látið allmikið til sín heyra síðustu ár, og er rík ástæða til að veita þessum samtökum miklu meiri styrk en hingað til hefur verið talað um og hygg ég, að það mundi fljótlega skila sér til neytenda í landinu. Alþfl.-menn hafa lagt fram fyrir-spurn um neytendamál fyrr á þessu þingi og hafa komið fram upplýsingar um, að samin hafi verið ný lög um neytendamál að frumkvæði fyrrv. viðskrh. Þess er því að vænta, að hæstv. ríkisstj. taki það frv. föstum tökum og komi neytendamálum á fastari grundvöll en verið hefur. Eitt af því, sem gera þarf í þeim tilgangi, er að efla núverandi neytendasamtök og gera þeim kleift að auka starfsemi sína.

Þriðji liðurinn á þessu þskj. er till. um, að rekstrar-styrkur sjómannaheimila verði hækkaður úr 150 þús. í 800 þús. Yfirleitt er það svo, þegar rætt er um fjárveit-ingar úr ríkissjóði, að viðkomandi aðilar eru reiðubúnir að taka við fénu og nota það. Ég er ekki alveg viss um það, að sjómannaheimilin, sem eru litlar og veikar stofnanir um allt land, eigi von á miklum fjárveitingum, en ég tel, að í þessu tilfelli ætti að koma til frumkvæði frá ríkisstj. með því að veita meira fé en gert hefur verið. Ætti ríkisstj. að snúa sér til þeirra, sem stjórna sjó-mannaheimilunum, fá þeim þetta fé og biðja þá um að auka starfsemi sína og gera betur en hingað til. Það er vissulega rík þörf á því, að sjómenn hafi þessi heimili til að snúa sér að, þegar um landlegu hjá þeim er að ræða fjarri heimilum. Ég geri mér vonir um allgóðan stuðn-ing við þessa till., vegna þess að upphæðin er samhljóða till., sem hæstv. sjútvrh. flutti um þetta sama efni á síðasta þingi. Vona ég, að áhugi hans á velferð sjó-manna hafi ekki minnkað síðan þá.

Næstu fimm till. á þessu þskj. eru um kjördæmismál á Vesturlandi, á Akranesi og í Borgarnesi. Fyrsta till. er um íþróttahús á Akranesi, að fjárveiting verði hækkuð úr 1.5 í 2 millj. kr., en það er sú upphæð, sem bæjaryf-irvöld á Akranesi telja sig geta komizt af með lægsta. Íþróttir skipa veglegan sess í bæjarlífi á Akranesi, og af þeim sökum hafa Akranesingar lagt í að byggja mjög myndarlegt íþróttahús. Árangurinn hefur því miður orðið sá, að fjárskortur hefur dregið úr framkvæmdum og húsið hefur staðið hálfsmíðað, án þess að því miðaði eins vel og æskilegt er. Ég tel því ástæðu til að láta þessa og aðrar framkvæmdir ekki ganga svo hægt, að unnt sé að tala um mjög óhagkvæm not á fjármunum, og væri

því rík ástæða til þess að auka þessa fjárveitingu. Í Borgarnesi er verið að undirbúa og byrja á nýju íþróttahúsi af sama tagi. Sú fjárveiting, sem gert er ráð fyrir, er allmiklu lægri en Borgnesingar höfðu búizt við og þurfa að fá, og er till. um að hækka hana upp í 3 millj.

Sjúkrahúsið á Akranesi er eitt af stærri sjúkrahúsum á landinu, og þar hafa undanfarin ár staðið yfir stórfelldar byggingarframkvæmdir til þess að auka það og bæta. Bæjaryfirvöld telja sig þurfa að fá minnst 10.6 millj., sem er till. mín, en í núv. till. fjvn. er allmiklu lægri upphæð.

Hafnarmannvirki á Akranesi eru þar eins og víðar mikilvæg, og er nú undirbúið að vinna framkvæmdir, sem að eðlilegum ástæðum hefði átt að vinna fyrir 10–15 árum, lengingu á aðalgarðinum. Til þessara framkvæmda höfðu Akranesingar óskað eftir 13 millj. kr., en framlag til þeirra er verulegra lægra samkv. till. fjvn.

Síðasta till. á þessu þskj. er á þá lund, að ríkisstj. verði heimilt að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun. Undanfarin ár hafa íslenzkir rithöfundar hert mjög á baráttu sinni fyrir bættum kjörum. Þeir hafa á ýmsum sviðum náð nokkrum árangri, en eiga þó langt í land til þess, að hægt verði að segja að Íslendingar búi að þeim á þann hátt, að það beri vott um þann bóka- og fræðaáhuga, sem við höfum gjarnan þótzt hafa. Ein þeirra hugmynda, sem rithöfundar hafa borið fram, er, að söluskattur af bókum verði notaður til að bæta kjör þeirra, sem bækurnar skrifa. Er auðvelt að sýna fram á, að frumhöfundar þessara verka fái tiltölulega minnst af þeim fjármunum, sem varið er til að koma bókunum á almennan markað. Á hinn bóginn verður að telja það óeðlilegt, að ríkið noti þessa starfsemi sér til tekjuauka upp á e. t. v. 2–3 tugi millj., en aðstoð ríkisins við bókmenntastarfsemi og fræðistarfsemi sé aðeins brot af því fé. Fyrir nokkrum dögum fluttu þrír hv. alþm. þáltill. um þetta mál. Samkv. henni á Alþ. að álykta að skora á ríkisstj. að *gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun.*

Ég vil sýna stuðning minn við þessa till. og hugmyndina með því að flytja hana efnislega orðrétta inn í fjárlög, því að það vill svo til, að þessi till. fellur ágætlega inn í 6. gr., og er að öllu leyti sama eðlis og allmikið af málum, sem þar eru leyst. Ég hef allgóða von um, að stjórnarandstæðingar muni upp til hópa verða vinsamlegir þessari till. og með þremur flm. þáltill. ætti málið að vera svo gott sem komið í höfn. Mundu þá íslenzkir rithöfundar vinna allmikinn og glæsilegan sigur í kjarabaráttu sinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hlýt að hefja mál mitt með því að taka fram, að það er skoðun mín og margra annarra, að fjárlagameðferðin nú sé einsdæmi a. m. k. í síðari áratuga sögu Alþ. Þess munu engin dæmi áður, að alls engin tekjuáætlun hafi legið fyrir við 2. umr. fjárlaga. Ég efast þó mjög um, að þess séu nokkur dæmi, að alls engin löggjöf sé til um þá tekjuöflun, sem standa á undir allri þeirri útgjaldaaukningu, sem gert er ráð fyrir, að Alþ. standi að við 2. og 3. umr. fjárlaga. En sú útgjaldaaukning, sú hækkun, sem búast má við að verði á fjárlögum frá fjárlagafrv., mun verða einhvers staðar nálægt 3 750 millj. kr., eins og ég mun nú koma nákvæmlega að á eftir. Og það er til viðbótar þeim 3 000 millj., sem fjárlagafrv. hækkaði frá því, sem fjárlögin voru í fyrra. Ég hef frétt á göngum hér í dag, að fyrir aðeins 2 eða 3 árum hafi það gerzt, að tollafrumvarp hafi verið látið bíða fram yfir áramót, þ. e. fjárlög hafi verið afgreidd að óafgreiddu tollafrumvarpi. Þetta er rétt. Það var tollafrumvarp í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA. Það tollafrumvarp fjallaði um tollalækkun, en ekki tollahækkun. Það var ekki tekjuöflunarfrv., heldur var það tollalækkunarfrv. Þó að Alþ. hefði fellt það, hefðu tekjur ríkisins orðið meiri en ella, en ekki minni, svo að hér gegnir náttúrlega allt öðru máli, hér er ekkert fordæmi fyrir því, sem nú er að gerast. Það, sem hér er að gerast, er það, að gert er ráð fyrir, að alþm. sé ætlað að samþykkja að því er ég segi og skal koma nánar að seinna, 3 750 millj. kr. útgjaldaaukningu, án þess að Alþ. hafi getað fjallað um þau tekjuöflunarfrv., sem ætlað er að standa undir þessari útgjaldaaukningu, en geta það auðvitað ekki, eins og ég líka mun koma að síðar. Þess eru engin dæmi áður. Ég hefði gaman af að fá fregnir af því þingi, þar sem nokkuð þessu líkt átti sér stað. Enda er það í raun og veru ekki boðlegt lýðræðislegum stjórnarháttum að ætla Alþ. eða alþm. að samþykkja útgjöld upp á 3–4 milljarða kr. án þess að hafa getað fjallað um þann lagagrundvöll, sem þessari tekjuöflun er ætlað að hvíla á. Það er ekki aðeins, að slíkt sé einsdæmi í sögu Alþingis Íslendinga. Ég er viss um, að þetta þættu heimsfréttir, ef þetta fréttist til nálægra landa, að löggjafarsamkoma væri til, sem hegðaði sér svona. Eða réttara sagt, að ríkisstj. væri til, sem ætlaðist til þess, að löggjafarsamkoma tæki öðru eins og þessu. Ofan á allt þetta bætist svo það, það kórónar ósköpin, að það er altalað utan þingsalanna meðal þm., að hvorugt þessara frv. hafi meiri hl. að baki sér í óbreyttri mynd. Maður drekkur hvorki kaffi né pilsner með þm. úr stjórnarflokkunum, svo að maður fái ekki að heyra það einhvers staðar að, að þeir séu alls ekki með öðru hvoru frv. Ég er búinn að heyra þetta. (Gripið fram í.) Að ég tali ekki um ósköpin, já, sem betur fer er ekkert slíkt á döfinni hér. Sem betur fer. Ég er búinn að heyra það a. m. k. 10 sinnum í dag, að þessi frv. hafi alls ekki meiri hl. hér á Alþ. og muni alls ekki verða samþ. í óbreyttri mynd. Ég vona, nei, nei – (Gripið fram í.) Maður þarf ekki nema einfalda heyrn til að heyra þetta. Það er eitt, sem er alveg áreiðanlegt, hún dugar alveg til. Og ég heyri vel enn þá. Og þetta er raunar af hálfu sumra sagt svo hátt, að það er ómögulegt annað en að heyra það.

Þá geta menn nú farið að spyrja sjálfir, hvað valdi þessum ósköpum. Hvernig stendur á því, að annað eins og þetta gerist? Ja, ekki er skýringin sú, að ráðh. séu hæfileikalausir menn eða þekkingarlausir menn, því fer víðs, víðs fjarri. Ég þekki þá alla saman allt of vel til þess að láta mér nokkuð slíkt um munn fara. Ég hef ekki verið með neinar minnstu getsakir í þá átt. Ef ég ætti að segja eitthvað um þessi efni, þá mundi ég hafa það þveröfugt. Hvað veldur þá? Hvað í ósköpunum er hér eiginlega að gerast? Ég hef ekki getað komið auga á aðra skýringu á þessu öllu saman en þá, að í ríkisstj. sé óeining, að í henni sé djúpstæður ágreiningur, ekki

aðeins um varnarmálin, sem allir vita, að þá greinir á um, – það er ekki aðeins á vitorði allra Íslendinga, það er orðið á vitorði heimsins nú orðið, – en það hefur hingað til ekki verið á vitorði allra Íslendinga, að það væri líka óeining um grundvallaratriði í efnahagsmálum, sem hafi gert þessum ágætu nýju mönnum í ráðherrastólunum ókleift að koma sér saman um nokkra skynsamlega afgreiðslu á fjárlagafrv. eða tekjuöflunarfrv.

Ég held, að ástæða sé til þess, að ég leggi enn frekar áherzlu á það, sem ég sagði í dag um fjárlagaafgreiðsluna, ég kann enga skýringu á þessum ósköpum aðra en þá, að um hvort tveggja sé að ræða, að ráðh. sjálfir geti ekki unnið saman og að þeir, sem heild og einstakir, geti ekki unnið með embættismönnum. Ef þetta er svo, þá er það sannarlega skýring á því, í hvaða óefni öll þessi mál eru. Ég vil miklu frekar trúa þessari skýringu en öðru, sem ég þykist vita, að ýmsir á götunni fleygi, að hérna sé um að ræða hæfileikaleysi manna eða því um líkt. Það tel ég alls ekki vera, víðs fjarri því. Hér er um afleiðingu þess að ræða, þegar gerólíkir flokkar og gerólíkir menn ganga til samstarfs. Það hefur aldrei reynzt vænlegt til árangursríks starfs í ríkisstj., þegar um er að ræða menn, sem hafa í grundvallaratriðum alveg gerólíkar skoðanir og eru ekki vanari að vinna að stjórnarstörfum en svo, að þeir deila um svo að segja hvert atriði, sem á dagskrá kemur. Þá verður niðurstaðan þessi, sem því miður er að verða varðandi afgreiðslu fjárlaga og raunar fleiri mál, sem á döfinni eru hér á hinu háa Alþingi.

Það vita allir hv. alþm., það vita allir landsmenn, að þetta ár verður eitt mesta góðæri í efnahagssögu Íslendinga. Það vita líka allir, að hagfræðingar og ábyrgir stjórnmálamenn eru algerlega sammála um það, að í góðæri yfirleitt sé nauðsyn þess, að greiðsluafgangur sé á ríkisbúskapnum. Og þannig var til efnt af hálfu fyrrv. ríkisstj. við samningu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, en þau voru afgreidd af þeim þingmeirihluta, sem við völd var fyrir kosningar. Þá var ráð fyrir því gert, að það yrði greiðsluafgangur á ríkisbúinu. En hver er staðreyndin nú? Hvernig er hag ríkissjóðs nú komið eftir 5 mánaða valdaferil hæstv. ríkisstj.? Samkv. uppgjöri ríkisbókhaldsins til 30. nóv. 1971 fyrir fyrstu 11 mánuði ársins eru gjöld umfram tekjur 475 millj. kr. og tekin lán umfram greidd lán 387 millj. kr. M. ö. o., það er um að ræða heildarhalla í ríkisbúskapnum á fyrstu 11 mánuðum ársins upp á 862 millj. kr., – hæstv. ráðh. leiðréttir mig, ef ég fer hér ekki með rétt mál, ég veit, að ég fer það, – og það í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið. Auðvitað vita allir kunnugir ríkisfjármálum, að afkoman kemur til með að batna mjög verulega í des., það er alveg öruggt, hún batnar alltaf í des., en hitt er jafnöruggt, að hún batnar ekki um þessar 862 millj. Það er því algerlega fyrirsjáanlegt, að árið 1971 kemur út með greiðsluhalla. Ég segi enn og aftur, í mesta góðæri, sem yfir Íslendinga hefur gengið.

Við hv. þm. þekkjum allir tölur fjárlagafrv., að útgjöldin eru áætluð um 14 milljarðar kr. Þm. þekkja og allir þær till. fjvn., sem við fengum fyrir nokkrum dögum, hækkunartillögur hennar við 2. umr. upp á 760 millj. kr. En nú skal ég láta getið þeirra hækkana, sem ég tel óumdeilanlega, að þurfi að taka inn í fjárlagafrv., ef það á að vera rétt. Auðvitað verð ég að játa það, að ég hef ekki fullkomna aðstöðu til þess að gera þessa útreikninga nákvæmlega og heldur ekki tíma til þess á þeim örstutta tíma, sem liðinn er frá því, að brtt. hv. fjvn. voru lagðar fram. En ég skal fara hér hægt og reyna að fara skýrt yfir sögu, biðja hæstv. fjmrh. um að skrifa tölurnar hjá sér, – hann getur fengið þær hjá mér síðar, ef hann vill, – og leiðrétta þær, ef hann telur þær vera rangar. Ég ætlast ekki til þess, að hann geti leiðrétt þær á stundinni. Það væri ósanngirni, og mér kemur ekki til hugar að ætlast til þess af hæstv. ráðh., og þó að hann svari mér ekki nú eða leiðrétti tölur mínar ekki nú, skal ég ekki vera með neinar glósur í hans garð. Hann skemmti sér við að fara með glósur í minn garð í dag, ég anza þeim auðvitað ekki, honum er óhætt að halda þeim áfram, slíku anza ég ekki. En til hins vildi ég mælast, ef mínar tölur eru rangar, sem ég nú fer með, að hann leiðrétti þær við 3. umr. málsins. Til þess á að verða tími. Og um það getum við talað saman í hléinu, ef hann óskar eftir þeim og að spara sér að skrifa þær, þótt tölurnar séu ekki margar og hér sé um einfalda liði að ræða.

Ég gat þess fyrst, að hækkunartillögur fjvn. væru 760 millj. kr. Það var útbýtt hér í gær frv. til breyt. á tryggingalögum, þar sem segir, að útgjaldaauki samkv. þeim sé 310 millj. kr. Þessi tala getur ekkert ágreiningsefni verið, hún er í stjfrv., en eftir að afla tekna fyrir því. Þá vita allir, að 1. jan. n. k. eiga tryggingabætur að hækka í kjölfar launahækkana, sem orðið hafa samkv. gildandi lögum, þetta er lögbundið. Þessi hækkun mun nema um 300 millj. kr. Hér er ekki um nákvæma tölu af minni hálfu að ræða, ég hef ekki haft tíma til þess að reikna hana nákvæmlega, en það skakkar áreiðanlega ekki nema einhverju smávægilegu. M. ö. o., bæturnar hækka 1. jan. um ca. 300 millj. kr. vegna þeirra launahækkana, sem búið er að semja um.

Samkv. tekjuöflunarfrv. á ríkið framvegis að greiða öll iðgjöld einstaklinga og helming af núverandi hlut til sveitarfélags í sjúkratryggingunum. Þetta mun þýða útgjaldaauka, sem er nálægt 800 millj. kr. Um þetta eru skýr ákvæði í frv., sem lögð voru fram hér í gær, 800 millj. Samkv. þeim á ríkið einnig framvegis að greiða hlut til sveitarfélaga í lífeyristryggingunum. Sú tala er í fjárlagafrv. sjálfu, – hver hún er, – hún er 370 millj. kr. M. ö. o., hlutdeild sveitarfélaganna í lífeyristryggingunum, sem ríkið á framvegis að greiða, er 370 millj. kr. Og ríkið á, eins og allir vita og búið er að tala um í fjölmiðlum og halda ræður hér um, framvegis að greiða almannatryggingaiðgjöldin, sem einstaklingar hafa hingað til greitt, og samkv. fjárlagafrv. – sú tala er alveg opinber líka, hún stendur þar, – er hún 655 millj. kr. Um enga af þeim tölum, sem ég hingað til hef nefnt, má í raun og veru deila. Þær eru sumpart beint úr fjárlagafrv. eða má leiða beint af því.

Þá er það og vitað, að opinberir starfsmenn hafa farið fram á launahækkun í kjölfar samninganna, sem nýlega hafa verið gerðir, og þeir líta þannig á, og ég lít þannig á, að lagaskyldu beri til þess að hækka laun opinberra starfsmanna í sama mæli og launþegar fengu í samningunum, sem nýlega hafa verið gerðir. Og ef það væri gert, þá væri um að ræða 4% í fyrra skiptið og 4% 1. júlí, þ. e. 6% að meðaltali yfir allt árið, og þá mun láta mjög nærri samkv. launagreiðslutölu fjárlaga, að þessi launahækkun kosti ríkissjóð um 200 millj. kr. Þá

er alveg augljóst mál, að vísitalan mun hækka á næsta ári og kaupgjald breytist með vísitölu, kaupgjald opinberra starfsmanna einnig. Hér er ég kominn að þeim liðnum, sem óvissastur er, það er mér algerlega ljóst, en ég vil fara varlega í sakirnar og ég skal ekki vera með neinar hrakspár. Ég skal ekki gera ráð fyrir því, að vísitala hækki meir en 5%. Kaupið hækkar þá um 5%, og það nemur um 150 millj. kr. Mér er ljóst, að hér er um spádóm að ræða, en hitt hljóta allir að vita, að vísitalan mun hækka eitthvað og þá auðvitað kaupgjaldið í kjölfar þess, þannig að einhver útgjaldaauki verður í þessu sambandi.

Og svo skal ég að síðustu nefna lið, sem ég fúslega játa, að hlýtur að vera ágizkun, hrein ágizkun, en felur engu að síður í sér raunverulegar staðreyndir, og það er það, að í tekjuöflunarfrv. er gert ráð fyrir því, að ríkið taki að sér greiðslu löggæzlukostnaðar í stað sveitarfélaga. Mér hefur ekki tekizt að fá upplýsingar um, hvað sá kostnaður sé mikill. Ég hef einnig fengið upplýsingar um það hjá fulltrúa Alþfl. í fjvn., að fyrir n. liggi fjölmörg erindi, sem séu óafgreidd, en raunverulegt samkomulag sé um í n. að afgreiða, og skipti þetta mjög verulegum fjárhæðum, t. d. málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri, sem ég þykist fullviss um, að ríkisstj. hafi áhuga á að greiða fyrir. Þó skal ég ekki áætla þessa tölu, löggæzlukostnaðinn og óafgreidd erindi, hærra samtals en 200 millj. kr. og undirstrika með því, að það er síður en svo ætlun mín að ýkja neitt eða draga upp neina hryllingsmynd af því ástandi, sem við erum að fjalla um. Ég minni á þetta og skal minna á það síðar, þegar þingið hefur afgreitt fjárlögin í heild. Þá þykir mér sennilegt, að í ljós komi, að löggæzlukostnaðurinn og opinber erindi muni nema meiru en 200 millj. kr., þó skal ég ekki reikna með meiru heldur en þessu. Þegar þessar tölur eru lagðar saman, sem að langmestu leyti eru algerlega óumdeilanlegar og óyggjandi og aðeins að mjög litlu leyti ágizkun og það meira að segja varleg ágizkun, þá verður niðurstaðan 3 745 millj. kr. til viðbótar þeim 14 000 millj., sem – (**BP:** Þú leggur ekki rétt saman.) Jú, jú, jú, jú, þetta er rétt lagt saman. (Gripið fram í.) Nei, þetta er vitleysa, ætli þm. gleymi ekki 150 millj. vegna vísitöluhækkunarinnar, þetta er rétt lagt saman. Ja, ef það er skakkt lagt saman, þá skal ég fúslega leiðrétta það. Það skal ekki standa á mér að leiðrétta það. Og þetta er sú upphæð, sem tekjur vantar enn fyrir. Mér er það ljóst, að þetta er flókið dæmi, sem hér er um að ræða, og ég endurtek, að ég hef ekki haft nema lítinn tíma og auðvitað mjög takmarkaða aðstöðu til þess að gera þetta dæmi rækilega og endanlega upp, og ég skal fúslega taka því, ef í þessu eru einhverjar villur, verulegar geta þær ekki verið, að ég trúi. En ég skal fúslega taka því við 3. umr., til meira ætlast ég ekki en það kunni að vera, að þessar tölur séu ekki fullkomlega nákvæmar. En ég staðhæfi aftur, veruleg breyting verður ekki á þessum tölum, jafnvel þó að færustu sérfræðingar fari yfir þær og skoði þær ofan í kjölinn. En ég segi það enn, til þess að ástæðulaust verði að brigzla mér um nokkurn illvilja, þegar endanlega verður um þetta rætt við 3. umr. málsins, að auðvitað eru þetta útreikningar, sem ég geri, eins og sagt er, á hné mér hér í þingsölunum á grundvelli þeirra gagna, sem liggja fyrir okkur þm. á borðinu. Og við slíkar vinnuaðstæður og á þeim litla tíma, sem um hefur verið að ræða, er auðvitað ekkert undarlegt, þó að einhverju kunni að skakka. Og ég tek því ekki með neinum illindum, heldur þvert á móti skyldi fúslega játa, ef ég er sannfærður um það, að einhverjar af þessum tölum séu ekki nákvæmlega eins og þær eigi að vera. En í stórum dráttum hygg ég þetta vera þá mynd, sem við hinu háa Alþ. blasir. Af þessari stærðargráðu er sú tala, sem Alþ. þarf að samþykkja löggjöf um tekjuöflun fyrir einhvern tíma í byrjun næsta árs.

Ég hygg, að enginn geti dregið það í efa, sem þetta heyrir, að þessi fjárlög verður að kalla verðbólgufjárlög. Samþykkt þeirra í þessu formi getur ekki haft annað í för með sér en stóraukna verðbólgu, stórkostlega verðbólgu á árinu 1972, og það á mesta veltutíma, sem yfir íslenzka þjóð hefur gengið. Þetta er ein glannalegasta fjárlagaafgreiðsla, sem ég man eftir, og hef ég setið hér í fjórðung aldar.

Þá skal ég leyfa mér að fara örfáum orðum um nokkrar brtt., sem ég flyt, sumpart einn og sumpart ásamt tveimur flokksbræðrum mínum. Þar er um að ræða smávægilegar upphæðir, þegar borið er saman við – ja, það liggur við, að maður sé feiminn við að fara að tala um svona litlar tölur, þegar maður er búinn að tala um þær ógnarlegu tölur, sem ríkisstj. leggur á borðið fyrir mann. Og það gefur alveg auga leið, að þegar engin tekjuáætlun liggur fyrir, þá er náttúrlega ekki hægt að ræða, hvernig eigi að breyta tekjuáætluninni til þess að mæta þeim litla útgjaldaauka, sem ég sting hér upp á. En það kann að vera hægt við 3. umr. Þegar maður veit, hvernig ríkisstj. hugsar sér að greiða sínar 3 745 millj., þá skal ég vera reiðubúinn til að gera grein fyrir því, hvernig ég get hugsað mér að standa undir kostnaðinum við þær smáupphæðir, sem ég og við höfum hér í okkar till. Það ætti að vera afskaplega vandalítið.

Á þskj. 195 eru 6 till., sem ég skal gera grein fyrir í örstuttu máli. 1. till. er um það að hækka stofnkostnað, byggingarframlag til Hamrahlíðarskólans um 21 millj. Hæstv. ríkisstj. hefur skorið niður ósk skólastjóra Hamrahlíðarskólans um 21 millj. Hann óskaði eftir 41.1 millj. kr. til að halda áfram byggingu Hamrahlíðarskólans, og það er sú till., sem ég legg til, að verði í fjárlagafrv. Mér er þetta mál sérstaklega hugstætt, sérstaklega kunnugt, vegna þess að gerð var fyrir nokkrum árum áætlun um byggingu Hamrahlíðarskólans. Það var unnið eftir áætlunarreglum og gerð áfangaáætlun um byggingu skólans í heild á nokkrum árum. Það, sem hér hefur gerzt núna, er það, að þessari áætlun er raskað, og mun bygging Hamrahlíðarskólans tefjast við þetta um a. m. k. eitt ár. Ég þykist alveg sjá, hvað hér hefur verið að gerast. Það er það, að til byggingarkostnaðar Menntaskólans á Ísafirði er varið því fé, sem nauðsynlegt hefði verið eða hefði átt að fara til Hamrahlíðarskólans, ef greiðsluáætlun hans hefði verið fylgt. Ég hef síður en svo á móti því, að byggingu Menntaskólans á Ísafirði sé hraðað, síður en svo, ég er því fylgjandi. Ég er mikill stuðningsmaður þess skóla. En ég vil ekki, að það sé gert með þeim hætti, að fé sé tekið af fjárveitingu Hamrahlíðarskólans, sem ég tel raunar, að honum hafi verið lofað með þeim áætlunum, sem menntmrn. hefur gert um byggingu Hamrahlíðarskólans.

2. till. er um það að hækka byggingarframlag til

Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans úr 1 millj. í 10 millj. kr. Það er sú ósk, sem skólastjóri Kennaraskólans bar fram, 10 millj. kr., og ég þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þess, að Æfinga- og tilraunaskólinn komist sem fyrst á fót, einkum og sér í lagi eftir að Kennaraháskólanum hefur verið komið á fót, þá er Æfinga- og tilraunaskólinn enn nauðsynlegri heldur en áður var. Hér er ekki um neitt yfirboð á einn eða neinn að ræða. Hér er um þá till. eina að ræða að stinga upp á því, að orðið sé við óskum stjórnar Kennaraskólans um fjárveitingu til Æfinga- og tilraunaskólans.

3. till. lýtur að því, að ég vil ekki trúa öðru en hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir lögfestingu grunnskólafrv. nú á þessu þingi, þó að ekkert hafi bólað á því enn sem komið er. Grunnskólafrv. var lagt fram snemma á s. l. þingi og hlaut einstaklega góðar undirtektir þingheims yfir höfuð að tala. Þar töluðu menn úr öllum flokkum um málið, um grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi. Úr öllum flokkum töluðu menn um málið og það hlaut sérstaklega góðar undirtektir, enda var frv. rækilega undirbúið og hafði einróma meðmæli allra kennarasamtaka og skólamanna yfir höfuð að tala. Um það var fjallað rækilega, mjög rækilega, í hv. menntmn. Nd., sem innti af höndum mikla vinnu í sambandi við málið og kannaði skoðanir fjölda skólamanna og sveitarstjórnarmanna á stefnu þess og efni, og ég vissi ekki betur en fulltrúar allra flokka í menntmn. væru efnislega sammála frv., en það og frv. um skólakerfi þótti hins vegar svo viðurhlutamikið, að það væri ekki eðlilegt að afgreiða það mál á einu þingi, það væri eðlilegt að athuga málið milli þinga, kynna það skólanefndum út um allt land, sem var gert. Það var sent öllum skólanefndum á landinu á s. l. vori, svo að málið hefur fengið rækilega kynningu. Ég skil ekki, af hverju frv. hefur ekki verið sýnt enn á þessu þingi. Ég er með engar getsakir í þeim efnum, mér dettur ekki annað í hug en ríkisstj. leggi frv. fram og eftir þann rækilega undirbúning, sem það fékk á síðasta þingi, verði það að lögum á þessu þingi. En það hefur bara gleymzt að gera ráð fyrir því í fjárlagafrv., að frv. verði að lögum, og úr því vildi ég gefa hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum kost á að bæta. Og þess vegna hef ég samkv. grunnskólafrv. reiknað út, hvað það mundi kosta, ef frv. kæmi til framkvæmda 1. sept. n. k. Það mundi kosta 48 millj. kr. og þar er næstum eingöngu um launakostnað að ræða. Um þetta er 3. till.

4. till. fjallar um það, að láta ákvæði gildandi skólakostnaðarlaga um greiðslu á hluta ríkisins af stofnkostnaði barna- og gagnfræðaskóla koma til framkvæmda á þrem árum í stað fjögurra. Þetta mál hefur þegar verið rætt nokkuð sérstaklega af hv. 2. þm. Vestf., sem fjallar sérstaklega um skólamál í fjvn. og hefur fjallað um mörg undanfarin ár og er þeim málum, hygg ég, að öllum öðrum ólöstuðum einna kunnugastur allra þm. Eins og hann tók fram áður, var upphaflega gert ráð fyrir því í skólakostnaðarlögunum, að þegar skyldi koma til framkvæmda þriggja ára greiðsluregla í stað fimm ára greiðslureglu. Við athugun þótti slík svo róttæk breyting ekki framkvæmanleg þegar í skyndi, svo að lögunum var frestað um tíma, en nú reyndust í fyrra, þó að lagaákvæðið um þriggja ára greiðslu væri aftur komið í gildi, slíkir erfiðleikar á afgreiðslu fjárlaga, að ég fyrir mitt leyti sem menntmrh. féllst á það við hv. fjvn. og hæstv. fjmrh., að í þeim fjárlögum skyldi enn miðað við fjögurra ára regluna, en í síðasta skipti. Um það varð samkomulag milli okkar fyrrv. fjmrh., við lýstum því báðir yfir, bæði í fjvn. og hér á hinu háa Alþ., að samkomulagið væri gert um það að framlengja fjögurra ára regluna einu sinni enn, en það skyldi verða í síðasta skiptið, – næstu fjárlög þyrftu að byggja á þriggja ára reglunni. Ég efast ekki um, að hæstv. fjmrh., sem þá átti sæti í fjvn. og fjallaði sérstaklega um meðferð skólamálanna í páv. fjárlagafrv., minnist þessa. Það efast ég ekki um. Nú er hins vegar orðin sú raunin á, að enn einu sinni er miðað við fjögurra ára regluna. Þess vegna hef ég talið rétt í framhaldi af yfirlýsingum á síðasta þingi að flytja till. um, að þriggja ára reglan verði nú látin koma til framkvæmda.

Þá er 5. till. Hún lýtur að hugmynd, sem er ekki ný, heldur hreyfði ég henni á síðasta þingi og hef raunar hreyft bæði í blaðagreinum og ræðum á undanförnum 1–2 árum, en hún fjallar um nauðsyn þess að hefja kennslu eða fræðslu fyrir fullorðna, sem geri þeim kleift að ljúka tilteknum prófum samkv. reglum, sem menntmrn. setji, og til framhaldsmenntunar á grundvelli áður tekinna prófa. Eitt af mínum síðustu verkum í menntmrn. var einmitt að leggja grundvöllinn að skipun nefndar til þess að skipuleggja slíka fræðslu. Sú nefnd er þegar tekin til starfa. Það var tilnefnt í hana eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Hún er tekin til starfa og starfar ötullega og ég veit, að þeir ágætu menn, sem þar eru, hafa fyllsta áhuga á því, að þetta mál komist til einhverra byrjunarframkvæmda, en það verður auðvitað ekki, ef ekkert fé er fyrir hendi, og þess vegna er hér lagt til, að smávægileg byrjunarfjárveiting verði veitt í þessu skyni.

Síðasta till. er um aðstoð við þróunarlöndin. Þar hefur ríkisstj. lagt til, að veittar verði 1.5 millj. kr., en ég hef hér með höndum erindi stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin til hv. fjvn., þar sem beðið er um 20 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Og sú beiðni er rækilega rökstudd í bréfi, sem ég eyði auðvitað ekki tíma hv. þm. til þess að hlusta á, en ég vildi aðeins fá leyfi til þess að lesa eina setningu úr bréfinu. Hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. ofansögðu fer stjórn Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin þess á leit við hv. fjvn., að á fjárlögum næsta árs verði veittar alls 20 millj. kr. í þágu þróunarlandanna. Samkv. lauslegri áætlun okkar munu framlög Íslands til þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna, er vinna að málefnum þróunarlanda, svo og til IDA, stofnunar, er starfar að þessum málum á vegum Alþjóðabankans, nema um 25 millj. kr. Alls mundu þá framlög Íslands til þróunarlandanna nema um 45 millj. kr., ef við beiðni okkar yrði orðið. Það er u. þ. b. 1‰, 1 af 1000, af verðmæti þjóðarframleiðslunnar, en til samanburðar má geta þess, að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er samsvarandi tala 7 af 1000 eða sjöföld á við það, sem hér er.“ – Þetta er um brtt. á þskj. 195.

Þá flytjum við þrír Alþfl.-menn nokkrar brtt., 12 að tölu, það er postulatalan, á þskj. 183. Við tókum það til bragðs að fara yfir brtt. páv. stjórnarandstöðu við fjárlagafrv. í fyrra. Það reyndist langur listi. Sú hugmynd kom upp, að rétt væri nú að gefa núv. stjórnarsinnum kost á því að samþykkja allar sínar till. frá því í fyrra. Hins vegar var augljóst, að það var til helzt til mikils

mælzt, því að sannleikurinn var sá, að sá tillöguflutningur í heild var svo ofboðslegur, að ég ætla núv. ráðh. og stuðningsmönnum þeirra ekki það að samþykkja annað eins og þetta núna. Hins vegar fannst okkur rétt að gefa hv. núv. stjórnarsinnum nokkurn kost á því að sýna, hvað fyrir þeim vakti með tillöguflutningi þeirra í fyrra. Og þess vegna höfum við á þskj. 183 valið úr stórum og skrautlegum akri 12 falleg blóm og flutt þau hér sem brtt. á þskj. 183. Ég vona, að flm. kannist við hver sína till., þegar hún verður borin upp undir atkv. á morgun. Og það yrði honum þá til sérstaks ánægjuauka að fá að greiða atkv. með till., þó að hún sé orðin eins árs gömul. Það er alveg óhætt að róa samvizku hlutaðeigandi þm. með því, að þó að tölurnar séu nákvæmlega þær sömu, allar saman, sem þeir stungu upp á í fyrra, þá er byrði ríkisins af þeim orðin mun minni heldur en hún hefði verið í fyrra, vegna þess að verðgildi krónunnar hefur lækkað mjög verulega síðan. (Gripið fram í.) Nei, okkur þótti það nú ekki rétt. Þá mundi kannske því verða borið við, ef sagt væri nei. Nú verður að bera einhverju öðru við en því, ef sagt kynni að verða nei, sem ég auðvitað á ekki von á. Ef hv. stjórnarsinnar samþykkja þessar till. sínar frá því í fyrra, þá náttúrlega ber það vott um, að ekki aðeins mikil alvara hafi fylgt máli í fyrra, heldur og að um mikla trú á mikinn og góðan málstað hafi verið að ræða. Ef svo ólíklega kynni að fara, að þeir felldu nú þessar eigin till. sínar frá því í fyrra, að þeir deyddu þessi fallegu blóm, sem þeir sáðu í stóran akur í fyrra, ja, þá getur það varla verið af öðru en því, að í fyrra – annaðhvort af því, að í fyrra hafi ekki fylgt algerlega hugur máli – (Gripið fram í.) Já, já, það er enginn vandi að rökstyðja það, af þeirri einföldu ástæðu, að ég taldi þá þær fjárveitingar, sem við höfðum lagt til þeirra þarfa, eins og þá var ástatt, vera nægilegar. Ég stend við það fullkomlega. Ég segi það enn og ég segi það hundrað sinnum enn, ef menn óska eftir því. Þær þykja víst nægilegar. En hv. stjórnarandstæðingum fannst þær ekki nægilegar þá. Og það er það, sem er mergurinn málsins. Og nú skal þeim gefinn kostur á því að sýna það, að menn hafi í fyrra haft rétt fyrir sér. Ef þeir greiða ekki atkv. með þeim á morgun, þá höfðu þeir í fyrra rangt fyrir sér.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði hér að umtalsefni afgreiðslu fjárlaga á árunum 1960 og næsta áratug. Hann minntist á það, að við 2. umr. hefði stundum verið geymt fram til 3. umr. að afgreiða eftirlaun, ýmsar verklegar framkvæmdir, skólabyggingar, brúabyggingar o. fl. Og einnig hefði komið fyrir, að geymt hefði verið til 3. umr. að gefa yfirlit um tekjuáætlunina. Þetta er auðvitað rétt, og þetta sama á sér náttúrlega að nokkru leyti stað nú og jafnan og er ekkert við það atriði að athuga. Þessi ummæli hæstv. ráðh. eru engan veginn svar við því, sem hér hefur verið einkum að fundið varðandi málsmeðferðina nú. Það er allt annað. Það, sem hér er deilt á, er það, að enn er ekki búið að ganga frá sumum grundvallarlögum, sem fjárlagafrv. verður byggt á. Hér hafa verið lögð fram nú alveg nýskeð frv. um gjörbreytingu á tekjuskatti og eignarskatti til ríkisins, gjörbreytingu, sem hefur það í för með sér, að ef samþ. verður óbreytt, þá mun tekjuáætlun fjárlaga af tekjuskatti hækka stórkostlega, jafnvel kannske upp undir það tvöfaldast.

Annað frv., sem hér hefur verið lagt fram um tekjustofna sveitarfélaga, hefur líka veruleg áhrif á fjárlagafrv. sjálft, vegna þess að samkv. því er gert ráð fyrir því að bæta á fjárlög ýmsum útgjöldum, sem sveitarfélögin inna nú af höndum. Nú er það svo, að þessi frv. hafa ekki verið rædd, ekki einu sinni við 1. umr. hér í þingi, og það er alveg óséð enn, hvort þessi frv. verði afgreidd óbreytt eða í meginatriðum eins og þau eru, m. a. vegna þess að þessi mikilvægu frv. og umfangsmiklu hafa því miður ekki hlotið þann undirbúning, sem æskilegt hefði verið. Að því er snertir t. d. jafnstórt mál eins og tekjustofna sveitarfélaga og verulegar breytingar á verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þá ætla ég, að Samband ísl. sveitarfélaga muni lítið sem ekkert hafa fengið um það að fjalla. Vegna hins ónóga undirbúnings á þessum tveimur mjög mikilsverðu málum, verður auðvitað að draga það í efa, að slík handjárn hafi verið sett á þm. hæstv. ríkisstj., að þeir hafi fyrir fram ákveðið það eða verið bundnir til þess að samþykkja þetta allt saman óbreytt. Hér er það mjög aðfinnsluvert og ámælisvert, að jafn mikilvæg frv. eins og þessi tvö fyrir afgreiðslu fjárlaga, undirstöðuatriði í fjárlögum, skuli ekki hafa verið lögð fyrir Alþ. miklu fyrr, til þess að Alþ. fengi um þau að fjalla, og náttúrlega þyrfti svo að vera eða hefði þurft og í mestu samræmi við það, sem áður hefur viðgengizt, að slík frv. væru ekki aðeins rædd, heldur orðin að lögum, áður en fjárlagafrv. er afgreitt. Ég skal ekki fara út í þetta atriði frekar hér að sinni. E. t. v. gefst tækifæri til þess að ræða þetta nánar við 3. umr. fjárl.

Það, sem ég ætlaði hér fyrst og fremst að gera, er að mæla örfá orð fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 192. Það er um, að framlag til listamannalauna skuli hækka úr 5 millj. 630 þús., eins og það er í frv., upp í 8 millj. kr. Fyrir fjvn. hafa legið tvö erindi, annað frá Rithöfundasambandi Íslands og hitt frá Félagi ísl. rithöfunda. Í hinu fyrra er lýst nokkurri undrun yfir því, að framlag til listamannalauna skuli óbreytt í frv. fyrir árið 1972 frá því, sem það er í fjárlögum yfirstandandi árs. Og stjórn Rithöfundasambandsins telur brýna nauðsyn bera til, að framlögin verði hækkuð verulega, þau séu ófullnægjandi, og telur æskilegt, að fylgt verði þeirri stefnu, sem fram hefur komið í till. ýmissa þm. núv. stjórnarflokka á undanförnum árum um verulega hækkun á listamannafé.

Í hinu erindinu er ákveðin upphæð nefnd. Það er óskað eftir, að upphæðin sé hækkuð í 8 millj. kr., og um það fjallar till. mín. Í því bréfi segir m. a. svo:

„Hækkanir listamannalauna á undanförnum áratugum hafa hvergi nærri haldizt í hendur við stórkostlega aukningu á öðrum útgjöldum ríkissjóðs. Þetta er þeim mun tilfinnanlegra, sem þörfin á fé til bókmennta- og listsköpunar hefur farið ört vaxandi síðustu árin, bæði við mikla fjölgun listamanna og listgreina með þjóðinni auk rýrnandi kaupmáttar krónunnar."

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta nauðsynjamál, að búa sem bezt að listamönnum þjóðarinnar og skapa þeim viðunandi starfsskilyrði. En vegna þeirra ummæla, sem hér eru viðhöfð í bréfi Félags ísl. rithöfunda, um það, að hækkanirnar hafi ekki haldizt í hendur við aukningu á öðrum útgjöldum, þá vil ég aðeins leyfa mér að staðfesta það, því að ef litið er á árin

t. d. 1960–1961 og næstu ár þar á eftir, þá er það yfirleitt þannig, að upphæð til listamannalauna er tæplega eða um 1‰ af heildarútgjöldum ríkisins. Þannig er það um margra ára skeið, 0.9–1‰ af heildarútgjöldunum. En samkv. stjfrv., eins og það var lagt fyrir, þá er upphæðin til listamanna, og tek ég þá alla þrjá liðina, bæði heildarupphæðina, heiðurslaunin og starfslaunin, þá er upphæðin ekki 1‰, heldur tæplega 0.6‰ af heildarútgjöldum fjárlaga. Það er því rétt, sem nefnt er í bréfi rithöfundanna, að hér hefur hrakað mjög hlutfallinu. Jafnvel þótt till. hv. fjvn. yrðu samþ., eins og þær liggja nú fyrir eftir leiðréttingu, og eins þó maður fari mjög vægilega í áætlun á hækkun fjárlaga, þá er það sýnilegt, að þessar upphæðir verða samt sem áður ekki yfir 0.7‰ af heildarútgjöldum fjárlaga. Hér er auðvitað ákaflega óheppilega að farið, þegar hlutfallið lækkar svo mjög af heildarútgjöldum fjárlaga frá því, sem verið hefur lengi áður. En þetta er auðvitað ekki eina ástæðan til þess, að farið er fram á þá hækkun, sem hér er um að ræða, heldur hin brýna þörf. Þessari upphæð, sem hér er lagt til, að verði hækkuð úr 5.6 millj. í 8 millj., er úthlutað af sérstakri nefnd, sem kosin er af Alþ., 7 manna nefnd, og hefur hún haft þá reglu að skipta þessu í tvo hópa. Á s. l. ári fékk annar flokkurinn 40 þús. kr. listamannalaun, en hinn flokkurinn 80 þús. Ég veit það ákaflega vel af samtölum og kynnum af ýmsum þeim mönnum, sem sitja í þessari nefnd, að það hefur verið ákaflega erfitt starf, næstum því óvinnandi verk að úthluta þessari upphæð og brýn nauðsyn nú á næsta ári bæði að hækka þessar fjárhæðir, sem náttúrlega nú miðað við núverandi launakjör og lífskjör í landinu eru allt of lágar, og auk þess að fjölga þeim, sem fá þessa styrki.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. En það er nú áliðið kvölds og líklega kominn tími til kvöldbæna, og það er gamall og góður siður og talið hollt hverjum manni að fara með gott orð undir svefninn. Og ég vil því að ráði hæstv. forsrh. grípa kverið hans og fletti þá upp í Ólafi IV. 18., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Listir, bókmenntir og önnur menningarstarfsemi hljóti aukinn stuðning."

Og ég vil nú, að það verði kvöldbæn mín, að stjórnin beri gæfu til að standa vel við orð sín og henni megi auðnast viðsýni til þess að leyfa stuðningsmönnum sínum að gera það, sem þá langflesta langar til, en það er að greiða atkv. með till. minni listamönnum landsins til farsældar og hagnaðar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 197 og 199, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 43 shlj. atkv.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að ræða í einstökum atriðum eða í heild það frv. til fjárlaga fyrir árið 1972, sem hér liggur fyrir til 2. umr., heldur gera stuttlega grein fyrir tveimur litlum brtt., sem við 5. þm. Reykn. leggjum hér fram við frv. og brtt. við það. Þó get ég nú ekki orða bundizt með það að láta í ljós undrun mín á því, hvernig að þessum málum er staðið hér á hinu háa Alþ. varðandi undirbúning og afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umr. Það má vel vera, að sumum hinna eldri hv. þm. þyki þetta harla gott og mikið öðru vísi geti þetta varla verið og kann svo vel að vera. En fyrir nýliða eins og mig hér á þessum vettvangi, sem þó hefur nokkur kynni af fjármálum sveitarfélags, þá er allur málatilbúnaður í sambandi við þetta mikilsverðasta mál, sem Alþ. fær til meðferðar, með þeim hætti, að mér kemur nokkuð á óvart, svo að ekki sé meira sagt. Í því efni er af miklu að taka, en ég skal ekki lengja umr. með því að fara að ræða það ítarlega, enda hafa aðrir ræðumenn gert það hér á undan mér. En mér finnst t. d. alveg fráleitt annað við 2. umr. en að unnt sé að gera sér grein fyrir í stærstu dráttum niðurstöðutölum fjárlagafrv., og einnig hvernig eigi að afla þess fjár, sem standa á undir fyrirhuguðum útgjöldum. Það er af og frá, að það sé hægt af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, en út í þessi atriði skal ég ekki fara nánar, þar sem öðrum ræðumönnum hefur orðið mjög tíðrætt um þetta hér í þessum umr. Það er fjarri mér, að ég vilji fara að endurtaka nokkuð af því, sem þeir hafa sagt. En þær brtt., sem ég hef lagt fram ásamt 5. þm. Reykn. og vil gjarnan gera grein fyrir hér, fjalla í fyrsta lagi um utanrrn. Við viljum leggja það til, að varið verði 5 millj. kr. til þess að koma á sérstakri viðskiptaþjónustu í íslenzkum sendiráðum. Það hefur verið mjög um það rætt á liðnum árum, að fyrir löngu sé orðið tímabært að endurskipuleggja íslenzka utanríkisþjónustu með það fyrir augum að gera hana virkari til starfa fyrir íslenzka viðskiptahagsmuni. Í málefnasamningi núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á utanríkisþjónustunni. Er satt að segja ekki að undra, þótt slíkar yfirlýsingar komi fram í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj.-flokka, þegar haft er í huga, að einmitt formælendur sumra þeirra hafa haldið mjög á lofti nauðsyn þess, að slík endurskoðun færi fram, þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu. Og nú er eftir að sjá, hvort núv. stjórnarflokkar standa við stóru orðin í þessum efnum.

Ég er einn þeirra, sem er þeirrar skoðunar, að knýjandi sé að efla starfsemi íslenzkra sendiráða á sviði verzlunar og viðskipta. Gagnlegt starf að þessu leyti getur verið ómetanleg stoð þeim aðilum, sem að sölumálum vinna, ef rétt er á málum haldið. Vissulega vinna íslenzkir sendiráðsmenn að þessum málum með ýmsum hætti. Þeir greiða fyrir starfi íslenzkra útflytjenda, ef um slíkt er beðið og veita persónulega aðstoð við lausn hvers konar vandamála í sambandi við útflutningsmál. Þeir veita útflytjendum upplýsingar um tolla og innflutningshöft og aðrar reglur viðvíkjandi útflutningsvörum okkar. Þeir benda útflytjendum á ný viðskiptasambönd og nýja sölumöguleika og koma áleiðis til réttra aðila á Íslandi upplýsingum, sem að gagni koma við sölustarfið. En þrátt fyrir þetta starf, sem þeir hafa unnið að og hér hefur verið minnzt á, vantar mikið á, að þeir hafi þann tíma, sem þörf er á til að sinna þessum mikilsverðu verkefnum vegna annarra verkefna, sem þeir komast ekki hjá að sinna. M. ö. o., það er fámenni íslenzkra sendiráða, sem gerir það að verkum, að þau geta ekki sinnt aðkallandi verkefnum, sem snerta sölu- og markaðsmál útflutningsvara okkar. Það mál verður að minni hyggju bezt leyst með því að ráða sérstaka menn til helztu sendiráða okkar til þess að sinna þessum málum eingöngu. Það er nefnilega ekki hægt að ætlast til þess með sanngirni, að íslenzk sendiráð, eins og þau eru nú skipuð, geti sinnt markaðs- og viðskiptamálum, svo að verulegt gagn sé að, með þeim mannafla, sem þau hafa nú á að skipa. Þau verða að fá

fleiri starfsmenn til þess að sinna þessum málum og til þess að þeim verði komið í það horf, að viðunandi geti talizt. Þess vegna er þessi till. okkar hv. 5. þm. Reykn. um 5 millj. kr. framlag til viðskiptaþjónustu við íslenzk sendiráð fram komin, og hún miðar að því að leysa þennan vanda og gera íslenzkum sendiráðum kleift að auka þjónustu sína við íslenzka útflytjendur og sölumenn á erlendum mörkuðum.

Síðari till., sem ég vildi hér gera grein fyrir, fjallar um fjárveitingu til Æskulýðssambands Íslands. Þess hefur verið farið á leit við fjvn. og hv. Alþ., að það veiti á næsta ári 330 þús. kr. til starfsemi þess. Æskulýðssamband Íslands samanstendur af 12 æskulýðssamtökum. Það var stofnað árið 1952. Í lögum þess segir svo um markmið sambandsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið ÆSÍ er að efla samstarf og kynningu meðal íslenzkra æskulýðsfélaga og koma fram sem fulltrúi þeirra innanlands og utan. Markmiði sínu hyggjast samtökin m. a. ná með því í fyrsta lagi að halda uppi námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn aðildarsambanda sinna, með útgáfustarfsemi o. s. frv. Í öðru lagi að starfrækja upplýsinga- og fyrirgreiðsluskrifstofu í Reykjavík fyrir æskulýðssamtökin í landinu og veita þeim að öðru leyti þá þjónustu, sem tök eru á. Í þriðja lagi að starfa í anda Mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna og hafa vinsamleg samskipti við æskulýðssamtök hvar sem er í heiminum. Í fjórða lagi að vinna að innlendum og alþjóðlegum baráttumálum ungs fólks."

Þetta samband hefur vissulega unnið að ýmsum mikilsverðum málefnum á liðnum árum. Sem dæmi um slík málefni mætti nefna, að þau áttu frumkvæðið að stofnun Landverndar, samtaka, sem unnið hafa merkilegt og mikilsvert starf á sviði gróðurverndar og uppgræðslu. Æskulýðssamband Íslands hafði frumkvæði að svo kallaðri „Herferð gegn hungri", sem stóð að fjáröflun til hjálpar bágstöddu fólki í þróunarlöndunum. Æskulýðssamband Íslands hefur einnig staðið fyrir ýmiss konar ráðstefnuhaldi á yfirstandandi ári, svo sem norrænu æskulýðsmóti á s. l. sumri, sem fjallaði um Ísland fyrr og nú, og ráðstefnu um mismunun kynja fyrir stuttu síðan, en sú ráðstefna vakti almenna athygli. Vaxandi umsvif sambandsins á næsta ári á innlendum og erlendum vettvangi liggja til grundvallar brýnni þörf fyrir þá fjárveitingu, sem við hér höfum lagt til, að veitt yrði til þessara æskulýðssamtaka á næsta ári. Ég vil í því sambandi benda á tvær ráðstefnur, sem ákveðið hefur verið að halda á næsta ári. Önnur þeirra fjallar um landhelgismál og hafmengun. Í henni munu taka þátt ungir menn og konur frá Vestur-Evrópu. Hin ráðstefnan er um minnihlutavandamál þjóða. Er búizt við þátttöku frá Bandaríkjunum, Mexíkó, Kanada og frændþjóðum okkar á Norðurlöndum í þessari ráðstefnu. Þá hefur þetta samband áætlanir á prjónunum um að láta til sín taka á næstunni í vaxandi mæli í baráttunni gegn fíknilyfjaneyzlu, svo að dæmi séu tekin um þau málefni, sem þessi samtök láta sig skipta.

Ég leyfi mér að vona, að hv. þm. sjái sér fært að veita þessari till. brautargengi. Ég get ekki betur séð en starfsemi Æskulýðssambands Íslands hafi verið með þeim hætti, að réttmætt sé á allan hátt og eðlilegt, að stutt sé myndarlega við bakið á þessum samtökum og því æskufólki, sem að þeim standa, með fjárframlagi, sem þeim er nauðsynlegt að fá til að geta rekið þessa starfsemi með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um tvær litlar brtt. við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að hv. fjvn. sjái sér fært, að nánar athuguðu máli, að mæla með samþykkt þessara till., leyfi ég mér að taka þessar till. til baka til 3. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 193 flyt ég brtt. við fjárlagafrv., ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. Er hún í því fólgin, að fjárveiting til ferðamála verði aukin úr 5 millj. upp í 10 millj. kr. Hér er ekki um mikla fjárhæð að ræða miðað við þær stórfelldu hækkanir, sem orðið hafa á ýmsum liðum fjárlagafrv. og mönnum hefur orðið tíðrætt um. Er það að vonum, að menn séu nokkuð uggandi, þegar hækkanir verða svo stórstígar á ýmsum greinum fjárlaga, eins og nú eru allar horfur á. Það er auðvitað ákaflega gaman að geta veitt fé til fjölmargra nytsamra mála og málaflokka. Það er líklega eitt af því skemmtilegasta, sem hægt er að hugsa sér. Flestum lærist þó með tímanum, að í því efni er óhjákvæmilegt að ganga hægt um gleðinnar dyr, því að oft tæmist pyngjan fyrr en varir, og ríkiskassinn er ekki alltaf barmafullur. Þess vegna er ekki að undra, þótt mörgum ofbjóði talnaflóðið. Og það er ofur eðlilegt, að þm. vilji og reyni að sýna þá gát og varúð að spyrjast a. m. k. fyrir um, hvort nægilegt fé verði í kassanum til að mæta öllum þeim útgjöldum, sem fyrirhuguð eru. Ber fjármálastjórninni að sjálfsögðu að taka öllum efasemdum í þá átt með fullum skilningi og stillingu. Það er vissulega oft vandi að velja og hafna, þegar um mörg aðkallandi nauðsynjamál er að ræða. Eðlilega ræður oft það sjónarmið, hvort nokkuð fáist í aðra hönd fyrir ákveðna fjárveitingu. Sjálfsagt þykir því að styðja að vexti og viðgangi atvinnuvega þjóðarinnar með því að láta fé renna til þeirra í ýmsum myndum svo sem tök eru á.

Ein er sú atvinnugrein, sem þróazt hefur ört hér á landi hin síðari ár, en það er þjónusta við erlenda ferðamenn. Á árinu 1970 er talið, að tekjur af erlendum ferðamönnum hafi numið um 1 milljarði kr. Á því ári mun allur útflutningurinn hafa numið um 12.9 milljörðum. Af þessu sést, að hér er um mjög mikilvæga atvinnugrein að ræða, sem engan veginn er hægt að loka augum fyrir. Flestir telja og, að hún eigi mjög mikla framtíð fyrir sér, ef rétt er á haldið. Þarf ekki annað en líta til ýmissa annarra landa, þar sem tekjur af hvers konar ferðamannaþjónustu eru snar þáttur í tekjuöflun ríkis og einstaklinga. Það er nú ekki lengur hægt að efast um, að Ísland hefur mikil og góð skilyrði sem ferðamannaland og glæsta framtíð í þeim efnum, ef landsmenn aðeins vilja. Þó að mjög margt hafi breytzt til batnaðar á undanförnum árum til að unnt sé að veita ferðamönnum góðar móttökur, er þó æðimargt ógert. Það er sérstaklega víða úti um land, sem skórinn kreppir að í þessum efnum. Eitt af því, sem nauðsynlegt er að gera, er að efla Ferðamálasjóð, svo að hann geti að einhverju leyti staðið við bakið á þeim, sem að þessum málum vinna.

Í fjárlagafrv. er nú gerð till. um 5 millj. kr. í þessu skyni. Mér er kunnugt um, að forsvarsmenn ferðamála telja fjárhæð þessa allt of lága miðað við fjárþörf, en ég hygg, að tvöföldun hennar, eins og till. okkar gerir ráð

fyrir, mundi verða til mikilla bóta. Að sjálfsögðu er mér fullljóst, að till. leysir engan veginn allan vanda á sviði ferðamála. Þar þarf fleira að athuga. En ég tel hana skipta verulegu máli, svo miklu máli, að þetta er eina brtt., sem hreyft er af minni hálfu við þessa umr. fjárlaga. Væri þó ærin ástæða til að minnast á fleiri málaflokka, bæði lands- og héraðsmál, og hreyfa auknum fjárveitingum til þeirra. En það verður látið bíða um sinn, eins og málum er háttað við þessa umr. Ég vona, að hv. alþm. hugleiði till. þessa vandlega. Þá munu þeir komast að raun um, að hér er um unga og upprennandi atvinnugrein að ræða, sem líkleg er til að renna styrkum stoðum undir tekjuöflun þjóðarbúsins í framtíðinni, ef að henni er hlynnt svo sem vera ber. Vænti ég þess, að till. finni náð fyrir augum hv. alþm. og verði samþykkt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við höfum nú orðið vitni hér í kvöld og í dag að mjög kostulegum umr., umr., sem ég satt að segja átti ekki von á að taka þátt í eða vera vitni að, svo undarlega sem öll þessi mál ber að. Við verðum vör við það hér á þingi, að fjárlög eða fjárlagatillögur hækka frá einni stund til annarrar, jafnvel frá einni ræðu til annarrar, og eftir nýjustu upplýsingum á hækkunin að nema nú um 6 milljörðum frá því, að fjárlagafrv. var lagt fram hér fyrir nokkrum vikum síðan, og ég verð að játa, að ég er ekki enn þá búinn að átta mig á því, hvernig bókstaflega er hægt á ábyrgri samkomu eins og þessari að viðhafa slík vinnubrögð. Það var sagt hér utan þingsala fyrr í dag, að þetta bæri vott um sérstaka fjármálasnilli hæstv. fjmrh., og læt ég svo þingheim um að dæma um það, hvort þau orð hafi verið viðhöfð sem lof ellegar háð. En af fullri hreinskilni og í fullri alvöru viðurkenni ég, að ég stóð í þeirri meiningu, að hæstv. ríkisstj. hygðist stemma stigu við verðbólgu í þessu landi og hún hefði viss tækifæri til þess með styrk sínum, m. a. í verkalýðshreyfingu og með aðstöðu til þess að beita sér fyrir slíkum samningum milli aðila vinnumarkaðarins, að verðbólgu yrði haldið í skefjum, og þess vegna kemur mér mjög á óvart og er jafnvel furðu lostinn að heyra jafnreynda stjórnmálamenn eins og hæstv. fjmrh. bera blak af þeim till., sem lagðar hafa verið fram af hæstv. ríkisstj. og fjvn. eða meiri hl. hennar, bera blak af því á þann hátt, að þetta frv. væri ekki verðbólguvaldur. Að vísu hefur hann játað, að verðbólgunni verði engan veginn haldið í skefjum með þessum till., en vill þó ekki viðurkenna, að hér sé raunverulega um upphaf nýrrar skrúfu, nýrrar óðaverðbólgu að ræða, og verður það að segjast eins og er, að það er ekki skiljanlegt af minni takmörkuðu reynslu, hvernig hægt er að horfa fram hjá því, ef menn vilja ræða þessi mál af skynsemi, að hér sé um að ræða till., hér sé um að ræða fjárlög, sem verða upphaf að verulegri og hættulegri verðbólguskrúfu.

Ráðh. taldi, að sú hækkun, sem fram kæmi í till. í fjárlagafrv., stafaði beint eða óbeint af aðgerðum fyrri ríkisstj., taldi þetta vera arf frá viðreisnarstjórninni, og ég hef þá velt fyrir mér, hvort líta eigi svo á, að þær till., sem hann telur nú horfa til umbóta og valda vissum tímamótum í átt til þjóðfélagslegra umbóta, sem hann telur, að markist af núv. fjárlagafrv., hvort eigi að skilja það svo, að það séu þá till. fráfarandi ríkisstj. Eða hvernig er hægt að segja það í öðru orðinu, að núv. ríkisstj. beiti sér fyrir vissri stefnubreytingu með fjárlagafrv., og í hinu orðinu að halda því fram, að allar þær hækkanir, sem þegar hafi komið fram, séu arfur frá fyrri stjórn?

Hæstv. fjmrh. hefur líka leitt rök að því, sem ég hef fullan skilning á, að flestar þær till., jafnvel allar þær till., sem til hækkunar horfa í till. ríkisstj., séu að ýmsu eða öllu leyti nauðsynlegar, og það sé ekki með góðu móti hægt að benda á neinn einstakan lið, sem sé þess eðlis, að hægt sé raunverulega að lækka hann. Og ef maður skoðar hverja till. út af fyrir sig, er hægt að fallast á þessi rök, því að það er svo í þessu þjóðfélagi okkar, að öll góð mál eiga rétt á sér, og þegar þau eru tekin ein út af fyrir sig, þá geta menn ekki beinlínis sagt: Þetta mál á ekki rétt á sér, við skulum skera þetta mál niður. En það er einmitt kúnstin við alla stjórnun, kúnstin er sú að velja og hafna milli einmitt þessara mörgu, góðu mála, og af kynnum mínum af slíkum fjárhagsáætlunum, m. a. hjá Reykjavíkurborg í allmörg ár, hef ég orðið var við það lögmál, sem gildir um slíkar áætlanir og slíkar till., að þar verður að velja og hafna og átta sig á því, hvað má taka inn og hvað á að hafa forgang. Þarna er um að ræða spurninguna um það, hvernig hægt er að auka við umbætur og þjónustu af hálfu hins opinbera, ríkis eða sveitarfélaga, um leið og maður heldur vissum sköttum eða útgjöldum á borgarana í skefjum. Vitaskuld er hægt að hækka og hækka og hækka enn, en þá leiðir það að sjálfsögðu af sér, að það verður jafnframt að hækka skatta, það verður jafnframt að hækka álögur á borgarana, og spurningin í stjórnun og spurningin, þegar um er að ræða fjárlög í þessu tilliti, er einmitt sú, hvað á að ganga langt til hækkunar, hve mikið er mögulegt að hækka þessa skatta og þessar álögur á þjóðina. Ef það er mat núv. ríkisstj., að hægt sé að hækka núv. fjárlög eða fjárlög frá fyrra ári um 6 milljarða á einni svipstundu, þá óska ég henni til hamingju og þá óska ég líka þjóðinni til hamingju með óvenjulega velferð og velsæld í þessu landi.

Ég hef leyft mér á þskj. 199 að bera fram mjög lítilmótlegar brtt. við það fjárlagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, og sýnast þær ekki miklar, þær brtt., með tilliti til þeirrar háu upphæðar, sem nú er verið að tala um hér í sölum Alþ. Að sjálfsögðu hafði ég áhuga á því að flytja hér margar brtt. til hækkunar á ýmsum liðum fjárlagafrv., en ég hélt, að ég væri hér kominn á alláberga samkundu og ekki væri eðlilegt að demba hér inn fjöldamörgum till. til hækkunar, án þess að gera grein fyrir því, hvernig standa skyldi skil á þeim hækkunum, og því hafði ég stillt mjög í hóf till. mínum og orðið við tilmælum og ábendingum eldri og reyndari þm. um að takmarka mjög tillöguflutning minn. Eftir að þróun mála er orðin sú, sem raun er á, bæði hér síðustu dagana með framlagningu ýmissa mála svo og vegna þess, sem augljóst er, að þessi fjárlög munu hækka, þannig að millj. kr., jafnvel tugir millj. skipta litlu sem engu, og með tilliti til þess, að fjmrh. sagði hér fyrr í vetur, þegar um var að ræða 90 millj. hækkun til Lánasjóðs ísl. námsmanna, að fjmrh. og ríkisstj. hefðu nú velt þyngra hlassi en svo, að ekki væri hægt að innbyrða slíkar smáupphæðir, með tilliti til þessa alls hef ég leyft mér að leggja fram hér lítilfjörlegar till. um tvö mál, sem ég tel þess eðlis, að ekki sé hægt að ganga fram hjá, og er raunar afskaplega undrandi á því, að í öllum þeim hækkunartillögum, sem fram hafa komið frá fjmrn. eða

fjmrh., svo og fjvn., skuli hafa verið litið fram hjá þessum tveimur málum, sem ég hef hér hugsað mér að gera till. um til hækkunar. En þar er um að ræða annars vegar till. til hækkunar til Æskulýðsráðs ríkisins og hins vegar til Umferðarráðs. Ég vil fara nokkrum orðum um þessar tvær till. minar, en skal ekki vera langorður.

Eins og hv. þm. eflaust muna, beindi ég fsp. hér fyrr í vetur til hæstv. menntmrh. um fjárveitingar til Æskulýðsráðs ríkisins og vakti athygli á því, að Æskulýðsráð ríkisins hefði verið stofnað með lögum á síðasta ári. Það hefði verið sett nú þegar sérstakt ráð og skipaður sérstakur framkvæmdastjóri fyrir þetta ráð. Það hefur verið mat manna, þ. á m. fyrrv. stjórnarandstæðinga, að hér væri um tímamótalög að ræða, hér væri um að ræða verkefni, sem við blöstu í æskulýðsstarfsemi þjóðarinnar, og enginn vafi væri á því, að þetta mál horfði mjög til bóta á þessum vettvangi. Hins vegar var talað um þá, að þetta mál stæði og félli með þeim fjárveitingum, sem til féllu til Æskulýðsráðs, og var nú eindregnum áskorunum beint til þáv. menntmrh. um að standa nú við stóru orðin og standa nú við þessa lagasetningu með því að veita rausnarlega fjárveitingu til Æskulýðsráðs. Þegar svo fjárlagafrv. birtist nú í haust, urðum við þess áskynja, að til Æskulýðsráðs var gert ráð fyrir, að veitt skyldi 100 þús. kr., og þar að auki rúmlega 2 millj. til hinna ýmsu æskulýðssamtaka, en að öðru leyti ekkert tillit tekið til þeirra fjárveitingaróska, sem Æskulýðsráð hafði farið fram á, og að því er virðist einskis virt sú tímamótalöggjöf, sem stjórnarandstæðingar töldu, að lögin um Æskulýðsráð ríkisins væru. Ég benti á í þeim umr., að Æskulýðsráð ríkisins hefði farið fram á 300 þús. kr. fjárveitingu til ráðsins sjálfs vegna reksturs þess og enn fremur auk þessarar rúmlega tveggja millj. kr. fjárveitingar, sem ég gat um áðan til hinna ýmsu æskulýðssamtaka, 3.5 millj. kr. til ýmissar starfsemi, sem Æskulýðsráð ætlaði að beita sér fyrir samkv. þessari lagasetningu. Fjárlagafrv. gerði ekki ráð fyrir þessum 3.5 millj. kr. Ég spurðist fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann hygðist beita sér fyrir því, að lausn fengist á þessu máli og í gegnum fjvn. gætu komið fram till. um hækkun, sem kæmi til móts við beiðni Æskulýðsráðs ríkisins. Mér hafði verið tjáð og ég upplýst hér, að svo mikil óánægja væri í Æskulýðsráði, að það stæði jafnvel fyrir dyrum hjá þeim að segja beinlínis af sér, þar sem algerlega væri brostin forsendan fyrir starfsemi þessa ráðs og lögin væru einskis virt með því að taka ekki tillit til þess frekar en það væri ekki til.

Hæstv. menntmrh. svaraði mér til, að hann gerði sér ljósa nauðsyn Æskulýðsráðs og þessarar starfsemi, sem þarna ætti að fara fram, og hafði uppi góð orð um það, að þessar fjárbeiðnir yrðu teknar til vinsamlegrar athugunar. Nú hefur komið fram till. frá meiri hl. fjvn., reyndar allri fjvn., sem gerir ráð fyrir því, að í stað 100 þús. kr. fjárveitingar sé gert ráð fyrir 700 þús. kr. Af þessu má þó sjá, að það er langt frá því, að þetta fé dugi nokkurn veginn til þess, að Æskulýðsráð geti nokkuð starfað í samræmi við þau ákvæði, er um það voru sett, og nær engan veginn þeirri beiðni, sem þeir settu fram í sínum áætlunum. Með hliðsjón af þeim áhuga, sem þáv. stjórnarandstæðingar, núv. stjórnarsinnar, sýndu, þá leyfi ég mér að bera fram nú till. til hækkunar upp í 3.8 millj., sem er í samræmi við áætlun og beiðni Æskulýðsráðs ríkisins. Ég biðst afsökunar á því, hversu seint þessi brtt. mín er lögð fram, en það stafar af því, að í þessum umr., sem ég hef getið um hér fyrr á þinginu, kom fram mikill áhugi hjá hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, á því að styðja þetta mál, og ég gerði mér von um að geta fengið hann sem meðflm. að þessari till. og skal játa, að ég gerði mér þá frekar vonir um, að það mál næði fram að ganga á þessu þingi, ef það væri undirritað af stjórnarsinna, en þar sem hv. 5. þm. Vesturl. er ekki viðlátinn og mér er ljóst, að erfiðara er við það að eiga að bera fram till. við 3. umr., þá vildi ég ekki láta hjá líða, að þessi till. kæmi hér fram, og ég heiti nú á stuðning allra þm., sem á annað borð hafa skilning á frjálsri æskulýðsstarfsemi í þessu landi.

Hin till. mín fjallar um Umferðarráð, og er þar gerð till. um, að fjárveiting til Umferðarráðs hækki úr 2 millj. í 5.8 millj. Ég hef, bæði vegna starfa minna hjá Reykjavíkurborg og eins sem áhugamaður um þessi mál, fylgzt nokkuð með þróun mála á þessum vettvangi, umferðarmálum, og það þarf ekki mikla íhygli til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að hér er að skapast mikið öngþveiti í umferðarmálum, og það er mikil nauðsyn á því að grípa mjög vasklega til varna. Í nýútkominni skýrslu frá Umferðarráði kemur fram, að slysum hefur fjölgað á árinu 1969–1970 um rúmlega 16% í umferðinni og dauðaslysum í umferð hefur fjölgað um rúmlega 22%. Þetta er mjög ískyggileg þróun, sem ég held, að öllum sé ljós, og ég vitna m. a. til þess, að hæstv. forsrh. hefur komið fram í sjónvarpsþætti og lýst sig mjög fúsan til þess að grípa til einhverra aðgerða til þess að ráða bót á þessum málum og hann sem jafnframt er dómsmrh. hefur þessi mál á sinni könnu, þannig að við því var að búast, að fram kæmi hækkun til þessara mála, hækkun, sem væri í einhverju samræmi við þá beiðni, sem frá Umferðarráði hefur komið. Ég minnist þess líka, að eftir hæstv. dómsmrh. hafa verið höfð ummæli á þann veg, – og þau ummæli eru frá flokksfundum framsóknarmanna, – mjög ákveðin ummæli um það, að þessi mál yrðu gripin föstum tökum og til Umferðarráðs yrði varið hærri upphæðum, þannig að þeir embættismenn og þau ráð, sem með þessi mál fara, gætu tekið umferðarmálin fastari tökum en áður. Ég skal fyllilega viðurkenna, að ég varð mjög óánægður með þá fjárveitingu, sem gert var ráð fyrir og samþ. var á síðustu fjárlögum. Þar var um að ræða 900 þús. kr. fjárveitingu og hún var allsendis ófullnægjandi. Það var öllum ljóst og held ég ekki sízt þeim, sem með þessi mál fóru þá fyrir hönd ríkisstj., en mér skilst, að skýring hafi verið gefin á því á sínum tíma, að þessi mál væru í endurskoðun og það þyrfti að átta sig á því, hvernig með þau skyldi fara, og þess vegna var þarna um að ræða visst millibilsástand. Nú er bæði það, að öll yfirstjórn umferðarmála er komin í miklu fastari skorður, og eins hitt, að þessi mál horfa sífellt verr í þessu þjóðfélagi okkar, og eins og okkur öllum er kunnugt í slíku þjóðfélagi og í slíku neyzluþjóðfélagi, þegar bílar og umferð margfaldast frá ári til árs, þá verður að gera eitthvert verulegt átak í þessum málum. Ég held, að það sé þess vegna ekki farið fram á mikið, þó að nú sé gerð till. um það, að orðið sé við beiðni Umferðarráðs um hækkun á þessum lið, þannig að ekki sé hægt að saka þá menn um það, sem með þessi mál fara, að þeir geri ekki nógu mikið og ekki sé gert neitt til þess að forða slysum og jafnvel dauðaslysum.

Við skulum nú veita fé til þessara mála og segja: nú verðið þið að standa ykkur. Og ég vildi, til þess að tefja þennan fund ekki mjög lengi, láta það verða mín síðustu orð að heita á alla þm. að fylgja þessu mjög svo nauðsynlega máli.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég kem að því máli, sem ég ætlaði að ræða hér, leiðrétta orð hv. 5. landsk. þm., Stefáns Gunnlaugssonar, um það, að Æskulýðsráð eða Æskulýðssambandið eða einhverjir aðrir slíkir hefðu átt upptök að því, sem heitir Landvernd í dag. Staðreyndin er sú, sem auðvitað gefst betra tækifæri til á síðara stigi að geta um, að það var aðeins 50 manna hópur héðan úr Reykjavík, sem átti upptökin að þessari starfsemi, einn lítill klúbbur úr Lions-hreyfingunni í Reykjavík, sem byrjaði þessa starfsemi, sem hefur borið þann glæsilega ávöxt, sem raun ber vitni um.

Það er eftirtektarvert, bæði hjá þessum hv. þm. og þeim síðasta, sem hér talaði, að þeir fordæma þann hátt, sem hafður er á í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Annar talar um, að það sé skortur á alvöru. Síðasti hv. ræðumaður talaði um kostulegar umr. Þetta er í sjálfu sér mjög skiljanlegt, vegna þess að þótt við, sem höfum átt sæti á þingi um nokkurt skeið, þekkjum til þess, að þingfundir geti verið skemmtilegir, þá man ég a. m. k. ekki eftir því, að annar eins grínfundur og þessi hafi verið haldinn. Það má vel vera, að hæstv. forsrh. telji það lausn allra mála að lesa málefnasamning ríkisstj. frá morgni til kvölds aftur á bak og áfram, á milli þess sem við förum í fjósið. Ég held samt sem áður, að þótt hv. þm. lesi þennan málefnasamning, þá verði sama útkoman eins og úr kveri Maós, að þótt við lesum Ólakver kvölds og morgna, fáum við ekki meira út úr því heldur en þar stendur. Og auðvitað er það hvorki ályktun eða vilji Alþ., sem í þeim samningi stendur, nema síður sé. A. m. k. hef ég, þótt ég hafi lesið þann málefnasamning, hvergi séð, hvernig eigi að skipta því, sem ekki er til, eða skipta því, sem enginn veit hvað er, og það held ég, að við séum búnir að vera að gera hér á þessum fundi í dag og nú á þessum nýbyrjaða degi.

Ég tel mig ekki, eins og sumir þm. hafa gert hér, geta gert till. um hækkanir á þessum fjárlögum og mun áskilja mér allan rétt til þess að gera það við 3. umr., ef ég og aðrir þm. fá að sjá, hvað liggi til grundvallar þessum fjárlögum í ár. Og ég hef heitið þeim því, sem í kringum mig hafa setið í kvöld, að vera ekki fjölorður, en vegna þeirrar brtt., sem ég hef flutt á þskj. 199, þá vil ég benda á það, að ég flyt ekki neina till. um hækkun í krónutölu. Hins vegar legg ég til, að breytt verði um orðalag á till., sem þrír af hv. þm. Alþfl. hafa flutt á þskj. 196, 5. lið. Þeir leggja þar til, að við 4. gr. með undirnúmerum orðist liðurinn nr. 21 svo: Elliheimili, byggingarstyrkir 10 millj. Nú vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að ég tel einmitt, og ég verð þá leiðréttur, ef rangt er, að þessi liður falli undir það, sem heitir rekstrarstyrkir til elliheimila. Ég er hins vegar mjög fylgjandi þeirri hugsun, sem kemur fram í þessari till. um byggingarstyrki til elliheimila. En ég vil benda a. m. k. tveimur af þessum hv. þm. á það, að Alþfl.-þm. fluttu á sínum tíma till. um velferðarstofnun aldraðra, sem að vísu var ekki samþ. hér á Alþ., en var þó samþykkt sem liður í því frv. eða þeim lögum, sem samþ. voru, lögum um almannatryggingarnar, en þar er einmitt getið um og ákveðið að setja á stofn velferðarnefnd aldraðra. Ég tel að sjálfsögðu skylt og rétt, ef eitthvert slíkt fé fæst til þessara brýnu þarfa, að það sé einmitt slík nefnd, sem hafi með úthlutun þess að gera. Ég legg til, að þetta fari til byggingarsjóðs aldraðra, sem er eini sjóðurinn hér á landi, sem hefur fé til umráða til þess að byggja yfir aldraða fólk. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að koma með eina silkihúfuna eftir aðra. Ég sé enga ástæðu til þess, þegar þessi sjóður er fyrir hendi, sem ég tel sjálfsagt, að verði áfram, eins og nú er, undir stjórn Tryggingastofnunar ríkisins og þá væntanlegrar velferðarnefndar aldraðra, að það sé þá verið að láta einhverja aðra aðila uppi í rn. hafa líka með slíka úthlutun að gera. Það verður að reyna að samhæfa og samræma það átak, sem bæði Alþ. og aðrir þegnar þjóðfélagsins gera í þessu mikla vandamáli, og því flyt ég þessa till., en áskil mér samt allan rétt til þess á seinna stigi að fylgja till. eða flytja sjálfur till. um, að þessi upphæð verði hækkuð.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara hér út í neinar kappræður í sambandi við þessar umr., því að enda þótt kannske væri ástæða til þess, þá gefast nú tækifæri síðar til þess að gera það, því að bæði á nú eftir að ræða hér fjárlagafrv. við 3. umr., og þá mun það nú verða komið, sem mun vanta nú, sem er tekjuáætlunin, og svo sú niðurstaða, sem verður við afgreiðslu fjárlagafrv., og svo hitt, að fram undan er að ræða hér frv. um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaganna, svo að þá munu þessi mál líka geta komið hér inn í þessar umr. eða hliðstæðar umr., sem þá verður sennilega fram haldið í sambandi við það.

Í ræðu minni hér í kvöld féll niður hjá mér að svara nokkrum fsp., sem hv. frsm. 1. minni hl., hv. 2. þm. Vesturl., bar fram og ég tel mér skylt að svara. Þessar fsp. voru, í fyrsta lagi: Telur ríkisstj., að starfsmenn ríkis og bæja eigi rétt á kauphækkun samkv. kjarasamningum? Því er til að svara um þetta mál, að með það verður farið að lögum. Ríkisstj. er ekki dómari í þessu máli, hefur ekki verið og verður ekki, og það mun að sjálfsögðu verða farið með það svo sem lög mæla fyrir um. Ég gef hins vegar enga yfirlýsingu um það hér á hv. Alþ., hvað mér sýnist þar um, því að um það fjalla þeir, sem eiga að dæma, en mitt mat er auðvitað ekki það, sem þar gildir.

Í sambandi við skattvísitöluna vil ég svara því til, að í frv. því um tekju- og eignarskatt, sem hér liggur nú fyrir, er sett ákveðin tala sem persónufrádráttur. Sá persónufrádráttur verður auðvitað talan 100 nú eins og á s. l. ári. Í sambandi við skattalagabreytingu, sem þá var gerð, var sú tala þá gerð að tölunni 100 og breytingin, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, miðaðist við þá breytingu, sem orðið hefði síðar. Þannig verður og með þetta mál farið, að þær breytingar á verðlagi, sem síðar verða, koma til framkvæmda í sambandi við þessa tölu sem 100.

Í þriðja lagi, ekki hefur verið tekin ákvörðun um það í ríkisstj., hvort framlag til Fiskveiðasjóðs verður hækkað.

Í fjórða lagi var spurt um, hvort veitt verði sérstök fjárveiting til línufisks. Það hefur verið til nokkurrar

umr., en ákvörðun hefur heldur ekki verið um það tekin. Sama er að segja um aflatryggingasjóð. Það hefur ekki verið nein ákvörðun þar um tekin, og það, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði þar um, mun ég að sjálfsögðu kynna mér og athuga betur fyrir 3. umr. málsins. Með þessu tel ég mig hafa svarað fsp. þessa hv. þm. og bið afsökunar á því, að þær féllu niður hjá mér í ræðu minni í kvöld.

Í sambandi við þá till., sem hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, flytur um að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda, þá vil ég segja það, að það hefur verið komið með það erindi til mín af þeirra samtökum, og ég hef sagt þeim, eins og rétt er, að söluskattsmálin verða til endurskoðunar í tekjustofnanefndinni, og erindi þeirra verður þar til meðferðar. Ég hef hins vegar gefið þeim sem öðrum þær skýringar, að eins og málin stæðu nú væri ég mótsnúinn því að taka einstaka þætti söluskattsmálanna fyrir, heldur yrði að gera það í heild, og svo er með þetta sem önnur.

Út af umr. almennt vil ég svo segja það, að það er nú svo, að þó að við þykjum nú ekki, ríkisstj., gæta hófs í að veita fé til hinna mestu nauðsynjamála, þá er þó langt frá því, að hv. þm. þyki svo að gert sem skyldi. T. d. skal ég segja það út af ræðu hv. 4. þm. Vesturl. um ferðamálasjóðinn, að ég tek alveg undir það með honum, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. En það var mat ríkisstj., að svo mikið átak yrði að gera, m. a. í flugvallamálum, þar sem fjárveiting var hækkuð úr 31 millj. í 75 millj., í hafnamálunum, eins og hefur komið fram, og vegamálin eigum við eftir, eins og komið hefur fram í þessum umr., að í þessari lotu treysti hún sér ekki lengra, þó að málið væri jafngott og nauðsynlegt eins og hv. 4. þm. Vesturl. lýsti réttilega.

Út af till. þeirri, sem hv. þm. Pétur Pétursson talaði hér fyrir, hv. 2. landsk. þm., um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, þá er því til að svara, að þegar það mál lá fyrir við fjárlagaundirbúninginn, þá var í raun og veru ekki gerð sú grein fyrir málinu, sem nauðsyn bar til til þess að átta sig raunverulega á því. Og það var skilningur okkar, sem fjölluðum um það mál þá, að hér væri um að ræða þrjá aðila, sem ættu að greiða til miðstöðvarinnar, og heildarfjárveitingin væri 6 millj. kr. Út frá því varð sú afgreiðsla, sem þar var gerð.

Tveir fyrrv. ráðh. hafa talað í þessum umr. hér í kvöld, og ég verð að segja það eins og er, að nokkuð mikill munur fannst mér nú á ræðum þeirra. Hv. 1. þm. Sunnl. var með föðurlega umhyggju og góðar óskir til handa bæði ríkisstj. og Alþ. og bað menn að fara með gætni, og er ekkert nema gott um slíkt að segja. Það er hins vegar mitt mat, að við séum nú ekki eins miklir glannar og hann álítur, en það var ekki hægt að finna annað út úr hans ræðu heldur en vilja fyrir góðri umhyggju þar um.

Ég ætla mér nú ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði hér í kvöld um ýmsar ráðstafanir, sem stjórnvöld hafa gert til þessa. T. d. er oft ýmislegt ógert við 2. umr. fjárlaga eða nýgerðum fjárlögum breytt, t. d. með aukafjárlögum í janúar, febrúar og marz. Þetta er til úr þingsögunni, og þarf ekki sterkt minni til þess að muna það, en við getum rætt um það allt seinna.

Hv. 7. þm. Reykv. var nú ekki, að mér fannst, eins föðurlegur. Og það, sem mér fannst hann leggja svo mikið upp úr, bæði í dag og eins í ræðu sinni áðan, var að reyna að koma því áleiðis, að samstarfið í ríkisstj. hlyti að vera slæmt og ríkisstj.-mönnum hlyti að ganga illa samstarf við embættismenn og samstarfsmenn, sem þeir þyrftu að eiga skipti við. Nú má hv. 7. þm. Reykv., ef hann vill, láta sér detta í hug, að samstarf í ríkisstj. sé slæmt. Það er hins vegar ekki okkar reynsla, sem þar erum, en það er önnur saga og þarf ekkert að ræða það hér. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að lýsa því yfir, að samstarf við þá embættismenn, sem ég hef orðið að starfa með, hefur verið gott, og þeir hafa komið í alla staði mjög vel fram við mig og reynzt mér vel, og ég vil ekki hlýða á það hér á hv. Alþ., að þannig sé talað og þegja við því, eins og ég telji, að þeir séu ekki góðir samstarfsmenn. Ég gat um það hér í kvöld, að ég hefði orðið að krefjast meira starfs af t. d. skattalaganefndinni en skynsamlegt væri og réttmætt og keyra þá miklu harðara í þeim málum heldur en ég átti að gera. Þeir hafa unnið störf sín með mikilli prýði, en ég vonast til, að við framhaldsathugun á þeim málum verði hægt að taka vinnutímann með meiri rólegheitum. Ég held líka í sambandi við uppsetningu hv. 7. þm. Reykv. á auknum útgjöldum, þá hafi mér virzt sem öðrum, að þar gætti nokkurs misskilnings, því að þegar talað er um tilfærslu eða útgjaldaaukningu ríkissjóðs í sambandi við tryggingarnar, þá er engin útgjaldaaukning hjá ríkissjóði til hækkunar á útgjöldum fjárlagafrv. nema að því leyti, sem er í sambandi við það nýja frv., sem var lagt fram hér í gær, og þá hækkun, sem leiðir af nýgerðum kjarasamningum samkv. eldri lögum, því að útgjaldahlið fjárlaga er þetta. Það, sem hins vegar er um að ræða, er, að fjármagnsöfluninni er breytt og frá mínum bæjardyrum séð eru það ekki nýir skattar á skattþegnana, þó að tilfærsla verði á milli ríkis og sveitarfélaga þar um. Þar er aðeins um að ræða breytta verkaskiptingu og tilfærslu á sköttum, en ekki nýja skatta vegna þeirra verkefna, sem fyrir eru.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði það, að hann væri með nokkrar smáar till. til útgjaldaaukningar, og allt voru það góð mál eins og öll þessi. En ef allir hv. stjórnarandstæðingar hér á hv. Alþ. flyttu nú svona smáar till., eins og þessi hv. 7. þm. Reykv., þá þýddi það nú um 6 milljarða útgjöld. Og þá væri ég nú fljótlega sleginn út, svoleiðis að þessar smátölur gætu nú hjá þessum hv. þm. með reynsluna og þekkinguna og allt það, líka orðið að stórum tölum, þegar búið væri að raða þeim svona saman. Þannig er það svo með fleiri, eins og okkar tölur.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði hér fyrir till. um hækkun launa til skálda og rithöfunda. Ég held, að ég væri fús til að fylgja henni, ef ég mætti úthluta honum einhverju af þeim launum, því að svo mikið met ég þær vísur, sem ég kann eftir hann.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin við spurningum mínum frá því fyrr í kvöld, þó að þau kæmu seint, en því miður finnst mér, að það hafi lítið verið á þeim að græða, þessum svörum, sem hér komu fram áðan. Sem sagt, ríkisstj. hefur ekki gert sér neina grein fyrir því enn þá, hvort opinberir starfsmenn eiga rétt á þeirri kauphækkunarkröfu, sem þeir hafa farið fram á, og þarna er vitanlega um mjög stórt mál að ræða, ef það telst rétt vera, að þeir eigi rétt á 14%

grunnkaupshækkun. Og það er náttúrlega ekki gott, að það skuli ekki liggja fyrir einhverjar niðurstöður um þetta nú, þegar kemur að því að afgreiða fjárlagafrv., því að vitanlega skiptir það miklu máli, þar sem þetta er svona stór liður eins og þarna hlýtur að vera um að ræða, hvort þeir fái að taka það með eða ekki. Hæstv. fjmrh. sagði, að í fyrra hefði verið 270 millj. kr. tekjuafgangur. Mér skildist nú fyrst á honum, að það hefði verið skýrt frá því, sem reyndar var rétt, að þeirri upphæð var m. a. ætlað að mæta því, sem vitað var, að mundi koma til viðbótar hjá opinberum starfsmönnum. En seinna sagði hann, að 430 millj. kr. hefðu komið alveg til viðbótar, sem ekkert hefði verið reiknað með. En þetta er alls ekki rétt. Það var skýrt frá því greinilega í sambandi við afgreiðslu fjárlaga í fyrra, að þessar 270 millj., sem voru þá, – það var óvenjuhár tekjuafgangur, við þekkjum það frá afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum, – þeim væri fyrst og fremst ætlað að mæta þessum væntanlegu gjöldum. Og ef við segjum, að þetta hafi verið 430 millj., sem þarna var um að ræða, og 270 kæmu þá upp í það, þá er þetta um 160 millj. kr., sem þá var komið fram úr fjárlagafrv. og ófyrirséð. En ég gat um það í minni framsöguræðu, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef réttastar og nýjastar núna, þá er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs fram úr því, sem fjárlög gera ráð fyrir, muni nema um 1 200–1 300 millj. kr. Og þá sjáum við, hver staða ríkissjóðs er á árinu til þess að mæta ýmsum öðrum ófyrirséðum útgjöldum, að það hefur sannarlega ekki verið farið óvarlega þar í að áætla tekjurnar eða gjöldin. Og þegar ríkisstj. tók við í byrjun júlímánaðar þá stóðu reikningar þannig með umframgjöld og umframtekjur, að tekjurnar voru þá orðnar rúmlega 700 millj. kr. umfram það, sem áætlað var, en gjöldin voru þá ekki orðin nema um það bil 600 millj., eftir því sem ég hef fengið upplýst, þannig að það var ekkert komið úr jafnvægi í sambandi við ríkiskassann, þegar hæstv. fjmrh. tók við kassanum. En það kom skýrt í ljós í hans ræðu, að hann vildi nú breyta fleiru í þessum efnum hjá okkur heldur en tíðkazt hefur að undanförnu. Hann vildi sem sagt breyta árinu, og mér skildist það helzt á honum, að hann treysti sér ekki til að vera fjmrh. í þessu landi nema hann hefði 13 mánuði og þá kæmi sennilega á eftir nóv. og des. svo nefndur söluskattsmánuður, svo oft talaði hann um það, að það hefði nú verið einhver munur fyrir fyrrv. fjmrh., því að hann hefði fengið aukamánuð, sem sagt, fengið söluskattinn, sem hefði þá samsvarað því, að það hefðu verið 13 mánuðir í árinu. Kannske kemur till. um það við 3. umr. fjárlaga, að mánuðirnir í árinu verði hjá okkur framvegis 13, til þess að hann geti þá verið fjmrh. áfram og fengið jafnvægi í kassann.

Þegar þeir ræða um þessa geysimiklu hækkun, sem átt hefur sér stað í sambandi við fjárlagagerðina, þá segja þeir: Vissu ekki hv. þm., hvað Alþ. samþykkti í fyrra og að undanförnu, og var þá ekki eðlilegt, að það kæmi hækkun í sambandi við þessar samþykktir Alþ.? Hvenær hafa þessir hv. alþm. á undanförnum árum gert sér nokkurn tíma grein fyrir því, að fjárlög hafi þurft að hækka í sambandi við það, sem Alþ. samþykkti árið áður? Þrátt fyrir alla gagnrýni, sem hefur komið frá þessum mönnum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, þá hefur það yfirleitt verið svo, að þeir hafa ekki verið á móti einu einasta máli, sem hefur hnigið í þá átt að auka útgjöld hjá ríkissjóði. Nei, þvert á móti hafa þeir við lok afgreiðslunnar, þegar komið hefur verið á yztu nöf með að tekjur og gjöld mættust, komið jafnan með till. til viðbótar, sem skiptu hundruðum millj. Og ef það hefði þá verið samþ. á því Alþ., hvað haldið þið, að hefði þá skeð í fjárlögum á næsta ári? Nei, þá hefðu þeir ekki farið að tala um það, að fjárlög hefðu hækkað, vegna þess að það hefði verið samþ. svo mikið á Alþ. á undan. En þeir vakna bara upp við þennan draum í dag, sem þeir hafa aldrei gert sér grein fyrir áður. En vitanlega er þetta rétt, að við verðum alltaf að taka afleiðingunum af því á morgun, sem við gerum í dag, og svo mun það einnig verða framvegis.

Þeir segja reyndar núna, og það á að vera eitt til þess að afsaka, hvað þetta sé nú geysilega hátt, að nú séu þeir að gera raunveruleg fjárlög, sem muni standast, það muni ekki koma til þess, að það verði neinar umframgreiðslur, það sé gert ráð fyrir öllu og það verði ekkert ófyrirséð, skildist mér. Það er gott, ef þeir finna, sem hér lifa að ári og fjalla um þessi fjárlög, að það sé svo óskeikult, sem þessi ríkisstj. hefur lagt til hér í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að það skeiki ekki neinu. Það má alveg sérstakt vera, eins og þetta virðist vera mikill hundaháttur á afgreiðslunni. Það er ekki hægt að segja annað, þó að það sé stórt orð, í sambandi við þetta flýtur allt svoleiðis í lausu lofti, að það er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvernig við stöndum. Og það má gera ráð fyrir því núna, að það sé aðeins vika þangað til við endanlega göngum frá fjárlögum. Og ég trúi því ekki, þegar við erum komnir svo nærri endalokunum í þeim efnum, að ríkisstj. og fjmrh. a. m. k. hafi ekki gert sér grein fyrir stærstu þáttunum, sem á eftir að afgreiða í sambandi við fjárlögin. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hann t. d., í fyrsta lagi, hvað eru háar upphæðir, sem vænta má að taka þurfi inn á fjárlög vegna almannatrygginga til viðbótar því, sem nú er í fjárlagafrv., og hvernig sundurliðast upphæðin?

Í öðru lagi spyr ég: Hvað er gert ráð fyrir, að sá hluti sjúkrasamlagsgjalda, sem nú er ætlað, að ríkissjóður yfirtaki frá sveitarfélögunum, muni nema hárri upphæð? Ég veit, að þetta hvort tveggja hlýtur hæstv. fjmrh. að geta upplýst svona nokkurn veginn. Það er ekki að búast við því, að það geti verið upp á kannske millj. kr. eða eitthvað svoleiðis, en í milljónatugum ætti þetta að geta legið fyrir nokkurn veginn.

Og í þriðja lagi vil ég spyrja: Hvað er gert ráð fyrir, að sú löggæzla kosti, sem nú er ætlað, að ríkissjóður yfirtaki frá sveitarfélögunum? Hér er um kostnaðarlið að ræða, sem ég tel fullvíst, að hafi verið mjög auðvelt að afla upplýsinga um og ríkisstj. eða fjmrh. hafi við hendina til þess að gefa upplýsingar um. En þessir punktar, sem ég hef hér minnzt á sérstaklega, ætla ég, að muni geta gefið okkur gleggri hugmynd um endanlega mynd fjárlaga svona í stórum dráttum til þess að við getum þá gert okkur grein fyrir því, hvernig við viljum marka afstöðu okkar við 3. umr. málsins. Og það er ákaflega hæpið að sleppa svo frá þessari umr. hér, að það liggi ekki einhverjar áætlanir fyrir í þessum efnum.

Eitt af því, sem hæstv. fjmrh. byrjaði á í ræðu sinni hér fyrr í kvöld, þegar hann var að afsaka, að þetta væri nú ákaflega svipað og oft áður var, að við hefðum frestað einstökum málaflokkum til 3. umr. Það er alveg rétt hjá honum, að við höfum oft gert það. En það hefur

aldrei skipt slíkum sköpum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, eins og það gerir núna. Hér er engu saman að jafna. Hann tók árið 1960. Jú, hvernig var það? Hann minnist á, að 18. gr., heiðurslaunin, þau voru eftir þá. Og þá var það svo í fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþ., að sú upphæð, sem var ætluð í þessu skyni, nam 5 millj. 518 þús. kr. En í fjárlögunum sjálfum, sem afgreidd voru við 3. umr., hækkaði þessi upphæð um 360 þús. kr. – og halda menn svo, að þetta, þó að svona upphæð sé geymd til 3. umr., það sé eitthvað sambærilegt við það, sem er að gerast á Alþ. í dag í þessum efnum? Sama átti sér stað á árunum 1961 og 1962. Þá er þessi upphæð annað árið 342 þús. kr. og hitt árið 634 þús. kr. Hér er aðeins um smámuni að ræða, og ég er alveg undrandi á því, að jafnreyndur stjórnmálamaður eins og hæstv. fjmrh. er, skuli ætla að jafna slíkri afgreiðslu saman við það, sem hér á sér stað í dag. Nei, það má segja, að það sé eðlilegt, þar sem um svo mikla gerbyltingu er að ræða í þessum efnum í sambandi við tekjustofna fjárlagafrv., að þurft hafi nokkurn tíma til þess að átta sig á hlutunum, og á það skal ég ekki deila. En hitt er annað mál, að ég tel, að það sé mjög hæpið fyrir alþm. að afgreiða fjárlögin, án þess að heildarmyndin af fjárlagafrv. liggi skýrar fyrir en nokkur tök eru á, að hún liggi fyrir í dag, og þó er aðeins ein vika til jóla.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni. En ég vænti þess, að hæstv. fjmrh., ef hann sér sér fært, gefi upplýsingar um þessar þrjár fsp., sem ég bar fram varðandi tekjuhlið frv. En um skattvísitöluna vildi ég aðeins segja þetta. Ég gat um það í minni framsöguræðu, að bæði hann og fleiri þm. hefðu verið með harða gagnrýni á fyrrv. fjmrh. á undanförnum árum, hvað hefði verið legið mikið niðri á því og ekki afgreidd skattvísitala á eðlilegum grundvelli. Á síðasta ári átti sér stað veruleg leiðrétting í þessum efnum, því að þá var skattvísitalan leiðrétt um 29 stig. Og það þótti núv. fjmrh. allt of lítið þá. Sömuleiðis formanni þingflokks Framsfl., sem tók þá mikinn þátt í umr. um þetta mál hér á Alþ. Honum fannst lítið til þess koma og allt of lítil leiðrétting, sem fælist í því, sem þá átti sér stað, en það var um 29 stig, sem þá var leiðréttur þessi liður. Skattvísitalan hefur vitanlega geysilega mikið að segja fyrir alla gjaldendur og ekki sízt þá, sem eru lægst launaðir í landinu. En nú hefur ríkisstj. aðeins lagt til að hækka þetta um 6.5 stig, aðeins um 6.5 stig, og það er nákvæmlega það, sem liggur fyrir, að kostnaðurinn hafi aukizt á árinu og ekkert fram yfir það. Þess vegna hafa þeir ekki komið neitt til móts við það, sem þeir sökuðu fyrrv. fjmrh. mest um í þessum efnum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. *fjmrh. virðist hafa tekið það illa upp*, bæði síðdegis í dag og í kvöld, að ég skyldi hafa talið ástæðuna fyrir þeim seinagangi, sem verið hefur á meðferð fjárlagafrv. og á meðferð fleiri mála, ekki vera þá, að ráðh. sjálfa skorti hvern um sig hæfileika eða þekkingu til þess að fjalla miklu greiðar og öruggar um mál en þeir hafa gert, heldur gat ég þess til, að ástæðan væri sú, að þeim gengi ekki vel að vinna saman innbyrðis og þeim gengi ekki vel að hagnýta sér starfskrafta hins mjög svo hæfa embættismannaliðs, sem íslenzka ríkið hefur á að skipa. Það kom fram í ræðu hans áðan, að hann teldi, að í þessum orðum *mínum* hefði getað falizt það, að ég væri að gera því skóna, að embættismennirnir vildu ekki vinna fyrir hæstv. ráðh. Auðvitað hafa allir, sem orð mín hafa heyrt, skilið, að þetta var auðvitað ekki það, sem ég átti við. Það hefur aldrei hvarflað að mér, að þeir ágætu embættismenn, sem eru í þjónustu ríkisstj., séu ekki fúsir til þess að vinna fyrir sína yfirmenn, ráðherrana. Það hefur aldrei hvarflað að mér. Það, sem ég átti auðvitað við, og sem kom beint fram í orðum mínum og er alveg ástæðulaust að misskilja, er það, að ég óttaðist, að ein skýring á seinaganginum væri sú, að hæstv. ráðh. notuðu ekki hæfileika embættismannanna í nægilega ríkum mæli. Ég vildi aðeins láta þetta koma alveg skýrt fram, að sú merking, sem hæstv. ráðh. vildi leggja í orð mín, var auðvitað víðs fjarri raunverulegri merkingu orðanna, hvað þá meiningu minni.

Af því að hæstv. ráðh. vefengdi ekki þær tölur, sem ég fór með, – ef hann gerir það, þá gerir hann það væntanlega við 3. umr. og þá verður okkur báðum ánægja að því að ræða þær nánar, – en bara til að fyrirbyggja frekari misskilning um þetta af hálfu hans eða hálfu einstakra þm., þá þykist ég alveg sjá í hendi minni, við hvað hæstv. fjmrh. á, þegar hann bendir á það, að t. d. sú staðreynd að afnema á almannatryggingagjaldið, sem nemur um 655 millj. kr., og finna annan tekjustofn í stað þess, sagði hann, þá hækkar þetta ekki niðurstöðutölur fjárlaga. Þetta út af fyrir sig er auðvitað algerlega rétt og stendur í sambandi við þá nýju gerð fjárlaga, sem nú hefur verið tekin upp.

Eins og allir vita, eru t. d. lífeyristryggingarnar fjármagnaðar með þrennum hætti: Sumpart með almannatryggingagjaldi, sem einstaklingar borga, sumpart með lífeyristryggingagjaldi atvinnurekenda og sumpart með framlagi úr ríkissjóði. Samkv. eldri gerð fjárlaga var eingöngu framlagið úr ríkissjóði meðal ríkisgjaldanna. Samkv. hinni nýju gerð fjárlaga eru öll heildargjöld lífeyristryggingganna færð gjaldamegin og teknamegin, þá auðvitað framlag ríkisins, almannatryggingagjald einstaklinganna og lífeyristryggingagjald atvinnurekenda. Hér á bls. 7 í 3. gr. fjárlaga er *tilgreint í ákveðnum lið* almannatryggingagjald 654 millj. 900 þús. kr. Á bls. 102 gjaldamegin er auðvitað sama upphæð, af því að þetta gengur inn í heildarráðstöfunarfé lífeyristryggingganna. Það, sem nú gerist, er eftirfarandi, ef tekjuðflunarfrv. ná fram að ganga, að liðurinn almannatryggingagjald 655 millj. kr. hverfur teknamegin, en útgjöldin haldast óbreytt. Ef t. d. meiningin er að afla allra teknanna með tekjuskatti, þá verður tekjuskattsliðurinn neðar á bls. 7 í sömu grein, liðurinn tekjuskattur að hækka um 655 millj. kr. vegna þess arna, en samkvæmt færslureglum fjárlaga mundi gjaldamegin hverfa sá liður, sem svarar til 655 millj. kr. almannatryggingagjaldateknanna, og ríkisframlagið til lífeyristryggingganna hækka um 655 millj. kr. Þannig efast ég ekki um, að embættismenn fjmrn. muni stilla fjárlögunum upp, næsta fjárlagafrv. og fjárlögum upp, þegar þau verða gerð upp, ef þessi tekjuðflunarfrv. ná fram að ganga. M. ö. o., framlag ríkisins til lífeyristrygginga mun gjaldamegin hækka um 655 millj. kr. og tekjuskattur koma í staðinn fyrir almannatryggingagjald teknamegin. Ríkisframlag hækkar þannig um 655 millj. kr. af þessum sökum. Þetta vona ég, að öllum þm. sé algerlega ljóst, og ég tek þetta aðeins sem eitt dæmi

um það, að mínir útreikningar að þessu leyti hafi verið algjörlega réttir. Það, sem ég var að sýna fram á með þeim tölum, sem ég greindi frá áðan, var einfaldlega það, – ég var ekki að tala um niðurstöðutölur fjárlaga, því að auðvitað veit hæstv. fjmrh., að þessi brúttó niðurstöðutala breytist ekki við þennan tilflutning – það, sem ég var að leiða rök að, var það, hver þyrfti að vera heildarupphæð þeirra tekjuöflunarfrv., sem nauðsynleg væru vegna þeirra auknu útgjalda ríkissjóðs, sem ókomin eru inn í fjárlagafrv., og þá er auðvitað t. d. almannatryggingagjaldið, 655 millj., einn af þeim liðum. M. ö. o., summan 3 750 millj. kr., sem ég komst að, m. a. með þessum hætti, hún sýnir það, að það þarf að afla nýrra ríkistekna til viðbótar þeim tekjum, sem ríkið hefur nú samkvæmt fjárlagafrv., að upphæð 3 750 millj. kr. Þetta er í „prinsippinu" alveg óumdeilanlegt. Ég hef enn sama fyrirvara með það, að einstakar tölur í þessum talnalið, sem ég las áðan, séu kannske ekki hárréttar. Það getur vel verið að dálitlu skakki, ég hef ekki aðstöðu til þess að reikna það nákvæmlega rétt upp á tug millj., það getur skakkað einhverjum tugum millj. Ég hafði fullan fyrirvara um það, en í grundvallaratriðum er þetta rétt hugsað og rétt fram sett, það vona ég, að hæstv. fjmrh. dragi ekki í efa, þegar hann athugar málið milli 2. og 3. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég beið nú eftir því, hvort hæstv. fjmrh. ætlaði ekki í lokin og áður en þessum umr. lýkur að gera nokkra grein fyrir atriðum, sem ég tel, að gegni mikilli furðu, að hv. þm. skuli ekki fá upplýsingar um, enda þótt það væri með einhverjum fyrirvörum við 2. umr. fjárlaga.

Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. um fjárlögin, en áður en fundur hófst hér í dag, þá varaði ég við afgreiðslu fjárlaga með þeim hætti, sem nú væri að stefnt. Umr. í dag hafa aukið sannfæringu mína um það, að þessi aðvörun var í fyllsta máta eðlileg og nauðsynlegt, að hún kæmi fram, hvernig svo sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að bregðast við henni.

Ég sagði þá, að talað væri um það, að núna vantaði eins og sakir standa viðbótartekjuöflun, sem er allt að 2 milljörðum kr., eða 2 000 milljónir. Nú hafa hv. þm. fleiri en einn gert grein fyrir því, að þetta sé í raun og veru allt of lágt áætlað hjá mér. M. ö. o., ný tekjuöflun, sem þarf að koma fram, eins og hv. 7. þm. Reykv. var að enda mál sitt á, sem þarf að koma fram í nýjum tekjuöflunarlögum, sem lögð hafa verið fram, eða öðrum, sé um 3 700 millj. kr., en ekki allt að 2 000 millj. kr. Sú tekjuöflun getur auðvitað eitthvað minnkað, eins og hv. 1. þm. Sunnl. drap á, verði dregið úr gjöldum eins og niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum nú, en þær minnkandi niðurgreiðslur munu auðvitað hafa önnur áhrif á hækkandi verðlag í landinu, hækkandi launagreiðslur o. s. frv., nema aðrar ráðstafanir séu gerðar. Mér finnst alveg ástæðulaust, eins og hv. 7. þm. Reykv. gerði ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. þurfi að fá umhugsunartíma til 3. umr. fjárlaga um það, hvað það eru háar upphæðir, sem þurfa að felast í hinni nýju tekjuöflun. Það er enginn okkar að biðja um það, að þetta stemmi upp á tugi eða milljónir eða jafnvel upp á nokkrar millj. kr. eða tugi millj. kr., en að menn viti þó nokkurn veginn, hvernig það er. Þetta var þeim mun meiri nauðsyn, þar sem þrír hæstv. ráðh. komu í ríkisútvarpið í gærkvöld, í fyrrakvöld réttara sagt, til þess að gera grein fyrir tekjuöflunarfrv., sem hér hafa verið lögð fram, og almannatryggingafrv. Það eru þessir nýju síðir. Hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. í þinginu, þessi frv. fá venjulega meðferð, það fara fram umr. um þessi frv. hér á þinginu milli þm. og ríkisstj., en nú eru þeir hættir teknir upp, að þrír ráðh. tromma upp í ríkisútvarpinu, í hljóðvarpi og sjónvarpi, til þess að segja fólkinu, hvað felist í þessum frv. Stjórnarandstaðan fær enga aðstöðu til þess að gera sínar athugasemdir við það, sem sagt hefur verið, eða gera grein fyrir sinni skoðun á þessum frv., en sama dag segir hæstv. forsrh., að stjórnarandstaðan eigi auðvitað að hafa sömu aðstöðu og hæstv. ráðh. og ríkisstj. í fjölmiðlum eins og ríkisútvarpinu. Því miður eru fjölmargar og alvarlegar skekkjur í því, sem hæstv. ráðh. fóru með í sambandi við tekjuöflunarfrv. Ég fer ekki út í það nú, en það gefst tækifæri til þess við umr. að vekja athygli á því, en ég mun fyrir hádegi á morgun óska eftir því við ríkisútvarpið, að stjórnarandstaðan fái að gera sínar athugasemdir í ríkisútvarpinu, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi, vegna þeirra fréttaauka og þeirra upplýsinga, sem gefnar voru í ríkisútvarpinu á mánudagskvöldið. Heildarmyndin, sem þar er brugðið upp, er sú, að eiginlega lækki allir skattar í landinu meira og minna. Það eru tekin dæmi af handahófi, sem sýna lækkanir á vissum stigum hjá einstaklingum, en auðvitað er gengið að langmestu leyti fram hjá öðrum einstaklingum með aðrar tekjur og öðrum fjölskyldustærðum, en frá þeirra sjónarhóli kemur málið til með að líta allt öðruvísi út, þegar farið er að reikna út eftir þessum lögum. Ég vil hins vegar láta það koma fram, að það hefur verið mjög erfitt fyrir mig, þó að ég hafi leitað sérfræðilegrar aðstoðar í dag, að finna út, í hverju og hvernig útreikningar hæstv. ráðh. eru fengnir um það, hverjir skattar eigi að leggjast á einstakar fjölskyldur, eins og það er erfitt að finna, að það geti verið réttir útreikningar í sjálfum grg. frv., sem verður vikið að, þegar þar að kemur. Það er ekkert við þessu að segja, en það er athugavert, að hæstv. ráðh. koma hver á fætur öðrum í ríkisútvarpinu, ekki sízt þegar blöð koma ekki út í landinu, og gefa almenningi mjög villandi upplýsingar um það, hvað felst í tekjuöflunarfrv., sem um er að ræða. Ég minnist þess ekki, að það hafi komið fram upplýsingar um það, hvað þeir teldu, að tekjuskatturinn mundi verða hár í heild, en í raun og veru, ef það ætti að draga niðurstöður af því, sem sagt var af hæstv. fjmrh., þá skyldi maður ætla, að hann mundi sáralítið hækka.

Þegar allt þetta er athugað í heild, sem ég nú hef sagt, þá er það svo, að það eru sett inn hérna tekjuöflunarfrv. og með þeim hætti, sem gert var, með þeim hætti gagnvart almenningi í landinu, að ævinlega var nú verið að tala um það, að það ætti að leggja til, að nefskattinn ætti að afnema til almannatrygginganna, þ. e. a. s. persónugreiðslurnar, sem út af fyrir sig er rétt, en ekki nema hálfur sannleikur, því auðvitað er ekki verið að leggja þetta niður. Þegnarnir í þjóðfélaginu verða að borga þetta. Þeir verða bara að borga þetta með öðrum hætti. Það var lítil stúlka, sem kom heim til sín í dag úr skólanum til pabba síns og sagði: „Heyrðu pabbi, þetta er nú ágæt ríkisstj., sem við höfum. Nú þarft þú ekki að borga þessar 9 þúsundir eða rúmar 9 þús. fyrir mig í almannatryggingarnar lengur." „Nei, kæra dóttir mín,

það verða ekki 9 þús. kr., það verður miklu hærri upphæð, sem ég þarf að borga fyrir þig í almannatryggingar, því auðvitað þurfa almannatryggingarnar að fá sínar tekjur.“ Þessi ágæta og góða ríkisstj., hún ætlar að gera það með öðrum hætti.

Að það geti virkilega vafizt fyrir mönnum hér á jafnmörgum klukkutímum eins og umr. hafa farið fram, hvað það eru mörg hundruð millj., margar þúsundir milljóna, sem vantar í tekjuöflun í stórum dráttum, ja, það er algjört einsdæmi og það er alveg óverjandi, og mér finnst þetta vera, eins og ég orðaði það í dag, óvirðing við Alþ. og óvirðing við þegnana í þjóðfélaginu, að hæstv. ráðh. skuli hlusta á það, að menn geri því skóna hér hver á fætur öðrum, hvað þetta eru miklar upphæðir, hvað þetta eru margar þúsundir millj. kr., biðja um leiðréttingar, ef þær eru ekki réttar, og þeim er bara ekki anzað. Hv. þm. eru bara hunzaðir, en það eru ekki bara þm., sem eru hunzaðir, landsmenn eru líka hunzaðir og það er gert í trausti þess, að eins og nú standa sakir er erfitt að koma upplýsingum á framfæri við almenning, og almenningur hefur ekki fengið neinar upplýsingar um þessa hlið málsins í sambandi við tekjuöflunina nema þær, sem ég hef áður vikið að. Ég held þess vegna að það sé engum blöðum um það að fletta, að þessi afgreiðsla fjárlaga, þessi 2. umr. er alger málamyndaafgreiðsla að öðru leyti en því, að það er rétt, sem fram hefur verið tekið, að fjvn.-menn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa unnið úr ýmsum umsóknum, málum og beiðnum, sem fyrir hafa legið, og afgreitt sameiginlega till., sem nema eitthvað um 700 millj. kr. eða rúml. það, 7–8 hundruð millj. kr. til hækkunar frá því, sem áður var, og standa allir að því, og ég sagði hér áður á þessum degi, að við gætum út af fyrir sig afgreitt fjárlög, lokið 2. umr. og afgreitt þá þessar till., sem ég geri ráð fyrir, að menn yfirleitt standi saman um, en hinu hefði ég aldrei búizt við, að svo lyki þessari umr., að það væri algjörlega óljóst um tekjuöflunina og hvað gert væri ráð fyrir, að þau tekjufrv., sem lögð hafa verið fyrir, muni gefa í aðra hönd. Vita hv. þm. stjórnarflokkanna, hvað felst í þessum frv.? Hafa þeir kynnt sér það? Þurfa þeir ekki að fá upplýsingar um það? Hafa þeir játazt undir það við hæstv. ríkisstj. að vera með frv., sem ekkert er vitað um, hvað felst mikil skattlagning í og með hvaða hætti til þjóðfélagsþegnanna, er virkilega komið svo? Ég get vel skilið það, að ríkisstj., sem hefur meiri hl. á Alþ. og sérstaklega, ef það er tryggur meiri hl., hún geti lýst því yfir, að við munum eftir einhvern tiltekinn tíma, stuttan tíma afgreiða frv. eins og slíkt tekjuöflunarfrv., sem þetta er, af því að við vitum, að hún hefur meiri hl. á Alþ. fyrir afgreiðslu þessara mála. En vita hv. þm. stjórnarflokkanna, hvað felst í þessu frv., hvað felst í tekjuskattsfrv.? Gefur það, – eins og sagt hefur verið utan þingsalanna, því það er nú ekki talað um slíkt mál hér inni í þingsölunum, – gefur tekjuskattsfrv. og eignarskattsfrv. 1 600 millj. kr. eða gefur það innan við 1 000 millj. kr. tekjuskatt? Ja, mér er sagt, að sérfræðingur ríkisstj. hafi sagt 1 600 millj., og mér er sagt af öðrum sérfræðingum, að það gefi minna og það muni meira að segja vera svo, að hlutfallsleg hækkun á sköttum sé meiri á lægri tekjum heldur en á hærri tekjum, sem er nú allt annað en látið hefur verið í veðri vaka, á tekjum, sem eru kannske 4–5 og 600 þús. kr., að í vissum tilfellum sé hlutfallsleg hækkun jafnvel meiri en þegar komið er upp í 800 þús. kr. tekjur. En þetta er hlutur, sem verður auðvitað að ræðast nánar við meðferð þeirra mála, en mér finnst, að stjórnarandstaðan eigi a. m. k. rétt á því, miðað við það, sem ráðh. hafa gefið í skyn fyrir almenning í ríkisútvarpinu, að fá að gera sínar athugasemdir við það, og eins og ég sagði, mun ég fara þess á leit við ríkisútvarpið á morgun, hvort sem orðið verður við því eða ekki.

Ég skal svo ljúka máli mínu, herra forseti, og ekki hafa það lengra, en ég held, að ekkert hafi staðfest betur en umræðurnar í dag og þær lélegu upplýsingar eða litlu eða næstum því engu upplýsingar, sem við höfum fengið frá hæstv. ríkisstj., að meðferðin og undirbúningurinn á fjárlögunum og tekjuöflunarfrv., sem er grundvöllur fjárlaganna, – og það er það, sem við höfum sérstaklega verið að gagnrýna, – er algjörlega með einsdæmum, og þetta er hlutur, sem þjóðin á að fá að vita, og auðvitað munum við í stjórnarandstöðunni gera okkar bezta til þess að svo verði, þó að hæstv. stjórnarherrar skáki nú í því skjólinu, að þeir geti leynt almenning því sanna í þessu einhvern tíma enn, en ekki ætti það lengi að verða og víst er um það, að aðalumræðurnar um þessi mál koma fram síðar með þeim hætti, að almenningur á að eiga þess kost að heyra þær, bæði héðan úr þingsölunum og með öðrum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 180, 181 og 182, 174, 177, 183, 184, 192, 193, 194, 195, 196, 197, 199).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 174,1–8 samþ. með 48 shlj. atkv.
– 177,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
– 195,1–2 felld með 31:15 atkv.
– 177,2–3 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 183,1 felld með 30:10 atkv.
– 177,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
– 177,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
– 177,6 samþ. með 49 shlj. atkv.
– 174,9 samþ. með 49 shlj. atkv.
– 177,7 samþ. með 43 shlj. atkv.
– 174,10 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 174,11 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 177,8 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 174,12 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 177,9 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 183,2 felld með 29:10 atkv.
– 195,3 felld með 29:6 atkv.
– 194,II. 1–2 tekin aftur.
– 184,I tekin aftur.
– 195,4 felld með 30:7 atkv.
– 196,I tekin aftur.
– 174,13–14 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 195,5 felld með 31:9 atkv.
– 177,10 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 174,15–19 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 177,11 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 194,I.1 felld með 29:13 atkv.
– 174,20 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 183,3–5 felld með 29:13 atkv.
– 174,21–24 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 183,6–7 felld með 29:11 atkv.
– 174,25 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 192,I felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, LárJ, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA.

nei: ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, TK, GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, EystJ.

Brtt. 184, II samþ. með 57 shlj. atkv.
– 174,26 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 183, 8–9 felld með 27:13 atkv.
– 174,27–28 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 183,10 felld með 30:10 atkv.
– 199,I.1 tekin aftur.
– 174,29 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 196,II tekin aftur.
– 174,30 samþ. með 52 shlj. atkv.
– 177,12 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 174,31–33 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 184,III tekin aftur.
– 174,34–36 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 197 felld með 34:19 atkv.
– 174,37–38 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 196,III.1 tekin aftur.
– 192,II samþ. með 49 shlj. atkv.
– 174,39–42 samþ. með 59 shlj. atkv.
– 184,IV tekin aftur.
– 196,III.2 tekin aftur.
– 174,43–44 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 184,V samþ. með 54 shlj. atkv.
– 177,13 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 174,45–46 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 177,14 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 184,VI tekin aftur.
– 174,47 samþ. með 50 shlj. atkv.
– 196,IV tekin aftur.
– 195,6 felld með 26:11 atkv.
– 174,48 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 177,15 samþ. með 50 shlj. atkv.
– 174,49–50 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 177,16 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 174,51–52 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 177,17 samþ. með 53:1 atkv.
– 174,53–59 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 177,18 samþ. með 53:1 atkv.
– 174,60 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 183,11 felld með 30:10 atkv.
– 174,61–67 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 199,I.2 tekin aftur.
– 174,68–71 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 193,I tekin aftur.
– 174,72–78 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 194,I.2 tekin aftur.
– 174,79–80 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 194,I.3 felld með 28:7 atkv.
– 174,81–82 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 194,II.3 felld með 27:9 atkv.
– 174,83–85 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 199,II tekin aftur.
– 196,V tekin aftur.
– 174,86–88 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 177,19 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 174,89–97 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 177,20 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 194,II.4 felld með 30:6 atkv.
– 174,98–100 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 194,II.5 felld með 28:6 atkv.
– 174,101–102 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 193,II tekin aftur.
– 184,VII tekin aftur.
– 174, 103–104 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 183,12 felld með 30:11 atkv.
– 174,105 samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 194,II.6 felld með 36:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EBS, FÞ, GTh, GÞG, JÁH, HBl, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SvH, ÞK, BGr.

nei: BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, TK, GS, GeirG, GilsG, GíslG, GuðlG, GunnG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, MB, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SteinG, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EystJ.

GH, IngJ, JóhH, JónÁ, LárJ, MÁM, AJ, ÓE, AuA greiddu ekki atkv.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil gera eftirfarandi grein fyrir atkv. mínu. Með því að ég hef nýlega ásamt tveim öðrum þm. staðið að þáltill., sem hnígur í svipaða átt, og vænti þess, að hún verði farsællega rædd í þingi og þn., tel ég þessa skynditillögu við afgreiðslu fjárlaga ótímabæra, og segi því nei.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er flm. að þáltill., sem gengur í þessa átt. Ég tel eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt, að sú þáltill. verði rædd hér á þingi og skoðuð gaumgæfilega í n. Slíkt er eðlilegur og þinglegur háttur. Ég tel till. þá, sem nú er verið að greiða atkv. um, mjög ótímabæra og ekki nægilega þinglega, og ég segi nei.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég er 1. flm. að till., sem lögð var fram hér á þingi fyrir um það bil tveimur vikum og fjallar um nákvæmlega sama efni og brtt. sú, sem hér er greitt atkv. um. Þegar ég samdi þessa þáltill., bauð mér nú raunar ekki í grun, að ég væri að semja rullu handa hv. 8. landsk. þm. til að leika hér í drama gærkvöldsins. Hann lék ágætlega og við ágætar undirtektir áhorfenda. Sem höfundur verksins hef ég því undan engu að kvarta í því efni. Hann tók líka fram, að till. sín væri tekin nákvæmlega orðrétt upp eftir okkar till. Hann kallaði þetta stuðning. Ég hygg, að þetta hátterni gæti líka flokkazt undir ritstuld og ef hv. 8. landsk. vill styðja rithöfunda, þá verður hann að gæta þess að gera sig ekki sekan um slíkt.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hygg, að bæði rithöfundar og þm. eigi rétt á því, að þetta stórmál rithöfunda fái rétta afgreiðslu á þingi, þannig að þeir fái lausn sinna mála til frambúðar. Ég vil einnig láta þess getið hér, að ég tel, að listamannalaun í því formi, sem þau eru nú, eigi tvímælalaust að falla niður, og vænti þess, að eftir jól muni málefni rithöfunda verða tekin til endurskoðunar frá grunni. Af þessum ástæðum segi ég nei. (**Forseti:** Þetta var nú í lengsta lagi, en þm. segir nei.)

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þáltill. verða ekki framkvæmdar nema Alþ. veiti fé til framkvæmda þeirra, og það verður ekki gert nema á fjárlögum.

Það mál, sem hér um ræðir, er ekki nýtilkomið, þótt það sé nýtt í þingsölum. Það hefur verið flutt af rithöfundasamtökunum og rætt allmikið og er án efa einfalt í framkvæmd. Ég tel því, að það sé athyglisvert, að þrír háttv. þm. skuli flytja þáltill. um svo merkilegt mál, en þegar þeim gefst tækifæri til að tryggja framkvæmd tillögunnar nokkrum dögum seinna, standa þeir upp hver á fætur öðrum og telja, að það sé ekki tímabært að framkvæma þetta ágæta og góða mál. Þetta er sérstætt.

Mér er mikil ánægja að leika hlutverk fyrir rithöfunda eða aðra, ef ég er maður til þess. Það kann að vera, að ég hafi gert mig sekan um ritstuld, það skal ég játa, en ég vil færa það fram mér til málsbóta, að þessi ritstuldur er í því falinn, að rithöfundarnir fái launin, en ekki ég. Ég tel því skýringar þessara þriggja flm. vera harla léttvægar og vona, að þeir skoði hug sinn og sleppi ekki næsta tækifæri til að gera þetta mál að veruleika. Ég segi já.

Brtt. 184,VIII tekin aftur.
– 184, IX tekin aftur.
6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 208, n. 236, 243, 244, 245, 249).

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. um fjárlagafrv., átti fjvn. þá eftir að afgreiða tekjuhlið frv., svo og ýmis einstök erindi. Þeirri afgreiðslu lauk n. á fundum s. l. föstudag, og liggja till. n. nú fyrir, annars vegar n. allrar sameiginlega á þskj. 243, um hækkanir á ýmsum einstökum útgjaldaliðum og heimildartillögum, og hins vegar till. meiri hl. n. á þskj. 244, um tekjuhlið frv. og þær breytingar, sem af þeim leiðir. Hefur n. þá haldið alls 39 fundi um málið.

Mun ég þá fyrst í stuttu máli gera grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur sameiginlega á þskj. 243, en koma síðan að till. meiri hl. n. Um þær till., sem n. flytur sameiginlega, gildir sami fyrirvari og áður af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. og fulltrúa Alþfl. í n., að þeir hafa óbundnar hendur um afstöðu til einstakra till. og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Það eru þá fyrst brtt. á þskj. 243 varðandi menntmrn. Raunvísindastofnun háskólans, rannsóknastofa í efnafræði, fjárveiting þar hækkar um 300 þús. kr. Þessi fjárveiting er ætluð til rannsókna á því, hvort unnt er að nota fiskinnyfli til vinnslu lífrænna efna, sem gætu orðið lyfjaiðnaðinum aðgengileg og æskileg hráefni, en markaður virðist vera fyrir hendi erlendis, ef framleiðsla tækist. – Rannsóknaráð ríkisins, liðurinn til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins hækkar um 200 þús. kr., og er til þess ætlazt, að það fé renni til Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Hallssonar til undirstöðurannsókna á sjávargróðri við Íslandsstrendur.

Gjaldfallinn stofnkostnaður við Menntaskólann á Laugarvatni er hækkaður um 250 þús. kr., og er þar um að ræða framlag ríkisins á móti framlagi frá fyrri nemendum skólans til kaupa á kvikmyndasýningavél. – Þá er lagt til, að veitt verði 1 millj. kr. til bókasafns Kennaraháskóla Íslands. – Lagt er til, að veittar verði 4 millj. kr. til byggingar lýðskóla í Skálholti, en safnað hefur verið um 10 millj. kr. annars staðar á Norðurlöndum til þessarar byggingar, en 3/5 hlutar hennar eru komnir undir þak. – Þá eru tvær textabreytingar við fyrri till. um fjárveitingar til skólamannvirkja. Annars vegar, að till. um fjárveitingu til Vestmannaeyja verði á þann veg skýrari, að þar bætist við orðið „sundlaug“, og hins vegar, að fjárveiting til skóla í Skagafjarðarsýslu breytist þannig í texta, að hún verði ætluð til skóla í Skagafirði, þar sem hér mun vera um að ræða skóla, sem ekki eru allir í Skagafjarðarsýslu, þótt þeir séu í Skagafirði. – Gerð er till. um fjárveitingu til undirbúnings á byggingu íþróttahúss í Keflavík, 300 þús. kr., en ástæðan fyrir þessari brtt. nú við 3. umr., eftir að n. hafði fyrir 2. umr. afgreitt fjárveitingar til skólabygginga, er sú, að umsókn um þessa fjárveitingu var send til rn. í fyrravor, en fylgdi ekki með í gögnum rn. til fjvn. vegna mistaka.

Þá kemur leiðrétting á skiptingu á hækkun fjárveitinga til Landsbókasafns vegna launa- og rekstrarkostnaðar, og hefur sú till. ekki í för með sér neina hækkun á fjárveitingu. – Þá er gerð till. um hækkun á þeim lið fjárveitingar til Þjóðminjasafns, sem ætlaður er til byggðasafna, og hækkar sá liður um 150 þús. kr. í 1340 þús.

Framlag til þjóðgarðsins í Skaftafelli í Öræfum er hækkað um 250 þús. kr. í 775 þús., en talið er, að á næstunni þurfi að verja verulegum fjárhæðum til að bæta aðstöðu ferðamanna á þeim stað, áður en stóraukning verður á ferðamannastraumi, þegar vegur hefur verið lagður þangað austur.

Gerð er till. um, að liðurinn Listkynning í skólum, 300 þús. kr., falli niður, en í staðinn komi: Listkynning í skólum og námskeið í listiðnaði, og verði 100 þús. kr. hærri eða alls 400 þús. kr. Hækkunin, 100 þús. kr., er ætluð sem styrkveiting til Sigrúnar Jónsdóttur, til þess að halda námskeið í listvefnaði, en hún hefur notið jafnhás styrks á núgildandi fjárlögum.

Þá flytur fjvn. till. um, að skipting á heiðurslaunum listamanna, 1 925 þús. kr. alls, verði með sama hætti og á núgildandi fjárlögum, sömu upphæðir til hinna sömu 11 listamanna. – Lagt er til, að veitt verði 1.5 millj. kr. til listahátíðar í Reykjavík á næsta ári, og er sú upphæð ætluð til að greiða hugsanlegan halla á þeirri hátíð.

Á fjárlagafrv. er 400 þús. kr. fjárframlag til Banda-

lags ísl. skáta, hjálparsveita. Lagt er til, að framlagið hækki um 150 þús. kr. og hækkunin renni til hjálparsveita skáta í Reykjavík og Hafnarfirði vegna kostnaðar, sem þær sveitir hafa af þjálfun og umsjón með tveim sporhundum, sem þessar deildir hafa keypt frá Englandi.

Barnavinafélagið Sumargjöf hefur kostað starfsemi fóstruskóla í 25 ár, en verulegur halli hefur verið á rekstrinum undanfarin ár, einkum tvö síðustu árin, og er lagt til, að styrkur félagsins hækki úr 800 þús. kr. í 1.5 millj., eða um 700 þús. kr. – Till. er gerð um jafnháan byggingarstyrk til dagheimilis í Kópavogi og er á núgildandi fjárlögum, 125 þús. kr., og um 75 þús. kr. styrk til dagheimilisbyggingar á Seyðisfirði. Enn fremur að rekstrarstyrkur til dagheimila og sumardvalarheimila barna hækki úr 1.5 millj. kr. í 2 millj. En þessi liður er 900 þús. kr. á núgildandi fjárlögum.

Á núgildandi fjárlögum er veittur 350 þús. kr. styrkur til Hlíðardalsskóla í Ölfusi. Lagt er til, að sá styrkur verði hækkaður um 150 þús. kr., í 500 þús.

Þá er till. um þá leiðréttingu, að framlag til heimildarkvikmyndar um sjómennsku verði flutt af menntmrn. á sjútvrn.

Ein brtt. varðar utanrrn., liðurinn Aðstoð við þróunarlöndin hækki um 1.5 millj. í 3 millj., en engin slík fjárveiting er á núgildandi fjárlögum.

Nokkrar brtt. eru fluttar varðandi landbrn. Er þar fyrst lagt til, að launaliður búfjárræktardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækki um 510 þús. kr. vegna ráðningar sérfræðings í nautgriparannsóknum, en hann hefur starfað þar lausráðinn tvö undanfarin ár. Starfssvið hans er einkum að reyna gildi innlends fóðurs af ýmsum tegundum og af ýmissi verkun. – Lagt er til, að veittar verði 500 þús. kr. á næsta ári vegna kaupa á íbúðarhúsi að Skriðuklaustri. – Þá er lagt til, að launaliður hjá veiðimálaskrifstofu verði hækkaður um 300 þús. kr. og framlag til fiskræktarsjóðs hækki um 500 þús. kr., til þess að standa skil á styrkjum vegna framkvæmda, sem unnar voru, áður en sjóðurinn tók til starfa, en slíkar eftirstöðvar munu nú nema 2 millj. 513 þús. kr. Eftir hækkunina nemur framlag til sjóðsins 2 millj. 300 þús. kr.

Till. eru um framlag til tveggja fyrirhleðslna í viðbót við samþykktir við 2. umr., þ. e. Deildará 30 þús. kr. og Eystri-Rangá 20 þús. kr. – Á Alþ. er til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um innflutning búfjár. Verði þetta frv. samþ., er ætlunin að hefja innflutning á djúpfrystu nautasæði á næsta ári, og er þá nauðsynlegt að koma á fót sérstakri einangrunarstöð. Lagt er til, að veittar verði 2 millj. kr. til stofn- og rekstrarkostnaðar slíkrar einangrunarstöðvar. – Þá er lagt til, að hækkað verði um 100 þús. kr. framlag til tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands í Laugardælum, en þar fara fram fóðurtilraunir m. a.

Þá eru brtt. varðandi sjútvrn. Þar er lagt til, að launaliður á aðalskrifstofu hækki um 370 þús. kr., svo og að framlag til Fiskifélags Íslands hækki um samtals 550 þús. kr. Annars vegar er þar um að ræða 250 þús. kr. vegna breytinga á skýrslukerfi, en áætlað er, að sú breyting kosti 300–500 þús. kr. á næstu tveim árum, og úrvinnsla fyrir reikningaskrifstofu sjávarútvegsins fari þá fram hjá skýrsluvélum. Hins vegar er um 300 þús. kr. hækkun að ræða á launalið vegna starfa að tilraunum með fiskeldi í sjó. – Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var samþ. sérstakt framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs, 10 millj. kr., til verðuppbóta á línufisk, en gildandi hefur verið, að fiskkaupendur hafa greitt 55 aura á hvert kg þorsks, ýsu og löngu, sem fullnægir gæðum 1. verðflokks á tímabilinu 1. jan. til 31. maí og 1. okt. til 31. des., en ríkissjóður hefur greitt 33 aura. Á fjárlagafrv. fyrir árið 1972 var þetta framlag fellt niður, en nú er lagt til, að það verði tekið upp að nýju og hækkað í 20 millj. kr. og verði sérgrein á fjárlögum. – Þá er lagt til, að veittar verði 500 þús. kr. til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á fiskileitartækjum, en þeim aðilum, sem annazt hafa þessi störf, einkum úti á landi, hefur reynzt æ erfiðara að bera kostnað af því að hafa jafnan fyrir hendi nægilega miklar og fjölbreyttar birgðir af varahlutum.

Þá eru brtt. við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þar er lagt til, að framlag til sjómælinga og kortagerðar verði hækkað um 300 þús. kr. og framlagið fært á gjaldfærðan stofnkostnað. – Þá er till. um hækkun um 1 millj. kr. á framlagi til umferðarráðs og nemur sá liður þá alls 3 millj., en á núgildandi fjárlögum er fjárveitingin 900 þús. kr. Fjárlagatillögur fyrir stofnunina bárust ekki í tæka tíð í sumar, og því ekki unnt að taka afstöðu til þeirra við gerð fjárlaga.

Þá er lagt til, að útgjaldaliðurinn prestar og prófastar hækki um 510 þús. í 67 millj. 460 þús., og er þá gert ráð fyrir ráðningu prests til Breiðholtssafnaðar. – Enn fremur er lagt til, að framlag til bygginga á prestssetrum hækki um 1 millj. kr. í 5.5 millj. – Gerð er till. um hækkun á framlagi til kirkjubyggingasjóðs um 500 þús. kr., í 4 millj.

Í sundurliðun á fjárveitingum til byggingar sjúkrahúsa, sem samþ. var við 2. umr., er framlag til Reykjavíkurborgar 26 millj. kr. Lagt er til, að sú upphæð verði hækkuð um 2 millj.

Fyrir 2. umr. lagði n. fram till. sínar um styrktarfé og ýmis eftirlaun og lækkaði sá liður nokkuð frá því, sem hann var á frv. Við þessa umr. flytur n. eina till. til viðbótar á þessum lið, og varðar hann barnastyrk.

Kem ég þá að brtt. við 6. gr. frv., þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán að upphæð allt að 2.5 millj. kr. fyrir flugfélagið Erni h. f. á Ísafirði vegna kaupa félagsins á sjúkraflugvél, gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar, og að auka hlutafé ríkisins í Slippstöðinni h. f. á Akureyri í 45 millj. kr. og ábyrgjast lán vegna hlutafélagsins allt að 30 millj. kr. Í þskj. stendur allt að 25 millj., en það er prentvilla og verður leiðrétt. Að auka hlutafé ríkisins í Útgerðarfélaginu Þormóði ramma á Siglufirði í 28 millj. kr., en þá er gert ráð fyrir, að hlutafé í heild verði ekki undir 40 millj. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af dísilrafstöð, sem Rafveita Reyðarfjarðar hefur fest kaup á hjá Fosskraft h. f., endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar í Blævardalsá í Nauteyrarhreppi og ábyrgjast greiðslu á skuldum Síldarverksmiðja ríkisins á árunum 1973–1976, allt að 87 millj. kr. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir byggingarsjóð Rannsóknastofnana sjávarútvegsins vegna byggingarframkvæmda að Skúlagötu 4. Að taka við skuldabréfi til 6 ára að fjárhæð allt að 4 millj. kr. sem greiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af prentvélum Blaðprents h. f. Að

verja söluandvirði eigna Vegagerðar ríkisins til áframhaldandi byggingar nýs áhaldahúss á Akureyri. Að taka að sér greiðslur skulda Síldarverksmiðjunnar Rauðku og gefa Siglufjarðarkaupstað eftir þá fjárhæð, þó eigi yfir 24 millj. kr. Að taka allt að 7 millj. kr. lán til byggingar vörugeymslu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1972 hjá allt að 25 fötluðum mönnum eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Að ábyrgjast allt að 12 millj. kr. lán vegna byggingar vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra við Hátún 12 í Reykjavík, gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Að ábyrgjast allt að 80% af kaupverði skuttogara samkv. nánari reglum, sem ríkisstj. setur. Að greiða allt að 20 millj. kr. vegna rekstrar togara á árinu 1971 samkv. reglum, sem ríkisstj. setur. Í þessum lið er prentvilla. Þar stendur að afla allt að 20 millj. kr., en á að vera að greiða, og verður það leiðrétt. Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til Norðurflugs á Akureyri til kaupa á flugvél til sjúkraflugs gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjöld af lánsskjölum, sem gefin verða út í sambandi við togara þá, sem samið hefur verið um smíði á erlendis, eftir nánari ákvörðun fjmrn. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af tækjum í sambandi við notkun lyfja fyrir sykursjúka og nauðsynlegum fæðutegundum fyrir slíka sjúklinga, samkv. nánari ákvörðun fjmrn. Og að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af vélum og tækjum vegna væntanlegrar virkjunar Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Kem ég þá að tekjuhlið frv., en eins og ég hef áður sagt, flytur meiri hl. n. á þskj. 244 brtt. við tekjuhliðina og till., sem leiðir af þeim. Eftir 2. umr. um fjárlagafrv. komu á fund fjvn. þeir Jón Sigurðsson hagrannsóknarstjóri og fulltrúi hans, Ólafur Davíðsson hagfræðingur, og gerðu n. rækilega grein fyrir annars vegar þeim grundvelli, sem lá til áætlana um tekjur ríkissjóðs á fjárlagafrv., þegar það var lagt fram í upphafi þings, og hins vegar grundvelli að nýrri tekjuáætlun, sem byggð er á nýjum frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram um tekju- og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga. Við samanburð milli þessara tveggja áætlana ber að sjálfsögðu að hafa í huga, að hækkun áætlunar um tekjur ríkissjóðs byggist fyrst og fremst á því, að áætlun samkv. nýju skattakerfi er ný og miðuð við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um verðlag og kaupgjald, en fyrri áætlun, sú, sem er í fjárlagafrv., var gerð án þeirra forsendna, sem nú liggja fyrir í því efni. Eldri áætlun, sú, sem tekjuhlið fjárlagafrv. byggðist á, var miðuð við reynslu fyrstu 6 mánuði þessa árs og spá um síðari 6 mánuðina. Þær meginforsendur, sem á var byggt varðandi næsta ár, voru í fyrsta lagi, að verðstöðvun héldi áfram, í öðru lagi, engin áhrif voru áætluð vegna nýrra kjarasamninga og í þriðja lagi, byggt var á gildandi skattalögum að öðru leyti en því, að við áætlun á eignarskatti og tekjuskatti félaga var ekki miðað við þær breytingar á skattalögum frá í vor, sem áttu að koma til framkvæmda við skattlagningu næsta ár, heldur var í því efni miðað við sömu reglur og gilda við skattlagningu 1971. En talið var, að þær reglur, sem hefðu átt að koma til framkvæmda næsta ár samkv. lögunum frá í vor, hefðu lækkað eignarskatt niður í innan við 20 millj. kr. Þetta voru forsendurnar fyrir tekjuáætlun fjárlagafrv., eins og það var lagt fram í byrjun okt. Hin nýja tekjuáætlun ríkissjóðs er hins vegar byggð á eftirfarandi forsendum:

1. Meiri reynslu af innheimtu tekna ríkissjóðs á þessu ári, þ. e. raunverulegum tölum til nóvemberloka, en í fyrri áætlun, þeirri, sem frv. byggir á, var aðeins stuðzt við spá um 6 síðustu mánuði þessa árs, og er þar með eytt verulegri óvissu í spá, sem af eðlilegum orsökum varð að byggja á við gerð fjárlagafrv.

2. Tekjuáætlun nú er byggð á nýjum efnahagsforsendum, þar sem mestu valda til breytinga nýir kjarasamningar. Áhrif þeirra eru erfiðasta matsatriðið, en talið er, að kjarasamningarnir taki til um 50% af launþegum og síðar um 65%.

Þá er tekjuáætlun ríkissjóðs í fyrsta lagi byggð á ákvæðum þeirra skattalagafrv., sem lögð hafa verið fram hér á hv. Alþ. Í sambandi við áhrifin af nýjum efnahagsforsendum eru, að dómi þeirra, sem tekjuáætlunina hafa gert, sérstaklega vandmetin áhrif kjarasamninganna, annars vegar vegna óvissunnar um áhrif styttingar vinnutímans, þ. e. að hve miklu leyti verður um raunverulega vinnutímastyttingu að ræða og að hve miklu leyti um hækkun launagreiðslna, og hins vegar eru vandmetin áhrif kjarasamninganna á verðlagsþróunina. Tekjutölur í nýrri áætlun eru miðaðar við, að þessi áhrif öll séu metin varlega, og þá ekki talið eðlilegt að miða áætlunina við ýtrustu áhrif, sem valda mundu um leið verulegum hallarekstri þjóðarbúsins í utanríkisviðskiptum. Gert er ráð fyrir, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar aukist um 8%, þar af sjávarvöruframleiðsla um 5½%. Þjónustuútflutningur er talinn munu aukast um 6.3% og útflutningsverðmæti í heild um rúmlega 10%. Áætluð er aðeins 1½% aukning fjármunamyndunar í heild, en 10%, ef frá er talinn innflutningur skipa og flugvéla, um 12% aukning einkaneyzlu. Þá er gert ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist að verðmæti um 20%, og hefur þá verið gert ráð fyrir erlendri verðhækkun um 3–4%. Þessar spár um þróun eftirspurnar fela í sér um 11% aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, 6–7% aukningu þjóðarframleiðslu og um 6% aukningu þjóðartekna.

Ég hef þá í örstuttu máli gert nokkra grein fyrir þeim mismunandi forsendum, sem annars vegar er um að ræða varðandi tekjuáætlun fjárlagafrv. og hins vegar tekjuáætlun samkv. þeim brtt., sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 244, og skal ég nú rekja þær hverja fyrir sig með nokkrum frekari skýringum, þar sem þörf er á.

Lagt er til, að liðurinn almannatryggingagjald, 654 millj. 900 þús., verði orðaður svo: Almannatryggingagjald, eftirstöðvar, 110 millj. Samkv. þeim frv., sem lögð hafa verið fram, er gert ráð fyrir, að felldur verði niður persónuskattur til almannatrygginga, eftirstöðvar almannatryggingagjalds eru áætlaðar í árslok 1971 157 millj. kr., og er hér gert ráð fyrir, að af því innheimtist á næsta ári 110 millj. kr., og er sú áætlun byggð á reynslu af innheimtu á eftirstöðvum áður.

Eignarskattur einstaklinga. Gert er ráð fyrir lækkun um 20 millj. 30 þús. kr. frá frv., en liðurinn verði 106 millj. 600 þús. samkv. skattalagafrv. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga lækkar samkv. því um 200 þús. kr. í 1 millj. 66 þús. – Eignarskattur félaga

hækkar um 67.4 millj. í 117.8 millj. samkv. nýju skattalagafrv. En á hinn bóginn eiga eignaútsvör að falla niður. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga hækkar í samræmi við þetta um 674 þús. kr. í 1 millj. 178 þús. – Erfðafjárskattur hækkar um 15 millj. kr. í 25 millj. samkv. frv. um erfðafjárskatt, sem lagt var fram í haust. Talið er, að erfðafjárskattur, sem á fjárlagafrv. var áætlaður 10 millj. kr., muni á þessu ári nema um 15 millj. – Gert er ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga hækki um 1 208 millj. 880 þús. og verði 2 677 millj. kr. samkv. því frv. um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir Alþ. Í sambandi við áætlun um tekjuskatt samkv. því frv. er gert ráð fyrir óbreyttri skilgreiningu á nettótekjum, en 21½% hækkun á meðalnettótekjum á milli áranna 1970 og 1971 og 2% fjölgun gjaldenda. Hér er um innheimtutölu að ræða, og byggt á reynslu síðustu tveggja ára. Í sambandi við innheimtu á fyrri eftirstöðvum, sem er hluti af innkomnum tekjuskatti, ber þess að gæta, að þar er um innheimtu af grennri stofni að ræða, innheimtu af lægri tekjuskatti. Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga hækkar samhliða um 12 millj. 89 þús. kr. – Tekjuskattur félaga hækkar um 237 millj. 920 þús. í 450 millj. Óvissan í áætlun um þennan skatt er einkum vegna fyrningar, en talið er, að stofn skattsins rýrni um 380 millj. kr. vegna nýrra fyrningarreglna. Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga hækkar samhliða um 2 millj. 379 þús.

Liðurinn aðflutningsgjöld hækkar um 378 millj. 800 þús. Þar af er hækkun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 19 millj. og hækkun aðflutningsgjalda, sem renna í ríkissjóð, þá 359 millj. 800 þús. kr. og nemur upphæð aðflutningsgjalda til ríkissjóðs þá samkv. því 4 423 millj. 200 þús. kr. Til nóvemberloka hafa tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum numið 3 340 millj. kr., en í fyrri áætlun um árið 1971 var talið, að tekjur af aðflutningsgjöldum mundu nema 3 687 millj. kr. allt árið. Gert er ráð fyrir, að innflutningur aukist um 20% í krónutölu á næsta ári, en tollahlutfall lækki úr 24.4% í 24% vegna minni innflutnings á bifreiðum. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir, að tollahlutfallið yrði 23.3%, en miðað við reynslu síðan frv. var samið er talið eðlilegt að áætla tollaprósentuna 24%. – Liðurinn aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum er hækkaður um 2 millj. 200 þús. í 21 millj. 200 þús. – Byggingariðnaðarsjóðsgjald, sem rennur til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins er hækkað um 200 þús. í 5.2 millj. – Áætlun um tollstöðvargjald er hækkuð um 1 millj. 911 þús. og byggingarsjóðsgjald af innflutningi um sömu upphæð. – Innflutningsgjald af bensíni um 18.2 millj. – Gúmmígjald lækkar um 1 millj. vegna áætlunar um minni innflutning bifreiða. – Gjald af innlendum tollvörutegundum hækkar um 4.8 millj. og sælgætisgjald hækkar um 290 þús. – Flöskugjald hækkar um 2.2 millj. kr., en álgjald lækkar um 2 millj. 885 þús.

Er þá komið að söluskatti, en gert er ráð fyrir, að söluskattur hækki brúttó um 962.3 millj. kr., þar af hluti sveitarfélaga um 77 millj. kr. og hluti ríkissjóðs hækki þá um 885.3 millj. kr. Við gerð fjárlagafrv. í sumar var áætlað, að ársinnheimta 1971 yrði 3 246 millj., og er áætlun fyrir 1972 við það miðuð. Miðað við þær upplýsingar um innheimtu, sem nú liggja fyrir, ætti söluskattshluti ríkissjóðs fyrir árið 1972 að óbreyttu að áætlast 3 616 millj., en við það bætist í fyrsta lagi 380 millj. kr., vegna þess að áformað er að flýta innheimtu söluskatts um einn mánuð á síðari hluta næsta árs, í öðru lagi, 90 millj. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir, að greiddur verði söluskattur af þjónustu Pósts og síma, og mun verða flutt frv. um breyt. á lögum um söluskatt í samræmi við það, og í þriðja lagi nemur áætluð hækkun vegna verðbreytinga o. fl. 293 millj. kr., og samtals nemur þá áætlaður söluskattshluti ríkissjóðs 4 379 millj. kr. á næsta ári. Í sambandi við ákvörðun um greiðslu söluskatts af þjónustu Pósts og síma skal það tekið fram, að ekki er ráðgert, að söluskatturinn komi fram í hækkun á gjaldskrám, og samkv. því verður sú breyting gerð í B-hluta fjárlagafrv., að 90 millj. kr. færast til hækkunar á liðnum önnur rekstrargjöld, sem verða þá 264 millj. 844 þús., en liðurinn fjárfestingar lækkar að sama skapi og verður 229 millj. 51 þús., en er á núgildandi fjárlögum 170 millj. kr. Ég get þess hér sérstaklega, vegna þess að ekki er venja að flytja sérstakar brtt. við B-hluta frv., sem leiðir af ákvörðunum varðandi A-hlutann. En í 3. brtt., a-lið, á þskj. 244 felst m. a. 90 millj. kr. hækkun vegna söluskattsgreiðslu Pósts og síma, og hún leiðir til fyrrgreindrar breytingar á viðkomandi liðum í B-hluta. – Liðurinn launaskattur hækkar um 97 millj. 890 þús. vegna hækkunar á skattstofni og rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins hækkar um 240 millj. kr. vegna hækkunar á útsöluverði og vegna áætlaðra áhrifa af launahækkunum. – Gjald af seldum vindlingum hækkar um 300 þús. kr. og af seldum eldspýtum um 30 þús. – Síldargjald lækkar um 130 þús. kr. Ferskfiskmatsgjald hækkar um 1 millj. og hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum hækkar um 200 þús. – Sérleyfisgjald hækkar um 150 þús. og gjald af eyðublöðum heillaskeyta um 10 þús. kr.

Stimpilgjald hækkar um 18 millj. í 180 millj., en talið er, að í ár muni þau nema um 150 millj. kr. Á þskj. 244, 4. till. a, er prentvilla, þar sem sagt er, að stimpilgjald hækki úr 16 200 kr. í 180 millj., en á að standa úr 162 millj. í 180 millj. – Áætlun um aukatekjur er lækkuð um 1 millj., áætlun um þinglýsingar hækkuð um 7 millj. í 62 millj. – Tekjur af bifreiðaskatti hækka um 4.8 millj. í 211.5 millj. og af skrásetningargjaldi bifreiða um 100 þús. kr. – Vitagjald hækkar um 100 þús. kr., skipaskoðunargjald lækkar um 200 þús., hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 4.3 millj., leyfisgjald hækkar um 1 850 þús., einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands hækkar um 1 millj. 100 þús. kr., en það gjald rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Prófgjald bifreiðastjóra hækkar um 60 þús.

Þar sem hér eru gerðar till. um breytingar á tekjum af ýmsum mörkuðum tekjustofnum, eru jafnframt gerðar till. um breytingar á framlögum til viðtakenda í samræmi við það, þ. e. framlag til Byggðasjóðs lækki um 2 millj. 885 þús. vegna lækkunar álgjalds, framlag til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna lækki um 1.1 millj., framlag vegna hækkunar tekna af einkaleyfisgjaldi frá Háskóla Íslands og framlag til ríkisútvarps, sjónvarps, aðflutningsgjöld hækki um 2.2 millj. – Framlög til Menningarsjóðs hækki um 260 þús., til Félagsheimilasjóðs hækki um 110 þús., til Íþróttasambands Íslands hækki um 70 þús., til Landgræðslusjóðs hækki um 90 þús. og til byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins hækki um 180 þús. – Þá kemur nýr

liður í samræmi við ákvarðanir ríkisstj. um breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga samhliða skattafrv. Það er vegna yfirtöku ríkisins á lögreglukostnaði sveitarfélaga, nýr liður, 150 millj. kr. – Framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um 57 millj. 253 þús. í 470 millj. 294 þús. vegna hækkaðra tekna af eignarskatti og launaskatti. – Framlag til Erfðafjársjóðs hækkar um 15 millj., framlag til Styrktarsjóðs fatlaðra um 217 þús. vegna hækkunar tekna af sælgætisgjaldi. – Framlag til Styrktarsjóðs vangefinna um 1 650 þús. vegna hækkunar tekna af flöskugjaldi. – Framlag til aðstoðar við blinda hækkar um 73 þús. kr. vegna hækkunar á tekjum af sælgætisgjaldi og framlag til Slysavarnafélags Íslands hækkar um 70 þús. kr. vegna hækkunar tekna af seldum vindlingum. – Framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækkar um 30 þús. vegna hækkunar tekna af gjaldi af seldum eldspýtum.

Þá er gerð till. um, að framlag ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 1 727 millj. í 5 522 millj. 200 þús. kr. Þessi hækkun framlags til Tryggingastofnunar ríkisins sundurliðast þannig: Lífeyristryggingar vegna yfirtöku frá sveitarfélögum 380 millj. Vegna væntanlegra lagabreytinga og hækkunar í samræmi við launahækkanir 514 millj. Sjúkratryggingar vegna yfirtöku frá sveitarfélögum 253 millj., vegna yfirtöku á kostnaðarhlutdeild einstaklinga 513 millj., vegna áætlana um hækkun daggjalda 67 millj. eða samtals 1 727 millj. Að auki lækka tekjur af almannatryggingagjaldi á tekjuhlið frv. um 544.9 millj. kr., þannig að ríkissjóður ber í heild kostnaðarauka, sem nemur 2 271 millj. 900 þús. kr. Hluti af hækkun á sjúkratryggingum stafar af þeirri ákvörðun að fjölga starfsliði á sjúkrahúsum ríkisins, sem ég gat um við 2. umr. um fjárlagafrv., en gert er ráð fyrir aukningu starfsliðs á Kleppsspítala á næsta ári um 38 manns og kostnaðarauka 8 millj. kr. og hjá öðrum sjúkrahúsum ríkisins um 15 starfsmenn, þ. á m. sérlærðir læknar, og er kostnaðarauki af því 5 millj. á næsta ári. Þessi kostnaðarauki í rekstri sjúkrahúsanna kemur þannig fram gjaldamegin á framlagi til Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratrygginga, en hefur jafnhliða í för með sér röskun í B-hluta í hækkun launakostnaðar hjá hverju einstöku sjúkrahúsi og verða þær breytingar gerðar í samræmi við lista, sem lagður hefur verið fyrir fjvn., þar sem greint var frá starfsmannaaukningu og kostnaðaraukningu hjá hverju sjúkrahúsi, en eins og ég hef áður greint frá, er ekki venja að flytja brtt. við B-hluta, ef þær leiðir af brtt., sem gerðar eru við A-hluta. Gert er ráð fyrir, að kostnaðarauki vegna fjölgunar í starfsliði sjúkrahúsanna nemi á ársgrundvelli 20 milljónum króna.

Þá er till. um hækkun framlags til Hjartaverndar um 550 þús. kr. vegna hækkunar tekna af flöskugjaldi. – Framlag til Krabbameinsfélags Íslands hækkar um 80 þús. kr. og framlag til tollstöðva hækkar um 1 millj. 920 þús. Þá er lagt til í till. meiri hl. fjvn., að samþykktur verði nýr liður til verðlagsuppbóta o. fl., 250 millj. kr., en upphæð þessi er í samræmi við áætlað meðaltal kaupgjaldsvísitölu 1972. – Liðurinn vegagerð, viðhald hækkar um 22 millj. kr. vegna hækkunar á innflutningsgjöldum af bensíni og bifreiðaskatti. – Framlag til sérleyfissjóðs hækkar um 150 þús. kr. og þá er lagt til, að niðurgreiðslur á vöruverði lækki um 450 millj. og verði 1 185 millj. 400 þús. kr.

Hef ég þá greint frá öllum till. fjvn. á þskj. 243 og brtt. meiri hl. n. á þskj. 244. Auk þess liggur fyrir till. frá samvn. samgm. um hækkun á framlagi til flóabáta og vöruflutninga um 5 millj. 295 þús. kr. Þessar till. fela í sér eftirfarandi breytingar:

Brtt. fjvn. á þskj. 243, hækkun samtals 44 millj. 15 þús. kr. Hækkun á framlagi til flóabáta og vöruflutninga samkv. till. samvn. samgm. 5 millj. 295 þús. kr. Útgjöld í samræmi við breytingar á mörkuðum tekjustofnum í brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 244 100 millj. 9 þús. kr. Hækkun á framlagi til Tryggingastofnunar ríkisins samkv. till. meiri hl. fjvn. 1 727 millj. Hækkun á löggæzlukostnaði 150 millj. kr. Verðlagsuppbót á laun 250 millj. og hækkunartillögur þá samtals 2 276 millj. 319 þús. Frá dregst samkv. till. meiri hl. fjvn. lækkun niðurgreiðslna 450 millj. og nettóhækkun útgjalda við 3. umr. samkv. þessum till. 1 826 millj. 319 þús. Sé þessari upphæð bætt við niðurstöðutölur rekstrarútgjalda ríkissjóðs eftir 2. umr., 14 milljarða 709 millj. 718 þús., nema rekstrargjöld að samþykktum þessum brtt. á þskj. 243 og 224 og till. samvn. samgm., 16 milljörðum 536 millj. 37 þús. og greiðsluyfirlit ríkissjóðs yrði þá þannig:

Gjöld 16 536 millj. 37 þús. kr.
Tekjur 16 898 millj. 872 þús. kr.
Tekjur umfram gjöld 362 millj. 835 þús.
Lánahreyfingar út 265 millj. 666 þús. kr.
Lánahreyfingar inn 3 millj. 800 þús. kr.
Mismunur lánahreyfinga 261 millj. 866 þús.

Greiðslujöfnuður ríkissjóðs yrði þá á rekstrarreikningi 362 millj. 835 þús., á lánahreyfingum 261 millj. 866 þús. og greiðsluafgangur samkv. þessu 100 millj. 969 þús. kr.

Ég vil leggja áherzlu á það, sem ég greindi frá fyrr í ræðu minni, að hafa verður í huga, að till. um hækkun á áætlunum um tekjur ríkissjóðs frá fjárlagafrv. byggjast fyrst og fremst á því, að hér er um að ræða nýja áætlun, áætlun, sem gerð er eftir að unnt er að sjá niðurstöður um ýmis þau grundvallaratriði í þjóðarbúskapnum í dag, sem liggja til grundvallar áætlun fyrir næsta ár, en varð að spá algerlega um við samningu fjárlagafrv. Enn fremur eru nú komnar fram launahækkanir, sem ekki var gerð tilraun til að spá um við gerð fjárlagafrv. og komu á engan hátt inn í áætlun þá, sem tekjuliðir fjárlagafrv. voru byggðir á.

Þá er nú enn fremur gert ráð fyrir hækkun á söluskattstekjum á næsta ári vegna fjölgunar á gjalddögum og auk þess gert ráð fyrir tekjuauka ríkissjóðs af söluskatti af þjónustu Pósts og síma, 90 millj. kr., sem ekki á að koma fram í hækkun gjaldskrár. Sú hækkun, sem fram yfir þetta er, kemur nú fram með breytingu á skattalögum til þess að fá inn í ríkissjóð tekjur á móti skattheimtu, sem felld er niður hjá ríkissjóði, svo sem almannatryggingagjald einstaklinga, eða til að standa straum af öðrum útgjöldum, sem ríkissjóður tekur við af bæjarfélögum og sveitarfélögum og þau hafa áður séð fyrir með skattheimtu, sem nú lækkar hjá þeim að sama skapi. Ég hef ekki hugsað mér að blanda mér í deilur um skattalagafrv. hæstv. ríkisstj. við þessar umr. um fjárlög, en ég vil þó láta koma fram, að mér þykir ærið blekkjandi, svo að ekki sé meira sagt, málflutn-

ingur stjórnarandstæðinga, þegar þeir reyna að skýra hækkun á tekjuhlið fjárlagafrv. með áhrifum af því, að hin nýja uppsetning tekjuhliðar er miðuð við framlögð frv. um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga. Þessum aðilum er að sjálfsögðu mætavel ljóst, að aðalástæðan fyrir hækkun á niðurstöðutölum tekjuhliðar er sú, sem ég var áðan að gera grein fyrir og felur ekki í sér nýjar skattaálögur. Á tekjustofnum á fjárlagafrv. hafa ekki orðið neinar breytingar, sem kalla mætti taxtabreytingar nema á tekjuskatti og eignarskatti. Söluskattsprósenta er óbreytt, tollaprósentur eru óbreyttar. En hækkun tekjuskatts er um 1 461 millj. kr., hækkun eignarskatts miðað við sambærilegan grundvöll er um 63 millj. og lækkun niðurgreiðslna er um 450 millj. kr., og samtals eru þetta 1 974 millj. kr. og þetta eru þær einu breytingar, sem stafa ekki af endurskoðaðri áætlun á sama grunni og áður, eins og á við um aðra skattstofna. En hverju er létt af í staðinn fyrir þessar 1 974 millj., sem þessir liðir hækka um? Lífeyristryggingum frá sveitarfélögum um 380 millj., sjúkratryggingum frá sveitarfélögum 253 millj., löggæzlu frá sveitarfélögum 150 millj. Samtals af sveitarfélögunum, sem ætti að koma fram í lækkuðum sköttum hjá þeim, 783 millj. kr. og þar til viðbótar: persónuiðgjöldum til almannatrygginga 655 millj., sjúkrasamlagsiðgjöldum einstaklinga 513 millj. eða samtals 1 951 millj., sem ríkissjóður greiðir nú í fyrsta sinn, en hækkun tekjuskatts, lækkun niðurgreiðslna og hækkun eignarskatts nam 1 974 millj. Mismunurinn er um 23 millj. og er þá miðað við almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, eins og þau voru áætluð við samningu frv., en þau mundu að sjálfsögðu verða miklu hærri á næsta ári. Allar staðhæfingar um aukna skattheimtu vegna afgreiðslu fjárlaga nú eða í sambandi við ný frv. um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga eru því fjarri öllum sanni, ef lagður er sá skilningur í skattahækkun, að um þurfi að vera að ræða hækkun á skattgrundvelli, skattaprósentum. Að sjálfsögðu mun gerast hið sama og áður, að við hærri tekjur greiðist hærri krónutala skatta og við aukna veltu eru greiddar hærri upphæðir, hærri heildarveltuskattar svo sem söluskattur og tollar, en hitt er hrein blekking að halda því fram, að frv. um tekju- og eignarskatt eða afgreiðsla fjárlagafrv. nú valdi meiri raunverulegri skattheimtu en áður, þegar haft er í huga, að skattar til sveitarfélaga eiga að lækka samkv. frv. um tekjustofna sveitarfélaga til jafns við þá útgjaldaliði, sem ríkið tekur nú við af sveitarfélögunum.

Frsm. samvn. samgm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Að vanda höfðum við með höndum úthlutun á styrkjum til hinna minni báta, sem inna af höndum strandferðir. Við unnum að þessu í samvn. samgm. Fyrir lágu umsóknir frá þeim bátum, sem hafa fengið styrk undanfarið, nema einum bát á Breiðafirði, sem virðist vera samkomulag um, að hætti að starfa, og m. s. Baldur tekur að sér að annast hans hlutverk í framtíðinni. Sú venja hefur skapazt undanfarin ár að veita allmörgum snjóbílum smástyrki. Við gátum ekki annað en fallizt á, að þeirri stefnu væri fylgt áfram. Það liggur m. a. í því, að þessi héruð mörg eru illa sett með læknishjálp, og ég geri ráð fyrir, að upphaflega hafi verið gengið inn á þetta til þess að tryggja öryggi fólksins, sem býr á þessum stöðum. Þessum umsóknum hefur farið fjölgandi, og þegar byrjað er að veita þessa styrki, er erfitt að veita einum snjóbíl styrk, en neita öðrum. Eðlilega má um þetta deila. Þessi héruð eru misjafnlega vel sett. T. d. leggjum við til, að veittur verði styrkur til snjóbíls á Akureyri. Akureyri er vitanlega betur sett hvað læknisþjónustu snertir en flestir aðrir staðir úti á landi, en vitanlega getur komið fyrir í því byggðarlagi, að það sé mikill snjór, að erfitt sé að koma sjúklingum til læknis með öðru móti en með snjóbíl, og það er dálítið örðugt að neita einum, þegar öðrum er veitt. Þetta eru yfirleitt ekki stórar upphæðir, víða um 100 þús. kr., og ekkert líkt, hvað það er ódýrara að veita einstaklingum eða sveitarfélögum slíkan styrk en annast um rekstur slíkra bifreiða fyrir ríkið, ef það ætti sjálft að eiga þær.

Við höfum lagt fram nál. sundurliðað. Ef menn hafa áhuga á að lesa grg., þá geta þeir það. Ég sé ekki ástæðu til að ég fari að þreyta hv. þm. með því að halda ræður um hverja einstaka fjárveitingu og hverja einstaka bifreið, sem veitt er til. Það er drepið á þetta allt í grg., sundurliðunina getið þið séð þar. En ég vil fara nokkrum orðum um rekstur stærstu bátanna, vegna þess að til þeirra ganga aðalupphæðirnar.

Það er þannig, að þó að við komum saman, nm., þá höfum við ekki vald til að hlutast mikið til um rekstur þessara báta. Þess vegna hlýtur það að vera fyrst og fremst á valdi fjmrh. eða hans rn. Þessir styrkir hafa stöðugt farið hækkandi og satt að segja hef ég trú á, að það mætti koma slíkum rekstri fyrir á hagkvæmari hátt en verið hefur. Ég hef heyrt, að það hafi verið nefnd starfandi til þess að athuga um rekstur Breiðafjarðarbáts og Akraborgar, sem rekin er hér á Faxaflóa, en álit þeirrar nefndar hef ég ekki séð og hef ástæðu til að ætla, að það hafi ekki skipt mjög miklu máli, sem hún hefur lagt til. A. m. k. hafa engar ráðstafanir verið gerðar til að gera þennan rekstur ódýrari. Aðalupphæðirnar fara til fjögurra báta. Hæstu upphæðirnar fara til Baldurs á Breiðafirði og Akraborgar hér á Faxaflóa. Svo hefur verið styrktur Djúpbáturinn og Drangur fyrir Norðurlandi.

Um Djúpbátinn vil ég segja það, að hann hefur verið rekinn á sérstaklega hagkvæman hátt. Skuldir hvíla nú mjög litlar á honum og reksturinn virðist hafa nokkurn veginn borið sig. Farið var fram á hækkun rekstrarstyrks til þess báts. Ég hélt því fram, að hann mundi komast af án þess að fá þessa hækkun, þó að það sé engan veginn tryggt, en aðrir héldu því fram, að það væri illt að refsa þeim, sem beztan rekstur hefði með því að hækka ekki styrkinn við hann, þegar hinir fengju hækkun. Um þetta má deila. Á bátnum hvíla sáralitlar skuldir, eitthvað 1 680 þús. kr., og rekstrarhalli var fyrir árið 1970 reiknaður aðeins 13 þús. kr. Allt reikningshald og rekstur á þeim bát virðist vera til fyrirmyndar.

Það var breytt um eignaraðild á Drang, þannig að ríkið á mikið í honum og bæjarfélögin nokkuð. Við veittum til hans nú 3 millj. og var það 600 þús. kr. hækkun. Farið var fram á meiri styrk, en þetta varð ofan á.

Við leggjum til, að Akraborginni séu veittar 5.2 millj. kr. í styrk. Þetta skip er eingöngu rekið vegna fólksflutninga milli Akraness og Reykjavíkur. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun, að þetta væri óhagkvæmur og dýr rekstur, en þeir hafa duglega þm. fyrir sig, Vestlend-

ingar, og standa allvel að vígi í fjmrn., eins og sakir standa, þannig að þessi skoðun mín hefur alltaf átt erfitt uppdráttar. Sannleikurinn er sá, að tekjurnar eru nær eingöngu fargjöld, en þær eru reiknaðar 7 millj. 572 þús. kr. Fargjöldin eru reiknuð það. Farmgjöld, og það er pósturinn sérstaklega, eru aðeins 867 þús. kr. Ég hef átt tal um þetta við Guðjón Teitsson og hann telur, að það séu sama og engir vöruflutningar með þessu skipi. Hér er því um að ræða skip til fólksflutninga milli Akraness og Reykjavíkur. Það er nú þannig með okkur Húnvetninga, að við eigum lengra að fara og höfum aldrei farið fram á að fá neinn ríkisstyrk til þess að flytja okkur á milli höfuðstaðarins og Húnavatnssýslu. Það horfir dálítið öðru vísi við með styrki hjá illa settum og fjarlægum héruðum, m. a. með snjóbifreiðar, þegar ekki er hægt að inna sómasamlega læknisþjónustu af hendi af ríkisins hálfu, og sömuleiðis með illa sett svæði eins og Austfirði og Vestfirði. Þar er þetta nauðsynlegt vegna vöruflutninganna, en þarna er eingöngu styrkur til þess að flytja fólk á milli staða. Mín skoðun er sú, að það sé ódýrara fyrir fólkið að fara með áætlunarbifreiðum, sem gætu gengið árið um kring. Vitanlega er hægt að hækka þessi fargjöld svo mikið, að hallinn á skipinu yrði minni, en þá verður að leyfa þá hækkun af verðlagseftirliti. En að reka skip hér milli Akraness og Reykjavíkur með 5.2 millj. kr. greiðslustyrk eingöngu til fólksflutninga, því að vitanlega má flytja póstinn alveg jafnt með bílum, ég álít það ekki vera hagkvæmt. En það er ekki hægt allt í einu að breyta um. Það verður að undirbúa þetta mál, og ég álít, að fjmrn. ætti í samráði við íbúa Akraness – ef þeir vildu hverfa að einhverjum breytingum, – að undirbúa það og koma sér saman. Við höfum ekkert vald til að hlutast til um rekstur skipsins nema vera falið það sérstaklega. Ef fargjöldin væru hækkuð verulega og fólk færi að hafa hagnað af því að fara með bílunum, þá hygg ég, að það gerði það. Má vera, að það taki lítið eitt lengri tíma, og orðið höfum við að venjast meiri tímaeyðslu, sem förum norðan úr landi hingað á bifreiðum. Og menn, sem ekki geta setið í bíl, eru illa færir um löng ferðalög.

Það virðist vera mikið ferðazt milli Akraness og Reykjavíkur og ég held, að Akurnesingar yrðu ekkert fátækari, þó að þeir ferðuðust heldur minna til Reykjavíkur. Skoðun mín er sú, að það sé hagkvæmara, bæði fyrir einstaklinga og ríkið, að fólkið ferðist með bifreiðum á milli þessara staða heldur en hafa stór skip eingöngu í þeim tilgangi að flytja fólk á milli.

Í öðru lagi er það mótorskipið Baldur á Breiðafirði. Verkefni fyrir það virðast vera sáralítil. Skipið var stækkað allmikið og það varð allmikill kostnaður við það, og ástæður skipsins eru þannig nú, að skuldir eru um 22 millj. með hlutafé. Tekjur af fargjöldum eru ekki nema 3.2 millj. og ríkisstyrkurinn er 3.1 millj., þannig að það, sem þeir fá í tekjur af rekstrinum, er álíka mikið eins og rekstrarstyrkur ríkisins. Verkefnin eru allt of lítil fyrir skipið, meiri hluti af þessu eru vöruflutningar. Ég hef átt tal um þetta við Guðjón Teitsson, hvort ekki væri gerlegt að útvega þessu skipi meiri flutninga. Hann álítur, að þess þurfi, en hefur samt ekki sett fram hugmyndir um það, á hvern hátt það væri hagkvæmast. Ég hef minnzt á það við hann, hvort ekki væri hægt að nota einn bát fyrir báða þessa flóa. Akraborgin skröltir þá ekki á hverjum degi hér á milli Akraness og Reykjavíkur fáum til hagnaðar. Ég hef ekki fengið neitt ákveðið svar við því. En ég álít, að það þyrfti að athuga rækilega, hvort ekki væri hægt að koma þessum hlutum betur fyrir. Þetta er ekki stór liður miðað við heildarútgjöld ríkisins. Það skal játað.

Um Djúpbátinn hef ég yfirleitt ekki mikið að segja. Ég held, að það sé erfitt að reka hann á hagkvæmari hátt heldur en gert er. Ég get vel búizt við því, að Norðurlandsbáturinn þyrfti að fá meiri styrk heldur en við létum hann hafa. Ég vil enn fremur geta þess með Baldur, að við fengum tilmæli um það frá samgmrn., að við veittum 1 millj. umfram fjárveitingu til hans á þessu ári, en við litum svo á, að það væri tæpast hægt og hækkuðum þess vegna styrkinn með tilliti til þess á næsta ári, töldum það eðlilegra. Ég skal játa, að þessi fjárframlög hækka meira en við vildum, en við sáum ekki, að hægt væri að komast hjá þessari fjárveitingu, nema breyta eitthvað fyrirkomulagi á rekstri bátanna. Og um minni fjárveitingar til snjóbifreiðanna, þá eru þær eigi svo háar, að það skipti miklu máli, og erfitt að neita þeim, eins og aðstæður eru í þessum héruðum.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn. hefur nú gert grein fyrir, þá hefur nú verið gengið, – og hér liggur fyrir þskj., – frá áætluðum tekjum samkv. þeim gjalda- eða tekjustofnum, sem nú liggja fyrir Alþ. til afgreiðslu. Samkv. þessu þskj. kemur í ljós, að gert er ráð fyrir, að fjárlög hækki milli ára um meira en 5 milljarða kr. eða rúmlega 5 300 millj. kr. Þetta er, eins og kom hér fram við 2. umr. málsins, miklu meiri hækkun en dæmi eru til um nokkurn tíma áður. Hv. fyrrv. stjórnarandstæðingar hafa nú oft lýst því, hvaða áhrif slík þensla í fjárlagagerðinni hafi og hvílík spegilmynd fjárlögin séu hverju sinni af efnahagsástandinu í landinu. Það segir sig sjálft, að þessi geysilega hækkun, sem hér á sér stað, á eftir að hafa mjög mikil áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Þeir mættu hjá fjvn. milli umr., fulltrúar frá Efnahagsstofnuninni, og gerðu nm. grein fyrir tekjuliðunum, hvernig þeir væru byggðir upp. Það kom greinilega fram í þeim upplýsingum, sem n. fékk frá þessum mönnum, – það var sérstaklega Jón Sigurðsson frá Efnahagsstofnuninni, sem hafði þar orð, – að þær áætlanir, sem Efnahagsstofnunin leggur hér fyrir Alþ., eða þær upplýsingar og till., sem koma frá henni varðandi byggingu tekjuhliðar fjárlaga fyrir árið 1972, er að þeirra dómi algerlega í lágmarki. Mér skildist, og ég gat ekki fengið annað út úr þeim upplýsingum, sem komu, að það mætti miklu frekar búast við, að tekjurnar yrðu mun meiri en eru hér í till. meiri hl. fjvn. Og þetta byggðu þeir á því, að áhrifin af kauphækkuninni og einnig áhrifin, sem hljóta að verða af svona geysilegri hækkun fjárlaga, mundu segja til sín, þegar kemur fram á árið 1972. Það er því augljóst mál, að með þessum fjárlögum er stefnt inn í meiri óðaverðbólgu en átt hefur sér stað um langan tíma.

Það kom líka fram í upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni, að þeir reiknuðu með því, að það ástand, sem skapaðist nú í efnahagsmálum, mundi leiða til þess, að mjög gengi á okkar gjaldeyrisvarasjóð allt næsta ár og hann mundi fara minnkandi eftir því, sem kæmi fram á árið, nema einhverjar alveg sérstakar ráðstafanir væru gerðar til þess að grípa inn í þá þróun.

En allt þetta bendir til þess, að við Íslendingar séum nú staddir í meiri vanda í sambandi við efnahagsmál þjóðarinnar en um langan tíma hefur átt sér stað. Sú aðvörun er því fullkomlega á rökum reist, sem kom hér frá stjórnarandstæðingum, frá minni hl. fjvn. við 2. umr. málsins, að hyggilegra hefði verið að kanna betur þau mál, sem hér liggja fyrir nú og eru svo til ekkert rannsökuð í þn., áður en endanlega væri gengið frá afgreiðslu fjárlagafrv. Ef það er rétt, sem fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar vildi halda fram, að það mætti e. t. v. gera ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs yrðu miklu meiri samkv. þessum tekjustofnum, sem gert er ráð fyrir, að Alþ. samþykki að loknu þinghléi nú eftir hátíðarnar, þá segir það sig sjálft, að þetta getur haft í för með sér enn þá meira öngþveiti í efnahagsmálum en frv., sem nú liggur fyrir og gert er ráð fyrir að samþykkja, gefur tilefni til. Og þetta er það, sem ég álít, að sé eitt það alvarlegasta í þessum málum, og að full ástæða hefði verið til þess að gera sér betur grein fyrir tekjustofnunum, hverju þeir raunverulega muni skila í ríkissjóð, áður en því er slegið föstu, að þeir skuli vera nákvæmlega eins og gengið er út frá í dag og fjárlögin verði afgreidd samkv. slíkum áætlunum, sem samkv. upplýsingum færustu manna eru í algeru lágmarki miðað við það, sem vænta megi í þessum efnum á næsta ári. Ég álít, að þessar niðurstöður séu svo alvarlegar og eigi eftir að hafa svo stórkostleg áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar á næsta ári, að full ástæða hefði vissulega verið til að fresta afgreiðslu fjárlagafrv., á meðan kannaðir væru betur þessir tekjustofnar, sem nú liggja fyrir til afgreiðslu hér í hv. Alþ.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka ýmislegt frá síðustu umr., sem þó hefði verið tilefni til að gera við þessa umr., vegna þess að það var rætt um ýmislegt, sem ekki lá fyllilega ljóst fyrir, en ef við lítum bara á þessa einstöku þætti, sem nú liggja fyrir till. um frá meiri hl. um tekjustofnana, þá sjáum við, að gert er ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga og félaga verði nú 3 127 millj. kr. í stað þess, að í yfirstandandi fjárlögum er aðeins um að ræða 963 millj. kr. Það er því um þreföldun að ræða á þessum lið frá því sem er í yfirstandandi fjárlögum fyrir árið 1971. Það má öllum ljóst vera, hvað hér er um gagngera byltingu að ræða í þessum efnum, að ætla sér að þrefalda á einu einasta ári tekjur í ríkissjóð af tekjusköttum einstaklinga og félaga. Af einstaklingum er gert ráð fyrir að taka 2 677 millj. og af félögum 450 millj., eða samtals 3 127 millj. í stað 963 millj. samkv. gildandi fjárlögum. Hér er því, eins og ég segi, um byltingu að ræða í þessum efnum, og það hlýtur að segja til sín hjá gjaldendunum. Þeir finna fyrir því, þegar til þess kemur, að gengið verður frá álagningu á komandi vori. Og ef það skyldi svo reynast rétt, sem mér skildist á Jóni Sigurðssyni frá Efnahagsstofnuninni, að þessir tekjustofnar í frv. væru í algeru lágmarki, við skyldum segja, að það ætti eftir að koma í ljós, að þarna ættu kannske að koma til viðbótar allt að 1 000 millj. kr., – um það getur maður ekkert sagt í dag, það hefur engin nákvæm könnun átt sér stað varðandi tekjuöflunarfrv., sem hér liggja fyrir Alþ., – þá sjáum við öll, um hvaða byltingu hér væri að ræða í þessum málum, ef það væri kannske um fjórföldun að ræða á tekjuskatti af einstaklingum og félögum á einu einasta ári. Þá er það augljóst mál, að með þessu frv. er siglt út í slíka óðaverðbólgu, að ekki verður séð fyrir endann á því, hvernig á að tryggja áframhaldandi gang atvinnutækjanna í landinu. Það segir sig sjálft, hvað sem út úr hinni nýju gengisskráningu kemur. – Það veltur auðvitað á miklu, hver afstaða verður tekin til atvinnuveganna við skráningu íslenzku krónunnar miðað við það, sem nú er að gerast í þeim efnum, – en ef verðbólgan veltur áfram með jafnmiklum þunga og allt virðist benda til með slíkri fjárlagagerð, sem hér á sér stað, þá segir það sig sjálft, að það verður ekki langt komið fram á árið 1972, þegar fer að þyngjast róðurinn hjá atvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta er það, sem ég tel fullvíst, að það verði ekki liðið langt fram á árið 1972, þegar þetta fer að koma í ljós.

Það er gert ráð fyrir því, að söluskatturinn hækki, þó að þar sé ekki um neinar lagabreytingar að ræða, um rúmlega 1 100 millj. kr. frá því, sem var gert ráð fyrir í yfirstandandi fjárlögum, og svipaða upphæð er um að ræða varðandi aðflutningsgjöldin, en þar nemur hækkunin 1 114 millj. kr. Allt eru þetta tölur, sem benda á nýja útþenslu í efnahagslífi okkar. Og það er vissulega full ástæða til þess fyrir Alþ. að gera sér grein fyrir því, hvaða stefnu verið er að marka í efnahagsmálum þjóðarinnar, ef fjárlög fyrir árið 1972 verða afgreidd samkv. þeim till., sem nú liggja fyrir frá meiri hl. fjvn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það hefur verið kunnugt um nokkurt skeið, að ríkisstj. hefði í hyggju að gera verulegar breytingar á skattakerfi ríkis og sveitarfélaga og ein breytingin ætti að vera fólgin í því að fella niður nefskatta, svo sem almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald. Alþfl. hefur oftsinnis lýst sig fylgjandi slíkri breytingu af ýmsum ástæðum, sem ég geri ekki að umtalsefni hér. Það kom hins vegar algerlega á óvart, þegar hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í þingræðu s. l. fimmtudag, að í kjölfar þessarar niðurfellingar nefskattanna ætti að fylgja lækkun niðurgreiðslna um 450 millj. kr. Minnka ætti niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum um 350 millj. kr., auk þess sem niðurgreiðsla á sjúkrasamlagsgjaldi félli niður vegna afnáms þess. Almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald eru í vísitölugrundvellinum. Þegar þessi gjöld hafa hækkað á undanförnum árum, hefur framfærsluvísitala og kaupgjaldsvísitala hækkað. Kaupgjald hefur hækkað í kjölfar hækkunar þessara gjalda. Nú er hins vegar ætlunin að afnema þessi gjöld. Samkv. reglum þeim, sem gilt hafa, ætti kaupgjaldsvísitala þess vegna að lækka og kaupgjald sömuleiðis. Þetta ætlar ríkisstj. hæstv. hins vegar ekki að láta gerast, heldur ætlar hún að láta landbúnaðarvörur fyrst og fremst hækka í verði um nákvæmlega það, sem til þarf, til þess að vísitalan standi í stað og kaupgjald haldist óbreytt. Almenningur á m. ö. o. að bera verðhækkun landbúnaðarvöru, sem nemur 350 millj. kr., bótalaust. Hæstv. fjmrh. taldi, að þessi hækkun á landbúnaðarvörunum og aðrar fyrirsjáanlegar hækkanir mundu hækka vísitöluna um 3.7 stig. Má gera ráð fyrir, að verð mjólkur hækki um rúmar 3 kr. lítrinn eða um 24% og kjötkílóið um 17.40 kr. eða 14%. Svarar þetta þannig því sem næst til allrar þeirrar kauphækkunar, sem nýlega var samið um í samningum launþega og vinnuveitenda. Sú kaup-

hækkun er m. ö. o. að mestu tekin til baka með þessum ráðstöfunum.

Við þm. Alþfl. teljum hér vera um að ræða mjög alvarlegt mál. Ef nefskattarnir eru felldir niður, án þess að aðrir nýir skattar væru lagðir á almenning í staðinn, væri ekkert við það að athuga, að niðurfelling nefskattanna lækkaði kaupgjaldsvísitöluna. En nú hefur ríkisstj. þvert á móti boðað, að þeirra tekna, sem ríkissjóður hefur haft af nefsköttunum, muni framvegis aflað með tekjuskatti. Tekjuskattur er hins vegar ekki í vísitölugrundvellinum, þannig að sá viðbótarskattur, sem almenningur kemur til með að greiða í stað nefskattanna, hefur ekki áhrif til hækkunar á kaupgjaldi. Það, sem hér er verið að gera, er einfaldlega að lækka skatttegund, sem hefur áhrif til lækkunar á kaupgjaldsvísitölu, en hækka í staðinn skatttegund, sem hefur ekki áhrif á kaupgjaldsvísitölu. Þetta getur með engu móti talizt eðlilegt eða réttlátt. Útreikningur framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu er lögum samkv. á valdi kauplagsnefndar, en í henni eiga sæti fulltrúar Alþýðusambands, Vinnuveitendasambands og aðili tilnefndur af Hæstarétti. Þetta óvenjulega mál á eftir að koma til kasta kauplagsnefndar. Ég vona, að hún láti þetta ekki gerast. Það, sem hún ætti að mínum dómi að gera, þegar jafnóvenjulegur hlutur á sér stað og niðurfelling skatta, sem eru í vísitölunni, en í staðinn er aflað tekna með skatti, sem er ekki í vísitölunni, er að fella nefskattana niður úr vísitölugrundvellinum, þannig að lækkun þeirra valdi ekki lækkun á kaupi. Framfærsluvísitölunni er ætlað að mæla verðlagsbreytingar og kaupgjaldsvísitölunni er ætlað að tryggja kaupmátt launa. Getur nokkur vafi leikið á því, að þegar launþegi losnar við að greiða einn skatt, en greiðir annan í staðinn, þá er hagur hans ekki að batna? Auðvitað mun gjaldabyrðin skiptast eitthvað öðruvísi, meðan nefskattar eru greiddir, en þegar farið verður að greiða sömu upphæð í formi í tekjuskatta. En mér vitanlega er þetta enn óathugað mál. Af þessum sökum teljum við þm. Alþfl. rétt að beina þeirri áskorun til hæstv. ríkisstj. að nota þinghléið til þess að kanna leiðir til að firra almenning þeirri kjaraskerðingu, sem augljóslega blasir við, ef engin breyting verður á fyrirætlunum ríkisstj. T. d. er nauðsynlegt að kanna, hver er afstaða kauplagsnefndar til þessa máls. Við þetta allt saman bætist svo, að nú um helgina hafa gerzt stórviðburðir í gjaldeyrismálum heimsins, sem hafa verulega þýðingu fyrir viðskiptakjör Íslendinga, og því miður neikvæð. Ég get vel skilið, að ríkisstj. hafi e. t. v. ekki enn unnizt tími til þess að taka endanlegar ákvarðanir í þessum mikla vanda, en hitt er augljóst, að hver svo sem ákvörðun ríkisstj. verður, hlýtur hún að hafa áhrif á fjárlögin. Það hefur oft komið fyrir áður, þegar sérstaklega stendur á, að afgreiðslu fjárlaga hefur verið frestað fram yfir nýár. Við þm. Alþfl. teljum, að nú standi sannarlega sérstaklega á, og leggjum því til, að afgreiðsla fjárlaga verði látin bíða, þangað til þing kemur saman aftur 20. jan., og að frv. verði nú vísað til hæstv. ríkisstj.

Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja till. á þskj. 269, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur boðað, að hún hafi í hyggju að lækka niðurgreiðslur og hækka um leið verð á landbúnaðarvörum, sem nemur um 350 millj. kr. Kaupgjaldsvísitölu er ekki ætlað að hækka af þessum sökum, svo að launþegar eiga enga kauphækkun að fá vegna þessara hækkana. Er nýgerðum kjarasamningum þar með riftað í reynd. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að kanna leiðir til þess að koma í veg fyrir þá kjaraskerðingu almennings, sem af þessu mundi leiða, og telur óeðlilegt, að fjárlög séu afgreidd, áður en slík athugun fer fram, auk þess sem gengisbreytingar þær, sem nú eru að eiga sér stað í heiminum, hljóta að hafa áhrif á fjárlögin. Þar eð það hefur oft gerzt áður, að afgreiðsla fjárlaga hefur verið látin bíða fram yfir áramót, þegar sérstaklega stendur á, ályktar Alþ., að fjárlagaafgreiðslu verði frestað, þangað til Alþ. kemur saman á ný, og samþykkir að vísa fjárlagafrv. til ríkisstj."

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. S. l. laugardagskvöld tilkynnti hv. 7. þm. Reykv. mér það, að hann hefði ekki hugsað sér við þessa umr. að þreyta á ný eldhúsumr., sem hafði verið gert við 2. umr. við fjárlagafrv. Um þetta hafði ég auðvitað ekkert að segja, því að það var hans mál, en ekki mitt. Hins vegar hafa þeir hv. Alþfl.-menn nú sýnt mér sem fjmrh. eindæma tillöguflutning, sem ég hef a. m. k. ekki þekkt í þingsögunni fyrr. Ég kann að sjálfsögðu að meta þetta að verðleikum, en tek það eins og það fyrra, að það er þeirra mál, en ekki mitt.

Að tillöguflutningi þessum mun ég víkja síðar í ræðu minni. Ég kemst ekki hjá því að fara hér að einhverju leyti út í umr. meira en ég hefði kannske ætlað mér í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en mun þó reyna að stytta mál mitt svo sem auðið er.

Í fyrsta lagi langar mig í sambandi við tekjuáætlun fjárlaga eða hækkun fjárlaga að fara nokkrum orðum um það, hver er ástæðan til þess, að fjárlög hækka svo sem nú er. Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að fjárlög hækka nú um 910 millj. kr. vegna samninga um launakjör opinberra starfsmanna, sem voru gerðir 19. des. í fyrra. Ef vísitöluuppbætur eru teknar með og aðrir þeir liðir, sem óhjákvæmilegir eru í ríkisrekstrinum, eru launahækkanirnar 963 millj. kr. Ég spyr hv. alþm.: Hverjir eru það, sem vilja, að þessum lið verði breytt á fjárlögum eða hann felldur niður? Í öðru lagi koma framlög til almannatrygginga samkv. lagaafgreiðslu frá síðasta þingi, 573 millj. kr. Ég spyr enn: Hvaða hv. alþm. telja fært, að þetta verði lækkað á útgjaldaliðum fjárlaga? Í þriðja lagi koma markaðir tekjustofnar. Það eru þær tekjur, sem ganga bæði inn og út í dæminu, þeim er ætlað ákveðið hlutverk, m. a. eru tekjur Vegasjóðs þannig. Með lagabreytingu, sem gerð var hér eftir að fjárlagaafgreiðsla fór fram á síðasta ári, hækka þessir tekjustofnar vegna veganna um nær 280 millj. kr. og aðrir tekjustofnar þessir hækka einnig nokkuð. Samtals eru þetta um rúmar 600 millj. kr. Þegar þetta er saman tekið, er hækkun fjárlaga um 2 156 millj. kr. Sá liður, sem ég kem næst að, eru samþykktir þær, sem flestar er búið að gera og tillögur eru nú um í 3. umr. fjárlaga, um fé til verklegra framkvæmda og félagsmála. Hér er um að ræða fjárhæð, sem er 780 millj. kr. Enginn hefur lagt til að lækka þessa liði og enginn hefur dregið í efa þörf á því, að þeir væru hækkaðir svo sem raun ber vitni um. Allar tillögur hafa af eðlilegum ástæðum gengið í þá átt að hækka þetta meira. T. d. var hv. 7. þm. Reykv. svo röskur, að hann kom með till. hér við 2. umr. fjárlaga

um að hækka þessar upphæðir um rúmar 200 millj., og það brá svo við, að flest voru það málaflokkar, sem hann hafði sjálfur haft sem ráðh. í 15 ár. Ef allir þm. í stjórnarandstöðu hefðu verið svo röskir, hefðu fjárlögin hækkað um tæpa 6 milljarða, – geri aðrir betur. Svo kemur hækkun vegna breytinga á tryggingalögunum og vegna þess, að til framkvæmda kemur það ákvæði laganna, að tryggingabætur skuli hækka, ef kaup hækki í landinu. Hér er um að ræða fjárhæð, sem er um 530 millj. kr. Enginn hv. alþm. hefur lagt til, að úr þessu verði dregið. Sumt af þessu var lögbundið, svo að hjá því varð ekki komizt, annað var ákvörðun núv. ríkisstj., sem allir fylgdu fast eftir, að gerð yrði. En til þess að svo megi verða, þarf að greiða fjárhæðina.

Þá kemur næst atriði, sem segja má, að megi deila um, en það hefur ekki verið gert hér á Alþ. Það er flutningur frá sveitarfélögunum til ríkisins. Það er flutningur á framlagi til almannatrygginga, til sjúkratrygginga og til löggæzlukostnaðar. Hér er um að ræða fjárhæð, sem er um 1 296 millj. kr. Það má deila um það, hvort út í þetta átti að fara nú. Þetta hefur hins vegar ekki sætt gagnrýni að því leyti, að hér hefur verið tekið undir kröfu frá sveitarfélögunum, sem þau hafa lengi borið fram, og talið var eðlilegt, að ríkisvaldið, sem hefði framkvæmt þessa ákvörðun um hækkun útgjalda vegna trygginganna, sæi líka um þessi útgjöld. Og því er ekki að neita, að hækkanirnar á síðari árum hafa orðið sveitarfélögunum þungar í skauti. Ég minnist þess í umr. frá í vor, þegar frv. fyrrv. ríkisstj. var til meðferðar hér á hv. Alþ., að það kom fram frá sveitarfélögunum, að þeim fannst nóg að gert. Ég dreg í efa og meira en það, að sú breyting, sem nú hefur verið gerð á tryggingalöggjöfinni, hefði raunverulega verið framkvæmanleg, nema þessi breyting væri hliðstæð, því að það vita þeir vel, sem bezt þekkja, að greiðslur sveitarfélaganna til Tryggingastofnunar ríkisins eru farnar að reynast þeim verulega erfiðar, og það er einn liður í þessari ákvörðun.

Þegar þessu er sleppt, koma 250 millj. kr., sem er liður, sem er veittur fjmrn. til þess að mæta væntanlegum hækkunum í sambandi við vísitöluhækkanir og annað ófyrirséð. Ekki finnst mér hægt að deila á fjármálastjórnina fyrir að leggja þessa fjárhæð til hliðar til þess að hafa þannig möguleika til að mæta því ófyrirséða í þessum efnum. Ef eitthvað væri þar að, væri það frekar, að fjárhæðin hefði þurft að vera hærri heldur en lægri. Þá erum við komin að því, að 53 millj. kr. er till. til hækkunar á útflutningsuppbótum frá því, sem var á síðasta ári. Hér er farið nákvæmlega eftir því, sem framleiðsluráðið hefur gefið upp um horfur í því efni. Nú hefur það komið fram og m. a. hjá hv. 1. þm. Reykv. í samtali við mig í útvarpinu, að hér mundi vera of lítið áætlað. Ég hef ekki fyrir mér annað í því en það, sem framleiðsluráðið hefur gefið upp, og ég kann ekki skil á aðila, sem getur betur áttað sig á þörfinni en þeir. Þegar þessu er sleppt, sem ég hef nú talið, eru eftir 71 millj. kr. í þessu dæmi öllu saman, sem skiptast á liði, sem eru smáliðir og ég hef ekki lagt vinnu í að útskýra.

Ég spyr enn á ný: Hvað á að lækka af þessum útgjöldum? Ég veit, að það getur verið stefnuatriði, hvort tilfærslan átti að verða á milli sveitarfélaga og ríkisins, en það lækkar ekki gjöldin á þegnunum í landinu, því að eins og ég kem að síðar, er ekki snúið á sveitarfélögin í þeim viðskiptum. Hér er um að ræða upphæð upp á 5 136 millj. kr. Þá segir stjórnarandstaðan: Er nú ekki of langt gengið, mikil er nú hækkun fjárlaganna. Jú, rétt er það. Mikil er hækkun fjárlaganna. En við skulum nú athuga það betur en enn þá er orðið, þó að ég hafi gert nokkra grein fyrir því, hver er ástæðan fyrir þessari hækkun, og hv. þm. geta metið, eins og ég áður sagði, hverju átti að sleppa og hvað átti að taka. En ef ég renni nú huganum til baka og lít til fjárlaganna fyrir þessa hækkun, ef hún er tekin svona brotalaust, eins og ég hef nú gert, er hún veruleg, – hún er 44.3% frá fjárlögunum í fyrra, ef þau eru tekin bókstaflega. Þess vegna langar mig til að víkja til fjárlaganna 1971. Ég vil minna á það, að það fjárlagafrv. var til umr. hér á hv. Alþ., þó að nú þyki öll vinnubrögð óeðlileg, 20. og 21. des., 19. des. gerði ríkisstj. samning um kaup og kjör við opinbera starfsmenn. Þá þótti páv. ríkisstj. ekki ástæða til, að Alþ. frestaði fjárlögum vegna þeirra kjarasamninga. Þá voru skildar eftir 270 millj. kr. til þess að mæta þeim. Í allri túlkun í núv. stjórnarandstöðuflokkum er þessi tala talin tekjuafgangur og ekki með í fjárlagadæminu frá í fyrra. Það verð ég að segja, að þá finnst mér langt gengið, þegar hv. þm., sem stóðu að gerð þess samnings, telja hann nú ekki með í afgreiðslu á fjármálum ríkisins árið 1971. Ef við víkjum að þessu og berum fyrir okkur samanburð á fjárlögum frá 1970 til 1971, hækka þau á útgjaldahliðina um 34.6%, en þá er launaliðurinn ekki tekinn með. Ef tekjuhliðin er tekin, þá eru það 37.4%, en ef betur er að gáð, breytist myndin. Ef tekin er inn í þetta dæmi 430 millj. kr. hækkun á launaunum, sem samið var um tveim dögum áður en fjárlög voru afgreidd, eiga fjárlögin að hækka útgjaldamegin um 430 millj., eins og ég áður sagði. Ef tekin er inn í myndina hækkunin, sem gerð var hér á síðustu dögum þingsins til Vegasjóðs, 235 millj., sem við allir hv. alþm. yfirleitt stóðum að, en nú er ekki talið til útgjalda á fjárlögum, – það er nú eitthvað annað, 235 millj., það tilheyrir ekki útgjöldum 1971, af því að það var passað að setja það ekki þá inn á fjárlög, – ef við tökum niðurgreiðslurnar, sem þá vantaði til um 130 millj. kr., og ef við tökum ákvörðunina, sem var tekin nokkrum dögum eftir að fjárlögin voru afgreidd, sem eru daggjöldin á ríkisspítölunum og ríkisstj. vissi að sjálfsögðu af, að skorti á 170 millj. kr., þá hækka fjárlögin 1971 og það allverulega, hækka frá 1970 um 4 259 millj. kr. eða um 50.9%. Ef menn vilja hagræða fjárlögunum, eins og gert var í fyrra, þá er hægt að gera samanburð, eins og núv. stjórnarandstæðingar leyfa sér að gera, og telja þessar yfir 4 þús. millj. kr. aðeins þenslu hjá núv. ríkisstj. Þá er hægt að koma hlutunum fyrir eins og nú er gert. En ef menn vilja hafa það, sem réttara reynist, á að gera dæmið svona upp, og þá hækkuðu fjárlögin frá 1970 til 1971 um 50.9%. Þetta vil ég biðja hv. alþm. að leggja á minnið og gera sér grein fyrir, hvað er hér verið um að ræða. Það er ekki nóg að gera dæmið upp á þann veg að skilja bara nógu mikið eftir fyrir utan fjárlagaafgreiðslu og telja svo árið eftir, að þetta sé hækkun á næstu fjárlögum. Og það, sem ég veit, að hv. stjórnarandstæðingar óskuðu helzt eftir, var einmitt það, að þau vinnubrögð yrðu nú viðhöfð, að reynt yrði að draga úr hækkunum núna með vanáætlunum, sem kæmu svo fram á næstu árum. Það var þeim að sjálfsögðu mest í hag. En þessar staðreyndir, sem ég hef hér lagt fram,

verða ekki hraktar, því þær eru staðreyndir og staðreyndir einar.

Þegar þetta er haft í huga, breytist dæmið allverulega frá því, sem nú er. Ef fjárlögin fyrir 1970 hefðu verið raunhæf og teknar inn í það fjárlagadæmi þær samþykktir, sem gerðar voru hliðstæðar og útgjöldin varðaði eða litlu seinna, væri hækkunin nú á fjárlögunum í fjárlagafrv. um 4 170 millj. kr. eða 33.3%. Ef hins vegar út úr þessu dæmi væri sleppt því, sem fært er frá sveitarfélögunum, – en það er ákvörðun núv. ríkisstj., að það skuli tekið með, og þess vegna á að sjálfsögðu að taka það með, – hækkuðu fjárlögin frá raunhæfum fjárlögum, ef þau hefðu verið, um 22.8%. Þetta er samanburður, sem er raunhæfur í þessu sambandi, og hann á að nota, þegar samanburður er gerður. Það er ekki raunhæfur samanburður að telja til útgjaldahækkunar á núv. fjárlögum þá stóru útgjaldaliði, sem voru við fjárlagaafgreiðslu lagðir til hliðar þangað til síðar, til þess að þeir hækkuðu ekki fjárlögin og samanburðinn þá.

Þá skal ég nú ekki orðlengja fleira um útgjöldin og sný mér þá að tekjumálunum. Hv. stjórnarandstæðingar hafa að sjálfsögðu rætt nokkuð um þá hlið málsins, og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja. Mér finnst í raun og veru, að þeir hafi nokkru meiri rétt til þess að ræða um hana, ef sá samanburður er rétt gerður, en útgjaldahliðina, vegna þeirra eigin útgjalda, sem eiga að vera með í því dæmi. Ef tekinn er sá mismunur á tekju- og eignarskatti, sem kemur út úr því dæmi, þegar persónusköttunum hefur verið sleppt, fær ríkissjóður 979 millj. kr. meiri tekjur út úr tekju- og eignarsköttum á árinu 1972 en hann hefði fengið eftir gamla kerfinu. Þá er ég búinn að draga frá þá lækkun, sem verður vegna persónuskattanna, sem felldir eru niður af fjárlagafrv. nú við tekjubreytinguna. Nú er við þetta það að athuga, að það, sem gerist hér, er það, að útgjöldin, sem tekin voru frá sveitarfélögunum, tæpar 1 300 millj. kr., gera það að verkum, að skattar sveitarfélaga í heild lækka. Þess vegna kemur það ekki út sem hrein hækkun á þessum tekjustofni, eins og hv. alþm. hafa viljað vera láta, þar sem lækkun kemur á öðrum tekjustofni hliðstæðum.

Óbeinir skattar eða aðflutningsgjöld hækka um 384 millj. kr. frá því, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Hér er um nokkra hækkun að ræða, en ef gerður er samanburður á sköttunum nú og í fyrra, kemur í ljós, að það munar ekki nema nokkrum hundruðum millj. kr., að tekjur af þessum sköttum séu í nóvemberlok orðnar eins og hér er gert ráð fyrir.

Þriðja atriðið, sem hækkar, er söluskatturinn. Er þar um veigamestu breytinguna að ræða. Þar er um að ræða, að skatturinn í heild hækkar af þrem ástæðum um 885 millj. kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að breyta um innheimtu á skattinum og innheimta hann mánaðarlega seinni hluta ársins. Þessi ráðstöfun mun gefa um 370 millj. kr. Um þessa ráðstöfun má að sjálfsögðu deila. En ástæðan er m. a. sú, að nauðsyn ber til að fylgja því fast eftir, að þessum skatti sé skilað og þetta er ein af þeim ráðstöfunum, sem gerð verður í því skyni. Í öðru lagi verður nú lagður söluskattur á Póst og síma, og er gert ráð fyrir því, að sá skattur muni gefa um 90 millj. kr. Lagabreyting verður gerð í sambandi við þetta til þess að innheimta þennan skatt. Ekki er gert ráð fyrir því, að þetta þurfi að ganga út í verðlagið a. m. k. fyrst um sinn. Í þriðja lagi er svo um að ræða um 425 millj. kr., en sú er talin, að aukning á söluskatti geti orðið að óbreyttum ástæðum frá því, sem frv. gerði ráð fyrir.

Fjórði liður í tekjuáætluninni, sem ég geri hér grein fyrir, eru tekjur af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, sem er gert ráð fyrir að verði um 240 millj. kr. hærri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Hér er fyrst og fremst um að ræða þá verðhækkun, sem gerð var í haust, sem mundi gefa nær 200 millj. kr., og umsetningaraukningu frá því, sem þá var ráðgert, um 40 millj. kr.

Gert er ráð fyrir því, að launaskatturinn verði óbreyttur, en hann muni gefa um 100 millj. kr. meira á næsta ári en reiknað var með í fjárlagadæminu, og er að sjálfsögðu í þessu sem öðru stuðzt við þá reynslu, sem fengin er síðan fjárlagafrv. var gert.

Þá er um að ræða ýmsa smáskatta, sem eru samtals 39 millj. kr., og þegar þetta hefur þannig verið gert upp, er þessi tekjuhækkun 2 627 millj. kr., sem þarf til þess að mæta þeim útgjaldahækkunum, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég áður sagði, er hér um að ræða tæpar 900 millj. kr., sem er byggt á reynslu síðari hluta ársins og áhrifum af aukinni veltu á næsta ári. Til frekari skýringar á því, hvernig þessi tekjuspá er byggð upp, vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér úr grg. Efnahagsstofnunarinnar þar um. Þar segir svo:

Gert er ráð fyrir, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar aukist um 8%, þar af sjávarvöruframleiðslu um 5.5%. Þjónustuútflutningur er talinn muni aukast um 6.3% og útflutningsverðmæti í heild um rúml. 10%. Áætluð er aðeins 1.5% aukning fjármunamyndunar í heild, en 10%, ef frá er talinn innflutningur skipa og flugvéla. Um 12% aukning einkaneyzlu er áætluð. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist að verðmæti um 20%, og hefur þá verið gert ráð fyrir erlendri verðhækkun um 3–4%. Þessar spár um þróun eftirspurnar fela í sér um 11% aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar og 6–7% aukningu þjóðarframleiðslu og um 6% aukningu þjóðartekna.

Að sjálfsögðu má um það deila, hversu haldgóð þessi spá kann að reynast, en það skal tekið fram, að hún er þó byggð á þeirri varkárni að reyna að meta sem minnst þau áhrif, sem síðustu kjarasamningar mundu hafa á innflutningsverzlunina. Þar er ekki metið, að áhrifin af þeim geti orðið nema milli 40 og 50% af því, sem gera mætti ráð fyrir, að hún mundi að öðrum kosti verða. Ástæðan til þess, að svo er að farið, er auðvitað sú, að í þessu sambandi verður að gæta að gjaldeyrisstöðunni og hvað hún þolir í sambandi við þá kaupgetu, sem í landinu er. Það verður auðvitað að vera hlutverk hæstv. ríkisstj. að meta þau áhrif og þær ráðstafanir, sem þarf að gera vegna þeirrar kaupgetu, sem væri til staðar hjá landsmönnum, og eftirsókn í innflutning. Að sjálfsögðu mun ríkisstj. hafa fulla varúð á og gera tiltækar ráðstafanir, til þess að gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar verði ekki stefnt í hættu. Ég vil líka undirstrika það, sem áður hefur verið fram tekið, að ef ríkisstj. álítur, að um ofmat sé að ræða í sambandi við tekjustofna ríkisins, mun hún að sjálfsögðu gera sínar ráðstafanir til þess að tryggja hallalausan ríkisbúskap.

Um þennan þátt ætla ég svo ekki að ræða frekar, en

sný mér þá að þættinum um vísitölu og niðurgreiðslur.

Margt er í heiminum skrýtið. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram, var það eitt aðalárásarefnið á fjmrh., hversu gegndarlausar væru orðnar upphæðir í niðurgreiðslur. Slíkt framferði væri óafsakanlegt og í rauninni ófram-kvæmanlegt. Við 1. umr. fjárlaga lét ég það koma fram, sem einnig er getið í grg. fjárlagafrv., að ríkisstj. hefði ekki þá ákveðið, hvort þær niðurgreiðslur, sem gert væri ráð fyrir í frv., yrðu látnar gilda á næsta ári. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að ef farið hefði verið að eins og fyrrv. ríkisstj. gerði, að áætla aðeins til 1. sept., eins og gert var í fjárlögunum 1971 – ég sleppti því nú áðan, að það var aðeins gert ráð fyrir því, að þær við-bótarniðurgreiðslur, sem ákveðnar voru í nóv. 1970, fjárhæð til þess að mæta þeim nægði ekki nema til 1. sept., og eitt af því, sem stjórnarandstöðublöðin hafa blásið út sem veizlufagnað núv. ríkisstj., er einmitt það, að hafa veitt fé til þess að halda þessum niðurgreiðslum áfram fram að áramótum. Og svo er nú komið hér og nú á að fresta fjárlagaafgreiðslunni, af því að ríkisstj. ætlar að leyfa sér að virða lækkun vísitölu með því að draga úr niðurgreiðslum. Hvernig má slíkt gerast? Það er búið að básúna, hvílíkt ráðleysi það hafi verið hjá ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði til þess að greiða niður vísitöluna frá 1. sept. til áramóta, en ef á að breyta þar nokkru um, þá er það bara stuldur. Ja, margt er nú skrýtið í veröldinni. En þetta er nú með því skrýtnasta. En má ég nú minna hv. fyrrv. stjórnarsinna á það, að 1967 var ekki verið að velta því fyrir sér, hvort það ætti að fella niður niðurgreiðslur eða ekki, þá var það bara gert. Má ég minna hv. fyrrv. stjórnarsinna á það, að 1970 voru lögð til hliðar 3.3 vísitölustig alveg bótalaust og ekkert talað um, að menn væru að stela eða fremja einhvern glæp. Hvað hefur gerzt? Nú er þetta bara orðinn glæpur. Hvernig eiga menn að fá samhengi í svona málflutning? Ég vil segja það um niðurgreiðsl-urnar, að það er mín skoðun, og ég hef látið hana áður koma fram, að auðvitað verður að nota niðurgreiðslur að vissu marki. Hér er um að ræða hinar mestu nauð-synjar fólksins og þetta er ekki, eins og sumir vilja halda fram, framlag til bændastéttarinnar. Það hef ég aldrei viljað viðurkenna. Þetta er ráðstöfun í efnahagsmálum, og þessi ráðstöfun getur verið fullkomlega réttmæt, en hún er það að vissu marki, en ekki lengur. Og þegar hún fer að hafa veruleg áhrif, að gera kerfið sjálft afskræmt, og farið er að stilla allt upp á vísitölu, þá er hættan á ferð. T. d. er það svo, að svo langt var gengið í niður-greiðslum á sumum landbúnaðarvörum, að framleið-endurnir, bændurnir sjálfir keyptu þá vöru dýrara en aðrir menn. Þegar svo er komið málum, þá fyrst er að mínu mati komið yfir eðlileg takmörk. Að greiða niður kostnaðinn frá framleiðendum til neytenda getur verið skynsamleg ráðstöfun, þegar það er orðið meira, þá fer það að verða hæpið. Og þegar farið er að greiða kartöflur, eins og gert var, niður með þeim hætti, að það borgar sig að fara í búðina, kaupa kartöflupokann, fara í næstu búð og leggja hann inn og hafa upp úr þessu verulega fjármuni, þá erum við komin yfir öll eðlileg takmörk, og þannig má ekki haga sér í sambandi við niðurgreiðsluna. En það, sem er nauðsynlegt í sam-bandi við niðurgreiðslu, er eins og annað í sambandi við efnahagsráðstafanir, það er að forðast stökkin. Þess vegna ákvað hæstv. ríkisstj. á sínum fyrstu dögum að sleppa ekki verðbólgunni lausri og taka á sig veizlu-kostnaðinn af því að greiða niður fram að áramótum. Þá var það talinn veizlukostnaður ásamt því að láta gamla fólkið og öryrkjana fá sínar lögákveðnu bætur frá 1. ágúst í staðinn fyrir 1. janúar. Þetta var talin stórveizla, sem ríkisstj. hafði boðið til. Það var rétt, veizlugestirnir voru ekki af þeirri gerð, sem ríkisstj. bjóða yfirleitt. En nú vilja allir Lilju kveðið hafa, og allir samþykkja hækkun tryggingabóta, en nú eru það bara niðurgreiðslurnar. Ég ætla ekki að fara að endur-taka stóryrðin, sem hafa verið notuð í þessu sambandi. Ég vil hins vegar segja, að það að fella niður niður-greiðslur eða lækka niðurgreiðslur af landbúnaðaraf-urðum um 25%, eins og gert er ráð fyrir, mun lækka útgjöldin um 340–350 millj. Það lækkar hins vegar vísitöluna um 1.85 eða 1.90 stig. Það er miklu meira, sem kemur út úr sköttunum, afnámi persónuskattanna, heldur en þetta, það eru tæp 4 stig. En má ég minna á annað. Má ég minna á það, að hæstv. fyrrv. ríkisstj., með hv. 7. þm. Reykv. innanborðs, tók upp þann sið að taka fjölskyldubæturnar inn í vísitöluna. Þær þýða núna 4.25 stig. Ég spyr: Hvað hafa þeir, sem ekki hafa börn á framfæri? Hvernig kemur þetta út fyrir þá? Þetta er um 800 millj. kr. Hvar er nú afstaðan til gamla fólksins? Það nýtur ekki fjölskyldubóta. Hvað er nú um þá, sem eiga krakkana í framhaldsskólum, hagnast þeir af þessu? Nei, en vísitalan var hagnýtt, henni var hag-rætt með þessu. Ef það er nú orðinn glæpur að lækka vísitölu vegna þess að það kostar nokkuð, samkvæmt eðli málsins, þá má þó að a. m. k. segja um þetta, eins og sagt var um þm., sem var að fylgja fast eftir sínum málum og það svo sína félaga að muna það,, að hann hefði ekki frekur verið. Þá sagði annar: Nei, þú varst ekki frekur, en þú varst ýtinn. Þá er nú a. m. k. hægt að segja í þessu tilfelli, að þarna hafi hlutunum verið hag-rætt. Þess vegna held ég, að hv. núverandi stjórnar-andstæðingar eigi ekki að fara út í þessar umr. Hér er ekki verið að gera neitt nema það, að vísitalan lækkar af eðlilegum ástæðum, af því að fólk losnar við að greiða þau gjöld, sem það áður greiddi. Ég hef aldrei heyrt það talið goðgá, ef verðlag lækkaði, sem er háð vísitölu, að það væri neitt óeðlilegt við það, þó að vísitalan lækkaði þá líka. Þetta er alveg nýtt fyrir mér, og ég átta mig ekki á þessu og satt að segja held ég, að hv. 7. þm. Reykv., þó að skarpur sé, hafi nú kannske farið með nokkuð miklum hraða, þegar hann ætlaði að gera þetta að svo stóru máli, að það ætti að fresta fjárlagaafgreiðslu vegna þess. Er ekki hér of langt gengið, og hvað erum við þá í raun og veru að hafa horn í síðu verðbólgunnar, ef ekki má gera neinar ráðstafanir til þess að draga úr henni, og það er setið löngum stundum, stundum vik-um og jafnvel nætur sem daga við að semja um kaup og kjör, m. a. vegna þess að atvinnuvegirnir þola ekki þessa kjarabreytingu, en nú þykir það bara slæmt, ef á að gera einhverjar ráðstafanir, sem gætu lækkað vísi-tölu, sem auðvitað verða svo aðrar til þess að mæta aftur.

Ég skal nú ekki þreyta hv. alþm. með því að tala um vísitöluna góðu og niðurgreiðslurnar lengur, en það verð ég að segja, því að ég get samt ekki annað en haft gaman af því, þegar niðurgreiðslurnar eru orðnar það óskabarn hér á hv. Alþ., að mönnum finnst bara ástæða til að fresta fjárlagaafgreiðslu, svo að hægt sé að koma

að meiri fjárhæð til niðurgreiðslna, að einhvern tíma hefði þetta þótt frétt, sem jafnvel væri sjónvarpstæk.

Þá kem ég að skattakerfinu, sem hefur verið nokkuð til umræðu hér á hv. Alþ. og á þó eftir að verða það meira að sjálfsögðu, því að þau frv., sem að því lúta, eru ekki enn þá búin að fá afgreiðslu hér á hv. Alþ., svo að það á mikið eftir um þau að segja. En út af fyrirspurn þeirri, sem hv. 11. landsk. þm. bar hér fram á laugardaginn og nauðsyn bar til að koma þá að, er það að segja, að ég fól mínum ráðuneytisstjóra að rannsaka hana, því ég náði þá ekki í ríkisskattstjóra og fannst það líka eðlilegt að athuga það mál nokkru nánar út af þessum forsendum, sem hafðar eru fyrir reikningsdæminu. Nú hefur verið hér á hv. Alþ. útbýtt þeim útreikningum, sem gerðir hafa verið, og þeim forsendum, sem leggja þurfti þeim til grundvallar. Það, sem hins vegar sá ráðuneytisstjóri í fjmrn. segir, að sig skorti í raun og veru, sé að fá forsendurnar fyrir útreikningi hjá hv. 11. þm. landsk. þm. Samkv. frásögn ráðuneytisstjórans vil ég, með leyfi hæstv. forseta, skýra þetta. Þar segir svo:

„Sú forsenda, sem Morgunblaðið í raun og veru gefur sér í þessum samanburði, er, að hæfileg skattvísitala 1972 sé ekki 106.5 heldur 123. Slíkri meðferð skattvísitölu hefur enginn fjmrh. treyst sér til að vita af undanfarin ár. Breyting á persónufrádrætti hjóna svarar þó til skattvísitölu 117 og sömuleiðis breyting á sérstökum frádrætti einstæðrar móður. Barnafrádráttur svarar til vísitölu 111." Ég verð að segja það, að ég átta mig ekki á þessum forsendum hjá hv. 11. landsk. þm., hins vegar liggur nú okkar dæmi alveg fyrir, svo að það getur hver séð, hvernig með skal farið, og ætti ekki að þurfa að vera neinn vafi á því, hvernig dæmið er reiknað. Enn fremur segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Útreikningur Morgunblaðsins og Ólafs G. Einarssonar miðast að sögn við 6% afslátt frá útsvarsstiga. Þetta á við um Reykjavík, en ekki um nágrannasveitarfélögin, sem ekki veita slíkan afslátt, og þaðan af síður um staði eins og Siglufjörð, sem leggur 20% ofan á stigann."

Ég verð að segja það eins og er, að mig skorti forsendurnar fyrir þessum útreikningum, en þær koma auðvitað í ljós við athugun á þessu máli. Ég hef hins vegar leitað álits Efnahagsstofnunarinnar á því, hvaða hreyfing mundi koma í sambandi við þessi tvö skattakerfi, og þá kemur það á daginn, sem ég hélt hér fram um daginn, að hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða, en samkv. þeirri uppsetningu, sem Efnahagsstofnunin hefur gert á heildarsköttunum, þ. e. tekju- og eignarskatti, tekju- og eignarútsvari, persónusköttunum og sjúkrasamlagi og öllu slíku og svo félagasköttunum, þá kemur það út úr dæminu, að í fyrra tilvikinu, ef gamla kerfið er notað, þá kemur samtals út hjá ríki og sveitarfélögum 5 milljarðar 788.8 millj. kr. Í seinna tilvikinu þegar komnir eru inn í þetta afslættir og þess háttar, þá er dæmið 5 711 millj. kr. Ef nýja kerfið er notað, þá er í fyrra tilfellinu um 5 900 millj. kr. að ræða eða 120 millj. tæplega frá því, sem var í fyrra tilfellinu, en 5 813 í síðara tilfelli, ef settir eru inn þeir afslættir, sem hugsanlega gætu verið. En það, sem skiptir mestu máli í þessu, er það, að þetta er byggt á skattalögunum, sem lagt var á eftir s. l. vor. Ef hins vegar væri lagt á eftir skattalögunum, sem afgreidd voru núna á þingi 1971, þá breyttist dæmið, því þá kæmi það út, að skattar hjá fyrirtækjum gætu lækkað um nokkur hundruð millj. kr. og það er í raun og veru þetta, sem er verið að upphefja með þessari breytingu. Það er tekið fram í áliti Efnahagsstofnunarinnar, að ekki sé um umtalsverða breytingu að ræða í heild, þegar þetta er fráskilið, en hins vegar nokkra breytingu innan kerfisins sjálfs og það sýna þau dæmi, sem útreikningarnir sýna, sem hér hafa verið lagðir fram. En það, sem um er að ræða í þessu sambandi, er það, að ef dæmið viðskipti ríkissjóðs og sveitarfélaganna er gert upp, þá hefur ríkissjóður tap af uppgjörinu, því að tekjurnar, sem ríkissjóður hefur, eru tæpur milljarður, en gjöldin um 1 300 millj. kr. En nú vil ég minna á annað. Í umr., sem hafa farið fram, og í frásögnum Morgunblaðsins, hvað er að? Það, sem er að, er það, að forsvarsmenn sveitarfélaganna, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson, borgarstjóri í Reykjavík, og hv. 11. landsk. þm., telja, að sveitarfélögin skorti meiri tekjur. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta lægri skatta? Þegar viðskiptin eru þannig, að ríkið hefur minni tekjur en gjöld af breytingunni, þá get ég nú ekki reiknað dæmið á annan veg en að þetta mundi þýða hærri skatta. Ég hef hins vegar litið svo á, að í sveitarfélagi eins og Garðahreppi mundi þessi breyting reynast hagstæð, og ég hef sagt það hér áður og get endurtekið það, að það er ekki réttmætt að hafa ekki fasteignir sem nokkurn verulegan tekjustofn. Og það hélt ég, að 11. landsk. þm., sveitarstjórinn í Garðahreppi, væri mér sammála um. Þess vegna á ég nú erfitt með að leggja það saman, að þetta eigi að þýða aukna skattbyrði, þegar dæmið sýnist svona af hlutlausum dómurum, þegar svo forsvarsmenn bæjarfélaganna og sveitarfélaganna telja sig vanhaldna, af því að þeir fái ekki nóg. Það er svo annað mál, hvort það mat er rétt. Það er ég ekki búinn að sjá, að svo verði, en ég minni á það og það kom fram í ræðu hv. 11. landsk. þm. hér um daginn, að hann taldi eins og rétt er, að sveitarfélögin hefðu óskað eftir þessum breytingum, og ég álít, að það hefði verið réttmætt að gera þessa breytingu, vegna þess að með þessu fá sveitarfélögin fastari tekjustofna og þeir tekjustofnar, sem marka stefnu í efnahagsmálum, eiga að vera hjá ríkisvaldinu, eins og hér er lagt til. En taka hv. þm. eftir einu, – hvað hefur skort á í þessar umr. og hvað skorti á í umr. Morgunblaðsins? Þar eru sett dæmi um, að ráðherra muni fá þetta, en verkamaðurinn fá hitt, en dæminu frá í fyrravor er gleymt. Hér á hv. Alþ. voru umræður um það, hvort það væri réttmætt að láta þá, sem eiga veruleg hlutabréf, fá skatthlunnindi. Það er ekki rætt nú um skattfríðindin, og meira að segja sagði hv. 1. þm. Reykv. hér í ræðu um daginn, að það hefði sennilega verið gengið of langt í þessu í fyrra, en það, sem er að gerast, er það, að persónuskattar eru felldir niður, og það er gert á kostnað hlutabréfaeigendanna, en þeir hv. stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. eru ekki að skýra gjaldþegnunum frá því, það hentar ekki. Það er reynt að búa til dæmi um verkamanninn með 4–5–600 þúsund, sem hafi þetta og hitt, og svo ráðh., sem hafi þetta og fari nú svona vel út úr því. Nú held ég, að það sé vonandi, að ráðh. fái vel sinn skerf, og er það sannarlega gleðilegt.

Ég vék aðeins að vinnubrögðum við fjárlagaafgreiðslu hér áðan og skal nú ekki fara að þreyta hv. alþm. með því, en hef hér hjá mér töflu um það. Í fyrra fór 3. umr. fjárlaga fram 20. des. og við afgreiddum þau

þann 21. Árin 1961 og 1968 fór þetta eins fram. Árið 1964 var 3. umr. þann 21. des. og afgreiðslan 22., svo að ýmislegt hefur nú gerzt í þessu, sem ekki er ástæða til að fara að rifja upp, og ég er heldur ekki að kvarta undan, þó á sé deilt, því að það höfum við vafalaust gert líka meðan við vorum í stjórnarandstöðu. Hitt er jafn nauðsynlegt og það erum við allir sammála um, að það ber nauðsyn til að breyta vinnubrögðum við fjárlagaafgreiðslu, og ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. forseta þingsins, að þeir beiti sér fyrir því í vetur, þó ekki verði gerð önnur breyting á þingsköpum en sú, að undirnefnd fjvn. verði gerð samkvæmt þingsköpum og heimild sé til að kalla fjvn. þá, sem starfaði næst á þinginu á undan, til starfa áður en þing kemur saman, því það vitum við, sem lengi erum búnir að vinna að þessum málum, að það kemur æ betur í ljós, eftir því sem málaflokkarnir verða umfangsmeiri, hversu það er nauðsynlegt að vera búinn að undirbúa í upphafi þings þessa stóru málaflokka, eins og skóla, hafnir, flugvelli o. fl. o. fl., sem kostar þrotlausa vinnu og stórátök milli þingmanna innbyrðis, vegna þess að þeir eru þar að bítast um hagsmuni sinna kjördæma. Og því er ekki að neita heldur, að ýmis mistök hafa átt sér stað og geta átt sér stað í fjárlagaafgreiðslunni, sem engum hefði dottið í hug að láta henda, nema af því að skorti þar upplýsingar, sem þarf að hafa.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en ég minni á það, að þegar ríkisstj. kom til valda í júnímánuði í sumar, þá lýsti hún því yfir, að hún mundi virða kjarasamningana, og það gerði hún þegar í upphafi með því að breyta því, sem á skorti. Hún lýsti því einnig yfir, að tryggingabætur skyldu hækkaðar, koma til framkvæmda þau lög, sem þá voru í gildi, og sett yrði lágmarkstrygging um laun gamals fólks og öryrkja. Þetta er nú að verða að raunveruleika. Hún lýsti því yfir, að hún mundi fella niður persónuskatta, fjárlagaafgreiðslan er við það miðuð. Hún lýsti því yfir, að hún mundi lækka skatta á láglaunuðum með tilfærslu innan skattakerfisins. Skattafrv. ríkisstj. stefnir að þessu. Hún lýsti því yfir, að hún mundi stefna að því að gera skattakerfið einfaldara og sömuleiðis verkaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga. Að þessu er einnig verið að vinna, hluta af því er verið að koma í framkvæmd, annað bíður framhaldsvinnu þeirra mála. Hún lýsti því yfir, að hún mundi hækka fjárframlög til verklegra framkvæmda og félagsmála. Hún hefur gert það svo verulega, að um hrein straumhvörf er að ræða. Hún lýsti því yfir, að hún mundi reyna að tryggja vinnufrið í landinu, og þar hefur hún náð ómetanlegum árangri. Hún lýsti því yfir, að hún mundi marka stefnu í atvinnuuppbyggingu með samstarfi við atvinnurekendur. Nú hefur verið afgreidd löggjöf, sem miðar í þessa átt. Og fleira hefur verið gert af hálfu ríkisstj. í þessu skyni. Hún lýsti því yfir, að hún mundi endurskoða allt tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Mikið hefur verið unnið að því, en áfram verður haldið. Hún lýsti því yfir, að hún mundi reyna að gera afgreiðslu fjárlaga sem raunhæfasta. Að því hefur nú verið unnið. Og hún lýsti því yfir, að hún mundi gera fjárlög greiðsluhallalaus, afgreiða þau greiðsluhallalaus, og það verður einnig gert. Hún lýsti því yfir, að hún mundi vinna ötullega að landhelgismálinu. Að því máli hefur mikið verið unnið og mikið hefur áunnizt.

Að sjálfsögðu er deilt um stefnur í stjórnmálum. Við því er ekkert að segja. Ekkert skiptir eins miklu í stjórnmálunum eins og það, að borið sé traust til stjórnmálamanna um það, að þeir efni fyrirheit sín. Það má deila um stefnu ríkisstjórnarinnar, þessarar sem annarra, en það verður ekki með rökum um það deilt, að hún hefur unnið ötullega að því að standa við fyrirheit sín og koma þeim í framkvæmd, og hún hefur náð undraverðum árangri.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég hef ekki í hyggju að ræða í heild fjárlagafrv. það, sem nú er hér til síðustu umr., heldur víkja fyrst og fremst að tveimur atriðum. Ég vil þó í upphafi, að sú skoðun komi fram, að ég tel stefnu ríkisstj. og afstöðu hennar til þjóðfélagsmála koma skýrt fram í þeim umtalsverðu hækkunum, sem gerðar eru á ýmsum þáttum félags- og menningarmála. En það var ekki sízt á þeim sviðum, sem fyrrv. stjórnarflokkar höfðu gert sig seka um afskiptaleysi. Aukinn skilningur á félagslegri aðhlynningu og samhjálp einkennir þannig fjárlagafrv. núv. vinstri stjórnar. Sá þáttur frv., sem ég vil þá fyrst gera að umtalsefni, eru fjárveitingar til iðnskóla. En ástæða er til að fagna sérstaklega þeirri myndarlegu hækkun, sem þar er gerð frá fyrri fjárlögum, og ætla ég, að allir þeir, sem eru málefnum iðnnámsins kunnugir, séu mér sammála, þegar ég segi, að þessi ákvörðun mun valda þáttaskilum í byggingu verknámsskóla iðnaðarins. Þannig hækkar gjaldfærður stofnkostnaður iðnskólanna um nær 100% eða úr um það bil 13 millj., eins og hann hefur verið síðustu ár, í rúmar 25 millj. En þetta er hið raunverulega byggingarfé iðnskólanna. Fjárveitingar til iðnfræðslumála hafa löngum verið skornar við nögl af hálfu ríkis og sveitarfélaga, en þessir aðilar hafa í sameiningu annazt starfrækslu skólanna frá 1955. Þannig var t. d. á heilum áratug, 1955–1965, einungis byggt yfir einn iðnskóla, Iðnskólann í Reykjavík, auk lagfæringa, sem gerðar voru á Iðnskólanum á Selfossi. En á þessum áratug var aðeins varið rúmum 18 millj. til iðnskólabygginga á landinu öllu.

Á síðustu árum hefur svo verið hafizt handa um byggingu iðnskóla á nokkrum stöðum, m. a. í Hafnarfirði og á Akureyri. En mikið vantar þó á, að þörfinni sé fullnægt, og sem dæmi um, hve ástandið í málefnum iðnskólanna er slæmt, má nefna, að þrátt fyrir lög frá 1955, sem kveða á um, að iðnskólar landsins skuli vera dagskólar, eru enn þann dag í dag, nær 17 árum síðar, starfandi kvöldskólar. Þetta ástand síðustu ára endurspeglar auðvitað glöggt gildismat valdamanna þjóðfélagsins á menntunarmálum. Þar hefur gildi verkmenntunar verið lágt skrifað. Miðaldafyrirkomulag, sem allar menntaðar þjóðir, er leggja rækt við tækniviðingu og þróun þjóðfélagsins, hafa kastað fyrir róða, hefur gilt hér á landi. Meginhluti iðnnámsins hefur farið fram hjá iðnfyrirtækjum og iðnmeisturum utan ramma hins eiginlega skólakerfis og án nokkurs raunverulegs eftirlits. Með tilkomu laga nr. 68 1966, um iðnfræðslu, var ákveðin uppbygging 8 iðnskóla, eða eins í hverju kjördæmi, sem jafnframt því að annast bóklega fræðslu skyldu hafa með höndum víðtæka verknámskennslu, bæði fyrir hinar löggiltu iðngreinar og starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins. Væntu allir velviljaðir menn, að með þessari ákvörðun Alþ. væri horfið

frá því niðrandi ástandi, sem málefni iðnfræðslunnar höfðu verið í, og að augu manna hefðu opnazt fyrir gildi fullkominnar verknámskennslu.

Nú er nær hálfur áratugur liðinn frá gildistöku laganna 1966, en þó hefur allt of skammt miðað í rétta átt. Frekara álit mitt á skipan iðnskólamála kemur fram í till. til þál., sem ég hef lagt fyrir þingið, en ekki hefur gefizt tækifæri til að útbýta, og mun ég því ekki lengja frekar mál mitt um þetta efni. En ég ítreka aðeins að lokum ánægju mína með þá stefnubreytingu í byggingarmálum iðnskólanna, sem núv. ríkisstj. hefur ákveðið í trausti þess, að áfram verði haldið á framfarabraut.

Síðara atriðið, sem ég vildi gera að umræðuefni, er aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þótt nú sé í fyrsta sinni gert ráð fyrir nokkru fé í þessu skyni, eða 3 milljónum, tel ég fjárveitingu Íslands til þróunarlandanna enn allt of lága. Hagstæð viðmiðun við íhaldsstefnu fyrrv. ríkisstj. breytir hér engu um. Þannig var samþ. á síðasta þingi að vinna að því á næstu árum, að framlag Íslands verði 1% af þjóðartekjunum. Þetta jafngildir um 300–400 millj. og sést bezt á þessu, hve langt við eigum eftir að því marki, sem sett hefur verið. Það er svo önnur saga, að stuðning við hinn fátæka heimshluta, sem berst enn við vandamál fátæktar, arðráns og yfirgangs hinna auðugu stórvelda og auðhringa þeirra, má færa fram með ýmsu móti. Þannig hefur stefna núv. ríkisstj. í utanríkismálum og málflutningur hennar innan vébanda Sameinuðu þjóðanna verið beinn og óbeinn stuðningur við málstað þróunarlandanna, enda samrýmist slíkt bezt frelsisvitund íslenzku þjóðarinnar.

Vitað er, að hin ýmsu efnahags- og viðskiptabandalög iðnaðarþjóðanna eru ekki sízt tæki þeirra til að viðhalda enn um sinn núverandi misskiptingu heimsauðæfanna. Með efnahagslegri yfirdrottnun sinni ákveða hin auðugu ríki verð hráefna fátæku landanna, ekki síður en verð þeirrar iðnaðarvöru, sem þróunarlöndin eru nauðbeygð til að kaupa. Þannig, í skjóli efnahagslegra forréttinda, skammtar hinn auðugi heimshluti hinum fátæka hið daglega brauð. Efnahagsbandalag Evrópu var m. a. stofnsett í þeim tilgangi, eins og tengsl þess við nýlendur og fyrrv. nýlendur sýna, svo og ákvæði Rómarsáttmálans um þróunarsjóð, en fjárfesting og arðrán í hinum fátæku löndum kallast oft þróunarhjálp á fjármálamállýzku auðvaldsheimsins.

Á þennan hátt hefur nýlendustefnan gamla tekið á sig nýja, en ekki síður ómannúðlega mynd. Þessar staðreyndir um hina efnahagslegu yfirdrottnun verður núv. vinstri stjórn að hafa hugfastar auk þess, sem leita þarf eftir nýjum leiðum til aðstoðar þróunarlöndunum. Viðskiptatengsl Íslands og þróunarlanda þurfa t. d. að styrkjast. Í því sambandi tel ég rétt, að Íslendingar felldu niður tolla á vörum, sem þróunarlöndin hefðu hug á að senda hingað á markað, til að auðvelda þeim samkeppnisaðstöðu, og þótt margt mætti betur fara í menntakerfi okkar, getum við á þeim sviðum einnig veitt aðstoð með því að bjóða námsfólki frá þróunarlöndunum námsaðstöðu við íslenzka skóla, þar sem við teldum, að þeim gagnaði. Aukna vísindaaðstoð gætum við líka veitt, einkum á sviði fiskveiða. Margt mætti annað nefna af þessu tagi, en aðstoð sem þessi er ekki síður góð og gild og kannske að mörgu leyti auðveldari viðfangs og eðlilegri en bein fjárhagsaðstoð. Um leið og ég vona, að núv. vinstri stjórn taki til endurmats alla þá aðstoð, sem Íslendingar geta veitt þróunarlöndunum í mynd hækkaðra fjárveitinga og annarrar aðstoðar, vænti ég þess fastlega, að stjórnmálalegur stuðningur Íslands við hinn fátæka heimshluta verði stóreflidur. Þegar hefur hin nýja ríkisstj. sýnt skilning sinn í þessum efnum og vikið frá íhaldsstefnu fyrri ríkisstj. Áfram þarf að varða þá braut.

Ég mun nú við síðustu umr. fjárlagafrv. ekki flytja neina brtt. um hækkaðar fjárveitingar í þessum efnum. Ljóst er, að ekki hefur náðst samkomulag um meiri hækkun en sem nemur tvöföldun fyrri upphæðar, og mun ég virða það samkomulag fyrir mína parta. Ég lýk svo máli mínu með því að hvetja enn einu sinni af alhug til stóraukins efnahagslegs og stjórnmálalegs stuðnings við þróunarlöndin af öllum þeim mætti, sem Ísland má. – [Fundarhlé.]

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fjórar till. við 3. umr. fjárlaga. Ég hafði við 2. umr. flutt þrjár af þessum till. og þá gert grein fyrir þeim, og þykir mér ekki ástæða til þess að endurtaka það hér við þessa umr. Ég vil þá láta það koma í ljós, að ég harma það mjög, að hv. fjvn. skyldi ekki sjá sér fært á milli umr. að gera breytingu á framlagi til vatnsveitu Vestmannaeyja. Þar er um að ræða fyrirtæki, sem ég vona, að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir, að mjög eðlilegt væri að styrkja allverulega og helzt með hærri upphæð en hér er um að ræða á fjárlögum.

Ég flyt nýja till. varðandi framlag til flugmála, þar sem ég legg til, að liðurinn verði hækkaður um 5 millj. kr. og af liðnum verði veittar 11.2 millj. til flugbrauta í Vestmannaeyjum. Ég kannaði það hjá réttum aðila, hve mikil upphæð af heildarfjármagni til framkvæmda við flugvelli í landinu mundi vera áætluð til flugvallarins í Vestmannaeyjum, og fékk þá þær upplýsingar, að til verklegra framkvæmda mundu af heildarupphæðinni verða áætlaðar 5 millj. til þessarar flugvallargerðar og 1.2 millj. til tækjakaupa eða samtals 6.2 millj. kr. Ég vil geta þess í sambandi við þetta, að á síðasta ári var gert verulegt átak við flugbrautirnar og þá aðallega norður-suðurbrautina, hún lengd verulega, en eftir er að ganga endanlega frá þeirri braut og einnig frá eldri brautinni, og mun það að mínum dómi kosta a. m. k. þá upphæð, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og ég hygg nokkuð meira. Þar við bætist, að ég tel, að það megi ekki draga það lengur að gera a. m. k. tilraunir með slitlag á brautirnar í Vestmannaeyjum úr varanlegu efni. Það hefur komið hér fram áður, og því verið lýst, að aðstaða á þessum stað er orðin þannig í sambandi við ofaníburð í flugbrautina, að það getur borið að hvenær sem er, að ekki verði um neitt tiltækt efni að ræða, því að ef það verður stöðvað, eins og kannske mætti segja, að eðlilegt væri að gera, að taka möl úr Helgafelli og rífa það ágæta og fagra fjall niður og bera það ofan í flugbrautina, þá er ekki í nein önnur hús að venda, og því tel ég, að það verði að leggja alla áherzlu á einmitt að koma varanlegu slitlagi á flugbrautirnar á þessum stað. Þetta hefur eðlilega nokkuð tafizt fyrir mönnum, því að fram að þessu hefur alltaf verið talað um malbikun flugbrauta, og var á sínum tíma hafizt handa um það verk með því að malbikaður var á hvorum enda eldri flugbrautarinnar um 100 m langur

kafli og um 40 m breiður, og kemur það sér mjög vel við flugtak.

Nú liggur það hins vegar ljóst fyrir, að í stað malar, eins og nú er borin ofan í völlinn, sem er mjög létt efni í sér og getur horfið að miklum hluta úr brautinni, ef um mjög slæmt veður er að ræða, þá mun það kostnaðarins vegna vera miklu auðveldara að gera tilraunir með olíumöl. Ég hef kannað það mál, og mér skilst, að kostnaður við slitlag á hvora flugbraut fyrir sig mundi ekki vera nema um 6–7 millj. kr. Þá er reiknað með 1000 m löngum brautum og 30 m breiðum. Malbik hefur hins vegar verið lauslega áætlað og talið, að það kosti tugi millj., að mér er tjáð, sennilega um 50 millj. Ég tel því, að það sé mjög eðlilegt og beinlínis mjög nauðsynlegt vegna allra aðstæðna að gera þegar á næsta sumri tilraun með að bera olíumöl ofan í aðra brautina og sjá, hvort það muni ekki geta leyst þetta aðkallandi vandamál, sem þarna er um að ræða í sambandi við slitlag brautanna. Verkfræðingar tjá mér, að þeir geti í sjálfu sér ekki séð annað en þetta mundi leysa þetta mál alveg, að olíumöl væri nægjanlega sterkt slitlag, en þar sem hér er um nýmæli að ræða að bera slíkt slitlag á flugvelli, þá vilja þeir að sjálfsögðu ekki fullyrða um það nema reynslan sýni, að þessi niðurstaða þeirra sé rétt. Ég vil því fara fram á það við hv. Alþ., að það sæi sér fært að verða við þessum tilmælum og hækka heildarframlagið um 5 millj. kr., og áætla þar af til verklegra framkvæmda við flugbrautirnar 10 millj. og 1.2 millj. til tækjakaupa. Ég mundi telja, að þá væri ekki mikið átak eftir við flugbrautirnar í Vestmannaeyjum, flugbrautirnar sjálfar. Flugvallarbygging er þar engin og er framtíðarspurning, en ef í þetta yrði ráðizt, mundi það a. m. k. þoka þessum málum mjög mikið áfram og koma þeim í mun betra horf en nú er, og sérstaklega teldi ég þetta nauðsynlegt af þeim ástæðum, eins og ég hef sagt áður, að það er komið í algjört þrot með ofaníburð í slitlag á flugbrautunum á þessum stað.

Ég skal láta þetta nægja um þær till., sem ég hef hér flutt og fram koma á þskj. 249. En ég vildi bera fram eina fsp. til hæstv. fjmrh. Það er varðandi XI. lið, þar sem gert er ráð fyrir verulega hækkuðu framlagi til kaupa á dagblöðum. Þar segir svo í till., sem borin er fram af þm. úr öllum flokkum, og reikna þeir með, að hún verði samþ., en þar segir svo:

„Til kaupa á dagblöðum og aðalmálgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, svo og til kaupa á kjördæmismálgögnum stjórnmálaflokkanna, samkv. nánari ákvörðun ríkisstj."

Ég spyr um sérstakt atriði í sambandi við þetta. Bæði á Suðurlandi og að ég hygg á Norðurlandi, – mér er nú ekki kunnugt um, hvort það er víðar, – hagar svo til, að stjórnmálaflokkarnir, a. m. k. Sjálfstfl. og Framsfl., gefa út reglulega vikublöð á tveimur stöðum í kjördæmi, annars vegar á Selfossi og hins vegar í Vestmannaeyjum. Þetta hefur verið svo um áratugaraðir og ég hygg, að það sé svipað ástatt í Norðurl. e., þar sem blöðin eru gefin út á Siglufirði og Akureyri. Og þá er fsp. mín til hæstv. ráðh. sú, hvort það mundi ekki verða talið, að blöð á báðum þessum stöðum, – á ég þar við Suðurland, – bæði blöð stjórnmálaflokkanna á Selfossi og eins í Vestmannaeyjum, hvort þau mundu ekki bæði falla undir þá grein fjárlaga, sem þarna er um að ræða, með því að af þeim yrði þá keypt hin tiltekna tala eintaka af blöðunum.

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti orðið við tilmælum mínum um nánari skilgreiningu á þessum sérstaka lið.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að mæla hér fyrir þremur brtt., sem ég flyt við fjárlögin. Þessar brtt. er að finna á þskj. 249. Það er 1. brtt. á þskj., sú 8. og 12. Ég hygg, að hv. þm. sé líkt farið og mér, þegar þeir líta yfir till. hv. fjvn., að þeir muni ekki finna þar margar sparnaðartillögur. Ég hef þó rekið augun í eina, því að n. hefur lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður vegna húsmæðraskóla verði lækkaður úr 8 millj. 823 þús. í 6.5 millj. Það er sýnilegt, að húsmæðraskólarnir eiga ekki upp á pallborðið hjá hv. fjvn., og ég verð að segja það, að mér finnst hafa orðið leiðinleg breyting á þessari góðu n., því að meðan ég var í n. var það svo, að okkur stóð fremur hlýr hugur til kvennaskólanna. 1. brtt., sem ég flyt, varðar húsmæðraskólana í Norðurl. v., Húsmæðraskólann á Blönduósi og Húsmæðraskólann á Löngumýri, og legg ég til, að till. fjvn. til skólans á Blönduósi verði hækkuð úr 500 þús. kr. í 1 millj. Ég vil taka það fram, að ég er ekki að fara fram á fjárveitingu til nýrra framkvæmda. Hér er um að ræða fjárveitingu til þess að greiða skuldir ríkissjóðs við þennan skóla, en þar hefur í undanfarin ár verið staðið í framkvæmdum, byggingu kennarabústaða o. fl., og þessar framkvæmdir hafa verið leyfðar bæði af menntmrn. og samþykktar af fjvn. með því að leggja fé til þeirra. En það skortir á, að skólinn sé búinn að fá það, sem hann á að fá af ríkisfénu, og þess vegna er það, að ég flyt þessa brtt.

Það gegnir kannske örlítið öðru máli um skólann á Löngumýri. Honum hefur verið veitt undanfarin ár smávegis upphæð á fjárlögum til undirbúnings kennaraíbúða, en frá þessum fyrirætlunum er horfið og í stað þess fékk skólinn heimild til þess frá rn. að leggja í heitavatnsleiðslu nú á s. l. sumri frá Reykjahólshverum að Löngumýri. Hér er raunar ekki að ræða um nýja framkvæmd, því að þarna var áður heitavatnsleiðsla. Hún var gerð fyrir allmörgum árum, þegar fröken Ingibjörg Jóhannsdóttir var skólastýra á Löngumýri. Hún réðist í þessa framkvæmd af miklum dugnaði og af fátækt sinni, vil ég segja, og því miður var þessi leiðsla ekki varanleg, og hefur nú verið gagnslaus í ein tvö ár. Þess vegna var ráðizt í þessa nýju framkvæmd. Ég get getið þess, að stjórn Varmahlíðar samþykkti það á sínum tíma, að meðan Ingibjörg Jóhannsdóttir stóð að þessum skóla, skyldi ekki vera tekið gjald af henni fyrir heita vatnið, og átti það að vera virðingarvottur við Ingibjörgu fyrir frábæran dugnað hennar og fórnfýsi. Og enn hefur ekkert gjald verið tekið af Löngumýrarskólanum fyrir afnot af þessu vatni. Húsakynnin á Löngumýri eru því miður ekki góð, og upphitunarkostnaður þeirra er mikill. En einmitt þessi framkvæmd, sem nú var verið að gera í sumar, mun áreiðanlega stuðla að því, að lækka rekstrarkostnað þessa skóla um tugi þús. á ári.

Þá flyt ég brtt. við 4. gr. frv., er snertir byggingu sjúkrahúsa, og legg til, að á eftir 8. lið í sundurliðun komi: Sauðárkrókur með upphæð 430 þús. Eins og ég veit, að ýmsir hv. þm. muna, þá vildi það til, að sjúkra-

húsið á Sauðárkróki skemmdist allverulega í jarðskjálfta, sem varð fyrir norðan í marzmánuði 1963, bæði veggir og þak hússins skemmdist verulega. Það var gert við þessar skemmdir, sérstaklega á veggjum, þá strax og Alþ. veitti nokkurn styrk til þessara framkvæmda þá á næsta ári. En þá var ekki gerð nema bráðabirgðaviðgerð á þaki hússins, og þakinu var ekki komið í viðunandi horf fyrr en á árunum 1970–1971. Til þessara framkvæmda hefur verið varið 714 þús. kr. Ég sem sagt mælist til þess, að Alþ. geri það sama nú og það gerði 1964, að styrkja sjúkrahúsið eða veita því fé upp í þennan kostnað, sem varð vegna þessara óhappa, og hef ég lagt til, að lagt verði til sjúkrahússins 430 þús. kr. eða um 60% af kostnaðarupphæðinni. Hér er um mjög litla till. að ræða, og ég þykist þess fullviss, að hæstv. forsrh. muni samþykkja þessa till. og leggja því lið, að hún verði samþ., því að þó að hæstv. ráðh. sitji nú í landsföðursæti, þá veit ég það, að hugur hans til okkar Skagfirðinga er jafnvel hlýrri en til annarra byggðarlaga.

Í þriðja lagi legg ég svo til, að höfnin á Hvammstanga fái 2.1 millj. fjárveitingu í stað 1.1, sem fjvn. leggur til, að höfnin fái. Framkvæmdir við höfnina í sumar munu hafa kostað 2.8 millj. kr. og fjárveiting til þessarar framkvæmdar á því að vera, eftir því sem ég kemst næst, 2.1 millj. Hvammstangahreppur mun þegar hafa lánað mikið fé til þessarar framkvæmdar, og það er að sjálfsögðu augljóst og öllum skiljanlegt, að svo litlu sveitarfélagi er það örðugt að eiga inni hjá ríkinu stórar fjárhæðir um lengri tíma. Og annað er það líka, sem ég legg áherzlu á í sambandi við þessa fjárveitingu, að verði hún ekki veitt, þá þýðir það, að það er ekki hægt að halda áfram á næsta sumri þessum framkvæmdum, en það þarf að gera, til þess að aðstaða við bryggjuna á Hvammstanga verði viðunanleg. Hún hefur ekki verið það, og svo léleg hefur hún verið, að Samband ísl. samvinnufélaga eða skipadeild þess hefur þráfaldlega skrifað hreppsnefndinni á Hvammstanga og tilkynnt henni, að hún sæi sig nauðbeygða til þess að hætta því, að láta skip Sambandsins sigla til Hvammstanga.

Ég þarf, held ég, ekki frekar að mæla fyrir þessum litlu brtt., ég vil ekki fara að angra hæstv. fjmrh. núna rétt fyrir jólin, það verða nógir til þess. En ég vil aðeins segja það, að nú er sköpum skipt. Þessi hæstv. ráðh. hefur haft það hlutverk á hendi hér í mörg undanfarin ár að gagnrýna fjármálastjórnina. Við, sem stóðum að síðustu ríkisstj., vorum skammaðir þrotlaust fyrir það, að fjárlög hækkuðu frá ári til árs, en nú skilst mér, að fjárlögin hækki um rúma 5 milljarða frá fjárlögum þessa árs. Þeir fara nú ekki að verða stórir karlar, fjmrh. Sjálfstfl., í samanburði við þennan hæstv. fjmrh. núv. En ég vil aðeins benda á það, að mér finnst, að það megi segja það um hæstv. fjmrh., að það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann.

Inga Birna Jónsdóttir: Herra forseti. Á þskj. 271, í 2. lið tillögu frá Ingu Birnu Jónsdóttur, Gils Guðmundssyni, Eggert G. Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni við 4. gr. fjárlagafrv., er farið fram á styrk til Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna að upphæð 50 þús. kr. Þetta er brtt. við fjárlagafrv., og þessi samtök, Menningar- og friðarsamtök íslenzkra kvenna, hafa sent fjvn. bréf, þar sem nefnd er ýmis starfsemi á þeirra vegum, svo sem barátta fyrir friðarstefnu og launajafnréttisbarátta kvenna. Sá liður starfsemi þeirrar, sem ég tel hvað veigamestan, er áhugi þeirra á barnaverndarmálum. Nú hef ég alls ekki hugsað mér að tala fyrir ágæti kvenfélaga, síður en svo. Ég hlakka til þess dags, þegar þau þurfa ekki að vera til. En á meðan uppbygging barnaheimila er svo skammt á veg komin sem raun ber vitni, þá vil ég styðja hvern þann félagsskap, sem hefur slíkt á stefnuskrá sinni. Ég vona, að till. verði samþykkt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. Fyrri brtt. er flutt af mér og fimm öðrum þm. Sjálfstfl. Þess efnis, að nýr liður komi inn til Byggingarsjóðs aldraðra, 18 millj., og sundurliðun verði á þá leið, að til nýbygginga við elliheimili á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum komi 4 millj. á hvern stað og til Sauðárkróks, Borgarness og Fellsenda í Dalasýslu 2 millj. á hvern stað. Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 10. þm. Reykv. frv. til l. um breytingu á lögum um Byggingarsjóð aldraðra, á þá leið, að heimilt er að veita allt að helming af árstekjum Byggingarsjóðs aldraðra sem styrk til byggingar elliheimila. Jafnframt boðuðum við það í sambandi við umr., sem urðu um meðferð þessa máls á þingi, að við hygðumst flytja frv. um það, að tekjur þessa byggingarsjóðs yrðu auknar frá því, sem verið hefur, fyrst og fremst vegna þess, að nú er að fara af stað bygging elliheimila, og tvö elliheimili hafa verið reist á síðustu árum, sem hafa sáralítinn styrk fengið eða engan frá opinberum sjóðum, en hitt er rétt, að á fjárlögum hefur ekki verið veitt til byggingar elliheimila, aðeins lítilfjörlegur rekstrarstyrkur til þessarar starfsemi, en ég hygg, að það muni ekki verða beint aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þó að það verði tekið upp að veita fjármagn til Byggingarsjóðs aldraðra og á þann hátt að stuðla að því, að elliheimili rísi, bæði fyrir forgöngu sveitarfélaga og ýmissa annarra góðgerðarfélaga eða félaga, sem hafa látið þessi mál til sín taka, því að það mun létta mjög á sjúkrahúsum, að elliheimili rísi, og dvalarkostnaður í þeim stofnunum er auðvitað ólíkt lægri en í sjúkrahúsum, þannig að hér á ekki að vera um ný eða mikil útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð.

Það kom fram einnig á þessu síðasta þingi í sambandi við umr. um þessi mál og m. a. frá núv. hæstv. fjmrh., að hann hefði mikinn hug á því að auka tekjur Byggingarsjóðs aldraðra, og einnig kom fram, þegar frv. var til meðferðar í Ed., till. um, að ríkið greiddi ákveðna upphæð, sem er mjög áþekk þeirri upphæð, sem við leggjum nú hér til, till. frá hv. 1. þm. Vesturl. um þessi efni. Það var mjög eðlilegt, að áhugi væri fyrir þessu máli hjá þessum tveimur hv. þm., vegna þess að í því kjördæmi, sem þeir eru þm. fyrir, hafa verið á undanförnum árum í byggingu tvö elliheimili, svo að þeir hafa vafalaust betur en margir aðrir kynnzt því, hvað það hefur verið stórt og erfitt verkefni fyrir heimamenn að standa undir þessum byggingarkostnaði.

Ég vænti þess með tilliti til þeirra undirtekta, sem þetta mál fékk á síðasta þingi, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluti taki tillit til þessa máls, áður en gengið verður hér endanlega til afgreiðslu fjárlaga á morgun.

Hinni till., sem ég hef leyft mér að flytja, er ég einn flm. að, en það er, að gjaldfærður stofnkostnaður til Íþróttakennaraskóla Íslands hækki úr 1 millj. kr. í 5

millj. kr. Á undanförnum árum hefur verið veitt töluvert fé til byggingar heimavistarhúsnæðis við Íþróttakennaraskóla Íslands, og nú er þessari byggingu lokið að verulegu leyti, en þó mun þurfa um 1 250 þús. kr. til þess að ganga endanlega frá byggingunni. Inni í fjárlagafrv. er 1 millj. kr., en það mun vanta upp á, að því er skólastjóri Íþróttakennaraskólans hefur tjáð fjvn., um 250 þús. kr. Í fjárlagatillögu skólastjóra Íþróttakennaraskóla Íslands lagði hann til, að framlög á fjárlögum ársins 1972 yrðu hækkuð um 4.5 millj. vegna framkvæmda við þennan skóla. Og hann segir í bréfi sínu til fjvn., að það sé knýjandi nauðsyn að byggja skólahús og íbúð fyrir kennara. Enn þá, næstum 30 árum eftir að Íþróttakennaraskóli Íslands varð ríkisskóli, fer öll bókleg kennsla fram í bráðabirgðahúsnæði, og síðasta aldarfjórðunginn hefur öll bókleg kennsla og fyrirlestrar farið fram í búnings- og baðherbergjum, sem byggð voru við íþróttahús skólans. Aðstaða fyrir nemendur og kennara er mjög bágborin, og því gerir hann þessa till. um fjárveitingu að upphæð 4.5 millj. kr.

Eins og ég sagði áðan, hafa verið allmyndarlegar fjárveitingar síðustu 4 árin til Íþróttakennaraskólans að Laugarvatni, þannig að þessum myndarlegu framkvæmdum við heimavistarhúsnæðið er nú að ljúka, og þeim er að verulegu leyti lokið. En þá má heldur ekki hætta fjárveitingum til uppbyggingar þessum eina íþróttakennaraskóla á landinu, eins og gert er með fjárlagafrv. og till. meiri hl. fjvn., sem vildu á engan hátt taka þetta erindi til greina. Ég hef ekki haft mikla löngun til að flytja margar brtt. við fjárlagafrv., þó að það sé margt svo sem, sem maður vill hafa á annan hátt, en ég verð að segja það, að ég gat ekki stillt mig um að flytja þessar tvær brtt., vera meðflm. að brtt. um framlag til Byggingarsjóðs aldraðra og svo aftur að þessari brtt. um aukið framlag til framkvæmda við Íþróttakennaraskóla Íslands. Ég tel það mjög lofsvert hjá hæstv. fjmrh., að hann hefur stuðlað að því að hækka framlög til íþróttastarfsemi, bæði til Íþróttasambandsins og Íþróttasjóðs og met það mjög við hann. En það má ekki bitna á uppbyggingu þeirri, sem er við eina íþróttakennaraskólann í landinu. Þá er verið að fara eitt skref áfram og eitt skref aftur á bak. En ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. í því, sem hann hefur lagt til á öðrum sviðum í þessum málaflokki, og það hefur hann að mínum dómi gert vel.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð fleiri, en út af því, sem minn ágæti vinur sagði hér áðan, hv. 2. þm. Norðurl. v., þegar hann mælti fyrir þeim brtt., sem hann flytur við fjárlögin, þá sagði hann, að þegar hann hefði verið í fjvn., þá hefði hugarfarið til kvenna verið ólíkt betra en nú, eða eitthvað í þessa áttina, og þá átti hann við þær till., sem fjvn. hefur gert í sambandi við framlög til húsmæðraskóla almennt. Ég skal játa það, að þegar þessu fé, framlögum til framkvæmda við húsmæðraskólana, var skipt, þá vantaði mjög upplýsingar fyrir fjvn., og því lækkaði þessi liður verulega. Um hitt er ég sammála meiri hl. fjvn. og þá menntmrn., að við getum ekki lagt til að leggja í stórar og nýjar framkvæmdir við húsmæðraskóla í landinu, vegna þess að sumir þessir skólar eru alls ekki fullsetnir nú á síðustu árum. En það breytir því ekki, að þær till., sem hv. þm. hefur hér flutt, eru mjög sanngjarnar, og það eru að mínum dómi alger mistök að hafa ekki tekið þessa upphæð til Húsmæðraskólans á Blönduósi og sömuleiðis til Húsmæðraskólans á Löngumýri, ef ekki sem stofnkostnaðarframlag, þá auðvitað hefði þurft að hækka viðhaldskostnað í húsmæðraskólum, en hann var í fjárlögum yfirstandandi árs 3.7 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv. hækkar hann ekki um nema 307 þús. kr., sem auðvitað er engan veginn til þess að fylgja eftir þeim verðlagsbreytingum, sem orðið hafa frá því að fjárlagafrv. fyrir 1971 var til afgreiðslu hér á hv. Alþ. Ég fyrir mitt leyti get alveg tekið undir þessar till., og ég vildi það í hv. fjvn., því að þessi hv. þm. flutti ekki þessar till. við 2. umr., heldur sendi þær beint til n. með ósk um það, að hún athugaði þessar till. fyrir 3. umr. og gerði þær að sínum. En þetta varð nú niðurstaðan í n., og ég tel fyrir mitt leyti, að hún hafi verið mjög ósanngjörn. Sömuleiðis vil ég nefna þá till. hv. þm. að veita 430 þús. kr. til Sjúkrahússins á Sauðárkróki, ég tel það líka hafa verið hrein mistök, að sú till. var ekki tekin upp af fjvn. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

Ég verð nú að segja, að ég vissi, að hæstv. núv. fjmrh. er hraustur maður og skeleggur, en ég hélt ekki, að hann væri eins hraustur og ræða hans hér gaf tilefni til að ætla, því að það var ekki að sjá, að það væri neinn bilbugur á karli, þegar hann ræddi um fjárlagafrv., sem hér er nú til 3. umr. Hann talaði mikið um það ófremdarástand, sem hefði verið á undanförnum árum hjá fyrrv. ríkisstj., og þá auðvitað sérstaklega og um leið hjá fyrrv. hæstv. fjmrh., hvað margir útgjaldaliðir hefðu verið vanáætlaðir og hve mikil óvissa hefði verið ríkjandi á svo mörgum sviðum. Dettur nokkrum þm. í hug, stjórnarsinna, stjórnarandstæðingi eða hæstv. fjmrh., að þetta fjárlagafrv. nái yfir öll væntanleg útgjöld, sem verða á árinu 1972? Nei, ég er viss um, að ekki einum einasta þm. dettur það í hug. Við vitum, að það eru svo miklar breytingar á verðlagi fram undan, að það eru meira en milljónatugir, sem á vantar til að mæta þeim breytingum, frekar milljónahundruð. Þessu veit ég, að hæstv. fjmrh. hefur gert sér fulla grein fyrir, þó að hann nefndi það ekki í sinni ræðu, sem hann hélt hér áðan.

Hæstv. fjmrh. spurði, hvort við sjálfstæðismenn og fyrrv. stjórnarsinnar hefðum mestan áhuga á því að halda áfram niðurgreiðslum á vöruverði, þegar við værum að fjargviðrast yfir því, að í till. meiri hl. fjvn., auðvitað samkv. boði ríkisstj., eru lækkaðar niðurgreiðslur á vöruverði um 450 millj. kr. Ég segi fyrir mitt leyti og ég hygg, að ég megi segja það fyrir hönd Sjálfstfl., að Sjálfstfl. hefur engan sérstakan áhuga á því að viðhalda alveg endalaust niðurgreiðslum á vöruverði, eins og verið hafa. Hins vegar höfum við, og þá sennilega stjórnarsinnar líka, töluverðar áhyggjur af því, hvað fylgir í kjölfar þessarar lækkunar á niðurgreiðslum. Verður ekki stórfelld hækkun á vörum að sama skapi? Verður ekki stórfelld hækkun og aukin dýrtíð í landinu? Það er það, sem við höfum mestar áhyggjur af, ekki það, að við þolum ekki, að dýrtíð vaxi, eins og hún vex í kringum okkur, vex með öðrum þjóðum, sérstaklega viðskiptaþjóðum okkar. Það er ósköp eðlilegt, að við, lítil þjóð, sem erum ekki sterkari en við erum í raun og veru, við verðum að fylgja þar straumnum. En það, sem skiptir auðvitað mestu máli, er það, að dýrtíðin hér á landi verði ekki margfalt meiri og ofsafengnari en hún er hjá þeim þjóðum, sem við erum helzt að miða við og eigum viðskipti við. Það er þetta, sem við sjálf-

stæðismenn höfum mestar áhyggjur af, hæstv. fjmrh.

Í sannleika sagt furða ég mig ekkert á því, að fjárlög hækki frá ári til árs. Við vitum það, að verðgildi peninga er alltaf að minnka, ekki eingöngu á Íslandi, heldur í öllum löndum heims, meira að segja, þar sem ríkisvaldið er sterkt, eins og í Austur-Evrópuríkjunum, þar er verðgildi peninga að minnka. Þar er einnig vaxandi dýrtíð, þó að hún sé ekki eins mikil og hún er hjá þjóðum, sem búa við frjálsræði, eins og við gerum og aðrar vestrænar þjóðir.

Það, sem mér finnst á skorta hjá hæstv. fjmrh., þegar hann talar um hækkun útgjalda, er, að það sé eins og þetta hafi allt saman gerzt áður og því eigi þetta að gerast, og þetta sé ekkert í raun og veru meiri hækkun en áður hefur verið. Ég skal vera fyllilega sanngjarn við hann. Ég veit, að það er erfitt að stjórna fjármálum, það er enn erfiðara að gera það í ríkisstj. þriggja flokka heldur en tveggja. Bezt væri, að það væri ríkisstj. eins flokks, því að auðveldast er að stjórna á þann veg, því að það þarf auðvitað að láta eftir svo mörgum til þess að ná samkomulagi um hlutina og afgreiðslu mála, og því er það ekki óeðlilegt í þjóðfélagi, sem alltaf er að færast meira og meira í fang, fá nýja útgjaldaliði, að fjárlög hækki. En ég held, að það verði ekki sagt, og þá á hæstv. fjmrh. þar ekki nema kannske mjög litla sök á, að núv. hv. stjórnarflokkar hafi sýnt hógværð og lítillæti í sambandi við útgjöld fjárlaga. Ég held, að þar hafi allir verið á fleygiferð að bjóða upp hver fyrir öðrum, og ef þessi hefði boðið þetta, þá hefði bara verið lýst eftir næsta boði, og það hefði aldrei staðið á því. Og það er ekki enn þá búið að segja „fyrsta, annað og þriðja", darraðardansinn heldur áfram. Þess vegna er allt að fara úr skorðunum, eins og raun ber vitni. Þetta er ekki sök eins manns. Þetta er ekki sök þess manns, sem situr í stól fjmrh. Hann ræður engan veginn við þetta hugarfar, sem er ríkjandi í þessum herbúðum.

Hitt finnst mér öllu lakara með jafnágætan mann og hæstv. fjmrh. er, þegar hann ræðir um skattamálin almennt og þær geigvænlegu breytingar, sem eru að verða á sköttum fólksins, sem byggir þetta land, hvað hann gerir lítið úr því, hvað skattarnir eru að hækka. Í raun og veru héldi almenningur, ef hann hefði aðeins hlýtt á talsmenn ríkisstj., að það væri eiginlega ekki um nokkrar skattahækkanir að ræða, heldur öllu frekar stórfellda skattalækkun, nema hjá einhverjum, sem hafa mjög háar tekjur, að þar verði einhver hækkun. Ég held, að það væri nú rétt að nefna þessu til stuðnings, að í fjárlögum yfirstandandi árs, 1971, er áætlaður tekjuskattur einstaklinga 961 millj. 600 þús. kr. Í fjárlagafrv., sem núv. hæstv. ríkisstj. lagði fram hér á fyrsta degi þingsins í haust, eru tekjuskattar einstaklinga áætlaðir 1 milljarður 468 millj. 120 þús. kr. og núna, eftir að margir eiga að fá lækkun skatta og nokkrir, bara fáir, nokkra hækkun skatta, þá er áætlað, að tekjuskattur einstaklinga verði 2 milljarðar 677 þús. kr. Nú held ég, að það fari ekki á milli mála, hver hækkunin er frá fjárlagafrv. á þessum eina tekjulið fjárlaga, úr 961 millj. upp í 2 677 millj., og þá held ég, að hver og einn geti spurt sjálfan sig, hvort hann eigi ekki von á því að fá töluvert til viðbótar, þegar skattseðillinn kemur út í vor, og skal ég svo hvorki þreyta hæstv. fjmrh. eða aðra frekar á þessum eina lið.

Það er staðreynd, að nú eru fram undan allmiklar hækkanir og þá alveg sérstaklega í atvinnulífinu. Og það er líka fram undan mjög alvarleg ákvörðun fyrir ríkisstj. að taka í sambandi við lækkun Bandaríkjadals. Við vitum að við Íslendingar erum með í útflutningi okkar sennilega nálægt 60%, sem við fáum greidd í Bandaríkjadölum. En við erum aftur með tiltölulega mjög mikinn innflutning, sem við greiðum í Evrópumynt og þá í þeirri mynt, sem núna hækkar í gengi, en það eru sterlingspundið, vestur-þýzka markið og japanska jenið, og við horfum auðvitað með allmiklum kvíða á hverjar þær breytingar, sem af þessu kann að leiða. Ég er ekki að ásaka hæstv. ríkisstj., þó að hún þurfi 2–3 daga til stefnu til þess að gera sér grein fyrir þessum mikla vanda, en ég hygg, að úrslit þeirrar athugunar muni sýna það, að það sé óvarlegt að koma saman og hnoða saman óskalista og birta með miklum fjálgleik yfirlýsingar eins og þá, að þessi ríkisstj. ætli alls ekki að breyta skráðu gengi krónunnar. Fyrir því var enginn varnagli eða er í þeim yfirlýsingum, sem þá voru gefnar. Þetta vitum við, að er vandamál, sem áður hefur komið á daginn og þurft hefur að leysa, og hefur þá verið sagt af þeim mörgum hverjum, sem nú sitja í ráðherrastólum, að það hafi verið algerlega ástæðulaust að gera á þann hátt, eins og þegar sterlingspundið féll í verði á sínum tíma eða árið 1967.

Mig langar líka til þess að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við söluskattinn. Þar verður að mínum dómi geigvænleg breyting frá því, sem er í gildandi fjárlögum, en söluskatturinn mun hækka samkv. till. meiri hl. fjvn. um tæpar 900 millj. kr. Hæstv. fjmrh. boðaði það, að breytt mundi verða á næsta ári um innheimtu- og álagningarfyrirkomulag á söluskatti til þess að ná meira inn af söluskatti á árinu 1972 en gert er nú. Og breytingin mun verða fólgin í því, að í staðinn fyrir að leggja söluskattinn á á tveggja mánaða fresti og framtalsfrestur er svo einn mánuður þar á eftir, en söluskattur fellur ekki í eindaga fyrr en 15 dögum síðar eða 45 dögum frá því að söluskattstímabili lýkur með því fyrirkomulagi, sem núna er, þá nást tekjur í ríkissjóð af söluskatti ekki nema til októberloka. Fyrir nóvemberlok, eins og ákvæðin eru nú, ber söluskattsframteljendum að telja fram til söluskatts, og þeir verða að hafa lokið greiðslum fyrir 15. næsta mánaðar á eftir. M. ö. o., frá því að söluskattur er innheimtur og til þess að hann fellur í eindaga eru 45 dagar. Með því að breyta þessu innheimtufyrirkomulagi á þann veg að taka upp frá 1. júlí 1972 þá skyldu á söluskattsframteljendur, að þeir telji fram til söluskatts mánaðarlega, þá þarf einnig að breyta innheimtufyrirkomulaginu, ef það á að ná nóvembertekjum af söluskatti fyrir árslok 1972, í staðinn fyrir 45 daga nú þyrfti að fara niður fyrir 30 daga, til þess að fá nóvemberskattinn inn fyrir áramót. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. fjmrh., hvernig hann hygðist breyta þessari reglugerð.

Svo kem ég að hinu atriði málsins, að í söluskattshækkuninni, sem áætluð er, er reiknað með, að 380 millj. kr. fáist með því að breyta þessu innheimtufyrirkomulagi, vegna þess að þá fæst *nóvembermánuður* með í árið 1972. Það þýðir auðvitað, að hæstv. fjmrh. tekst á þann hátt að lengja árið um einn mánuð enn, og það út af fyrir sig er töluvert afrek, eins og menn sjá. En það kemur aftur niður á árinu 1973 í staðinn, því að þá

er búið að éta upp þennan eina mánuð, sem búið er að lengja árið um í þessu tilviki. Enn fremur er ætlunin, eins og hæstv. fjmrh. gat um hér áðan, að leggja sérstakan söluskatt á Póst og síma. Og hann sagði líka, blessaður, það má hann eiga, að það væri ekki ætlunin að leggja þetta á fólkið í landinu, það yrði gert með öðrum hætti. En þá sagði hann bara „punktur". Það kom ekki meira. Og nú vil ég endilega fá nýja setningu til viðbótar við síðustu ræðu hjá hæstv. ráðh. og spyrja, hvernig þetta megi verða, að leggja 90 millj. kr. söluskatt á Póst og síma. Einu sinni kom þetta eitthvað til orða, minnir mig, hjá fyrrv. ríkisstj., og þá var málinu illa tekið af hv. stjórnarandstæðingum, sem nú sitja flestir í ráðherrastólum.

En hvernig má þetta verða? Á að leggja þetta á Póst og síma? Á þetta ekki að bætast við símgjöldin? Hvað á þá Póstur og sími að gera? Hvernig á hann að mæta þessari 90 millj. kr. aukningu útgjalda á árinu 1972? Það er spurningin. Er svarið við þeirri spurningu e. t. v. á þann veg, ef það á ekki að bæta því á viðskiptamennina, að þá eigi að draga úr framkvæmdum Pósts og síma á næsta ári? Ja, ég segi fyrir mitt leyti, að hefðum við Vestfirðingar beðið eftir sjálfvirku símkerfi, þá hefði ég orðið ókvæða við, ef fyrrv. ríkisstj. hefði ætlað að draga úr framkvæmdum, þegar hefði verið beðið í mörg ár eftir slíkum framkvæmdum. Nú spyr ég hv. þm. Austf. og hæstv. viðskmrh. sem einn skeleggasta baráttumann Austfirðinga í áratugi: Sættir hann sig við þessa lausn á málinu? Mér finnst, að Alþ. eigi að fá skýr svör við því, en ekki hálfkveðna vísu, hvernig eigi að halda áfram í þessum dúr. Mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. er farinn úr sæti sínu, en ég vil mjög eindregið mælast til þess, að þessum spurningum verði til hans komið. Ég var að spyrja hæstv. fjmrh. að þessu, af því að þegar kom að því að segja, að lagður yrði 90 millj. kr. söluskattur á Póst og síma á næsta ári og það yrði ekki lagt á viðskiptamenn Pósts og síma, a. m. k. ekki fyrst um sinn, þá kom punktur hjá fjmrh. Nú finnst mér, að hæstv. fjmrh. þurfi að bæta við nokkrum setningum til viðbótar, til þess að við fáum að skilja þetta dæmi, hann setji ekki punkt þarna og bindi ekki enda á málið, heldur segi okkur frá því, hvort það er þá ætlunin, að söluskattur verði ekki lagður á símnotendur í landinu. Er það ætlunin þá að draga úr framkvæmdum símans á árinu 1972 sem nemur 90 millj. kr., eftir að búið er við gerð fjárlaga að skera mjög mikið niður framkvæmdir Pósts og síma á árinu 1972? Eða er uppi ráðagerð, sem er þá ábyggilega grandskoðuð, áður en þessi ákvörðun er tekin, um það að draga úr kostnaði Pósts og síma með öðrum hætti? Þetta er hlutlur, sem ég og sennilega þm. almennt vilja fá svar við. Ég benti hér á, að mestu framkvæmdirnar, sem fram undan væru nú hjá Pósti og síma, væru í Austfjarðakjördæmi, sem hefði beðið lengur eftir sjálfvirkri símaþjónustu en önnur kjördæmi á landinu, og ég tel þar óréttlæti mikið framið gagnvart því kjördæmi, ef það á að skera að verulegu leyti niður þær framkvæmdir, sem hafa verið ákveðnar af þessari stóru og miklu stofnun, Pósti og síma. Enn fremur spurði ég hæstv. fjmrh. um, hvernig ætti að breyta reglugerð um innheimtu á söluskatti. Mér er ljóst, að það á að breyta reglugerðinni á þann veg frá 1. júlí 1972, að söluskattsframteljendur eiga að telja fram mánaðarlega. Hitt liggur ekki ljóst fyrir, hvernig á að breyta innheimtuaðgerðum, þannig að framtalsfrestur verði þá styttur töluvert frá því, sem nú er, en hann er ásamt greiðslufresti 45 dagar. En hvað það snertir að ná nóvembertekjunum, ná 13. mánuðinum, þar sem hæstv. fjmrh. og ríkisstj. eru nú búin með þessu að ákveða að næsta fjárlagaár verði 13 mánuðir, þá langar mig að fá upplýsingar um það, á hvern hátt þessi breyting er hugsuð.

Ég sagði hér áðan, að ég ætlaði ekki að tala mjög langt mál um þetta, og ætlaði nú að sleppa þessu alveg. En mér fannst fjmrh. vera það hressilegur í sinni ræðu hér áðan og líta eiginlega það stórum augum á þetta fjárlagafrv., að áður en ég fer héðan úr ræðustól, vil ég þó segja það, að þegar hæstv. ríkisstj. hækkaði brennivínið fyrir nokkru síðan, þá var það gert vegna þess, að innkaupsverðið hækkaði á þeirri ágætu vöru, sem seld er í þeim verzlunum, og svo líka vegna þess, að það þurfti mjög verulega að draga úr drykkjuskapnum á Íslendingum, og það er sennilega full þörf á því. En nú kom hæstv. fjmrh. og sagði, að þessar ráðstafanir til að draga úr drykkjuskap þjóðarinnar ættu að gefa ríkissjóði 240 millj. kr. í aukinn hagnað á árinu 1972. Nú langar mig enn að spyrja, af því að ég er svo seinn að skilja hlutina, hvernig þetta fari saman. Hvernig á að gera ráðstafanir til að draga úr drykkjuskap, sem eiga að gefa af sér 240 millj. kr. meiri hagnað af rekstri þessara fyrirtækja á næsta ári, samhliða því, að innkaupsverð vörunnar fer stórhækkandi erlendis? Og þetta er svar, sem mig langar mikið til að fá. Ég held, að mér líði betur á jólunum, ef ég fæ glögg svör við þessu.

Í sambandi við endanlega afgreiðslu fjárlaga verð ég nú að segja það, að það hefur oft verið galli á, hvað skýring á tekjuliðnum hefur komið seint til fjvn. Ég skal ekki á neinn hátt dylja þess, að meðan ég tilheyrði flokki, sem var í ríkisstj., var í stjórnaraðstöðu, þá setti ég mjög oft út á það, hvað þessar skýringar kæmu seint til þingsins eða fjvn. Við afgreiðslu þessara fjárlaga komu efnahagssérfræðingarnir með þessa skýrslu s. l. fimmtudag kl. korter yfir eitt, Og það byrjaði þingfundur kl. tvö, en hins vegar gerðumst við svo ósvífnir að mæta ekki á þingfundi, fyrr en efnahagssérfræðingarnir höfðu skýrt okkur frá þessum áætlunum. Ég verð nú að segja það, að oft hefur verið þörf á því að fá skýrslu og yfirlit yfir breytingar, sem verða á tekjustofnum ríkissjóðs, en ég held aldrei eins og nú við þær geigvænlegu breytingar, sem eru nú gerðar á skattkerfi, og ný útgjöld eru tekin inn. En þetta er nú gert með þessum hætti. Við sjálfstæðismenn töldum, að undir flestum kringumstæðum hefði verið rétt að fresta endanlegri afgreiðslu fjárlaga fram á þann tíma, að þing kemur saman aftur í jan., vegna margvíslegrar óvissu. Við fluttum enga till. um þetta atriði, en formaður okkar bar þessi tilmæli fram við hæstv. ríkisstj. Það bar ekki að líta á það sem neitt vantraust eða nein hnýfilyrði eða ásakanir á ríkisstj. að þessi tilmæli voru borin fram, og ég verð að segja það eins og er, að þó að orðið hefði verið við þessum tilmælum, þá hefði það gerzt, að bæði stjórn og stjórnarandstaða hefðu betur getað íhugað þessi mál. Þessi ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki setið nema fimm mánuði, og ég tel, að það hefði ekki verið henni neitt til vansæmdar, þó að hún hefði tekið þessa stefnu að fresta 3. umr. fjárlaga fram í janúar. Það er búið að afgreiða mörg mál, en ríkisstj. hefur nú

ákveðið að láta fjárlagafrv. fara í gegn fyrir jól, halda áfram þeirri venju, sem skapazt hefur um langt árabil, þrátt fyrir þær miklu breytingar, sem nú er verið að gera.

Það eina, sem ég get bætt svo að lokum við þetta, er það, að ég tel, að margt sé í mikilli óvissu við afgreiðslu þessara fjárlaga, en við það, að ríkisstj. hefur tekið þessa ákvörðun, þá auðvitað ber hún fyrst og fremst ein ábyrgðina á því, sem aflaga fer í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt., sem ég flyt á þskj. 274. Ég flutti hér við 2. umr. tvær brtt., annars vegar hækkaða fjárveitingu til Æskulýðsráðs ríkisins, úr 700 þús. kr. í 3.8 millj., og hins vegar til Umferðarráðs úr 2 millj. í 5.8 millj. Ég tók þessar till. mínar til baka til 3. umr. og gerði mér vonir um það, að fjvn. gæti athugað þessar till. og veitt þeim eitthvert lið, og nú hefur komið í ljós í till. fjvn., að fjárveiting til Umferðarráðs hefur hækkað um 1 millj., þannig að fjárveitingin nemur nú samtals 3 millj. til Umferðarráðs í stað tveggja áður. Mikið skortir að vísu enn á, að þar með sé fullnægt þeim kröfum eða þörfum, sem Umferðarráð gerir samkv. áætlunum, sem ráðið hefur lagt fram, en ég tel þó, að þessi viðleitni fjvn. til þess að mæta þessum óskum og um leið þeirri till., sem ég bar hér fram við 2. umr., ég tel hana þess efnis, að rétt sé að virða þessa viðleitni og hef ég því ekki lagt fram að nýju till. til hækkunar á þessum lið. Ég vil þó undirstrika, að það er mín skoðun, að það sé langt í frá, að þarna sé veitt svo mikið fé til þessara mála sem nauðsyn krefur, og útskýrði ég það reyndar í máli mínu hér við 2. umr. og tel ekki ástæðu til þess að orðlengja það frekar, en lagði þá áherzlu á, hversu alvarlegt vandamál væri í þjóðfélagi okkar þau miklu umferðarslys, sem nú færu ört vaxandi ár frá ári. Umferðarráð hefur gert um það áætlanir að leggja aukna áherzlu á auglýsingar og áróður á þessum vettvangi, sérstaklega hvað snertir börn og unglinga, og er held ég öllum ljóst, að ekki er vanþörf á, og til þess þarf Umferðarráð að sjálfsögðu fé og samkv. áætlunum var gert ráð fyrir a. m. k. 5.8 millj., sem þó var mjög skorið við nögl að þeirra mati, en nú eru lagðar fram till. um, að þessar upphæðir til Umferðarráðs á þessu ári verði 3 millj., og eins og sjá má vantar þar nærri því helming upp á, að þörfinni sé mætt. En ég tel þó sem sagt, að viðleitni fjvn. sé þess virði, að hún sé virt, og því hef ég ekki lagt fram að nýju till. mína frá 2. umr.

Þá er það till. varðandi hækkun til Æskulýðsráðs ríkisins. Þar endurflyt ég till. frá 2. umr., sem gerir ráð fyrir 3.8 millj. til þessa nýstofnaða ráðs. Og þetta flyt ég einfaldlega vegna þess, að ég trúi því ekki, ég neita að trúa því, að Alþ. sé sjálfu sér svo ósamkvæmt, að það samþykki lög um ákveðna stofnun og ákveðna starfsemi á einu þingi, en veiti ekki fé til þessarar stofnunar, þessarar starfsemi, á næsta þingi. En það er raunverulega það, sem er að gerast núna. Nú í fyrsta skipti reynir á fjárveitingar til Æskulýðsráðs ríkisins samkv. þeirri löggjöf, sem hér var samþ. á síðasta kjörtímabili, og nýskipað Æskulýðsráð með æskulýðsfulltrúa í broddi fylkingar hefur lagt fram áætlanir, þar sem gert er ráð fyrir því, að nauðsynlegt sé, að Alþ. veiti a. m. k. 3.8 millj. til þessarar starfsemi, sem Æskulýðsráð hyggst beita sér fyrir á næsta ári. En samkv. frv. til fjárlaga og till. fjvn., þá er gert ráð fyrir 700 þús. kr. til þessarar starfsemi. Og þá er þess að geta, að þar var hækkuð fjárveitingin frá 1. umr. um 600 þús. kr. Í upphafi var eingöngu reiknað með 100 þús. kr. Þetta nær að mínu viti ekki nokkurri átt að ætlast til þess, að Æskulýðsráð starfi innan þeirrar löggjafar, sem Alþ. hefur samþ., fyrir ekki meira fé, og ég get ekki séð, hvernig þessi starfsemi, sem allir voru á sínum tíma sammála um, að ætti mjög rétt á sér, hvernig hún raunverulega getur farið fram. Hér er sífellt verið að tala í sölum Alþ. um nauðsyn á heppilegri og eðlilegri æskulýðsstarfsemi og stuðningi okkar til hennar, og mér finnst, að við ættum að vera sjálfum okkur samkvæmir og mæta þeim lágmarkskröfum, sem Æskulýðsráð gerir núna í upphafi síns starfstímabils. Bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar á sínum tíma voru sammála um, að hér væri um mjög merka löggjöf að ræða, sem markaði reyndar tímamót, en á það var lögð áherzla í þeim umr., að löggjöfin væri aðeins fyrsta skrefið, það, sem skipti kannske mestu máli, og það, sem gerði það að verkum, að þessi starfsemi gæti farið fram, væri, að fjárveitingarnar væru það rausnarlegar og það ríflegar, að þessi starfsemi gæti þróazt með eðlilegum hætti. Þess vegna endurflyt ég nú þessa till. um hækkun til Æskulýðsráðs, sem er í samræmi við áætlun frá þessu ráði og heiti nú á þm., bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, að styðja þessa sjálfsögðu till.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fjvn. flytur till. um það, að 11 listamenn, sem þar eru taldir í hennar tillögum, skuli njóta heiðurslauna, 175 þús. kr. hver. Er það sundurliðun á þeirri fjárveitingu, 1 millj. 925 þús., sem í fjárlagafrv. er. Ásamt hv. 8. landsk. þm. flyt ég till. um að auka við tölu þessara 11 listamanna einum listamanni, Kristmanni Guðmundssyni rithöfundi. Kristmann Guðmundsson fór ungur út í heim að hætti herskárra forfeðra okkar til að leita sér fjár og frama. Hann lagði leið sína til Noregs, nam á skammri stund til fullnustu norska tungu og hóf að rita skáldsögur á því máli. Hann gaf fyrst út skáldsöguna Brúðarkjólinn, síðan rak hver aðra. Næst kom Ármann og Vildís, næsta ár kom Morgunn lífsins, og var svo komið, þegar þessar sögur höfðu allar birzt, að hann hafði hlotið frægð ekki aðeins um Norðurlönd, heldur víðar. Um það leyti, sem Kristmann náði þrítugsaldri, höfðu skáldsögur hans verið þýddar á um 30 tungumál. Ég býst við, að aðrir Íslendingar hafi ekki komizt svo langt, a. m. k. á þeim aldri og tæplega síðar.

Kristmann Guðmundsson hefur síðan verið mikilvirkur rithöfundur, ritað fjölda skáldsagna, sögulegra skáldsagna, sjálfsævisögu. Hann stendur nú á sjötugu. Ég tel orðið tímabært, að Alþ. Íslendinga sýni þessu mikilvirka og víðfræga skáldi þá sæmd, sem felst í því að taka hann í tölu heiðurslaunamanna samkv. fjárlögum.

Þeir 11 listamenn, sem eru í till. fjvn. og sem notið hafa þeirra launa undanfarin 2 ár, að ég ætla, eru sjötugir eða eldri, allir að einum undanskildum, Nóbelsskáldinu, sem nær þeim aldri á vori komanda. Aldur Kristmanns ætti því ekki að verða hér til fyrirstöðu. Ég treysti því, að þingheimur taki till. þessari með skilningi

og veiti þessu kunna og ágæta skáldi þá viðurkenningu, sem till. fer fram á.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram tvær brtt., sem er að finna á þskj. 267. Fyrri till., sem er undir lið III, er við 4. gr. frv. um það, að undir Landnám ríkisins komi nýr liður: Framlög samkv. 76. gr. 20 millj. kr. Mér er það ljóst, að hér eru sumir, sem ekki hafa kunnugleika á þessu máli, sem ég drep hér á, og þá er það ekki nema eðlilegt, að þetta sé að nokkru skýrt, í hverju þetta framlag er fólgið. En um leið og ég geri það, hlýt ég að rekja lítillega aðdraganda þess, að þessi till. mín er fram komin.

Á síðasta þingi voru lög um Landnám ríkisins endurskoðuð af mþn. Í þeirri mþn. áttu sæti Pálmi Jónsson alþm., Árni Jónsson landnámsstjóri, Bragi Sigurjónsson alþm., Vilhjálmur Hjálmarsson alþm. og Jónas Jónsson ráðunautur. Þessi nefnd starfaði milli þinga og fram á s. l. vetur, nokkuð fram yfir áramót, en skilaði þá sameiginlegu nál. og drögum að frv., sem varð síðan að lögum í marzmánuði 1971. Það var sameiginlegt álit þessara manna, að Landnám ríkisins bæri að efla og veita því aukin fjárráð til þess að stuðla að verulegri ræktun og uppbyggingu um sveitir landsins. Reglur Landnámsins um þessar greiðslur á framlögum hafa jafnan verið þær, að framlögin hafa verið greidd á sama ári og framkvæmdin hefur verið gerð. Þess vegna var það sett í lögin, þegar þau voru samþ. á s. l. vori, hver framlögin á árinu 1972 skyldu vera. Hins vegar var það öllum ljóst, að fjárveitingar, sem ákveðnar voru í fjárlögum fyrir árið 1971 og miðaðar voru við eldri lög, yrðu of lágar til þess að mæta þörfum ársins 1971. Og fyrir því var sett þessi 76. gr. laganna, sem var ákvæði til bráðabirgða og er svo hljóðandil með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkv. lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971."

Þessi till. mín miðar að því, að landnámsstjórn verði gert kleift að verða við þessu, sem henni er heimilað að gera í lögunum, sem sett voru á s. l. ári.

Ég hef fengið í hendur áætlun frá landnámsstjórn um það, hversu miklu þessi fjárhæð næmi, sem líklegt væri, að þyrfti að greiða vegna þessara framkvæmda, og niðurstaðan af þeirri athugun er sú, sem ég hef lýst hér fyrir ykkur, að framlögin gætu numið um 20 millj. kr. Mér þykir ástæða til að leiða það hér sérstaklega fram, að meginhluti eða stærsti hlutinn í þessari áætlun er talinn stafa af grænfóðurræktun, sem gerð er á árinu í ár og sem fyrst og fremst hefur miðað að því að bæta upp gömul sár í landinu eða kölin frá undanförnum árum, til þess að einhver not yrðu af því landi strax á þessu ári. Sá hlutur eða sú upphæð, sem til þeirra hluta þarf, er 12 millj. kr.

Nú geri ég ráð fyrir því, að margur spyrji, hvaða þörf sé á þessum framlögum í ræktuninni, hvort bústofninn í landinu geti ekki orðið nægilega stór, þrátt fyrir það að ekki sé haldið áfram á þessari leið. En ég vil í því sambandi minna á það, að ræktun landsins er kannske einn veigamesti þátturinn í því uppbyggingarstarfi, í því landgræðslustarfi, sem við þurfum að vinna og öll viljum vinna. Og mér hefur verið það sérstök ánægja undanfarna sunnudaga að lesa greinaflokka, sem birzt hafa í dagblaðinu Tímanum um landgræðslumál. Og í gær birtist í Tímanum grein, þar sem rætt var við Jónas Jónsson ráðunaut, einn þeirra manna, sem var í endurskoðunarnefndinni um Landnám ríkisins og nú er aðstoðarmaður landbrh. Hann dregur þar fram æðimarga þætti, sem munu stuðla að því, að landgræðslan gæti orðið sem áhrifaríkust í landinu. En mér skilst á því, sem hann lætur hafa eftir sér hér í þessu blaði, þá sýnist honum, að það hafi mesta þýðinguna að auka ræktunina í byggðum til þess að auka beitarþol landsins, það verði notadrýgst og árangursríkast í þessari baráttu. Og hann segir svo: „að skipulegri nýtingu gróðurlands og nægri ræktun beitilands, þannig að land verði hvergi ofsetið." Þetta telur hann eitt af frumskilyrðunum. „Ætlunin er, að þessu áformi [að auka beitarþol landsins] stjórnarinnar, [þar er hann að tala um málefnasamning ríkisstj.] fylgi allsherjar átak þjóðarinnar ... Höfuðátakið hlýtur að verða á sviði gróðurverndar og uppgræðslu."

Hann kemur í þessu spjalli sínu inn á sjónvarpsþátt, sem var um daginn og hann var m. a. þátttakandi í og einnig Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur. Um það segir hann:

„Þarna komum við inn á búskaparhætti í sjónvarpsþætti um þessi mál fyrir skömmu. Þar lagði Sveinn Hallgrímsson áherzlu á, að við ættum að hverfa í vaxandi mæli frá hjarðbúskap með sauðfé og fara út í ræktunarbúskap." Og enn segir hann: „Ég vil leggja mikla áherzlu á ræktun og beit á ræktað land, sérstaklega haustbeit, og grænfóðurrækt til beitar, sem gefið hefur góða raun."

En því minni ég á þessi orð þessa manns, sem bæði er sérmenntaður á þessu sviði, vann að endurskoðuninni á þeim lögum, sem um þessi mál fjalla, því minni ég á þessi orð hans, að ég tel eðlilegt, að menn trúi þeim betur heldur en mínum, sem hef ekki fagþekkingu á þessum málum. Og ég vil enda mál mitt um þetta efni með því að taka undir það, sem Jónas Jónsson segir hér í greininni. Hann segir:

„Það nægir ekki til árangurs, að menn samþykki þessi áform í orði, heldur verða þeir að leggja meira af mörkum."

Og það er það, sem ég ætlast til með því að flytja þessa till. mína hér á hv. Alþ., að við leggjum það af mörkum í verki með samþykkt till., þessar 20 millj., til þess að kippa gróðurverndinni dálítið lengra áfram.

Till. mín önnur eða tölul. 2 varðar fjármagn til hafnarannsókna og mælinga. Ég legg til, að fyrir 2 millj. 42 þús. komi 4 millj. 42 þús. kr. og við liðinn bætist: Þar af 3 millj. kr. vegna rannsókna á hafnarstæði við Dyrhólaey. Það er svo skammt um liðið síðan flutt var hér í Sþ. till. til þál. um rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey, og á þann veg fylgt úr hlaði, að ég tel þess naumast þörf að rifja þetta verulega upp. Þó þykir mér rétt að undirstrika það, sem þar kom fram, að undanfarin tvö ár hafa verið lagðir til þess nokkrir fjármunir að gera athugun á skilyrðum til hafnargerðar við Dyrhólaey. Það hefur komið í ljós, að þessi athugun og þessar rannsóknir eru miklu kostnaðarmeiri heldur en við gátum látið okkur detta í hug, þegar á þessu var byrjað. Eigi að síður eru margir þeirrar skoðunar, að þarna sé um stórt mál að ræða, sem geti leitt til þess árangurs, að við megum ekki hika við að rannsaka það

til hlítar, hvað það kostar eða hvort það er mögulegt að koma á hafnarmannvirkjum þarna á þessum stað.

Það hefur komið fram, að við fjárlagagerðina að þessu sinni hefur ekki verið fyllilega staðið við þær óskir, sem vita- og hafnamálaskrifstofan hefur sett fram um framlög til hafnarannsókna og mælinga. Og þegar það hefur enn fremur upplýstst, eftir að vita- og hafnamálaskrifstofan hefur sett fram sínar óskir, að rannsóknir við Dyrhólaey eru miklu fjárfrekari en búizt var við, þá hef ég ákveðið að gera tilraun til þess að fá þetta fé aukið að nokkru, svo að þarna verði náð einhverjum áfanga. Ýmsir verkfræðingar telja, að þessar rannsóknir kosti fleiri millj. kr. Þeir hafa verið að tala um 5 millj., aðrir 8 millj. Um það ætla ég ekki að fella neinn dóm, en mér sýnist á þessu, að málið sé það stórt, að nauðsynlega þurfi að fá meira fjármagn til þess að þessu sinni heldur en hægt er að fá með þeirri fjármálatillögu, sem í fjárlagafrv. er. Þess vegna hef ég lagt það til, að þessi fjárlagapóstur verði hækkaður um 2 millj. kr., verði samtals 4 millj. 42 þús. kr. og að af þeirri upphæð megi 3 millj. ganga til rannsókna á hafnarstæðinu við Dyrhólaey. Ég vil mælast til þess við hv. Alþ., að það fallist á þessar till. minar báðar og samþykki þær.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það var rétt hjá hæstv. fjmrh. í ræðu hans síðdegis í dag, að ég lét þess getið við hann að fyrra bragði fyrir helgina, að ég og minir flokksmenn hér á Alþ. mundum ekki efna til neinna áframhaldandi deilna um fjárlagafrv. almennt við 3. umr., í því skyni að auðvelda þinginu að ljúka störfum sínum á ráðgerðum tíma. Við þetta tel ég mig hafa staðið og ætla að sjálfsögðu að standa við það. Í orðum mínum við hæstv. ráðh. gat ég hins vegar ekki fallizt á það og féllst heldur ekki á það, að við mundum ekki flytja till. við 3. umr. málsins, eins og mjög algengt er. Slíkar till. hafa þegar komið fram frá fjölmörgum þm., einnig frá Alþfl.-mönnum. Við fluttum till., sem ég mælti fyrir í dag í örstuttri ræðu, 6–7 mínútna ræðu. Mér er ljóst, að sú till. er mikilvæg, og ég vona, að efni ræðunnar geti einnig talizt mikilvægt, en í því skyni að standa við orð mín við hæstv. ráðh. hafði ég ræðuna eins stutta og mögulegt var, tel mig hafa sagt það, sem þurfi að segja um málið, og ekki þörf á að taka frekari þátt í umr. um fjárlagafrv. við þessa 3. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki talað mjög oft hér í þinginu, en það hittist venjulega svo á, að ég byrja kl. hálf níu, og ef ég þarf að tala við fjmrh., þá er hann ekki mættur, en ég ætla nú ekki að tefja fundinn neitt. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir því að ...) Nei, það er allt í lagi. Ég kem þessum orðum til hans, sem ég þarf að segja.

Það hefur komið fram hér í umr. um fjárlagafrv., að óverjandi hafi verið að leggja það fram, þegar gert er ráð fyrir, að tekna verði aflað með sköttum, sem ekki hefur enn verið sett löggjöf um. Nú er komið að afgreiðslu fjárlagafrv., skattalög af augljósum ástæðum enn óafgreidd og það, sem verra er, sýnt hefur verið fram á, að svo mjög hefur verið flaustrað af gerð tekjuöflunarfrv., sem 1. umr. er nú lokið um, að mér þykir í meira lagi vafasamt, að jafnvel stjórnarsinnar treysti sér til að samþykkja þau óbreytt. Það verður því að gera ráð fyrir, að tekjuöflunarleiðum verði að breyta frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Annars ætla ég mér ekki að lengja hér umr. Ég stend upp að gefnu tilefni og þarf að fara nokkrum orðum um ræðu hæstv. fjmrh.

Hann nefndi hér heildartölur um það, hver álögð gjöld yrðu samkv. nýju kerfi og því gamla. Þessar tölur hef ég nú ekki vefengt, en þær hafa heldur ekki verið neitt sérstaklega sannaðar fyrir mér né öðrum. Hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega, að tölur þessar væru byggðar á eldri lögum, en ekki á skattalögunum frá í vor. Það þýðir, að skattar félaga verða hærri en orðið hefði samkv. lagabreytingunni frá s. l. vori. Þetta er alveg óumdeilanlegt. Áætlaðir skattar félaga hafa verið hækkaðir og það stórlega, jafnvel miðað við eldri lög. Það, sem við höfum hins vegar deilt um, er breyting á skattbyrði einstaklinga, og ég skal koma að því nokkru nánar síðar.

Hæstv. ráðh. kom hér nokkuð inn á viðskipti sveitarfélaganna og ríkisins. Hann upplýsti, sem raunar var vitað, að 1 296 millj. eru taldar vera sú upphæð, sem sveitarfélögin losna við að greiða og ríkissjóður mun taka að sér. Þessi tala er sjálfsagt rétt, við skulum a. m. k. segja það. Ég hef hins vegar látið í ljós efa um, að sveitarfélögin fái þær tekjur, sem þau þurfa með hinu nýja frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og sá efi er tilkominn vegna útreikninga nokkurra sveitarfélaga, útreikninga, sem sýna það ótvírætt, að þau ná ekki nauðsynlegum tekjum. Okkur er hins vegar sagt, að útkoma dæmisins frá tekjustofnanefndinni sé allt önnur. En það er eins og fyrri daginn, við fáum ekki að sjá útreikninga. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að við sjálfstæðismenn, eða hann hefur kannske átt við okkur, sem höfum verið talsmenn sveitarfélaganna, við vildum, að tekjur sveitarfélaganna hækkuðu og þar með vildum við hækkaða skatta. Þetta er ekki rétt. Við viljum hins vegar, að skiptingin á milli ríkisins og sveitarfélaganna, skipting teknanna, sem hjá borgurunum fást, verði réttlát. Mitt sveitarfélag, Garðahreppur, var hér sérstaklega nefnt sem dæmi um sveitarfélag, sem vel á að fara út úr þessari breytingu. Þessu ber ekki saman við þá útreikninga, sem ég hef látið gera, og ég hef skýrt frá því í blaðaviðtali, að sveitarsjóð vanti 13 millj., það eru reyndar 13.8 millj., til þess að náist sú upphæð, sem lögð var á nú 1971. Þetta er í sjálfu sér ósköp einfaldur reikningur og það ætti ekki að þurfa að deila um þetta. En ég er mjög forvitinn að sjá útreikninga nefndarinnar. Það er felldur niður löggæzlukostnaður, lífeyristryggingar, hálft sjúkrasamlagsgjaldið og hálft aðstöðugjaldið. Eignaútsvörin eru felld niður. Fasteignaskattur hækkar í þessu sveitarfélagi úr 900 þús. kr. í liðlega 5.3 millj. En ef við miðum við tekjur borgaranna árið 1971, þ. e. tekjur 1970, + 23%, sem okkur leyfist væntanlega að nota sem viðmiðun, þá fáum við ekki nema 20 millj. rúmar í útsvörum. Og þegar þetta er lagt saman, vantar 13.8 millj. Þetta er okkar útkoma. Ég geri mér ljóst, að upphæðin, sem reiknað er með í fasteignasköttum, er sjálfsagt ekki raunhæf. Það hefur verið nefnt við mig, að það vanti margar fasteignir inn í fasteignamat í þessu sveitarfélagi og auk þess megum við búast við því, að fasteignamatið, frá því að það var lagt fram um áramót 1969–1970, verði verulega hækkað og þess vegna munum við fá meiri tekjur af fast-

eignaskatti. Varðandi fasteignaskattinn er það alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að ég hef verið hlynntur hækkun hans og sú skoðun mín hefur ekkert breytzt. Ég tel, að ½% fasteignaskattur á fasteignamat sé mjög hóflegt á íbúðir. En ég er hins vegar mjög forvitinn að heyra skoðanir sumra stuðningsmanna stjórnarinnar á hækkun fasteignaskatta. Ég minnist sérstaklega orðaskipta, sem ég hef átt við a. m. k. tvo framsóknarmenn, þá hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, – við deildum um þessi mál á framboðsfundum á s. l. vori, – og hv. 1. þm. Vestf., Steingrím Hermannsson. Báðir hafa þessir menn átalið mig mjög fyrir mínar skoðanir í sambandi við fasteignaskatta. En það kann að vera, að þeir hafi enga skoðun á þessu máli núna.

Þá kem ég að sköttum einstaklinga. Hæstv. ráðh. sagði hér í dag, að við sjálfstæðismenn værum að reyna að búa til dæmi. Við höfum ekki búið til nein dæmi. Við höfum einmitt notað dæmi hæstv. ráðh., en við fáum aðra útkomu, vegna þess að við göngum út frá öðrum forsendum, og að því er ég fullyrði, raunhæfari forsendum. Annars vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta plagg, sem dreift var á borð okkar þm. í dag. Mér finnst að vísu, að það segi ekki mikið. Það vantar enn þá ýmsar forsendur. Það er sagt hér í þessu plaggi, að hlutfallið í sambandi við bráttótekjur sé 15% fyrir einstaklinga og 25% fyrir hjón, til þess að finna nettótekjurnar. Það er upplýst um persónufrádráttinn, þetta vitum við allt saman. Hins vegar fáum við nokkrar frekari skýringar í frétt, sem birtist í dagblöðunum, fréttatilkynningu frá fjmrn., og þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í núgildandi kerfi er miðað við álagningu samkv. gildandi lögum, 6.5% hækkun skattþrepa og persónufrádrátta í samræmi við áætlun fjárlagafrv. um hækkun skattvísitölu. Enn fremur er miðað við persónuskatta eins og ætla má, að þeir hefðu orðið á árinu 1972 við núgildandi kerfi. Útsvarsfrádráttur er fundinn með reikningi aftur í tímann. Ekki er gert ráð fyrir útsvarsafslætti."

Þetta er um gamla kerfið. Í nýju skattkerfi er gert ráð fyrir tekjusköttum til ríkis og sveitarfélaga samkv. frv. þeim, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. Hæstv. ráðh. kvartaði undan því hér í dag, að ráðuneytisstjórann í fjmrn., sem mér skilst, að vinni að útreikningi á þessum dæmum, hafi skort upplýsingar um þær forsendur, sem ég gekk út frá í mínum útreikningum. Þær forsendur hafa þó komið fram skýrar heldur en forsendur hæstv. ráðh. En ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér í umr. á fimmtudagskvöldið, en ég skal þó aðeins víkja að þessu nánar.

Ég hef ekki vefengt niðurstöður þeirra útreikninga, sem tölva Reiknistofnunar háskólans hefur gert. En ég legg áherzlu á það, að tölvan skilar aðeins þeim útreikningum eftir upplýsingum, sem henni eru látnar í té. Og það eru þessar upplýsingar, sem ég hef ástæðu til að ætla, að séu rangar. Það er grundvallarmunur á reikningsaðferðum og það, sem kannske er merkilegra, það eru margar skekkjur í útskrift tölvunnar. Og þessar skekkjur hljóta að stafa af röngum upplýsingum, sem henni eru gefnar. Ég skal víkja aðeins að því á eftir.

Útreikningar ráðh. sýna ekki breytingu á skattbyrði einstaklinga milli áranna 1971 og 1972. Þeim er ætlað að sýna mismun á sköttum samkv. nýja kerfinu annars vegar og gamla kerfinu hins vegar, ef núv. ríkisstj. hefði notað það kerfi við skattlagningu 1972. En þá hefur ríkisstj. þegar gert ráð fyrir 40–50% hækkun skatta á einstaklinga, ef hún hefði notað gamla kerfið. Þessi grundvöllur er síðan notaður til samanburðar við nýja kerfið, og það er því ekkert að undra, þótt hann sýni ekki verulegar skattahækkanir. Í mínum útreikningum er reiknuð út breyting á skattbyrði milli áranna 1971 og 1972 eftir þeim reglum, sem giltu í Reykjavík við álagningu 1971 annars vegar og hið fyrirhugaða kerfi hins vegar. Þegar meta á breytingu á skattbyrði við fyrirhugaða skattalagabreytingu, þá verður að taka alla skatta inn í dæmið, sem fyrirhugað er að breyta. Það er ekki nægilegt að reikna með þeim sköttum, sem lækka. Það verður líka að reikna með sköttunum, sem hækka. Fyrirhuguð stórhækkun fasteignaskatta er alls ekki tekin með í dæmi hæstv. ráðh. Hann lætur alveg hjá líða að reikna með þeim hækkunum í sínum samanburði. Ég veit ekki, hvort þetta er gert vísvitandi eða um sé að ræða mistök. Aftur á móti er tekinn inn í samanburðinn í gamla kerfið stórhækkun persónuskatta. Þeir eru hækkaðir upp í 22 þús. kr., en fasteignasköttum sleppt. Það hlýtur hver maður að sjá, að þetta er óraunhæfur samanburður.

Það birtust í Tímanum fyrir skömmu nokkur dæmi um útreikning á sköttum miðað við ákveðnar nettótekjur og fjölskyldustærðir, og þessi dæmi eru höfð eftir hæstv. ráðh. Einnig hefur verið dreift þessum tölvuútreikningum bæði hér til hv. þm. og til fjölmiðla, og þeir útreikningar eru gerðir af Reiknistofnun háskólans. Þarna er að finna mikinn fjölda dæma um skatta mismunandi fjölskyldustærða, en af þeim dæmum, sem áður voru nefnd og birtust í Tímanum, er aðeins hægt að finna tvö sambærileg dæmi í tölvu Reiknistofnunarinnar að því er varðar tekjur og fjölskyldustærð. Í hvorugu dæmanna ber Tímanum saman við tölvutöflurnar. Þetta ber ekki vott um nákvæm vinnubrögð, svo að ekki sé meira sagt. Hér er að vísu ekki um neinn stórmun að ræða, en hann er þó nokkur þús. kr. Af þessu, sem ég hef hérna rakið, sýnist mér ljóst, að það sé full ástæða fyrir ríkisstj. að láta yfirfara þessa útreikninga, áður en hún birtir fleiri útreikninga, sem stangast á hver við annan og eru auk þess rangir í veigamiklum atriðum. Annars held ég, að það þýði ekkert að vera að deila um þetta hér. Ég hafði vænzt þess, að hæstv. ráðh. yrði við þeim tilmælum mínum, sem ég beindi til hans s. l. laugardag um að láta þann aðila, sem annast skattlagningu í landinu, yfirfara dæmi okkar og hann láti í ljós álit sitt. Ég átti hér við ríkisskattstjóra og nefndi ríkisskattanefnd, og ég harma það, að þetta skuli ekki hafa verið gert. Ég trúi ekki öðru en það hafi verið hægt. Ég vil leyfa mér hér að ítreka þessa ósk mína og þar með, að athuganir ríkisskattstjóra, ef gerðar verða, verði birtar opinberlega. Það er ekkert eðlilegra en leitað sé álits ríkisskattanefndar á því, hver sé hinn eðlilegi samanburðargrundvöllur. Þetta er sá aðili, sem tvímælalaust situr uppi með mestu þekkinguna á skattamálum og mesta reynsluna hefur. Og satt að segja skil ég ekki, hvers vegna þetta hefur ekki þegar verið gert og það áður en skattafrv. var lagt fram og slíkir útreikningar hefðu verið látnir fylgja því.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árnason): Herra forseti.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, hverjar væru ástæður fyrir hækkunum hinna einstöku liða í fjárlagafrv. að þessu sinni. Í upphafi máls síns sagði hæstv. ráðh., að 910 millj. væru vegna launahækkana, þar af 430 millj. vegna samninga við opinbera starfsmenn, sem áttu sér stað í des. s. l. Ég hef áður bent á, að tekjuafgangi fjárlaga yfirstandandi árs, 270 millj. kr., var fyrst og fremst ætlað að mæta þessum útgjaldalið, og sé tekið tillit til þess, stendur eftir aðeins 160 millj. kr. mismunur, en alls ekki öll upphæðin, eins og hæstv. ráðh. hefur þó enn tekið hér fram.

Um aðra gjaldaliði frv., sem ráðh. minntist á, vil ég aðeins segja það, að þegar um það er að ræða að meta í heild öll útgjöld fjárlagafrv., þá verður varla með sanngirni ætlazt til þess, að einstakir þm. leggi sig fram um að gera uppskurð á fjárlagafrv., þar sem þeir hafa ekki haft aðstöðu til þess að ráða nokkru um stefnumörkun fjárlaga. Þá má vísa til þess í þessu sambandi t. d., að til fjvn. kom forstöðumaður ríkisspítalanna, þeir voru með ákveðna beiðni við n. um það, að þeir fengju að fjölga starfsmönnum við ríkisspítalana, sem þeir töldu brýna nauðsyn á. Okkur var það nm. öllum ljóst, að þarna var um mikið vandamál að ræða, og ríkisspítölunum var mikil nauðsyn á því að fá aukið starfslið. En við vorum sammála um það, að við sáum okkur samt ekki fært að verða við beiðninni eins og hún lá fyrir. Hvað gerðum við þá? Við ákváðum ákveðna upphæð, sem við skyldum tilkynna viðkomandi nefnd, að við mundum vilja samþykkja að mæla með, að þeir mættu fá til ráðstöfunar, en síðan óskuðum við eftir því, að þeir deildu þessu niður, tækju þau störfin, sem þeir töldu nauðsynlegust og notuðu fjárupphæðina til þess. Ef þannig hefði verið ástatt með fjárlögin, þegar þau eru komin út í slíkt óefni, eins og hér á sér stað, þá hefði málið horft allt öðru vísi við, ef við þm. hefðum fengið einhverjar slíkar upphæðir til þess að ráðstafa, eins og þarna átti sér stað með forstöðunefnd ríkisspítalanna, sem við afgreiddum á þennan hátt.

Það má segja, að ástandið sé þannig í efnahagsmálum þjóðarinnar, þegar verið er að afgreiða þessi háu fjárlög, að það væri eðlilegast, að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. gerðu það upp við sig, ekki einungis það, hvað er nauðsynlegt að samþykkja og hvað væri æskilegt að samþykkja í sambandi við útgjöld fjárlaga, heldur hvað mega fjárlögin nema hárri upphæð til þess að allt efnahagslíf þjóðarinnar fari ekki úr skorðum. En þegar um það er rætt af hæstv. fjmrh., hvað hv. þm. vilji fella niður af þeim útgjöldum, sem í frv. eru, eða þeim till., sem fjvn. hefur flutt, þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Voru það fullyrðingar út í hött, sem hann og aðrir fyrrv. stjórnarandstæðingar í fjvn. héldu fram á síðasta ári í sambandi við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971? Þeir sögðu þá, að það fjárlagafrv., sem var meira en 5 milljörðum kr. lægra en það, sem hér er lagt fram, væri allt undirlagt af óðaverðbólgu eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi. Hvað hefur átt sér stað í efnahagslífi okkar Íslendinga, hvaða breytingar er þar um að ræða, að það sé réttlætanlegt af þeim sömu mönnum, sem höfðu þessi orð í sambandi við fjárlagaafgreiðslu fyrir einu ári síðan, að koma nú með fjárlagafrv., sem er um 46% hærra heldur en þetta, sem fékk þessa sjúkdómslýsingu fyrir aðeins einu ári síðan? Hvað er það, sem hefur gerzt? Til áramóta hefur verðstöðvunin haldið áfram. Inni í fjárlagafrv. eru háar fjárveitingar enn til niðurgreiðslu á vöruverði til þess að halda verðbólgunni í skefjum að þeirra dómi. Og þeir gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að ná kaupgjaldsvísitölunni niður með því t. d. að fella niður þessa svo kölluðu nefskatta, sem eru sjúkrasamlagsgjaldið og þeir liðir aðrir, sem nema að mig minnir um 500–600 millj. kr. Því vil ég spyrja þessa hv. þm., ef það var meining þeirra fyrir ári síðan, að það væri réttlátt mat á afgreiðslu fjárlaga, sem voru þetta miklu lægri fyrir aðeins einu ári síðan: Hvað er það, sem hefur raskazt svo mikið í okkar efnahagslífi að þeirra dómi, að það geti réttlætt, að þetta frv. með rúmlega 5 þús. milljóna hærri útgjalda- og tekjuliðum sé þá ekki undirlagt af þessum sama sjúkdómi og þeir fordæmdu mest fyrir einu ári síðan? Ég vil spyrja hæstv. ráðh. og aðra fyrrv. stjórnarandstæðinga: Í hverju eru læknisaðgerðir þeirra fólgnar í sambandi við fjárlagagerðina, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu?

Við 2. umr. fjárlagafrv. harmaði hæstv. fjmrh., að hann hefði ekki eins góða aðstöðu og fyrrv. fjmrh. hvað varðaði það, að hann hefði raunverulega haft 13 innheimtumánuði, og þess vegna hefði það fyrst og fremst verið því að þakka, hve hagstæð afkoma ríkissjóðs á yfirstandandi ári væri. Um þetta er nú búið að ræða hér áður í kvöld, og það er auðséð af því, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. tók fram um fyrirhugaða innheimtu söluskatts, að þegar hún kemur til framkvæmda á næsta ári, þá er ætlað að flýta enn innheimtu söluskattsins, þannig að það verði aðeins um eins mánaðar tímabil að ræða, hann verði innheimtur, þegar kemur fram á næsta ár, mánaðarlega. Með þessu móti hefur hæstv. ráðh. tryggt sér þetta 13 mánaða fjárlagatímabil. En reyndar var það nú svo, að fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar sagði, þegar við ræddum um þetta við hann, að þetta eiginlega jafngildi því, að það væri 13½ mánuður, svo að hann væri alveg búinn að slá þarna út fyrrv. fjmrh. með sína 13 mánuði. En svo segja menn: Ja, hvað tekur við, því að nú er verið að eyða þessu? Hvað tekur við á næsta tímabili? Það er ákaflega skiljanlegt, hvað tekur við þá. Þá verður farið að innheimta söluskattinn og kannske aðra skatta vikulega og mánaðarlega. Þannig er hægt að gera kannske árið að 14 eða 15 mánuðum. E. t. v. er stefnt að því. (Gripið fram í.) Hv. þm. Björn Pálsson segir, að það verði svo næst, að það verði farið að innheimta skatta fyrir fram til næsta árs til þess að halda þá stöðunni eða ná enn þá betri og hagstæðari stöðu í sambandi við innheimtu ríkistekna.

Eins og hér hefur komið fram í þessum umr., hefur hæstv. fjmrh. haldið því fram, að sá munur sé á þessu fjárlagafrv., sem nú sé lagt fyrir, og fyrri fjárlagafrv., að þetta fjárlagafrv. sé raunhæft og það sé gert ráð fyrir öllu, sem til greina geti komið í sambandi við útgjöldin. Ég er nú alveg undrandi á því, að nokkur hv. þm. og því síður hæstv. fjmrh. skuli láta sér detta í hug að gefa slíkar yfirlýsingar sem þessar í sambandi við þessi mál, því að vitanlega er það alltaf meira og minna, eitt og annað, sem kemur, sem ekki verður séð fyrir, þegar fjárlagaafgreiðslan á sér stað. Hins vegar vitum við strax í dag, eins og kannske var réttilega bent á hjá honum í sambandi við laun opinberra starfsmanna, sem var gengið frá í desembermánuði, þá vissum við vitanlega, að þar var um óþekkta gjaldaupphæð að

ræða, en sem við því miður gátum ekki gert okkur fyllilega grein fyrir, hver væri. Og það kom á daginn, að við höfðum vanmetið þann útgjaldalið. Nú vitum við það líka í sambandi við þessa sömu starfsmenn, að það hefur komið fram krafa frá þeim um hækkað kaup. Og hæstv. fjmrh. svaraði því til í sambandi við það við 2. umr. málsins, þegar ég gerði fsp. um, hvað ríkisstj. hygðist ætla að gera í þessum efnum, að það mundi verða farið að lögum. Ég efast ekkert um það, að ríkisstj. fari að lögum í þeim efnum, en þó hélt ég, að vinnubrögðin yrðu þau, að fyrst yrði rætt við mennina um það málefni, sem um væri að ræða, til að sjá, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi um þann ágreining, sem e. t. v. ætti sér stað í þessum efnum, og ef ekki næðist samkomulag um það, sem ríkisstj. teldi sanngjarnt í þessum efnum, þá yrði málinu vísað til dóms. Þetta eru algeng vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu slíkra mála. En í stað þess ætla þeir sér ekki að tala við mennina, vísa bara málinu beint til dóms, en það eru þau vinnubrögð í sambandi við samninga um launakjör, sem ég veit ekki til, að eigi sér nokkur fordæmi.

Nei, ég hygg því, að það muni koma á daginn og kannske áður en árið er liðið, að þarna er um einhverja upphæð að ræða. Hve há hún verður, það verður ekkert sagt um í dag, en ótrúlegt þykir mér það, að þeir haldi fram þessum kröfum og telji sig eiga rétt á 14%, ef þeir hafa ekki við nein lög að styðjast í þessum efnum. Úr því mun svo að sjálfsögðu reynslan skera. Þá er líka hægt að benda á annað í sambandi við það, hvort hér er um raunverulega raunhæfa afgreiðslu fjárlaga að ræða, sem ekkert getur raskað, og það er sá kostnaðarauki, sem átt hefur sér stað síðan fjárlagafrv. er samið. Við vitum, að allir gjaldaliðirnir í sambandi við gjaldfærðan stofnkostnað eru byggðir á kaupgjaldsvísitölu eins og hún var hinn 1. sept. s. l. Síðan hefur átt sér stað kauphækkun, fyrst í sambandi við þá vísitölubreytingu, sem núv. ríkisstj. gerði, eftir að hún tók við völdum, og svo hafa átt sér stað nýir kaup- og kjarasamningar við það stóran hóp launþega í landinu, að Efnahagsstofnunin telur, að þar sé um að ræða 50% af heildarlaunþegum í landinu. Og halda menn svo, að þetta hafi engin áhrif á það, sem fjárlögum er ætlað að standa undir? Það segir sig alveg sjálft, að það vantar mikið á, að þetta fjárlagafrv., þó að það sé að svona miklum hlut stærra og hærra heldur en átt hefur sér stað áður, það vantar enn nokkuð á, að séð verði fyrir öllu, sem kemur til með að lenda á ríkiskassanum á næsta ári. Nei, það mun koma í ljós, og ótrúlega fljótt á væntanlegu nýju ári, að þessar spár hæstv. ráðh. munu ekki reynast réttar. Og ég hygg, að þar verði ekki um neinar smáupphæðir að ræða, þegar að því kemur, að við samþykkjum fjáraukalög fyrir árið 1972.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 267, 269, 271, 274, 275, 276, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef á þskj. 245 leyft mér, ásamt hv. 12. þm. Reykv., að flytja brtt. um, að fjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands hækki um 345 þús. kr. Sú hækkun, sem hér er lagt til, að verði á fjárveitingu til Kvenfélagasambandsins, nemur launum forstöðukonu Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra, sem Kvenfélagasambandið rekur. Eftir 2. umr. fjárlaga, þegar hv. fjvn. hafði lagt til og verið samþ. að hækka fjárveitingu til Kvenfélagasambandsins úr 800 þús. í 1 millj., skrifaði stjórn Kvenfélagasambandsins öllum hv. þm. og gerði grein fyrir fjárþörf sambandsins og sundurliðun á áætluðum rekstrargjöldum starfseminnar á næsta ári. Þetta bréf og upplýsingar hafa allir hv. þm. undir höndum. Af því má sjá, að öllum rekstrargjöldum sambandsins er mjög í hóf stillt og má reyndar telja, að furðu gegni, hve miklu þjóðnytjastarfi Kvenfélagasambandið hefur haldið uppi á undanförnum árum, þrátt fyrir mjög þröng fjárráð alla tíð. Og sundurliðunin sýnir mönnum enn fremur, að þarna er um býsna margþætta starfsemi að ræða.

Ég skal ekki fara að fjölyrða um þá þjóðhagslegu þýðingu, sem starfsemi Kvenfélagasambandsins hefur með því fræðslustarfi, sem það heldur uppi fyrir íslenzk heimili, og ég veit þó, að fyrir henni gera sér ekki allir grein. Kvenfélagasambandið hefur einn fastráðinn starfsmann í fullu starfi, sem er forstöðukona Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra, og á starfi hennar byggjast að ýmsu leyti einnig aðrir þættir í starfsemi sambandsins. Þessi leiðbeiningarstöð hefur unnið mikið og gott starf og það er mikið til hennar leitað, þar eð stöðin svarar bæði munnlega og í síma og með bréfum ýmsum fsp. og gefur út einnig fræðslurit, og það getur verið kannske fróðlegt fyrir hv. þm. að heyra það, að það er fjöldi karlmanna, sem leitar ráðlegginga hjá þessari leiðbeiningarstöð.

Ef leggja þyrfti niður þessa stöð eða sem sé ef ekki væru fjárráð til að ráða til hennar vel hæfa og sérmenntaða konu, – og ég vil taka það fram, að Kvenfélagasambandið hefur verið ákaflega heppið með þann starfskraft, sem það hefur nú við stöðina, – ef til þess kæmi sem sé, að það þyrfti að leggja niður leiðbeiningastöðina, þá yrði það ákaflega mikið áfall fyrir alla starfsemi Kvenfélagasambandsins. Eins og fram kemur í bréfinu, sem Kvenfélagasambandið skrifaði þm., þá skrifaði sambandið í júlí s. l. og fór fram á fjárveitingu að upphæð samtals 1 460 þús., 345 þús. kr., sem eru laun forstöðukonu leiðbeiningarstöðvar og 1 115 þús. til annarrar starfsemi sambandsins. Menntmrn. lagði til í bréfi 29. júlí s. l. til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, að beiðni Kvenfélagasambandsins yrði tekin til greina og því ætlað samtals 1 460 kr. í fjárlögum 1972 eða sem sé, að beiðni sambandsins yrði tekin að fullu til greina.

Þá hef ég einnig þær upplýsingar og aðrir af bréfi fjmrn. til fjvn., sem er dags. 8. nóv. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. sendir hv. fjvn. Alþ. meðfylgjandi ýmis erindi um fjárveitingar árið 1972, sem borizt hafa. Rn. vill vekja sérstaka athygli á erindi Kvenfélagasambands Íslands og mælir með framgangi þess.“

Eins og fram er komið, þá hefur fjvn. ekki tekið þá afstöðu til þessa erindis sambandsins að sinna því að fullu, en mælti hins vegar með eða lagði til 200 þús. kr. hækkun á fjárveitingunni, sem fyrir var í frv., og var það samþ. við 2. umr. fjárlaga. Brtt. okkar hv. 12. þm. Reykv. felur það í sér, eins og áður segir, að við fjárveitingu til Kvenfélagasambandsins, eins og hún er eftir 2. umr., bætist 345 þús. kr. Það nær að vísu ekki að

fullu þeirri upphæð, sem sambandið upphaflega fór fram á, en mundi þó verða mikill styrkur fyrir starfsemi sambandsins. Ég vænti því, að hv. þm. sjái sér fært að greiða þessari brtt. atkv., og vil alveg sérstaklega undirstrika tilmæli menntmrn. til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og fjmrn. til fjvn. um, að orðið verði við beiðni sambandsins.

Þá hef ég á þskj. 274 undir lið IV flutt brtt. við fjárlagafrv. um, að þar verði tekinn inn nýr liður undir kaflaheitinu dómsmál, ýmis kostnaður, og það er gerð afbrotaskýrslna, 500 þús. kr. fjárveiting. Ég skal nú gera nokkru nánari grein fyrir þessu máli.

Á s. l. vetri var í dómsmrn. unnið að undirbúningi þess, að tekin yrði upp hér á landi gerð afbrotaskýrslna í því formi, sem nú tíðkast með öðrum þjóðum og okkar nágrannaþjóðum. Ég ræddi þetta mál þá ítrekað við prófessor Ármann Snævar, sem átt hefur sæti í íslenzku hegningarlaganefndinni, að ég ætla, frá því að sú nefnd var sett á laggirnar, en nefndin er af Íslands hálfu aðili að samvinnu Norðurlandanna á sviði refsiréttar, og það hefur m. a. háð mjög þátttöku okkar í þessu samstarfi, að ekki skuli vera til héðan samanburðarhæfar afbrotaskýrslur. Ég fór þess á leit við prófessor Ármann, að hann léti mér í té álitsgerð um það, á hvern hátt yrði heppilegast að haga vinnubrögðum í þessum efnum, og ég vil einnig skjóta því hér inn í, að meðan málið var þannig á umræðustigi, kom á fund minn stjórn sagnfræðingafélagsins, – formaður þess er núv. prófessor í refsirétti við lagadeild háskólans, – og lét í ljós eindregnar óskir félagsins um, að hér yrði efnt til slíkrar skýrslugerðar. Prófessor Ármann Snævarr lét mér í té álitsgerð um mánaðamótin maí–júní, álitsgerð, sem hann nefnir „Nokkrar athuganir um vinnubrögð við samningu afbrotaskýrslna hér á landi.“ Hann bendir þar á stofnanir og aðila, sem til greina geti komið, að ynnu verkið, og virtist sú tilhögun heppilegust, að það yrði unnið á vegum Hagstofu Íslands og gæti þá tengzt gerð almennra dómsmálaskýrslna, en auk tölfræðilegrar þekkingar, sem Hagstofan að sjálfsögðu leggur til, þyrfti, þegar verkið er komið í gang, að njóta að einhverju marki aðstoðar sérfræðings um refsirétt og refsiréttarfar. Málið var síðan rætt á fundi í rn. með prófessor Ármanni, hagstofustjóra og starfsmönnum úr rn. Hagstofustjóri taldi, að í hans stofnun ætti verkið ekki að valda kostnaði, sem verulegur gæti talizt. En aðstoð sérfræðings um refsirétt og réttarfar má ætla, að yrði ekki nema hluti af fullu starfi, þegar skýrslugerðin er komin í gang. Sú fjárveiting, sem hér er lagt til, að upp verði tekin, miðast hins vegar við þann kostnað, sem ætla má, að verði við undirbúning þess að hrinda skýrslugerðinni í framkvæmd. En það er afar áríðandi, að sem bezt sé vandað til grundvallar undir afbrotaskýrslurnar og til allra vinnubragða og að gæta þess, að þær séu gerðar með samræmdum hætti, þannig að þær falli að hinni norrænu og alþjóðlegu afbrotatölfræði. Árleg fjárveiting vegna gerðar slíkra skýrslna ætti, þegar undirbúningi er lokið og skýrslugerðin komin í framkvæmd, að verða allmiklu lægri en það, sem hér er lagt til vegna undirbúningsins. Skýrslur um afbrot og meðferð mála út af þeim hafa að vísu verið birtar hér á landi og var það einhvern tíma á árunum 1870–1880, að birting þeirra hófst. Þær birtust í landshagskýrslum og stjórnartíðindum og síðan í hagskýrslum. Á þessari birtingu hefur þó orðið hlé um alllangt árabil, og skýrslurnar hafa verið þannig úr garði gerðar, að það vantar mikið á, að þær séu samanburðarhæfar við nútímaskýrslur annars staðar eða að þær veiti þær upplýsingar, sem nú er talið nauðsynlegt, að slíkar skýrslur veiti. Sú gerð afbrotaskýrslna, sem hér er stefnt að, yrði og með töluvert öðrum hætti en hér hefur tíðkazt og má í því sambandi t. d. nefna ýmsar upplýsingar, sem eru félagslegs eðlis, svo sem um hagi og félagslegan bakgrunn afbrotamanna og ýmislegt fleira. Það er nú almennt talið, að afbrotaskýrslur í þessari mynd séu beinlínis nauðsynleg undirstaða þess, að hægt sé að móta skynsamlega stefnu á sviði refsiréttar og refsinga og við val á úrræðum í baráttu þjóðfélagsins gegn afbrotum.

S. l. vor sendi dómsmrn. fjárveitingartillögu samhljóða þeirri, sem hér liggur fyrir, ásamt öðrum tillögum rn. til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, sem þá að venju var farin að undirbúa fjárlög næsta árs. Ég vil í því sambandi láta í ljós alveg sérstaka ánægju mína yfir því, að tvær till. um nýja fjárveitingaliði, sem m. a. voru í tillögum rn., hafa verið teknar inn í fjárlagafrv., þ. e. til námskeiða fyrir fangaverði og til læknis- og sálfræðiþjónustu fyrir fanga. Auk þess hafa verið teknar inn fjárveitingar til aðgerða í fangelsismálum, sem ég vil einnig lýsa mikilli ánægju yfir, að skuli vera komnar inn í fjárlagafrv. Það má að vísu sjálfsagt um það deila, hvort þær hrökkva fyrir því, sem hefði þurft að gera á næsta ári. Ég skal ekki fjölyrða um það, en vil í því sambandi láta þess getið, að það er þá ekki sízt sú fjárveiting, sem ætluð er til Síðumúlafangelsisins til þess að unnt verði að nýta það til bráðabirgða fyrir kvenfanga, en það hefur satt að segja verið ömurlegt ástand í málefnum kvenfanga og afplánunarmálum þeirra og gæzluvistarmálum, og mun þessi úrbót, þegar í gagnið kemur, binda endi á það slæma ástand, sem verið hefur um langa hríð í þessum efnum.

Ég hafði satt að segja staðið í þeirri meiningu, að fjvn. hefði haft þessar tillögur dómsmrn., allar jafnvel og þar með tillöguna um afbrotaskýrslurnar, til meðferðar, en þegar ég varð þess vör, að svo hafði ekki verið við 2. umr. fjárlaga, þá kom ég því á framfæri, að n. tæki milli 2. og 3. umr. til athugunar þetta erindi eða slíka fjárveitingu, en ég sé ekki, að hv. fjvn. hafi talið sig geta orðið við þeirri beiðni. Á s. l. vetri urðu bæði innan þings og utan allmiklar umr. um málefni refsifanga. Og ég býst við, að við getum öll verið sammála um, að í aðgerðum til úrbóta í þeim efnum eigum við margt óunnið. Ég vona því, að hv. þm. sjái sér fært að styðja brtt. mína á þskj. 274 og stuðla þannig að því, að nauðsynlegur grundvöllur fáist til að taka ákvarðanir um raunhæfar og aðkallandi aðgerðir á þessu sviði. Fari hins vegar svo mót vonum mínum, að till. verði felld, þá er þó allavega til nokkurs unnið, sem sé að beina athygli að miklu nauðsynjamáli.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í fyrra voru samþ. hér lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka. Í þessum lögum segir, að á fjárlögum skuli hverju sinni ákveða hve miklu fé beri að verja til aðstoðar þingflokkum samkv. lögum þessum. Í fyrra voru áætlaðar í þessu skyni 3.4 millj. kr. Aðalforsetar og varaforsetar leggja hér til á þskj. 271, að á næsta ári verði varið í

þessu skyni 3 millj. 570 þús. kr. Er það 5% hækkun með tilliti til aukins kostnaðar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við 3. umr. fjárlaga á þskj. 274, undir lið V og VI. Önnur brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e., fjallar um aukið framlag til ferðamála. Ég talaði fyrir þeirri till. við 2. umr. fjárlaga. Þóttist ég færa að henni góð og gild rök. Hæstv. fjmrh. tók máli mínu vel. Hafði ég því nokkra ástæðu til að ætla, að mál þetta yrði athugað milli umr., einkum þar sem hér er um mikilvæga og vaxandi atvinnugrein að ræða að mínum dómi, sem skiptir miklu máli í okkar atvinnumálum. Þessi von mín hefur brugðizt og er því till. endurflutt nú. En ég verð að segja það, að mig undrar nokkuð, að ekki skyldi neitt að þessu hugað í öllu því steypiregni talna og tölvuútreikninga, sem nú flæðir yfir þingsali og þjóðlíf. En till. er nú endurflutt til þess að kanna hug hv. þm. til þessa mikilvæga máls.

Síðari till., sem ég flyt við þessa umr., er við 4. gr. fjárlaga, þar sem rætt er um hafnarmannvirki og lendingarbætur. Er hún á þá leið, að inn verði tekinn nýr liður, til dráttarbrautar í Stykkishólmi, að fjárhæð 2 millj. Í Stykkishólmi starfar myndarleg skipasmíðastöð. Þar er enn fremur dráttarbraut í uppbyggingu, svo að segja í miðjum kliðum, sem gerir við og byggir tréskip. Mér er kunnugt um það, að forráðamenn þessara mála heima fyrir hafa átt ítrekaðar viðræður við þá, sem málum ráða á þessu sviði, m. a. vita- og hafnamálastjóra, margoft á þessu ári. Hafa þeir borið fram sínar beiðnir og óskir um þetta mál. Það má segja, að slíkar óskir þurfi að fara nokkuð langa leið um hendur allmargra manna, bæði sérfræðinga vita- og hafnamála, rn., undirnefndar fjvn. og fjvn. eða fjárveitingavaldsins. Nokkuð er það, að á þessari löngu leið hefur till. orðið úti og verður ekki fundin á úthlutunarskrá fjárveitingavaldsins að þessu sinni. „Víst er þetta löng og erfið leið og lífið stutt og margt, sem út af ber", stendur þar. Þetta er eigi að síður staðreynd. En þar sem þetta fyrirtæki skiptir miklu máli í atvinnulífi Stykkishólms, veitir mörgum mikla og góða atvinnu og er þarna á hraðri leið uppbyggingar, þá þykir mér sjálfsagt, þótt seint sé, að hreyfa þessu máli, flytja hér till. um þennan nýja lið, þessa hækkun, ef vera mætti, að þessi till. fyndi náð fyrir augum hv. þm. um leið og þeir komast í jólaskapið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárlaga á þskj. 249. Auk þess er ég meðflm. að tveim öðrum till., sem ég mun nánar koma að, en ég skal gera mál mitt stutt og bendi aðeins á þann lið, er fjallar um elliheimili, þ. e. rekstrarstyrkir. Ég legg til, að það verði skýrt markað í fjárlögum, að sú upphæð, sem fari til elliheimila, séu rekstrarstyrkir. Ég legg til, að þessi liður hækki í 5 millj. kr. Á s. l. ári nam þessi styrkur, að mér er bezt kunnugt, um það bil 6–7 kr. á dag fyrir einstakling, sem á elliheimili dvelur. Þegar haft er í huga, að þessi greiðsluupphæð á dag fyrir slíka einstaklinga er á elliheimilinu Grund 350 kr., þá sjá allir, að þetta er auðvitað út í bláinn og enginn verulegur styrkur. Ég vil með þessari till. freista þess að koma nokkuð til móts ekki aðeins við þá einstaklinga, sem þar dvelja, heldur og þessi heimili með því, að þessi upphæð hækki nú. Það hefur verið mikið rætt um það, að það sé komið á móti hinum öldruðu, sem rétt er og ég skal fúslega viðurkenna, að hefur verið gert með þeirri till., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, en við skulum heldur ekki gleyma þessum aðilum, sem þarna dvelja. Þótt sumir þessara aðila fái greitt sitt, annaðhvort frá sveitarfélögum eða frá Tryggingastofnun ríkisins, þá er þarna margt fólk, sem borgar af sínu sparifé, sparifé, sem það hefur safnað saman í gegnum árin, gegnum sín vinnuár, og er að étast upp vegna aukinnar verðbólgu á undanförnum árum í okkar landi og sem fyrirsjáanleg er í framtíðinni. Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þessa till.

Ég flyt jafnframt brtt. við ákvæði um Lánasjóð íslenzkra námsmanna. Þetta er að nokkru leyti shlj. till., sem ég flutti á síðasta þingi þess efnis, að það séu ekki eingöngu stúdentar frá Háskóla Íslands, sem hljóti þau hlunnindi að fá lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna, heldur komi fleiri aðilar til. Ég geri enga hækkunartill., heldur legg til, að af þessari upphæð, 190 millj. kr., sem varið er að sjálfsögðu til nauðsynlegs náms nemenda, sem fara utan, og einnig þeirra, sem fara til að læra frönsku í Frakklandi og píanóleik í Kaupmannahöfn, þá komi inn aðilar, sem eru nemendur í stýrimannaskólum, Vélskóla Íslands, framhaldsdeildum búnaðarskóla, og til framhaldsnáms iðnaðarmanna og kennara, sem ekki eru stúdentar, og ætla með minni till., að af þessum 190 millj. verði teknar 20 millj. kr. til þessa.

Þá legg ég enn fremur til, að við 6. gr. frv. komi nýr liður, þ. e. í heimildarákvæðum, um það, að ríkisstj. sé heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af búnaði í eldhús og matsali sjúkrahúsa, elliheimila og skyldra stofnana. Þessi liður þarfnast máske nokkurra skýringa, sem að vísu þarf ekki mörg orð um, en hafa ber í huga, að ríkisstofnanir, ríkisspítalarnir virðast ekki annað þurfa heldur en panta sína hluti, sem þeir þurfa til síns rekstrar, og jafnvel þótt þeir séu gjaldfærðir með öllum þeim sköttum, söluskatti, aðflutningsgjaldi og öðru slíku, sem eiga á þá að falla samkv. gildandi lögum, þá hafa þessar stofnanir ekki annað fram undan en vísa þessu til ríkissjóðs og þá er þetta greitt þaðan. En hafa ber í huga, að margar slíkar stofnanir eru reknar ekki aðeins af bæjar- og sveitarfélögum, heldur og af stofnunum og félagasamtökum, og á ég þá kannske sérstaklega þar við ekki aðeins spítala í borgar- og sveitarfélagarekstri, heldur og elliheimilin. Það er auðvitað mjög óréttlátt, þegar þessar stofnanir þurfa að leita til sinna sveitarfélaga eða aðildarfélaga og styrktarmeðlima til þess að standa undir rekstri sínum, að þessi lög, sem fela í sér þessi gjöld, séu til staðar. Ég hef ekki kosið það að þessu sinni að flytja frv. til l. um breyt. á tollskrá, heldur vænti þess, að í núv. hæstv. ríkisstj. sé sá skilningur fyrir hendi, að þetta verði leiðrétt, og þess vegna hef ég kosið að þessu sinni að flytja þessa till., sem felur í sér heimild til ríkisstj. um þetta efni.

Jafnframt er ég meðflm. að tveim till. um fjárframlög í Byggingarsjóð aldraðra. Ég mun að sjálfsögðu styðja þá till., sem lengra gengur, sem jafnframt gerir ráð fyrir því, að skipti fari fram á því fé, sem lagt er til, að fram verði lagt, en það er til þeirra aðila, sem bæði eru lengst komnir á þessu sviði eða eru það langt komnir, að þeir eru að hefjast handa. Ég hef áður hér í Sþ. lýst mínum

skoðunum á þeirri þörf, sem er á þessu sviði hér á landi okkar, og ég tel með hliðsjón af því, að það eru ekki aðeins þm. núv. stjórnarandstöðu, heldur og þm. núv. stjórnarflokka, sem hafa sýnt þessu mikla þurftarmáli mikinn áhuga, að nú eigi að brjóta í blað og hefja þarna nokkra sókn gegn þeim vágesti, sem að gamla fólkinu sækir. Ég hef líka lýst þeirri skoðun minni hér í Sþ., að auðvitað ber okkur að halda okkur að þeirri stefnu og þeirri skoðun, að aldraða fólkið geti dvalið sem lengst á sínum heimilum og með sínu skyldfólki, en sú staðreynd liggur þó fyrir, að sá stóri hópur, sem á hvergi höfði sínu að að halla, getur hvergi að komizt, er orðinn svo gífurlega stór, að þjóðfélaginu ber að koma þarna á móti, og því mun ég fyrst og fremst styðja þá till., sem lengra gengur, og svo að sjálfsögðu þá, sem skemmra gengur, og þó sérstaklega vegna þeirrar brtt. í sambandi við orðalag þeirrar till., er ég flutti við 2. till. þess máls.

Ég hef, herra forseti, í þessum fáu orðum mínum gert grein fyrir þeim till., sem bæði ég flyt og er meðflm. að. Ég vil hins vegar taka það líka fram vegna till., sem fram hefur komið um breytingar á þeim lið, er Alþ. ákvarðar um heiðurslaun listamanna, að þegar ég sá hér í dag útbýtt tveim till. um tvo mæta rithöfunda til viðbótar þeim, sem fyrir eru, þá skoðaði ég nokkuð hug minn og sá, þegar ég leit á þskj. 276, að þar er um að ræða 11 valinkunna listamenn, alla karlkyns. Hafandi í huga þær umr., sem orðið hafa hér á þingi að undanförnu og kannske sérstaklega s. l. laugardag, þá finnst mér eiginlega, að núv. hv. þingheimur megi ekki láta hjá líða að hugsa aðeins til íslenzkra kvenna í listamannastétt. Ég leitaði fyrir mér í dag um það meðal þm. frá stjórnarflokkunum, hvort þeir mundu fylgja brtt. frá mér um það, að við þá seinni brtt., sem fyrir liggur undir þessum lið, bættust tveir kvenrithöfundar, Guðrún frá Lundi og Svava Jakobsdóttir. Ég fékk því miður ekki undirtektir við þessa till., þannig að ég hef ákveðið að svo stöddu að sitja hjá við atkvgr. um þessa liði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mér er af skiljanlegum ástæðum ókunnugt af eigin raun, hvað gerðist á síðasta Alþ. við afgreiðslu á heiðurslaunum listamanna. En skilríkir menn hafa tjáð mér, að þá hafi svipað staðið á og nú, sem sé, að á góma bar ýmsar og sundurleitar till. um að bæta nöfnum á heiðurslaunalistann. Í öndverðu voru þessi heiðurslaun, sem Alþ. ákvað til nafngreindra manna, hugsuð sem sérstök viðurkenning til þeirra, sem bezt þóttu hafa gert í listum með þjóðinni. Það gefur auga leið, að þó að við eigum, sem betur fer, fjölmennan hóp fólks, sem leggur stund á listir, er það ekki nema takmarkaður fjöldi, sem nýtur þeirrar alþjóðarviðurkenningar, að rétt sé, að hann skipi heiðurslaunalista, sem Alþ. ákveður hverju sinni. Því aðeins halda þessi heiðurslaun sínu sérstæða gildi, að mjög sé vandað til vals þess fólks, sem á listann fer.

Um það sýnist að sjálfsögðu sitt hverjum. En finna þarf aðferð, sem allir geta sætt sig við, til þess að velja heiðurslaunafólkið, frekar en á hverju þingi gerist það við lokaumr. fjárlaga, að fram fari kapphlaup um að bæta við á síðustu stundu nöfnum á heiðurslaunalistann. Á síðasta þingi, þegar eins eða svipað stóð á og nú, mun hafa verið kannaður þingvilji fyrir því að koma á fastri skipan um val í heiðurslaunaflokk. Árangur þeirrar athugunar, sem þá fór fram, var stjfrv., sem borið var fram, en varð ekki útrætt. Þetta var 261. mál á þskj. 517, og aðalefni þess er þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt allt að 12 listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd 7 manna, kosinni af Sþ. að afloknum alþingiskosningum."

Hér er lagt til, að heiðurslaunalistinn sé takmarkaður við 12 nöfn, og býst ég við, að flestum þyki það sanngjörn tala. Þetta frv., sem borið var fram sem stjfrv. á síðasta Alþ. og þáv. menntmrh. talaði fyrir, varð ekki útrætt, en þó kom um það nál. frá menntmn. Ed., þar sem n. lagði einróma til, að frv. yrði samþ. Þar sem nú ríkja svipaðar aðstæður og urðu til þess, að þetta frv. var borið fram á sínum tíma og hafði að því er virðist mjög mikinn byr á þingi, þá hef ég ákveðið að leyfa mér að bera málið fram á ný, en í nokkuð annarri mynd. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 276 brtt. við 14. lið brtt. á þskj. 243. Brtt., sem ég ber fram, er í því fólgin, að við listann yfir heiðurslaunamennina, bætist svo hljóðandi mgr.:

„Heiðurslaun má veita allt að 12 listamönnum, og skulu menntmn. beggja deilda Alþ. gera í sameiningu till. um, hverjir í þann flokk bætist hverju sinni."

Hér er, eins og menn sjá, tekin upp úr fyrra frv. talan 12 sem hámarkstala listamanna á heiðurslaunalista, sem Alþ. skipar. En við er bætt ákvæði um, hvar það sé innan þings, sem forganga og frumkvæði sé um að fylla þessa tölu. Ég legg til, að menntmn. beggja deilda í sameiningu geri till. um listamenn á heiðurslaunalistann, og er þá vitanlega ekki verið að taka fram fyrir hendur á háttvirtum þm. eða ráðh., sem ekki sitja í menntmn. Þeir geta að sjálfsögðu komið sínum hugmyndum á framfæri við nefndirnar. En síðan mundu menntmn. kanna það, hverjir listamenn hafa þann byr á þingi, að rétt sé að bera þeirra nöfn fram, en ekki farið eins og nú, þegar komnar eru fram a. m. k. tvær till. og fleiri jafnvel á döfinni. Hér hefur verið orðuð af hv. 10. þm. Reykv. sú þriðja og það flýgur fyrir, að sú fjórða, fimmta, sjötta og ég veit ekki hvað margar séu á döfinni hjá einstökum þm. Ég held, að allur þingheimur sjái, að ef þannig er haldið áfram, er stefnt í algert óefni, og því hef ég borið fram þessa brtt. við 14. lið brtt. á þskj. 243.

Nú gilda fjárlög aðeins ár frá ári, og því vil ég skýra frá því, að minn vilji er, og ég held, að ég megi segja, að það sé stjórnarvilji fyrir því, að borið verði fram sem stjfrv. á ný frv. sniðið eftir því, sem dagaði uppi á síðasta þingi að viðbættu ákvæðinu, að frumkvæði um till. um heiðurslaunafólk sé í höndum menntmn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki hugsað mér að fara að ræða fjárlögin hér í kvöld, þótt ég kæmi upp í pontuna. Ég kem hér nú aðallega vegna till., sem ég hef flutt um það að bæta við einum manni í þann hóp, sem skipar heiðurslaunaflokkinn. Hæstv. menntmrh. var að enda við að tala fyrir till., sem hann flytur hér, sem er alger breyting frá því, sem verið hefur. Skildist mér á hæstv. ráðh., að hann vildi með þessum tillöguflutningi hafa vit fyrir hv. þm. og forða því, að hér gerðist nokkur skaði, með því að margar till. gætu

fram komið frá ýmsum þm. um það að taka rithöfunda- og listamenn inn í þennan hóp. Ég fyrir mitt leyti tel nú talsvert í það varið, að hv. þm. haldi því frelsi, sem þeir hafa haft, og ég tel engan skaða skeðan, þótt þm. komi með till. um þetta eins og eitthvað annað. Það verður svo vitanlega meiri hl. þm. hverju sinni, sem ræður og ákvarðar um það, hverjir hafa nægilegt fylgi til þess að komast í þennan hóp. Ég er á móti þeirri till., sem hæstv. ráðh. hefur flutt hér. Hún felur það í sér, að valdið er raunverulega tekið af Alþ. Hæstv. ráðh. talaði um það, að menntmn. ættu að fjalla um málið, aðrir þm. gætu komið sínum skoðunum fram í menntmn. En hvaða vald er það, sem hv. menntmn. er ætlað að hafa, ef þessi till. verður samþ.? Hún hefur ekkert vald. Hún hefur tillögurétt til ráðh., en ráðh. er ekkert bundinn af þessum till. Hann getur skipað mann í þetta sæti nú, 12. sætið, eftir sínu höfði þrátt fyrir tillögu, eins og till. er orðuð. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég vantreysti þessum hæstv. menntmrh. frekar en þeim næsta, sem kann að koma, ég væri á móti þessari till., hver sem væri í menntmrh.-sætinu. Með þessari till. á að ákveða það, að þeir, sem skipa heiðurslaunaflokkinn, skuli vera 12. Menntmn. Alþ. eiga að gera till. til hæstv. ráðh. um það, hverjir skuli skipa þennan hóp, hverjum skuli bæta inn í jafnóðum og einhver fellur úr. Og ég veit, að hv. þm., þegar þeir lesa skýringarnar við þessa till., hljóta að komast að raun um það, hvað í henni felst. Það þarf engan lögfræðing til þess að skýra það. Það er alveg ljóst, að ráðh. á að fengnum till. að velja úr þeim hópi, sem menntmn. gera till. um, en ekki að skipa eftir till. n. Þar er orðamunur mikill, sem skiptir máli. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. vilji afsala sér þeim rétti, sem þeir hafa, og eins og ég sagði áðan, skiptir ekki máli, hver er í menntmrh.-sæti í það eða það skiptið.

Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þm. að flytja till. um það, að Guðmundi Daníelssyni rithöfundi verði bætt í þennan hóp. Guðmundur Daníelsson er rúmlega sextugur maður. Hann hefur verið afkastamikill rithöfundur. Það eru 30–40 bindi, skáldsögur og önnur rit, sem eftir hann liggja. Nú væri það út af fyrir sig ekki beinlínis hrósvert, þó að mikið lægi eftir einhvern rithöfund. En það, sem máli skiptir, er, að það, sem Guðmundur hefur skrifað, er mikið lesið. Þær bækur, sem eru gefnar út eftir hann, eru keyptar og lesnar og þannig er það, að af mörgum þeim bókum, sem hafa verið gefnar út eftir Guðmund, eru komnar tvær útgáfur, vegna þess að allt hefur selzt upp. Síðasta bókin, sem kom út eftir hann í stóru upplagi, Spítalasaga, var uppseld áður en jólaverzlunin byrjaði, og verður vitanlega gefin út aftur í miklu upplagi. Til viðbótar hinum mörgu skáldsögum og ritum, sem eftir Guðmund liggja, má minna á það, að hann hefur bjargað miklum verðmætum frá því að týnast alveg með því að tala við tugi, ef ekki hundruð, manna á efri árum, bæði konur og karla, og festa á blað mikinn fróðleik eftir þessu fólki, sem annars hefði glatazt. Og þegar tímar líða, mun þetta verða mikils metið.

Ég viðurkenni það, að mönnum getur sýnzt sitt hvað í sambandi við rithöfunda og listamenn, og það er eðlilegt, að það séu skiptar skoðanir á meðal þm. um það, hverjir eiga að skipa þennan sess. Og þannig á það að vera, að menn hafi leyfi til að hafa skoðanir. Og það á að vera þannig, að meiri hl. geti ráðið. Alþ. Íslendinga er ekki tilbúið til þess að afsala sér þeim rétti, sem það hefur, til eins manns, til ráðh., og jafnvel þótt hann vildi gera allt sitt bezta, þá á Alþ. ekki að afsala sér valdinu til eins manns. Og mér finnst það nú dálítið skrýtið, ég segi það, þótt það hafi verið flutt frv. í fyrra í þessum dúr, sem ekki varð nú fullkomið samkomulag um, að Alþ. ákveði það með lögum, að í þessum hópi skuli aldrei vera fleiri heldur en 12. Er nokkurt vit í því að ákveða það fyrir fram, að það skuli aldrei vera fleiri en 12, sem séu þess virði að komast í þennan hóp? Ég held, að það sé miklu eðlilegra, að Alþ. meti það og ákvarði á hverjum tíma, hversu margir menn skulu skipa þennan flokk. Við skulum vona, að þannig verði það alltaf á Íslandi, að það verði fleiri en 12 listamenn og rithöfundar, sem séu þess virði að skipa þennan hóp manna. Og ég held, að miðað við önnur útgjöld á fjárlögum landsins sé þetta, sem hér er um að ræða, heiðurslaun, eins og þau eru nú á fjárlögum, það sé ekki sú upphæð, að hún sé út af fyrir sig umtalsverð, og ég gæti vel hugsað mér það, að það væru mun fleiri menn, sem væru teknir inn í þennan heiðurslaunaflokk.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En ég er alveg sannfærður um, að það eru fleiri hv. þm. á sama máli og ég, að vilja halda þeim rétti, sem þeir nú hafa til tillöguflutnings og ákvörðunar um þetta mál eins og önnur hér í Alþingi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég tel mig eiga fullkomið erindi í ræðustól á ný, sökum þess að í ræðu hv. 1. þm. Sunnl. kom fram svo hrapallegur misskilningur á máli mínu, að ég fæ með engu móti skilið, hvernig þingskörungur, sem gránað hefur á hár hér í sölum Alþ., getur misskilið mál mitt svo gersamlega. Hv. 1. þm. Sunnl. margendurtók, að í till. minni fælist, að færður væri réttur frá Alþ. til ráðh., till. mín fjalli um það, að Alþ. afsali sér réttinum til að velja menn á heiðurslaunalistann til menntmrh. Um það stendur ekki stafkrókur í minni till. Hún hljóðar svo:

„Heiðurslaun má veita allt að 12 listamönnum, og skulu menntmn. beggja d. Alþ. gera í sameiningu till. um, hverjir í þann flokk bætist hverju sinni.“

Ég spyr hv. þm. Til hverra gera þn. tillögur sínar? Gera þær það yfirleitt til ráðh.? Nei, þær gera till. sínar til Alþ. Í þessu tilviki mundu menntmn. gera sínar till. til Sþ. við afgreiðslu fjárlaga. Hvernig þetta getur misskilizt svo, að ég sé að sölsa undir ráðherraembætti vald Alþ., það er algerlega ofvaxið mínum skilningi. Sþ. afgreiðir fjárlög hverju sinni, svo það getur eingöngu verið til Alþ., sem ætlazt er til, að menntmn. geri sínar till. um heiðurslaunalistamenn hverju sinni. Ráðh. kemur þar hvergi nærri, nema sem atkvæðisbær alþm. á við hvern annan.

Björn Pálsson: Herra forseti. Við höfum hér fjarskalega fá tækifæri til að ræða fjármálin, þm., fyrr en við 3. umr. 1. umr. er hagað þannig, að fjárlagafrv. er lagt fram og svo er einn maður frá hverjum flokki, sem heldur ræðu í útvarpið, og svo er því vísað til n. En ef þm. ræða eitthvað að gagni um fjármálin, þá þurfa þeir að hafa tækifæri til að ræða um þau við 1. umr. þannig, að ef þeir vilja gera ábendingar um eitthvað, þá geti fjvn. tekið það til greina við meðferð mála. Ég vona, að það verði breyting á þessu og við getum rætt um fjár-

lagafrv. við 1. umr. eins og önnur mál, og þá gætum við gert okkar ábendingar, ef okkur sýndist, að einhverju mætti breyta til hins betra. Ég er á engan hátt að deila á störf fjvn., því að ég efast ekki um, að fjvn. hefur unnið sín verk eftir beztu getu nú. En hitt vissum við, að við 2. umr. var erfitt að ræða um fjármálin, vegna þess að þá lá alls ekki fyrir tekjuáætlunin. Það var hægt að segja ýmislegt um þau, en ekki þannig, að það væri byggt á traustum grunni. Það hafa orðið allmiklar deilur hér milli hv. 11. landsk. þm. og fjmrh. um, hvort væntanleg breyting á skattalögunum mundi verða neikvæð fyrir skattgreiðendur eða ekki. Ég trúi sjálfum mér bezt og fór til skattanefndar Reykjavíkur, fékk hana til að reikna út með mér nokkur atriði viðvíkjandi þessu. Við tókum t. d. einhleypan mann með 500 þús. kr. tekjur á ári og reiknuðum út, hvað hann hefði haft eftir gamla kerfinu og mundi fá eftir nýja kerfinu, og við fengum, að einhleypur maður hefði átt að greiða eftir fyrra árs kerfi í heildargjöld 207 þús. 253 kr., en eftir því kerfi, sem nú er, 212 þús. eða 5 þús. kr. hærra. Þess ber þó að gæta, að við tókum ekki tillit til útsvarsfrádráttar, sem hafði orðið hjá honum á fyrra ári, og það er ákaflega erfitt þess vegna að fullyrða um samanburð, vegna þess að útsvör eru dálítið í sveiflum, því að þegar dregið er frá mikið útsvar, þá eðlilega kemur lægri skattur. Þess vegna er ómögulegt að finna þetta út nákvæmlega nema fyrir einn og einn í hverju tilfelli. En ef það hefði t. d. lækkað hann um 25 þús. kr., þá hefði hann fengið samkv. gamla kerfinu um 30 þús. kr. lægra á fyrra ári. Aftur var þessu ekki eins farið með fjölskyldumann. Ef hann hafði 500 þús. kr. í nettótekjur þá fengum við, að hann hefði í heildargjöld 153 þús. 995 kr. á fyrra ári en nú 135 þús. Hann lækkaði um 18 þús. kr. Þá þarf að draga frá, hvað útsvarið hefði lækkað, sem hefði verið dregið frá árið áður, og hann hefði þá undir öllum kringumstæðum komið út eins hagstætt samkv. þessu nýja kerfi eins og gamla kerfinu. Við tókum lægri tekjur og hærri tekjur, og þessi maður, sem reiknaði út fyrir mig, hafði haft 520 þús. í nettótekjur í fyrra. Hann var búinn að reikna út sín útgjöld og hann sagði, að þau yrðu svipuð, hann á 2 eða 3 börn, þannig að ég held, að þetta verði ekkert óhagstæðara fyrir flesta skattgreiðendur. Hitt virtist okkur, að þegar tekjurnar væru komnar í milljón eða hálfa aðra, þá væri það lítið eitt óhagstæðara fyrir skattgreiðandann. En aftur hagstæðara fyrir þá, þegar þeir eru með mjög lágar tekjur, þannig að ég held, að fólkið þurfi ekki að vera mjög órólegt út af þessu. Ég hef enga ástæðu til þess að vera hlutdrægur í þessu máli og er það ekki, enda getur hver og einn reiknað þetta út sjálfur. Ég held, að þetta breyti ekki miklu. Hitt get ég vel skilið, að núv. stjórnarandstaða undrist þá snilli hjá núv. stjórn að geta hækkað útgjöldin um 46% og látið gjöld og tekjur standast á, án þess að búa til neina nýja skatta, því að þeir voru að basla við að hækka um einn milljarð á ári og þóttust vel gera og þurftu alltaf að vera að búa til nýja og nýja skatta, bæði á atvinnuvegina og á þjóðina, svo að ég er ekkert hissa á, þótt þeir undrist og skilji ekki þessa snilli.

Hitt er ég ekki alveg viss um, hvort þessi breyting, sem gerð hefur verið, verði til neinna hagsbóta fyrir sveitarfélögin. Það efast ég um. Sveitarfélögin eru losuð við allmikið af gjöldum, en það er líka tekinn einn aðalgjaldstofninn frá þeim, þar sem er álagning á nettótekjur. Um þetta vil ég ekki fullyrða, en ég er í miklum vafa um, að það verði auðveldara fyrir sveitarfélögin að ná nægum tekjum framvegis. Vera má, að þetta sé af klóksskap hjá núv. stjórn, því að hún er skipuð vitrum mönnum, að þeir ætli ekki að láta þessa oddvita og bæjarstjóra hafa allt of mikið úr að spila, og kenna þeim ráðdeild, og er það vel farið.

Nú er það svo með þessa skatta, að þó að það hafi tekizt í ár að ná saman endum, þá er óvíst, hvernig þessi tekjuáætlun stenzt, ég skal ekkert fullyrða um það, það má vera, að þeir séu of bjartsýnir. En þá er það verk þeirra manna, sem fyrrv. stjórn hefur komið í þessar trúnaðarstöður. Þeir hafa þá reiknað eitthvað skakkt eða þessi tölva hefur reiknað vitlaust, sem þeir hafa uppi í háskóla. Annars legg ég ekki allt of mikið upp úr henni. Það var einu sinni, þegar var verið að telja í kosningum, þar sem ég var í kjöri, að hún spáði mér dauða, en ég lifði, og síðan hef ég aldrei haft trú á tölvu. Ég held, að það sé ekki mikið gerandi með þessar tölvur, því að það fari eftir því, hvernig þær eru mataðar, þannig að ef bjáni lætur vitleysu í þær, þá kemur út vitleysa. Ef spekingur lætur það, sem rétt er, í þær, þá kemur rétt út, en hann getur þá alveg eins reiknað þetta án tölvu. Við höfum ekki svo háar tölur hér á Íslandi, þannig að ég legg ekki allt of mikið upp úr þessum tölvum.

Satt að segja hefur mér oft fundizt vera fullmikið lagt á atvinnuvegina og jafnvel einstaklinga. Þeir hafa verið að berjast við að hækka launin sín, opinberir starfsmenn og stytta vinnutímann. Ég tel ekki eftir kaupið, en ég tel vafasamt, hvort menn eigi að ganga allt of langt í því að vilja vinna lítið. Ég talaði oft um það meðan ég var í stjórnarandstöðu, sérstaklega á fyrri árum mínum, að ég vildi halda vel á hlutunum. Ég var nú vanur því að eyða ekki of miklu, þegar ég var að alast upp og hef jafnvel haft þá reglu hingað til. Það voru þessar gömlu dyggðir að vera vinnusamur og sæmilega sparsamur, en nú eru þær útdauðar. Það væri hægt að taka undir með séra Sigurði, sem hélt fyrirlesturinn, „Farið heilar, fornu dyggðir". Nú vilja menn helzt hafa hátt kaup og vinna lítið. Eigi er nema gott um það að segja að vissu marki, ef það gengur. En þó að þetta hafi tekizt fyrir núv. ríkisstj. að ná saman endum, þá er ekki víst, að það gangi alltaf með hliðstæðum útgjöldum, því að það getum við gert okkur ljóst, að ef ekki væri dæmalaust árferði og verðlag á sjávarafurðunum, þá væri þetta ekki möguleiki. Boginn er spenntur til hins ýtrasta, svo að ég held, að það sé full ástæða fyrir ríkisstj. að athuga það í framtíðinni, hvort ekki er hægt að halda betur á fjármálunum og eyða minnu en nú er gert. Ég skal játa það, að núv. ríkisstj. hefur enga aðstöðu til þess að endurskoða kerfið eða gera verulegar sparnaðarráðstafanir, því að það er ekki hægt nema með lagabreytingum. Þess vegna er ekki hægt að ætlast til þess af henni, að hún geti gert miklar breytingar hvað eyðslu snertir í þetta sinn. Hitt skulum við líka gera okkur ljóst, að nær þriðjungur af öllum útgjöldum ríkisins nú er til tryggingamála. Það er búið að stórhækka þann lið. Svo er búið að taka verulegar fjárhæðir, á annan milljarð af sveitarfélögunum, hvort tveggja þetta á drjúgan þátt í að hækka útgjöldin. Auk þess var búið að semja um launahækkanir opinberra starfsmanna, áður en núv. stjórn tók við, þannig að við megum nú ekki eigna

henni meiri heiður af þessum hækkunum heldur en hún á skilið. En tryggingagjöldin hafa hækkað verulega hjá henni og ég greiddi atkv. með þeim. Var búinn að lýsa yfir, að ég mundi gera það. Ég gerði það með allgóðu geði. Mín skoðun á þessu er sú, að við eigum að hafa sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og láta eitt ganga yfir alla. Það má deila um, hvort þau eigi að vera mishá, en við eigum að hafa eitt kerfi. Og þetta lífeyrissjóðskerfi, sem nú er, er fyrir neðan allar hellur. Sumir hafa þreföld eftirlaun. Að verja núna til tryggingamála 5.5 milljörðum og taka svo beint og óbeint af fólkinu og atvinnuvegunum um 3 milljarða í viðbót, það er ofrausn. Og það er engin þjóð í heiminum, sem gerir svona vitleysu. Þess vegna þarf að taka allt þetta kerfi til endurskoðunar. Nú er dollarinn fallinn um líklega 8%. Ég get ekkert sagt um, hvað ríkisstj. ætlar að gera, hvort hún ætlar að láta krónuna fylgja dollaranum, en myndarlega væri það nú gert af henni í ofanálag á þessa snilli í fjármálunum að geta aukið útgjöldin um 46%, án þess að finna upp á neinum nýjum sköttum, ef hún gæti látið krónuna halda gildi sínu, þó að dollarinn dalaði. Við stæðum okkur þá betur en Bandaríkjamenn og ólíkt væri það eða hjá fyrri stjórn. Það mátti aldrei heyrast nefnd gengislækkun úti í löndum, þá hljóp hún til og lækkaði meira heldur en lækkað var þar. En ef ríkisstj. væri nú svo vitur að afnema þessa lífeyrissjóðsvitleysu alla, þá gæti hún á þann hátt sparað útveginum 10% eða sem því svarar, sem dollarinn lækkar, þannig að þá þyrfti hún ekki að elta dollarann. Ég er ekki að leggja ríkisstj. ráð, en ég segi, að mér hefði dottið þetta í hug, ef ég væri ráðh., að koma með þessa till. í ríkisstj., en ég leyfi mér ekki að vera að ráðleggja henni. Ég dáist of mikið að henni fyrir lausn hennar á þessum fjármálum.

Þá er það, hvort eitthvað er hægt að spara. Við höfum verið allrausnarlegir við sjálfa okkur að skammta okkur gott kaup og auk þess ákvað fyrrv. ríkisstj., – það var ákaflega góð stjórn og mild í okkar garð, vildi fara vel með okkur, bæði hækka laun okkar og láta okkur helzt ekki hafa of mikið að gera, – þá var það ákveðið í fyrra, að hver flokkur fengi aðstoðarmann, þannig að það eru fimm aðstoðarmenn til að hjálpa þessum vellaunuðu þm. Þetta eru allt ágætir menn, vel menntaðir og greindir, prýðilegir menn á allan hátt. En satt að segja, þá held ég, að við ættum ekkert að basla við að vera á þingi, ef við þurfum alltaf að fá lánsvit til að semja einhverja smátillögu og þar að auki er lítið gert með þessar till. Yfirleitt vöndumst við því nú í stjórnarandstöðunni, að allt væri drepið, sem við komum með, og þegar maður er kominn í stjórnaraðstöðu, þá má helzt ekki koma með neitt nema með leyfi ríkisstj., svo að ég satt að segja held, að þessir aðstoðarmenn hljóti að hafa heldur létt eða þá við erum með fádæmum miklir skussar. Ég hef aldrei óskað eftir aðstoðarmanni.

Hitt er svo annað mál, að í fjármálakerfinu er ýmislegt að gera, ef einhverja ráðdeild á að nota. Nú ætlar ríkisstj. að bæta á sig allmiklum störfum. Þar á meðal er hún búin að taka helming af sjúkrasamlagsgjöldunum og lögregluþjónustuna út um landsbyggðina. Það er orðið fullt af lögregluþjónum. Þetta er allmikil atvinnubót út um sveitirnar. Ég held, að það séu 10–11 í sumum héruðunum, sem mæta, þegar böll eru, og eru þá að taka í lurginn á mönnum, ef þeir haga sér eitthvað illa, og það er ekkert um það að segja. Ég held, að þeir séu bara óþarflega margir, og ég held, að það mætti spara töluvert á þessum lið, ef ráðdeild væri notuð. Svo eru þeir að taka að sér sjúkrasamlögin meira og minna. Það hefur verið þannig, að ef ríkið tekur eitthvað að sér, þá hefur það oftast nær orðið heldur dýrara. Það urðu breytingar á þessum sjúkrasamlagslögum fyrir skömmu. Einingarnar voru gerðar stærri. Út af fyrir sig er ekki nema gott um það að segja að vissu marki, en það brá bara svo við, að þá flugu sjúkrasamlagsgjöldin upp, a. m. k. í minni sveit. Vera má, að fleira hafi komið til heldur en ill stjórn. En þegar þetta var komið í eitt kerfi, hvert hérað, þá voru það læknirinn og sýslumaðurinn, sem höfðu með þetta allt að gera. Bændurnir voru settir út í horn í þeim málum og gjöldin flugu upp, og eru orðin veruleg byrði á héruðunum. Það er ekkert nema gott um það að segja, að ríkisstj. vill létta þessum byrðum af okkur. Við skiljum ekki fullkomlega, hvað mikill munur er á kostnaðinum hjá okkur í sjúkrahúsum úti á landi og hér í höfuðborginni. Það var eitthvað hátt á 3. þúsund, kostnaðurinn við mann á dag á Landsspítalanum, en hjá okkur norður á Blönduósi eitthvað 1 100–1 200.

Ég hygg, að það væri ærið starf svona í 1–2 mánuði og væri ekki vitlaust að taka einhvern af þessum aðstoðarmönnum, sem eru að hjálpa okkur hér í þingflokkunum, til að athuga það, hvort ekki væri hægt að reka þetta af meiri hagkvæmni. Einn maður var úr mínu héraði á spítala hér s. l. ár, og það kostaði milljón að borga með honum. (Gripið fram í.) Já, hann er víst lifandi enn. Ég held því, ef ríkisstj. ætlar að fara að sjá um þessa hluti, að henni veitti ekkert af að fá einhverja aðstoðarmenn til þess að líta eftir þessu öllu saman, og er ég ekki að gera neitt lítið úr henni, en fjmrh. getur ekki snúizt í öllu og félmrh. hefur mikið að gera líka.

Þá er nú blessað skólakerfið, sem er orðið alldýrt. Háskólinn stækkaði óðfluga hjá fyrrv. menntmrh., sem eðlilegt er, því að það er hámenntaður maður og fjölgáfaður og vill gera okkur Íslendinga sem allra vitrasta. Mér er sagt, að lektorar og prófessorar, það eru alls konar vegtyllur, sem þeir hafa þarna, séu orðnir eitthvað 250–260 og kenni einn tíma á dag eða eitthvað 4–5 tíma í viku. Eðlilegt að erfiðismennirnir vilji stytta vinnutímann. Enda er það nú svo, að það var aðalástæðan fyrir vinnustyttingunni, að þessir menntamenn, þessir með hvíta flibbann, ynnu ekki lengur og þá vildu hinir, sem voru með skóflu og gaffal í hendinni, eðlilega ekki vinna lengur heldur. Hitt er mín reynsla, að það líffæri, sem fyrst þreytist, sé heilinn, þannig að ég vil heldur vinna 10 tíma með höndunum heldur en 8 tíma með heilanum. Þetta er ákaflega fíngert líffæri sem er vandfarið með, þessi heili.

Vera má, að mér hafi orðið yfirsjón á að vera einn á móti þessum viturlegu lögum um, að menn ættu ekki að vinna nema 37 tíma og 5 mínútur á viku, en ég hitti einn mann, ég hitti marga, ég borða á veitingastöðum og er ræðinn og mannblendinn og ræði oft við vinnuveitendur, ef ég hitti þá og verkamenn líka. Ég var nú að tala við einn, sem hefur málningarverksmiðju hér. Hann flytur málningu til Rússlands eða hans verksmiðja. Hann sagði mér, að nú ætlaði fólkið hjá sér að fara að vinna 4 daga í viku, og konurnar væru farnar að kvíða því að hafa mennina heima 3 daga vikunnar,

enda sér það hver heilvita maður, að hjónaböndin fara út um þúfur með slíku, því að hjón, sem ekkert hafa að gera í 3 daga vikunnar, vitanlega fara að jagast og svo fer maðurinn út og drekkur sig fullan og þar fer fjögurra daga kaupið, svo að ég get nú vel trúað því, að núv. ríkisstj. hafi allmarga hjónaskilnaði á samvizkunni eftir tvö ár.

Ég hitti vin minn norðan af Skagaströnd, við borðuðum saman. Hann var lítið hrifinn af þessari vinnustyttingu og sagði, að fólk fyrir norðan væri engan veginn þakklátt fyrir þetta. Það hefði heldur viljað 10% hærra kaup, svo að það getur nú kannske farið eins og oft áður, að ég hafi rétt fyrir mér, en þið hafið sofið á verðinum.

Hvað sem þessu líður, þá er ákaflega æskilegt að geta sparað eitthvað. Það eru tvenn útgjöld, sem mér líkar sérlega illa á núv. fjárlögum. Það er í fyrsta lagi launaskatturinn, og ef atvinnurekendur slyppu við hann, þá væru þeir hólpnir, þó að krónan væri ekki lækkuð í samræmi við dollarann. Hann er nú orðinn 2½%. Fyrrv. ríkisstj. á heiður af því að hafa komið honum á. Hann var hækkaður um 1½% í fyrra og ekkert lækkaður nú. Þar eru teknar af atvinnuvegunum 700–800 millj. Það væri gott bæði fyrir launþega og atvinnurekendur, ef hægt væri að losa þá við þetta. Ég álít enn fremur, að óhagkvæmt sé fyrir launþega að fá ekki að draga frá útsvar og skatta frá fyrra ári. Þeir þurfa að borga þessa skatta og maður með meðallaun, við skulum segja 500 þús., þarf að taka þetta af tekjum sínum. Þetta gerir manni ekkert til, sem hefur 1 000–1 500 þús. kr. í nettótekjur, en það gerir manni til, sem kemst rétt af. Satt að segja veit ég ekki, hvernig maður með stóra fjölskyldu kemst af með 350 þús. kr., þó að hann sé búinn að borga útgjöldin þar fyrir utan. Ef hægt væri að gera þessar umbætur á skattalögunum, þá álít ég, að launþegar mættu vel við skattana una. En þetta verður ekki gert nema með því að draga eitthvað úr útgjöldunum. Ég hafði hér framsögu með þessa báta, og þær eru eigi stór liður af útgjöldunum, en ég var að finna að því, að ég taldi, að hægt væri að reka tvo þeirra á annan og hagkvæmari hátt heldur en gert var. Ég varð fyrir aðfinnslum, að ég hefði verið að mæla á móti mínum eigin tillögum. Þetta var ég engan veginn að gera. Ég álít t. d., að það hefði verið æskilegt, að núv. formaður fjvn., hefði tekið fjárlögin í gegn og bent á allt, sem betur hefði mátt fara, ekki í þeim tilgangi, að það væri hægt að breyta því nú, heldur í framtíðinni. Við vitum, að það er ekki hægt að breyta þessu á svipstundu, það þarf að breyta lögum og undirbúa málið. Það hefði verið æskilegt, að hann hefði haldið ræðu yfir okkur í hálfan eða heilan dag um það, hverju hægt væri að breyta og við mundum hlusta á það með athygli, þannig að ég álít, að ég hafi verið þarna á réttri leið að benda á það, sem ég og aðrir í n. álitum, að hægt væri að breyta til bóta. Ég veit, að það eru margir liðir, sem má koma fyrir á annan og hagkvæmari hátt en gert er. Það hefur verið hamazt við t. d. að byggja heimavistarskóla fyrir börn í ýmsum héruðum. En það getið þið séð, ef þið viljið reikna vexti af upphæðinni, sem lögð er í þessa heimavistarskóla, að þetta er mun dýrara heldur en farskólarnir. Vextir af 40 millj. kr. heimavistarskóla eru 3–4 millj. og þar að auki er sízt betri kennsla í þessum heimavistarskólum heldur en var í gömlu farskólunum, þannig að það er ýmislegt, sem við höfum gert í þessum menntamálum okkar, sem við græðum ekki peninga á. Svo er Háskólinn. Ég er ekki viss um, að það sé svo hagnýtt allt, sem kennt er þar. Hins vegar erum við í vandræðum úti á landsbyggðinni að fá hæfa menn til að stjórna okkar atvinnumálum. Það væri ákaflega gott og væri mikið stórvirki í viðbót við öll önnur stórvirki, sem okkar ágæta ríkisstj. hefur unnið, að hún sendi svona 60–70 af þessum herrum þarna í Háskólanum út á landsbyggðina til þess að manna okkur og kenna okkur, hvernig við ættum að reka okkar atvinnuvegi, t. d. ef við fengjum fáeina hagfræðinga og viðskiptafræðinga til að gera út fyrir okkur bátana og stjórna sveitarfélögunum og þeir gætu kannske eitthvað leiðbeint okkur bændum við heyskapinn. Þetta væri ekki lítil menning fyrir okkur úti á landsbyggðinni. En hins vegar mundi það létta á útgjöldum ríkissjóðs, ef breyting yrði á þessu. En ég er ekki í vafa um það, að það mætti fjölmargt spara þjóðinni að skaðlausu í útgjöldum ríkissjóðsins. T. d. voru tveir af okkar ágætustu mönnum að deila um þessa heiðursrithöfunda eða hvers konar menn voru þetta þarna á skjalinu. Það eru einhverjir ritsnillingar, sem eiga að fá heiðursverðlaun. Satt að segja held ég, að það vaxi nú enginn af því, þó það sé verið að gefa honum 100–200 þús. kr. Ég ætla að greiða atkv. á móti þessari till. Sumt af þessu eru stórríkir menn og ég held, að þeir séu nógu frægir og verði lítið frægari, þó að við látum hvern þeirra fá 175 þús. Hvað ætli Kiljan verði frægari fyrir það, heimsfrægur maður, og á vafalaust margar millj. í góðri mynt úti í löndum? Og svo eru þessir fátæklingar hér, sem hafa rétt að éta, að reyta úr sinni pyngju í hans sjóð. Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til þess. Það mætti skera margt niður og margt mætti betur fara. En það yrði of langt mál að fara út í það nú. Við gætum fyrst og fremst sparað þessa aðstoðarmenn okkar, þessir þingflokkar. Svo gætum við sparað þessi blessuð heiðurslaun. Við erum að ausa tugum milljóna í skógrækt, þó að það sé vitað mál, að það muni aldrei þrífast skógur á Íslandi. Það er allt í lagi, að menn dundi við að rækta garðholu í kringum bæinn sinn og héruðin geta haft gaman af þessu og það getur verið mannrækt svolítil í þessu, ef þetta yrði héraðsmál. En alveg er ástæðulaust fyrir ríkið að vera að basla við að ausa tugum milljóna í þetta. Kaupa jarðir og leggja þær í eyði og þykjast ætla að rækta skóg, sem aldrei verður neinn skógur.

Klak fór ríkið að reka hér uppi í Kollafirði og ég veit ekki, hvað það er búið að kosta marga tugi millj. Það hefði áreiðanlega verið hægt að gera þetta ódýrara, ef einstaklingur hefði verið styrktur til þess. Svo hefur verið ausið í ýmislegt beint og óbeint frá ríkinu, sem er ekki nógu góð stjórn á. Svona má fjölmargt telja. Ég ætla ekki að vera að fara út í það nú, en ég held, að það væri miklu meiri þörf fyrir það, að fjmrh. fengi einn snjallan aðstoðarmann til þess að líta eftir fyrirtækjum og öðrum rekstri, hvort það gæti ekki verið gert á eitthvað hagkvæmari hátt en gert er, heldur en hafa 5 aðstoðarmenn hjá okkur, 7 menn í stjórn Framkvæmdastofnunar til þess að útdeila 150 millj. á ári eða 200 í mesta lagi, og svo 3 menn til að undirbúa, hvernig þeir eigi að úthluta því í þeirri stofnun, alls 10 fyrir utan allt þetta blessað starfslið og sjálfsagt tölvu líka, sem þeir eiga að láta reikna út. (Gripið fram í.) Já, já, ég tel

það meira jákvætt en neikvætt, en ég tel, að þessu hefði einnig mátt haga á annan veg, – þannig að ég vona, að þegar við komum saman á næsta þingi, fáum við fyrst að ræða frv. við 1. umr. og að öðru leyti verði það vel rannsakað, hverju hægt væri að koma fyrir á hagkvæmari hátt. Hins vegar er ég búinn að lýsa því yfir í mínum flokki, en ég er nú að halda þessa ræðu, af því að ég næ ekki til nema míns flokks inni í flokksherberginu, en við erum þrír, flokkarnir, sem styðjum þessa ágætu stjórn, og þess vegna fór ég að halda þessa ræðu m. a. hérna. En ég var búinn að lýsa því yfir inni í flokksherberginu, að í þetta sinn mundi ég greiða atkv. með fjárlögunum hvað vitlaus sem þau væru og ég stend við það.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að ræða almennt um fjárlögin, enda hefur það verið gert nokkuð mikið hér í dag, m. a. af síðasta ræðumanni. En ég vil taka undir það með honum, hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég teldi það til bóta, ef það fyrirkomulag væri tekið upp, að almennar umr. gætu orðið í þinginu um fjárlögin við 1. umr., þó að það hafi nú ekki tíðkazt síðan útvarpið kom til sögunnar. Mitt erindi hingað upp í ræðustólinn var nú í fyrsta lagi að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. eða sjútvrh. Í brtt. frá fjvn. á þskj. 243 er í 35. tölul. á bls. 3 gert ráð fyrir verðuppbótum á línufisk, 20 millj. kr. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort ekki megi gera ráð fyrir því, að hér sé um að ræða verðuppbætur á línufisk á öllum tímum árs. Fsp. er um það.

Eftir að hafa lesið fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú við 2. umr., og eftir að hafa lesið þær brtt., sem fram hafa komið hér í dag frá einstökum þm., aðallega frá þm. úr stjórnarandstöðunni, en einnig frá öðrum þó, þá hef ég ákveðið að flytja tvær brtt. við frv. og eru þær nú reyndar ekki um háar fjárupphæðir. Önnur þessara brtt. er prentuð á þskj. 274. Það er III. tölul.: Til viðhalds og varðveizlu gamla prestssetursbússins á Sauðanesi á Langanesi, sem byggt var úr íslenzkum steini um 1880. Ég veiti því athygli, að fjvn. hefur að þessu sinni lagt til, að dálitlar fjárupphæðir, að vísu ekki háar, verði veittar til þess að halda við gömlum húsum á ýmsum kirkjustöðum. Það er að sjálfsögðu liður í þeirri viðleitni að varðveita þjóðlegar minjar. Ég tel, að þessi till. sé sama eðlis. Það er ekki farið fram á mikið. Till. er um 50 þús. kr. Þetta prestssetursbús, sem ég nefndi hér, er, eins og í till. stendur, byggt um 1880. Sá, sem lét byggja húsið, var séra Vigfús Sigurðsson, sem þá var prestur á Sauðanesi, mikill framkvæmdamaður. Hann lét einnig byggja kirkju á staðnum, sem enn stendur. Þetta hús var ekki byggt úr venjulegu efni, eins og prestssetur gerðust þá, ekki baðstofa og ekki timburhús og ekki heldur úr músteini innfluttum, heldur var húsið byggt úr tilhöggnu grjóti, sem numið var á ýmsum stöðum þar í sveitinni, og m. a. var einhver partur af því tekinn úr huldufólkssteini, en því varð nú að hætta, því að huldufólkið sá um sig. Í þessu húsi hefur verið búið fram á síðasta áratug eða réttara sagt næst síðasta, fram undir 1960, en þá var byggt nýtt hús yfir sóknarprestinn og síðan hefur ekki verið búið í húsinu. Og það er eins og auðvitað er um hús, sem ekki er búið í, að þau liggja undir skemmdum, og þetta hús er nú farið að láta á sjá nokkuð, en er þó reisulegt og það eru margir, sem hafa áhuga fyrir því, að því verði haldið við sem fornminjum. Ég hef á sínum tíma ritað þjóðminjaverði um þetta, og einnig rætt um það við hann oftar en einu sinni, en hann hefur borið við fjárskorti. Því er nú þessi brtt. fram lögð. Ég sendi erindi um þetta til fjvn., en það skal játað, að það var sent nokkuð seint. Ég vona, að það verði tekið vinsamlega í þessa litlu till.

Hér er nú farið að ræða um heiðurslaun til rithöfunda, og í frv. er þegar gert ráð fyrir heiðurslaunum til allmargra og fram eru komnar hér á fundinum a. m. k. tvær till. um slík heiðurslaun til rithöfunda, sem ekki hafa hlotið þau áður. Ég hef nú ekki lagt það í vana minn að skipta mér af því, þegar þessir bókmenntastyrkir hafa verið hér til meðferðar á Alþ., og ég veit nú ekki, hvaða leiðbeinanda hv. fjvn. hefur á undanförnum árum haft í íslenzkri bókmenntasögu eða bókmenntum við úrval sitt. En þegar ég var nú að lesa þetta yfir, kom mér í hug einn maður, sem mér finnst, að kannske hefði átt áður að vera búinn að fá þessi heiðurslaun ekki síður en aðrir. Sá maður, sem ég þar á við, er nú löngu þjóðkunnur og var þegar orðinn það, þegar ég var ungur að árum. Það er ljóðskáldið og rithöfundurinn Jakob Thorarensen. Jakob Thorarensen varð 85 ára á þessu ári. Fyrsta bók hans, ljóðabókin Snæljós, kom út árið 1914. Síðan komu út nokkrar aðrar ljóðabækur á árunum kringum 1920, sem nú eru þjóðkunnar, eins og Sprettir, Kyljur, Stillur, Fleygar stundir og fleiri. 1906 kom út ritsafnið Svalt og bjart, í tveimur bindum. Annað bindið er ljóð, en hitt eru smásögur, því að hann er líka einn af okkar snjöllustu smásagnahöfundum. Ég hygg, að alls hafi komið frá hans hendi, a. m. k. 17 bækur fyrir utan ritsafnið, sem ég nefndi áðan, og má vera, að þær séu fleiri. Ég minnist þess a. m. k. frá því fyrir 50 árum, að þá var það algengt, að fólk á ljóðelskum heimilum kynni mörg af kvæðum Jakobs Thorarensen og það kann þau enn, sem uppi stendur.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það getur vel verið, að það væri rétt að hafa þetta á þá lund, sem hæstv. menntmrh. hefur stungið upp á. Um þann ágreining, sem ríkir á milli hans og hv. 1. þm. Sunnl. um skilning á till., sem borin var fram, má sjálfsagt deila, en út í það skal ég ekki fara. En till. eru hér uppi um heiðurslaun til einstakra manna og í framhaldi af því vil ég leyfa mér að leggja þessa till. fram skrifl. og bið hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 277) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir tveim litlum brtt., sem ég flyt á þskj. 245 og þskj. 275. Á þskj. 245 er till. um heimild til að verja allt að 15 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu skólaíþróttahúss við Hamrahlíð í Reykjavík. Það, sem fyrir mér vakir með þessum tillöguflutningi, er í stuttu máli betri nýting á almannafé um leið og bætt er úr brýnni þörf tveggja skóla fyrir íþróttahúsnæði.

Það má segja, að mér renni blóðið til skyldunnar, er ég flyt þessa till., þar sem ég hef um skeið samtímis átt sæti í stjórn Foreldrafélags Hlíðaskóla og foreldraráði Hamrahlíðarskóla. Þess vegna er það e. t. v., sem mér

hefur komið í hug, að leysa mætti mál beggja þessara skóla samtímis og þess konar lausn gæti e. t. v. orðið til þess að flýta fyrir því, að báðir skólarnir fengju einhverja úrlausn sinna mála að þessu leyti. Hlíðaskóli, sem er barna- og gagnfræðaskóli við Hamrahlíð, hefur verið starfræktur í Reykjavík um margra ára bil, og allan þann tíma hafa nemendur hans sótt íþróttir, leikfimikennslu, í íþróttahús Vals, sem er sunnan við Reykjanesbraut, hættulega umferðargötu. Þarf ekki að orðlengja það, að ekki er fýsilegt að senda lítil börn til leikfimikennslu við þessar aðstæður oft í illviðri og myrkri yfir mikla umferðaræð. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar – í frv. til fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar er nú lagt til, að 10 millj. kr. verði varið til byggingar íþróttahúss Hlíðaskóla. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð voru nemendur síðasta ár um 700 talsins. Í þeim skóla hefur leikfimi ekki verið á stundaskrá nemenda frá því, er hann tók til starfa, vegna þess að húsnæði skorti til þess. Í næsta áfanga Hamrahlíðarskóla átti að reisa íþróttahús. Till. um 41 millj. kr. fjárveitingu til þess áfanga var fram borin af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni við 2. umr. fjárlaga og felld. Nú langar mig til að gera ýtrustu tilraun til að þoka þessum aðkallandi málum áleiðis með sem skjótustum hætti. Ég hef í hyggju að flytja þáltill. ásamt fleiri hv. þm. um sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Hamrahlíðarskóla. Um er að ræða tvo skóla hlið við hlið. Báðir hafa aðkallandi þörf fyrir íþróttahús, en annar er rekinn af ríki og hinn af borg. Báðir eiga rétt á íþróttahúsi, en frá sjónarmiði hins almenna skattborgara virðist það vera einkennileg niðurstaða að byggja tvö íþróttahús hlið við hlið, aðeins vegna þess að annar skólinn sé rekinn af ríki, en hinn af borg.

Í þessu tilviki hagar svo til, að þarna er kjörið tækifæri til samstarfs ríkis og borgar um hagkvæma lausn aðkallandi máls fyrir báða aðila. Sýnist sú stærð íþróttahúss, sem fullnægði þörf beggja skólanna, einnig hafa þann kost að nýta mætti húsið til kappleikjahalds utan skólatíma. Ætti að vera unnt að hafa í slíku húsi tvo samliggjandi sali með lausu, færanlegu skilrúmi, þannig að auðvelt væri að breyta leikfimisölum beggja skóla í einn sal. Vitanlega mundi svo Reykjavíkurborg taka að sínu leyti og lögum samkv. þátt í kostnaði í þeim hluta hússins, sem yrði hennar eign í þessari stofnun. Ég hef rætt mál þetta við skólastjóra beggja þessara skóla, sem vonast til þess, að till. geti orðið til þess að þoka málum þessum til raunhæfrar lausnar sem fyrst.

Ég veit það, að ég þarf ekki að færa rök fyrir því hér í þingsölum, að enn er í fullu gildi hið forna spakmæli „heilbrigð sál í hraustum líkama“, og ég vonast til þess, að með samþykkt þessarar till. geti hv. þm. stuðlað að því, að nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð verði hressari og hraustari og djarfari til átaka við verkefni komandi ára. Með því að samþykkja þessa till. verður fyrr hægt að hefjast handa, ef fróðustu aðilar telja það hagkvæmt, að þessir tveir aðilar, ríki og borg, hafi samstarf um að leysa þetta mál. Ég legg áherzlu á, að þessi till. er sparnaðartillaga í þessum fjárlögum, sem hér eru um rædd, og vonast til, að hæstv. fjmrh. hafi það í huga, þegar til atkvgr. kemur á morgun.

Ég hef leyft mér að flytja aðra brtt. á þskj. 275. Hún er við 20. lið á þskj. 243, fyrir 1 500 komi 1 800 þús. Það er um styrk til Sumargjafar. Till. mín er um það, að við liðinn bætist einnig, að 1 500 þús. verði varið til Fóstruskóla Sumargjafar og 300 þús. verði rekstrarstyrkur til Sumargjafar. Þegar þessar brtt. frá fjvn. komu inn í þingsali nú fyrir nokkrum dögum með þeirri till., að kr. 1 500 þús. verði veitt til Sumargjafar, var mér tjáð, að þá mundi hafa verið sinnt að fullu erindi félagsins varðandi Fóstruskólann. Það er hins vegar á misskilningi byggt eða máske, að ég hafi misskilið þær upplýsingar. Hvort heldur er, þá er það einsýnt, að nauðsynlegt er fyrir Fóstruskóla Sumargjafar að fá þá lágmarksfjárhæð, sem hann telur eðlilega til rekstrar skólans á næsta ári. Og ekki þarf að orðlengja, að það er tómt mál að tala um fjölgun dagvistarplássa, byggingu fleiri dagheimila, bæði í Reykjavík og úti um allt land, ef við höfum ekki á að skipa nægilega mörgum menntuðum starfskröftum til að annast þetta starf, sem við ætlum, að fram fari í þeim stofnunum.

Ég tek fram, að Reykjavíkurborg leggur helming á móti framlagi ríkisins í þessu skyni, og þó eru í Fóstruskóla Sumargjafar menntaðar fóstrur fyrir allt landið. Og vitanlega þarf heldur ekki að taka fram, hvílíkan skerf Reykvíkingar leggja til í framlagi ríkisins, sem veitt er til þessa máls eins og annarra á fjárlögum. 300 þús., sem við upphæðina í till. bætast, eru svo hinn fasti rekstrarstyrkur til Barnavinafélagsins Sumargjafar, en ef hann gengur inn í upphæðina, sem fjvn. lagði til, þá verður framlagið til Fóstruskólans lægra heldur en sú lágmarksfjárhæð, sem stjórn Sumargjafar telur nauðsynlega til rekstrar Fóstruskólans. Þar við bætist, að í erindi menntmrn. til fjvn. var fram á það farið, að tekið væri tillit til rekstrarhalla, sem hefur verið allmikill á undanförnum árum og fer vaxandi, en með þessari fjárveitingu ætti nauðsynlegri fjárþörf Fóstruskólans að vera fullnægt í bili.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þeirra till., sem hv. síðasti þm. var hér að gera grein fyrir, vil ég aðeins taka það fram, að ég mun styðja þær till. og tek einmitt undir röksemdafærslu hennar fyrir þeim till. Ég vil jafnframt lýsa yfir stuðningi mínum við till. hv. 1. þm. Norðurl. e., fyrri till. hans, og ég held, að við getum ekki verið það litlir menn hér á Alþ., að við getum ekki leyft okkur að veita 50 þús. kr. til varðveizlu þessara merku minja, sem hann einmitt getur um og leggur till. fram um, að varðveittar verði.

Full ástæða væri til þess að tala langt mál og halda langa ræðu um mál hv. 3. þm. Norðurl. v., og þó að ég fari nokkrum orðum um það, þá sé ég ekki, að ég þurfi neitt að skammast mín fyrir það, þótt hann sé ekki mættur hér í þingsal, vegna þess að ég veit, að þessi hv. þm. gengur nú um meðal þeirra þm., sem ekki eru í sal, og spyr: Hvernig þótti ykkur snilld mín í þessari ræðu, sem ég flutti hér áðan? Að sjálfsögðu verða svörin við þeirri spurningu hans, sem hann hefur spurt þm. á undanförnum 12 árum, á þessa leið: Þín snilld er mikil og enginn er þér líkur, Björn bóndi. Það væri vissulega ástæða til þess að taka upp mörg af orðum hans, sem hann viðhafði í sinni ræðu hér. Margir munu álíta, sérstaklega fólk, sem á áheyrendapöllum er, og kannske nýrri þm., að hér sé um mesta háðfugl þingsins að ræða. Svo er alls ekki. Þetta er líklega raunsæjasti þm. stjórnarliðsins í dag og var raunsæjasti þm. stjórnarandstöðunnar á sínum tíma, vegna þess að hann hefur

vit á því að vera alltaf með, þegar á þarf að halda, með sínum flokki, en hins vegar, ef ekki þarf á að halda, er hann á móti til þess að skapa sér sína sérstöðu. Þetta hefur hann leikið í mörg ár og gerir enn. Þess vegna leyfir hann sér það hér í dag að tala um bæði stóra skatta ríkisstj., sem er vissulega satt og rétt hjá honum, og hann talar um það, sem hlýtur að vera samkv. hans röksemdafærslu, að von sé á aukningu hjónaskilnaða hér á landi vegna stefnu ríkisstj. Ég skal ekki draga það í efa. Ég tel það mjög mikið rétt, að flestar þær ákvarðanir, sem ríkisstj. hefur tekið fram til þessa, muni yfirleitt hafa áhrif á heimilislíf fólks í þessu landi, og má þakka fyrir, ef þar ekki reynir svo mikið á, eins og hv. þm. stjórnarflokkanna, Björn Pálsson, hefur þegar getið um.

En anzi er það skrýtið, þegar þessi hv. þm. talar um það í vælu- og skælutón, að fyrrv. ríkisstj. hafi lagt á svo og svo mikla skatta, og talar m. a. um launaskatt 2½%. Því í ósköpunum leggur þessi þm. ekki fram till. um það, að þessi skattur verði lækkaður nú? Nú hefur hann tækifærið, nú hefur hann flokkana sína í ríkisstj., nú getur hann gert þetta. Meira að segja hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., sem stendur þarna brosandi við útvegg, hann gæti stutt hann í þessu. Þetta er maðurinn, sem hefur flutt þessa till. með honum áður. Nú er tækifærið.

Það er alleinkennilegt í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga, þegar hv. meiri hl. leggur okkur hér á borð áætlaðar tölur, ekki aðeins um hvað þjóðarframleiðslan verði, heldur einnig um þær tekjur, sem við munum hafa af annarri starfsemi. Ég hef hlustað á það í dag, að það var m. a. gerð áætlun um það, hvað þjónustustarfsemin mundi gefa okkur á næsta ári. Hafandi það í huga, að þjónustustarfsemin er að miklu leyti byggð upp á tekjum af okkar flugi, hafandi það í huga, að þessir sömu aðilar hafi kannske eyðilagt það bezta af því, sem við gátum haft úr úr fluginu og þeirri þjónustu, sem við eigum að geta veitt á Keflavíkurflugvelli, með því að víkja frá sér þeim stuðningi, sem við gátum haft í sambandi við fullkomnun flugbrautanna í Keflavík, þá er það, finnst mér, anzi skrýtið, þegar þessir sömu menn telja, að þessi tekjuliður, þjónustustarfsemi m. a. af þessari grein, muni ekki aðeins standa í stað, heldur muni hún einnig aukast. Svona má lengi telja. Það er talað um, að verðlag sjávarafurða verði það sama og fari hækkandi. Þetta er áætlað hjá þeim. Þeir kannske taka það ekki með í reikninginn, að samkv. þeirri ákvörðun, sem þeir sjálfir hafa tekið og reyndar við munum standa að með þeim í sambandi við útfærslu landhelginnar, þá eigum við það í vændum að lenda í stórkostlegu viðskiptastríði við aðalviðskiptaþjóðir okkar. Hvaða áhrif hefur það á þessa áætlun, sem þeir hafa lagt fram nú til fjárlaga fyrir árið 1972?

Þessi sami hv. þm. (BP) minntist nokkuð á það, að fyrir liggur nú fyrsta gengislækkun þessarar ríkisstj. Ég held, að það verði erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að komast hjá því að viðurkenna þá staðreynd, sem fram undan er, að það verður að lækka gengið, a. m. k. gagnvart dollar. Og hvar eru þá stóru orðin, sem voru hér fyrr á árum, þegar þáv. hæstv. ríkisstj. þurfti að leiðrétta gengið gagnvart gengisfellingu sterlingspundsins? En hvað stendur í Ólakveri? Var ekki þar heitið, að það skyldi aldrei verða gengisfelling hjá núv. hæstv. ríkisstj.? Eða hef ég kannske lesið kverið vitlaust? Ég veit, að hv. formaður þingflokks Framsfl. getur leiðrétt það.

Það voru nú satt að segja alls ekki þessi orð mín nú eða orð hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ollu því, að ég kem nú upp í ræðustól, heldur sú brtt., sem hæstv. menntmrh. bar fram hér í kvöld varðandi heiðurslaun listamanna. Nú legg ég áherzlu á það við ykkur, hv. þm., að sú ríkisstj., sem nú situr við völd hér á Alþ., hefur talið sig og telur sig og hennar stuðningsflokkar helztu stuðningsmenn lista og vísinda, mennta og annars slíks hér á landi, a. m. k. að eigin mati.

Við skulum líka hafa það í huga, að fjárlögin í ár hafa hækkað um fleiri milljarða heldur en nokkru sinni um getur í sögu íslenzkra stjórnmála eða fjármála, skulum við frekar orða það, hér á landi. Hæstv. menntmrh. ber það fram af rausn sinni, að í stað 11 listamanna, sem slíkra heiðurslauna njóti nú, skuli einum bætt við, sem fái 175 þús. kr. til viðbótar. Ég spyr, er það goðgá, þótt ég leyfi mér að leggja fram, sem ég mun gera, brtt. við hans brtt. um það, að þessi fjöldi breytist úr 12 í 15? Ég minntist nokkuð á það í minni fyrri ræðu hér í kvöld, þótt engin till. lægi frammi um það frá mér, að það væri kannske karlmannlegt hlutverk þessa hv. þings, að konur væru á þessum lista, og minntist þar á tvær, sem hafa brotið sér stórmannlega braut, Guðrúnu frá Lundi og Svövu Jakobsdóttur. Hins vegar vil ég benda m. a. á menn, sem þarna eiga heima, án þess að ég geri till. um neitt, eins og Gunnlaug Scheving listmálara, Skúla Halldórsson tónskáld og Val Gíslason leikara, og sjálfsagt má fleiri upp telja. En aðeins til þess að benda á þessa aðila finnst mér, að það sé tímabært, að ég flytji þessa brtt. við till. hæstv. menntmrh., og ég vil leyfa mér að fara fram á, hæstv. forseti, að hún verði þá borin upp og leitað afbrigða, þannig að hún megi koma til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 278) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð vegna ummæla, sem féllu hjá hæstv. menntmrh. hér í kvöld. Út af fyrir sig var það mikils virði, að hann kom hér upp í pontuna og gaf yfirlýsingu um það, hvaða skilning bæri að leggja í þessa till., sem hann hér hefur flutt, vegna þess að till. er það óljós, eins og hún er, að það er ekki hægt að átta sig vel á því, hvað átt er við. En hæstv. ráðh. hefur sagt, að það væri alls ekki meiningin, að menntmn. gerðu till. til hans, til menntmrh., heldur til Alþ. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri venjan, að nefndir gerðu till. til Alþ., en ekki til ráðh. Það er algengt, að nefndir Alþ. geri till. til ráðh. Um það þurfum við ekki að þræta. Og þess vegna er það, að eins og þessari till. er varið, þá var eðlilegt að skilja hana þannig, að menntmn. ættu að gera till. til ráðh. Ef þessi till. verður samþ., er ákveðið, hversu margir skulu vera í heiðurslaunaflokknum. Það hefur einnig verið ákveðið, hversu miklu fjármagni skuli verja í þessu skyni. Það, sem eftir stendur, er það, að menntmn. eiga að gera till. um nýjan mann í þennan flokk, ef einhver fellur út. Það er algengt, að Alþ. samþykkir fjárveitingu í einu lagi, sem á að skipta á milli nokkurra aðila. Það, sem menntmn. ættu að gera samkv. þessari till., ef hún

verður samþ., er það að gera till. um, hvaða menn skuli fara í heiðurslaunaflokkinn. Þegar Alþ. hefur gengið frá fjárveitingunni og gengið frá, hversu margir eiga að vera í flokknum, þá er eðlilegt samkv. till., eins og hún nú er orðuð, að menntmn. sendu till. sínar til menntmrh. og hann úrskurði svo, hvaða maður skuli vera tekinn helzt af þeim, sem till. eru gerðar um, en samkv. orðanna hljóðan væri ráðh. ekki bundinn við það. Þetta ætla ég, að þm. sé alveg ljóst, eins og till. er orðuð, ef engin skýring hefur komið.

Nú hefur hæstv. ráðh. gefið skýringu á því, hvernig beri að skilja þetta, og þau orð verða skráð í þingtíðindum. Af því leiðir, að ég tel alveg ótvírætt, að það liggi nú ljóst fyrir, hvernig beri að skilja þetta, og tel ég þá, að till. sé miklu skárri heldur en ef hún hefði átt að skiljast á annan veg. Eigi að síður tel ég till. mjög gallaða og miklu lakari heldur en að hafa það fyrirkomulag, sem gilt hefur alla tíð, að Alþ. ákveði beinlínis með atkvgr., án þess að till. komi fyrst frá menntmn., hvaða menn skuli teknir þarna inn.

Ég skal viðurkenna það, að það væri eðlilegt, að þessar brtt. væru fyrr á ferðinni, og samkv. þingsköpum væri ekki óeðlilegt, að þeim till., sem einstakir þm. flytja um listamenn, sem óskað er, að verði teknir inn, það væri ekkert óeðlilegt, að þeim till. væri vísað til menntmn. til athugunar, en því er nú ekki að heilsa. Það hefur alltaf verið þannig við fjárlagaafgreiðslu, að slíkar brtt. hafa komið á síðustu stundu. Og við erum nú komnir fram á þennan dag, án þess að illa hafi farið, og ég held, að við hefðum getað haldið alveg áfram á sömu braut, án þess að stofna fjármunum í hættu eða sæmd okkar í hættu. En eins og ég sagði áðan, þá er vitanlega engin ástæða til þess að vera að væna núv. hæstv. menntmrh. um slæmar hvatir í þessu. Mér virðist hann vera hinn prúðasti maður, og ég efast ekkert um, að hann hefur haft þann skilning, þegar hann skrifaði till., sem hann lýsti hér áðan, að mín orð hafi ekki breytt neinu þar um. En ég tel, að mín aths. hafi verið alveg nauðsynleg til þess að fá ótvíræða yfirlýsingu um þetta, ef svo illa skyldi fara, að þessi till. hæstv. ráðh. yrði samþ.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Sunnl. falleg orð í minn garð og eiginlega siðferðisvottorð. En ég verð þó að standa við mína upphaflegu ætlun og lýsa furðu minni á því, að hann telur till. þá, sem fyrir liggur á þskj. 276 svo óljósa, að ómögulegt sé að skilja hana án þeirra skýringa, sem ég hafi veitt hér í minni fyrri ræðu. Ég mótmæli því harðlega, að till. sé svo óljós, að þar sé nokkurt tilefni til að gera ráð fyrir, eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að menntmn. sendi till., sem þær gangi frá, til ráðh. og hann úrskurði svo um þær, því að hér stendur með feitu letri í till. sjálfri: „Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis." Síðan kemur bein upptalning og síðan þessi viðbót, sem er mín brtt. Hvað þarf eiginlega að tala ljóst til þess að hv. þm. skilji?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var eftirtektarvert, þegar hæstv. ráðh. las upphafið að till.: Heiðurslaun listamanna ákvarðist af Alþ. Það er alveg laukrétt. Heiðurslaunin ákvarðast af Alþ., en það segir ekkert í till. um það, að Alþ. skuli ákveða, hvaða menn njóti þessara launa, og ég ætla nú einmitt, að eftir að við höfum fengið þessa skýringu frá hæstv. ráðh., þá sé ekki nokkur maður í vafa um það, að það hafi verið bráðnauðsynlegt að fá hæstv. ráðh. hér upp til þess að gefa þá skýringu, sem hann nú hefur gefið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., enda hafa þær verið með þeim hætti, að það er ekki ástæða til að fara að deila um það, sem á milli hefur borið, því að tækifæri eru jafnan til þess og ekkert óeðlilegt við það. Það eru aðeins nokkrar spurningar, sem var beint til mín beint, sem ég tel mér nauðsynlegt að svara.

Út af fsp. frá hv. 3. þm. Sunnl. um styrkinn til blaðanna, þá vil ég segja það, að um það hefur ekki verið fjallað í ríkisstj., hvernig með yrði farið í sambandi við kjördæmablöðin, en ég geri ráð fyrir, að það verði a. m. k. ekki nema eitt á hvern flokk í hverju kjördæmi, nema það verði þá innbyrðis skipti hjá flokknum, sem gætu komið þar til greina, en um þetta hafa engar reglur verið settar.

Út af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. spurði um í sambandi við uppbæturnar á línufisk, þá er því til að svara, að það er reiknað með, að þær gildi allt árið.

Þá eru það fsp. frá hv. 2. þm. Vestf. Í fyrsta lagi um Póst og síma. Það er ekki gert ráð fyrir því að þessu sinni, að þetta fari út í verðlagið né heldur, að það dragi úr framkvæmdum. Það er vonazt til þess, að stofnunin geti komið sínum málum svo fyrir, að það þurfi ekki að hafa áhrif á þetta, en hennar rekstrarmál hafa verið í skipulagningu og athugun, og því er treyst, að a. m. k. á árinu 1972 verði hægt að koma þessu fyrir án þess að það þurfi að draga úr framkvæmdum.

Í sambandi við söluskattinn leiðir það af sjálfu sér, að með þessum hætti verður hann innheimtur mánaðarlega. Síðari hluta ársins er gert ráð fyrir þessu og þýddi það, að í nóv. yrði október-skattur innheimtur og nóvember-skattur í des. í staðinn fyrir, að hann kemur ekki til innheimtu nú fyrr en í febrúar.

Út af þessu, sem hann spurði um varðandi áfengið og tóbakið, hvernig að því skyldi farið að ná í meiri tekjur og draga þó úr drykkjuskap, þá viðurkenni ég, að hv. þm. kom mér í allmikinn vanda, því að honum er kunnugt um kunnáttuleysi mitt í þeirri fræðigrein. En að því er mér er tjáð nú, er það svo, að til er það, sem kallaðir eru mjög sterkir drykkir, og þeir eru nokkuð dýrir, en þeir hafa hins vegar þá náttúru, að þeir eru ekki sú tegund drykkja, sem gefur ríkissjóði beztar tekjur, því að álagningin á þessa sterku og dýrari drykki er tiltölulega miklu minni en á hina, sem eru vægari, en hún hefur ábyggilega þau áhrif, að drykkjuskapur verður meira áberandi. Þess vegna er það mælikvarði þeirra, sem þekkja þar nokkuð til, að ef mjög mikill hluti af áfengissölu sé farinn að vera þessir dýrustu og sterkustu drykkir, þá sé verðið á áfenginu orðið of lágt og auki um leið drykkjuskap. Þess vegna sé það hagkvæmt að hækka verðið, því að þá verði keypt meira af þeim tegundum, sem ekki eru eins sterkar, en gefa ríkissjóði hins vegar meiri tekjur, og þannig er þetta nú sameinað. **(Gripið fram í:** Á ráðh. við ...) Ég kann nú ekki nema takmörkuð skil á tegundum, en vel má vera, að hann sé þar í.

Svo skal ég enda þessi orð mín með því að þakka hv.

fjvn. fyrir hennar störf og hagsýslustjóra í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga og hv. alþm. fyrir þessa umr., sem hefur farið fram með friði og spekt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 208, n. 236, 243, 244, 245, 249, 267, 269, 271, 274, 275, 276, 277, 278).

ATKVGR.

Frávísunartill. á þskj. 269 felld með 31:6 atkv.

Brtt. 244,1–4 samþ. með 34 shlj. atkv.

– 271,I samþ. með 37:2 atkv.

– 244,5 samþ. með 32 shlj. atkv.

– 243,1–2 samþ. með 44 shlj. atkv.

– 244,6 samþ. með 34 shlj. atkv.

– 243,3–4 samþ. með 49 shlj. atkv.

– 267,I felld með 34:21 atkv.

– 249,I.a–b felld með 32:23 atkv.

– 243,5 samþ. með 40 shlj. atkv.

– 249,II.1 felld með 29:12 atkv.

– 243,6–7 samþ. með 48 shlj. atkv.

– 249,II.2 felld með 30:12 atkv.

– 274,I felld með 32:25 atkv.

– 243,8–12 samþ. með 50 shlj. atkv.

– 244,7–8 samþ. með 37 shlj. atkv.

– 243,13 samþ. með 48 shlj. atkv.

– 278 felld með 33:21 atkv.

– 276 samþ. með 36:20 atkv. og liðurinn þar með ákveðinn.

Brtt. 243,14 kom ekki til atkv.

– 249,III kom ekki til atkv.

– 267,II kom ekki til atkv.

– 277 kom ekki til atkv.

– 243,15–16 samþ. með 51 shlj. atkv.

– 244,9–10 samþ. með 34 shlj. atkv.

– 274,II felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, SM, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, EggÞ.

nei: GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 249,IV felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁH, HBl, SM, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, EggÞ. EBS, FÞ, GH.

nei: GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, EystJ.

JónÁ greiddi ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 243,17 samþ. með 43 shlj. atkv.

– 249,V.1 felld með 30:22 atkv.

– 243,18–19 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 275,a-b felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA.

nei: ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, VH, ÞÞ, EystJ.

SvJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 243,20–21 samþ. með 46 shlj. atkv.

– 245,I felld með 30:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA.

nei: BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EystJ.

GíslG, SV greiddu ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 271,II samþ. með 24:21 atkv.

– 243,22–24 samþ. með 45 shlj. atkv.

– 249,V.2 felld með 31:23 atkv.

– 274,III samþ. með 37:2 atkv.

– 271,III felld með 32:7 atkv.

– 243,25–27 samþ. með 37 shlj. atkv.

– 267,III.1 felld með 32:21 atkv.

– 243,28–29 samþ. með 42 shlj. atkv.

– 244,11 samþ. með 36 shlj. atkv.

– 243,30–34 samþ. með 46 shlj. atkv.

– 244,12 samþ. með 37 shlj. atkv.

– 243,35–38 samþ. með 42 shlj. atkv.

– 274,IV felld með 32:23 atkv.

– 244,13 samþ. með 42 shlj. atkv.

– 243,39–41 samþ. með 48 shlj. atkv.

– 244,14 samþ. með 42 shlj. atkv.

– 249,V.3 felld með 32:24 atkv.

– 244,15–20 samþ. með 38 shlj. atkv.

– 249,VI felld með 35:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁH, HBl, MÁM, AJ, EKJ, PP, PS, RH, StefG, ÞK, BGr, EggÞ.

nei: GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JónÁ, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, MB, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SteinG, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ.

ÓE, SvH, AuA greiddu ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 249,VII felld með 32:24 atkv.

– 244,21 samþ. með 34 shlj. atkv.

– 243,42 samþ. með 38 shlj. atkv.

– 244,22–23 samþ. með 39 shlj. atkv.

– 249,VIII felld með 31:24 atkv.

– 249,IX felld með 31:26 atkv.

– 249,X felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ. EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG,

IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr.

nei: BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EystJ.

GS greiddi ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 244,24 samþ. með 39 shlj. atkv.

– 243,43 samþ. með 47 shlj. atkv.

– 244,25 samþ. með 40 shlj. atkv.

– 249,XI samþ. með 35:7 atkv.

– 244,26 samþ. með 33 shlj. atkv.

– 245,II samþ. með 51 shlj. atkv.

– 267,III.2 felld með 33:22 atkv.

– 274,V felld með 31:23 atkv.

– 249,XII felld með 31:23 atkv.

– 249,XIII felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr.

nei: BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EystJ.

GS, JÁH, StefG, greiddu ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Tveir þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem þáltill. liggur fyrir um þetta efni til meðferðar í þinginu og í trausti þess, að till. fái nákvæma athugun og vinsamlega meðferð, greiði ég ekki atkv. með þessu að þessu sinni.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þar sem heildarfjárveiting hefur verið ákveðin til flugvalla og flugmála yfirleitt, þá sé ég ekki ástæðu til þess að ganga frá aðgreiningu um einn flugvöllinn, og segi nei.

Brtt. 274,VI felld með 31:21 atkv.

– 244,27 samþ. með 32 shlj. atkv.

– 249,XIV felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, EggÞ, EBS.

nei: GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ.

2 þm. (LárJ, MB) fjarstaddir.

Brtt. 244,28 samþ. með 33:10 atkv.

– 249,XV.1–2 felld með 32:26 atkv.

– 245,III felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, HBl, MB, MÁM, AJ, ÓE, EKJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr.

nei: BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, SM, IBJ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, HK, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EystJ.

SvJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (LárJ) fjarstaddur.

Brtt. 243,44.a samþ. með 37 shlj. atkv.

– 271,IV.a samþ. með 42 shlj. atkv.

– 243,44.b–n samþ. með 37 shlj. atkv.

– 271,IV.b samþ. án atkvgr.

– 243,44.o–t samþ. með 37 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er aðeins um atkvgr. Áður en 2. umr. fjárlaga hófst hér á Alþ. þann 14. des., kvaddi ég mér hljóðs til þess fyrir hönd þm. Sjálfstfl. að vara við afgreiðslu fjárlagafrv., eins og til var stofnað. Þegar nokkrir dagar voru til þinghlés, var raunveruleg fjárvöntun í frv. um 3 600 millj. kr. að okkar dómi. Fjmrh. hefur síðan ekki viljað fallast á nema liðlega 3 000 millj. kr. fjárvöntun. Slíkt geysibil útgjalda og tekna er nú m. a. ráðgert að brúa með nýjum tekjum á næsta ári af skattafrv., sem fram hafa verið lögð fyrir viku síðan. Þau eru mjög umdeild og deila fjmrh. og stjórnarandstaðan um það, hvers konar skattahækkanir felast í þeim, og eru þau með öllu óútkljáð og óafgreidd. Stuðningsflokkar ríkisstj. byggja á um þús. millj. kr. nettótekjuauka af skattafrv. til þess að brúa hluta hinnar miklu fjárvöntunar, þótt heildarhækkun tekjuskatta af einstaklingum og félögum nemi nærri tvöföldun eða úr áætluðum 1 680 millj. kr. í 3 127 millj. kr. Samhliða er kaupgjaldsvísitalan fölsuð með því að flytja til persónuskatta, sem áður voru í formi nefskatta. Almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjöld, sem hækkaði framfærsluvísitölu og þar af leiðandi kaup launafólks, eiga nú að innheimtast með auknum tekjuskatti á allan almenning, en sá skattur hefur ekki áhrif á vísitöluna. Loks er aðeins tekjuáætlun á fjárlagafrv. breytt til hækkunar milli 2. og 3. umr. um nálægt 1 600 millj. kr., aðallega áætluð hækkun söluskatts um 1 000 millj. kr. og áætlaðar tekjur aðflutningsgjalda um nærri 400 þús. kr. Hér er ekki ráðgerð nein ný löggjöf. Hér er raunar gert ráð fyrir mjög miklum halla á viðskiptum við útlönd á næsta ári. Að byggja á slíku samsvarar því að stefna að sívaxandi verðbólgu í skjóli óeðlilegrar, vaxandi veltu, eins og nú hagar til í viðskiptalífi landsmanna, samhliða uggvænlegum áhrifum fyrir okkur á alþjóðlegum peningamarkaði. Þegar svo horfir, vilja þm. Sjálfstfl. ekki taka þátt í atkvgr. nú við lokaafgreiðslu fjárlaga. Þeir munu því ekki greiða atkv. Hins vegar hafa þeir unnið að fjárlagaafgreiðslu með eðlilegum og hefðbundnum hætti í fjvn. og með öðru móti.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd þm. Alþfl. vísa ég til þeirrar gagnrýni, sem við höfum flutt á fjárlagaafgreiðslu að þessu sinni, og munum við í samræmi við þann málflutning okkar ekki greiða atkv. um fjárlögin.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 283).

16. Jarðeignasjóður.

Á 29. fundi í Ed., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð [132. mál] (stjfrv., A. 185).

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er um breyt. á lögum um Jarðeignasjóð. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að farið hefur fram athugun á stöðu þeirra bænda í þjóðfélaginu, sem verst eru settir, og var skipuð nefnd í þetta 19. marz í fyrra, og sú nefnd lauk störfum sínum núna í haust.

Við þessa athugun, sem fram hefur farið, hefur það komið í ljós, að nauðsyn ber til að breyta lögunum um Jarðeignasjóð ríkisins í þá átt, að heimild sé til að kaupa jarðir af þeim bændum, sem verst eru settir, á þann hátt, að þeim verði síðar gefinn kostur á að endurkaupa jarðirnar, ef þeir hafa bolmagn til þess. En jafnframt því, sem það er tryggt, er einnig gert ráð fyrir, að þeir hafi lífstíðarábúð á jörðinni, en eigi sem sagt endurkauparétt, ef til þess kemur. Fyrirmynd þessarar hugmyndar er að finna í lögum um Kreppulánasjóð, sem var hér starfandi á árunum 1930–1940, eða 1933 og 1934 mun það hafa verið, en þá átti sér stað slík úrlausn í sambandi við erfiðleika bænda.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 299).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Í lögum um Jarðeignasjóð ríkisins segir í 1. gr., að sjóðnum sé heimilt að kaupa jarðir, svo sem hér segir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, ef eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.

2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði.

3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965.

4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er bætt við 5. tölul., þar sem stendur í 1. gr.:

„Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkv. lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul og erfðaábúð."

Nefnd starfar nú að því að rannsaka efnahag þeirra bænda, sem ekki gátu fengið fyrirgreiðslu í sambandi við breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Það hefur komið í ljós við þessa athugun, að skuldir nokkurra bænda eru svo háar, að óhugsandi er fyrir þá að ætla sér að búa áfram, nema því aðeins að þeir fái meiri fyrirgreiðslu en lögin um breytingar á lausaskuldum í föst lán fólu í sér.

Frv. þetta fjallar um það að heimila Jarðeignasjóði að kaupa jarðir, ef eigandi getur ekki búið vegna skulda, og skal þá leigja honum jörðina samkv. lögum um ættaróðul og erfðafestu. Kaupverð þessara jarða fer eftir samkomulagi, en náist það ekki, þá fer mat fram samkv. 8. gr. laga um Jarðeignasjóð, en samkv. þeirri gr. eru það þrír menn, sem eru tilnefndir til að meta jarðir, þ. e. einn frá fjmrn., annar frá Stéttarsambandi bænda og þriðji er tilnefndur af Hæstarétti.

Eftir því sem mér er tjáð, hafa 18 bændur sótt um það, að Jarðeignasjóður keypti jarðir þeirra vegna fjárhagserfiðleika. En tæplega mun efnahagur þessara bænda vera svo, að þeir teljist allir þurfa þá fyrirgreiðslu, en horfur eru á, að það verði 15–20 bændur, þegar allar umsóknir eru komnar. Það eru hátt á þriðja hundrað bændur, sem nú óska eftir að fá opinbera fyrirgreiðslu á skuldamálum sínum, þ. e. aukin lausaskuldalán og frestun í 5 ár á afborgunum lána hjá Búnaðarbanka Íslands eða stofnlánadeildinni og í þriðja lagi lækkun á skuldavöxtum, en til þess voru veittar 10 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs, eins og hv. þm. er kunnugt.

Eins og fram kemur á þskj. 299, mælir landbn. með samþykkt frv. og leggur enn fremur til, að bætt verði einni nýrri gr. við frv., en það er um gildistöku laganna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 299 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 315).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 185 er frv. til l. um breyt. á lögum um Jarðeignasjóð. Frv. þetta var flutt í hv. Ed. og hefur verið afgreitt frá deildinni shlj.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að við athugun þá, sem gerð hefur verið á stöðu þeirra bænda í landinu, sem verst eru settir, hefur komið í ljós, að nauðsyn ber til að opna þessi lög og heimila Jarðeignasjóði að kaupa jarðir af þeim bændum, sem þess óska, til þess að tryggja það, að þeir geti haldið búskap sínum áfram, og er þá gert ráð fyrir því, að þeir hafi lífstíðarábúð á jörð þeirri, sem þeir selja, og rétt til að endurkaupa hana, ef hagur þeirra batnar. Formið fyrir

slíkum viðskiptum er að finna í lögum um Kreppulánasjóð, sem starfaði hér á árunum 1930–1940.

Það var skipuð nefnd af fyrrv. landbrh. 19. marz s. l., og hún vann að athugun á þessu máli og lauk störfum sínum í haust. Í framhaldi af því var svo ný nefnd skipuð, sem hefur framkvæmd á þessum málum á þann veg, sem fyrri nefndin lagði til. Og samkv. ósk þeirrar nefndar hefur þetta frv. verið flutt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 360).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Í lögum um Jarðeignasjóð ríkisins, sem eru nr. 54 frá 27. apríl 1967, segir í 1. gr., að sjóðnum sé heimilt að kaupa jarðir, svo sem hér segir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, ef eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.

2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði.

3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22 frá 1965.

4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er bætt við 5. tölul., þar sem stendur í 1. gr.:

„Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkv. lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul og erfðaábúð."

Það munu hafa verið svipuð ákvæði í lögum um Kreppulánasjóð, sem var, að ég held, starfandi á árunum 1933 og 1934, og er eflaust hugmyndin um þá lagabreytingu, sem hér er til afgreiðslu, úr þeim lögum komin.

Að undanförnu hefur nefnd starfað að því að rannsaka efnahag þeirra bænda, sem ekki gátu fengið fyrirgreiðslu í sambandi við breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, samkv. lögum um lausaskuldir bænda frá 25. apríl 1969. Það hefur komið í ljós við þá athugun, að skuldir nokkurra bænda eru svo háar, að óhugsandi er fyrir þá að ætla sér að búa áfram, nema því aðeins að þeir fái meiri fyrirgreiðslu en lög um breytingar á lausaskuldunum í föst lán fólu í sér.

Frv. þetta fjallar um það að heimila Jarðeignasjóði að kaupa jarðir, ef eigandi getur ekki búið vegna skulda, og skal þá leigja honum jörðina samkv. lögum um ættaróðul og erfðafestu. Kaupverð þessara jarða fer eftir samkomulagi, en náist það ekki, þá fer mat fram samkv. 8. gr. laga um Jarðeignasjóð. En samkv. þeirri gr. eru það þrír menn, sem eru tilnefndir til þess að meta jarðir, einn frá fjmrn., annar frá Stéttarsambandi bænda, og sá þriðji er tilnefndur af Hæstarétti.

Eftir því, sem mér er tjáð, hafa 24 bændur sótt um, að Jarðeignasjóður kaupi jarðir þeirra vegna fjárhagsörðugleika. En tæplega mun efnahagur þessara bænda vera svo, að þeir teljist allir þurfa að fá þá fyrirgreiðslu. En horfur eru á, að u. þ. b. 20 bændur þurfi slíka fyrirgreiðslu, þegar allar umsóknirnar eru komnar. Það eru nú hátt á þriðja hundrað bændur, sem hafa óskað eftir að fá opinbera fyrirgreiðslu á skuldamálum sínum, auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem þetta frv. felur í sér, þ. e. aukin lausaskuldalán, frestun á 5 ára afborgun lána hjá stofnlánadeild og veðdeild Búnaðarbankans og í þriðja lagi lækkun á skuldavöxtum, en til þess voru veittar 10 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs, eins og hv. þm. er kunnugt.

Eins og fram kemur á þskj. 360, mælir landbn. Nd. einróma með því, að þetta frv. verði samþ., eins og það kom frá Ed.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Landbn. hefur mælt einróma með þessu frv., eins og fram kom í ræðu frsm. n. Ég vil þó láta hér koma fram, að ég lít svo á, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða fremur en framtíðarstefnu, hvað lagasetningu snertir. Eins og frsm. vék að, er nefnd starfandi til þess að endurskoða lög um Jarðeignasjóð ríkisins, lög um ábúð, ábúðarlög, lög um ættaróðul og erfðafestu og fleiri lög, sem skyld eru. Það má ætla, að þau ákvæði, sem hér er um rætt í þessu frv., verði endurskoðuð til samræmis við þá heildarendurskoðun, sem þar fer fram.

Ef um framtíðarstefnu væri að ræða, sem fram kemur í þessu frv., þ. e. að heimila Jarðeignasjóði að kaupa jarðir af bændum, sem vegna fjárhagsörðugleika eru í greiðsluþrotum, þá væri farið inn á varasama braut, ef ekki yrði um leið tryggt til þess sérstakt fjármagn, því að þar með væri verið að gera Jarðeignasjóð að eins konar skuldaskilasjóði, og það er gagnstætt því hlutverki, sem honum var í upphafi ætlað. Það er aðallega þetta, sem ég vildi láta koma hér fram, að verði framhald á þessu ákvæði í lögunum, þá þarf að ætla til þessa alveg sérstakt fjármagn. Til þess að Jarðeignasjóður geti sinnt því hlutverki, sem honum var í upphafi ætlað, en það er, eins og hv. alþm. er kunnugt, að kaupa jarðir og í sumum tilvikum lána sveitarfélögum til að kaupa jarðir af bændum, sem verða að yfirgefa þær, en geta ekki komið þeim í verð með öðrum hætti, þarf hann á sínu fjármagni að halda. Og það hlutverk er mjög þýðingarmikið.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég vil þó aðeins segja það líka, að ef ætti að tíðka þetta í mjög ríkum mæli, fæli það í sér, að margar jarðir bænda kæmust í ríkiseign, og það út af fyrir sig er óheillavænleg þróun að mínu mati fyrir landbúnaðinn. Hins vegar er það talið og kom fram bæði í landbn. og viðræðum við þá menn, sem staðið hafa að því að semja þetta frv., að það sé brýnt úrlausnarefni fyrir fáa bændur í landinu að fá þetta frv. afgreitt nú. Því var það mín afstaða að mæla með samþykkt þess og taka þessi mál á seinni stigum til nánari athugunar, þegar þessi lög koma í heild fyrir Alþ. eftir þá endurskoðun, sem yfir stendur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

17. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt [127. mál] (stjfrv., A. 171).

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 171 hefur ríkisstj. leyft sér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Eins og vænta mátti um mál eins og tekju- og eignarskatt, er það mikið atriði í stjórnmálaákvörðunum hverrar ríkisstj., hvaða stefnu skuli fylgt í tekjuöflunarleiðum. Í stjórnarsamningnum var gefið fyrirheit um að endurskoða skiptingu verkefna og vald á milli ríkis og sveitarfélaga og í öðru lagi endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátar en verið hefur.

Nú var öllum ljóst, að tími sá, sem núv. ríkisstj. hafði til þess að endurskoða svo mikinn lagabálk eins og tekju- og eignarskatt, mundi hrökkva skammt á þessu hausti til þess að ljúka því verkefni fyrir afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni. Nokkur ástæða var þó til að reyna að freista þess, og fljótlega eftir að ríkisstj. kom til valda, skipaði hún nefnd, sem í voru Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. sem formaður, Guðmundur Skaftason endurskoðandi, Magni Guðmundsson hagfræðingur, Gunnar R. Magnússon endurskoðandi og Björn Jónsson alþm. Þessi nefnd hóf störf, fljótlega eftir að hún var skipuð, og hefur hún unnið mikið verk. Enda þótt hún hafi leyst af hendi mikið verk á þessum stutta tíma, er langt frá því, að lokið sé við að vinna það verk, sem þessari nefnd er ætlað, því að það er aðeins á frumstigi, og sá þáttur, sem hér er sýndur, er ekki nema fyrsti þáttur í verkahring þessarar nefndar, og hann er einnig fram settur með þeim fyrirvara, að í framhaldsendurskoðun muni nefndin athuga þær veilur, sem fram kynnu að koma í þessari nýju skattalöggjöf. Ákveðið var, jafnhliða því sem tekjustofnar ríkisins væru endurskoðaðir, að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og tryggingakerfið, því að að dómi ríkisstj. bar nauðsyn til, að þessi endurskoðun færi fram í heild. Svo veigamiklir þættir voru að dómi ríkisstj. samantvinnaðir í þessum þrennum lögum, að ekki væri hægt að endurskoða eina löggjöfina, án þess að önnur væri endurskoðuð líka, því að öllum er ljóst, að skattakerfi ríkisins segir ekki nema hluta af þeirri sögu, hvaða skattheimta það er eða skattar það eru, sem þegnarnir greiða, því að þar koma einnig til greiðslur þeirra til sveitarfélaganna og til tryggingganna. Þess vegna var ákveðið, að þessi endurskoðun færi fram samtímis.

Ég hef látið gera á því nokkra athugun, að hve miklu leyti aðrar þjóðir noti beina skatta í tekjuöflun sinni. Hefur komið í ljós, að Ísland er þar mjög neðarlega. T. d. er Bretland með 44.5%, Noregur 47.4%, Danmörk 48.3%, Svíþjóð 62.5%, en Ísland var komið niður í 22%, en mun nú vera í um 24%.

Á s. l. vori voru samþykkt hér á Alþ. skattalög, sem þáv. stjórnarandstaða hafði ýmislegt við að athuga. Þessi lög höfðu ekki komið til framkvæmda enn þá, og að dómi núv. ríkisstj. bar brýna nauðsyn til að breyta skattalögunum, svo að áhrifa þeirra gætti ekki í skattakerfinu. Þessi ástæða ásamt því að ganga strax til verks í þeirri stefnumótun, sem ríkisstj. hafði markað sér um tekjuöflun ríkisins, varð þess valdandi, að lagt hefur verið kapp á að fá hluta af þessu verki unninn nú og leggja fram þann hluta, sem hér er til meðferðar, og frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er til meðferðar í hv. Ed., fyrir þetta þing og byggja fjárlagagerðina á niðurstöðum af þessari áætlun.

Þau höfuðatriði, sem ríkisstj. ákvað að leggja áherzlu á við endurskoðun á þessum tekjuöflunarmálum, var afnám persónuskatta, sem hafa verið verulegir og farið vaxandi á síðari árum. M. a. vegna aukinnar þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í félagsmálum þjóðarinnar var nauðsynlegt að taka þann þátt inn í tekjuöflunarkerfið. Í öðru lagi var svo að gæta þess, að sköttum af lágtekjum væri mjög í hóf stillt og tilfærsla innan skattakerfisins væri með þeim hætti, að þeir, sem lægri hefðu tekjurnar, bæru þar minni hlutann. Í þriðja lagi var svo talið eðlilegt að taka til athugunar verkaskiptingu á milli ríkisins og sveitarfélaganna. En það er búið að vera alllengi á dagskrá hjá sveitarfélögunum að fá þar breytingu á, þar sem ríkissjóður tæki að sér ýmis verkefni, sem sveitarfélögin hafa áður annazt, og þá var þar fyrst og fremst um að ræða þau verkefni, sem ríkisvaldið ákvarðar alveg um útgjaldahliðina á, eins og almannatryggingagjaldið, lögreglukostnað og sjúkrasamlögin. Sveitarfélögin hafa sótt af miklu kappi á undanförnum árum, að ríkissjóður tæki að sér greiðslu á þessum verkefnum, og auðvitað leiddi það til þess, að tekjuþörf þeirra yrði metin eftir öðrum ástæðum, eftir að þessi breyting hefði verið gerð. Þetta voru þær forsendur, sem eru að þeirri löggjöf eða því frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. og ég mun skýra nokkru nánar.

Í sambandi við fyrsta þáttinn, um afnám persónuskatta, hversu mikils virði það er orðið og yrði á næsta ári, vil ég geta þess, að samkv. þeim upplýsingum, sem mér hafa verið látnar í té þar um, mundu persónuskattar á hjónum, þegar þær breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem nú eru komnar fram á hv. Alþ., kæmu til framkvæmda, ef engu hefði verið breytt um hlutföllin í greiðslunum, vera orðnir 21 900 kr. Einhleypur karlmaður mundi greiða í persónuskatta, almannatryggingagjaldið og sjúkrasamlagsgjaldið, 15 800 kr. og einhleyp kona 13 100 kr. Það er ljóst, þegar þetta er haft í huga, að hér er orðið um verulegar fjárhæðir að ræða, og það skiptir máli fyrir þá, sem litlar sem engar tekjur hafa, eins og t. d. margir unglingar. Gamalt fólk greiðir að vísu ekki þessi gjöld, en fyrir fólk, sem hefur engar tekjur eða litlar, skiptir það verulegu máli, hvort það á að greiða þessa skatta eða ekki. Og t. d. fyrir hjón, sem væru með 2–3 börn í skóla, sem væru komin yfir 16 ára aldur og ekki hefðu tekjur nema að litlu leyti, væri hér

um verulegar fjárhæðir að ræða, sem þessir foreldrar yrðu að greiða.

Jafnhliða þessum breytingum, sem lagðar eru til í þessu frv., að leggja þessa nefskatta niður, þá er og hér á ferðinni frv. um tryggingalöggjöfina, þar sem gert er ráð fyrir lágmarkstekjum til þeirra, sem hafa minnstar tekjur, sem eru 10 þús. kr. fyrir einhleypan og 18 þús. kr. fyrir hjón á mánuði. Þessir tveir þættir, sem fara saman, gerðu það að verkum, að nauðsyn bar til, eins og ég gat um í upphafi, að taka þessa þrjá þætti samtímis og meta þá alla í einni heild. Þess vegna hefur það orðið niðurstaða hæstv. ríkisstj. að fara þannig að nú um mat á þessum sköttum, að það skyldi allt gert samtímis til þess að tengja þetta kerfi saman í eina heild.

Niðurstaðan af þessum athugunum, sem gerðar hafa verið, er, eins og ég áður sagði, að ákveðið er með þessu frv. að leggja niður þessa persónuskatta hjá einstaklingum, sem eru þær fjárhæðir, sem ég hef áður greint. Jafnhliða þessu hefur svo verið tekin sú ákvörðun að hafa þá verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, að sveitarfélögin þyrftu ekki að greiða gjald til almannatrygginga eða löggæzlu og losnuðu við greiðslu til sjúkrasamlaga að mestu leyti. Jafnhliða því sem þessi ákvörðun hefur verið tekin, hefur einnig verið ákveðið, að nokkur breyting yrði á um skiptingu tekjustofna milli sveitarfélaga og ríkisins, þar sem sveitarfélögin fengju í sinn hlut fasteignaskatta, sem nú eru teknir upp sem meiri tekjustofn en áður hefur verið, vegna hins nýja fasteignamats, sem nú er að færast á eðlilegri grundvöll en áður var.

Mörg rök hníga að því, að fasteignaskatta eigi að leggja á. Það er öllum kunnugt, sem til þekkja í sveitarfélögum, að það er verulegur kostnaður, sem er fólginn í því, að hægt sé að koma fyrir byggingum. Það þýðir götur, vatnsleiðslur, rafmagn, skolp og fleira, og uppbyggingarkerfi byggðarlaganna er tengt þeim byggingum, sem þar eru. Það mælir líka með fasteignasköttum, að þeir eru nokkuð stöðugir skattar, og í öðru lagi, að það mundi geta verkað sem nokkur hemill á óeðlilega stórt húsnæði, ef fasteignaskattar væru þar teknir. Nú er það um þessa skatta að segja, sem gert er ráð fyrir, að innheimtir verði samkv. þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., að ekki er gert ráð fyrir því, að þeir verði hærri en svo, að það sé ½% af íbúðarhúsnæði og því, sem tengt er landbúnaði, en aftur 1% af öðru húsnæði, en heimild er til að hækka þessa skatta um 50%.

Ég hef hér hjá mér sýnishorn um nokkur hús hér í borginni og þá breytingu, sem mundi verða í sambandi við fasteignaskattana. Af íbúð, sem er 61 fermetri að stærð, mundi ½% skatturinn verða 3 635 kr. eða hækka um 2 332 kr. Annað dæmi er íbúð, sem er 87.7 fermetrar, þriggja herbergja íbúð. Þar mundi skatturinn verða 5 760 kr. og hækkun frá núv. skatti 3 711 kr. Þriðja dæmið er um fjögurra herbergja íbúð, 106 fermetra. Hækkun á skattinum þar yrði 4 557 kr., en skatturinn yrði 7 145 kr. Og fjórða, sem er 6 herbergja íbúð, 125.4 fermetra, þar yrði skatturinn 8 075 kr. og hækkaði um 5 181 kr.

Í sambandi við tekjustofna sveitarfélaganna er sú breyting á, að útsvör verða þar ekki hærri en 10% af tekjum manna, en lækka á lægri tekjum niður í 5%. Þegar komið er upp í 450 þús., eru 10% hámarkið, en að sjálfsögðu má lækka útsvör, eins og venja hefur verið til um útsvarsreglur. Þau hefur verið hægt að lækka, ef þau hafa gefið meiri tekjur en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, að þörf væri á.

Að þessu sinni var ákveðið, að hálft aðstöðugjald skyldi heimilt að innheimta á árinu 1972 miðað við það, sem var á árinu á undan. Það hefur nokkur deila verið um það, hversu réttmætt það væri að innheimta aðstöðugjöld. En í sambandi við fasteignaskattana kom það til álita, hvort ætti að fella aðstöðugjöldin niður. Að athuguðu máli var það þó ekki talið ráðlegt, m. a. vegna þess, að ekki var séð, hvernig kerfið mundi reynast, og svo hitt, að þeir, sem ráku sín fyrirtæki í leiguhúsnæði, hefðu með þessu móti getað sloppið kannske að miklu leyti við stigann. Þetta, eins og aðrir þættir þessa máls, mun að sjálfsögðu verða athugað í ljósi reynslunnar, og enn fremur mun þetta mál verða til meðferðar og athugunar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, stjórn þess og fulltrúaráði nú í þinghléinu, að því er félmrh. hefur sagt þar um.

Þessir tekjustofnar, sem sveitarfélögin þannig fá, eru ekki sveiflukenndir, eins og þeir voru, þar sem þeir eru ekki stighækkandi, og bæði fasteignaskattur og svona lágt tekjuútsvar eru nokkuð öruggir tekjustofnar. En í sambandi við þessa breytingu hafa sveitarfélögin ekki aðrar tekjur af atvinnufyrirtækjum en fasteignaskattana og aðstöðugjöldin, því að tekjuútsvör og eignarútsvör falla til ríkissjóðs.

Í framhaldi af þessu, sem hnígur að sveitarfélögunum, vil ég snúa mér að tekjustofnum ríkisins. Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að persónufrádráttur hjóna verði 220 þús., en hann var 188 200 kr. Persónufrádráttur einhleyps manns verður 140 þús., var 134 þús. kr., og barns 30 þús., var áður 27 þús. kr. Um þetta vil ég geta þess, að að sjálfsögðu er um allt annað að ræða í sambandi við persónufrádráttinn, eftir að felldir hafa verið niður þeir nefskattar, sem hver og einn varð að greiða alveg án tillits til tekna. Sú meðferð mun verða á þessu máli, að þessi persónufrádráttur, sem hér hefur verið kynntur, mun að sjálfsögðu, eins og ákveðið var í fyrra í lögunum þá, gilda sem 100 og hreyfing á vísitölu koma svo síðar til.

Í þessu skattafrv. er gert ráð fyrir því, að aðeins sé um tveggja þrepa skattstiga að ræða. Má vel vera, að sumum þyki þar fullskammt gengið, og gerðar hafa verið ýmsar athuganir á því að hafa skattþrepin þrjú. En það, sem hins vegar mælir með því að hafa skattþrepin fá, er einmitt það, að ef horfið yrði að því, sem mikið hefur verið hér til umr. á undanförnum árum, að innheimta skatta jafnharðan og tekjur falla til, svo kallað staðgreiðslukerfi skatta, þá er það ólíkt betra, eftir því sem skattstigarnir eru færri. Þessir skattstigar eru 25% á fyrstu 50 þús., eftir að farið er að leggja á skatt, og 45% úr því.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvaða verkanir kynni að hafa í skattkerfinu að breyta því á þennan veg, sem hér hefur verið gert. Um það hef ég hér sýnishorn, þar sem hafa verið reiknuð út mörg dæmi í sambandi við þessa breytingu, sem hér er verið að gera. Í sambandi við þá útreikninga, sem hér hafa verið gerðir, hefur verið fylgt þeirri reglu að hafa meðaltalsfrádrátt frá tekjum þegnanna, áður en til skatts er reiknað, sem er talinn vera 15% fyrir einstak-

linga og 25% fyrir hjón. Þessir skattstigar, sem hér verða nú tekin sýnishorn af, eru miðaðir við þá frádrætti, sem ég hef nú kynnt, og skal ég nefna nokkur dæmi þar um.

Í fyrsta lagi, ef tekinn er maður, sem hefur 133 þús. kr. tekjur brúttó eða 100 þús. kr. tekjur til skatts, hefði hann samkv. gamla kerfinu átt að greiða 27 þús. kr., sem eru fyrst og fremst þeir persónuskattar, sem hann greiðir, nefskattarnir, en samkv. nýja kerfinu mundi þessi skattþegn greiða 7 þús. kr. Hér er um að ræða barnlaus hjón. Ef um er að ræða 267 þús. kr. tekjur, sem eru 200 þús. nettó, þá mundu þessi hjón hafa greitt samkv. gamla kerfinu 36 þús., en samkv. hinu nýja 18 þús. eða lækkað um helming.

Ef um er að ræða hjón með tvö börn, sem hafa 467 þús. kr. brúttótekjur eða 350 kr. nettótekjur, þá mundu þau eftir gamla kerfinu hafa greitt 92 þús., en eftir nýja kerfinu 90 þús.

Eftir þetta, eftir að komið er upp fyrir brúttótekjur, sem eru 533 þús. kr. og 400 þús. kr. nettó, þá fara barnlaus hjón að hækka og mundu greiða 1 300 kr. meira eftir nýja kerfinu en því gamla. Ef ég tek svo aftur hér hjón með 600 þús. kr. tekjur, 450 þús. kr. nettótekjur, þá greiða þau samkv. gamla kerfinu 144 þús., en samkv. nýja kerfinu 149 þús.

Ef ég svo tek hjón, sem hafa 1 200 þús. kr. í tekjur, sem eru 900 þús. kr. nettó, þá greiða þau alls samkv. gamla kerfinu 326 þús., en samkv. því nýja 355 þús. Þetta voru hjón með tvö börn.

Hér eru aftur hjón með eitt barn, ég þarf að gefa sýnishorn af því. Þar er um að ræða, að nettótalan væri 100 þús. kr., sem er 144 þús. brúttó, þau mundu greiða alls 22 þús. samkv. gamla kerfinu, en því nýja 8 þús. Ef þau hefðu 250 þús. nettó, mundu þau greiða alls samkv. gamla kerfinu 45 þús., en hinu nýja 28 þús. Ef þau hefðu 350 þús. nettó, mundu þau greiða alls 84 þús., en samkv. hinu nýja aftur 81 þús. Eftir það færi þetta að hækka, og af 450 þús. mundu hjón með eitt barn greiða samkv. gamla kerfinu 136 þús., en samkv. nýja kerfinu 140 þús. Og hjón með 1 millj. kr. nettótekjur mundu greiða samkv. gamla kerfinu 422 þús., en samkv. hinu nýja 464 þús.

Hjón með tvö börn, svo að ég haldi áfram þessum lestri, þótt ekki þyki hann skemmtilegur, þá kem ég þar fyrst, þar sem hjón með nettótekjur 100 greiddu eftir gamla kerfinu 22 þús., en eftir hinu nýja 9 þús. Með 300 þús. kr. tekjunum greiddu þau eftir gamla kerfinu 59 þús., en eftir hinu nýja 46 þús. Með 400 þús. kr. tekjur greiddu þau samkv. gamla kerfinu 102 þús. og sömu upphæð eftir nýja kerfinu. Þetta eru nettótekjur, sem nú eru uppgefnar. Brúttótekjurnar eru 25% ofan á þetta. Aftur mundu hjón, sem væru með millj. kr. í nettótekjur, og þar eru brúttótekjurnar 1 355, greiða eftir gamla kerfinu 414 þús., en eftir hinu nýja 455 þús.

Ef ég tek næst fjögurra barna hjón, þá greiða þau af 100 þús. 22 þús. í fyrra dæminu, 8 þús. í hinu seinna. Af 250 þús. greiða þau 38 þús. í fyrra dæminu, 31 þús. í hinu seinna. Af 400 þús. greiða þau 87 þús. í fyrra dæminu og 82 þús. í hinu seinna. Og af 700 þús. greiða þau 242 þús. í fyrra dæminu og 259 þús. í hinu seinna.

Þessi sýnishorn segja nokkuð um áhrif af þessu skattakerfi, þótt þau segi nú ekki allt. Og hér er ég kominn að hjónum með sex börn, sem sumum hv. þm. finnst kannske heldur fráleitt að vitna til, en til munu þau vera enn þá og verða vonandi áfram hjón, sem eiga sex börn. En þar er dæmið þannig, að af fyrstu 100 þús. er þetta 22 þús. í fyrra tilfellinu og 5 þús. í hinu síðara. Af 200 þús. er þetta 22 þús. í fyrra tilfellinu og 18 þús. í hinu síðara. Þegar komið er upp í 500 þús. kr. nettótekjur, eru 122 þús. í fyrra, en 119 þús. í hinu síðara. Nú er það við þetta að athuga, að í frv. um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir því, að þegar börn séu orðin þrjú eða fleiri, þá sé frádráttur 2 þús. kr. af útsvari fyrir hvert barn.

Hér er aftur um einhleypan mann að ræða. Af fyrstu hundrað þús. greiðir hann 16 þús. í fyrra tilfellinu, en 6 þús. í hinu síðara. Af 200 þús. greiðir hann 40 þús. og 26 þús. í hinu síðara. Af 300 þús. greiðir hann 85 þús. í hinu fyrra, en 87 þús. í síðara tilfellinu.

Nú skal ég ekki þreyta hv. alþm. lengur á því að lesa upp þessi sýnishorn, því að þeir munu að sjálfsögðu geta kynnt sér þau og það með hægara móti en við þennan lestur.

Í sambandi við þessi atriði eða í framhaldi af þessu vil ég koma að því, hvaða möguleika til tekna þessir tekjustofnar mundu gefa. Þá er því til að svara, að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að innheimtar tekjur yrðu í fyrsta lagi það, sem eftir stæði af tryggingalöggjöfinni, en í fjárlagafrv. munu gjöld atvinnurekenda vera færð eins og var í upphaflega frv., sem stafar af því, að það var áformað um tíma að breyta þeim yfir í launaskatt. En í vinnudeilunum töldu atvinnurekendur sig hafa veður af því, að með þeirri breytingu ætti að hækka skattana, þannig að þeir greiddu meira en þessi gjöld nema nú, framlag þeirra til tryggingganna, slysatrygginga og lífeyristrygginga og þeirra trygginga, sem þeir greiða í. Forsrh. átti viðræður við þá í sambandi við vinnudeilurnar, og til þess að ekki orkaði tvímælis, að það fyrirheit væri haldið, sem þeir töldu, að hann hefði gefið, þá er þessu haldið alveg óbreyttu og ekki tekið með í þetta skattafrv. Hins vegar er það skoðun ríkisstj. og þeirra nm., sem um hafa fjallað, að eðlilegra væri að breyta þessu í launaskatt, og það muni reynast einfaldara, og ef samkomulag fæst um það við atvinnurekendur við meðferð málsins hér á þinginu, þá mun það að sjálfsögðu verða gert. En að öðrum kosti, til þess að ekki orki neitt tvímælis um það, að hér sé loforð haldið, þá er þannig frá þessu gengið nú. Þessir skattar ásamt eftirstöðvunum í tryggingakerfinu, sem gert er ráð fyrir að innheimta á næsta ári, eru 567.6 millj. kr.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að eignarskattur verði 251.7 millj., og tekjuskattur einstaklinga og félaga 3 milljarðar 141.1 millj. kr. Hér er um að ræða tæpum milljarði hærri tölu en sambærilegar tölur eru á fjárlagafrv. nú.

Í sambandi við þessi mál hef ég látið gera athugun á því, hvaða raunveruleg áhrif þetta frv. kann að hafa á skatta manna í heild, þegar allt er tekið í einu, persónuskattarnir, sveitarfélagagjöldin og tekjuskattar og eignarskattar. Ég vék hér að í upphafi máls míns, að lög þau, sem sett voru á síðasta vori, mundu hafa haft veruleg áhrif í skattheimtu á næsta ári. Er talið, að ef þau hefðu komið til framkvæmda með þeim breytingum, sem þar var gert ráð fyrir, hefði mátt búast við því, að mörg fyrirtæki hefðu orðið algerlega skattlaus. Eins og kunnugt er þeim hv. þm., sem sátu hér á þingi í fyrra, urðu nokkrar deilur um réttmæti þeirra laga og þær

breytingar, sem sneru að fyrirtækjunum. Þar var um að ræða svo kallaða flýtifyrningu, sem var verulegt atriði, þar sem fyrirtækin máttu fyrna eignir sínar eftir eigin ákvörðunum um allt að 30%. Eigandinn réð því, hvenær hann notaði sér þetta ákvæði, og það gat því haft mikil áhrif á skattgreiðslu hans á því ári, sem hann hefði notað það að verulegu marki. Og það er talið, að þau áhrif, sem þessi löggjöf hefði getað haft á næsta ári, hefðu verið mínus í skattainnheimtunni um 300–500 millj. kr. Með þeim breytingum, sem nú er verið að gera með þessu frv., er þessu breytt og fleiri atriðum, sem þarna koma við sögu, eins og um sameignarfélögin, sem var þannig búið að, að gera mátti ráð fyrir því, að menn hyrfu yfirleitt að því að mynda smáhlutafélög. Staða sameignarfélaganna var mjög þrengd í þessari löggjöf og sveigt inn á það svið, að heldur yrði notað hlutafélagsformið. Eins og bent var á í umr. um skattamálin á þinginu í fyrra, m. a. af prófessor Ólafi Björnssyni, mátti gera ráð fyrir því, að þetta ákvæði leiddi til þess, að fjölskyldur og ýmsir smáatvinnurekendur hyrfu að hlutafélagsforminu og næðu þannig í veruleg skattfríðindi. Með þessu frv. er hins vegar horfið frá því að veita hlutafélögunum þessi forréttindi fram yfir sameignarfélög, og staða sameignarfélaganna er nú gerð svipuð og hún var í löggjöfinni, sem gilti áður en lögin í fyrra voru sett.

Þá er einnig í þessu frv. gert ráð fyrir því að fella niður arðjöfnunarsjóðsákvæðið, en aftur gert ráð fyrir því, að horfið verði að varasjóðstillagi félaga, eins og hafði verið, áður en lögin í fyrra voru sett.

Með lögunum í fyrra var einnig gert ráð fyrir því, að hagnaður af sölu fasteigna teldist skattskyldur, en með þessu frv. er það fært aftur inn á þá braut, sem áður var, að það er ekki, ef keypt er aftur íbúð, og er þá söluhagnaðurinn miðaður við rúmmál eigna og kemur ekki til, nema um breytt húsnæði sé að ræða frá því selda húsnæði.

Þá er, eins og ég gat um áðan, fyrningarákvæðum mjög breytt í þessu frv. Það er gert með þeim hætti, að eigi má nota meira en 1/5 hluta aukafyrningar á ári hverju, þ. e. 6%, en eins og þetta var í lögunum frá í fyrra, var það á valdi viðkomandi aðila, hversu mikið hann notaði, og gaf honum því verulega möguleika til þess að hafa flýtifyrninguna sér til framdráttar gagnvart skatti, ef áraði verulega vel fyrir hann.

Sama er að segja um mat á lausafé til fyrningar. Í lögunum í fyrra var sú regla ákveðin, að til grundvallar endurmati lausafjár skyldi leggja endurkaupsverð þess, en frá því verði skyldi síðan dregin hlutfallstala þeirrar fyrningar, sem samtals hefði verið notuð af eiganda eignarinnar á liðnu ári, þó ekki meira en 80% fyrir eignir, sem eigandi eignaðist fyrir 1. jan. 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma. Nú er horfið að því að gera matið einfaldara og auðveldara í framkvæmd, og er því lagt til í frv., að endurmatshækkunin skuli vera að hámarki 20% af upphaflegu kaupverði eða kostnaðarverði eignanna, er síðar verði afskrifuð á 5 árum, nema endingartími viðkomandi eignar sé skemmri.

Þá eru ýmis ákvæði, sem voru í lögunum frá í vor, felld niður og önnur ný tekin upp með þessu frv. T. d. er komið í veg fyrir það, að gift kona njóti sérstaks frádráttar að fullu, ef hún vinnur í fjölskyldufyrirtæki.

Þá er áréttað, að hlunnindi, svo sem fæði, húsnæði og afnot af bifreiðum, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni, skuli vera skattskyld.

Einnig er fellt niður það ákvæði í lögunum frá í vor, að arður af hlutabréfum, sem mátti vera 60 þús. kr. hjá hjónum og 30 þús. hjá einhleypum, átti að vera skattfrjáls. Þetta ákvæði er nú fellt niður og ekki talin ástæða til þess, að þarna sé frekar um skattfrelsi að ræða heldur en á ýmsum öðrum sviðum, t. d. í sambandi við atvinnurekstur eins og landbúnað og slíkt. Ef menn festa fjármuni sína í búfjáreign, þá er þar ekki um skattfrelsi að ræða. Það var ekki talið eðlilegt, að þetta væri heldur í sambandi við hlutafélögin.

Þá er gert ráð fyrir því, að ákveðið hlutfall verði í skattfrelsi samvinnufélaga í sambandi við utanfélagsverzlun, þannig að ⅔ séu taldir félagsverzlun og ⅓ hlutafélagsverzlun, eftir nánari reglum þar um. En eins og þetta hefur verið, er mjög óákveðið um framkvæmd á þessu.

Heildarskattur á félögum mundi verða 53% eftir þessa breytingu, sem hér er lögð til.

Þá er líka gerð breyting á skattfrjálsri eign, sem í lögunum frá í vor var 3 millj. Hún er nú ákveðin 1 millj. og skattur hækkaður hjá einstaklingum frá 0.3%–0.6% í 0.4%–0.8%.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu lagafrv., að breyting verði á afstöðu ríkisskattanefndar. Eins og kunnugt er, er ríkisskattanefndin nú lokadómari í skattamálum. Formaður ríkisskattanefndar er ríkisskattstjóri. En það er talið eðlilegt, að ríkisskattanefnd verði ákveðinn skattdómstóll, sem í verði þrír menn og þrír til vara, og verði einn þeirra skipaður af fjmrh. og varamaður hans og verði þeir formaður og varaformaður, en hinir verði skipaðir af fjmrh. úr hópi sex manna, sem Hæstiréttur bendir á. Er gert ráð fyrir því, að eftir þessa breytingu verði ríkisskattstjóri umboðsmaður ríkissjóðs og málflutningsmaður í sambandi við dóminn, en ekki dómari, eins og verið hefur. Ég vil taka það greinilega fram, að það er ekki um að ræða neitt vantraust á núv. ríkisskattstjóra, sem er embættismaður, sem vinnur sitt verk vel. Þetta ákvæði er hins vegar að minni hyggju verulega mikið atriði fyrir skattþegnana í landinu, vegna þess að með þessu móti er um óháðan dómstól að ræða, sem hvorki er bundinn ríkisvaldinu og á ekki heldur að vera bundinn gjaldþegnunum, því að það eru sett ákvæði um það, hvaða atriði komi til, að maður sé gjaldgengur í þetta starf. Það er því mikil trygging fyrir gjaldþegnana í landinu að fá einmitt slíkt mat eða slíkan dóm, þar sem ríkið eða sá aðilinn, sem skattsins á að njóta, hefur ekki betri aðstöðu en skattþegninn, sem skattinn á að greiða.

Ýmis fleiri nýmæli eru í þessu frv., þó að hér hafi þau verið talin, sem mestu máli skipta.

Í sambandi við það, sem ég gat um áðan um þær tekjur eða álagningu, sem af þessum skattabreytingum leiðir, vil ég geta þess, að hér er ekki um neina verulega hækkun á sköttum að ræða frá því, sem verið hefur, því að þótt skattarnir til ríkisins hækki nokkuð frá því, sem var, þá er það m. a. vegna þeirrar tilfærslu, sem verður á milli ríkisins og sveitarfélaganna í sambandi við þá breytingu, sem hér er verið að gera. En það eru að sjálfsögðu ekki nýir skattar, þó að ríkið hafi tekið að sér verkefni sveitarfélaganna og annist það, sem þau önn-

uðust áður. Það er aðeins um tilfærslu að ræða vegna þessarar breytingar, en ekki nýja skattheimtu. Hins vegar er um nokkra hækkun að ræða, þegar tillit er tekið til laganna frá s. l. vori. Eins og ég gat um áðan, mundu verkanir þeirra hafa orðið á þann veg, að um nokkur hundruð millj. kr. hefði verið að ræða í skattalækkun. Hins vegar, miðað við það gamla kerfi, sem áður var búið við, er ekki um neina stórfellda breytingu að ræða. Hækkunin gæti verið í heild á bilinu kringum 300 millj. kr., en þó tæplega það. Ef tekið er í heild innheimtukerfi sveitarfélaga, Tryggingastofnunarinnar og ríkisins, þá er þetta hámarkið, miðað við það kerfi, sem var hér áður ríkjandi, en ef tekin eru lögin frá því í vor, þá bætast þarna við 400–500 millj. kr. Það er hins vegar um nokkurn tilflutning að ræða á milli ríkis og sveitarfélaga, sem leiðir af því, að verkefnaskipting hefur orðið þarna nokkur, og þessi tilflutningur hefur að sjálfsögðu áhrif á niðurstöðu fjárlaga ríkissjóðs, bæði tekna- og gjaldamegin. Og samkv. þeirri mynd, sem ég hef af því dæmi, þá er tilfærslan í gjöldum, sem sveitarfélög og einstaklingar greiddu áður vegna tryggginga og löggæzlu, um 783 millj. kr. og vegna sjúkrasamlaga, greiðslu sveitarfélaga og einstaklinga, um 513 millj. kr. Hins vegar eru nettótekjur ríkissjóðs af þessu nýja frv., miðað við gamla kerfið og að ríkissjóður hefði haldið þeim tekjustofnum, sem hann áður hafði, eins og almannatryggingagjöldunum og þeim öðrum, sem felld hafa verið niður, um 950–1000 millj. kr.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess, sem ég gat um í upphafi, að enda þótt þetta frv. sé nú fram komið, þá er afar fjarri því, að því verki sé lokið, sem tekjustofnanefndinni er ætlað að vinna. Henni er ætlað að vinna áfram að athugun á þessum málum, og verður haldið áfram að vinna að frv. um tekju- og eignarskatt, því að það er hugsun ríkisstj. að leggja fram á næsta hausti heildarfrv. um tekju- og eignarskatt, sem yrði þá byggt á þeirri reynslu, sem fengist af þessum lögum. Það er ætlunin að vinna að þessu máli á þann veg, að heildarfrv. að lögum um tekju- og eignarskatt verði lagt fyrir næsta þing. Samhliða þessu verður svo unnið að því að athuga tekjustofna sveitarfélaga, aðflutningsgjöldin, söluskattinn, og í því sambandi mundi virðisaukaskattur verða metinn í okkar teknakerfi. Það má vel vera, að hann muni reynast svo, þegar betur er að gáð, að hann henti okkur frekar en söluskatturinn, og án efa verður reynt að gera fullkominn samanburð á því, enda mundi þá vinnast tími til þess að vinna að þessum málum með hæfilegum vinnuhraða, sem er meira en hefur verið hægt að segja nú. Þess vegna verður það verkefni ársins 1972 að endurskoða allt skattakerfið eða tekjuöflunarkerfi ríkisins. Þó að þessi þáttur hafi verið tekinn nú, þá er það tengt því, sem ég gat um í upphafi, tekjuöflun ríkisins vegna fjárlaga fyrir 1972, og svo hinu, að ríkisstj. kærði sig ekki um það, að skattalögin frá í vor næðu inn í skattheimtu á næsta ári, því að þá hefði orðið um verulega breytingu að ræða frá því, sem áður hafði verið.

Það, sem ég tel að vinnist með þessum frv., sem hér liggja nú fyrir, þessum þremur, sem ég hef vikið hér að, er í fyrsta lagi það, að persónuskattarnir verða felldir niður, skattar, sem þegnarnir þurfa að greiða, alveg án tillits til tekna. Og það er mitt mat, að það hefði ekki verið framkvæmanlegt að halda þeirri stefnu í tryggingunum, sem gert hefur verið, ef persónuskattarnir hefðu átt að vera áfram. Í öðru lagi hefur það áunnizt, að skattar af lágtekjum hafa verið lækkaðir, og það hefur átt sér stað tilfærsla í skattakerfinu, án þess að um nokkra verulega skattálagningu væri að ræða, því að ég tel, að það sé ekki um verulega skattálagningu að ræða, þótt færsla hafi átt sér stað milli ríkis og sveitarfélaga. Þessir skattar eru innheimtir af sömu aðilum á hinum stærstu stöðum, og mun verða svo í ríkara mæli, og þjónustan er nú alveg sú sama. Ég tel líka, að með þessari skattabreytingu sé stefnt að því að gera skattakerfið einfaldara og stefnt í þá átt, að það muni reynast framkvæmanlegt að innheimta skatta jafnóðum og tekjur falla til. Þetta hefur verið baráttumál, m. a. hjá stéttarfélögunum, og á margan hátt kemur það sér vel, því að það er mjög erfitt fyrir þá, sem hafa verulega háa skatta, að lenda í því að greiða þá eftir á.

Ég vil líka segja það, að með því að taka upp hóflega fasteignaskatta, eins og hér er lagt til, sé stefnt inn á rétta braut og það muni hafa góð áhrif í skattakerfi okkar og skattinnheimtu.

Ég vil líka geta þess, að ég tel, að þessir skattar, sem hér eru lagðir til gagnvart atvinnurekstrinum, séu mjög hófsamlegir. Ég veit, að þeir koma verr út fyrir einstaka aðila en skattafrv., sem var samþ. hér í fyrravor, hefði gert, enda var í því meira rými en eðlilegt er að gefa skattinum. Hins vegar kemur þetta skattakerfi fullt svo vel út eins og það skattakerfi, sem búið var við áður. Og með því að gera aðstöðugjaldið eins takmarkað og nú er lagt til, er það mjög til hagsbóta fyrir atvinnureksturinn.

Þá vil ég og geta þess, að sú breyting á skattakerfinu, sem nú var verið að gera, hefur þau áhrif, að vísitala mun nokkuð lækka við þessa breytingu. Sú breyting, sem verður á vísitölunni, verður með afnámi almannatryggingagjaldsins lækkun um 2.05 vísitölustig og sjúkrasamlagsgjaldsins að þeim hluta, sem var ekki búið að greiða það niður, um 1.67 stig, eða samtals 3.72 stig. Þetta gerir það að verkum, að við fjárlagaafgreiðslu nú myndast dálítið rými til þess að lækka niðurgreiðslurnar. Það hefur verið mikill þyrnir í augum og oft verið hér til umr. áður, hvað niðurgreiðslurnar væru orðnar háar í okkar landi, og ég man eftir því, að ég las það í blöðum í haust, eftir að fjárlagafrv. kom fram, að því var haldið á lofti, að hér væri í hreint óefni komið. Og það má með nokkrum rökum segja, að svo hafi verið, því að með þeim breytingum, sem voru ákveðnar hér í fyrrahaust, að hækka niðurgreiðslurnar verulega, og þeirri ákvörðun núv. ríkisstj. að halda áfram út árið með þær niðurgreiðslur, þá voru fjárhæðir til niðurgreiðslna orðnar verulega miklar. Það er gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslurnar um 450 millj. kr. Þetta mun verða gert með því, að landbúnaðarvöruniðurgreiðslurnar á flestum vörutegundum verða lækkaðar um 25%, en þó ekki á öllum og kannske ekki öllum samtímis. En inn í þetta dæmi var einnig komin niðurgreiðsla á sjúkrasamlagsgjaldi, sem gerir rúmar 100 millj. kr. Þessi ákvörðun kemur að sjálfsögðu fram í afgreiðslu fjárlaga og hefur þar sín áhrif. Enda þótt þetta verði gert, er samt eftir til þess að mæta örum hækkunum á annað vísitölustig, og mun að sjálfsögðu ekki af veita vegna þeirra hækkana, sem fram undan kynnu að vera.

Herra forseti. Ég held, að ég muni nú láta máli mínu

lokið. Ég hef gert grein fyrir frv. um tekju- og eignarskatt í aðalatriðum og reynt að skýra þá mynd, sem því er samfara. Ég veit, að það geta verið skiptar skoðanir manna um ágæti þess eins og annarra hluta, og það eru uppi misjafnar skoðanir hjá hv. þm. um það, hversu mikill hluti tekjuskattar eiga að vera í tekjuöflunarkerfi ríkisins. Það hefur hins vegar verið mjög farið inn á það á síðari árum að gera neyzluskattana ráðandi í okkar tekjuöflunarkerfi. En að dómi núv. ríkisstj. er slík stefna á margan hátt óæskileg, því að þeir skattar leggjast þyngst á þá, sem hafa ekki tekjur nema til þess, sem þeir þurfa að ráðstafa vegna eigin framfærslu. Ráðstöfunartekjur þeirra eru að öðru leyti svo takmarkaðar, að slíkir skattar koma mjög illa við fólk, sem er með slíkar tekjur. Að því leyti eru tekjuskattarnir eðlileg leið til þess að jafna í þjóðfélaginu milli borgaranna, sem meira mega sín, og hinna, sem minna mega sín. Og það er ekki nema eðlilegt, að svo sé. Ég held hins vegar, að með þessu frv. hafi verið stillt í hóf í þessum efnum og e. t. v. finnist mörgum of skammt gengið hér í tekjuöfluninni. Það verður að metast, eins og það er. En ég held, að það orki ekki tvímælis, að þetta skattafrv. er þeim verulega í hag, sem lægstar hafa tekjurnar. Og það er ekki heldur gengið svo nærri þeim, sem hafa verulega góðar tekjur, að ráðstöfunartekjur þeirra séu ekki einnig verulegar.

Að öðru leyti mun ég nú láta máli mínu lokið og leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. fjhn.

Ég vil að lokum geta þess, eins og komið hefur fram í umr. hér áður, að enda þótt æskilegt hefði verið, að þetta frv. hefði getað hlotið afgreiðslu fyrir þinghlé, þá er öllum ljóst, að slíkt er óframkvæmanlegt, og fá því hv. alþm. góðan tíma til þess að virða það og meta, og þá treysti ég því, að ef augljósir gallar reynast á einhverjum atriðum, er til framkvæmda horfa, þá verður á það horft. En að sjálfsögðu er miðað við, að það skili þeim tekjum, sem gert verður ráð fyrir í fjárlagafrv. og gert er ráð fyrir í því yfirliti, sem ég vitnaði til hér áðan.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr. um breytingu á skattalögunum, gera örlitla grein fyrir þeim vinnubrögðum, sem áður voru viðhöfð, og bera þau saman við þau vinnubrögð, sem nú eru viðhöfð af hæstv. ríkisstj.

Það eru um 2½ ár liðin, síðan þáv. hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, skipaði nefnd embættismanna til þess að endurskoða skattalögin. Í þessari nefnd voru hinir færustu embættismenn, sem störfuðu á vegum hins opinbera, og þeir unnu að breytingu á skattalögunum og lögðu till. sínar fyrir þáv. ríkisstj. Þáv. hæstv. ríkisstj. flutti frv. hér á Alþ. vorið 1970, sem þá var ekki útrætt, en aðeins lögfest bráðabirgðaákvæði í sambandi við álagningu skatta og útsvars fyrir árið 1969.

Við þær umr., sem hér fóru fram á hinu háa Alþ., kom fram ósk um það frá þáv. hv. stjórnarandstöðu, núv. stjórnarflokkum, að ekki væri óeðlilegt við athugun og endurskoðun á svo viðamiklu máli sem endurskoðunin á tekju- og eignarskattslögunum væri, að fjmrh. skipaði nefnd þingmanna til þess að gefa þeim tækifæri til að fylgjast með gangi þessara mála, koma fram sínum aths., fá skýringar og skýrslur, þannig að þegar málið lægi fyrir Alþ., væru þessir þm. mun kunnugri málinu en ella. Þáv. hæstv. fjmrh. varð við þessari beiðni og skipaði nefndina vorið 1970. Það voru fulltrúar þingflokkanna, sem sæti áttu í fjhn. beggja d., og starfaði þessi nefnd ásamt með embættismannanefndinni að áframhaldandi endurskoðun skattalaganna frá vorinu 1970 og fram til vorsins 1971, að samþ. var hér á Alþ. frv. að lögum um breytingu á skattalögunum.

Ég hefði haldið, að núv. hæstv. fjmrh. mundi hafa sama hátt á, einmitt til þess að þm. og fulltrúum þingflokkanna væri betur kunnugt efni frv. þess, sem hér liggur nú fyrir, en raun ber vitni, því að í þeim önnum, sem ævinlega eru á Alþ. rétt fyrir jólaleyfi, og þær virðast ekki ætla að verða minni nú en áður, þó að það hafi oft verið gagnrýnt af núv. stjórnarflokkum, þá hefðu menn með því móti haft mun betri aðstöðu til þess að fjalla um þessi mál heldur en að hafa í höndum frv. um svo flókið mál sem endurskoðun skattalaga ævinlega er aðeins í 2–3 daga. Ég held, að ég hafi jafnvel orðið var við það í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að sumir þættir frv. voru honum ekki fullkomlega ljósir. Það er líka ofur skiljanlegt, þegar nefnd manna situr og vinnur að slíkum frv., sem koma svo seint fram, að ráðh., sem mikið hafa að gera, og þá ekki sízt fjmrh., þegar verið er að afgreiða fjárlög, hafa ekki tækifæri til þess að setja sig inn í þessi mál eins og þyrfti.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er lagt fyrir alþm. einfaldlega vegna þeirrar neyðar, sem hér hefur verið bent á áður, en afgreiðsla fjárlaga mun nú fara fram með alveg sérstökum hætti, eins og hér hefur verið bent á. Ég mun ekki fara lengra út í þá sálma, heldur aðeins undirstrika, hversu óvenjulegt það er, að fjárlagafrv. skuli byggt á frv. um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem gert er ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs tvöfaldist, ef ekki þrefaldist. Ég mun þó freista þess að gera aths. við það frv., sem hér er fram komið. Ég geri ráð fyrir því, að það fáist betri tækifæri í fjhn. þessarar hv. d. til að skoða frv. og koma þar fram með þær breytingar, sem talið yrði rétt og æskilegt að ná fram, en vil samt sem áður við þessa umr. vekja athygli á nokkrum atriðum, sem mér finnst með þeim hætti, að athygli skuli á þeim vakin nú þegar.

Ráðh. gerði grein fyrir því í ræðu sinni, að hér væri um að ræða stefnubreytingu frá því, sem verið hefur. Það er að vissu leyti rétt í sambandi við afnám persónuskatta. Sú nefnd embættismanna, sem hafði unnið á vegum fyrrv. hæstv. fjmrh., hafði m. a. í aths. sínum til ríkisstj. bent á ýmsar leiðir til breytinga á skattakerfinu og m. a. bent á þá leið, sem hér hefur verið tekin upp að einhverju leyti, þ. e. afnám persónuskatta. Hér er því byggt á vinnu og athugunum, sem þessir ágætu embættismenn höfðu gert, en hæstv. núv. ríkisstj. sá ekki ástæðu til þess að leita ráða þeirra áfram að undanskildum ráðuneytisstjóranum í fjmrn., sem mun hafa setið í þeirri nefnd, sem undirbúið hefur þetta frv.

Þá er rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði tilnefnt í þá nefnd, sem starfaði á hans vegum, fulltrúa atvinnurekenda og sveitarfélaga, en hæstv. núv. ríkisstj. sá ekki heldur ástæðu til þess að leita til þessara aðila og njóta þeirrar þekkingar, sem þeir höfðu yfir að ráða, við undirbúning þessara frv.

Ég vil þá fyrst víkja að skattlagningu félaga og þeim breytingum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að þar verði á, en hæstv. fjmrh. benti hér á ýmis atriði með aths., sem ég vil gera að umræðuefni.

Hann benti m. a. á það, að upp væri tekin aftur samkv. þessu frv. skattlagning á sameignarfélögum. En hann gleymdi að geta þess, að með þeirri breytingu, sem gerð er á skattlagningu félaga, verður sameignarfélagsformið ekki með þeim hætti, sem það var áður. Áður fyrr giltu þær reglur um skattlagningu sameignarfélaga, að þau höfðu varasjóðsfrádrátt og sömu skattlagningu og hlutafélög, en eigendur þeirra gátu síðan tekið höfuðstól félaganna út án nokkurrar skattlagningar hjá þeim sjálfum. Þessu er breytt nú, þó að í veðri sé látið vaka, að horfið sé til þess, sem áður var, því að samkv. frv. verða sameignarfélög skattlögð eins og hlutafélög með 53% skatti, og er þá komið mjög nærri því marki, sem einstaklingar greiða til hins opinbera samanlagt í útsvar og skatta, en þeir aðilar, sem reka sameignarfélög, hafa ekki heimild nú, eins og var áður, ef þeir greiða í varasjóð í félögum sínum, til þess að taka höfuðstólinn út. Geri þeir það, þurfa þeir að greiða til viðbótar 20%. Hér er geysimikill munur á því, sem var, og því, sem lagt er til í þessu frv.

Þá er lagt til í frv., að hin svo kölluðu A-hlutafélög samkv. núgildandi skattalögum verði lögð niður. Og því fylgir að sjálfsögðu, að heimild til þess að leggja fé í arðjöfnunarsjóð fellur niður um leið, og þá er einnig lagt til, að arður af hlutafé verði ekki lengur skattfrjáls hjá viðtakanda, eins og gert var ráð fyrir í þeim lögum, sem samþ. voru í vor.

Hæstv. ráðh. bar saman t. d. þá aðila, sem legðu fjármagn sitt til landbúnaðar, og þá aðila, sem legðu fjármagn sitt til kaupa á hlutabréfum, og taldi, að ekki væri ástæða til þess, að þessum mönnum væri mismunað. Þær hugmyndir, sem lögfestar voru í vor í sambandi við skattfrjálsan arð af hlutafé, voru fyrst og fremst gerðar vegna þeirrar ábendingar fjölmargra manna, sem við atvinnulífið starfa og fjármálalíf þjóðarinnar, að það yrði mjög til að auka eigið fé hlutafélaga að snúa þessu við í vissum tilfellum, þannig að hluthafarnir fengju arðinn skattfrjálsan, í stað þess að hann yrði undanþeginn skatti hjá félögunum sjálfum, eins og gert er ráð fyrir að haldist í þessu frv.

Þetta var mikill þyrnir í augum núv. stjórnarflokka, og ég held, að þar sé um mikinn misskilning að ræða. A. m. k. er ekki lagt til, að öll sú gr., sem samþ. var í vor, verði felld niður, og arður af því fé, sem einstaklingar eiga og þá var lagt til, að skattfrjáls yrði, yrði nú skattskyldur, því að í frv. er gert áfram ráð fyrir því, að vextir af stofnfjársjóðsinnistæðum hjá einstaklingum í samvinnufélögum verði skattfrjálsir. Þar til í vor, sem leið, voru þessir vextir skattskyldir. En það var talið eðlilegt, að um leið og arður af hlutafé yrði skattfrjáls, yrði einnig arður af stofnfjársjóðsinnistæðum samvinnufélaga skattfrjáls hjá viðtakanda. Og það er m. a. s. í frv. gert ráð fyrir því, að félög, sem eru aðilar að öðrum samvinnufélögum, fái vexti af stofnfjársjóðsinnistæðu sinni skattfrjálsa. Og ekki er gert ráð fyrir því í þessu tilfelli, að hér verði um neitt takmark að ræða, eins og er þó í sambandi við vexti af sparifé. Þar er gert ráð fyrir því, að aðilar megi ekki skulda nema ákveðna upphæð til þess að hljóta skattfrelsi af sparifé. Gildir það ákvæði í skattalögunum nú, að við lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins er miðað, en þau munu í dag vera um 600 þús. kr. Hér er því bersýnilega mismunað félagsformum, og tel ég það miður, fyrir utan það, að sú breyting, sem núv. hæstv. ríkisstj. leggur til, að gerð verði, er að mínum dómi í þá átt að draga úr vilja einstaklinga til þess að leggja fjármagn sitt í atvinnulífið, en ég held, að það sé hverju þjóðfélagi nauðsynlegt, að fyrir hendi sé sá vilji og sá skilningur, að einstaklingar leggi fram fjármagn sitt til þess að auka atvinnulífið.

Ég vil þá vekja athygli á þeim breytingum, sem lagt er til að gera á fyrningarákvæðunum. Fyrningarákvæðin voru tekin til endurskoðunar í vor, sem leið, og gerðar voru á þeim töluverðar breytingar og samræmingar, og var þar einmitt stuðzt við þá flýtifyrningu, sem lagt var til af embættismannanefndinni, að tekin yrði upp. En slík flýtifyrning hafði áður verið tekin upp í skattalög hér hjá nágrannaþjóðum okkar og henni m. a. ætlað að vega upp á móti þeim verðhækkunum, sem verða, þannig að fyrirtækin fái tækifæri til þess að fyrna á tiltölulega réttu verði, miðað við það verðlag, sem gilti, þegar hlutir, sem um er að ræða í fyrningunni, voru keyptir. Hér er lagt til, að flýtifyrningin 30% verði ekki heimiluð nema að 1/5 á ári, þ. e. 6%. Þetta veldur því m. a., að ýmsar greinar atvinnurekstrarins fara mun verr út úr fyrningum en fyrir gildistöku laganna frá í vor, og vil ég þar m. a. benda á fasteignir í fiskiðnaði, sem höfðu fyrir lagabreytinguna í vor 20% fyrningar á ári fyrstu 3 árin. Þessu var breytt í vor, þannig að 10% var hæsta fyrning og gert ráð fyrir, að þau gætu nýtt flýtifyrninguna og bæru þannig ekki skarðan hlut frá borði. Vel má vera, að það sé rétt sjónarmið, að flýtifyrninguna skuli fyrirtæki ekki fá að nota alla á einu ári. Ég held þá þar í móti, að of langt sé gengið að heimila flýtifyrninguna á 5 árum, og vel mætti reyna, þegar málið fær athugun í fjhn., hvort ekki væri hægt að fara þarna bil beggja til þess að fyrirbyggja, að áðurnefndar atvinnugreinar þurfi að líða fyrir þá breytingu, sem hér er lögð til.

Þá er tekið upp nýmæli í þessu frv., þar sem um er að ræða óbeina fyrningu, sem skal fara eftir sérstakri vísitölu, sem gert er ráð fyrir, að reiknuð verði út. Samkv. orðanna hljóðan í brtt. verður ekki fullkomlega skilið, hvernig sú vísitala á að geta fullnægt þeim sjónarmiðum, sem ég ímynda mér, að liggi á bak við þennan tillöguflutning, þ. e. að fyrirtæki fái að fyrna samkv. endurkaupsmati, en þetta hefur verið till. ýmissa hv. þm. úr stjórnarflokkunum á undanförnum árum. Samkv. till. á þessi verðhækkunarvísitala að miðast við þær fyrningar, sem áður hafa verið notaðar, þannig að þegar langt er liðið frá því, að viðkomandi tæki er keypt, og farið er að vinna með vísitölu, liggur það í hlutarins eðli, að grundvöllurinn fyrir vísitölunni eru fyrningar, sem eru löngu liðnar og því ekki á raunhæfu verði, ef ætlunin er á annað borð, að hér sé um að ræða fyrningu á endurkaupsverði. Eins og till. er sett hér fram, verður ekki annað skilið, og sýnist mér þá, að hún komi lítið ef nokkuð til móts við þá hugsun, sem ég ímynda mér, að sé að baki henni.

Þá er lagt til, að felld verði niður úr frv. heimild til þess að fyrna samkv. byggingasamningum, sem gerðir hafa verið. Þetta var tekið upp í lögin í vor og hefur þar af leiðandi ekki gilt nema í ár, og þess vegna spyr ég

hæstv. fjmrh., hvernig farið verði með þá aðila, sem hafa gert slíka samninga í ár í trausti þess, að þeir fái fyrningar af þeim, eins og lögin hafa gert ráð fyrir. Ef þetta ákvæði á að falla niður, verður að líta til þeirra aðila, sem gert hafa ráðstafanir, byggðar á gildandi lögum, og leysa verður vanda þeirra.

Þá kem ég að till. um breytingu á skattlagningu fyrirtækja. Um leið og horfið er frá því að leggja tekjuútsvar og eignarútsvar á félög, er gert ráð fyrir því, að tekjuskattur og eignarskattur verði stórhækkaðir. Mér sýnist á þeim tölum, sem ég hef haft fyrir framan mig, að hækkunin verði mun meiri en sem svarar niðurfellingu útsvara. Ég skal hins vegar viðurkenna það, að allar þær tölur, sem notaðar eru í sambandi við útreikninga, geta verið með mismunandi hætti, og a. m. k. hefur ekki verið lögð fram með þessu frv. nein tafla, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa gert og hægt er að byggja á fullkominn samanburð á þessum tölum. Fyrir skattalagabreytinguna s. l. vor námu tekjuskattur og tekjuútsvar félaga um 43% af skattskyldum tekjum, þegar tekið hefur verið tillit til þess, að útsvarið er frádráttarbært. En samkv. þessu frv. hækkar samsvarandi álagningarprósenta upp í 53%. Samkv. skattalögunum frá s. l. vori skyldi eignarskattur félaga vera 0.7% af hreinni eign, jafnframt því að eignarútsvörin skyldu niður falla. Í þessu frv. er hins vegar ætlazt til þess, að skatturinn verði 1.2%, og þegar haft er í huga, að hið nýja fasteignamat mun hækka hreina skattskylda eign verulega frá því, sem verið hefur, virðist hér vera um að ræða mjög íþyngjandi hækkun. Auk hins háa skatts á skuldlausa eign kemur svo verulegur skattur á fjármuni, sem hrein eign er bundin, þ. e. fasteignaskatturinn, sem verður 1% af nýja fasteignamatinu. Á móti kemur hins vegar aðeins niðurfelling hálfs aðstöðugjaldsins, eða a. m. k. í 1 ár.

Þá kem ég að endurmatsreglu þessa frv., sem er að mínum dómi gerð af hégóma einum, ef ætlunin er, að fyrirtæki fái tækifæri til þess að endurmeta sína fjármuni. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því hér áðan, að heimilt væri að endurmeta hluti um 20% miðað við kostnaðarverð á sínum tíma. Menn geta séð, hvers konar endurmat það er á vélum og tækjum, sem í dag eru 10, 15 eða 20 ára gömul, ef heimilað er að bæta 20% ofan á kostnaðarverð þess tíma. Ef menn hugsa sér að búa til réttlátar fyrningarreglur með tilliti til endurkaupsverðs, er að sjálfsögðu frmskilyrðið, að hægt verði að endurmeta eignirnar í byrjun með tilliti til þess, hvert verðið mundi verða að frádregnum fyrningum, sem eðlilegar þættu vera.

Ég hef nú rakið nokkur atriði í þessu frv., sem lúta að félagarekstri, og ég held, að ég hafi bent á ýmsa hluti, sem betur þurfa að athugast og sem ég geri ráð fyrir, að teknir verði til sérstakrar athugunar í fjhn. þessarar d. Ég vil sérstaklega benda á, að hér er farið inn á braut, sem ég tel mjög óæskilega, en það er mismunun á milli rekstrarforma. Ég held, að það sé hið eðlilega og skynsamlega, að rekstrarformum verði ekki mismunað í skattlagningu. Þannig getum við bezt bætt samkeppnisaðstöðuna.

Ég vil þá örlítið ræða þær till., sem gerðar eru um breytingar á skattlagningu einstaklinga. En áður en ég geri það, langar mig til að varpa einni spurningu til hæstv. fjmrh. og biðja hann að svara mér, ef hann sér ástæðu til, en spurningin er þessi: Tölurnar í fjárlagafrv. tekjumegin, þ. e. um tekjuskatt einstaklinga og félaga, eru þær ekki byggðar á gildandi lögum? (Gripið fram í.) Tekjuskatturinn er byggður á gildandi lögum. Tekjuskattur einstaklinga, 1 468 128 þús., er byggður á þeim lögum, sem gilda í dag? (Gripið fram í.) Já, takk fyrir.

Hér kom fram m. a. í ræðu hæstv. fjmrh. áðan ýmis tölulegur útreikningur í sambandi við eignarskatta og tekjuskatta einstaklinga. Og þar er satt bezt að segja, að allir þessir útreikningar hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlögin, í sambandi við skattana, í sambandi við millifærslu frá sveitarfélögum til ríkisins og allt það, eru tölur, sem erfitt er að henda reiður á. En ég held, að í ræðu ráðh. hafi komið fram villandi útreikningar. Ég er ekki að segja vísvitandi, heldur að hér hafi ekki verið nægilega að gáð. Á fyrstu 50 þús. kr. skattskyldra tekna einstaklinga verður skattur 25%. Af því, sem þar er fram yfir, er gert ráð fyrir, að skattur verði 45%. Ráðh. gaf okkur upplýsingar um það, að skattar samkv. frv., eignarskattar og tekjuskattar, mundu verða 3 141 millj. Ég heyrði ekki, að hann gerði þar mun eða skildi á milli skatta félaga og skatta einstaklinga, e. t. v. hefur ráðh. ekki þá skiptingu. En ef tölur frv., eins og það liggur fyrir nú, eru skoðaðar, kemur í ljós, – og það frv. er byggt á þeim lögum, sem gilda í dag, – að hækkunin er u. þ. b. 100%, miðað við gildandi lög og skattalagafrv. ríkisstj. En tekjuskattur samkv. frv. er 1 697 millj., en samkv. upplýsingum ráðh. verður hér um að ræða 3 141 millj. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þetta frv. þýðir töluverða skattahækkun. Hvernig svo sem dæmið er sett upp, held ég, að við komumst ekki hjá því að gera okkur grein fyrir því, að skattarnir samkv. þessu frv. hækka um 100% frá því, sem núgildandi skattalög gerðu ráð fyrir, skattalögin, sem samþ. voru í vor. En fjárlagafrv. fyrir árið 1972 byggir einmitt á þeim lögum.

Ég skal ekki gera hér samanburð á því, hvort og hvernig einstaklingar eða fjölskylda með mismunandi mörg börn koma út í einstökum dæmum. Það munu e. t. v. aðrir gera, sem eru kunnugri þeim útreikningum, sem um það gilda.

Þá er lagt til í frv., að persónufrádráttur hjóna hækki úr 188 þús. í 220 þús. kr. Ef till. hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, hér á undanförnum árum hefði notið velvilja hjá núv. hæstv. ríkisstj., hefði þessi frádráttur sjálfsagt orðið hærri. En þá er spurningin: Af hverju skyldi núv. hæstv. fjmrh. ekki hafa viljað taka tillit til síns ágæta flokksbróður í þessum efnum? Ég minnist þess einmitt, að þessi hv. þm. hefur á undanförnum árum álasað fyrrv. ríkisstj. fyrir þessa hluti, en þar hittir nú gagnrýnin þá sjálfa, þegar ekki er tekið tillit til þess, sem svo þýðingarmikill og þekktur þm., formaður þingflokks Framsfl., hefur barizt fyrir á mörgum þingum.

Þá liggur það ljóst fyrir, að samkv. þessu frv. verður mikil hækkun á eignarskatti. Ég held, að það muni lenda tiltölulega þyngst á því fólki, sem á sína íbúð skuldlausa, og koma tilfinnanlegast niður þar. Hvort sem við reiknum með 60 eða 80 fermetra íbúð, geri ég ráð fyrir að þetta segi til sín, þegar eignarskattarnir verða reiknaðir út, en hér er um að ræða lækkun á eignarskattslausum eignum úr 3 millj. í núgildandi

lögum niður í 1 millj. Á sama tíma er gert ráð fyrir verulegri hækkun á fasteignasköttum, og að mér skildist í útvarpinu í gær, þá boðaði hæstv. fjmrh. enn meiri hækkun á fasteignasköttum á næsta ári.

Í sambandi við fjárlagafrv. í ár og tölulegan útreikning ráðh. hér áðan langar mig til þess að vekja athygli á því, sem hann hélt fram í sambandi við 30% flýtifyrninguna, en hann taldi, að tekjur fyrirtækja, ef sú flýtifyrning hefði gilt við skattlagningu fyrir árið 1971, hefðu orðið 300–500 millj. minni, – tók ég rétt eftir? Ég veit nú ekki, hvernig þetta getur átt sér stað, því að í fjárlögum fyrir árið 1971 er tekjuskattur félaga aðeins 149 millj. kr. Ég á bágt með að trúa því, að það skattalagafrv., sem samið var í vor, hefði, ef flýtifyrningin hefði ekki verið þar í, hækkað skatta á félögum úr 150 upp í 500 millj., sem síðan hefðu afskrifazt með 30% flýtifyrningu. Þetta dæmi get ég ekki fengið til þess að ganga upp. En vel má vera, að það séu á því skýringar, sem gætu síðar meir komið fram og leiðrétt þá þann misskilning, sem hjá mér er.

Þá vék hæstv. fjmrh. að því ákvæði, sem hér er nýtt í sambandi við ríkisskattanefnd og það fyrirkomulag, sem lagt er til, að tekið verði upp í þeim efnum. Ég held, að hér sé ekki farin rétt leið, og ég vil benda á 2–3 atriði í þessum efnum. Ríkisskattstjóri er nú formaður ríkisskattanefndar. Hann er sá aðilinn, sem veitir leiðbeiningar, samræmir vinnu og úrskurði hjá skattstofunum. Það kemur því til hans kasta að vinna úr þeim kærum, sem berast frá einstaklingum í sambandi við skattaálagningu hjá einstökum skattstjórum. Hann hefur sjálfur gefið út leiðbeiningar, og þar af leiðandi verða dómar hans í samræmi við það. Í þessu frv. er ætlazt til þess, að hann sem ríkisskattstjóri gefi út túlkandi leiðbeiningar til skattstofanna í sambandi við álagningu skatta, en þegar svo kæran kemur, verður það ríkisskattanefnd, sem kveður upp úrskurðinn, og það skyldi þó aldrei vera, að það gæti komið fyrir, að úrskurðurinn í málinu gengi gegn ríkisskattstjóranum? Nei, ég held, að hér sé farið út af réttri braut inn á ranga braut. Og ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvernig nágrannar okkar hafa þetta. Norðmenn hafa haft þetta mjög svipað okkur um langan tíma, og Svíar hafa nýtekið upp það kerfi, sem við höfum, horfið frá því kerfi, sem hér er lagt til, að farið verði inn á.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og mun að sjálfsögðu í n. gera till. um breyt. þar á, ef ekki verða fram bornar röksemdir, sem sannfæra mig um, að hér sé lagt til að taka upp betra kerfi en við höfum haft.

Ég vil geta eins ákvæðis sérstaklega, sem tekið er upp í frv. Það er í 3. gr., 4. tölul., varðandi söluhagnað af íbúðarhúsnæði, þegar einstaklingur kaupir annað í staðinn, en hv. 9. landsk. þm. hefur flutt brtt. við skattalögin, sem gengur í sömu átt. Hér er till. hans tekin upp, og ég held, að reynslan hafi einmitt sýnt, að það hafi verið fullkomin ástæða til þess að gera það. Þegar frv. var afgreitt hér á Alþ. s. l. vor, töldu menn, að þetta mundi ekki koma að sök, þar sem árafjöldinn var færður úr 5 niður í 3, en hjá ungu fólki, sem byrjar með kaup á minni íbúðum, en stækkar svo við sig kannske tiltölulega fljótt, þá mundi þetta ákvæði koma mjög illa við það.

Ég hef hér gert aths. við ýmsar gr. þessa frv. Ég hef aðeins haft tækifæri til þess að kynna mér frv. núna í 2–3 daga, en það er nú svo, að málið mun ekki eiga að afgreiða fyrir jól, svo að það gefst betra tækifæri til þess að skoða frv., en eins og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, þá verða það fjárlögin, sem ákveða, hvað út úr þessu dæmi á að koma. Án þess að hafa nokkra hugmynd um, hvernig frv. endanlega verður, þá er sett ákveðin tala inn í fjárlögin, og það dæmi verður að ganga upp, hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

En hvað er verið að gera með þessu öllu saman? Það eru gerðar breytingar á tekjustofnafrv. og skattalögunum, og það er lagt til, að farið verði inn á þá braut að leggja niður nefskatta hjá almenningi, fella niður almannatryggingagjöldin, fella niður sjúkrasamlagsgjöldin. Þetta hljómar ákaflega vel, og það verður margur glaður, þegar hann þarf ekki að greiða þessi gjöld. En hvaða þýðingu hefur það fyrir einstaklinginn, að almannatryggingagjaldið og sjúkrasamlagsgjaldið falla niður? Það hefur þá þýðingu, að launin hans lækka líka. Það hefur þá þýðingu, að vísitalan lækkar, og við fengum að heyra það hér áðan hjá hæstv. fjmrh., hvernig hann hyggst nota þessa vísitölulækkun. Það verður með þeim hætti, að hann ætlar að minnka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, þannig að landbúnaðarvörurnar hækka. Fyrir mér sýnist dæmið vera þannig, að það er aflað tekna með tekjuskattsfrv., tekna, sem ekki koma inn og ekki eru reiknaðar í vísitölugrundvellinum, en þær tekjur verða einstaklingarnir að borga, en þurfa ekki lengur að borga almannatryggingagjaldið og sjúkrasamlagsgjaldið. En þá skatta fær fólkið ekki inn í vísitöluna. Það er sem sagt verið að taka út úr vísitölunni ákveðna þætti, afla tekna hjá sama fólki, bara með öðrum hætti, til þess að greiða þau gjöld, sem það greiddi áður. Það eru sömu aðilar, sem greiða, en í stað þess lækka launin þeirra. Hér mun vera um að ræða 4 vísitölustig, ég hef ekki um það svo nákvæma tölu. Hæstv. ráðh. minntist í ræðu sinni áðan á 3.72 stig, en þá mun ekki um það að ræða, sem þegar er niðurgreitt í sambandi við sjúkrasamlagsiðgjöldin. Og þetta þýðir að sjálfsögðu, þegar öllu er á botninn hvolft, að fólkið hefur minni laun, kaupmátturinn minnkar. Þetta sýnist mér vera niðurstaða þessara frv., sem hér eru flutt, niðurstaða þeirrar stefnu, sem þessi ríkisstj. boðar, því að hún hefur boðað stefnubreytingu í flutningi þeirra frv., sem hér um ræðir.

Ég held, að við komumst ekki hjá því að átta okkur á því, að skattalagafrv. þýðir eitthvað á annan milljarð í nýjum sköttum, samtímis því að vísitalan er fölsuð. Það er tekinn út úr henni nefskattur, sem fólkið borgar og hefur verið reiknaður í vísitölugrundvellinum, og það sama fólk látið borga annan skatt með öðrum hætti, sem er ekki reiknaður í vísitölugrundvellinum.

Skoðun mín er sú, að þetta frv. þurfi verulegrar athugunar við í hv. fjhn., og það, sem ég hef hér sagt í sambandi við þetta frv., sé þess eðlis, að afgreiðsla fjárlaga, byggð á slíku frv., geti ekki talizt afgreiðsla, sem Alþ. sæmir.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég má til með í byrjun að nefna það mál, sem hæstv. fjmrh. nefndi síðast í sambandi við lækkun á niðurgreiðslum um 450 millj., að því er ég skildi án vísitölubreytingar. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, sýnist mér þetta ekki geta þýtt annað en raunverulega hækkað vöruverð eða verri

afkomu fyrir alla neytendur í landinu, og þetta kemur nú, þegar fyrir nokkrum dögum er búið að semja við verkalýðshreyfinguna, og mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef forustumenn verkalýðshreyfingarinnar fallast á þessi vinnubrögð. Einu sinni var talað um vísitölufals og gert þó nokkuð mikið úr einu eða tveimur vísitölustigum, og það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan. Ég held, að þetta sé alveg beint vísitölufals og geti ekki kallazt neitt annað. Ég held, að þarna fari góð sneið af þeirri kauphækkun, sem verkalýðshreyfingin fékk hér um daginn. Eru annars til nokkrir útreikningar um þessa hluti? Ég verð að játa það, að það kemst ekki inn í minn koll, hvernig svona vinnubrögð geta í reyndinni farið fram, að einn mánuðinn er verið að semja og gert mikið úr því, hvað hækkun er mikil. Næsta mánuð er þetta bara svo einfaldlega tekið til baka. Það hefði einhvern tíma ekki þótt góð ráðsmennska.

Hæstv. fjmrh. talaði um það áðan, að hann teldi, að hér væri ekki um neina verulega skattahækkun að ræða með því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef engar tölur séð um þetta. Ég heyrði hæstv. ráðh. að vísu lesa langan lista, en hefði ekki verið hyggilegra og hefði ekki verið tiltækilegt að láta fylgja frv. rækilegt yfirlit um það, hvað þessi mál í raun og veru þýða, sem hér er verið að biðja um? Eru hv. stjórnarþm. svo miklu snjallari en ég, að þeir séu búnir að átta sig á því, hvað hér er um að ræða í raun og veru, sem ætlazt er til af þeim að styðja nú í gegnum þingið? Ég efast um það. Mér finnst, að frv. og þær skýringar, sem með því eru, hefði verið hægt að setja miklu betur fram og miklu aðgengilegar fyrir okkur þm.

En ég hef örfáar spurningar, sem mig langar til þess að beina til hæstv. fjmrh. Í fyrsta lagi: Dugar þessi skattahækkun? Er þetta endirinn, eða er meira eftir? Er þessi heildarhækkun, sem þarna kemur fram, nóg til þess að mæta þeim stóru upphæðum, sem við höfum verið að tala um? Ég held, að það sé alveg bráðnauðsynlegt fyrir okkur þm. að fá þessar tölur alveg hreinar. Og ég álít, að það eigi að vera hægt. Mig langar sem sagt til að vita, hvort hér sé lokatalan.

Mig langar líka til að vita í eitt skipti fyrir öll frá hæstv. fjmrh., hvað pakkinn sé stór samtals. Þarna er verið að reyta þetta í smáskömmtum til okkar, svona hálfan milljarð og einn milljarð hér og þar. En ég held, að það sé bezt að fá heildarmynd af öllu málinu og reyna svo að átta sig á því, hvað hægt sé að gera.

Enn fremur langar mig til að vita, hvað þessir nefskattar, sem falla niður, séu mikil upphæð í heild. Hæstv. ráðh. las upp tölur um vissa nefskatta, en ég er ekki nógu klókur til að átta mig á því, hvað þessi fúlga er stór.

Svo langar mig til að vita, hvernig þessir skattar skiptast á milli fyrirtækja annars vegar og hins vegar einstaklinga í stórum dráttum eða öllu heldur, hvorum megin hækkunin hafi komið fyrst og fremst niður.

Ég á von á því, að það sé tiltölulega auðvelt að fá þessar upplýsingar, en mér hefði þó þótt miklu aðgengilegra, ef þær hefðu verið með frv. sjálfu, þegar það var lagt fram.

Hér er um að ræða frv., sem sannarlega snertir flesta landsmenn. Frv. er auðvitað liður í nýrri efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstj. Og þess vegna finnst mér, að það sé ástæða til að gera þessa efnahagsstefnu ofurlítið að umtalsefni í beinu sambandi við þetta mál, enda hef ég ekki haft aðstöðu til þess að sökkva mér niður í þetta frv. á þeim tveimur dögum, sem það er búið að liggja frammi, því að mér skilst, að það þurfi að bera saman við eldri lög og virkilega liggja yfir því talsvert mikið, til þess að menn geti áttað sig á því nægilega vel, hvað hér er í raun og veru að gerast. Fljótt á litið sýnist mér þó, að það séu þó nokkur atriði, sem eru þess eðlis í frv., að mér finnst, að ég gæti vel samþykkt þau. En ég álít, að það sé nauðsynlegt í þessu, og það verður vafalaust gert, að hv. fjhn., sem fæst væntanlega við málið, fari mjög rækilega niður í öll atriði málsins. Þetta snertir svo marga og er svo margþætt, að ég held, að það hljóti að verða mjög mikil vinna, en það verður vafalaust farið vel ofan í það.

Það liggur alveg ljóst fyrir, m. a. í frv. sjálfu, að það er aðeins hluti af sjálfri efnahagsstefnunni. Þess vegna er ómögulegt að ræða um þetta frv. nema sem einn hluta þeirrar stefnu, sem meiningin er, að verði ríkjandi hér í bili. Ég fagna því, að tryggingafrv. gerir ráð fyrir margs konar endurbótum, sem við Alþfl.-menn metum mikils. Mér finnst afgreiðsla fjárlaga hins vegar vera kæruleysisleg og allt of mikið bera á því, að það sé sjálfsagt að gera allt fyrir alla. Auk þess finnst mér, að málefnum sé ekki raðað í rétta röð og alveg sérstaklega, að það sé lítið hugsað um það, hvernig eigi að afla peninganna til þess, sem meiningin er að gera. Það er sjálfsagt fátt í fjárlögunum, sem hægt er að segja um, að sé óþarft. En það er nú einu sinni svo, að það er tiltekin peningafúlga til, og það er þessi peningafúlga, sem Alþ. er að ráðstafa þessa dagana. Stjórnarflokkarnir þurfa náttúrlega ekki á neinni aðstoð að halda frá stjórnarandstöðunni, og þess vegna bera þeir einir ábyrgð á efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. og engir aðrir. Og ég vil líka ætla, að hæstv. ríkisstj. sé þess albúin að bera þessa ábyrgð ein.

En má ég ekki biðja hæstv. ríkisstj. um að líta ofurlítið fram í tímann, bara eitt eða tvö ár, og væri ekki ráð að reyna að átta sig á því, hvað sé fram undan? Er ekki líklegt, að stórhækkuð fjárlög séu verðbólguaukandi, og margar aðrar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. er að gera? Mér finnst nefnilega öll vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum þess eðlis, að það sé reiknað með vaðandi verðbólgu á næstu árum, jafnvel á næstu mánuðum. Og við allt þetta bætist svo, að fréttir frá útlöndum herma, að gengi þar sé sums staðar að falla og annars staðar að hækka. Og er ekki trúlegt, að þetta atriði geti haft veruleg áhrif á efnahagsmál okkar.

Alþfl. gerir sér vel grein fyrir því, að það alversta, sem getur komið fyrir sem afleiðing af stjórnarstefnu núv. hæstv. ríkisstj., er hömlulaus verðbólga, meiri og stærri en nokkurn tíma hefur þekkzt. Fólkið í landinu, allur almenningur, verður hér að hamla á móti. Ef nú heldur sem horfir, verður þessi þróun miklu verri og alvarlegri en komið hefur upp a. m. k. síðustu 30 árin.

En ég vil reyna að vera sanngjarn, þegar ég ræði þessi mál, en ég held, að það sé alveg ljóst, að það eru takmörk fyrir því, hve hægt er að leggja mikla skatta á atvinnufyrirtækin, án þess að það hái þeim rekstrarlega. Væntanlega eru allir sammála um það, sama með hvaða formi fyrirtækin eru rekin, að þau beri að reka á heilbrigðum grundvelli. En þegar litið er á efnahags-

málastefnu hæstv. ríkisstj. í heild, verður ekki sagt, að það sé yfirleitt gert ráð fyrir því. Og ég er afar hræddur um, að fjöldi fyrirtækja gefist upp og hætti starfsemi, þegar öll áhrif þessarar efnahagsstefnu eru komin til framkvæmda. Og ef fyrirtækin gefast upp, þá verður ekki langt í atvinnuleysið.

Ég hef rætt þessi mál nokkuð almennt og um efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. Eins og ég sagði í upphafi, eru mörg meginatriði þessa frv. þess eðlis, að Alþfl. vill standa að framgangi þeirra. Hins vegar er frv. hluti af óábyrgri efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj., sem Alþfl. vill ekki eiga neinn hlut að. Það frv., sem hér er til umr., er þannig, að öll vinnubrögð, alveg sama hvert litið er, virðast byggjast á því, að aukin verðbólga sé sjálfsögð og óhjákvæmileg. Hæstv. ríkisstj. fer auðvitað sínar leiðir. Við því er hreint ekkert að segja. En þó að við Alþfl.-menn séum fáir hér, mættum við kannske minna á, að sú augljósa verðbólgustefna, sem nú er framkvæmd, verður alvarlegt áfall fyrir þjóðina alla. Ég segi því við hv. stjórnarsinna í þessari hv. d.: Væri ekki rétt að taka efnahagsmálastefnuna alla til endurskoðunar? Er ekki of mikill verðbólgusvipur á mörgum málum þingsins? Er ekki loforðalistinn í bókinni góðu heldur stór biti fyrir hæstv. ríkisstj.?

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, verður ekki rætt, nema nokkuð sé minnzt á frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, enda beinlínis að því frv. vikið í aths. með frv. þessu. Þegar saman fer einnig breyting á verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, eins og hér á sér stað, verður ekki hjá því komizt að ræða þessi tvö frv. í nokkru samhengi, auk þess sem hér er um að ræða í báðum tilfellum þær álögur, sem sóttar eru beint í vasa borgaranna til þess að standa undir hluta af sívaxandi umsvifum hins opinbera. Og eins og við var að búast, þegar mynduð var vinstri stjórn í landinu, fara þau umsvif og afskipti stórvaxandi. Það, sem skattgreiðendur vilja vita, er, hvað þeir þurfa að greiða til hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Þeir láta sig minna varða, hver hlutur fer í ríkissjóð og hver í sveitarsjóð. Þeir vilja vita, hver heildarskattbyrði þeirra er. Ég vona því, herra forseti, að mér verði virt það til vorkunnar, þótt ég drepi hér lítillega á tekjustofnafrv., sem var til 1. umr. í hv. Ed. í dag.

Þótt lítill tími hafi unnizt til þess að gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem af lögfestingu þessara frv. mun leiða, er samt auðvelt að nefna fjölmörg atriði, sem benda til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi einnig verið í tímahraki. En hér sannast enn sem fyrr það eindæma gáleysi, sem einkennir vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstj. Fyrst er ákvörðunin tekin, og síðan er reynt að finna forsendur fyrir ákvörðuninni. Ákvarðanirnar um það, sem gera skal, er, eins og allur landslýður veit, að finna í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Það kemur betur og betur í ljós með hverju máli, sem hæstv. ríkisstj. leggur fram, á hve traustum grunni sá málefnasamningur er byggður. Undanfarna daga hefur fjárlagafrv. verið til meðferðar hér á hv. Alþ. Nægilega hefur verið á það bent, að teknahlið þess er ekki enn gerð, þótt 2. umr. sé lokið, og ætla ég ekki að bæta neinu við þær umr. Hins vegar hefur það ekki verið dregið fram í umr., að ég held, að tekjuöflun samkv. lögum um tekju- og eignarskatt, samkv. fjárlagafrv., virðist ekki einu sinni byggð á þeim lögum, sem í gildi eru, þegar frv. er samið og það lagt fram, heldur á lögum um það efni, sem breytt var í verulegum atriðum á s. l. vori.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um það, hvernig ríkisstj. hefur staðið að þeim breytingum, sem hér eru boðaðar. Eitt fyrsta verk hæstv. fjmrh. var að víkja frá störfum þeirri nefnd, sem unnið hafði að endurskoðun skattalaga og ætlað var að starfa áfram. Skipaði hann síðan nýja nefnd til að vinna að þessu verkefni. Nefnd þessi, sem aðrar slíkar, er að sjálfsögðu launuð af almannafé. Það getur því ekki verið til of mikils mælzt, þótt þess sé farið á leit, að alþm. fái að sjá nál. Þess er getið í aths. við frv., að nefndin hafi aðstoðað við samningu þess. En að hve miklu leyti er frv. þetta ávöxtur af störfum nefndarinnar, og túlkar það skoðanir nm., eða er það e. t. v. samið af ríkisstj.? Það breytir hér engu um, þótt endurskoðun skattalaga sé í miðjum klíðum, eins og jafnframt segir í aths. með frv. Það er lágmarkskrafa, að álit nefndarinnar komi fram og útreikningar þeir, sem ætla verður, að hafi verið gerðir.

Svipuð voru vinnubrögðin varðandi endurskoðun tekjustofnalaganna. Eitt fyrsta verk hæstv. félmrh. var að skipa sérstaka nefnd til þess að endurskoða þau, eftir að starfsbróðir hans, hæstv. fjmrh., hafði losað sig m. a. við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og raunar fleiri úr skattanefndinni, en þar átti sambandið tvo fulltrúa. Í málefnasamningnum, sem ég skil nú raunar aldrei við mig, þótt ég lesi hann að vísu ekki kvölds og morgna, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun", o. s. frv.

Með tekjustofnafrv. er að vísu farið eftir fyrri óskum sveitarfélaganna varðandi löggæzlukostnað, almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld, en sveitarfélögin voru ekkert sérstaklega tilkvödd að þessu sinni, og þau höfðu margar fleiri óskir fram að færa. Auðvitað á það sama að gilda, þegar endurskoðuð eru lög um tekjustofna sveitarfélaga, jafnvel þótt þess sé ekki sérstaklega getið í stjórnarsamningnum. Ég átel því, að ekki skuli haft samráð við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar skipað var í nefndina. Það var óviturlegt og hefur líka sætt gagnrýni. Þessi aðferð gerir málið allt erfiðara úrlausnar og er til þess fallin að skapa tortryggni.

Annars ætla ég ekki að ræða sérstaklega tekjustofnafrv. nú, til þess gefst tækifæri síðar, en ég vil þó láta þess getið, að í því eru ýmis athyglisverð ákvæði, ákvæði sem eru sveitarfélögunum að skapi, og fyrir það vil ég þakka hæstv. ríkisstj. Ég trúi því, að ríkisstj. sé sveitarfélögunum velviljuð, og ég vona, að gott samstarf megi takast milli sveitarfélaganna og ríkisstj.

Jafnvel við skjótan yfirlestur þessa frv. sést, hversu fljótfærnislega það er unnið á allan hátt. Hæstv. fjmrh. nefndi hér í umr. í dag í ræðu sinni, að ákvæðin um arðjöfnunarsjóð væru felld niður, en það hefur gleymzt að fella út ákvæðin um hann í D-lið 7. gr., 2. mgr., eldri laga, svo að dæmi séu nefnd. Sömuleiðis í B-lið 11. gr. laganna. Arðjöfnunarsjóður er ekki lengur til í skattteknisku tilliti og því fásinna að tala um hann í frv. Þá er

enn talað um tekjuútsvar í þessu frv., sbr. 4. gr. og 8. gr., 2. mgr., þótt ekkert raunverulegt tekjuútsvar verði lagt á félög hér eftir.

Þá má nefna ákvæðin um ríkisskattanefnd. Það virðist mikið liggja á, að ríkisstj. komi þar inn sínum mönnum. *Út af fyrir sig er meira en lítið vafasamt að* skylda Hæstarétt til þess að skipa sex menn, sem ráðh. á svo að velja tvo úr, en auk þess hefur hann vald til þess að skipa varaformann og formann. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því, að skipulagsbreyting verði gerð, en skipulagsbreytingu verða að fylgja ákveðnar forsendur. Hin nýja ríkisskattanefnd á að taka við 1. okt. 1972 samkv. frv. Þangað til skal ríkisskattstjóri vera formaður nefndarinnar, en þess er ekki gætt, að hann kemur fram fyrir hönd fjmrh. gagnvart nefndinni til *þess tíma, samkv. öðrum ákvæðum frv. Slíkt finnst mér* ekki geta gengið. Það kann líka að geta þvælzt fyrir Hæstarétti að finna hæfa menn, sem tilnefndir verði í ríkisskattanefnd. Þeir verða að vera öllum óháðir. Þeir mega ekki gegna ábyrgðar- eða trúnaðarstörfum við stjórn samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga eða á sviði fjármála og skattheimtu hjá ríki og sveitarfélögum. Í aths. við frv. er talað um, að hér sé nýmæli á ferðinni, til þess ætlað að gera ríkisskattanefnd sem óháðastan úrskurðaraðila og ákvæðin sett til að tryggja henni það traust almennings, sem hverjum dómstóli er nauðsynlegt. Ég vil gjarnan spyrja, hvort hér sé verið að bæta úr einhverju sérstöku óréttlæti, sem látið hefur verið viðgangast, þar sem í nefndinni eru nú þeir menn, sem ekki fullnægja þeim skilyrðum til skipunar í nefndina, sem í frv. greinir. Hæstv. fjmrh. vottaði hér í dag ríkisskattstjóra fyllsta traust, og er ég í sjálfu sér ekki hissa á því. En það gegnir kannske öðru máli með nefndina?

Þá verður að átelja það, að ekki skuli fylgja útreikningar á því, hver tekjuöflun ríkissjóðs verður samkv. frv. Það er fyrst hér í framsöguræðu hæstv. ráðh., sem tölur eru birtar. Svona útreikningar fylgja ekki heldur tekjustofnafrv. Það er að vísu ljóst orðið eftir upplýsingarnar í dag, að tekjuöflun og þar með skattbyrði borgaranna verður til muna hærri samkv. frv. en hún er á yfirstandandi ári.

Nokkur þeirra ákvæða frv., sem vita að breytingum á *verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, horfa tví*mælalaust til bóta. Þar er um að ræða, eins og ég drap á áðan, að ríkissjóður taki við greiðslu alls löggæzlukostnaðar, alls hluta sveitarfélaganna í lífeyristryggingum almannatrygginga og helmings útgjalda sveitarfélaga til sjúkratrygginga. Þessi ákvæði eru sjálfsögð, og ber að fagna þeim, svo sjálfsagt sem það er að létta af sveitarfélögum greiðslum vegna málaflokka, sem þau ráða ekkert yfir.

Hins vegar vil ég leggja áherzlu á það, að með frv. þessum er ekki mörkuð sú stefna, sem sveitarfélögin hafa viljað móta og til heilla er fyrir stjórnkerfið í landinu og þar með einnig til hagsbóta fyrir allan almenning. Hér á ég við það, að sveitarfélögunum á að fela meiri verkefni en þau hafa í dag. Þau eiga að fá meira sjálfstæði, meiri ábyrgð á lausn hinna ýmsu mála. Valdið á að vera úti í hinum ýmsum byggðum landsins. Það á ekki allt að vera hér í Reykjavík. En þetta kallar hins vegar á aðra skiptingu teknanna milli ríkis og sveitarfélaga. Það er skoðun mín, að þetta spor hefði átt að stíga stærra nú.

Með breytingum á tekjustofnalögunum er talið, að tekjuöflunarkerfi sveitarfélaganna sé gert tiltölulega einfalt. Það má e. t. v. til sanns vegar færa, að sumar breytingarnar horfa til einföldunar, en aðrar gera það ekki. Tekjuútsvarið, eins og það var, var lagt í aðalatriðum á sama gjaldstofn og tekjuskattur. Hið fyrirhugaða útsvar er hins vegar lagt á sérstakan stofn, sem verður að reikna út, og grundvöllur hans er í mörgum tilfellum afar óljós. Á það má einnig benda, að í hinum nýja útsvarsstiga eru hvorki meira né minna en 26 þrep, auk barnafrádráttar og fleiri atriða, sem taka þarf tillit til, eftir aðstæðum gjaldenda. Öllum ætti að vera ljóst, að þetta er ekki til einföldunar á kerfinu. Í aths. með frv. er rík áherzla á það lögð, að með breytingum sem boðaðar eru, verði tekjustofnar sveitarfélaga mun öruggari en áður. Til þess að tryggja þetta öryggi eru þau t. d. losuð við þá fyrirhöfn að skattleggja fyrirtæki, og skattlagning þeirra á að vera í höndum ríkisins og skattur fyrirtækja á að renna til ríkissjóðs. En hverjar verða hinar raunverulegu breytingar samkv. frv. á áhættu sveitarfélaganna? Jú, sveitarfélögin hafa ekki lengur tekjuútsvar af atvinnurekstri, sem rekinn er á félagslegum grundvelli. Samkv. útsvarsálagningu 1971 má ætla, að tekjuútsvör félaga í landinu hafi verið 10–15% af heildarálagningu útsvara í landinu og 5–7% af heildartekjuöflun sveitarfélaga. Ríkisstj. ætlar að svipta sveitarsjóði þessum 5–7% tekna sinna til að gera tekjuöflun þeirra einfaldari og öruggari. Þetta má að vísu kalla mikla rausn. Hins vegar hafa sveitarfélögin áfram tekjuútsvar af atvinnurekstri í einkaformi, en mér þykir sennilegt, að sá atvinnurekstur sé yfirleitt sveiflukenndari og áhættumeiri en rekstur í félagsformi. *Ég tel mjög varhugavert að fara inn á þá braut,* sem hér er ætlað, þ. e. að svipta sveitarfélögin að verulegu leyti hagsmunum af því, að rekin séu arðbær félög innan þeirra marka. Það kann að hafa ófyrirsjáanleg áhrif á atvinnuuppbyggingu sveitarfélaganna í landinu.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að breytingu skattbyrðarinnar. Þegar rætt er um það efni, verður enn að skoða bæði frv. í samhengi. Ljóst er af þessum frv., að um verulegar hækkanir verður að ræða á skattbyrði einstaklinga eða almennra launþega í landinu. Hafi það ekki verið ætlun ríkisstj., hefur henni eða reiknimeisturum hennar hrapallega mistekizt. Að þessu verð ég að víkja nokkru nánar. – Ég vil alveg sérstaklega biðja hv. stjórnarsinna að hlýða á mál mitt og hugleiða, hvort þeir séu reiðubúnir að samþykkja hugmyndir stjórnarinnar í þessum efnum. – En hvernig á að reikna breytingu skattbyrðarinnar? Um þetta eru menn sjálfsagt ekki sammála, *en ég vil benda á þá einu leið,* sem ég fullyrði, að raunhæf sé í þessum efnum. Hugtakið skattbyrði er í aðalatriðum þeir skattar, sem gjaldandinn verður að greiða af tekjum sínum. Ef skattarnir eru reiknaðir sem hlutfall af tekjum, fáum við eina nothæfa mælikvarðann á skattbyrðina. Skattbyrði gjaldandans þyngist ekki, þótt skattar hækki í hlutfalli við hækkun tekna, en hækki skattar hlutfallslega meira en tekjur, þá þyngist skattbyrðin. Þetta er ósköp einfalt, og ég vona, að um þetta geti allir verið sammála. Ég ætla þó að nefna einfalt dæmi til að skýra mál mitt. Árið 1970 hafði gjaldandi 500 þús. kr. í bruttótekjur og greiddi skatta til ríkis og sveitarfélaga að meðaltali 20% eða 100 þús. kr. Árið 1971 hefur gjaldandi 600 þús. kr. í

tekjur og greiðir þá 120 þús. kr. í skatta. Skattarnir hækka um 20%, en þar sem tekjurnar hækkuðu um sama hlutfall, þá breytist skattbyrðin ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur í hljóðvarpi og hér raunar í dag skýrt frá breytingum skattbyrðarinnar miðað við boðaðar breytingar með nokkrum dæmum. Þessi dæmi eru svo villandi og beinlínis röng, að ekki verður hjá því komizt að ræða þau nokkuð. Ég held því þó ekki fram, að hæstv. ráðh. sé vísvitandi að blekkja almenning í landinu, og því verði að fyrirgefa honum, vegna þess að hann einfaldlega viti ekki, hvað hann er að gera. Hann hefur sjálfsagt ekki reiknað þessi dæmi sjálfur. Virðist því ástæða fyrir hæstv. ráðh. að setja ofan í við reiknimeistara sína. Dæmi hæstv. ráðh. virðast, eftir því sem næst verður komizt, byggð á samanburði milli þeirra skatta, sem gjaldendur koma til með að greiða 1972, samkv. boðuðu kerfi annars vegar, og þeim sköttum, sem hefðu verið á lagðir 1972, samkv. eldra kerfi. Við útreikninga á skattbyrði samkv. eldra kerfi gefur ráðh. sér forsendur, sem sýna stefnu ríkisstj. í skattlagningu á almenning. Fjárlagafrv. staðfestir þá viljayfirlýsingu ríkisstj. að hækka tekjuskatta einstaklinga samkv. eldra kerfi um 30–40% frá árinu 1971. Sú aðferð að reikna með 6.5% hækkun skattvísitölu, meðan tekjuhækkun er áætluð 23%, leiðir til 30–40% hækkunar tekjuskatta. Skattbyrði þyngist stórlega. Niðurstaða þessara útreikninga er síðan notuð til samanburðar við skatta samkv. nýja kerfinu. Sá samanburður sýnir ekki miklar skattahækkanir, enda er hækkunin þegar komin inn í samanburðargrundvöllinn. Þá verður ekki séð, að reiknað sé með hækkun fasteignaskatta í dæmum hæstv. ráðh., en ráð er þó fyrir því gert, að tekjuöflun sveitarfélaganna með fasteignasköttum fari stórlega hækkandi samkv. tekjustofnafrv.

Eina raunhæfa leiðin til að gera samanburð á skattbyrðinni samkv. nýju og eldra kerfi er að reikna út þá skatta, sem lagðir voru á 1971 eftir þeim reglum, sem þá giltu og fyrirhugað er að breyta, og bera þá saman við álagningu samkv. nýju kerfi 1972. Hækki skattarnir hlutfallslega meira en áætluð tekjuhækkun, sem er 23%, þá þyngist skattbyrðin. Eftir þessari aðferð hef ég reiknað út dæmi ráðh. og sýna niðurstöður þeirra útreikninga aðra og raunhæfari mynd af því, sem hér er að gerast. Miðað er við álagningu 1971 í Reykjavík, reiknað með 23% tekjuhækkun milli áranna 1970 og 1971, eins og gert er í fjárlagafrv., og ná útreikningarnir til eftirfarandi skattgjalda: Gjaldár 1971: tekjuskattur með 1% álagi í Byggingarsjóð, tekjuútsvar ásamt kirkjugarðsgjaldi, sjúkrasamlagsgjald og almannatryggingagjald og fasteignaskattur. Gjaldár 1970: tekjuskattur með 1% álagi, útsvar með kirkjugarðsgjaldi og fasteignaskattur, en almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald hafa þá verið felld niður. Ég ætla þá að leyfa mér að koma hér með endurreiknuð dæmi hæstv. ráðh., dæmin, sem hann nefndi í hljóðvarpi fyrir nokkrum dögum.

Það er í fyrsta lagi hjón með 2 börn og 257 þús. kr. bruttótekjur. Álagðir skattar 1971 voru 21 290 kr., ekki 33 900 kr. 1972 verða þeir 22 634 kr., en ekki 14 þús. kr. Hækkun skatta er því 6.3%, en lækkun skattbyrðar úr 10.2% í 8.8% af bruttótekjum. Útreikningar ráðh. sýndu lækkun skatta um 20 þús. kr.

Þá var annað dæmi ráðh. um hjón með 2 börn og 380 þús. kr. bruttótekjur. Álagðir skattar 1971 voru 35 094 kr. 1972 verða þeir 45 139 kr. Ég hirði ekki um að telja hér upp það, sem hæstv. ráðh. fékk út úr dæminu. Hækkun skatta er um 28.6% og hækkun skattbyrðar úr 11.4% í 11.9% af bruttótekjum. Útreikningur ráðh. sýndi lækkun skatta um 22 þús. kr.

Þriðja dæmið: Hjón með 6 börn og 770 þús. kr. í bruttótekjur. Álagðir skattar 1971 97 007 kr., en verða 1972 159 865 kr. Hækkun skatta er um 64.8% og hækkun skattbyrðar úr 15.5% í 20.8% af bruttótekjum eða um 34.2% Útreikningur ráðh. sýndi lækkun skatta um 9 þús. kr.

Fjórða dæmið: Hjón með 2 börn og 1 230 þús. kr. í bruttótekjur. Álagðir skattar 1971 302 556 kr., verða 1972 448 985 kr. Hækkun skatta er því 48.4% og hækkun skattbyrðar er úr 33.3% í 36.5% af bruttótekjum eða um 20.4%. Útreikningur ráðh. sýndi hækkun skattbyrðar um 27 þús. kr. eða 16.5%.

Og að lokum fimmta dæmi ráðh. Það er einhleypur karl með 510 þús. í bruttótekjur. Álagðir skattar 1971 102 604 kr., 1972 171 380 kr. Hækkun skatta um 67% og hækkun skattbyrðar úr 24.7% í 33.6% eða um 36%. Útreikningar ráðh. sýndu hækkun skatta um 11 þús. kr. eða 6.5%.

Ég ætla ekki að þreyta hv. alþm. lengur með tölum, en öll þessi dæmi sýna hækkun skattbyrðar fyrir utan fyrsta dæmið, en það er naumast hægt í svona útreikningum að reikna með 257 þús. kr. bruttótekjum hjóna, þegar ófaglært verkafólk hefur almennt bruttótekjur að fjárhæð 430–490 þús. kr. Hvað þá að koma með dæmi, eins og hæstv. ráðh. gerði í dag, um hjón með 6 börn og með 100 þús. kr. í nettótekjur. Það getur verið, að ég hafi misskilið það. Hann talaði um, að við nettótekjur, sem hann nefndi, mætti alltaf bæta 25%. Það eru þá 125 þús. kr. Ef hins vegar væri búið að draga persónufrádrátt frá, þá heita þetta skattgjaldstekjur, en ekki nettótekjur. Ég veit ekki fyrir víst, við hvað ráðh. átti, en ég held, að hjón með 6 börn og 125 þús. kr. tekjur finnist nú vart.

Ég er reiðubúinn að leggja fram þessi dæmi til frekari athugunar og mörg önnur, sem öll eru á sama veg. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sé einnig reiðubúinn að leggja fram útreikninga sína. Þetta væri gagnlegt fyrir hv. fjhn., sem fær þetta frv. til athugunar.

Það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. geri sér enga grein fyrir tekjum almennings í landinu, en einfaldast er að fletta upp í Hagtíðindum, sem birta tekjur hinna ýmsu atvinnustétta í landinu. Reikna má með, eins og ég sagði áðan, að bruttótekjur ófaglærðs verkafólks hafi verið 350–400 þús. kr. árið 1970. Þær verða því 430–490 þús. kr. árið 1971. Það er rétt, að þeir þjóðfélagsþegnar, sem ekki hafa greitt tekjuskatt, verða nú lægri í sköttum vegna niðurfellingar almannatryggingagjalda og sjúkrasamlagsgjalda. Hitt er ljóst, að skattbyrðin þyngist hlutfallslega mest á miðlungstekjum og tekjum láglaunafólks, en hlutfallsleg hækkun verður minni, eftir því sem tekjurnar hækka.

Ráðizt er að öldruðu fólki mjög hastarlega með frv., og verða skattahækkanir sennilega hvað mestar hjá því. Þannig er felldur út úr lögunum sérstakur frádráttur til handa gjaldendum, sem náð hafa 67 ára aldri, samkv. 16. gr. laga nr. 68/1971. Þá er á það að benda, að niðurfelling almannatryggingagjalds og sjúkrasam-

lagsgjalds kemur ekki þessu fólki til góða, vegna þess að það greiðir ekki þessi gjöld nú, heldur leggst skattahækkunin, sem mæta á þessum niðurfellingum, með fullum þunga á aldrað fólk. Er þetta vilji hæstv. ríkisstj.? Ég held varla eftir orðum hæstv. ráðh. hér í dag. Eða eru svona viðamikil mál lögð fyrir hv. Alþ. í slíku flaustri, að aðstandendur þeirra og ábyrgðarmenn gera sér ekki grein fyrir því, hvað snýr upp og hvað niður á hlutunum?

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég hef ekki rætt hér einstakar gr. frv. nú, en til þess gefst eflaust tækifæri síðar. Satt að segja býst ég við og vona, að hæstv. ríkisstj. átti sig á þessu máli öllu nú yfir hátíðarnar og komi sjálf með brtt., þegar þing kemur saman að nýju eftir áramót. Annars verður að virða það við hæstv. fjmrh., að hann skuli, svona rétt fyrir jólin, gleðja fólkið í landinu með loforðum um lækkun skatta. Það má segja, að hann hafi pakkað þessu frv. inn í nokkurs konar jólaumbúðir. En því miður fyrir skattgreiðendur þá verða þeir ekki aðnjótandi skattalækkunar, ef þetta frv. verður að lögum. Mér þykir leitt að þurfa að segja þetta, en þetta er rétt. Sem betur fer þá gefst tími til að athuga þetta mál betur, þar sem frv. verður ekki afgreitt fyrir jól. Ég hvet alla hv. þm. til þess að kynna mér málið ofan í kjölinn og gera það fordómalaust.

Það er mikill munur á þeim niðurstöðum, sem hæstv. ráðh. hefur lýst, og þeim, sem ég hef komið hér fram með. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem menn greinir á um, hvernig eigi að reikna dæmi, eða kannske öllu heldur, hvernig eigi að setja þau upp.

Hv. fjhn. þarf því að kanna þá útreikninga, sem gerðir hafa verið, og gera sjálfstæðar athuganir. Hér er um svo viðamikið mál að ræða, mál, sem varðar hvern borgara í landinu, að enginn vafi má á því leika, hvaða afleiðingar lögfesting frv. hefur.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og það má segjast eins og er, að hinar tíðu breytingar skattalaga sýna berlegar en nokkur orð, hvílíkur vandi ráðamönnum þjóðarinnar er á höndum að semja skynsamleg og viðunanleg skattalög. Hæstv. fjmrh. hefur minnt á, að það frv., sem hér liggur fyrir, er einhvers konar áfangi í þeirri heildarendurskoðun skattalaganna, sem eigi að fara fram nú á næsta ári, og ber að sjálfsögðu að líta á þetta frv. sem slíkt.

Hér er ákaflega deilt um tölur, og ég leiði þær hjá mér að verulegu leyti, en mér þykir ástæða til að ræða aðra hluti í sambandi við skattalögin, sem ég hygg rétt, að þingheimur hugsi örlítið meira um en eingöngu sjálfa skattabyrðina, þótt hún sé náttúrlega meginatriði. Ég vil í tilefni af því, að nú fer fram heildarendurskoðun skattalaganna, minna á nokkur atriði, sem nauðsynlegt er að gefa nánari gaum í sambandi við fyrirhugaða endurskoðun.

Þá er eitt atriði, sem ég legg höfuðáherzlu á, og það er, að samhliða yfirstandandi heildarendurskoðun skattalaga verði að setja ný lög um hlutafélög og sameignarfélög. Þegar öllu er á botninn hvolft, hefur það ekki ýkja mikla þýðingu að endurskoða skattalögin, þegar sjálfur grundvöllurinn er fúinn, a. m. k. að verulegu leyti. Það hefur lengi verið deilt um ágæti hlutafélagsformsins frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og margir einstaklingar hafa, eins og mönnum er e. t. v. kunnugt, misnotað þetta rekstrarform og skilið eftir sig slóð gjaldþrota hlutafélaga án þess að hafa á neinn hátt orðið að bera ábyrgð á, hvernig fyrir þeim hefur farið, og ástæðan er einföld. Þessir menn hafa dregið fé út úr hlutafélögunum og ráðskazt með eignir þeirra án þess að sæta ábyrgð. Hin ófullkomnu hlutafélagalög gera að vísu ráð fyrir ábyrgð, en lögunum er ekki einu sinni framfylgt, hvað þá meir. Endurskoðun þessara laga hefur, að því er ég bezt veit, staðið yfir í a. m. k. áratug, en ekkert bólað á árangri í þeim efnum. Um sameignarfélög er engin löggjöf til. Menn þurfa helzt að fara til Jónsbókar til þess að finna, hvernig þeim er slitið. Þar eru elztu ákvæðin, sem fjalla um það hvernig sameignarfélögum er slitið, þótt þau gangi þar undir öðru heiti. Þessi félög, sameignarfélögin, eru rekin á ótakmarkaða ábyrgð eigenda, en rekstur þeirra hefur verið laus í reipum, að ég hygg, vegna sinnuleysis löggjafans. Þetta rekstrarform er miklu æskilegra frá skattalegu sjónarmiði vegna hinnar beinu ábyrgðar eigendanna. Þetta vandamál er í raun og veru miklu stærra en menn gera sér almennt ljóst. Þessi glundroði og vöntun á löggjöf um ólík rekstrarform hefur birzt í setningu skattalaga s. l. áratug. Það er t. d. ákaflega fróðlegt að bera saman skattalögin frá 1965, skattalögin frá í vor og þau skattalög, sem nú liggja fyrir Alþ. til umr. Þar eru stundum felld niður ákvæði, sem aftur eru svo tekin seinna inn, og það er eins og þeir, sem semji skattafrv., eigi við svo ramman reip að draga, að þeir geri sér ekki ljóst, hvernig þeir eigi að taka á þessum rekstrarformum, vegna þess hversu þau eru laus í reipunum. Þessi vandi birtist, eftir því sem ég fæ bezt séð, bæði í aths. við 2., 4. og 8. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil einnig bæta við, að þm. er vafalaust ljóst, að launþegar í landinu eru haldnir mikilli tortryggni, hvað skattaálögur snertir á atvinnureksturinn. Þetta er alvitað, og ég hygg, að það stafi einmitt að verulegu leyti af því, hversu ófullkomin löggjöfin er um þessi rekstrarform. Ég hygg, að það væri ákaflega mikilvægt til þess að auka skilning milli launþega annars vegar og hins vegar atvinnurekenda að koma þessum málum í fastara form en verið hefur, og mundi þá mikið vinnast. Það verður þannig í reynd, að skattlagning atvinnurekstrarins verður mjög erfið, og það vantar í raun og veru undirstöðu til þess að fá trausta álagningu, og þess vegna má segja, að lagasetningu, eins og nú háttar, á þeim grunni, sem fyrir er, megi líkja við það að reisa hús á sandi. Ég vil í sambandi við þetta beina því eindregið til fjmrh. og þeirra, sem standa að þessum málum, að jafnframt þeirri heildarendurskoðun, sem á sér stað á skattheimtu ríkissjóðs, þá verði af krafti tekið á þessum vandamálum, því að það fæst aldrei viðunandi löggjöf um skattheimtuna, fyrr en þau eru leyst.

Ég vil líka víkja örlítið að skatteftirlitinu. Það má segja, að það sé ekki beint hér til umr., en mér finnst full ástæða til að minnast örlítið á það, þar sem lagasetning skattamála er í heildarendurskoðun. Ég tel, að það þurfi að búa í haginn fyrir skatteftirlitið með ýmsum hliðaraðgerðum, t. d. hækkun viðurlaga við skattsvikum, endurskoðun laga um löggilta endurskoðendur og þjálfun starfsfólks innan skattkerfisins. Það má auðvit-

að segja, að hækkun viðurlaga við skattsvikum yrði tvíeggjað vopn, en það má þó fullyrða, að strangari og raunhæfari viðurlög leiði til betri skattframtala, þegar til lengdar lætur. A. m. k. hafa grannþjóðir okkar á Norðurlöndum og víðar farið þá leið. Ég hygg, að það séu nýmæli í löggjöf Norðurlandaþjóða að meta skattsvik, a. m. k. gróf, sem jafngildi þjófnaðar. Skattsvik eru, því miður, eins og allir vita, nokkurs konar íþrótt hér á landi, og það gengur mjög seint að bæta skattsiðferði. Það er kannske eðlilegt, vegna þess að sá maður, sem svíkur kannske vísvitandi undan 25 þús. kr., sleppur með að greiða 2 þús. í sekt, þannig að ekki er hættan ýkja mikil.

Ég minntist á endurskoðun laga um löggilta endurskoðendur, og það er brýnt nauðsynjamál til stuðnings skatteftirliti, og er þá ekki minnzt á almenning og fyrirtæki, sem greiða fyrir þjónustu þessara manna dýru verði. Ég skal nefna eitt dæmi til að sýna, hvernig ábyrgð endurskoðanda kemur eiginlega skattyfirvöldum fyrir sjónir. Með leyfi hæstv. forseta, kemur hér tilvitnun:

„Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur, saminn eftir bókum félagsins, sem ég hef ekki endurskoðað, kostnaðarsundurliðun við gerðarbókhald félagsins og birgðir eru taldar og verðlagðar, en án minnar aðstoðar."

Þetta er grg. endurskoðandans. Endurskoðendur eru löggiltir af ríkisvaldinu. Ríkið kostar menntun þeirra, en hefur þó í raun engin afskipti af námi þeirra, sem endurskoðendur sjálfir standa fyrir. Endurskoðendur halda tölu sjálfra sín niðri til að tryggja mikla atvinnu sér til handa og gífurleg laun. Störfin, sem þeir leysa af hendi, eru gerð af slíku ábyrgðarleysi sem að ofan greinir. Ég hygg, að það væri ráð að gera endurskoðendur að virtri og öruggri stétt hér á Íslandi, þannig að unnt sé fyrir aðila, sem eiga undir þá að sækja, að treysta á þá, ekki sízt sjálft skatteftirlitið. Ég vil minna á, að t. d. í Danmörku er löggiltum endurskoðendum bannað að annast önnur störf en endurskoðun, og þeir verða að leggja fram mikla tryggingu, um leið og þeir hefja slíkt starf. Á Íslandi eru hins vegar endurskoðendur ríkisfyrirtækja, þar sem jafnvel bókhaldsóreiða og skattsvik hafa komið í ljós, gerðir jafnvel að forstjórum hinna sömu fyrirtækja.

Þjálfun starfsfólksins innan skattkerfisins er auðvitað mjög mikilvæg forsenda, en ég skal ekki fara nánar út í það. Ég vil aðeins minna á þetta, af því ég vænti þess fastlega, að sú stjórn, sem nú situr að völdum, muni taka þessi mál rækilega til athugunar. Ef það er ekki gert, þá hefur í raun og veru lítið annað átt sér stað en að nýir menn hafa tekið við af hinum gömlu. Og það er engin ástæða til að mínu viti að flýta sér um of með endurskoðun skattalaga. Þetta er mikið verk, en hins vegar nauðsynjamál að leysa þetta af hinni mestu kostgæfni.

Um það mál, sem hér liggur fyrir í heild, vil ég aðeins segja örfá orð umfram það, sem þegar er sagt. Eftir mínu bezta viti fæ ég ekki séð annað en að hér sé stefnt í rétta átt. Hér eru ýmsar grundvallarbreytingar, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir. Hér er um afnám nefskatta að ræða. Hér er a. m. k. eftir þeirri tölu, sem hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir stefnt í þá átt að draga úr skattbyrði hinna lægst launuðu og auka byrði þeirra, sem betur mega, og það hygg ég, að sé rétt stefna.

Ég hygg m. ö. o., að stefnt sé í rétta átt, en þetta er aðeins hálfnað verk, og ég vænti þess ákaflega af þessari ríkisstj., að hún taki á skattamálum á allt annan hátt en undanfarnar ríkisstj. hafa gert, allt frá stríðslokum.

Að svo mæltu læt ég orðum mínum lokið.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki ræða einstaka liði frv. eða hina tæknilegu hlið þess. Það hafa aðrir aðilar gert, sem kynnt hafa sér málið betur en ég. Erindi mitt hingað í ræðustól var aðallega að bera fram eina fsp. til hæstv. fjmrh. Hún er á þá leið, hvort þess sé ekki að vænta, að í sambandi við breytingu á skattalögunum nú verði frekar athugað um meiri frádrátt til handa sjómönnum en verið hefur.

Ég vil benda á, að fyrir hv. Alþ. liggja nú tvö frv., sem hér hafa verið tekin fyrir við 1. umr. og vísað til n. og eru nú í athugun þar. Mér þykir rétt að benda á í þessu sambandi, að eins og aðstaðan er nú, þá mundi ég telja mjög mikilvægt, ef hæstv. ráðh. gæti gefið einhverja vitneskju um það, hvort þarna muni verða einhver leiðrétting á gerð. Fram undan eru, að ég hygg, allerfiðir samningar við sjómannasamtökin um kaup og kjör. Og ég er sannfærður um, að það mundi verða til að greiða fyrir þeim samningum, ef þeir fengju einhverja vitneskju um, að einhver frekari ívilnun ætti sér stað þeim til handa í sambandi við skattamál. Það hefur verið á það bent, að þótt þarna sé farið inn á þá braut að veita einni stétt sérstaklega frádrátt umfram aðra í sambandi við tekjur sínar, hefur það aldrei, svo að ég hafi vitað til, verið talið neitt eftir og ekki talið óeðlilegt, þótt þetta væri gert við sjómannastéttina. Ég hygg, að það yrði ákaflega vel þegið, og mundi, eins og ég sagði, án efa geta orðið til þess að greiða fyrir þeim samningum, sem nú eru fram undan við þessa aðila.

Um málið sjálft í heild vildi ég segja það, að það kom fram hér, sem ég hef átt von á. Á ég þá við þær ábendingar og þá útreikninga, sem hæstv. fjmrh. var með, og þau einstöku dæmi, sem hann gerði grein fyrir hér á Alþ. Það hefur verið vitnað til upplýsinga, sem hann gaf í hljóðvarpinu hinn 13. des. s. l., og komst hann þar að þeirri niðurstöðu, að í þeim þrem tekjuflokkum, sem hann taldi upp þar, þ. e. frá 257 þús. kr. tekjum upp í 470 þús. kr. hjá giftu fólki, væri um lækkun á sameiginlegum sköttum til ríkis og bæjar að ræða. Hins vegar taldi hann, að þegar tekjur sambærilegra aðila væru komnar upp í 1 230 þús. kr., þá færi hækkun fyrst að koma í ljós. Hann taldi, að hún yrði 27 þús. kr. í þessum tekjuflokki, eins og hér hefur verið réttilega bent á. Ef mér hefur tekizt að taka niður rétt þær tölur, sem hæstv. ráðh. las hér yfir okkur í kvöld um skattaútkomu hinna ýmsu tekjuflokka, þá sýnist mér nú, að í ljós komi, að hann teldi, að skattar til ríkis og bæja sameiginlega byrjuðu að hækka af mun lægri tekjum en hann gerði grein fyrir í hljóðvarpinu. Mér skildist, að hann teldi, að þegar frá 400 eða 450 þús. kr. tekjum byrjuðu þeir tekjuflokkar að hækka.

Þetta gefur tilefni til að benda á, að það virðist vera að verða lenzka hjá hv. ráðh., að þeir túlka málið, þegar þeir koma fram á opinberum vettvangi, eftir því, sem þeir halda, að sé bezt fyrir þá, sem á þá hlýða í það og það skiptið. Það er auðvitað ákaflega gott fyrir hæstv.

fjmrh. að geta komið fram í hljóðvarpi og tilkynnt þjóðinni, að hún eigi almennt, – ég fullyrði, að almenningur hefur skilið hann þannig, – von á skattalækkun í sambandi við það frv., sem hér er til umr., en ekki skattahækkun, nema þegar komið er upp í hæstu tekjuflokkana, 1 230 þús. kr., sem ég hygg nú, að enn þá séu taldar til undantekninga hér hjá einstaklingum.

Það er einnig önnur hlið á þessu máli, sem hlýtur að liggja ljóst fyrir. Það er fyrir fram vitað, að sameiginleg heildarútgjöld sveitarfélaga og ríkissjóðs koma til með að hækka stórkostlega á árinu 1972 miðað við það, sem áætlað var um útgjöld þessara aðila á árinu 1971. Og ef það reynist svo, eins og þegar er fyrir fram vitað, að heildarútgjöld þessara tveggja aðila, sveitarfélaga og ríkissjóðs, hljóta að stórhækka, – þá gefur auga leið, miðað við allar þær verðhækkanir sem séð er, að fram undan eru, – að það hlýtur að koma að því einnig, að álögur á skattborgarana hækki til samræmis við hækkun útgjalda. Þetta er svo einfalt dæmi, að það hlýtur að liggja ljóst fyrir hverjum einasta aðila í landinu. Það er ekki hægt að hækka aðeins aðra hliðina, útgjaldahliðina hjá þessum aðilum, tekjuhliðin hlýtur einnig að verða að hækka, og það skiptir ekki gjaldendur öllu máli, í hvaða mynd það er tekið. Aðalatriðið er að fá réttar og raunsæjar upplýsingar um málið og að sjálfsögðu að sleppa sem bezt við hækkanirnar.

Það er erfitt og ég hef ekki lagt í það að kynna mér málið að því leyti að fara að ræða einstaka tekjuflokka. Það hefur verið gert hér, en tími vinnst sem betur fer til að gera það í því frii, sem fram undan er hjá okkur þm., og hygg ég, að flestir þm. muni leggja sig fram um að kynna sér málið sem bezt.

Þetta mál snertir að sjálfsögðu fjárlögin og efnahagsmálin almennt. Einn hv. ræðumanna, hv. 2. landsk. þm., benti réttilega á það hér í ræðu sinni í kvöld, að það er því miður þegar orðið ljóst, að fram undan eru stórfelldari verðlagshækkanir almennt en við höfum nokkurn tíma um nokkur áramót áður getað séð fyrir. Hækkun fjárlaga um kannske 4.5 eða 6 milljarða segir auðvitað sína sögu. Og þegar það er fyrir fram vitað, að kaupgjald muni á næstu tveimur árum hækka um 45–62%, þá segir það einnig sína sögu. Það getur ekki farið fram hjá neinum aðila, að þetta þýðir ekki það, sem við höfum fram að þessu kallað óðaverðbólgu. Þetta þýðir hreina kollsteypu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Aldrei fyrr hefur um áramót verið fyrirsjáanleg slík hækkun og það á ekki lengri tíma en hér er um að ræða. Í kjölfar þessara almennu verðhækkana, sem séðar eru fyrir, hlýtur vísitalan einnig að hækka og kalla á enn meiri hækkanir. Þetta er sama lögmálið og gilt hefur og gildir að sjálfsögðu alltaf, þegar vísitalan er óbundin.

En þegar við lítum á þetta, þá hljótum við einnig að gera okkur grein fyrir, hvernig afkoma atvinnuveganna verður. Ég kom lítillega inn á þetta í sambandi við umr. um fjárlögin, en vil þó aðeins ræða það nánar hér. Mér er ekki ljóst, hvað ríkisstj. hugsar sér, þegar það er orðið að raunveruleika, að kaupgjald hækkar frá 45% upp í um eða yfir 60% hjá hinum ýmsu greinum atvinnuveganna. Hvernig ætlast hún til, að þeir fái undir þessu risið án sérstakra aðgerða?

Það er rétt, að fiskiðnaður stendur vel í dag. Ef við gætum treyst því, að það yrði áfram, þá væri hættan ekki eins mikil. En þó að við gætum treyst því, að ekki yrðu neinar verðlækkanir á sjávarafurðum á erlendum markaði, þá er það fyrir fram vitað, að hann fær ekki undir þessum útgjöldum risið. Auk þess að almenn útgjaldahækkun hlýtur að verða hjá fiskiðnaðinum eins og öðrum, þá kemur það til viðbótar, sem er alveg vitað, að fiskverð hlýtur að hækka bæði um n. k. áramót og eins í ársbyrjun 1973. Auðvitað hljóta sjómenn að krefjast hækkunar til samræmis við þær almennu hækkanir, sem orðið hafa. Þegar hækkanirnar verða í tveimur áföngum, þá hljóta þeir einnig fyrir áramótin 1973 að krefjast síns hluta í hinum almennu hækkunum. Þetta er staðreynd, sem hæstv. ríkisstj. þýðir ekkert að loka augunum fyrir. Þetta hlýtur að koma. Og þegar þetta er allt komið saman, þá er það alveg ljóst, að fiskiðnaðurinn þolir ekki þær hækkanir, sem þegar er fyrir fram vitað, að á hann munu leggjast.

Hæstv. ríkisstj. hefur í hinum fræga sáttmála sínum slegið því föstu sem ófrávíkjanlegu, að hún muni ekki fara út í gengislækkun. Hún hlýtur því að hafa á prjónunum aðrar leiðir til handa þessum aðilum, sem að þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar standa. Hún hlýtur að hafa einhverjar hugsanlegar leiðir, sem hún sér fram á, að nota megi til að mæta þessu. Hverjar þær eru, ætla ég nú ekki að fara að spyrjast fyrir um, en mér þykir ótrúlegt, og það er óleyfilegt að hugsa sér það, að ein ríkisstj. vaði í það að standa að öllum þeim hækkunum, sem komnar eru, síðan hún tók við völdum, án þess að gera sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem þetta hlýtur að hafa. Manni dettur auðvitað í hug, hvort taka eigi upp einhvers konar uppbótakerfi, falska gjaldeyrissölu eða gjaldeyrisskatt eða eitthvað annað, sem við höfum áður séð, að stjórnir svipaðar þessari hafa leyft sér að standa að og settu þá allt efnahagskerfi þjóðarinnar á þeim tíma úr skorðum.

Sannarlega væri ástæða til að halda mjög langa og ítarlega ræðu um efnahagsmálin og aðstöðuna, sem þjóðin öll er í í dag. Ef undirstöðuatvinnuvegirnir bresta, þá brestur allt efnahagskerfi þjóðarinnar, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem auðvitað byggja allt sitt á því, að undirstöðuatvinnuvegirnir geti gengið. En ég ætla nú ekki á þessum kvöldfundi að fara út í slíkt, en ég vildi þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessu.

Ég endurtek að lokum fsp. mína til hæstv. ráðh., hvort þess sé að vænta í sambandi við afgreiðslu á þessu frv., sem hér liggur fyrir, að hinn sérstaki frádráttur til sjómanna verði einnig tekinn til endurskoðunar. Ef það stendur til, þá er mjög mikilvægt fyrir alla, að það kæmi fram nú, áður en þm. fara í jólafrí.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þótt mér eins og fleiri stjórnarandstæðingum finnist lítið til þess frv. koma, sem hér er á dagskrá, þá er fátt svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott. Og ég vildi nota hér tækifærið til að láta í ljós ánægju mína með eina breytingu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Breytingin kemur fram í 3. gr. frv. og fjallar um breytingu á 7. gr. laganna. Þar er um að ræða breytingu á skattskyldu vegna söluhagnaðar á íbúðum. Á þskj. 90 lagði ég fram frv. til l. um breytingu á tekju- og eignarskattslögum, sem fól í sér breytingar til lagfæringar á mjög ósanngjörnu og íþyngjandi ákvæði í núgildandi lögum.

Hæstv. ríkisstj. hefur brugðizt mjög myndarlega við þessari till. minni, því að í frv., sem hún leggur nú fram, er till. mín á þskj. 90 lögð nánast orðrétt fram og sett inn í þetta frv. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því, að þarna er brugðizt við með skjótum og myndarlegum hætti, sem ég kann vel að meta.

Í þessu ákvæði frv. eru hins vegar tvær lítilfjörlegar orðalagsbreytingar, sem ekki skipta meginmáli, hvað snertir sjálft inntak þessarar till. Mér sýnist þó hvort tveggja vera til hins verra. En þessar tvær orðalagsbreytingar eru annars vegar, þar sem segir í þessari till., með leyfi forseta:

„Selji skattþegn íbúðarhúsnæði, sem verið hefur íbúðarhæft í eigu hans skemur en þrjú ár, en kaupi annað íbúðarhúsnæði innan árs, eða byggi hús til íbúðar, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi", o. s. frv.

En í till. minni er talað um, að skattþegn hafi þurft að selja íbúð, sem hann hefur haft eða ætlað til eigin afnota. Með till. minni vakti það fyrir mér að tryggja, að menn stæðu ekki í braski með íbúðir, að þetta miðaði að því, að menn þyrftu ekki að greiða skatt af íbúðasölu, þegar um er að ræða íbúðir, sem þeir nota sjálfir.

Samkv. frv., sem hér er lagt fram, er þessu orðalagi, „til eigin afnota", sleppt úr, þannig að mér sýnist, að þarna sé opnaður aftur möguleiki til þess, að menn geti verið að kaupa og selja íbúðarhúsnæði án tillits til þess, hvort þeir nota það sjálfir, og þá fellur það undir það, sem við höfum kallað í daglegu tali „brask". Ég vil vekja athygli á þessari breytingu og tel, að það orðalag, sem fólst í frv. mínu, hafi verið heppilegra og næði betur tilgangi sínum.

Hitt atriðið snýr að orðalagi, sem fjallar um það, hvenær nýbyggt hús sé íbúðarhæft. Það er gert ráð fyrir því, að það þurfi að líða þrjú ár frá söludegi, eða það verði gert innan þriggja ára, frá því hann selur íbúð, þangað til hann kaupir aðra eða reisir nýtt hús, og þetta nýreista hús skuli vera íbúðarhæft, en það gefur auga leið, að menn geta hafið byggingu á húsi innan þriggja ára, en kannske staðið mjög lengi í þeirri byggingu, jafnvel í fjölda ára, þangað til þetta hús er orðið íbúðarhæft, og er þetta mjög teygjanlegt og áreiðanlega mjög erfitt í öllum meðförum, og sýnist mér vera heppilegra að orða það með þeim hætti, sem kom fram í frv. mínu, þar sem þetta ákvæði er tengt öðrum ákvæðum laganna, þar sem talað var um tímamörk þau, er um ræðir í 5. mgr. þessarar gr. Það er kannske erfitt að átta sig á þessu. En þetta var sett inn í frv. á þskj. 90 til að tengja það öðrum ákvæðum og hafa þarna fullt samræmi á milli. Ég er ekki að segja endilega, að þetta sé það allra bezta, sem fram kemur í frv. mínu, en vek líka athygli á, að þetta mætti gjarna betur fara í því frv., sem nú liggur hér fyrir, hvað snertir þetta ákveðna ákvæði.

Ég lýsi yfir ánægju minni, hversu myndarlega er brugðizt við, og raunar er það áréttíng á því, sem ég sagði hér í máli mínu til stuðnings þessu frv. fyrr í vetur, að þarna er um að ræða réttlætismál, þarna er um að ræða nauðsynlega leiðréttingu, sem kemur tvímælalaust til góða þeim fjölda fólks, sem þarf af ýmsum ástæðum, skiljanlegum og eðlilegum, að skipta um íbúðir, stækka við sig, bæði af efnalegum ástæðum eða hreinlega vegna stækkunar á fjölskyldu, innan þessa tímamarks. Sérstaklega er þetta til hagsbóta fyrir sumt ungt fólk, sem gjarnan byrjar á því að byggja sér litlar íbúðir og þarf svo fljótlega að stækka við sig.

Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umr. hér um þetta frv. né heldur að karpa við mér fróðari menn um þau ýmsu ákvæði, sem fjallað er um í þessum umr. En úr því ég hef staðið upp, þá vildi ég leyfa mér að benda á ýmis þau atriði, sem mér sýnist hafa komið mjög glöggt fram í þessum umr. og raunar bæði í máli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga.

Það liggur fyrir bæði í umr. í dag um þetta frv. og eins um fjárlögin fyrr í þessari viku, að fjárlög hækka mjög verulega, það fer ekki á milli mála. Spurningin er eingöngu sú, hversu mikið þau hækka. Einnig liggur fyrir, að skattar muni hækka mjög verulega. Þetta hefur verið staðfest af hæstv. fjmrh. og spurningin er því ekki sú, hvort þeir hækka, heldur hversu mikið þeir hækka. Nýlega hefur kaupgjald hækkað mjög verulega í þessu landi, sem að sjálfsögðu leiðir af sér, að rekstrarkostnaður alls atvinnulífsins mun hækka meira eða minna. Þetta hefur verið viðurkennt af ýmsum hæstv. ráðh., og þeir hafa látið í það skína, að verðlag muni að meira eða minna leyti hækka í kjölfar þessara kauphækkana.

Það hefur komið fram með þeim frv., sem lögð hafa verið fram af hæstv. ríkisstj., að nú er stefnt að ákveðinni verkaskiptingu milli ríkisstj. og sveitarfélaga, en í þessari verkaskiptingu fer ekki á milli mála, að hlutur sveitarfélaga mun minnka mjög, bæði hvað snertir tekjuöflun og einnig ýmis önnur verkefni. Þetta liggur ljóst fyrir, og eru, held ég, allir sammála um þessa meginniðurstöðu, hvað snertir verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Þá hefur því verið haldið fram hér í umr. í dag, að vísitalan muni breytast launþegum til óhagræðis, og jafnframt, að líkur séu taldar á því, að niðurgreiðslur verði lækkaðar, einnig launþegum til óhagræðis.

Allt þetta leiðir að sjálfsögðu til einnar ákveðinnar niðurstöðu, sem er algjörlega útilokað að ganga fram hjá og sem ég held, að allir þeir, sem hafa afskipti af stjórnmálum, eigi að horfast í augu við. Og sú niðurstaða er, að verðbólgan muni aukast mjög á næstunni sem afleiðing af þessum frv. og þessum aðgerðum öllum. Og þá er spurningin þessi: Hvað er eiginlega að gerast? Nú er hér komin fram ný ríkisstj. Hún hefur boðað stefnubreytingu, hún boðar vinstri stefnu í þessu þjóðfélagi, og hún vill breyta frá þeirri slælegu stefnu, sem haldið var hér uppi heilan áratug af viðreisnarstjórn, sem hún taldi flest til foráttu og taldi leiða til ófarnaðar fyrir þessa þjóð.

Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki farið að ráðum hæstv. forsrh. og lesið málefnasamninginn frá morgni til kvölds, en ég þykist þó hafa kynnt mér hann svo vel, að ég geti vitnað í hann hér á örfáum stöðum. Ég vildi vekja athygli á örfáum setningum, sem skipta máli í þeim umr., sem hér fara fram. Með leyfi forseta, þá vildi ég fyrst grípa niður, þar sem svo segir í þessum málefnasamningi:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir háskalega verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu."

Á öðrum stað stendur:

„Í trausti þess, að ríkisstj. hljóti stuðning til að ná sem beztum tökum á þróun verðlagsmála og í því skyni, að

hægt verði að tryggja láglaunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur, mun ríkisstj. beita sér fyrir", o. s. frv.

Þarna á að tryggja láglaunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur.

Á öðrum stað stendur í þessum samningi:

„Að endurskoða lög og reglur um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, og stefna að því, að þau verði lækkuð eða felld niður."

Enn annars staðar grip ég niður, og þar segir, þegar talað er um Framkvæmdastofnun ríkisins:

„Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein í því skyni að lækka rekstrarkostnað", o. s. frv., lækka rekstrarkostnað atvinnulífsins.

Enn grip ég niður þar sem segir:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun."

Og að lokum, síðast en ekki sízt:

„Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert," – að dreifa skattabyrðinni réttlátlegar en nú er gert.

Og nú er spurningin, og þá snýr þetta sérstaklega að því fólki, sem hefur búið til þennan málefnasamning, því fólki, sem styður þessa ríkisstj., studdi hana til valda og trúir á, að hún geti komið ýmsum góðum málum til leiðar. Hvernig hefur tekizt að efna þessi atriði, sem þarna koma svo skilmerkilega fram í þessum málefnasamningi?

Til þess að koma í veg fyrir háskalega verðlagsþróun eða óðaverðbólgu, eins og beinlínis segir í samningnum, þá eru fjárlög nú hækkuð um, að menn telja, 6 milljarða kr.

Til þess að stefna að því, að ýmiss konar gjöld á framleiðsluatvinnuvegunum lækki eða verði jafnvel felld niður, þá er gripið til þess ráðs að afnema ýmis þau skatthlunnindi og þau ákvæði, sem stuðluðu að því, frá fyrri lögum, sem komu til góða fyrir atvinnureksturinn. Hæstv. fjmrh. fór mörgum orðum um það í dag í ræðu sinni, hvernig ætti að breyta þessu hið skjótasta. Til þess að lækka rekstrarkostnað atvinnulífsins, þá er spjótunum beint sérstaklega gegn þessum atvinnurekstri og atvinnulífinu yfirleitt og m. a. með Framkvæmdastofnun ríkisins, sem ég skal ekki fara náið út í hér að þessu sinni, en mun gera betri skil seinna hér á Alþ. En enginn vafi er á því, að fyrir miklum fjölda þeirra manna, sem standa að þessari ríkisstj. og sitja í ríkisstj., vakir það að beina spjótunum að atvinnurekstrinum og uppbyggingu atvinnulífsins.

Þá er komið að klausunni, þar sem talað er um, að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Á það hefur verið bent í umr. í dag af hv. 11. landsk. þm., að enda þótt ýmislegt horfði í rétta átt í frv. um tekjuskiptinguna, þá segir hann, að það spor hafi ekki verið stigið til fulls. Ég vil leyfa mér að orða það þannig, að það hafi kannske verið stigið eitt spor fram á við, en um leið tvö aftur á bak. En enginn vafi er á því, að Samband ísl. sveitarfélaga, sá aðili, sem er kjörinn til þess að hafa forustu fyrir sveitarfélögum í landinu, hefur að meira eða minna leyti verið gjörsamlega sniðgenginn í þessari endurskoðun.

Hvað snertir það ákvæði, þar sem talað er um að tryggja láglaunafólki bætt kjör, þá er verið að gera því skóna hér í umr., að beinlínis sé verið að falsa vísitöluna og lækka niðurgreiðslur, sem vitaskuld leiðir til hækkaðs verðlags og aukins kostnaðar fyrir það fólk, sem þarf fyrst og fremst á því að halda, að þeirra kjör séu bætt.

Og síðast, en ekki sízt, þá er talað um það í þessum málefnasamningi, að skattbyrðinni verði skipt réttlátlegar en nú er gert, og það eru ekki nema nokkrar mínútur síðan að því voru leidd rök, sem ég skal hafa þann fyrirvara á, að hæstv. fjmrh. mun kannske geta mótmælt, en þó sýnist mér það nokkuð ljóst, að þær breytingar, sem eru boðaðar, koma verst niður á þeim mikla fjölda fólks, sem hefur millitekjur, eins og sagt er, en það er hinn breiði fjöldi í þessu þjóðfélagi. Jafnvel er það svo, að talað er um, að það lendi verst á fólkinu, sem er með lægstu tekjurnar, en hlutfallslega sleppi þeir bezt, sem eru með hæstu tekjurnar. Ég segi eins og hv. 11. landsk., að þetta vakir sjálfsagt ekki fyrir hæstv. ríkisstj., en sýnir eingöngu það, hversu illa þetta frv. er undirbúið og hversu það raunverulega hnígur í allt aðra átt en til er stofnað. Það, sem skiptir mestu máli, hvað þessar klausur snertir, er, að skattar eru að hækka hér mjög verulega, og get ég ekki séð, hvernig nokkurt réttlæti er í því á þessum tímum að vera að byrja á því í stjórnaraðgerðum að hækka skatta með svo gegndarlausum hætti sem hér er talað um.

Ég spyr enn: Hvað er að gerast? Og sjálfsagt spyrja fleiri að því, hvað sé að gerast og hvað sé fram undan. Hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir því, að fjárlög verði afgreidd hallalaus, hvað sem það kostar, hversu hátt, sem útgjöldin fari, þá skuli endarnir mætast, og þá liggur ljóst fyrir, að það verður að hækka skattbyrðina á þjóðfélaginu til þess að ná þessum endum saman, „og ef það er ekki", segir hann, „þá er þetta allt í endurskoðun. Það má endurskoða söluskattinn, það má endurskoða aðflutningsgjöldin, og það má velta fyrir sér virðisaukaskatti, svo að það er ýmislegt fleira á ferðinni, ef endar ná ekki saman." Til þess að kóróna þetta allt saman þá segir hann svo að lokum: „Ef þetta gengur ekki allt saman, þá er þetta, góðir hálsar, jú allt saman gert bara í tilraunaskyni. Þetta er svona tilraun, sem á sér stað núna í eitt ár, og svo stendur til heildarendurskoðun að ári." Það er sem sagt verið bara svona að spekúlera með þessi skattamál þjóðarinnar og gera svona tilraunir, koma með einhver ákvæði og breytingar á skattalögunum, bara til þess að sjá svona, hvernig þetta gengur fyrir sig, hvaða áhrif þetta hefur á þjóðina.

Ég lýsi vanþóknun minni á þessum vinnubrögðum, en segi um leið: Er þetta vinstri stefnan, sem átti að framkvæma í þjóðfélaginu? Eru þetta umbæturnar, sem nú er verið að gera, frá því að viðreisnarstjórnin óskaplega var hér við völd? Ég vona það eitt, að þessi tilraunastarfsemi verði ekki of dýru verði keypt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað að blanda mér í þessar umr., en viss ummæli hv. síðasta ræðumanns get ég nú ekki látið

fram hjá mér fara án þess að gera aths. við þau, svo einkennileg virðast mér þau vera.

Hv. síðasti ræðumaður, 9. landsk. þm., lét svo um mælt, ef ég tók rétt eftir, og það ætla ég, að ég hafi gert, að það virtist vera markmið þessarar ríkisstj. að beina spjótum sínum að atvinnurekendum og atvinnulífinu og atvinnurekstrinum í landinu. Ég held nú, að engin ríkisstj. muni hafa slík markmið, og ég held, að menn ættu svolítið að stilla málflutningi sínum í hóf, áður en þeir fara að láta sér svona ummæli um munn fara. Ég held, að það hljóti að vera markmið hverrar ríkisstj. að búa svo að atvinnurekstri í landinu, að landsmönnum öllum geti vegnað sem bezt. Hitt er svo annað mál, hvernig tekst til. Mönnum getur sýnzt sitt hvað um leiðir, og þeir geta valið rangar leiðir, en að menn vilji vitandi vits stefna að því að beina spjótum sínum gegn undirstöðunum í þjóðfélaginu, – ég get ekki séð, hvaða tilgangi slíkur málflutningur þjónar.

En úr því að ég er staðinn hér upp, þá er rétt að ég bæti nokkrum orðum við í tilefni af þeim málflutningi, sem stjórnarandstæðingar hafa haft hér uppi. Og þá er nú líka þess að minnast, að þeir hafa æði oft verið að beina ýmsum spurningum til okkar í ríkisstj., og ég held þess vegna, að það væri ekki úr vegi að fara að beina nokkrum spurningum til þeirra stjórnarandstæðinga.

Þeir tala um það, að háski sé á næsta leiti, verðbólga fram undan, hækkanir miklar í vændum. Ég vil nú segja það, að ég hef aldrei sagzt ætla að stöðva verðbólgu. Ég hef þvert á móti sagt, að ef verulegar kauphækkanir yrðu, þá yrði ekki komizt hjá því, að þeirra gætti eitthvað í verðlagi. En nú langar mig til að spyrja þessa hv. stjórnarandstæðinga: Telja þeir, að komizt verði hjá því, að þeirra kauphækkana, sem um hefur verið samið, gæti eitthvað á næsta ári í verðlagi, eða vilja þeir rígbinda verðstöðvun áfram næsta ár?

Það er talað mikið um fjárlög í þessu sambandi, sem vænta má, og menn óskapast mjög yfir því, hve fjárlög verði nú há og útgjöld séu há. Það er rétt, að fjárlög eru há og útgjöld eru há og útgjöld hafa hækkað mjög mikið. Ég skal alveg hreinskilnislega játa það, að mér er það mikið áhyggjuefni. En er ekki rétt að athuga það, hvers vegna fjárlög hafa hækkað, hvers vegna útgjöldin hækka svo mjög sem raun ber vitni um, og er ekki ósköp einfalt að átta sig á því, hvaða póstar fjárlaganna það eru í raun og veru, sem aðallega valda þeirri hækkun, sem hér er um að tefla? Og þá finnst mér líka, að ástæða sé til að spyrja hv. stjórnarandstæðinga: Eru þeir og hafa þeir verið á móti þessum útgjaldapóstum, sem valda aðallega hækkun fjárlaganna? Ég nefni þá fyrst launahækkun opinberra starfsmanna. Voru hv. stjórnarandstæðingar á móti því, að laun opinberra starfsmanna væru hækkuð? (Gripið fram í.) Ég var ekki á móti því, og ég tek afleiðingunum af því möglunarlaust. Eru stjórnarandstæðingar andstæðir því, að tryggingabætur séu hækkaðar svo verulega sem nú er gert ráð fyrir? Það er óhætt að svara þeirri spurningu strax neitandi, en ég vona, að þeir komi hér upp og staðfesti það. Það er þegar staðfest í nál., sem útbýtt hefur verið hér, að þeir skrifa undir þá breytingu á tryggingalögunum, sem væntanlega verður samþ. innan skamms. Það eru ýmsir aðrir útgjaldaliðir fjárlaga, sem hækka. Útgjöld hækka mjög verulega til skólamála, útgjöld hækka mjög verulega til heilbrigðismála, og útgjöld hækka nokkuð til verklegra framkvæmda. Um það verður a. m. k. ekki deilt, að þau hækka í krónutölu. Eru eða hafa hv. stjórnarandstæðingar verið á móti þessum hækkunum? Ég minnist þess ekki, að þeir hafi mælt gegn neinum þessum hækkunum. Ég minnist þess ekki að hafa séð neina till. hér frá þeim um það að lækka nokkurn útgjaldapóst fjárlaga. Okkur getur öllum sýnzt þetta mjög iskyggilegt, hvernig þetta vex í höndunum á okkur, en ég held, að við verðum allir að játa, að við berum ábyrgð á þessu og að við erum þessu samþykkir, að svona sé þetta haft. En ef við erum það, þá hljótum við að vera menn til að játa það, að það verði að afla tekna á móti.

Um hitt getur menn greint á, hvernig þeirra tekna skuli afla, ég vil heyra og hlusta á með mikilli athygli till. hv. stjórnarandstæðinga um það, hvernig þeir með öðrum hætti en gert er ráð fyrir af ríkisstj. hálfu, vilja afla tekna til að standa undir þeim útgjöldum, sem við erum allir í stórum dráttum sammála um, að óhjákvæmileg séu. Og það endurtek ég, að ég skal sannarlega hlusta, hvernig þeir vilja afla þessara tekna með öðrum hætti en við. Það er sú spurning, sem ég vil bera fram til hv. stjórnarandstæðinga.

Það er mikið vandamál að afla tekna, og má lengi og með miklum rökum deila um það, hvernig réttlátast sé að afla þeirra og hver sé réttasta aðferðin í því efni þannig, að það komi rétt niður. En ég held, að það hljóti að vera tvö aðalatriði, sem verður að hafa í huga við fjáröflun ríkisins: Í fyrsta lagi, að byrðarnar komi, eftir því sem nokkur kostur er, réttlátlega niður og í samræmi við greiðslugetu skattþegnanna, og í öðru lagi þannig, að það séu sem minnstar leiðir til þess að skjóta sér undan réttum sköttum, að skattarnir komi til skila. Það held ég, að hljóti að vera þau meginsjónarmið, sem jafnan verður að hafa í huga við skattheimtu.

Það var verið að minnast hér áðan af hv. síðasta ræðumanni á málefnasamninginn og hann taldi, að því er mér skildist, að það væri farið að vanefna eitthvað í þeim málefnasamningi. T. d. nefndi hann það, að það væri víst farið að vanefna það, að Framkvæmdastofnun hefði samvinnu og samráð við atvinnurekendur og einstakar greinar atvinnulífsins um það, hvernig hægt væri að lækka tilkostnað fyrir atvinnugreinar. Ég spyr nú bara: Hvernig á Framkvæmdastofnunin að geta þetta, áður en hún er komin á fót? Nei, svona mega menn nú ekki tala. Fyrst er að koma henni á fót og sýna þá vilja sinn í því efni og sjá svo til, hvort hún stendur ekki við þetta.

Og í annan stað er það þessi kerfisbreyting, sem hér er farið inn á með þeim tekjuöflunarfrv., sem lögð hafa verið fram. Hvort sem menn hafa fleiri eða færri aths. við þá leið, þá er hún ómótmælanlega í algjöru samræmi við þá stefnu, sem boðuð er í málefnasamningnum, algjörlega.

Viðvíkjandi því, sem hann minntist á, hv. síðasti ræðumaður, að lítið færi fyrir því, að létt hefði verið einstökum álögum af atvinnuvegunum, þá vil ég í fyrsta lagi segja það, að þennan málefnasamning, – svo að ég fari nú að kenna, – ber nú ekki að skilja á þá lund, að það sé framkvæmt allt, sem í honum stendur, á fyrstu fimm eða sex starfsmánuðum ríkisstj. Þetta er stefnuskrá, sem vitaskuld er miðuð við heilt kjörtímabil, hvort

sem okkur endist svo tími til þess að sitja út það kjörtímabil eða ekki, það mun nú reynslan sýna.

Hv. 3. þm. Sunnl. var að tala um það, og fleiri hafa reyndar verið að víkja að því, að kaupgjaldssamningar hefðu verið gerðir, og í þeim fælust þvílíkar hækkanir, að augljóst væri, að atvinnureksturinn í landinu gæti ekki undir þeim staðið, nema sérstakar aðgerðir væru gerðar. Það er rétt, að það hefur verið samið um hækkanir, hækkanir í áföngum, hækkanir, sem eiga að koma til á tveimur árum. Það hefur með þessum samningum, vona ég, verið tryggður vinnufriður á viðtæku sviði í tvö ár. Það ætla ég, að sé nokkurs virði. Það ætla ég, að atvinnurekendur meti nokkurs. En víst var samið um hækkanir, og sjálfsagt er erfitt að fullyrða um það á þessu augnabliki, hvort atvinnureksturinn í raun og veru getur staðið undir þessu á þessu tímabili eða ekki. Þar eru svo mörg óviss atriði, sem enginn veit um, og þannig er það alltaf, þegar samið er um kaup og kjör, að það eru auðvitað mörg atriði, eins og okkar atvinnulífi er háttað, sem viðsemjendur þá vita alls ekki nákvæmlega um, hvernig út muni koma á því samningstímabili, sem samið er um, t. d. verðlag á útfluttum afurðum o. m. fl. En þessum áfanga hefur verið náð, að samið hefur verið um kauphækkanir í áföngum og vinnufriður tryggður, eins og ég sagði, að ég vona, á þessu viðtæka sviði í tvö ár, án verkfalla. Ég vil spyrja þennan hv. þm. Það þarf ekki að spyrja hann um það, það er ljóst af hans máli, að hann telur, að umsamdar kauphækkanir hafi verið of háar, eða ég skildi hann svo, en ef ég hef misskilið hann, þá er rétt, að hann lýsi því yfir. En þá vildi ég spyrja hann: Hvernig vildi hann fara að? Vildi hann láta koma til verkfalla og reyna, sem ekki er víst, að tekizt hefði, að fá eitthvað hagstæðari samninga frá sjónarmiði atvinnurekenda? En talsvert hefðu þeir nú mátt vera hagstæðari eftir t. d. svo sem þriggja vikna eða mánaðar verkfall, til þess að það hefði borgað sig. Hvað vilja þeir gera, hvað vildu þeir gera? Það er það, sem þeir þurfa að segja til um. Hvernig ætluðu þeir að komast hjá því, að kaup hækkaði nú? Og ef kaup hækkar, hvernig ætla þeir að komast hjá því, að þess gæti eitthvað í verðlagi?

Verðbólga er hættuleg, um það deilir enginn, en það getur verið erfitt að afstýra henni og af tvennu illu eða af tveimur kostum, ef um væri að velja, þá verð ég að segja það, að ég vil heldur fulla atvinnu í landinu og vinnufrið, þó að því fylgi nokkur verðbólga, heldur en algera verðstöðvun, kyrrstöðu, ef henni fylgja verkföll og atvinnuleysi.

Ég skal svo ekki blanda mér í þessar umr. frekar og ætla ekki að ræða sérstaklega um þetta skattafrv. Það má sjálfsagt sitthvað um það segja, og það er ekkert undarlegt, þó að menn greini þar á um einstök atriði. Það er svo auðvitað um skattafrv., ekki síður en önnur, að þau geta lengi staðið til bóta. En hitt ætla ég að vona, – og vil sérstaklega taka fram vegna þeirra ummæla, sem féllu líka hjá hv. síðasta ræðumanni, þar sem mér fannst, a. m. k. á tóninum, hann vera að furða sig á því, að hæstv. fjmrh. hefði verið að lýsa yfir því, að hann ætlaði ekki eða vildi ekki, að fjárlög væru afgreidd með greiðsluhalla, – að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það verður ekki hjá því komizt að afla tekna til þess að standa undir útgjöldum og að það mundi áreiðanlega ekki draga úr verðbólguhættu, það mundi auka verðbólguhættu, ef menn ætluðu að fara að stefna í þá átt að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla og synja um öflun nauðsynlegra tekna til þess að standa undir útgjöldum. Ég veit, að hver einasti þm. gerir sér þetta ljóst, þó að þeir svo hafi skiptar skoðanir á því, með hvaða hætti á að afla teknanna. En hitt hljótum við öll að vera sammála um, að það verður að afla tekna og að fjárlög má ekki afgreiða með greiðsluhalla. Og þegar útgjöld eru aukin svo mikið sem nú er gert, þá hlýtur auðvitað að þurfa að afla meiri tekna í krónutölu, hvað svo sem menn meina um það, hvort skattbyrðin sé í raun og veru aukin eða ekki. Um það geta menn sjálfsagt lengi deilt og verður lengi deilt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil af tilefni ræðu hæstv. forsrh., sem hefur beint hér fjölda spurninga til stjórnarandstöðunnar um önnur mál en þau, sem hér eru á dagskrá, spyrja forseta, hvort dagskrármálið hafi verið tekið út af dagskrá, en hér séu til umr. fjármál, kjaramál og önnur mál.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil svara hv. 1. þm. Reykv. því, að það var alls ekki að ástæðulausu, að ég drap á þau atriði í mínu máli, sem ég gerði, vegna þess að það höfðu margir hv. stjórnarandstæðingar talað um málið á við og dreif og blandað almennt efnahagsmálum inn í þetta, sem er heldur ekkert óeðlilegt. Ég tel það alveg fyllilega eðlilegt, að í sambandi við breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem er í samfylgd með frv. um tekjustofna sveitarfélaga og um frv. um almannatryggingar sé rætt um efnahagsmál og efnahagsástandið almennt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég var ekki að beina neinni fsp. til hæstv. forsrh. Fsp. mín var til hæstv. forseta.

Forseti (GilsG): Í tilefni af þessari fsp. frá hv. 1. þm. Reykv. vil ég aðeins segja, að ég tel það á engan hátt óeðlilegt, þó að nokkuð almennar umr. geti orðið í tilefni af þessu máli um fjármál, og ég sé ekki, að það sé neitt óvenjulegt við slíkt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. vegna ummæla hæstv. forsrh. í framhaldi af ræðu minni hér áðan. Hann leyfði sér nú að taka mig í kennslustund í þeim ágæta málefnasamningi. Ég hef að vísu verið í kennslustundum hjá honum fyrr, og ég verð að játa það, að sú kennsla var sýnu geðfelldari en fræðslustundir um málefnasamning núv. ríkisstj. En látum það vera.

Í fyrsta lagi skildi hann orð mín svo hér áðan, að ég væri á móti því, að fjárlög væru afgreidd án greiðsluhalla. Þetta er mikill misskilningur og alveg ástæðulaust að vera að snúa út úr orðum mínum með þessum hætti. Ég sagði í ræðu minni, – ég geri ráð fyrir, að allur þingheimur hafi skilið, – að hæstv. fjmrh. hafi lýst yfir því, bæði í fjölmiðlum og hér á þingi, að fjárlög skyldu afgreidd án greiðsluhalla, hvað sem það kostaði. Þetta get ég vel skilið, en ef þau eiga að vera hallalaus og með tilliti til þeirra stórkostlegu hækkana, sem nú þegar hafa komið fram í dagsljósið, nú jafnvel á milli 2. og 3. umr., var ég að velta því fyrir mér, hvernig hann ætlaði

að ná þessum fjárlögum hallalausum nema með aukinni skattbyrði á þjóðina. Það var allt og sumt, sem ég átti við með þessum orðum, og ég vil taka það mjög skýrt fram, að orð mín mátti ekki skilja svo, að ég væri að tala um, að þau ætti að afgreiða með greiðsluhalla, síður en svo.

Þá var það vegna þeirra tilvitnana minna í málefnasamninginn, hvað snertir Framkvæmdastofnun ríkisins, um það, að hún ætti að beita sér fyrir lækkun á rekstrarkostnaði. Þetta las ég upp og vitnaði til til þess að leggja áherzlu á, að, að því er virtist, væri það vilji þessarar hæstv. ríkisstj. að lækka rekstrarkostnaðinn. A. m. k. er sá vilji kominn á pappír í þessum ágæta samningi. Ef það er áhugi hjá hæstv. ríkisstj. að lækka rekstrarkostnaðinn, jafnvel þótt það verði gert, eins og málefnasamningurinn segir, með tilstuðlan Framkvæmdastofnunar, þá get ég ekki skilið, hvaða samræmi er í þeim vinnubrögðum nú, áður en stofnunin er sett á laggirnar, að hækka þennan rekstrarkostnað, eða er þá kannske leikurinn til þess gerður að hækka fyrst rekstrarkostnaðinn til þess að fara að semja svo um að lækka hann aftur! Hvaða skynsemi er í slíkum vinnubrögðum? Þetta var inntak tilvitnana minna í þetta ákvæði.

Þá er það rétt, að ég gerði því skóna í ræðu minni áðan, að það væru viss öfl, sem styddu þessa ríkisstj. og væru jafnvel innan hennar, sem hugsuðu ekki allt of vel til atvinnurekstrarins, og þegar ég tala um atvinnurekstur, á ég við hið frjálsa atvinnulíf, hið frjálsa einkaframtak. Fulltrúar Alþb. ýmsir hafa bæði í ræðu og riti lýst yfir því hvað eftir annað, að þeir vildu hlut hins frjálsa einkaframtaks sem allra minnstan. Þeir tala um atvinnurekendaklíkur, þeir tala um gróðahyggju, þeir tala um auðvaldið í þjóðfélaginu, þeir vilja koma hér á sósíaliskri stefnu. Það er í samræmi við þeirra málflutning og ekkert við því að segja í sjálfu sér. Þeir vilja koma hér á félagslegum atvinnurekstri, ríkisrekstri í meira eða minna mæli, og það hlýtur náttúrlega að vera á kostnað hins frjálsa atvinnurekstrar. Þetta skulu þeir bara viðurkenna og horfast í augu við. Ég trúi því ekki, að ágætir framsóknarmenn séu svo einfaldir í samstarfi sínu við Alþb., að þeir haldi, að Alþb. sé í ríkisstj. og vinni að því öllum árum alla daga að bæta hag hins frjálsa atvinnurekstrar. Það er a. m. k. eitt að segja og annað að gera í þessu sambandi.

Ég vildi aðeins gera þessar leiðréttingar á ræðu hæstv. forsrh., koma þessu á framfæri, til þess að ekki fari á milli mála, hvað ég átti við með þessum fyrri ummælum mínum. Ég get vel skilið, að ráðh. séu hörundssárir fyrir því, að nú sé verið að deila á ýmislegt, sem fram kom í málefnasamningnum. Mér er það ljóst, að þessi málefnasamningur er settur fram til þess, að hann sé framkvæmdur á lengra tímabili en nokkrum mánuðum. En staðreyndin er sú, að nú þegar eftir nokkra mánuði hriktir mjög verulega í honum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki nema gott um það að segja, að almennar umr. hafa orðið hér um þetta frv. um tekju- og eignarskatt, og er það ekki nema að vonum, því að hér er um veigamikið atriði að ræða í stjórnmálaátökum. Ég hef að sjálfsögðu heldur ekkert við það að athuga, þótt núv. stjórnarandstæðingar hafi sitthvað við okkar stefnu að athuga, því að þegar við gagnrýndum þeirra stefnu hér áður fyrr, sem við og gerðum, voru svör þeirra jafnan á þá leið, að engin önnur leið væri til. Það er því ekkert undarlegt, þó að þeim finnist, að nokkuð sé nú á annan veg farið, þegar komin er ríkisstj., sem fer aðrar leiðir en þeir höfðu áður farið og er að breyta um stefnu. Það er heldur ekkert undarlegt, þó að sú stefnumörkun, sem við höfum ákveðið og erum að framkvæma, sé ekki orðin að heilsteyptri stefnu í efnahagsmálum að 4 eða 5 mán. liðnum. Allt slíkt væri fjarri öllum veruleika og dytti engum í hug að halda því fram, að það væri framkvæmanlegt.

Ég minnist þess á árinu 1960, eða um áramótin þá, þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum, að þá byrjaði hún á því að senda þingið heim til þess að fá sér tíma til þess að vinna að stefnumörkun sinni. Þá var t. d. búið að útbýta hér fjárlagafrv. af þeirri ríkisstj., sem sat næst á undan, og það var sett í bréfakörfuna, og nýtt kom. Þetta var ekki nema eðlileg afleiðing af stefnubreytingu þeirri, sem sú ríkisstj. vildi vinna að. Allan þann vetur og næsta var hún að koma með ákveðin stefnumörkunarmál í efnahagsmálum. Á þessu fyrsta þingi frestaði hún fjárlögum þangað til í marz, og þannig varð hún sem ný ríkisstj. að hafa önnur vinnubrögð við framkvæmd á stefnumálum sínum en ríkisstj. þurfa að hafa, þegar þær hafa setið lengi og haft nægan tíma og eru búnar að marka þá stefnu, sem þær ætla sér að fylgja. Það þarf því engan að undra, þó að núv. ríkisstj. geti ekki verið með fullmótaða stefnu eða þurfi yfirleitt tíma til þess að vinna að stefnubreytingu, og það svo, að hún verði að reyna það nokkuð á hv. þm., vegna þess að þetta tekur allt sinn tíma.

Ég hef áður lýst því yfir hér á hv. Alþ., að mér er það ljóst, að í kröfum mínum til nefndar þeirrar, sem vann að þessum málum, gerði ég meiri kröfu um hraða en raunverulega framkvæmanlegt var, og ég get líka lýst yfir því aftur, sem ég hef áður sagt og tel mér enga minnkun að, þó að það eigi eftir að koma í ljós við vinnu í sambandi við þessi mál í heild, t. d. athugun á tekju- og eignarskattslögunum, að eitthvað verði að breytast frá því, sem nú er í þessu frv. Ég hef talið, að hér væri miklu stærra mál en svo, að væri mögulegt að setja lög um tekju- og eignarskatt, sem ættu að vera heildarlöggjöf, eins og núv. ríkisstj. stefnir að, án þess að það taki sinn tíma, og það geta komið ýmsar veilur fram í svo miklu skyndiverki eins og þetta hefur að sjálfsögðu orðið að vera.

Hins vegar er það ljóst, að það er mörkuð ákveðin stefna með þessum þremur frv., sem hér eru nú til meðferðar á hv. Alþ., sem sýnir, í hvaða átt og að hvaða takmarki núv. ríkisstj. stefnir í skattamálunum. Það er það, sem meginmáli skiptir, þótt það hins vegar eigi eftir að koma í ljós, að það eigi eftir að bæta um frá þessum fyrstu frv. hennar.

Ég ræddi í sumar, þegar ég kom í fjmrn., við embættismennina, sem unnu í skattaendurskoðuninni, um viðhorf þeirra til málsins, og ég held, að það hafi ekki verið neinum vandkvæðum bundið eða þeir hafi litið á það sem neitt vantraust á sig, þó að ég óskaði eftir því að breyta þar um. M. a. s. sögðu þeir mér það, að skoðun þeirra væri sú, að það ætti ekki að láta embættismenn vinna fyrst og fremst að slíku verki. Hversu

vel sem þeim tækist það, væri litið svo á, að þeir væru þar að verki fyrst og fremst sem fulltrúar fjmrn., enda var þeim ljóst, að það skattafrv., sem fram yrði borið, yrði aldrei borið fram á ábyrgð þeirrar nefndar, sem verkið vann, heldur á ábyrgð þeirrar ríkisstj., sem verkið lét vinna. Mér þætti það a. m. k. miður, ef einhver þeirra hefði tekið það svo, að það væri eitthvert persónulegt vanmat mitt á störfum þeirra, þótt þessi breyting hafi verið gerð. Ég hef ekki trú á því, að svo hafi verið, og ekki orðið var við það. Og það skiptir mig engu máli, hvort sá embættismannahringur væri flokksmenn mínir eða ekki. Ég mundi ekki setja upp slíka nefnd af því að ég teldi, að hún næði ekki eins inn til fólksins og nauðsyn bæri til með skattalaganefnd. Ég held því, að hér hafi ekki verið rangt að farið, nema síður sé. Hins vegar veit ég, að slíkar nefndir þurfa alltaf til embættismanna að sækja, og ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hafði formennsku í þessari nefnd til þess að vera þar tengiliður á milli ráðh. og nefndarinnar.

Í sambandi við persónufrádráttinn, sem hv. 1. þm. Reykn. vék að, er ekki um neina stefnubreytingu þar að ræða. Það, sem hér gerist, er það, að persónufrádráttur er hækkaður meir gagnvart hjónum en vísitalan sagði til um. Hv. alþm. vita, að á þinginu í fyrra var skattvísitalan sett sem 100, og þá átti að reikna frá því þær verðbreytingar, sem síðar yrðu. Það hefur verið gert meira en það með þeim persónufrádrætti, sem nú hefur verið ákveðinn, sérstaklega gagnvart hjónum, og sú skattvísitala verður þar 100, sem síðar verður miðað við. Enn fremur er rétt að benda á það í þessu sambandi, að það er náttúrlega veruleg breyting á orðin, þegar búið er að leggja persónuskattana niður.

Við munum það hv. alþm., sem höfum setið hér nokkurn tíma, að það varð ekki breyting á skattvísitölunni frá því árið 1967 eða 1968 þangað til í fyrra, en þá var gerð veruleg breyting þar á, og ef kerfið hefði haldið áfram, hefði eðlileg vísitala verið á það reiknuð. Við deildum á þetta hér framsóknarmenn áður fyrr, en þá var alger kyrrstaða búin að vera í nokkur ár og þá m. a. s. búnar að eiga sér stað, ef ég man þetta nú alveg rétt, sem ég held ég geri, tvær gengisfellingar. Það hafði verulega sitt að segja.

Hitt er afskaplega erfitt, sem ég veit, að hv. 1. þm. Reykn. gerir sér ljóst, að reikna skattvísitöluna langt aftur í tímann, þegar svo mörg ár eru liðin, vegna breytinga á kjarasamningum o. fl., sem grípur þar inn í. Hins vegar þarf þetta að fylgjast að, í sambandi við verðlagið á hverjum tíma, en er afskaplega erfitt að grípa til þess langt aftur í tímann.

Þá vék hv. þm. að skattfrelsi hlutafjárins, og hann taldi, að sú breyting okkar, sem þar ætti að gera nú, væri ekki ákjósanleg. Við höfum ekki verið einir um það framsóknarmenn að telja þá ráðstöfun, sem gerð var í fyrra, mjög fráleita. Það hafa fleiri verið á þeirri skoðun. T. d. hef ég hér afrit af ræðu, sem prof. Ólafur Björnsson flutti 3. apríl 1971 um tekju- og eignarskatt, en hann var, ef ég man rétt, í fjhn. fyrir Sjálfstfl. í Ed. Skoðun hans á þessu atriði kom m. a. fram í þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„En þetta atriði er skattfrelsi arðs af hlutabréfaeign að vissu marki, sem mun vera algjört nýmæli í okkar skattalöggjöf, og aðspurðir kváðu sérfræðingar þeir, sem ég gat um, að hefðu mætt á fund okkar, að þeim væri ekki kunnugt um, að fordæmi væri fyrir slíku í löggjöf nágrannalandanna."

Hér er ekki um minn dóm að ræða eða okkar framsóknarmanna, heldur er hér um að ræða mann, sem naut þess álits hjá flokki sínum, Sjálfstfl., að vera í fjhn. þeirrar d., sem hann sat í. Að okkar dómi var mjög fráleitt að vinna þannig að þessu máli, og þess vegna er það nú fellt niður. Við teljum þetta óeðlilegt, og við töldum líka óeðlilegt, að löggjöfin leiddi til þess, að yfirleitt hefðu þessir smærri aðilar horfið að því að mynda hlutafélög, þó að bara væri með sinni eigin fjölskyldu. Á þetta atriði benti sami maður, Ólafur Björnsson, sem sérstaka veilu, því að þetta skattkerfi, sem sameignarfélögunum var búið, mundi leiða til margra lítilla hlutafélaga, og þá gætu eigendur þessara hlutafélaga komið undan verulegum skatti, sem þeir að öðrum kosti mundu bera. Um þetta sagði Ólafur Björnsson í þessari sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„að þeir, sem hafa einhvers konar sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum, muni í mjög stórum stíl fara þá leið að stofna hlutafélag með nánustu fjölskyldu sinni, sem þýðir það, að þeir fengju þar jafnvel nokkra tugi þús. kr. skattfrjálsa. Hér er ekki um það að ræða, að þetta sé raunverulegur arður af neinu hlutafé, því að aldrei er neitt borgað inn í slík hlutafélög, heldur mundi leiðin vera sú, að það er til málamynda stofnað þarna nýtt fyrirtæki, hlutafélagið Jón Jónsson, ef um málflutningsmann væri að ræða, síðan reiknar Jón Jónsson sér tiltölulega lágt kaup sem starfsmaður hjá þessu hlutafélagi og fær þannig meiri eða minni hluta af sínum vinnutekjum í formi hlutabréfaarðs. Fyrir þessari hættu má ekki loka augunum."

Er nú ekki ástæða til, þegar ríkisstj. er setzt að völdum, en þm. hennar börðust gegn þessum atriðum, að þeir staldri við og vilji koma í veg fyrir það, sem þeir, sem voru stjórnarsinnar á sínum tíma, bentu á sem slíka veilu. Ég tel mig hafa það einnig í þessari ræðu Ólafs Björnssonar, að hann hafi bent á það, að atvinnurekendasamtökin í landinu hafi ekki viljað eða litizt á þessa leið. Þess vegna er nú horfið frá þessu ráði til þess að koma í veg fyrir þá misnotkun, sem prof. Ólafur Björnsson benti réttilega á, að gæti þarna átt sér stað.

Þá er það um flýtifyrninguna. Um það vil ég segja, að mér er það ljóst, að ef rétt er að atvinnurekstri staðið, og eins og á að standa að atvinnurekstri, þannig að eigendurnir séu ekki að tína fé út úr atvinnurekstrinum, heldur gæti þess að halda í það, á auðvitað fyrningin að vera til þess að mæta því, að endurnýjun geti átt sér stað. Og þess vegna gæti þetta ákvæði um flýtifyrningu, eins og það er kallað, átt rétt á sér að vissu marki. En eins og þarna var að gengið, var gefið svo mikið svigrúm og svo mikið val í því að nota flýtifyrninguna, að það var hægt í sérstöku góðæri að gera fyrirtæki skattlaust. Og það er þetta, sem núv. ríkisstj. er að reyna að koma í veg fyrir með sínum breytingum. Hins vegar er í frv. ákvæði um það að meta slíkar verðlagsbreytingar, en þá jafnharðan og þær gerast, svo að ekki geti verið um neina stórkostlega viðburði að ræða, sem geti gert slíkt fyrirtæki algjörlega skattlaust. Ég held því, að við getum orðið sammála um það, við hv. 1. þm. Reykn., að það sé ekki nema gott og ágætt, að fyrirtæki byggi sig upp og séu fjárhagslega vel stæð, ef þau eru vel rekin og

hófsemi er í hlutunum. En við eigum ekki að gera það með þeim hætti, að skattalögin geti stuðlað að því, að hlutaðeigandi forstjóri eða eigandi geti forðað sér frá því að greiða skatt, þó að hann hafi stórkostlega tekjuafganga. Það er fjarri öllu lagi, og ekki þarf orðum að því að eyða, að auðvitað lendir það á öðrum, ef þannig er að staðið, því að við verðum að ná þessum tekjum, og spurningin er bara, hvernig við gerum það. Og eins og hæstv. forsrh. gat réttilega um áðan, er líka spurning um, að við reynum að ná þessu með sem mestu réttlæti og reynum að ganga þannig frá skattalögum á hverjum tíma, að þau opni ekki möguleika til skattsvika.

Það er ekkert eins voðalegt í augum hins heiðarlega skattborgara, sem fær allar sínar tekjur framtaldar og verður að greiða af þeim, eins og þær liggja fyrir, og það að vita af nágranna sínum, sem augljóslega hefur komizt undan með sínar tekjur. Og það er ekki nema von, að undan þessu sviði, og þetta er í raun og veru það mesta verkefni, sem við höfum í skattamálum, að reyna að hindra slíkt. Þess vegna þarf löggjöfin að leggja grundvöll að því, að fram hjá þessu verði komizt.

Þá vitnaði hv. 1. þm. Reykn. í það, að skattur á félögum væri nú 53%, en áður 43%, miðað við útsvarsfrádrátt. Nú er því til að svara í sambandi við þetta, að þar er orðin á allmikil breyting, þegar útsvörin er nú niður felld á fyrirtækjunum og ekki hægt að leggja á nema hálft aðstöðugjald miðað við það, sem áður var, því að þá er þar náttúrlega um geysilega mikla breytingu að ræða frá fyrri framkvæmd í skattaálagningu bæði útsvars og tekju- og eignarskatts og eignarútsvars. Þegar búið er að breyta þessu þannig, að það er orðinn einn skattur, þá hlaut hann að sjálfsögðu að verða hærri en hinir, áður en þeir eru lagðir saman. Meginatriði í stefnumörkun um álagningu skatts á fyrirtæki í þessu frv. eru þessir þættir:

Í fyrsta lagi er fasteignaskattur, sem er að minni hyggju mjög hóflegur. Ég held, að það þurfi enginn undan því að kvarta, og ég hef alltaf litið svo á t. d. sem sveitarstjórnarmaður, meðan ég sinnti þeim málum, að það væri afar óeðlilegt, að sveitarfélögin hefðu ekki meiri fasteignaskatt en þau höfðu. Eins og ég drap á í dag, er verulegur kostnaður af því fyrir byggðarlagið að búa þannig að fyrirtækjunum, að þau hafi sæmilega aðstöðu í sínu byggðarlagi, og það er ekkert óeðlilegt og ekki nema sjálfsagt, að þau taki þátt í því.

Í öðru lagi er svo gert ráð fyrir, að fyrirtæki greiði tekjuskatt. Þegar búið er að fella aðstöðugjaldið niður til hálfs, og við skulum nú hugsa okkur, að ef það yrði alveg lagt niður, hlyti það að leiða til þess, að sæmilega vel rekið fyrirtæki greiddi tekjuskatt, og það er ekkert óeðlilegt við það, þó það greiddi skatt af tekjum sínum eins og aðrir.

Í þriðja lagi greiða fyrirtæki svo eignarskatt. Ef atvinnufyrirtæki á eignir, er þá nokkuð óeðlilegt við það, að það greiði skatt af eignum sínum?

Enda er það nú svo, að samkv. þeim útreikningum, sem ég hef fengið gerða í Efnahagsstofnuninni, er ekki verið að íþyngja atvinnufyrirtækjunum. Það er síður en svo. Þau fá betra út úr þessari löggjöf en gömlu löggjöfinni í heild. En þeim eru ekki opnaðar svona gáttirnar, eins og var í lögunum frá í vor, það er langt frá því og mikið bil á milli. Ég lít svo á, að ef þessir þrír skattar yrðu þeir skattar, sem af atvinnurekstrinum væru teknir, sé það skattakerfi byggt upp á heilbrigðan hátt og með markmiðsstefnu, og hvert fyrirtæki geti við slíkt búið. Ég trúi því ekki, þegar að er gáð, að þá telji nokkur atvinnurekandi, að þannig sé að sér búið skattalega séð, að það hamli atvinnurekstri hans. Og það er ekkert varið í það fyrir atvinnufyrirtækin að verða skattlaus. Þau, sem lenda í því að verða skattlaus í sínu byggðarlagi, halda ekki lengi höfðinu uppi. Og það er enginn greiði gerður atvinnurekstrinum þannig séð, þó að eigi með skattalögum að reyna að opna gáttir, svo að þau geti orðið skattlaus. Og ég er líka sannfærður um, að það er ekki þetta, sem atvinnurekendur stefna að. Ég treysti því, að einmitt með skynsamlegri skattalöggjöf, eins og hér er verið að leggja grundvöll að, þá muni það sýna sig, að atvinnureksturinn muni greiða eðlilega skatta til þjóðfélagsins. Það þarf svo að vera.

Þá vil ég í framhaldi af þessu, sem ég hef sagt við hv. 1. þm. Reykn., snúa mér að honum og hv. 2. landsk., sem talaði hér af hálfu Alþfl. Verður þar fyrst fyrir mér tal þeirra um niðurgreiðslurnar. Það er nú svo, að ekki var laust við, að mér dytti í hug, að vandlifað væri nú í veröldinni. Það hefur að vísu komið fyrir áður, að mönnum hafi fundizt, að svo væri, en nú var það vond latína, ef gerðar voru eðlilegar ráðstafanir, sem höfðu þær verkanir, að þær lækkuðu vísitölu. Á sama tíma er svo verið að tala um það, að búið sé að gera kaupsamninga, sem hækki kaup og rekstrarkostnað fyrirtækja. Fram að þessu hef ég skilið það svo, að kaupgjald samkv. vísitölu gerði það einnig. Ég man ekki betur en fyrrv. ríkisstj. gripi til þess að taka vísitöluna úr sambandi, sem kallað var, slíta hana frá kaupgjaldinu af þeirri ástæðu, að þeir töldu, að atvinnureksturinn gæti ekki borið þau áhrif, sem frá henni kæmu. Það er engin fölsun í því, að hjón, sem þurftu að greiða 22 þús. kr. í nefskatt, þurfa nú ekki að greiða það. Það er engin fölsun í slíku. Það er engin fölsun í því, að einhleypur maður, sem átti að greiða 16 þús. kr., losnar við að greiða þetta. En það er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en því, fyrst þetta er mælt í vísitölu, að þá hafi það einnig áhrif, þegar það er lækkað, eins og það hefur til hækkunar, og þetta er nú bara sá mælir, sem menn verða að viðurkenna, hvort sem þeim líkar betur eða verr, og ég er nú ekki allt of viss um, að þessir ágætu vinir mínir hafi alltaf verið ánægðir, þegar vísitalan fór upp á við, og ég er heldur ekki allt of viss um, að það hafi verið hið farsælasta fyrir þjóðfélagið.

„Nú skulum við bara hugsa okkur það", sagði Haraldur heitinn Guðmundsson einu sinni, „að hjón ættu á milli sjö og átta börn", og þá gerði annar aths.: „Á milli sjö og átta, hvernig má það nú ske?" Þá sagði Haraldur: „Hvernig á nú að orða þetta öðruvísi, þegar sjö eru fædd og það áttunda á leiðinni?"

Nú skulum við bara hugsa okkur það, að þetta gengi nú svo til, að við létum þetta eiga sig allt saman, þessi vísitölustig, þessar krónur væru ekki notaðar í skatta eða til að lækka vísitölu. En hvað gerist þá? Það gerist bara það, að við yrðum að sækja tekjurnar eftir öðrum leiðum. Það er þörf fyrir þessar 450 millj. í ríkisdæminu, ég held, að hv. þm. dragi það ekki í efa. Ef við metum ekki svo, að vísitalan megi lækka eftir eðlilegum leiðum, þá verðum við líka að sækja þessar tekjur á annan hátt, og hvar kemur það við nema hjá fólkinu

sjálfu? Menn geta haft um þetta hvaða orðalag, sem þeir vilja. Þeir geta kallað þetta og hitt ábyrgðarleysi, og þeir geta kallað þetta og hitt fölsun og annað því um líkt. Þeir um það.

En þegar hv. 2. landsk., sem mér er nú að góðu kunnur í baráttunni í Vesturlandskjördæmi, var að tala um ábyrgðarleysi hér í kvöld, þá vildi svo til, að ég fór að lesa till., sem þá voru að koma á borðið, frá formanni Alþfl. Till. hans, samkv. ábyrgð og öllu því, var um það að greiða fjölskyldubætur til unglinga upp að nærri 21 árs aldri, ef þeir væru 6 mánuði í skóla, og þetta átti að gera á sama tíma og verið var að fella niður persónuskattana af þessu fólki. Halda ekki hv. þm., að einhvern tíma hefði nú verið talað um heldur mikið gáleysi hjá okkur, sem ekki réðum hér áður fyrr? Við höfðum ekki setið í ráðherrastól í 15 ár og gleymt þessu þá, en talið þörf á að bæta þessu við núna. (Gripið fram í.) Já, fyrrv. menntmrh. hverfur að þessu ráði, þegar verið er að gera þá breytingu að fella niður 16 þús. kr. gjald, sem þetta fólk ætti að greiða. Ég er ekki alveg viss um, að þetta flokkist undir fullkomna ábyrgð, en kannske vilja menn halda því fram, að ég kunni nú ekki nógu mikið að meta það.

Það, sem ég vildi svo segja frekar í sambandi við þetta og annað, sem fram kom í ræðu þessa hv. þm. og annarra, er, að þeir útreikningar, sem ég hef fengið – og get ég þá svarað hv. 11. landsk. í leiðinni – í sambandi við þessar skattaathuganir, – eru ekki gerðir af mér. Það er alveg rétt, enda held ég, að engum hefði dottið það í hug, að ég hefði setið við að reikna þetta. Reiknistofnun Háskólans hefur gert alla útreikninga á skatttöflunum, sem ég og aðrir nota og alveg án áhrifa frá minni hendi. Nefnd sú, sem vann að því, sá um það allt, og ég hef ekki talað við þá góðu menn. Ég veit ekki einu sinni, hvað þeir heita eða hvernig þeir líta út. Það eru gefnar upp, og ég skýrði frá því hér í dag, alveg ákveðnar forsendur fyrir þessum útreikningum. Forsendurnar eru þær, að talið er, að meðalfrádráttur einstaklings, áður en til skatts komi, miðað við gömlu regluna, sé 15% af brúttótekjunum, og fyrir hjón sé þetta 25%. Frá þessu er svo persónufrádrátturinn dreginn, 140 þús. kr. fyrir einhleypan, 220 þús. kr. fyrir hjón og 30 þús. kr. fyrir hvert barn, svo að skalar þeir, sem fyrir þá eru lagðir, eru þannig útreiknaðir. Nú get ég ekki haldið því fram, að þarna sé um rangan útreikning að ræða. Ég hef ekki trú á því, ég treysti þar tölvunni það vel, enda eru komin svo mörg sýnishorn, að merkilegt mætti það nú vera, ef þeim bæri ekki vel saman, eins og þeim hefur borið saman í sambandi við þau atriði, sem út hafa verið reiknuð, og auðvitað hafa verið prófaðir miklu fleiri skattstigar en sýndir eru í frv. M. a. hef ég fengið þrjá stiga útreiknaða líka, og er ekki nema sjálfsagt að láta fjhn. í té þá stiga, sem til eru á okkar vegum í sambandi við þessa útreikninga. Þeir stigar sumir, sem voru með þremur þrepum, gáfu meiri heildartekjur en þessi með tveimur. Þetta er matsatriði, hvora leiðina á að velja í þessu. Ég segi ekki endilega, að við höfum fundið þá langréttustu. Það er aftur matsatriði.

Auðvitað er eitthvert takmark í því, hvað út úr þessu á að koma, og í sambandi við áhrifin eða hversu gróflr við höfum verið í þessari skattheimtu, þá hef ég leitað álits hjá Efnahagsstofnuninni. Það álit er unnið í samstarfi við ráðuneytisstjórana í fjmrn. og félmrn. um þær upplýsingar, sem þeir sátu með, ráðuneytisstjórinn í félmrn. í sambandi við sveitarfélögin, og hinn aftur úr sinni nefnd, og það, sem út úr þessu kemur, er að dómi Efnahagsstofnunarinnar, að þessar hækkanir á skattunum séu ekki mjög umtalsverðar. Þar sé miklu fremur tilfærsla en það, að heildarhækkun sé, nema þegar miðað er við það skattkerfi eða skattalögin, sem gerð voru í fyrra, þá getur munað nokkrum hundruðum millj., en að öðru leyti er að þeirra dómi ekki um neinar stórfelldar breytingar að ræða. Það er að vísu að þeirra áliti nokkru meiri óvissa um fyrirtækin en einstaklingana, en inn í þetta dæmi eru að sjálfsögðu teknir allir liðirnir, persónuskattarnir, útsvörin og skattar ríkisins, og það er ekki hægt að reikna þetta dæmi út nema út frá slíkri forsendu. Þess vegna held ég, að ekki sé um neina stórkostlega skattálagningu að ræða, hins vegar tilfærslu, sem við vitum um og hlaut að koma í sambandi við það, sem hér er verið að gera.

Það er heldur ekki neitt við það að athuga og á vissan hátt eðlileg stefnubreyting, að tekjuskattarnir eru miklu meiri jöfnunarskattar á milli þeirra, sem hafa breiðu bökin, og hinna en neyzluskattarnir eru. Þeir eru allt annars eðlis. Þar er meiri greiðsla í ríkissjóð eftir því sem fjölskyldan stækkar, alveg án tillits til tekna. Tekjuskattur hefur alltaf verið hugsaður sem þannig skattur, að hann jafnaði á milli skattþegnanna, og mér sýnist, að í heild geti kannske verið, eftir því, sem ég hef fengið bezt upplýsingar um, um 5% hækkun að ræða á beinu sköttunum í tekjukerfi ríkisins frá því, sem var, og ég held, að það geti enginn með sanni sagt, að þar sé um neina stórfellda breytingu að ræða. Hitt má svo að sjálfsögðu deila um, hvort mönnum finnst sú stefna rétt. Það er pólitískt atriði, og það er ástæðan til þess, að við erum ekki í sömu stjórnmálaflokkum. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum, hvernig menn vilja skipta á milli þegnanna, og það verður aldrei hægt að gera það nema í gegnum skattana og félagslega aðstoð.

Ég held, að það sé mikill misskilningur hjá hv. 2. landsk. að halda það, að í þessu sé ekkert litið fram í tímann. Þar lítum við alveg öðrum augum á. Við lítum svo á, að við séum hér að marka stefnu fram í tímann, sem eigi síðar eftir að mótast betur með þeirri vinnu, sem þarf að leggja í hana.

Einu atriði gleymdi ég úr ræðu hv. 1. þm. Reykn., sem var um ríkisskattanefnd. Frá mínum bæjardyrum sé er það óeðlilegt, að ríkisskattstjóri, sem í þessu tilfelli er sá, sem stjórnar öllu kerfinu, sé raunverulega að dæma í sjálfs sín sök með endanlegum úrskurði á sköttum og útsvörum. Hann er sá, sem stjórnar kerfinu, og hann er umboðsmaður ríkisins gagnvart þessu kerfi, og það er mitt mat, að það sé miklu eðlilegra, að um þetta félli dómur, sem er ekki bundinn kerfinu, svo að hann á eftir eðlilegum leiðum að geta horft á þetta frá sjónarmiði gjaldandans og þeirra, sem skattana eiga að njóta. Ég trúi því, að þessi stefnubreyting sé rétt. Hún er ekki frá minni hendi hugsuð sem neitt vantraust á núv. ríkisskattstjóra, og væri fjarri mér að sýna það. Í þessari frvgr. eru þessum dómi sett ákveðin tímatakmörk til þess að ljúka verki sínu, og það er í raun og veru óframkvæmanlegt fyrir ríkisskattstjóra í sínum annasömu störfum að geta komið frá öllum þeim skattkærum, sem þangað berast til úrskurðar, með þeirri skipan,

sem nú er á. Þess vegna hef ég trú á því, að þetta geti orðið til bóta.

Út af því, sem hv. 11. landsk. þm. sagði í sambandi við samstarfið á milli hæstv. ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga, þá vil ég taka undir það með honum, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til, að það samstarf verði gott, og ég treysti því, að það geti orðið. Ég held, að það hafi orðið okkur í ríkisstj. ekki síður leiðindi en þeim það slys, sem henti um daginn, þegar rætt var um þessi mál, og var allt sagt í opinberu dagblaði einu, sem auðvitað getur ekki gengið, og þá var málið á því stigi meira að segja, – ég get játað það fyrir mína hönd, – að ég var ekki farinn að leggja það fyrir minn þingflokk, einmitt þegar þessi frásögn kom, vegna þess að þá voru að koma fyrstu mótanir, og það var verið að reyna að ræða það á þessu stigi. Ég vissi það ósköp vel, að stjórnarmönnum þar og framkvæmdastjóra fannst þetta mikið miður, og ég veit, að fram hjá þessu verður komizt og vona, að þetta samstarf geti orðið eðlilegt og gott, eins og það þarf að vera fyrir báða aðila.

Ég vil svo segja það í sambandi við þau dæmi, sem hv. 11. landsk. þm. nefndi hér, að ég hef skýrt honum frá því, hvernig þær tölur eru til orðnar, sem ég hef byggt hér á, og á engan hátt farið í felur með það. Þar er, og ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, ekki um neinn heimatilbúning að ræða, heldur það sem þær stofnanir vinna, sem að slíkum verkum eiga að vinna. Það má vel vera, að tölur hans, sem hann lagði hér fram, hafi til síns ágætis nokkuð. Ég skal ekki um það fullyrða neitt að þessu sinni, enda hef ég enga aðstöðu til þess að segja neitt um þær, en ég segi bara frá því, hvernig þessar tölur hafa orðið til, sem ég hef vitnað hér til.

Út af því, sem hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sagði hér áðan, þá tek ég undir það með honum, að það ber brýna nauðsyn til þess að endurskoða löggjöfina um hlutafélög og það að herða skattaeftirlitið, eins og ég drap á áðan, er eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við skattamálin.

Nú skal ég, herra forseti, fara að stytta mál mitt, enda hefur þetta vist tekið lengri tíma en ætlað var. En ég vil að lokum segja fáein orð vegna þess, sem fram hefur komið í þessum umr. um tekjur ríkissjóðs og hversu öruggt væri, að ríkissjóður næði nægum tekjum á næsta ári. Ég hef áður sagt, að fjárlög yrðu afgreidd tekjuhallalaus, og ég get bætt því við, að ef ég óttast það, að sú tekjuáætlun, sem gerð verður, ætli að bresta, þá mun ég feta í fótspor fyrirrennara minna og skoða málið betur á framhaldsþingi. Sú saga er mjög þekkt hér á hv. Alþ., og það verður öruggt, að það verður reynt að tryggja það, að ríkissjóður hafi nægar tekjur á næsta ári.

Ég vil líka taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að auðvitað gerum við okkur grein fyrir því, að þær breytingar, sem hér hafa verið gerðar í kaupgjaldsmálum og öðru slíku, leiða auðvitað af sér meiri veltu í þjóðfélaginu og meiri eftirsókn eftir veraldlegum gæðum. Það hefur aldrei verið yfirlýst stefna ríkisstj., að hér gæti ekki orðið nein verðbólga, heldur væri stefnt að því, að hún yrði ekki meiri en í nágrannalöndunum og þeim löndum, sem við hefðum viðskipti við. Ég vona, að ríkisstj. muni ekki tapa sjónum af þessu takmarki sínu frekar en öðru, og verður í sambandi við tekjur ríkissjóðs að meta þetta. (Gripið fram í.) Um sjómannafrádráttinn, fyrirgefðu, það hafði fallið hér niður hjá mér. En það mál er í sérstakri athugun, og frekar get ég ekki um það sagt að sinni.

Ég vil undirstrika það og ítreka, að ég tel það ekki nýja skatta, þótt skattgreiðslur séu færðar á milli ríkis og sveitarfélaga. Frá mínum bæjardyrum séð er hér um eitt kærleiksheimili að ræða, og stundum getur nú sletzt upp á vinskapinn þar í milli, en fyrir gjaldandann er það nokkuð hið sama, í hvorn vasann það fer.

Það skal ég svo að síðustu segja, hvað sem menn kunna að kalla þetta, tilraunir eða annað því um líkt, að þá endurtek ég það, að það verður haldið áfram að vinna að endurskoðun þessara mála og allra tekjustofna ríkisins, og það verður engin feimni viðhöfð við það, þótt fram ættu eftir að koma einhverjar veilur í þessari breytingu. Þá verður reynt að taka á þeim og bæta þar úr, en ekki að sýna feimni um það, þótt mönnum kunni að hafa í einhverju yfirsézt, enda fer bezt á því, að þannig verði að þessu máli unnið og árið 1972 verði notað til þess, að á næsta Alþ. geti hér verið afgreidd lög um tekju- og eignarskatt, heildarlöggjöf, og að tekjustofnar ríkisins verði þá miðaðir við þá stefnu, sem núv. ríkisstj. fylgir í efnahagsmálum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls aftur, en hæstv. forsrh. beindi beint til mín nokkrum spurningum, sem ég tel sjálfsagt að svara.

Í fyrsta lagi spurði hæstv. forsrh. um það, hvort ég teldi ekki, að vinnufriður í landinu væri nokkurs virði. Ég get svarað þessu á þann hátt, að ekki einasta ég, heldur hver einasti þm. og hver einasti þjóðfélagsþegn telji það mikils virði, að vinnufriður haldist í landinu. En ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er vinnufriður í landinu hjá okkur í dag? Er honum ekki kunnugt um, að allur kaupskipafloti landsmanna er annaðhvort bundinn í höfn við landsteina eða verður bundinn, þegar hann kemur að landi? Vitað er, að það er undirstöðuatriði fyrir atvinnuvegina, að kaupskipaflotinn geti siglt milli landa, tekið afurðir til útflutnings og fært okkur það, sem okkur vantar, bæði til framfærslu og í sambandi við atvinnuvegina.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. forsrh., hvort honum sé það ekki kunnugt, að sjómannasamningar renna út um n. k. áramót, og því miður, ég segi, því miður, þá er mjög mikill ótti í mönnum um það, að samningar náist ekki fyrir þann tíma og að til stöðvunar hjá útveginum komi. Við skulum öll vona, að þetta fari á annan veg og að til þess komi ekki, en um það verður ekkert sagt í dag.

Í þriðja lagi vil ég benda hæstv. forsrh. á það, að þótt samningar hafi verið undirritaðir við stéttarfélögin nú í þessum mánuði, þá er enn þá ósamið um öll eða flest sérákvæði, sem fram voru sett hjá hinum ýmsu verkalýðs- og stéttarfélögum. Það hefur verið sagt, að viðræður um þetta ætti að taka upp milli aðila vinnumarkaðarins eftir áramót. Hvernig um þær viðræður fer, veit enginn í dag, hvort til vinnustöðvunar kemur eða ekki. Því miður er útlitið á allt annan veg en þann, að forsrh. sé þess umkominn hér og nú að lýsa því yfir, að vinnufriður sé í landinu eða vinnufriður muni haldast áfram. Þetta ber að harma, en þetta eru staðreyndir,

sem hvorki hæstv. forsrh. eða öðrum þýðir að líta fram hjá.

Þá beindi hæstv. forsrh. þeirri fsp. til mín, hver væri stefna mín í kaupgjaldsmálum. Ég vil benda hæstv. forsrh. á, að fyrrv. ríkisstj. fylgdi ávallt þeirri reglu að stuðla að því, að launþegar fengju sinn hluta af auknum þjóðartekjum, eins og þær voru á hverjum tíma. Ég er sannfærður um, að launþegasamtökin mátu þetta mikils, og þau sýndu það í verki, þegar harðnaði á dalnum árin 1967 og 1968. Þá stilltu þau öllum sínum kröfum í hóf, því að þeim var ljóst, að þá voru erfiðleikar fram undan fyrir þjóðfélagið í heild, og þau vildu ekki stuðla að því að gera þá erfiðari úrlausnar með auknum kröfum. Þetta ber sannarlega að meta og þakka launþegasamtökum fyrir þann skilning, sem þau sýndu á þessum málum og er sönnun þess, að þau mátu það mikils, að þannig skyldi vera staðið að málum, að þeim var ljóst, að það var reynt að stuðla að því af stjórnvöldum, að þau fengju á hverjum tíma eðlilegan hluta út úr auknum þjóðartekjum.

Það, sem hefur gerzt hjá núv. ríkisstj., er það, að hún hefur fyrir fram með hinum margumræddu sáttmála stuðlað að því, að launþegasamtökin gerðu mjög háar kröfur, alveg án tillits til þess, að stjórnin væri farin að gera sér nokkra grein fyrir því, hvort atvinnuvegirnir og þjóðfélagið í heild þyldu þær kröfur, sem þar var stuðlað að. Það er vitað og viðurkennt, að ákvæðin um styttingu vinnuvikunnar þýða svo og svo mikil útgjöld fyrir mjög stóran hluta af atvinnurekstrinum í landinu. Það er einnig öllum ljóst, að aukning kaupmáttar um 20% á 2 árum hlýtur að þýða, sérstaklega eins og nú er komið, með því verðbólguskeiði, sem er að skella á, verulegar kauphækkanir. Öðruvísi varð það ekki framkvæmt. Það er þetta, sem er að gerast, og það er þessi stefna ríkisstj., sem ég var að gagnrýna, því að það er hún fyrst og fremst, sem hefur stuðlað að þessu, án þess að vita, hvað hún var að gera, þegar hún setti þessi ákvæði inn í sáttmálann. Ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það, að mér sem atvinnurekanda er það mjög mikið ánægjuefni, ef það fyrirtæki, sem ég stend fyrir, getur greitt fólki það kaup, sem ég veit að hægt er að gera og það er ánægt með. Það er geysimikið atriði fyrir vinnuveitendur, að það sé samstaða og samstarf milli þessara aðila og hægt sé að mæta eðlilegum kröfum launþega.

Þá kom hæstv. forsrh. hér fram, sem mér þykir nokkuð óvanalegt, með fsp. og kröfur til okkar stjórnarandstæðinga, hvað við vildum taka út úr fjárlögum, hvernig við vildum standa að því að lækka fjárlögin. Ég tel þetta sýna mjög litla þekkingu hjá hæstv. forsrh. á uppbyggingu fjárlaga eða fjárhagsáætlana, t. d. sveitarfélaga, og efnahagsmálum almennt. Ég held, að það sé hverjum einasta manni, bæði sveitarstjórnarmanni og alþm., kunnugt, að í hvert einasta skipti, sem fjárhagsáætlanir eru samdar eða fjárlög hér á Alþ., þá er mjög mikill fjöldi mála, sem allir eru sáttir á, að tekin verði inn á fjárlög og fjárhagsáætlanir. Það er hægt að færa rök fyrir því, að hvert einasta þessara mála er eðlilegt, og það væri mjög gott og gagnlegt í mörgum tilfellum að geta orðið við óskum um að taka þetta inn, en það, sem ráðandi menn verða að gera, hvort sem eru sveitarstjórnarmenn eða ráðh. í ríkisstj., er, að meta á hverjum tíma, hverju hægt er að verða við af þeim kröfum, sem fram eru settar. Með því móti móta þeir efnahagsmálastefnuna, bæði í sveitarfélögunum og í þjóðfélaginu, ef um ríkisstj. er að ræða. Það er þetta atriði, sem hæstv. forsrh. virðist ekki gera sér grein fyrir. Það skal viðurkennt, að hann er óvanur fjármálum og efnahagsmálum, en hann ætti að hafa menn með sér í ríkisstj. og sérfræðinga, sem gætu bent honum á, að þetta er eðlilegur hlutur. Kröfurnar hljóta alltaf að verða til hins opinbera miklu meiri en nokkur stjórn, sveitarstjórn eða ríkisstj., getur á einu bretti mætt. Ef ætti að mæta öllum kröfum, sem fram koma, bæði til sveitarstjórna í landinu, um hin þörfustu mál, og til ríkisstj. í sambandi við fjárlög, veit ég ekki, hvernig efnahagsmál þjóðarinnar litu út. Ég skal láta þetta nægja um það.

En fyrst hæstv. forsrh. er að biðja mig og aðra stjórnarandstæðinga um ráðleggingar í sambandi við þessi mál, þá vil ég fyrir mitt leyti gefa honum eitt ráð, og það er, að hann segi af sér, og það nú þegar. Ég vil benda honum á það til rökstuðnings þessu, að hann er núna í dag í nákvæmlega sömu aðstöðu og hæstv. forsrh. vinstri stjórnarinnar var á sínum tíma, þegar Hermann Jónasson veitti henni forstöðu. Hann sá fram á það, að það voru að skella yfir þjóðina geysilegar verðhækkanir, sem hann kallaði hér úr ræðustól óðaverðbólgu. Því miður þá er þetta að gerast enn þá, aðeins 5 mánuðum eftir að núv. hæstv. forsrh. tók við embætti sínu, og ég mundi telja hann mann að meiri, og það væri von um, að þannig gæti hann orðið þjóðinni að gagni, ef hann fetaði í fótspor fyrrv. forsrh. vinstri stjórnar, Hermanns Jónassonar, og segði af sér, og það sem fyrst.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Við þá umr. um skattalagafrv., það, sem hér er til umr., vildi ég segja örfá orð um þá stefnu, sem birtist í því frv. og öðrum frv., sem hér liggja fyrir hv. Alþ., um stefnu ríkisstj. í skattamálunum.

Fyrst vil ég þó lýsa aðdáun minni á hæstv. fjmrh. fyrir það að koma hér og reyna að fullvissa þingheim um, að hann þyrfti ekki að leggja aukna skatta á þjóðina, þótt hann sé nú að fara fram á afgreiðslu fjárlaga, sem hækka sennilega um 6–7 þús. millj. kr. Ég verð að segja, að þetta er alveg furðulegur málflutningur frá mínu sjónarmiði, og jafnvel þótt tekið sé tillit til þess, að nokkrar tilfærslur verða á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í þessu dæmi, þá liggur það fyrir hér skjalfest, að hæstv. ráðh. lagði fram fjárlagafrv., þar sem gert var ráð fyrir 3 þús. millj. kr. til ríkisins að óbreyttum skattalögum, en nú verða afgreidd fjárlög, sem eru hækkuð um mörg þús. millj. kr., einfaldlega vegna hækkana á fjárlögum, en ekki vegna tilfærslna frá sveitarfélögunum, og þetta hlýtur að fela í sér mjög mikla skattbyrði og mjög aukna skattbyrði þjóðarinnar. Ef þetta frv., sem hér er til umr., verður að lögum, verður allur almenningur í landinu skattlagður með hæsta skattstiga laganna, 45 kr. af hverjum 100, sem fólkið vinnur sér inn síðustu mánuði hvers árs. Það hlutfall fer beint í ríkiskassann.

Ég skal með örfáum orðum renna stoðum undir þessa fullyrðingu mína. Einstaklingar hafa í persónufrádrátt samkv. þessu skattalagafrv. 140 þús. kr. og oftast sáralítinn annan frádrátt, áður en kemur til skatt-

skyldu. Þeim er gert að greiða 25% af 50 þús. kr., þannig að þeir lenda í hæsta skattstiga, þegar kemur yfir 200 þús. kr. tekjumark. Hvað halda menn, að margir fullvinnandi einstaklingar á Íslandi hafi undir 200 þús. kr. árstekjum árið 1971? Ég hef ekki um þetta beinar tölur hér, en hæstv. fjmrh. eða aðrir ráðh. hljóta að vita þetta, og því spyr ég: Hve mikill hluti fullvinnandi einstaklinga lendir í hæsta skattstiga, sem er samkv. framlögðu frv. 45% skatttekna? Hjón hafa 220 þús. kr. í persónufrádrátt, og eigi þau 3 börn, 90 þús. kr. í viðbót. Hafi þau 40 þús. kr. í annan frádrátt, fá þau 25% tekjuskatt af bilinu milli 350 og 400 þús. kr. brúttótekna, en 45% tekjuskatt, þegar kemur yfir 400 þús. kr. Hvað álíta menn, að mörg heimili á Íslandi hafi undir 400 þús. kr. brúttótekjum? Eftir nýjustu athugunum skilst mér, að ¾ hlutar allra hjóna í landinu hafi yfir 450 þús. kr. í tekjur. Ég spyr ráðh., alla sem hér eru: Er þeim þetta ljóst? Er þeim ljóst, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar verður skattlagður með 45% skattstiga til ríkissjóðs, ef þetta frv. verður að lögum?

Þetta er ekki nóg. Í viðbót greiðir þetta fólk um 10% af launum sínum í útsvar, þegar komið er yfir 450 þús. kr. brúttótekjur. Þegar laun eru orðin jafnhá og raun ber vitni hér á landi, er alveg ljóst, að slík skattheimta, 55% af tekjum, sem fara yfir 450 þús. kr., hlýtur að bitna hart á öllum almenningi í landinu.

Ég óttast mjög viðbrögð almennings við þessum skattaálögum. Ég lít svo á, að þær muni draga verulega úr vilja fólks til að vinna. Ekki getum við lagt skatt á tekjur, sem fólk vinnur ekki fyrir, vegna þess að það vill ekki afla 55 kr. af hverjum 100 fyrir ríki og bæ. Ég held líka, að þettaýti mjög undir kaupkröfur fólks. Fólk getur ekki sætt sig við slíka skattlagningu. Og það hlýtur að reyna að komast undan henni á einhvern hátt, annaðhvort með auknum kaupkröfum eða eftir því, sem hver og einn getur bezt.

E. t. v. segja hæstv. stjórnarsinnar: Gleymir þm. þá ekki, að við ætlum að leggja niður almannatryggingagjald og við ætlum að leggja niður sjúkrasamlagsgjald? Ég hef engu gleymt af þessu. Þetta kann að koma sér vel, og þetta kemur sér vel fyrir einstaklinga, sem eru við nám, og ýmsa, sem þannig er ástatt um, að þeir vinna ekki, en ég minni á í sambandi við þetta, að ég lít svo á, að það sé fyrst og fremst ætlun ríkisstj. með þessu að lækka vísitöluna um 3.7 stig. Hér kom meira að segja fram í ræðu hæstv. ráðh. í dag, að vegna þess að ríkisstj. felldi niður almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, þá mundi vísitalan lækka um 3.7 stig, og þess vegna væri óhætt að draga úr niðurgreiðslum um 450 millj. kr. á helztu neyzluvörum almennings. Með tilliti til þess, sem hæstv. ráðh. sagði hér um neyzluskatt áðan, en hann sagði, að það mundi lenda á þeim, sem hefðu stærstu fjölskyldurnar, er þetta undarleg ráðstöfun. Lendir þetta ekki á þeim, sem hafa stærstu fjölskyldurnar, þegar verðlag á almennum nauðsynjavörum í landinu hækkar, svo að nemur um 450 millj. kr.?

Ég vil líka minna á í þessu sambandi, þegar hæstv. ríkisstj. er að guma af því, að hún felli niður nefskatta, að þá er hún samtímis að hækka fasteignaskatta. Allir þjóðfélagsþegnar þurfa að búa í íbúð, hvort sem þeir leigja hana eða eiga hana. Þessir skattar hljóta því að lenda á öllum þegnum þjóðfélagsins, annaðhvort sem hærri húsaleiga eða þá beint á þeim, sem eiga íbúðir.

Ég verð að lýsa alveg sérstakri furðu minni yfir þessari stefnu hæstv. ríkisstj., ekki sízt vegna þess, að hún hefur margtuggið það hér í okkur alþm., sem hún telur heldur tornæma almennt, að hún ætlaði að fara að snúa öllu við. Nú ætti ekki að fara að eins og áður, nú ætti að leggja skatt á þá, sem gætu borið skattana, nú ætti að leggja skatt á breiðu bökin.

Ég satt að segja fæ ekki skilið þá stefnu, sem kemur fram í þessum skattafrv., sem hér liggja fyrir Alþ. Ég held það hljóti að vera svo, að hæstv. ríkisstj. geri sér ekki grein fyrir því, hvað hún er að gera. A. m. k. tel ég, að það sé mjög athugavert, sem hér hefur komið fram, að hér væri um miklu réttlátari skattheimtu að ræða en áður. Ég verð að segja, að mér finnst þetta undarleg réttlætiskennd hjá hæstv. ríkisstj. og harla einkennileg, og ég held, að þetta muni koma mjög áþreifanlega í ljós og hún muni verða áþreifanlega vör við það, þegar fólk fær skattseðlana sína, ef þessi frv. verða að lögum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er augljóst, að það er gert ráð fyrir því, að við stjórnarandstæðingar búum yfir mikilli þolinmæði, enda höfum við sýnt mikla þolinmæði. Ég er ekki að fjargviðrast yfir því, þó að það sé hert á sprettinum rétt fyrir jólin, eins og venja hefur verið hjá næstum því öllum ríkisstj., að ég hygg. En hitt er annað mál, að það er kastað í okkur svo illa gerðum frv., svo óunnum, að furðu sætir. Og það er þess vegna, sem umr. þurfa að verða miklu meiri hér á þinginu en ef frv. væru úr garði gerð eins og hver ríkisstj. ætti að sjá sóma sinn í að gera frv. úr garði. Hvernig er hægt að leggja fram frv. um tekjuskatt og eignarskatt og frv. um tekjustofna sveitarfélaga og hafa naumast nokkur skýringaratriði í grg. um slík frv.? Það er ekki svo, að það sé verið að gera grein fyrir því, hvað sé ætlað að ná miklum tekjum. Nei, nei. Ég held, að sé alveg einsdæmi, að skattafrv. séu lögð fyrir þingið í slíkri mynd.

Að öðru leyti er ákaflega lítið gert til þess að gera grein fyrir, hvernig skattbyrðin er. Ráðh. hins vegar bregða á leik og taka spretthlaup upp í Ríkisútvarp og gera þar sína grein fyrir því, hvað felist í þessum ágætu frv., og það með þeim hætti, að allur almenningur fær auðvitað allt aðra mynd af því, hvað í frv. raunverulega felst, allt aðra mynd af því í þessum ræðum en það, sem sjálf frv. segja raunverulega til um, þegar farið er að athuga þau.

Sá venjulegi háttur hér í þingi er sá, að þegar frv. eru lögð fram, stjfrv. og önnur, tekin á dagskrá og rædd af stjórn og stjórnarandstöðu, þá eru sagðar þingfréttir af þessu, bæði af stjórninni og stjórnarandstöðunni. Þetta gerðist nú sama daginn sem hæstv. forsrh. lagði megináherzlu á, að stjórn og stjórnarandstaða hefðu sambærilega aðstöðu til þess að koma málum sínum að í fjölmiðlum, enda var þetta síðar leiðrétt af hálfu Ríkisútvarpsins, og kann ég því þakkir fyrir, með því að gefa fulltrúum stjórnarandstöðunnar tækifæri til þess að koma fram sínum sjónarmiðum í stuttu máli nokkrum dögum seinna.

En hjá öllu þessu brambolti hefði verið hægt að komast og öllum þessum löngu umr. hér, ef málatilbúnaðurinn hefði verið betri, og það hefði auðvitað verið miklu sæmra, og það kom mér í hug, eftir að hv.

11. landsk. hafði flutt ræðu sína, sem sýndi svo augljóslega, hversu illa gert plagg þetta frv. er, að sæmst væri fyrir hæstv. fjmrh. að draga frv. til baka og vinna svo að þessu í hléinu að búa út sómasamlega gert frv. um tekju- og eignarskatt og leggja það fyrir þingið. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann geri það og finnist það særa eitthvað metnað sinn, en hitt er jafn ljóst, að það verður geysimikið verk að vinna í þinghléinu til þess að kafa niður í það, hvað í þessu frv. felst, og gera till. um breytingar á því, af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, um leið og við leggjum mikla áherzlu á það að fá miklu meiri upplýsingar en við höfum fengið frá hæstv. fjmrh. Og ég kann honum þakkir fyrir það, að hann hefur látið í ljós það álit sitt, að hann muni að sjálfsögðu ekki verða neitt tregur til þess að færa ýmsa hluti í þessu frv. til betri vegar, ef honum væri sýnt fram á það, að svo mætti gera.

En það, sem ég að öðru leyti vil leggja áherzlu á og tel ástæðu til, að menn taki eftir, er, að það byrja alltaf allar spurningar svo í Ríkisútvarpinu, hvort sem það er í sjónvarpi eða hljóðvarpi, til ráðh.: „Er ekki einhver stefnubreyting í þessu máli, hæstv. ráðh.?“ „Jú, jú, það felst í þessu mikil stefnubreyting. Nú verður þó breytt um stefnu.“ Svona byrjuðu spurningarnar hjá báðum hæstv. ráðh. s. l. mánudag, og hér í kvöld segir hæstv. samgrh., að nú sé verið að breyta um stefnu, og áður hafi það verið þannig, að fyrrv. stjórnarsinnar hafi sagt: Þetta er sú stefna, sem við höfum, og það er engin önnur leið til. Þess vegna sé nú eðlilegt, að nú komi þeir og sýni það, að þegar ný stjórn er komin til valda, fyrrv. stjórnarandstæðingar, þá sé verið að breyta um stefnu. Hæstv. fjmrh. byrjaði sína ræðu með þessu. Hvað eftir annað fléttaði hann inn í ræðuna, að nú væri verið að breyta um stefnu, og hann endaði ræðuna með því, að nú væri verið að breyta um stefnu.

En ef litið er fram hjá álagningarprósentunum í þessu frv., þá má segja, að hugmyndirnar að baki þessu nýja skattakerfi séu engan veginn frumlegar og á engan hátt ný stefna. Og þær eru alls ekki frumsmíð núv. ríkisstj. Allar meginhugmyndirnar voru settar fram í des. 1970 í skýrslu nefndar, sem starfaði á vegum fyrrv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar. Og í almennum aths. við skattalagafrv. s. l. vor var skýrt tekið fram, að þar væri um að ræða skref í heildarendurskoðun stefnunnar í álagningu beinna skatta yfirleitt. Og till. nefndarinnar voru í megindráttum sem hér segir, í tíð fyrrv. ríkisstj., og nú skulu menn bera það saman við þessa nýju stefnu, sem menn telja sér til ágætis að vera að móta hér:

1. Breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga m. a. að því leyti, að á sveitarfélögum yrði létt gjöldum til almannatrygginga, enda skyldi ríkið eitt sjá um að koma á eða viðhalda eftirsóttri jöfnun tekna og eigna meðal þjóðfélagsþegnanna. Sveitarfélög skyldu leggja á útsvör, sem skyldu vera lág, föst hundraðstala af tekjum einstaklinga, en með tilteknum persónufrádrætti.

Í frv. ríkisstj. nú er enginn slíkur persónufrádráttur, en útsvörin eru lág eða föst hundraðstala af tekjum einstaklinganna. Að öðru leyti er þetta allt saman eins að formi til og efni varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og það er frv., sem liggur nú fyrir Ed.

2. Afnám eignarútsvara, enda skyldi ríkinu einu ætlaður sá álagningarstofn, sem hrein eign er. Hér er líka um það að ræða.

3. Tekjuskattlagning félaga skyldi færast öll yfir til ríkisins.

4. Aðstöðugjöld verði afnumin, en í þeirra stað skyldu fasteignaskattar hækkaðir, enda yrði að telja, að fasteignaverðmæti væru betri mælikvarði á þá þjónustu, sem sveitarfélög veita þegnunum, en sá stofn, sem aðstöðugjald hefur verið lagt á, sem eru heildargjöld fyrirtækjanna.

5. Nefskattur til almenna tryggingakerfisins skyldi felldur niður. Almenna tryggingakerfið yrði að verulegu leyti fjármagnað með launaskatti, sem síðar gæti samlagazt virðisaukaskatti, sem jafnframt mundi, þegar stundir liðu fram, taka að sér það hlutverk í tekjuöflun, sem söluskattur hefur gegnt.

Ég þarf ekki að taka það fram, menn hafa tekið eftir því, að það er engin ný stefna að þessu leyti mörkuð í því frv., sem hér liggur fyrir. Það er bara spurningin um það, hvernig farið er að því.

Þegar við afgreiddum frv. um skattalagabreytinguna á s. l. þingi, þá snerist það, eins og þm. muna, fyrst og fremst um fyrirtækjaskattinn og atvinnureksturinn, en síðan var haldið áfram að vinna eftir þessum meginlínum, og þá var embættismannanefndinni falið að vinna áfram, en í millitíðinni höfðu fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna fengið fulltrúa í nefndinni, sem unnu að þessu máli, og þeir höfðu þess vegna aðstöðu til að fylgjast með undirbúningnum fyrir síðasta þing fyrrv. ríkisstj., sem, eins og réttilega hefur verið bent á hér, eru gagnólíkar vinnuaðferðir og allt aðrar en nú eru viðhafðar, en áreiðanlega hefðu þær verið farsælli og til bóta.

Það er gert ráð fyrir því að stórauka greiðslur úr almannatryggingakerfinu, og um leið og látið er í veðri vaka, að ríkisstj. ætli að draga úr skattlagningu hinna tekjulægri og efnaminni, mun hún ætla sér að stórauka tekjur hins opinbera í heild af aðeins þremur álagningar- eða gjaldstofnum: 1) Tekjum einstaklinga og félaga, á þær leggja bæði ríki og sveitarfélög, 2) hreinni eða skuldlausri eign einstaklinga og félaga, á hana leggur ríkið einungis, og 3) fasteignaverðmætum, til sveitarfélaga einungis.

Nú mætti ætla, að ef ríkisstj. þykist geta sýnt fram á, að skattbyrði hinna miður settu yrði léttari, þá ætti hún að geta sýnt með dæmum, að skattaálögur á meðalborgara, á allan þorra þegnanna, verði mun þungbærari en verið hefur, en það er ekki það, sem hefur verið látið í veðri vaka. Ég hef fullyrt, að skattbyrðin á meðalborgarana, á millistéttina í þjóðfélaginu, muni stórkostlega þyngjast, en sýndarmennskan er í þessum málum eins og svo mörgum öðrum þannig, að fólkið á að halda, að eitthvað allt annað felist í þessum pakka, en í honum felst.

Það er oft búið að tala um það hér í kvöld í þingsölunum, að það sé verið að leggja niður persónuskattana, nefskattana. Þeir eru lagðir niður sem slíkir, það er rétt, sem nefskattar, en auðvitað þarf að afla teknanna, og borgararnir í þjóðfélaginu þurfa að borga þetta, og þeir borga það bara með nokkuð öðrum hætti.

Það var ung stúlka, sem kom heim til sín og sagði við pabba sinn: „Elsku pabbi, þetta er bara líklega góð ríkisstj., því að nú þarft þú ekki að borga fyrir mig

sjúkrasamlagsgjaldið og almannatryggingasjóðsgjaldið.“ **(Gripið fram í:** Þú sagðir okkur þessa sögu um daginn.) Já, var hún ekki góð? Það er óhætt að segja hana aftur. – En blessaður maðurinn sagði eins og var: „Nei, nei, ég þarf ekki að borga þetta fastagjald, en ég þarf auðvitað að borga það, bara miklu meira virði, elskan mín. – Það heitir núna tekjuskattur.“

Hins vegar, eins og ég sagði, þá hefur oft verið um það talað að flytja þetta til svona, og það var markað sem hugsanleg stefna af hálfu fyrrv. ríkisstj., og við höfum heyrt, að fulltrúar Alþfl. hafi tekið mjög vel í þetta. Út af fyrir sig höfum við heldur ekki verið á móti þessu, en ég vil þó vekja athygli á því, að að vissu leyti breytir tryggingakerfið um eðli við slíkar breytingar. Frá því að vera tryggingakerfi með eðlilegum iðgjöldum allra þá breytist það á vissan hátt í það að verða að vissu leyti framfærslukerfi, og það hefur sína sálrænu þýðingu. Þótt það sé rétt, að maður geti viðurkennt, að það sé yfirleitt eðlilegt, að þeir, sem eru betur settir, borgi meira en þeir, sem minna mega sín, þá var það vissulega fyrir hendi í okkar þjóðfélagi, þó að þessi stofngjöld væru hjá öllum, því að mismunurinn kom auðvitað fram í þeim mismunandi tekjusköttum, stighækkandi útsvörum og sköttum, sem við höfðum áður haft.

Það hafa nú komið fram ýmsar aðfinnslur, sem ég skal ekki endurtaka í sambandi við þetta mál, og alveg sérstaklega vil ég segja, að það er mjög bagalegt, að menn þurfi að halda hér uppi löngum ræðuhöldum um það, hverjir skattar, samkv. skattalagafrv., sem fyrir liggur, verði á fjölskyldu af tiltekinni stærð með tilteknar tekjur o. s. frv. Þetta ætti að vera nokkuð ljóst. Það getur vel verið, að þetta sé einn liðurinn í þessari framþróun okkar, þar sem Háskólinn hefur eignazt reikningsheila, að þá sé ómögulegt að komast að réttri niðurstöðu í þessum málum, því að hæstv. fjmrh. segir: „Ekki reiknaði ég þetta út, heldur nefnd, sem mataði einhverja tölvu, sem reiknaði út hlutina.“ Ég endurtek að sjálfsögðu ekki neitt af því, sem kom fram í útreikningum hv. 11. landsk., en þessi dæmi voru svo gjörólík þeim dæmum, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, að ég var alveg undrandi á því. Nú veit ég hins vegar, að hv. 11. landsk. er sveitarstjóri og þaulkunnugur þessu og hefur aðstöðu til að reikna þessi mál rétt, og það er mjög líklegt, að honum skjátlist ekki mikið í því efni.

En í Ed. í dag fór hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, þar með dæmi, sem var eiginlega alveg sama dæmið og hæstv. fjmrh. var með hér. Það voru hjón með 350 þús. kr. nettótekjur, 440 þús. kr. brúttótekjur, og þessi hv. þm., hv. 2. þm. Reykv., gerir grein fyrir því, – ég geri ráð fyrir því, að hann hafi nokkuð góða aðstoðarmenn til að reikna það út fyrir sig, – að þessi hjón mundu greiða 64 715 kr. eftir þessum nýju lögum, en hefðu greitt 49 661 kr. með 6½% hækkaðri skattvísitölu, en hér eru ekki í dæminu reiknaðir persónuskattarnir, sem þarna kannske gætu verið um 18 þús. kr. eða 20 þús. kr., sem, eins og ég sagði, eru teknir út úr dæminu, vegna þess að í mjög mörgum tilfellum missa aðilar svo mikið af tekjum sínum vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölunni, að það fer í sumum tilfellum hátt upp í það að éta sig upp sem minnkandi tekjur miðað við þau hlunnindi, sem af því eru að þurfa ekki að greiða þessa beinu skatta sem slíka. En hæstv. fjmrh. sagði hér, að þau mundu greiða 90 þús. kr. eftir nýja kerfinu, eftir gamla kerfinu, eins og hann kallaði það, 92 þús. kr.

Auðvitað skal ég ekki lengja umr. hér með því að fara með fleiri svona dæmi, þótt ég hafi þau hér í höndum. En það er næsta furðulegt, hversu geysilegur mismunur er hér á. Þetta eru aðilar, sem stýra sveitarstjórnarmálum og hafa aðstöðu til þess að vera kunnugir og aðstöðu til þess að hafa kunnáttumenn til aðstoðar. Það er einkennilegt, hve mikið ber á milli. Látum það nú vera, þótt þetta standist ekki allt saman nákvæmlega.

Hæstv. fjmrh. taldi, að skattlagningin á fyrirtækin væri alveg vel viðunandi, og þá má vel vera, að þau þurfi ekki að kvarta undan því, þótt hún sé nokkru hærri en hún hefði orðið eftir eldri skattalögum. En þó er rétt, að við gerum okkur grein fyrir helztu breytingunum á þeim reglum, sem hér gilda og gilt hafa, og þær eru helztar þær, að um leið og horfið skal frá því að leggja tekjuútsvar og eignarútsvar á félög, skulu tekjuskattar og eignarskattar stórhækkaðir, og virðist hækkunin nema mun meiru en sem svarar til niðurfellingar útsvaranna. Fyrir skattalagabreytinguna s. l. vor nam tekjuskattur og tekjuútsvar félaga samtals um 43% af skattgjaldstekjum, þegar tekið hefur verið tillit til þess, að útsvarið var frádráttarhæft, en samkv. frv. um tekjuskatt hækkar samsvarandi álagningarprósenta upp í hvorki meira né minna en 53%. Samkv. skattalögunum frá s. l. vori skyldi eignarskattur félaga vera 0.7% af hreinni eign, jafnframt því sem eignarútsvör skyldu afnumin.

Í frv. er ætlazt til þess, að þessi skattur verði 1.2%, og þegar haft er í huga, að hið nýja fasteignamat mun hækka hreina skattskyldu einnig verulega frá því, sem verið hefur, þá virðist hér vera um mjög íþyngjandi hækkun að ræða. Að vísu var samtala eignarskatts og eignarútsvars félaga áður samtals 1.7%, en þá reiknað af ólíkt lægri stofnkostnaði en verður í framtíðinni. Auk hinna háu skatta á hreina eða skuldlausa eign þá kemur verulegur skattur, eins og bent hefur verið á, á fjármuni, sem hrein eign er bundin í, nefnilega fasteignaskatturinn, sem skal vera a. m. k. 1% af nýju fasteignamati. Á móti kemur núna niðurfelling aðeins helmings aðstöðugjalds, a. m. k. fyrsta árið eftir þessa fyrirhuguðu breytingu.

Heimildir samkv. ákvæðum skattalaganna frá s. l. vori til sérstaks endurmats framleiðslutækja vegna verðhækkana undanfarinna ára hafa verið skertar til mikilla muna og þar með afskriftarmöguleikar, og ég held, að það væri ástæða til þess að athuga vel í n. að lagfæra eitthvað frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Enda þótt mönnum finnist kannske, að endurmatið hafi gengið of langt til hags fyrir fyrirtækin, ef menn eru þess sinnis, í fyrri skattalöggjöf, þá held ég, að það sé gengið of skammt núna, og það mætti fara bil beggja.

Ég skal svo koma nokkrum orðum að ákvæðum laganna frá því í vor um svo kölluð A-hlutafélög, sem skyldu mega leggja tekjuafgang í svo kallaðan arðjöfnunarsjóð og skyldu mega greiða arð, sem gæti orðið skattfrjáls að vissu marki. Þessi ákvæði hafa verið þurrkuð út, og þeim hefur verið fundið mikið til foráttu. Það hefur verið vitnað í próf. Ólaf Björnsson, fyrrv. alþm., í þessu sambandi, sem hafði spurt ein-

hverja spekinga, sem þá höfðu unnið að þessu máli, þ. e. spurt nefndina, hvort hún þekkti nokkur dæmi til þess, að þetta væri nokkurs staðar annars staðar, og það er upplýst hér, að sú nefnd hafi sagt, að hún vissi ekki til þess. Norðmenn voru þá nýbúnir að taka þetta í lög hjá sér, og mér finnst næsta ótrúlegt, að það geti staðizt, að nefndin, sem undirbjó skattalögin þá, hafi upplýst próf. Ólaf Björnsson um það, að þeir nefndarmenn þekktu ekki nokkur dæmi til þessa í öðrum löndum. Mér þykir miklu líklegra, að það séu mörg dæmi fyrir þessu, kannske með öðrum hætti. Hér var um vissa takmörkun að ræða, eins og ég sagði áðan. Sumir sögðu hættu á því, að þetta mundi leiða til þess, að einstaklingar eins og lögfræðingar færu að mynda hlutafélög og skammta sér laun og allt því um líkt. Ég held, að ástæðulaust hafi verið að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, en hins vegar mega menn ekki gleyma því, að þessum ákvæðum var ætlað alveg sérstakt hlutverk, að örva almenning til þátttöku í atvinnurekstri með áhættufjármagni hér á landi eins og í öðrum iðnþróuðum löndum, þar sem það hefur gefizt mjög vel, og að dómi nefndarinnar, sem undirbjó frv. að þessum lögum, voru hér á ferðinni mjög merkileg ákvæði, eins og hún sagði sjálf, sem skyldu stuðla að tvennu í senn, þróun heilbrigðari fjármagnsmarkaðar og iðnþróun með atbeina stórfyrirtækja í formi einkarekstrar. Ég held, að það liggi í augum uppi, að þótt þetta hafi verið ágætismenn í þessari nefnd, þá fundu þeir ekki upp púðrið. Það voru fleiri, sem höfðu fundið upp þetta atriði en þeir.

Hitt vil ég svo segja: Auðvitað þarf ekki að deila mikið um þetta atriði nú, því að ég held sjálfur, að þetta hafi litla þýðingu, meðan ekki er búið að koma á almennum verðbréfamarkaði í landinu. En það var líka beinlínis gerð grein fyrir því, að þetta atriði mundi stuðla að því að koma á almennum verðbréfamarkaði í landinu, og meginmarkmiðið, sem ég tel vera með almennum verðbréfamarkaði í landinu, er að fá einstaklinga til að vera beinir þátttakendur í atvinnurekstrinum með skuldabréfakaupum í sjálfum atvinnufyrirtækjunum og meta atvinnufyrirtækin eftir því, hvernig þau ganga o. s. frv. varðandi það, hvað þeir vilja gefa mikið fyrir hlutabréfin o. s. frv. Núna höfum við ekkert annað kerfi en það, að einstaklingur, sem hefur eitthvað aflögu, leggur það í sparisjóði og banka, og svo eru það bankastjórarnir, sem lána atvinnufyrirtækjunum þetta fé. Þetta gæti einstaklingurinn gert sjálfur, ef við hefðum kerfi, sem þróast hjá öðrum iðnþróuðum þjóðum og hefur gefizt bezt. Og til að örva þetta varð þetta ákvæði til. Ef það dregur úr því, að almennur verðbréfamarkaður verði til hér, þá er slæmt að hafa fellt það niður. Ég tel enga sérstaka hættu hafa stafað af því. Um það var talað, að það væri verið að opna allar gáttir o. s. frv., eins var talað um að ná svo og svo miklu úr fyrirtækjunum, í sambandi við flýtifyrninguna, sem mjög er skert. Ég get vel fallizt á, að það getur vel verið, að það hafi verið of mikil hlunnindi í flýtifyrningunni í lögunum frá síðasta vori, en skerðingin er líka mjög mikil núna, þar sem það verður að dreifa henni á 5 ár, þessum 30% og fyrna þá aðeins 6% árlega. En það er algjör misskilningur, að flýtifyrningin verði til þess, að fyrirtækin verði skattlaus. Þótt flýtifyrning væri tekin í því tilfelli, að fyrirtæki verði skattlaust það ár, þá var þetta til þess að byggja upp fyrirtæki. Fyrirtækið varð miklu sterkara fyrirtæki og miklu líklegra til þess að geta borgað meiri skatta á komandi árum í rekstri sínum, í blómlegri rekstri, með aukið eigið fé í fyrirtækinu, minna lánsfé, minni vaxtabyrði og allt því um líkt. Það er allt of einhliða litið á það mál að álíta, að þótt fyrirtæki jafnvel með geysilegri flýtifyrningu losni við skatta eitt ár, séu það einhver sérstök hlunnindi fyrir félagið og tapað fé fyrir þjóðfélagið, því að þjóðfélagið á kannske eftir að græða þetta fé upp í miklu ríkari mæli í blómlegum rekstri fyrirtækisins í framtíðinni.

Það er ein breyting, sem er til þess að bæta starfsskilyrði fyrirtækja, og hér er um að ræða ákvæði í 4. tölul. 6. gr. frv. um tekju- og eignarskatt um heimild til sérstakrar aukafyrningar, þegar endurkaupsverð fastafjármuna hækkar, og ákvæði þetta er að mínum dómi athyglisvert og ætti að geta orðið til verulegs gagns.

Ég held, að það, sem vekur mestan ugg í hugum okkar, sem erum á móti þessum frv. að ýmsu leyti, – þótt við séum alls ekki á móti heildarstefnunni, heldur aðeins hvernig um hana er búið, – sé þessi stórhækkaða tekjuskattsprósenta, eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram, þar sem nærri allir lenda í 45% skattprósentu, og hækkun eignarskatts í kjölfar bæði hækkaðrar álagningarprósentu og hækkunar sjálfs álagningarstofnsins vegna hækkaðs fasteignamats.

Ég held, að það sé ómögulegt annað en að gera ráð fyrir, að stórkostlegar skattahækkanir leiði af þessum lögum, og ef það á ekki að verða, þá veit ég ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að komast í gegnum afgreiðslu fjárlaganna. Hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir tvöföldun á tekjuskattinum úr u. þ. b. 1 600 millj. kr. upp í rúmar 3 þús. millj. kr. Það er auðvitað töluvert mikil álagning. Hann hefur hins vegar gert grein fyrir því, að síðan verður ríkið að taka að sér aðrar skuldbindingar, þannig að það, sem ríkið fær nettó af þessu, er um 1 000 millj. kr.

Við þurfum að gera okkur grein fyrir því, hvort landsmenn greiði hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt til ríkis og sveitarfélaga samkv. hinu nýja kerfi en þeir gerðu 1971, og þegar málið er skoðað og gerður raunhæfur samanburður á þessu tvennu, þá kemur í ljós, eins og glöggt kom fram í máli hv. 11. landsk., að raunveruleg skattabyrði þyngist, og hún þyngist verulega. Hún þyngist mismikið, það er alveg rétt, en sennilega þyngist hún mest á miðlungstekjunum, eins og reyndar hafa verið sýnd dæmi um.

Ég skal svo að lokum víkja dálítið að því, sem talað hefur verið um áhrifin á vísitöluna. Hæstv. fjmrh. segir, að þörf sé á að fella niður nefskattana. Nú eru nefskattarnir ekki felldir niður nema sem slíkir, eins og ég sagði áðan, heldur er þeim breytt í annað form, og borgararnir verða bara að borga þá í annarri mynd, svo að það er að vissu leyti villandi að vera alltaf að tala um niðurfellingu á þessum gjöldum. En eins og okkar kerfi er, þá er gert ráð fyrir allt að 4% lækkun kaupgjaldsvísitölu, og það þýðir, að laun borgaranna verða svo og svo miklu minni. Spurningin er þá: Hvað er mikill mismunur á launalækkuninni og þessum beinu gjöldum, sem þeir losna við, þegar meta á, hvað mikil hlunnindi eru í þessu? Nú er það að vísu sagt um leið, að vísitalan lækkar ekki, því að það á að lækka niðurgreiðslur, og við það fer vísitalan víst upp um hið sama eða eitthvað svipað. Launin verða hin sömu, og þá

verða borgararnir að borga helztu neyzluvöru sína miklu hærra verði. Ég held, að af þessum 450 millj., sem á að lækka niðurgreiðsluna um, gangi 350 millj. inn í landbúnaðarvöruverðið, sem þá hækkar. Þá verða menn að borga 350 millj. krónum meira á ári fyrir kjöt og mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir. Þetta er auðvitað baggi á borgarann, sem hann verður að borga fyrir að losna við almannatryggingagjaldið og sjúkrasamlagsgjaldið. Ég ráðlegg hæstv. ríkisstj. að reyna ekki að blekkja almenning um það, hvað í þessum frv. felst, því að skattseðlarnir verða sendir út á sínum tíma og almenningur í landinu mun, áður en langt um líður, geta metið það sjálfur, hvernig skattabyrði hans er miðað við það, sem áður hefur verið.

Ég hef áður átalið það hér og talið það óverjandi að ganga frá afgreiðslu fjárlaga, áður en afgreidd eru tekjuöflunarfrv., sem eru jafn óviss og í jafn mikilli þoku eins og þetta frv., sem hér um ræðir. Frá því verður nú ekki snúið úr þessu, að ég hygg, og aðalatriði málsins er þá að nota tímann vel til þess að vinna að endurbótum á þessu frv.

Mér er alveg ljóst, að margir gallar á þessu frv. stafa af einhverjum klaufaskap, eins og vegna einhvers flýtisverks, þannig að það er mjög auðvelt að færa það til betri vegar og án þess að haggað sé nokkuð við þeirri stefnumótun, sem gert er nú svo mikið úr. Við munum að sjálfsögðu nota aðstöðu okkar, þegar málið fer til n., og ég geri ráð fyrir, að það verði eftir þessa umr., enda er það alveg óhjákvæmilegt, vegna þess að þetta er svo margbrotið mál, að ef vel á að vera, þarf það að sæta meðferð í n. í þinghléinu, og það legg ég mikla áherzlu á. Þegar málið er komið í n., þá hefur stjórnarandstaðan einnig aðgang að embættismönnum, sem unnið hafa að þessu máli, sem hún ekki hefur áður. Því vil ég að lokum enda mál mitt með því að leggja áherzlu á, að n. starfi í þinghléinu, sem fyrirhugað er, og með því móti gefist stjórnarandstöðunni tóm til þess, þótt seint sé, að koma að sínum aths. og till., sem ég hygg, að yrði til mikilla bóta við meðferð málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. des., utan dagskrár, mælti:

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vona, að mál mitt hér verði ekki til þess að tefja þingstörfin, og ég held, að það, sem ég hef hér að segja, eigi ekki að gefa tilefni til umr.

S. l. fimmtudag fór hér fram í hv. Nd. 1. umr. um frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Í máli mínu þar lagði ég fram dæmi um það, hvernig skattbyrði gjaldenda breyttist miðað við gildandi skattalög og þau, sem boðuð eru. Hæstv. fjmrh. hafði áður í Ríkisútvarpinu greint frá nokkrum dæmum og einnig í framsöguræðu sinni hér s. l. fimmtudag. Ráðh. hefur skýrt frá því, að Reiknistofnun Háskólans hafi reiknað út hans dæmi, og ég dreg alls ekki í efa, að útkoman úr þeim dæmum er rétt. En það, sem mér finnst skipta öllu máli, er, á hvaða forsendum útreikningarnir eru byggðir. Og forsendurnar hlýtur Reiknistofnun Háskólans að hafa fengið einhvers staðar.

Það er kannske oflæti, þegar ég segi, að ég telji mig sjálfan vita nokkuð um skattamál og treysti mér til að reikna, og ég efast ekki um, að það getur ráðh. líka. En það er svo alvarlegur munur á niðurstöðum okkar, og þessi dæmi eru nú farin að birtast í dagblöðum, að ég held, að almenningur eigi rétt á því að fá að vita hið sanna og það sem fyrst. Þess vegna finnst mér, að það sé ekki hægt að bíða eftir niðurstöðum eða áliti hv. fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég get ekki látið hjá líða að lýsa nokkurri undrun minni yfir því, að þeim stofnunum, sem annast skattlagninguna í landinu, skuli ekki vera falið að gera samanburð á skattlagningunni eftir mismunandi kerfum. Þessir aðilar sitja þó uppi með mestu þekkinguna, held ég, að allir geti verið sammála um. Það eru þess vegna tilmæli mín til hæstv. fjmrh., að hann hlutist til um það, að ríkisskattanefnd verði falið að gera samanburð á þeim útreikningum, sem lagðir hafa verið fram, og ríkisskattanefndin leggi sína útreikninga fram sem allra fyrst, þannig að þm. geti fengið þá í hendur, og þetta gerist þá helzt, áður en afgreiðsla fjárlaga fer fram. Þessir útreikningar þurfa að sýna, hver breyting verði á raunverulegri skattbyrði einstaklinga milli áranna 1971–1972, en það er einmitt þar, sem munurinn kemur fram í þeim dæmum, sem lögð hafa verið fram. Að sjálfsögðu verður að taka inn í þessa mynd alla þá skatta, sem fyrirhugað er að breyta, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og þá skatta sem sagt, sem áhrif hafa á greiðslubyrði einstaklinga eða gjaldabyrði þeirra. Ég vænti þess og raunar veit ég það, hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að hann muni leggja fram útreikninga sína og forsendur þeirra. Ég vænti þess, að þetta komist bæði í hendur þm. og ríkisskattanefndar, ef hæstv. ráðh. felst á að láta hana annast þessa útreikninga.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. skal ég forðast að fara hér út í umr. Ég skal geta þess, að ég hef gert ráðstafanir til þess, að hver þm. fái í sínar hendur þær töflur, sem Reiknistofnun Háskólans hefur gert um þessa útreikninga og þær forsendur, sem fyrir þeim eru. Það hefur aldrei verið hugsun mín, að nein leynd gæti verið þar um. Nefnd sú, sem vann að þessu, óskaði eftir framkvæmdinni í þessu máli, og það er heldur ekki hugsun mín að koma í veg fyrir, að hv. alþm. hafi aðgang að þeim ríkisstofnunum, sem um þessi mál fjalla. Ég skal því hafa samband við ríkisskattstjóra út af þessari fsp. hv. 11. landsk. og biðja hann um álit á þessu máli. Ég hafði gert ráð fyrir því, að fjhn. fengi umsögn hans um það og mat á útreikningunum, en samkv. þeim forsendum, sem töflurnar gefa, þá skýra þær sig nú sjálfar að minni hyggju. Enn fremur hef ég látið athuga málið í Efnahagsstofnuninni og einnig fengið þar niðurstöður. En að sjálfsögðu skal þetta mál verða athugað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. fjmrh., hversu vel hann tekur í þetta, og ég

læt aðeins í ljós þá von, að þessar grg. geti legið fyrir, áður en gengið verður til 3. umr. um fjárlögin.

Á 47. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 171, n. 392, 395 og 404, 209, 393, 405, 411).

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessu máli var vísað til fjhn. skömmu fyrir jól í vetur. N. tók frv. þá þegar fyrir á fundi og sendi það til umsagnar ýmsum samtökum atvinnuvega og almennra skattþegna, eins og nánar greinir í nál. meiri hl. Eftir að þing kom saman á ný að loknu jólaleyfi, hafa fjhn. beggja þd. fjallað um málið á allmörgum sameiginlegum fundum. Ýmsir sérfræðingar í skatta- og efnahagsmálum hafa setið þessa fundi með n., látið í té tölulegar upplýsingar, gefið ábendingar um tæknileg atriði og svarað fsp. nm. Fjhn. þessarar hv. d. hélt svo að lokum fundi ein út af fyrir sig, og eins og fram kemur á þskj. 392, varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem bornar eru fram á þskj. 393, 1. minni hl. leggur til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá, og 2. minni hl. vill vísa því til ríkisstj., en flytur þó einnig brtt. til vara. Áður en ég sný mér að því að gera grein fyrir brtt. meiri hl., vil ég með örfáum orðum rifja upp aðdraganda málsins.

Í málefnasamningi stjórnarflokkanna er ákveðið að endurskoða skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í þeim tvíþætta tilgangi að auka sjálfsforræði byggðarlaganna og gera skiptingu greiðslubyrða milli ríkis og sveitarfélaga einfaldari og um leið ákveðnari en hún hefur verið nú um langt skeið. Þá er kveðið á um endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum lífvænlegar lágmarkstekjur, um leið og horfið verði frá því að afla tekna til tryggingakerfisins með persónusköttum án alls tillits til efnahags. Í málefnasamningnum er jafnframt kveðið á um endurskoðun á tekjuöflunarleiðum hins opinbera í heild með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert og beinir skattar verði ekki lagðir á þær tekjur, sem einungis hrökkva fyrir allra brýnustu lífsnauðsynjum.

Ríkisstj. hófst þegar handa um að móta þessa stefnu í verki, bæði með skipun mþn. í skattamálum ríkisins og tekjustofnamálum sveitarfélaga og svo með beinum stjórnaraðgerðum. Vegna þess að viðfangsefni Tryggingastofnunarinnar, sveitarfélaganna og ríkissjóðs grípa með ýmsum hætti hvert inn í annað, varð að taka þessa þrjá þætti til athugunar alla í senn, og það hefur verið gert. En vegna þess hins vegar, hve málið í heild var margslungið, var vart framkvæmanlegt annað en vinna fyrirhugaðar breytingar að nokkru í áföngum, og það er ríkisstj. einnig að gera.

Þegar hér er komið sögu nú í dag, þá er m. a. búið að gera eftirtaldar ráðstafanir í þá átt, sem stjórnarsáttmálinn lýsir um þessi atriði: hækka lífeyrisgreiðslur tryggingana, lögbinda lágmarkstekjutryggingu, fella niður persónuskatta, svo sem námsbókagjald, iðgjöld til lífeyristrygginga og sjúkrasamlaga, flytja þær greiðslur, er sveitarfélögin hafa innt af höndum vegna löggæzlu og lífeyristrygginga, yfir á ríkissjóð að fullu og greiðslur vegna sjúkratrygginga að hálfu, og það er búið að tryggja landshlutasamtökum sveitarfélaga starfsfé, um leið og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hasla þessum samtökum völl í löggjöf. Þessi örfáu dæmi um beinar stjórnaraðgerðir og sumpart löggjöf, sem nú þegar hafa verið gerðar, læt ég nægja.

Frv. til nýrrar löggjafar um tekjustofna sveitarfélaga er nú til meðferðar í hv. Ed., og hér í hv. Nd. er samtímis fjallað um frv. það, sem hér liggur nú fyrir um tilteknar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Það er sameiginlegt með báðum þessum frv., að þau eru í senn óhjákvæmileg og sjálfsögð afleiðing þeirra breytinga, sem þegar hafa verið gerðar á tryggingalögunum, og þau eru áfangi, en aðeins áfangi á þeirri braut, sem ríkisstj. markaði í upphafi, að því er varðar heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Endurskoðun tekjuöflunarkerfisins heldur áfram, og verður leitazt við að ljúka henni á þessu ári.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar aðeins um tiltekna, afmarkaða þætti tekju- og eignarskattslaganna. Hæstv. fjmrh. gerði við 1. umr. málsins ítarlega grein fyrir efni þess í heild og í einstökum gr., og þá fóru einnig fram mjög ítarlegar almennar umr. um frv. Ég mun því í þessari framsögu einkum leitast við að gera grein fyrir þeim breytingum, sem meiri hl. fjhn. leggur til, að gerðar verði á frv., sbr. þskj. 393.

1. brtt. á þessu þskj. er við 3. gr. frv., þar sem rætt er um vexti af stofnsjóðsinnstæðum samvinnufélaga. Til þess að taka af öll tvímæli er lagt til, að síðasti málsliður 2. töluliðar þessarar gr. orðist svo:

„Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkv. 21. gr. og vextir af stofnsjóðsinnstæðum félagsmanna í samvinnufélögum."

Það þótti öruggara að orða þetta svona til þess að taka af öll tvímæli.

2. brtt. á þessu þskj. felur í sér umorðun á 4. gr. frv., sem aftur er umorðun á 9. gr. laganna. Þessi breyting er einnig gerð til þess að gera ákvæði þessarar gr. gleggri og taka af hugsanleg tvímæli við framkvæmd laganna. En ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta í einstökum atriðum.

3. brtt. fjallar um sérstakan frádrátt fiskimanna. Er hún þess efnis, að við 14. gr. laganna, en hún fjallar sérstaklega um skattlagningu sjómanna, skuli bætast ný mgr. á þá lund, að auk frádráttar samkv. 1.–4. mgr. skuli frá öllum beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður. Tilgangur þessa ákvæðis er auðséður og þarfnast ekki frekari skýringa hér, að ég hygg.

Þá eru í fjórða lagi tvær brtt. við 6. gr. frv. Fyrri brtt. má skoða sem leiðréttingu, og það er raunar sama að segja um þá seinni, að hún er nánast leiðrétting á orðalagi. Það þykir skýrara og réttara að nota þarna orðalagið „þessara sérstöku fyrninga", en ekki „hámarksfyrningar", eins og var í frv.

5. brtt. á þskj. er við 7. gr. Með henni er lagt til að gera þrjár efnisbreytingar á 7. gr. frv., sem er um persónufrádrættina. Í frv. er persónufrádráttur einstaklinga settur 140 þús. kr., en 145 þús. í brtt. Það er hækkun frá gildandi lögum um 11 þús. kr. eða 8.2%. Samkv. frv. hækkar frádráttur hjóna frá gildandi lögum um 32 þús.

kr. eða 17%, og ef þau telja fram sitt í hvoru lagi, þá um 16 þús. kr. Í brtt. meiri hl. fjhn. er lagt til, að frádrátturinn hækki í síðarnefnda tilvikinu um 51 þús. eða 54.3% frá gildandi lögum.

Þriðja breytingin, sem meiri hl. leggur til, að gerð verði á 7. gr. frv., er sú, að sérstakur frádráttur vegna einstæðra foreldra verði 60 þús. kr. að viðbættum 6 500 kr. fyrir hvert barn. Þessar fjárhæðir eru í gildandi lögum 40 500 kr. og 5 400 kr. Hækkun á einstakling nemur 19 500 kr. eða 48.1% og á hvert barn 1 100 kr. eða 20.4%.

Þá er ég kominn að 6. brtt., en hún er við 10. gr. frv. Samkv. þeirri brtt. verða stigin í álagningu tekjuskatts þrjú. Af fyrstu 50 þús. kr. skattgjaldstekjum greiðist 25%, af tekjum 50–75 þús. kr. greiðist 35% og af tekjum yfir 75 þús. kr. greiðist 44%. En samkv. frv. eru tekjubilin aðeins tvö, og hæsta skattprósenta samkv. því er 45%.

Þá er enn lagt til, að við 10. gr. frv., er vísar til 25. gr. laganna, bætist nýr tölul., sem verður IV. í lögunum, um sérstakan frádrátt á lægsta tekjubili gjaldenda 67 ára og eldri. Í þeirri brtt. segir, að tekjuskattur aldraðra, 5 000 kr. eða lægri, skuli felldur niður og tekjuskattur þeirra á bilinu 5–10 þús. kr. skuli lækka þannig, að lækkunin réni í beinu hlutfalli við hækkun tekjuskatts. Þetta síðastnefnda ákvæði þýðir í framkvæmd t. d., að 6 000 kr. skattur skv. almennu reglunni yrði í þessu tilviki 2 000 kr., 7 000 kr. yrði 4 000, 8 000 yrði 6 000 og 9 000 kr. skattur samkv. almennu reglunni yrði 8 000 kr. Aðrar skatttölur á nefndu bili mundu lækka á sama hátt eða í sama hlutfalli og þessi dæmi, sem ég nefndi.

Loks er svo brtt. við 11. gr. frv., þ. e. 7. brtt. á þskj. 393, og er um stiga eignarskatts í 26. gr. laganna. Hér er lagt til, að í staðinn fyrir 0.4% í frv. komi 0.6% og í staðinn fyrir 0.8% komi 1%. Þetta varðar eignarskatt einstaklinga. Þá er lagt til, að eignarskattur félaga hækki frá frv. úr 1.2 í 1.4%.

Þá hef ég – í mjög stuttu máli að vísu – gert grein fyrir brtt. meiri hl. fjhn.

Skal ég nú víkja að því, hvaða áhrif þessar breytingar, ef samþykktar verða, þær er varða skattaupphæðir, hafa á tekjuvon ríkisins, og er þá miðað við innheimtutölur. Að sjálfsögðu byggist það, er hér verður greint, á áætlunum eins og allt annað, sem þetta mál varðar, og hefur hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins annazt þá útreikninga. Vilja þeir, er það starf hafa annazt, að sjálfsögðu hafa á alla eðlilega og venjulega fyrirvara fyrir slíkum áætlanagerðum, því að alltaf verður í ýmsum tilvikum að byggja á líkum, þegar þess háttar störf eru unnin.

Ég nefni fyrst sérstakan 8% frádrátt fiskimanna samkv. 2. brtt. meiri hl. Það er áætlað, að tekjutap ríkissjóðs vegna þessa ákvæðis sé um 40 millj. kr. Þess má geta, að áætlaður fjöldi fiskimanna á þessu ári er 5 þús. manns, þ. e. á því tekjuári, sem hér um ræðir, 1971. Hækkun persónufrádráttar einstaklinga úr 140 þús. í 145 þús. kr., er talið, að kosti ríkissjóð um 34 millj. kr. lækkun, hækkun frádráttar einstæðra foreldra um 7 millj. kr. Breyting á stigum tekjuskatts þýðir lækkun á frv., sem nemur um 102 millj. kr. Og niðurfelling og sumpart lækkun á tekjuskatti aldraðra með minna en 10 þús. kr. skatt samkv. almennu reglunni kostar í innheimtu á þessu ári um 3 millj. kr. Loks er svo þess að geta, að hækkun eignarskatta samkv. síðustu brtt. meiri hl. fjhn., er áætlað, að nemi um 41 millj. kr. miðað við frv., eins og það var lagt fram.

Áætlanir um tekjuöflun ríkissjóðs samkv. frv. þessu voru byggðar á því, að tekjur gjaldenda hækki frá árinu 1970–1971 um 21.5%. Í 3. gr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár eru tekjur af eignarsköttum áætlaðar alls 252 millj. kr. og af tekjusköttum alls 3 158 millj. Að samþykktum till. meiri hl. fjhn., sem ég hef hér verið að lýsa, lækka þessar tölur í heild um u. þ. b. 146 millj. kr. Hversu þetta skarð í tekjuáætlun fjárlaga verður fyllt, er nú í athugun hjá hæstv. ríkisstj. Ég minni aftur á það, að talan 146 er miðuð við innheimt gjöldin, en þegar tekinn er álagður skattur eða álögð gjöld, þá er mismunurinn um 215 millj. kr. Á þessu er alltaf nokkur mismunur yfir áramótin. Það hefur þannig verið með þessi mál höndlað, þetta er reiknað þannig út, og þessi mismunur verður öllu meiri, þegar um er að ræða þyngjandi ákvæði, eins og hér er í sumum tilvikum, sem leiðir af sjálfu sér, þar sem miklir gjaldapóstar eru nú færðir yfir á ríkissjóðinn frá öðrum aðilum.

Við 1. umr. þessa máls var m. a. mikið rætt um áhrif fyrirhugaðra breytinga á tekjuöflunarkerfinu á skattbyrði einstaklinganna í heild, og ætla ég hvorki að fara að rifja upp þær umr., er þá fóru hér fram, né víkja að þeirri fræðslustarfsemi margvíslegri, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haft í gangi í blöðum og á mannfundum síðan fyrir jól. En ég vil greina nokkrar tölur varðandi skattalega stöðu gjaldþegnanna, sem fela í sér samanburð á hinu nýja kerfi og því gamla. Hér verður enn að hafa á alla fyrirvara, og virðist einkum rétt að benda á það alveg sérstaklega, að þar sem hér er yfirleitt um að ræða tölur byggðar á meðaltölum, þá henta þær ekki sem dæmi upp á skattbyrði tiltekinna einstaklinga, vegna þess að tilvikin í skattlagningunni eru svo ótalmörg. En ég ætla hins vegar, að þessar tölur gefi nokkra mynd af þeirri heildarþróun skattheimtunnar, sem verða mun að hinu nýja skattkerfi samþykktu.

Í upplýsingum frá hagrannsóknadeild frá 6. þ. m. er leitazt við að gera samanburð á heildarskattfjárhæðum í gamla kerfinu miðað við skattvísitölu 106.5 og í nýja kerfinu eftir breytingar á frv. Þegar tekinn er samanburður á því, sem þeir kalla hér tilvik 1 í eldra kerfinu og hugmynd 2 í því nýja, sem þeir telja skynsamlegasta samanburðinn, þá segir, að eftir breytingar á frv. sé heildarskattbyrðin nánast óbreytt frá eldra kerfi, eða +44 millj. kr. Skattbyrði einstaklinga lækkar um 120 millj. kr., en skattbyrði félaga hækkar um 77 millj. kr. Meginbreytingin er hækkun skatta á eignum, 474 millj. kr., vegna hækkunar fasteignaskatta og hækkunar á eignarskatti félaga, m. a. vegna hins nýja fasteignamats, en aðrir skattar lækka aftur að sama skapi.

Hreyfing sú, sem verður hjá einstaklingunum að frv. samþykktu, þýðir í stórum dráttum lækkun skatta á lægstu tekjubilunum, en þyngingar þeirra á hinum efri. Á yfirliti, sem ég hef fengið frá hagrannsóknadeildinni um skattajafnvægispunkta, kemur m. a. þetta í ljós: Fyrst er greint frá hjónum, barnlausum hjónum, þá er punkturinn 670 þús. kr., allt eftir breyt. á frv. í þá stefnu, sem felst í brtt. meiri hl., hjón með eitt barn 700 þús. kr., hjón með tvö börn 750 þús. og með 4 börn 880 þús., einstaklingur 350 þús., einstætt foreldri með eitt barn 490 þús. og með tvö börn 550 þús. Í nýja kerfinu er

hér reiknað með útsvörum án álags, og sleppt er öllum eignar- og fasteignasköttum. Talið er, að þegar þeir eru teknir með í reikninginn, þá megi reikna með því, að þessir jafnvægispunktar, sem ég hef núna nefnt, lækki um a. m. k. 100 þús. kr. hjá hjónum. Þetta sýnir, að það næst, sem að er stefnt, að lækka nokkuð álögin á lægstu tekjubilunum, en vitanlega þýðir það þá einnig nokkra þyngingu á hinum hærri.

Ég vil aðeins víkja að örfáum punktum öðrum í sambandi við áhrif hins nýja kerfis á skattbyrði einstaklinganna og þá einkum að þeim, sem mikið hafa verið ræddir í umr. manna um þessi mál nú að undanförnu. Ég vil fyrst aðeins minnast á tekjur eiginkonu. Menn hafa mikið velt því fyrir sér, hvort skattaleg staða hjóna, þegar eiginkona vinnur úti, mundi versna, batna eða standa í stað við þær breytingar, sem nú er verið að gera. Hér er erfitt að greina frá og spá í eyður af nokkurri nákvæmni. En ýmislegt er þó augljóst. Það er t. d. augljóst, að það er leyfður sami frádráttur og áður til tekjuskatts. Einnig er augljóst það, sem gerist í sambandi við álagningu útsvara, að í staðinn fyrir, að áður mátti reikna með, þar sem hjón ynnu bæði, að útsvörin kæmust upp í hæsta bil, sem þá var 30%, og kom þá 30% á helming af tekjum konu, þá er nú gengið út frá 10% útsvörum, sem koma á öll launin. Þetta út af fyrir sig er ekki til óhagræðis. En það er margt fleira en þetta, sem grípur þarna inn í, og erfitt er að meta þetta nákvæmlega. Ég hygg, að það megi þó fremur reikna með þyngingu í heild, ef um háar tekjur er að ræða, en ekki á lægri tekjubilum. Þess er að geta, að það eru tekin inn í frv. núna ákvæði, sem auðvelda hjónum að telja fram sitt í hvoru lagi, sbr. 5. brtt. meiri hl., þar sem kveðið er á um, að ef hjón telji fram sitt í hvoru lagi, þá skuli þau hvort um sig njóta frádráttar eins og einstaklingar væru. Á þetta er vert að benda. Og ég hygg nú, að það sé sammæli margra hv. alþm., bæði í stjórnarliði og stjórnarandstöðu, og það hefur m. a. komið fram bæði í ræðum núv. hæstv. fjmrh. og í ræðu fyrrv. fjmrh., þegar hann mælti fyrir skattalagabreytingu í fyrra, að að þessu beri að stefna. Ég hygg, að þetta verði eitt af þeim atriðum, sem mjög verða skoðuð, þegar áfram verður haldið við endurskoðun tekjuskattslaganna nú fram að næsta þingi.

Það verða vitanlega mörg fleiri vandamál, sem ekki eru afgreidd nú, en verða tekin til skoðunar á þessu tímabili. Mér kemur í hug t. d. meðferð húsaleigu til skatts. Nú hafa verið gerðar með reglugerð breytingar á því, hvernig viðhald og fyrning húsa verði reiknuð til skatts, og á mati á eigin húsaleigu. Við athugun í n. í Ed. mun hafa verið tekin ákvörðun um það af meiri hl. að leggja til, að eigin húsaleiga verði ekki útsvarsskyld. Hins vegar hafa ekki verið tekin upp nein frádráttarákvæði varðandi húsaleigu þeirra, er leigja hjá öðrum. Ákvæðin varðandi húsaleiguna í heild, hvernig með hana skuli fara til skatts, verða sérstaklega tekin til meðferðar við áframhaldandi endurskoðun á því tímabili, sem fram undan er.

Það má aðeins víkja að skattlagningu einstæðra foreldra í þessu sambandi. Það er viðkvæmt mál og hefur verið mjög umdeilt á undanförnum árum, á hvern veg einstæðir foreldrar hafi farið út úr skattamálum sínum. Eftir fyrirhugaðar breytingar á frv. um tekjustofna sveitarfélaga og um tekjuskatt greiðir einstætt foreldri með eitt barn og um 400 þús. kr. brúttótekjur jafn háa skatta af tekjunum, hvort sem er eftir gömlu eða nýju kerfi, en á lægri tekjunum er um nokkra lækkun að ræða, t. d. 5–6 þús. kr. skattalækkun á 200–300 þús. kr. brúttótekjum, segir í skýringum frá hagrannsóknadeild. Það kemur í ljós þarna, eins og yfirleitt þegar litið er á þessar breytingar, að það er um lækkanir að ræða á lægri tekjubilunum, en ekki þegar ofar dregur. Ég veit, að um þetta atriði eru mjög skiptar skoðanir, og ég tel eðlilegt, að það verði tekið til alveg sérstakrar athugunar við áframhaldandi endurskoðun málsins. Menn hljóta að stefna að því, að einstæðum foreldrum sé ekki íþyngt skattalega. En hins vegar hljóta menn einnig að hafa það sjónarmið í huga, að ekki sé gengið óeðlilega langt í ívilnunum til þessara aðila, þannig að það sé talið hagkvæmara skattalega séð, en þegar hjón búa saman. Það væri óeðlilegt að sjálfsögðu.

Það hefur töluvert verið rætt um aðstöðu skólaæskunnar í sambandi við skattamálin. Í plaggi frá hagrannsóknadeildinni segir á þessa leið um skattalega stöðu skólaunglinga:

„Samkv. eldra kerfi greiddu skólaunglingar yfirleitt almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjöld, en þau hefðu trúlega orðið um 12–14 þús. kr. á árinu 1972. Samkv. nýju kerfi greiða einhleypir ekki skatt af lægri tekjum en 60 þús. kr., og af 100 þús. kr. greiðast hjá skólaunglingunum, eftir að skyldusparnaður hefur verið tekinn til greina, 3–6 þús. kr. eftir nýja kerfinu, en hefðu orðið 14–16 þús. kr. eftir því eldra, ef persónugjöldin eru talin með, sem að sjálfsögðu verður að gera."

Hliðstæðar tölur fyrir 150 þús. kr. tekjur, sem eru sennilega nánast hámarkstekjur skólaunglinga, eru 8–10 þús. kr. samkv. nýja kerfinu, en 21–23 þús. kr. samkv. því eldra. Hér kemur glögglega í ljós, að stefnir í það horf, sem um ræðir í stjórnarsáttmála, að létta sköttum af þeim, sem minnstar tekjur vinna sér inn, því að varla er það umdeilanlegt, að fólk, sem stundar skólanám, er ekki fært um að greiða skatta af eigin vinnutekjum sínum. Vinnutíminn er svo stuttur, að slíkt væri óhugsanlegt.

Þá hefur einnig mikið verið rætt um skattalega stöðu aldraða, og það er vitnað mjög í ákvæði, sem sett voru í lög í fyrra um aukafrádrátt fyrir fólk, sem náð hafði 67 ára aldri á skattárinu. Það er nú ekki hægt annað en benda á, að það er ódýr lausn eftir 12 ára setu í ríkisstj. að taka þá upp sérstakan frádrátt fyrir aldraða og á þann hátt, sem þarna er gert. Ég kem kannske að því síðar. En það var svo að sjá í fyrra, þegar þetta mál var hér til meðferðar, að þeir, sem það fluttu, hefðu ekki gert sér grein fyrir, hvað þetta kostaði. Á það er að benda, að það, sem þarna er gert, nær til allra aldraðra. Og það eru mjög skiptar skoðanir um, hvort það sé eðlilegt, að menn njóti sérstaks frádráttar eingöngu vegna aldurs, og að tekjuhátt fólk, þótt aldrað sé, hafi mjög stóra frádrætti í sköttum, á meðan leggja þarf á skatta í þeim mæli, sem gert er hér á landi. Áðan, þegar ég sagði frá brtt. meiri hl., greindi ég frá þeim ákvæðum, sem gilda um niðurfellingu og lækkun skatts á lægsta skattbili hjá öldruðu fólki. Ég vil aðeins árétta það, að með þeim ákvæðum kemur lækkunin til góða á lægsta bilinu, og um leið minna á það, að sett hafa verið ákvæði í lög um lágmarkstekjutryggingu fyrir aldrað

fólk, og eins og nú yrði um hnúta búið, ef samþ. yrði það frv. og þær brtt., sem hér liggja fyrir, þá eru þessar lágmarkstekjur algerlega undanþegnar skatti og rúmlega það, því að ég ætla, að aldrað fólk mætti vinna sér inn nokkra tugi þús. til viðbótar, eða umfram lágmarkstekjutrygginguna, áður en til skattgreiðslu kæmi.

Ég held, að ég fari nú ekki nánar út í það að bera saman einstök atriði á þennan hátt. Ég held það megi öllum vera ljóst, sem athuga þessi mál af nokkurri sanngirni, að með þeirri meginbreytingu, sem verður með niðurfellingu persónuskattanna og raunar fleiri aðgerðum, sem ríkisstj. nú er að beita sér fyrir, þá er stefnt að réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar heldur en átt hefur sér stað að undanförnu. Og það þokast nær því marki, er óhætt að segja a. m. k. að leggja ekki beina skatta á þær tekjur, sem einungis hrökkva fyrir allra brýnustu lífsnauðsynjum fólks. Niðurfelling söluskatts af nokkrum slíkum þáttum þjónar vitanlega sama tilgangi. Hitt er svo önnur saga, að skattbyrðin í heild minnkar ekki, og það þarf engum að koma það á óvart, sem fylgist með gangi mála.

Það er vægt til orða tekið, að fráfarandi ríkisstj. fór nokkuð frjálslega með fjárlögin og ríkiskassann í lokin og hikaði ekki við það, stjórnin og stjórnarliðið, að taka ákvarðanir fyrir kosningar, sem hlutu að kosta stórfé, án þess að gera um leið ráðstafanir til tekjuöflunar, og hafði lag á því að láta það bíða næsta árs. Og það þarf engum að koma á óvart, þó að nokkuð þyngi á, þegar fjárlög eru afgreidd nú. Þetta hefur verið rakið nokkuð glögglega hér í umr. áður, og ef ástæða þykir til síðar, þá má gera það enn. En þannig var þetta.

Það þarf heldur enginn að fara í grafgötur um það, að núverandi stjórnarflokkar hyggja ekki á kyrrstöðu í málefnum lands og þjóðar, heldur stefna þeir að auknum framförum og uppbyggingu á ótalmörgum sviðum, eins og fram hefur komið, bæði í þeirra málefnasamningi í upphafi og þeim málatilbúnaði og störfum, sem unnin hafa verið fram til þessa. Og það er víst, að það kostar fjármuni að sinna þeim málum.

1. minni hl. fjhn. hefur skilað áliti á þskj. 395. Þar gefst hv. alþm. á að líta um úrræði hans. Höfuðúrræðið er að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá. Nú fjallar þetta frv. um einn meginþáttinn í tekjuöflun ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og það er að einum þræði alveg óhjákvæmileg afleiðing af gerðum Alþ. á öðrum sviðum, þ. e. breytingum almannatryggingalaganna, sem afgreidd voru hér fyrir áramótin, og hv. sjálfstæðismenn, þ. á m. þeir, sem nú hafa skilað þessu áliti, sem vafalaust er í samræmi við stefnu flokksins, studdu svo sem venja er margvíslegar hækkanir á útgjaldahlið fjárlaga og þeir fluttu ósmáar till. einnig um meiri hækkanir. En nú leggja þeir til að vísa þessu tekjuöflunarfrv. frá. Ég sé ekki, að þeir bendi á leiðir til tekjuöflunar í staðinn. Ég verð nú að segja það, að mér finnst þessi framkoma heldur bágborin og ekki við hæfi þeirra ágætu hv. þm., sem að þessu nál. standa, né heldur sæmandi fyrir stærri stjórnarandstöðuflokkinn.

Hv. 2. minni hl. hefur þó tilburði í sínu nál., þó að hann leggi til að vísa frv. til ríkisstj., um að klóra í bakkann og gefur í skyn, að hann mundi standa að tekjuöflun til þess að mæta því, sem niður hefur verið fellt af innheimtu til almannatrygginganna. Það er á því sá meginmunur þó. En þetta er kannske ekki í neinu sérstöku ósamræmi við það, sem áður hefur komið fram og ég aðeins vék hér að, við viðskilnað á fjármálum ríkissjóðs að ákveða útgjöldin án þess að gera fyrir þeim tekju megin, og einnig hitt, sem er alveg í stíl við þetta, að fleygja hér inn frv. – og fá það samþykkt – um breytingar á tekjuskattslögum, sem þýtt hefði stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð, án þess að gera nokkra grein fyrir því þá, þegar það var flutt hér, því að það kom ekki fram, hvorki í framsöguræðu fjmrh. þá né framsöguræðu frsm. meiri hl. þá, hvað það raunverulega þýddi fyrir ríkissjóðinn. Það var ekki haft fyrir því að upplýsa þm. einu orði um það. Kannske þarf manni ekki að koma á óvart þessi afgreiðsla nú, þegar þetta er haft í huga.

Ég vil að lokum árétta það, að þetta frv. er aðeins einn áfangi, það er leiðrétting á nokkrum agnúum núgildandi löggjafar, um leið og það er samræming við gerða hluti í tryggingakerfinu og samræming við það frv., um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú er til meðferðar í hv. Ed. Endurskoðun tekjuöflunarkerfisins í heild verður svo haldið áfram.

Herra forseti. Eins og ég hef þegar tekið fram, leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem meiri hl. flytur á þskj. 393.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, þá varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og klofnaði í þrjá hluta. Það kom nú sennilega engum á óvart, að Sjálfstfl. mun ekki standa að samþykkt þessa frv. eða frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er nú til umr. í Ed., en er auðvitað óhjákvæmilega einnig jafnframt hér til umr. Hitt kom mér nokkuð á óvart, þegar jafn athugull og ágætur maður og hv. 5. þm. Austf., frsm. meiri hl. fjhn., heldur því fram, að við fulltrúar Sjálfstfl. höfum aðeins flutt till. um það að vísa frv. frá með rökst. dagskrá. Það mætti ætla af þessu, að við ætluðum að taka upp einn leiðinlegan sið, sem átti sér stað í kauptúni úti á landi fyrir allmörgum árum, þegar gleymdist að leggja útsvörin á gjaldendurna, að við ætlumst til þess, að það verði engir skattar lagðir á. Ég hélt, að þessi ágæti og athuguli maður hefði tekið eftir því í nál. okkar, að við segjum, að þar sem þegar hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og ákvæði sett um yfirtöku ríkissjóðs á gjöldum, sem sveitarfélög hafa áður staðið undir, er bent á með tilvísun til till. okkar í þessu máli, að tilfærslur verði gerðar á tekjuskatti og útsvörum til samræmis við áðurnefndar breytingar. Við það, að ríkissjóður tekur að sér stór útgjöld, sem sveitarfélögin höfðu áður, teljum við auðvitað ekki ástæðu til, að sveitarfélögin fái sína tekjustofna óskerta, en ríkissjóður ekkert í staðinn.

Við bætum einnig við, að fari svo, að till. okkar um rökst. dagskrá verði felld, þá munum við flytja brtt. við 3. umr. og fylgja þeim brtt., sem fram hafa verið bornar eða fram verða bornar og við álítum, að horfi til bóta við afgreiðslu þessa frv., þótt við séum, eins og áður hefur komið fram, algerlega andvígir samþykkt þess.

Ég vil láta í ljós sérstaka óánægju mína yfir fréttaflutningi útvarps og sjónvarps um þessi mál, bæði frv. um tekjuskatt og eignarskatt og sömuleiðis frv. um tekjustofna sveitarfélaganna. Fréttin um þetta efni í Ríkisútvarpinu í gærkvöld og sömuleiðis í sjónvarpi var

með þeim hætti, að menn máttu ætla, að sjálfstæðismenn hefðu enga stefnu, enga stefnumörkun í skattamálum, ekkert annað en það, að þeir legðu til, að þessum frv. báðum yrði vísað frá með rökst. dagskrá. Slíkur fréttaflutningur er miklu verri en enginn. Það hefði verið miklu betra að minnast alls ekki á þetta. Ef útvarp og sjónvarp hefur ekki tíma til að segja sæmilega frá því, sem er að gerast hér á Alþ., þá er miklu betra fyrir þessa fjölmiðla að leggja þessa fréttastarfsemi niður. Úr nál. okkar hefði aðeins þurft að segja tvær setningar til þess að gera hlustendum grein fyrir því, að við byggjum okkar nál. á ákveðinni stefnu í skattamálum, bæði hvað snertir skattamál ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ég kem þessu hér með á framfæri í ræðustól. Það hafa fleiri gert það, þegar þeir hafa verið óánægðir með fréttaflutning, og ég minnist þess, að núv. hæstv. forsrh. hefur held ég aldrei verið reiðari í ræðustól en út af fréttaflutningi sjónvarps og blaða, en þá var hann í stjórnarandstöðu, og ég vil nú beina þeirri ósk og tilmælum til hans, að hann taki nú á honum stóra sínum og kenni þeim, hvernig þeir eigi að birta fréttir í fjölmiðlum, svo að allir geti við unað.

Þegar Sjálfstfl. og Alþfl. mynduðu ríkisstj. haustið 1959, var eitt af fyrstu verkefnum hennar að endurskoða skattalögin til þess að tryggja þær heildarráðstafanir, sem þá þurfti að gera eftir setu hinnar frægu vinstri stjórnar, sem sat á árunum 1956–1958. Á það var lögð áherzla, að skattarnir yrðu sem réttlátastir gagnvart öllum almenningi og tryggðu atvinnurekstrinum slíkt skattakerfi, að með því mætti skapa grundvöll að auknum kjarabótum fyrir fólkið í landinu. Í frv. þeim, sem lögð voru fram, eftir að viðreisnarstjórnin tók við, um breytingu á skattalögunum, svo og á tekjustofnalögum sveitarfélaga, var mörkuð sú stefna, að almennar launatekjur skyldu verða tekjuskattslausar og skattprósentan ekki svo há, að hún verkaði lamandi á framtak einstaklingsins. Skattkerfið skyldi miða að því að örva atvinnulífið og auka þar með þjóðartekjurnar og tryggja betur efnahagslega stöðu þjóðarbúsins. Ég kem síðar að því, hvernig þetta tókst á þessu árabili.

Næst vil ég koma inn á það, að þegar búið er við kerfi í nokkur ár, þá er það aldrei svo fullkomið, að ekki þurfi að endurskoða slíkt kerfi og gera á því lagfæringar og umbætur. Þess vegna var það, að fyrrv. ríkisstj. skipaði nefnd embættismanna til þess að hefja undirbúning að nýju skattkerfi, heildarendurskoðun á verkefnaskiptingu sveitarfélaga og ríkissjóðs. Ég tel, að það hafi verið mjög eðlilegt að láta nefnd sérfróðra manna fyrst og fremst fjalla um þessa endurskoðun. Síðan var bætt við fulltrúum atvinnuveganna og launþega, og þegar fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem þá voru, óskuðu eftir því að fylgjast með þessari athugun, þá var það auðvitað talið sjálfsagt og eðlilegt, að þeir ættu þar aðild, gætu sett fram sínar skoðanir og haft áhrif á mótun þessarar stefnu.

Þannig fór, að á síðasta Alþ. þótti ekki fært að setja heildarlöggjöf, hvorki um tekjuskatt né eignarskatt eða um tekjustofna sveitarfélaga, en talin var brýn nauðsyn á því að gera tilteknar breytingar á skattkerfinu, og það frv. var lagt hér fyrir seint á síðasta þingi og lögfest.

Eins og allir vita, höfðu markaðsmál Evrópu þróazt þannig á síðari hluta þessa áratugs, að þá kom til álita, að Ísland gerðist aðili að EFTA og skapaði sér með því mikla möguleika til enn batnandi lífskjara. Innganga Íslands í EFTA hlaut að leiða til þess, að skoða varð skattkerfi atvinnuveganna með sérstöku tilliti til þess að gera þar nauðsynlegar breytingar, til þess að íslenzk atvinnufyrirtæki nytu svipaðrar stöðu varðandi skattlagningu og fyrirtæki innan EFTA-landanna. Þetta var nauðsynlegt að gera. Þetta var viðurkennt af öllum í raun og veru. Hvar stendur íslenzk þjóð, hvar stendur hver launþegi í þessu landi, ef atvinnulífið er ekki byggt á traustum grunni, ef íslenzkur atvinnurekstur er ekki samkeppnisfær við atvinnurekstur þeirra landa, sem við erum að keppa við á hverjum tíma? Þetta hlýtur að vera svo auðskilið, að það þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum.

Núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum í júlí og markaði stefnu sína með hinum frægu málefnasamningi, sem hæstv. forsrh. hvatti menn til að lesa bæði kvölds og morgna. Í honum segir, að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun. Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður út um land meir en nú er gert. Og hæstv. forsrh. sagði: „Ef menn lesa þetta kver kvölds og morgna, þá kemur skilningurinn með tímanum.“ Og sumir héldu, að það væri með stórum staf, að það væri með dagblaðinu Tímanum, en sennilega hefur hann ekki átt við það. En ég held, að skilningurinn sé þegar kominn, og skilningurinn er sá, að þeir meina ekkert með því, sem þeir hafa verið að semja um í sumar. Það er ekkert samráð haft við þessi samtök, sem þeir skrifa þó allir undir, að þeir ætli að gera í sambandi við mótun nýrrar löggjafar.

Og hvað er svo gert af núv. hæstv. ríkisstj.? Ég furða mig á því, að hæstv. fjmrh. skuli beita sér fyrir því að höggva á samstarfið við atvinnuvegina og launþega, svipta nefnd hæfustu manna umboði og semja nýtt frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem enginn fær að vita, hver er höfundur að, en fyrir einhverja sérstaka óvarkárni kemur það fram í aths. með frv., að fimm manna nefnd hafi aðstoðað við samningu frv. Ég held, að sá ágæti maður, hæstv. fjmrh., hafi verið undanfarna mánuði í tröllahöndum. Ég hefði ekki trúað þessum vinnubrögðum á hann, ef allt hefði verið með felldu. Þetta er auðvitað algjör stefnubreyting frá því, sem var. Þetta er algjörlega ný stefna, sem tekin er upp í þessu þjóðfélagi. Þeir, sem hafa kunnáttu og þekkingu á atvinnuvegunum, þeir, sem hafa þekkingu á málefnum launþega, mega helzt ekki koma nálægt því að semja jafnviðamikla löggjöf og hér er um að ræða. Það verða að vera einhverjir huldumenn, sem það gera. Í fjhn. fórum við í minni hl. hvað eftir annað fram á það að fá að heyra raddir þessara manna. Við fórum ekki beint fram á það að fá að sjá framan í þá. Þeir hefðu mátt vera með grímu þess vegna, en okkur langaði til að spyrja þá um allmörg tiltekin atriði í sambandi við þetta frv. Enda kom fljótt að því, þegar aðstoðarnefndin, formaður hennar, kom á fund fjhn. Hann rak iðulega í vörðurnar. „Það var ekki það, sem við gerðum, það voru huldumennirnir, sem þetta vita betur. Ég veit þetta ekki.“ Þetta kom hvað eftir annað fram í umr. í fjhn.

Það hefur mikið gengið á, frá því að þessi tvö frv. voru lögð fram hér á hv. Alþ., annað frv. hér í þessari hv. þd. og hitt í hv. Ed. Það fóru fram miklir útreikningar á því, bæði hjá stjórnarliði og stjórnarandstæðingum, hvaða áhrif þessi frv. hefðu á skattbyrði einstaklingsins, hvernig tilfærslan yrði á hinum ýmsu tekjum í þjóðfélaginu, og þar var mikið notuð skepna ein, sem er í Reiknistofnun Háskólans og nefnd er rafmagnsheili. Og það fer mikið eftir því, hvernig hann er fóðraður, hvað út úr henni kemur, sagði a. m. k. 3. þm. Norðurl. v., gáfaðasti maður stjórnarliðsins hér á Alþ., það færi töluvert eftir því, hvernig þessi skepna væri mötuð, og hann sagði, þessi hv. þm., að þessi skepna hefði fyrir nokkrum árum spáð sér dauða, en hann lifði enn. Þetta tæki hefur verið í notkun fyrir hina og þessa síðan. Við höfum fengið að sjá framan í það, sem kallað er skattkerfi. Eitt heitir skattkerfi HES. Við spurðum, hvað það væri. Það kom á daginn, að það var skattkerfi hæstv. fjmrh. Ekki mátti nú formaður þingflokks Alþb. vera minni, og hann lét heilann líka reikna. Það heitir skattkerfi R. Arnalds. En þeir mötuðu skepnuna hvor með sínum hætti.

Þannig hefur lengi mátt tala og skrifa um útreikning á þessu skattkerfi, frá því að þessi frv. voru lögð fram. En ég skal segja ykkur, að það var einn heili þó til, sem mataði sig sjálfur. Hann þurfti engan aðstoðarmann, og hann þurfti ekki að vera lengi að reikna út áhrifin af þessum skattbreytingum. Sá heili er einmitt hérna inni núna, sem betur fer. Það var hæstv. viðskrh. Hann var ekki lengi að reikna út, þurfti enga skepnu upp í Háskóla til þess. Hann segir 22. des. í Þjóðviljanum, en þá fjallaði hann um áhrif nýja skattkerfisins, þar sem hann sýndi fram á, hvernig mynd skattakerfisins breyttist samkv. frv. ríkisstj., og þar kom fram, að heildarskattabyrðin verður óbreytt þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Álagning sveitarfélaga, álagning 1972, gamla kerfið: 4 milljarðar og 80 millj. kr. Álagning 1972, nýtt kerfi: 3 milljarðar og 300 millj. kr. Álagning ríkissjóðs, gamla kerfið: 1 milljarður 885 millj. kr. Álagning ríkissjóðs, nýtt kerfi: 3 milljarðar 442 millj. kr. Persónugjöld einstaklinga, gamla kerfið: 1 milljarður 221 millj. kr. Nýja kerfið: 0. Samtals álagning samkv. gamla kerfinu: 7 milljarðar 186 millj. kr., en álagningin samkv. nýja kerfinu: 6 milljarðar 742 millj. kr. – Um 340 milljón kr. lækkun samkv. hinu nýja kerfi."

Svo eru menn að reikna og leyfa sér að halda fram, að skattbyrðin aukist, eftir að fá svona afbragðs útkomu frá þessum sjálfvirka reikniheila íslenzku þjóðarinnar. Ég skal ekki leggja áherzlu á þessa útreikninga miklu frekar. Ég held, að bezti útreikningurinn verði í vor og hann komi á skattseðlinum til hvers og eins, og þá geta menn dæmt um alla útreikninga og skattkerfin, sem hafa verið í gangi síðan fyrir jól.

Það var eitt, sem ég leyfði mér að fara fram á í hv. fjhn. Nd. Fyrst voru nú sameiginlegir fundir fjhn. beggja deilda, og það var auðvitað mikið spurt og mikið skrafað. Menn voru kallaðir fyrir til viðræðna, og það var mikið rætt um þessi margumtöluðu skattkerfi, en ég hafði mestan áhuga á því, fyrst afgreiðsla þessa máls hafði dregizt svo sem raun var á orðin og framtalsfrestur var liðinn, að þá yrði gerð úttekt á nokkur hundruð framtölum úr helztu atvinnustéttum landsins og þá helzt ekki af einum og sama staðnum, þótt mest væri tekið úr Reykjavík, og reynt að gera sér í hugarlund, hver raunveruleg tekjuhækkun hafi orðið á árinu 1971 frá árinu 1970. Sömuleiðis fór ég þess á leit við sérfræðingana og við formann fjhn., að það yrði einnig lagt á eftir frv. hæstv. ríkisstj. með þeim breytingum, sem ríkisstjórnarflokkarnir höfðu þá ákveðið að gera, ákveðin framtöl í fjölmennustu atvinnustéttum landsins, þótt ekki væri nema um svona 200 framtöl.

Fyrra atriðið fékkst gert, það var gert úrtak í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Akureyri, úr um 900 framtölum, og þar kom í ljós, að tekjur höfðu hækkað nokkru meir en reiknað hafði verið með áður, en áður hafði verið reiknað með, að þær hefðu hækkað frá árinu á undan um 21.5%. En sérfræðingarnir, sem eru mjög varfærnir, telja eftir þessar athuganir, að tekjuhækkunin sé um 3% hærri, eða 24.5%. Ég segi fyrir mitt leyti og tel mig ekki vera neinn speking, að ég er sannfærður um það, að þegar skattlagningu er lokið, þá kemur í ljós, að meðaltekjuhækkunin er mun meiri en sérfræðingarnir vilja nú viðurkenna eða staðfesta. En hins vegar hafa þeir verið mjög varfærnir í áætlunum sínum. Þetta sannar auðvitað að sínu leyti, hvað ákvæði þessa frv. um skatta eru ósanngjörn og há.

Við lokaafgreiðslu málsins í hv. fjvn. bað ég um eftirfarandi bókun, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvers vegna var ekki hægt að verða við þeirri beiðni, sem ég bar fram á fundi n. á mánudag, að sérfræðingar í efnahagsmálum, sem sátu fundinn, væru beðnir að láta gera úrtak úr álögðum sköttum tiltekins fjölda gjaldenda úr fjölmennustu stéttum þjóðfélagsins á s. l. ári og leggja á þá sömu gjaldendur samkv. framtölum þeirra nú samkv. frv. þeim, sem fyrir liggja um tekju- og eignarskatt og frv. um tekjustofna sveitarfélaga, með þeim brtt., sem þá voru lagðar fram af formanni n.?"

Formaður n. upplýsti í framhaldi af þessari bókun minni, að hagrannsóknadeild hafi ekki unnizt tími til söfnunar meiri gagna en þeirra, sem fram voru lögð á fundi n. í morgun. Ég hefði haldið, að það hefði verið full ástæða til strax eftir 6. febr. að láta, án þess að stjórnarandstaðan þyrfti um það að biðja, athugun fara fram. Þá var hægt að gera sér frekari grein fyrir því, hvað hér er um að ræða í raun og veru, en ekki hvernig þetta dæmi lítur út eftir því, hvernig hver og einn biður um það.

Skrif stjórnarsinna um skattamálin hafa verið með ýmsu móti , eins og allir hafa séð, og skoðanir þeirra á þessum málum, bæði áður en núv. ríkisstj. tók við völdum og eins eftir að hún tók við völdum og skattafrv. lágu fyrir, hafa verið með ýmsu og ólíku móti.

Alþb. herti sig upp í að tala við flokksfólk sitt hálfum öðrum mánuði eftir að frv. voru lögð fram á Alþ., og var þá farið að gæta töluverðs óróa hins almenna félaga á því heimili. Á þeim fundi fóru framsögumennirnir á kostum, og Þjóðviljinn segir:

„Það kom fram á skattamálafundi Alþb. í Reykjavík í fyrrakvöld, að árið 1960 borguðu félög og fyrirtæki 40.6% tekju- og eignarskatta til ríkisins, en árið 1970 var hlutfall fyrirtækjanna komið niður í 17.9%. Og þetta sýnir betur", segja þeir, „hvernig viðreisnarstjórnin hlífði jafnan fyrirtækjum í skattlagningu, en lagði sífellt meira á einstaklinga." Þá segir Þjóðviljinn enn fremur:

„Það kom einnig fram á fundinum, að heildarskattar einstaklinga lækka um 300 millj. kr. með breytingum til nýja skattkerfisins frá hinu fyrra", sem er samhljóða því, sem ég las upp áðan eftir sjálfvirka heilanum.

Tveimur dögum eftir þessa frásögn Þjóðviljans af fundi Alþb. segir dagblaðið Tíminn, málgagn hæstv. forsrh., að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi verið bætt við fjölmörgum nýjum sköttum, og er frægastur þeirra aðstöðugjaldið svo nefnda. Svo að segja í sömu andránni ráðast Alþb.-menn á stefnu fyrrv. ríkisstj. um að létta byrðum af atvinnulífinu, og framsóknarmenn telja, að atvinnulífinu hafi verið íþyngt með hræðilegum skatti, aðstöðugjaldinu. Þeir hafa ekki í þessu frekar en svo mörgu öðru gengið í takt, bræðurnir, framsóknarmenn og Alþb.-menn.

Hversu oft kom það ekki líka fyrir í tíð fyrrv. ríkisstj., að sumir talsmenn Alþb. réðust á hana fyrir það að íþyngja atvinnulífinu of mikið í skattbyrðum og taka ekki nóg tillit til óska atvinnulífsins? Þess eru svo ótalmörg dæmi, að komið hafi fram þungar átölur á fyrrv. ríkisstj. fyrir þetta. Það er ekki til heil brú í því, sem þessir hv. talsmenn þessara tveggja flokka eru að segja í þessum efnum, frekar en svo mörgum öðrum.

Það hafa verið erfiðar fæðingarhríðir þessara frv., mjög erfiðar, og þær hafa tekið langan tíma. Nú loks er að sjást fyrir endann á þeim. Ég held, að segja megi, að það sé um afturfótafæðingu að ræða hér. Og það mætti segja mér, ef að líkum lætur með önnur mál hjá hæstv. ríkisstj., að það muni ekki líða á löngu, unz það þurfi ljósmóður í hvert rn.

Ég minntist áðan á frásögn Tímans í sambandi við aðstöðugjöldin, en það þarf raunar ekki að taka fram, að höfundur Tímagreinarinnar er sjálfur aðalskattafræðingur Framsfl. síðustu þrjú kjörtímabilin, Þórarinn Þórarinsson. Það eru mér því mikil vonbrigði, að hann skuli ekki vera viðstaddur við afgreiðslu og umr. þessara mála, en hann mun nú vera farinn til Ameríku, og jafnvel Þórarinn Þórarinsson getur ekki verið samtímis í tveimur heimsálfum. Einkum og sér í lagi er það óþægilegt, að hann geti ekki barizt á lokastigi afgreiðslu þessa frv. um tekjuskatt og eignarskatt fyrir þeim þætti í skattamálunum, sem hann hefur sérhæft sig í, en það er réttlát skattvísitala. Og það eru mér mikil vonbrigði, hvað formanni þingflokks Framsfl. hefur orðið sorglega lítið ágengt í þeim efnum við sinn ágæta flokksbróður, hæstv. fjmrh., sem eftir því sem ég bezt man, tók mjög undir hið fórnfúsa baráttumál hins fyrrnefnda, á meðan báðir voru í stjórnarandstöðu.

Þó að Þórarinn Þórarinsson hafi skrifað margt og skrafað á undanförnum árum ógætilega í skattamálum, þá hefur hann líka sagt ýmislegt, sem er skynsamlegt. Og hann gerði það í jan. s. l., því að þá segir hann, sem er góður vitnisburður eftir 12 ára tímabil viðreisnarstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Stighækkandi tekjuskattar voru réttlátt og sjálfsagt tekjuöflunarform á þeim tíma, þegar tekjuskipting var mjög misjöfn. Nú hefur tekjuskipting jafnazt verulega og launamunur orðinn minni en áður. Því verður að gæta þess, að stighækkandi tekjuskattar jafni ekki út eðlilegan launamun, þannig t. d., að rauntekjur ófaglærðs manns og faglærðs verði hinar sömu."

Þetta er skynsamlega mælt, en bara því miður ekki farið eftir því.

Það er eðlilegt, að samtök eins og Alþýðusamband Íslands láti frá sér heyra í þessum málum. Í ályktun þess segir, að niðurfelling nefskattanna hafi þær afleiðingar, að kaupgjaldsvísitalan lækki um allt að 3.7 stig. Heildarkerfisbreytingin valdi þannig u. þ. b. 3% lækkun kaupgjalds miðað við það, sem ella hefði verið. Sé gert ráð fyrir lækkun kaupgjaldsvísitölunnar um 3% vegna skattakerfisbreytingarinnar og tillit tekið til þyngingar fasteignaskattsins, má ætla, að heildarbreytingin taki yfirleitt að verða óhagstæð nálægt 400 þús. kr. tekjumörkunum og í einstökum tilvikum jafnvel við verulega lægri upphæð. Síðan segir í ályktuninni, að verulega verði dregið úr þeirri jöfnun, sem kerfisbreytingin stefni að, að því leyti, að hátekjufólk fengi að verulegum hluta bætta þá skatthækkun, sem það verður fyrir, en sjá mætti við slíku með fleiri þrepum í tekjuskattsstigunum, en margt virðist mæla með því, að þar yrðu upp tekin 4–5 skattþrep og skattbyrðinni þannig dreift réttlátlegar, miðað við tekjur. Vera má, að hliðstæðum árangri mætti ná með lengingu fyrsta skattþrepsins í 100–150 þús. kr. eða með hækkun persónufrádráttar.

Það vill svo til, að forseti ASÍ, Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., stendur að þessari ályktun, en hann er einn af höfundum frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og það var ekkert farið dult með, hverjir væru höfundar þess frv. Björn Jónsson er mjög greindur og athugull maður. Hann hefur sem forsvarsmaður Alþýðusambandsins staðið að eðlilegri ábendingu í sambandi við afgreiðslu þessa máls. (Gripið fram í.) – Já, afsakið, mér varð á mismæli, þegar ég sagði þetta, ég bið afsökunar á því. – En hins vegar veit ég, að Björn Jónsson hefur fjallað í stjórnarherbúðunum meira um skattamálin almennt og þá bæði frv. en jafnvel ráðh. þess flokks í ríkisstj. En hvort Björn Jónsson alþm., sem fjallaði um skattamálin, hefur rætt við Björn Jónsson, forseta ASÍ, um skattamálin, það veig ég ekki. En ég dreg það mjög í efa. Ég held þeir hafi aldrei talað saman um þessi mál, því að þar ber svo mikið á milli.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum yfirlætið, sem birzt hefur með hinum ólíklegustu tilburðum frá stjórnarliðinu og málgögnum þess um niðurfellingu nefskatta, og þá alveg sérstaklega var þetta áberandi dagana, sem frv. voru lögð fram hér á hv. Alþ. og næstu vikur á eftir, en síðan hefur nú mjög farið að draga af körlum. Ég sé ástæðu til að gera niðurfellingu hinna svo kölluðu nefskatta nokkuð að umræðuefni og leitast við að gera örstutta grein fyrir þeim eða réttara sagt, hvaða áhrif þessi breyting hefur á það, sem skiptir höfuðmáli, sem er raunvirði ráðstöfunartekna einstaklingsins.

Hinn almenni launþegi hlýtur að líta á, að samhliða því, að almennir samningar hafa verið gerðir um kaup og kjör, sem eiga að gilda fyrir tveggja ára tímabil, verður mikil breyting á skattakerfinu með þessum frv., þ. e. minnkandi niðurgreiðslur á vöruverði samkv. ákvörðunum ríkisstj. og staðfestingu Alþ. og áhrif þessara aðgerða á kaupgjaldsvísitöluna. Það hefur hvað eftir annað komið fram, að ríkisstj. stefnir að því við afnám persónugjalda, þ. e. til sjúkrasamlaga og almannatrygginganna, að draga úr niðurgreiðslum og mæta að einhverju leyti hækkunum, sem yfirvofandi voru. Afnám þessara nefskatta jafngilda hvorki meira eða minna en 4.2 stigum kaupgreiðsluvísitölunnar, en 0.48 stig voru greidd niður í desember. Þetta hlýtur að

hafa töluverð áhrif á einstaklinginn, viðhorf hans til þessara mála í heild.

Sérfræðingarnir í skattamálum, sem mættu hjá n. og komu frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, telja, að hvert % í tekjubreytingu gefi 25 millj. kr. í álagningu í útsvari, en í tekjuskattinum gefi hvert % um 70 millj. kr. Ég hef áður komið inn á úrtökin, sem gerð voru, sem sýna, að hér var of varfærnislega að farið, og þess vegna var hægt, m. a. s. frá sjónarmiði ríkisstj., að lækka skattstigann meira en meiri hl. n. gerir ráð fyrir. Meiri hl. n. eða frsm. hans lýsti áðan till. stjórnarsinna í þeim efnum, og í sjálfu sér drögum við ekki úr því, síður en svo, að bætt sé við einu þrepi, 50–75 þús. kr., og hæsta þrepið sé lækkað um 1%. En ég get nú ekki stillt mig um að minna á það, að með því að lækka þetta háa þrep, hæsta þrepið, um 1%, þá er auðvitað fyrst og fremst verið að lækka skattana á þeim, sem stjórnin hefur talið sig allan tímann frá því í júlí vera að reyna að ná í skottið á, þ. e. að taka sem mest af hátekjumönnunum.

Það, sem mér finnst mjög alvarlegt í sambandi við þessi frv., er þessi skammi undirbúningur, sem hafður er, og skortur á margvíslegum upplýsingum. Það hefði ekkert verið við því að segja, að hæstv. ríkisstj. hefði gert einfaldar, ákveðnar breytingar á skattkerfinu til þess að láta tekjur og gjöld ná saman, þannig að ríkissjóður væri ekki rekinn með halla. En mér finnst svo margar þessar breytingar, sem verið er að gera, svo hættulegar og fljótfærnislegar og lítið hugsaðar, að þær hljóta að vekja ugg í brjóstum margra.

Það voru gerðar mjög merkilegar og ákveðnar breytingar vegna atvinnulífsins, eins og ég kom inn á áðan, á s. l. vori. Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ráðgert að hverfa frá arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulaginu svo nefnda, sem upp var tekið með lögum frá s. l. vori. Samtök atvinnurekenda eru þessu andvíg og telja heppilegast að hafa þann hátt á, sem gildandi lög fela í sér, þ. e. valfrelsi á þann hátt, að félögin geti verið svo nefnd B-félög og notið réttar til frádráttarbærra varasjóðstillaga, en síðan kosið að hverfa yfir til arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagsins og gerast svo nefnd A-félög, sem yrði þá bindandi það á frá. Þó að samtök atvinnurekenda geri tæpast ráð fyrir því, að margir taki upp arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið nú alveg á næstunni, þá vilja þau eindregið mæla með því, að þeim möguleika sé haldið opnum, ef atvinnufyrirtæki telja það fyrirkomulag líklegra til árangurs við öflun eigin fjár í formi hlutabréfasölu, t. d. á væntanlegum verðbréfamarkaði, og þá er einkum haft í huga, að þróunin verði sú, að fyrirtækin stækki og byggist upp með þátttöku hins almenna borgara í eignaraðild að félögunum.

Samkv. gildandi lögum er heimilað allvíðtækt endurmat eigna í atvinnurekstri. En samkv. þessu frv. er endurmatsheimildin, að því er tekur til lausafjár, skert svo mjög, að endurmat þess eftir reglum frv. er mjög lítils virði. Það er brýn nauðsyn að mínum dómi á víðtæku endurmati eigna í atvinnurekstri vegna þeirra miklu verðhækkana, sem átt hafa sér stað undanfarin ár og koma vafalaust til með að eiga sér stað, svo langt sem við sjáum.

Frv. þetta gerir ráð fyrir breytingum á ákvæðum gildandi laga, og er þá einkum um að ræða hina sérstöku fyrningu, sem er allt að 30%, sem nefnd hefur verið flýtifyrning. Hundraðshluti árlegra, venjulegra fyrninga er samkv. gildandi lögum í allflestum tilvikum lægri en var í eldri lögum, en á móti kemur svo nefnd flýtifyrning. Tilgangur hennar var að veita atvinnufyrirtækjunum visst svigrúm um ákvörðun þess, á hvaða tíma þau notfærðu sér rétt sinn til fyrninga, og auðvelda á þann hátt fyrirtækjunum nauðsynlega fjárfestingu með því að flytja skattgreiðslurnar þannig til, að þær verði ekki eins þungbærar á þeim árum, sem fjárfesting væri mest, en tiltölulega meiri, þegar minna væri um fjárfestingu. Á þetta er engan veginn fallizt eða hlustað af hæstv. ríkisstj., og það er ekki fyrsta mikilvæga ábendingin, sem fram kemur, sem er látið eins og aldrei hafi verið gerð. Það er mjög eftirtektarvert, að sá embættismaður, sem er gerkunnugur framkvæmd skatta- og tekjustofnalaganna, er á engan hátt kvaddur ráða við samningu frv., hann er á engan hátt spurður um nein tæknileg atriði, því að aðspurður af fjhn. segir þessi embættismaður, sem er sjálfur ríkisskattstjóri, að hann hafi ekkert verið um þetta spurður, aldrei leitað ráða hjá honum og hann hafi ekkert um frv. vitað, fyrr en það var sent til hans að kvöldi, áður en það var lagt fram hér á Alþ. Þetta út af fyrir sig sýnir líka, að það er lítið gert úr reynslu og þekkingu, og er í töluvert öðrum anda en lýst var yfir við valdatöku þessarar hæstv. ríkisstj.

Ég hef löngun til þess að fara nokkuð inn á frádrátt frá tekjum samkv. tekjuskattsfrv., en eins og það er nú í lögum, þá er skylt að draga frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, einstaklinga, 134 þús. kr., og á það á svo að koma skattvísitala, sem við sjálfstæðismenn höfum í nál. okkar og aðdraganda að okkar rökst. dagskrá miðað við 21.5%, sem er auðvitað lægra en hún ætti að vera, en við játum það, að ætlun viðreisnarstjórnarinnar var að hafa hinar almennu tekjur tekjuskattslausar. Á því varð auðvitað misbrestur á erfiðleikaárunum, sem komu yfir landið á árunum 1966–1967. Það er auðvitað eðlilegt, að þá verði tiltölulega hærri skattar, þegar ríkissjóður verður að styðja atvinnulífið og stuðla að því að halda atvinnu uppi, þegar verða jafn umfangsmiklar og erfiðar breytingar eins og þær, að hrun varð á helztu útflutningsafurðum okkar. Hins vegar var skattvísitalan hækkuð um 20% á síðasta ári. Við sjálfstæðismenn ætlumst ekki til þess, þó að mikið góðæri hafi verið á s. l. ári og stórfelld hækkun tekna, að þessu marki sé náð í einu skrefi, heldur sé að því stefnt að ná þessu á tveimur árum, en þá auðvitað verður maður alltaf að miða við, að eðlilegt ástand sé í þjóðfélaginu, hvað snertir atvinnu og lífsafkomu alls þorra almennings.

Þess vegna teljum við eðlilegt, að í staðinn fyrir 134 þús. kr. frádrátt frá tekjum einstaklings fari það upp í 162 800 kr., miðað við skattvísitölu 21.5%, og frádráttur fyrir hjón, sem hefur verið 188 þús., fari samkv. þessari sömu reglu upp í 228 400 kr. Við skulum svo líta á, hvað hinn frjálslyndi meiri hl., ríkisstj.-flokkarnir, ríkisstj. hinna vinnandi stétta, eins og forsrh. kallaði hana, – ég vissi nú aldrei, hverjir voru ekki vinnandi, hann gaf enga skýringu á því, – leggur til. Hún leggur til í frv., að frádrag einstaklingsins verði 140 þús., og eftir tveggja og hálfs mánaðar meðgöngutíma í fjhn. og fyrir ríkisstj. sýna stjórnarherrarnir það örlæti að hækka þennan persónufrádrátt um hvorki meira né minna en 5 þús.

kr., þannig að einstaklingurinn eigi að hafa í frádrátt 145 þús. kr., en samkv. því og í framhaldi af því, sem við lögðum til, þegar við vorum í stjórn, mundi þessi frádráttur einstaklingsins ekki verða 145 þús. heldur 162 800 kr. Þetta er nú munurinn á frjálslyndi í vinstri stjórninni og íhaldinu, sem það er kallað. Þá komum við að hjónunum. Þar eru tölurnar þær, eins og ég sagði áðan, að 188 þús. kr. verða samkv. okkar skilningi 228 400 kr. Þar vill meiri hl. n. enga breytingu á frá frv., að það verði áfram 220 þús. Hins vegar gerir meiri hl. n. mjög undarlega breytingu. Hann vill ekki breyta á nokkurn hátt persónufrádrætti hjóna, en telji þau fram sitt í hvoru lagi, þá skulu þau fá 145 þús. kr. eins og um einstakling væri að ræða. Það er sem sagt ekki stefna, að fólk fari að gifta sig eða sinna því frekar, ef það á ekki að gilda það sama fyrir hjón, á meðan við höfum ekki tekið upp tvísköttun hjóna, sem ég tel tvímælalaust rétt að stefna að.

Í sambandi við frádrátt vegna barna, þá er hann í lögunum 27 þús. kr., sem færi eftir okkar reglu upp í 32 800 kr., en höfðingjarnir í meiri hl. fjhn. og ríkisstj. halda sig við ákvæði frv. um 30 þús. kr. Hins vegar hefur meiri hl. n. hækkað verulega eða þó nokkuð frádrátt vegna einstæðra foreldra, og ef það væri rakið til hlítar, þá hefur hlutfallið raskazt á þann veg, að hjón með eitt barn bera í raun og veru hærri skatt en einstæð foreldri með eitt barn, en ég ætla ekki að fara út í það, því að það lengir mál mitt það mikið.

Það er augljóst, að ef frv. ríkisstj. verða samþ. eins og þau liggja nú fyrir í báðum d., þá eykst skattbyrði á meginþorra einstaklinga og félaga. Það eru auðvitað til undantekningar frá þessu, sem hægt er að fara út í, en í heild þyngist meginþorri skattbyrðanna, og þegar menn hafa í huga persónufrádráttinn, þegar menn hafa í huga þá breytingu, sem verður á gjöldum til sveitarfélaganna, þá held ég, að enginn þurfi að vera í vafa um þetta atriði, en eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni, kemur það í ljós í vor, þegar skattreikningurinn er sýndur.

Við sjálfstæðismenn fluttum á síðasta Alþ. till. til þál. um heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og héraðsstjórna, og var 1. flm. þeirrar till. Steinþór Gestsson. Í þeirri till. segir, að n. athugi, hvort rétt sé að ætla landshlutasamtökum sveitarfélaga eða héraðsstjórna eða öðrum að hafa forgöngu um gerð landshlutaáætlananna og í öðru lagi að fela þeim ráðstöfun á fjárveitingum, sem hvert svæði varða, þannig að þau standi fyrir tilteknum ríkisframkvæmdum í eigin umdæmum. Ég hélt, þegar ég las málefnasamning hæstv. ríkisstj., að hún ætlaði að stefna að þessu. En með frv. um tekjustofna sveitarfélaga er á engan hátt verið að stefna að auknu sjálfsforræði sveitarfélaganna. Ríkið er að taka á sig tiltekna skatta, sem sveitarfélögin greiddu áður, taka tekjur af þeim yfir til sín, en á engan hátt er verið að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna, og það bólar ekki á því enn þá. Það hefði verið nær að athuga þau mál betur. Það hefði verið skynsamlegra að leggja athugað mál fram á næsta hausti fyrir hv. Alþ.

Sjálfstfl. telur, að skattlagningu til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar, og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að vera beinn þátttakandi að atvinnufyrirtækjunum. Það er styrkur atvinnulífsins, að sem flestir landsmenn vilji leggja fram fé og eiga eignaraðild að atvinnufyrirtækjunum. En það verður um leið að búa þannig að atvinnurekstrinum og þá sérstaklega þeim hluta hans, sem stendur undir útflutningsframleiðslunni, að sem flestir telji sér hag að því að vera beinir aðilar þar að. Sterkt atvinnulíf og traust fyrirtæki eru hornsteinn að efnahagslegu sjálfstæði Íslands og um leið öruggasta trygging hvers starfandi manns að lifa menningarlífi í fullkomnara og betra þjóðfélagi. Til þess að ná þessu marki sem fyrst er það grundvallarstefna okkar sjálfstæðismanna í skattamálum, að það eigi fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna, en gæta hófs á skattlagningu á sparnað. En það er öfugt við það, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að gera.

Við bendum á eftirfarandi atriði í nál. okkar í framhaldi af þessu: Í fyrsta lagi, að kannað verði, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenzkum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi. Í stað þess að gera skattkerfið flóknara, eins og frv. núv. ríkisstj. stefnir að, minnum við á stefnu fyrri ríkisstj. í þessum efnum um einföldun skattkerfisins, m. a. vegna fyrirkomulags staðgreiðslukerfis, ef það verður tekið upp.

Þá leggjum við til, að skattar og útsvör á tekjur einstaklinga og félaga verði ávallt miðuð við nettótekjur og teljum eðlilegt og sanngjarnt, að tekjum hjóna verði skipt til helminga á milli þeirra við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum, að eignarskattar hafi með löggjöfinni frá síðasta þingi verið ákvarðaðir út frá eðlilegu og sanngjörnu sjónarmiði. Frv. núv. ríkisstj. hefur mjög íþyngjandi áhrif í sambandi við eignarskatta, sem við teljum, að komi óréttlátlega niður og geti dregið úr sparnaði almennings, og við meðferð málsins hér á Alþ. hefur enn þá verið bætt við í þessum efnum, en þetta er ekki leiðin til að örva sparnað, heldur þvert á móti.

Það er skoðun okkar, að fasteignaskattar séu þjónustuskattar til sveitarfélaganna og þeim beri að stilla í hóf. Sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett innan ákveðins hámarks í lögum, hvort og að hve miklu leyti þau nýta þennan tekjustofn. Við vörum mjög alvarlega við hækkun fasteignaskatta eins og gert er ráð fyrir í frv., sérstaklega ef aðrir tekjustofnar sveitarfélaganna eru svo naumir, að þau neyðast almennt til að nota heimildir til álags á fasteignaskattana.

Við leggjum ríka áherzlu á, að hinum ýmsu formum atvinnurekstrar verði ekki mismunað í skattgreiðslum, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Við teljum, að við setningu nýrra skattalaga beri að taka tillit til ýmissa frávika. Ég vil þar t. d. benda á, að fjöldi giftra kvenna vinnur utan heimillisins við hin ýmsu störf í þjóðfélaginu, og það má t. d. benda á, að ef verulega dregi úr vinnuafli þeirra við hraðfrystihúsaiðnaðinn og aðrar greinar útflutningsatvinnuveganna, þá getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar og dregið úr verðmæti útflutnings og þjóðarframleiðslu. Um nokkurt árabil hefur löggjafinn metið vinnu þessa fólks, og því hefur verið veittur 50% frádráttur frá launatekjum giftra kvenna við skatt- og útsvarsálagningu. Nú er þetta fellt niður við álagningu útsvars, og getur það haft verulega alvarlegar afleiðingar, af því að ekkert hefur komið í staðinn og engan veginn verið

tekið nóg tillit til persónufrádráttar, eins og áður hefur verið komið inn á.

Ég tel mjög ósanngjarnt, að vaxtafrádráttur frá tekjum við álagningu útsvars er felldur niður, og ég tel það vera hnefahögg framan í það fólk, sem hefur verið eða er að byggja húsnæði og hefur orðið að taka stór lán. Meiri hl. fjhn. hyggst nú bæta úr þessu með því að fasteignaskattar á ný hús verði ekki innheimtir fyrstu tvö árin. Það gerir kannske auðvelda leið fyrir þá, sem eiga nóga peninga og geta alltaf keypt sér ný hús, að búa aldrei í eldri húsum en tveggja ára. Þetta er ekki alveg vandlega hugsað, enda var þetta ein af till., sem kom með seinni skipunum til nefndarinnar.

Í frv., eins og það liggur fyrir, er gerð veruleg skerðing á sjómannafrádrætti, því að þeir eru með frv. sviptir skattvísitölu. Í 14. gr. núgildandi laga nær þessi frádráttur til allra sjómanna. Í fyrsta lagi vegna allra lögskráðra sjómanna á íslenzk skip á að draga frá kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn er ákveðinn 800 kr. á mánuði, og sömu aðilum er veittur sérstakur frádráttur, 5 þús. kr., fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi skipverjar verið á íslenzkum skipum ekki skemur en 6 mánuði á skattaárinu. Á þetta átti að koma skattvísitala samkv. gildandi lögum, en í frv. ríkisstj. er þessari skattvísitölu í raun og veru frestað, því að í stað orðanna við 53. gr. skattalaganna, að hún taki gildi árið 1972, kemur árið 1973. Þetta hefði þýtt skerðingu á öllum frádráttarliðum til sjómannastéttarinnar, og ég vil líka minna á það í sambandi við afnám persónuskattanna, að það hefur verið þannig í samningum og lögum, að sjómenn hafa ekki borgað sjúkrasamlagsgjöld sín sjálfir, heldur útgerðin. Það þýðir aftur, að sjómenn tapa í vísitölunni á niðurfellingu þessara nefskatta, svo að það hefur ekki verið búið sérstaklega vel að sjómönnum, hvað þetta snertir.

Við höfum fjórir þm. Sjálfstfl., – 1. flm. þess frv. var Friðjón Þórðarson – snemma á þessu þingi lagt til að hækka verulega frádrátt til sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, sem lögskráðir eru í ekki skemmri tíma en 9 mánuði á ári, þannig að þeir fái til frádráttar til viðbótar því, sem er í gildandi lögum, allt að 90 þús. kr. á ári. Á þetta átti auðvitað einnig að koma skattvísitala, sem hefði þá orðið 21.5% á þessa upphæð. Aftur á móti eru samkv. frv. ríkisstj. skattfríðindi sjómanna, sem þeir hafa notið í sveitarfélögunum, niður felld með öllu í sambandi við frv. um tekjustofna sveitarfélaga, en eftir að skipið hafði flautað tvisvar, þá fæddist lítil till. hjá meiri hl. fjhn. um skattfrádrátt fyrir sjómenn, sem á að vera 8%, og form. fjhn., hv. frsm. hennar, gerði grein fyrir þessu og var mjög glaður og sigri hrósandi. Ég er honum auðvitað alveg sammála og glaður í hjarta, að það fékkst þó einhver breyting á þessu ranglæti, en hins vegar fullyrði ég, að þó að þessi till. verði samþykkt, þá eru frádráttarhlunnindi sjómanna, þegar litið er á þau eins og þau eru í gildandi lögum og miðað við eðlilega hækkun skattvísitölu og þess, sem þeir hafa notið í sveitarfélögum, stórlega skert, það fullyrði ég.

Form. fjhn. var heldur óheppinn í einu tilviki. Mér liggur við að segja, að honum hafi orðið fótaskortur hérna í ræðustólnum, þegar hann sagði, að það kæmi eiginlega úr hörðustu átt að tala um það, að þeir, sem hefðu verið 12 ár við völd, væru að fjargviðrast út af því, að þeir hefðu loks leitt í lög að draga frá tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri, ákveðinn frádrátt. En mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar þrír flokkar, sem mynda vinstri stjórn, leggja til, að þetta litla frádrag, sem form. gat um, verði fellt niður með öllu, eins og frv. gerir ráð fyrir. En það er reynt að gera pínulítið, og það skal ég segja mönnum, að sú till. fæddist ekki, fyrr en eftir að fjhn. hafði lokið störfum, till. um frádrátt fyrir gamla fólkið. Sú till. var svo lengi að mótast, að hún sá aldrei dagsins ljós í n. Í gildandi lögum er dregið frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, auk venjulegs frádráttar fjárhæð, sem nemur 2/5 hlutum af því, sem einstaklingur fær, og á sama hátt skal dregið frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman sömu fjárhæð, hvort um sig. Ríkisstj. hefur sem sagt heykzt á þessu, en ekki fyrr en n. hafði klofnað, eins og ég sagði áðan. Það er gaman að koma aðeins inn á það, að samkv. till. meiri hl. fjhn. er skattlækkun aldraðs fólks innan viss lágmarks, sem svarar til þess, að fyrstu 20 þús. kr. af skattskyldum tekjum eru skattfrjálsar, en lækkun tekjuskatts smáfjarar út og hverfur við 40 þús. kr. Þetta er nú örlætið.

Það er gaman líka, þegar talað er um, hvað reynt er að lækka skattana á þeim, sem minnst mega sín, að gera örlítinn samanburð miðað við aldrað fólk, sem getur verið dálítið lærdómsríkt fyrir hv. stjórnarsinna á milli umr. um þetta mál. Einhleypur maður, eldri en 67 ára, hefur í gildandi lögum persónufrádrátt 134 þús. kr. og aukafrádrátt 53 þús. kr., þannig að engin skattgreiðsla kemur á 187 600 kr. tekjur. Miðað við vísitölu 106.5 fer þetta upp í 199 800 kr., og miðað við skattvísitölu 121.5% þá færi þetta upp í 228 þús., sem við teljum eðlilegt. En samkv. þeim breytingum, sem nú eru orðnar á frv., fengi þessi einhleypi gamli maður sínar 145 þús. kr. og aukafrádrátt upp á heilar 20 þús. kr., eða samtals 165 þús. kr., eða minna en það var samkv. gildandi lögum á tekjur ársins 1970.

Þetta getur orðið síðasta dæmið í ræðu minni að þessu sinni, en eins og fram hefur komið áður, þá teljum við sjálfstæðismenn, að undirbúningur þessa máls sé með öllu óhæfur, og við teljum því ekki rétt að samþykkja þetta frv., en þar sem gerðar hafa verið breytingar á lögum um almannatryggingar og ákveði sett um yfirtöku ríkissjóðs á gjöldum, sem sveitarfélög hafa áður staðið undir, þá bendum við á með tilvísun til fyrri tillagna okkar í þessu máli, að tilfærslur verði gerðar á tekjuskatti og útsvörum til samræmis við þessar áðurgerðu breytingar. Breyting á lögum um fasteignaskatt verði gerð í samræmi við hið nýja fasteignamat, sem er nauðsynlegt, ef till. okkar um rökst. dagskrá yrði samþykkt.

Við tökum einnig fram í nál. okkar, að fari svo, að till. okkar um rökst. dagskrá verði felld, þá munum við, þótt við séum andvígir frv., áskilja okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram eru komnar eða fram kunna að koma, og sömuleiðis áskilja okkur rétt til að flytja brtt. við frv. við 3. umr. málsins.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þeir fjármunir, sem ríkisvaldið hefur fengið til ráðstöfunar til hvers konar þjónustu og uppbyggingar í þágu þjóðfélagsþegnanna, hafa farið vaxandi á liðnum árum, þótt fáir vilji greiða háa skatta

eða önnur opinber gjöld. Eftir því sem gjöldin hækka og verða þýðingarmeiri þáttur í þjóðfélaginu, eða réttara sagt, það sem fyrir þau fæst, þeim mun brýnni þörf er á, að öll löggjöf þeim viðvíkjandi sé sem réttlátust og skynsamlegust. Þá er ekki síður knýjandi, að þannig sé um hnútana búið, að það sé eins vel tryggt og nokkur kostur er, að framkvæmd þeirra laga, sem byggt er á, sé örugg til að útiloka, svo sem frekast er unnt, að nokkur geti losnað undan því að greiða sinn réttmæta skerf við rekstur og uppbyggingu þjóðfélagsins, þjóðarbúsins og viðkomandi sveitarfélags.

Ég hygg, að ekki sé ágreiningur um það, að tímabært var orðið að taka til endurskoðunar núgildandi skattalöggjöf. Í rauninni má segja, að sú öra þróun, sem stefnt hefur óðfluga í þá átt hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum, að ríkið sjái þjóðfélagsþegnunum fyrir sífellt fjölbreytilegri og aukinni þjónustu á fjölmörgum sviðum, geri það að verkum, að nauðsynlegt er, að slík löggjöf sem skattalög séu jafnan undir stöðugri endurskoðun.

Þótt lítið mark sé máske takandi á slíku plaggi sem stefnuskrá núv. ríkisstj., þá gefur hún ekki vísbendingu um, að breyting verði á, meðan hún situr að völdum, hvað snertir þá þróun, sem ég hef hér minnzt á, þ. e. vaxandi umsvif hins opinbera á fjölmörgum sviðum. Fyllsta ástæða hefði því verið til að vanda sérstaklega til endurskoðunar á skattalöggjöfinni, sem unnið hefur verið að á vegum núv. hæstv. ríkisstj. Heildarendurskoðun skattalaga er yfirgripsmikið og vandasamt starf. Í þeim efnum geta mistök orðið dýr og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef illa tekst til. Þess vegna þarf að tryggja eins vel og mögulegt er, að gagngerar breytingar séu ekki gerðar nema að vel yfirveguðu ráði. Um slík mál þurfa að fjalla fyrst og fremst þeir, sem gerst þekkja til og hafa með höndum framkvæmd slíkra mála. Svo hefur ekki verið við þá endurskoðun, sem leitt hefur til þess, að skattalagafrv. tvö voru lögð fram hér á hinu háa Alþ.

Í aths. við það lagafrv., sem hér er til umr., segir, að undirbúningsstarf að þeirri stefnumótun, sem málefnasamningur ríkisstj. gerir ráð fyrir, sé fyrir alllöngu hafið og sé að mestu leyti í miðjum klíðum. Hins vegar hafi ríkisstj. lagt áherzlu á, eins og segir orðrétt í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta, „að ýmis meginatriði þeirrar löggjafar, sem hér um ræðir, verði tekin til endurskoðunar þegar í stað og lögfest, þótt endanleg gerð slíkrar löggjafar bíði næsta þings.“ M. ö. o., í aths. með frv. er í rauninni gefið í skyn, að að samningu þessa frv. hafi verið flaustrað. Og það er því satt að segja stórfurðulegt, að að svo viðkvæmu og vandasömu máli skuli vera staðið með þeim hætti sem raunin hefur á orðið.

Til frekari staðfestingar á því, sem gefið er í skyn um hroðvirknisleg vinnubrögð í aths. með frv., er vitað, að mikill ágreiningur var innan ríkisstjórnarflokkanna um ýmis mikilvæg atriði, þegar skattafrv. tvö voru lögð fram í des. s. l. Svo mikill hefur ágreiningurinn verið meðal stjórnarliða um þessi mál, að það hefur tekið meira en tvo mánuði að ná því samkomulagi, sem fram kemur í þeim brtt., sem ríkisstj. hefur flutt. Það þarf í sjálfu sér ekki að verða mönnum undrunarefni, þótt fram hafi komið sundurleitar skoðanir innan stjórnarflokkanna og á milli þeirra varðandi þetta mál, eins og það lá fyrir. Í því felst í raun og veru enn ein staðfesting á því, hversu undirbúningur þessara mála var ónógur og ófullnægjandi og frv. með miklum flýtisbrag.

Ofan á þessi forkastanlegu vinnubrögð bætist svo sú óhæfa að ætlast til, að Alþ. afgreiði grundvallarbreytingu á öllu skattkerfi landsmanna, þegar liðnir eru 2 mánuðir af nýju skattári, sem hin nýja löggjöf á að ná til, og meira en mánuður er liðinn, síðan framtalsfresti lauk. Það liggur í augum uppi, að það ætti að vera lágmarkstillitssemi við skattgreiðendur, að þeir geti vitað, þegar þeir telja fram tekjur sínar, hverjir skattarnir verða. Þess vegna á auðvitað að afgreiða gagngerar breytingar á skattalögum slíkar sem þær, sem hér eru á ferðinni, fyrir byrjun nýs skattárs.

Af þeim ástæðum, sem ég hef hér lítillega drepið á, væri eðlilegast, að þeim skattafrv., sem hafa verið til meðferðar hér á hinu háa Alþ. frá því í des. s. l., yrði báðum vísað til ríkisstj. til frekari undirbúnings og athugunar fyrir næsta þing. Til þess að leysa tekjuþörf ríkissjóðs undir þeim kringumstæðum, að það yrði gert, þannig að ríkissjóður geti staðið við skuldbindingar sínar á þessu ári, miðað við þau skattalög, sem giltu á s. l. ári, hefur fulltrúi Alþfl. í fjhn. bent á leið og gert grein fyrir henni í nál. Þar er vikið að því, að skattvísitalan hafi verið ákveðin með ýmsum hætti á undanförnum árum, en engar lagareglur eru um, hvernig hún skuli ákvörðuð. Í erfiðu árferði eins og á árunum 1968 og 1969 var hún ekki látin breytast neitt, en skattbyrði almennings jókst á þessum árum, þar sem tekjuþörf ríkisins var þá mikil. Í góðæri eins og t. d. á s. l. ári var skattvísitala aftur hækkuð um 20%. Á það er bent í nál., að í góðæri sé eðlilegt að hafa ákvörðun um skattvísitöluna þannig, að tekjuhækkun í krónutölu valdi því ekki, að menn lendi í hærri skattstiga en ella, þ. e. að menn greiði áfram hlutfallslega jafnmikið af tekjum sínum til hins opinbera og áður, þótt tekjur hækki, en ekki aukið hlutfall vegna hækkunar skattstigans.

Það er talið, að þær tekjur ársins 1971, sem lagt mun verða á í sumar, séu a. m. k. um 21.5% hærri að meðaltali á framteljanda en tekjurnar árið áður, þ. e. þær tekjur, sem lagt var á í fyrra. Ef lagt yrði á eftir núgildandi lögum, væri þess vegna eðlilegt að ákveða skattvísitöluna 121.5%. En auk þessara ráðstafana yrði nauðsynlegt að mæta sérstaklega þeim útgjöldum tryggingakerfisins, sem voru samfara hækkunum almannatryggingakerfisins á s. l. ári.

Það hefur margoft komið fram á undanförnum mánuðum og á s. l. ári, að Alþfl. hefur verið því mjög fylgjandi að afnema hina svo kölluðu nefskatta, þ. e. almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald. Þegar fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir hækkun bóta almannatryggingakerfisins á s. l. vori, en sú hækkun nam um 500 millj. kr., var þegar greinilegt, að breyta yrði fjáröflunarkerfi almannatrygginganna, og á þetta var lögð sérstök áherzla af hálfu Alþfl. Það má segja, að verjandi hafi verið að standa undir almannatryggingakerfinu með nefsköttum, þegar bæturnar voru lægri en nú er. Þá var forsvaranlegt, að fjáröflunin færi fram með þeim hætti, að allir greiddu sömu gjöld. En þegar þær greiðslur, sem nú er um að ræða í þessum efnum, eru orðnar slíkar sem þær eru, er ekki réttmætt lengur, að hinn þjáði og hinn tekjulági, og hinn ungi og hinn aldraði einstaklingur greiði sömu fjárhæðir í almanna-

tryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald. Þessu þarf því að breyta, og eftir síðustu breytingar á almannatryggingakerfinu var þörf nýs fjáröflunarkerfis vissulega enn brýnni og meira knýjandi en áður. Alþfl. er þannig reiðubúinn að standa að nauðsynlegri tekjuöflun, sem komi í stað nefskattanna, til að unnt verði að mæta bótahækkunum almannatryggingakerfisins.

Ef sú leið verður farin, sem Alþfl. telur eðlilegast, að farin verði, eins og málum er nú komið varðandi þau skattafrv., sem fyrir hinu háa Alþ. hafa legið frá því í des. s. l., að vísa þeim til ríkisstj. til nánari athugunar, vill hann styðja að setningu lagaákvæða um sérstakan almannatryggingaskatt, sem tryggði tryggingakerfinu það fjármagn, sem þarf, til að endum verði náð saman, eða um 1 250 millj. kr. Áætlað hefur verið, að hann þyrfti að nema um 4% af brúttótekjum, en vera nokkru hærri, væri við nettótekjur miðað. Þetta fyrirkomulag hefði það í för með sér, að t. d. gamalt fólk og námsfólk, sem hefði svo lágar tekjur, að það greiddi engan tekjuskatt, mundi ekkert greiða til tryggingganna, þótt það nyti allra rétttinda almannatryggingakerfisins. Þannig mundi sá, sem hefði helmingi hærri tekjur en annar, greiða helmingi meira til tryggingganna. Svo sem bent er á í nál. fulltrúa Alþfl. í fjhn., mundi sú leið, sem þar er gerð grein fyrir og ég hef hér gert að umtalsefni, taka tillit til fjárþarfa í öllum áætlunum um heildarskatta þessa árs, og jafnframt yrði þá komizt út úr þeim ógöngum, sem samþykkt skattafrv. hefði í för með sér.

Verði á það sjónarmið fallizt, að eðlilegast sé, að skattafrv. verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar, vill Alþfl. enn fremur leggja áherzlu á eftirfarandi meginsjónarmið, sem lögð verði til grundvallar við endurskoðunina:

Í fyrsta lagi telur hann, að það þurfi að sameina tekjuskatt og útsvar í einn tekjuskatt, sem síðan yrði skipt milli ríkis og sveitarfélags, jafnframt því sem skattakerfið allt yrði gert sem einfaldast.

Í öðru lagi vill Alþfl., að launað fólk greiði ekki skatt af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til lífsframfæris, og þá þurfa skattstigar að vera þannig stighækkandi, að þessu markmiði verði náð.

Ef hæstv. ríkisstj. vill ekki fallast á þá hugmynd Alþfl., sem ég hef hér farið nokkrum orðum um, vill flokkurinn freista þess að reyna að gera nokkrar breytingar á frv. Í því sambandi vil ég fyrst nefna þá till., að haldið verði í lögum þeim ákvæðum, sem samþykkt voru í fyrra, um smávægileg hlunnindi fyrir fólk, sem náð hefur 67 ára aldri, en ríkisstj. leggur til, að þau verði felld niður.

Þá er lagt til, að gerð verði sú breyting á gildandi lögum, að úr gildi verði felld sú reglugerð, sem gefin var út rétt fyrir áramót, og kveður m. a. á um, að framvegis skuli raunverulegur viðhaldskostnaður af íbúðarhúsum ekki frádráttarbær, en í þess stað skuli jafnan telja 1.5% fasteignamats steinhúsa og 2% fasteignamats timburhúsa sem viðhaldskostnað. Sú ráðstöfun að breyta reglum um frádrátt vegna viðhalds á þennan hátt, hefur vissulega vakið stórfurðu manna, svo að ekki sé meira sagt. Og að framkvæma slíka breytingu þannig, að hún hefur áhrif á liðið skattaár, virðist alveg fráleitt, því að slíkt hlýtur alveg óhjákvæmilega að leiða til málaferla.

Þriðja brtt., sem ég vildi minnast á, er um heimild til handa atvinnufyrirtækjum, sem annast hraðfrystingu á sjávarafurðum til útflutnings, að leggja til hliðar helming af hreinum tekjum ársins 1971 í sérstakan endurnýjunarsjóð til að mæta þeim kostnaði, sem leiðir af breyttum lagaákvæðum í markaðslöndum um hollustuhætti við framleiðslu fiskafurða. Ný lagasetning í Bandaríkjunum, þar sem gerðar eru auknar kröfur um framleiðsluaðstöðu vegna fiskafurða fyrir Bandaríkjamarkað, gerir nauðsynlegar verulegar endurbætur á frystihúsum hér á landi, sem vitað er, að muni verða eigendum þeirra, sumum hverjum a. m. k., ofviða, ef ekki kemur til sérstök fyrirgreiðsla af hálfu opinberra aðila. Sú till., sem hér um ræðir, miðar að því að létta undir með frystihúsunum að þessu leyti til að gera þeim auðveldara að mæta þeim miklu útgjöldum, sem þau verða fyrirsjáanlega fyrir vegna aukinna krafna, sem Bandaríkjamarkaður gerir um útbúnað frystihúsa, sem framleiða fyrir þann markað. Það er óþarfi að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir verkafólk, sjómenn og raunar þjóðina alla, að freðfiskiðnaður landsmanna sé þannig úr garði gerður á hverjum tíma, að hann geti uppfyllt þær kröfur, sem markaðslöndin gera til vörugæða og vöruvöndunar. Því er þessi till. hér fram borin.

Þá er í fjórða lagi till., þar sem lagt er til, að ríkisstj. haldi áfram athugun á skattakerfinu og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþ. Í sambandi við þá endurskoðun skattakerfisins gerir till. ráð fyrir, að ríkisstj. verði falið að athuga sérstaklega, að allar giftar konur verði sjálfstæðir skattþegnar, þannig að það hafi engin áhrif á skattgreiðslur, hvort kona sé gift eða ógift. Er þá gert ráð fyrir, að kona, sem vinnur utan heimilis, greiði sjálf skatt af tekjum sínum, en að giftri konu sé reiknaður hluti af tekjum eiginmanns síns sem laun fyrir vinnu hennar á heimilinu. Þessar tekjur húsmóðurinnar dragast að sjálfsögðu frá skattskyldum tekjum mannsins, og verður eiginmaðurinn með þeim mun lægri skatt.

Það er kunn staðreynd, að lengst af hefur konan goldið þess, að hún var gift og aflaði sjálfstæðra tekna, en tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddur af þeim hlutfallslega miklu hærri skattur en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta óréttlæti hefur vafalaust valdið því, að karl og kona hafa oft tekið þann kost að búa saman án hjónabands til þess þannig að reyna að létta skattbyrðina. Hin síðari ár hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu ranglæti. Ég vil leyfa mér að mega vænta þess, að sú hugmynd, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, verði athuguð mjög gaumgæfilega með það fyrir augum, að hún komist í framkvæmd og verði til þess að skapa meira réttlæti í skattaálagningu.

Miklar umr. hafa átt sér stað á mannamótum og í blöðum undanfarið eða allar götur frá því, að skattafrv. tvö sáu dagsins ljós hér á Alþ. í desembermánuði s. l., um það, hver skattbyrðin raunverulega yrði við samþykkt þeirra. Af hálfu stjórnarflokkanna hefur því verið haldið fram, að samþykkt frv. muni ekki hafa í för með sér umtalsverða skattaaukningu miðað við það, sem átt hefði sér stað, ef núgildandi skattalög hefðu verið látin halda gildi sínu.

Ég skal ekki fara um það mörgum orðum, því að skattgreiðendur munu alveg vafalaust svara hver fyrir sig í sumar, þegar þeir fá skattseðlana í hendur. Þá kemur nefnilega í ljós, hver hin raunverulega skatt-

aukning verður hjá hverjum og einum. En það segir sig sjálft og gefur auga leið, að ekki getur orðið um skattalækkun hjá almenningi að ræða, þegar tekjuskattar til ríkisins eru í fjárlagafrv. fyrir þetta ár hækkaðir úr 1 122.6 millj. kr. í fyrra í 3 158.3 millj. kr. í ár. Að vísu er gert ráð fyrir nokkurri lækkun útsvars á móti, en það er aðeins brot af þessari hækkun.

Herra forseti. Ég er kominn að lokum máls míns. Ég lagði áherzlu á það í upphafi orða minna hér áðan, að til undirbúnings skattalagafrv., sem nú liggja hér fyrir hinu háa Alþ., hafi alls ekki verið vandað sem skyldi. Ég álít því skynsamlegast að fresta gildistöku nýrra skattalaga, til þess að betra tóm gefist til nánari athugunar og fyllri endurskoðunar á þessum málum. Í stað þess verði farnar þær fjáröflunarleiðir fyrir ríkissjóð í ár, sem ég hef gert hér að umtalsefni. Það er nefnilega ávallt hættulegt að gera stökkbreytingar í skattamálum. Til þess eru þau allt of viðkvæm.

Aðaltillaga okkar Alþfl.-manna er sú, að frv. verði vísað til ríkisstj. Jafnframt vil ég ítreka stuðning okkar við sérstaka tekjuöflun vegna tryggingakerfisins. Verði það fellt, er þess óskað, að brtt. þær, sem fulltrúi Alþfl. í fjhn. hefur flutt á þskj. 405, komi til atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka hv. fjhn. fyrir að hafa lokið störfum við athuganir á skattafrv., svo að það er nú hér til 2. umr. Enda þótt mörgum finnist, að sá tími hafi verið alllangur, sem fór til athugunar á því, þá liggja til þess nokkrar ástæður og m. a. sú, að það varð samkomulag á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar að fresta aðgerðum í þessum málum, meðan fundur Norðurlandaráðs átti sér stað. Þar er því að finna nokkra skýringu á því, að svo mikill tími hefur farið í þetta mál í hv. n. Hins vegar er svo það að segja, að báðar n. þd. hafa unnið saman, og hefur jafnhliða verið unnið að báðum þessum málum, frv. um tekju- og eignarskatt og frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Og það er svo sem ekkert óeðlilegt við það, þótt það taki nokkurn tíma að vinna að svo veigamiklum atriðum í tekjuöflun, sem hér eru á ferð. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en endurtek þakkir mínar til nm. fyrir það mikla starf, sem þeir eru búnir að inna af hendi.

Það hefur komið inn í þessar umr. og hefur verið kannske meginmálið í umr. þeirra hv. þm., sem talað hafa hér sem frsm. stjórnarandstöðunnar, að ekki beri brýna nauðsyn til þess að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi, og það sé eðlilegra að geyma sér það þar til síðar. Ég gerði grein fyrir því, þegar ég talaði fyrir þessu frv. um tekju- og eignarskatt hér í hv. d. fyrir jólin, hvaða meginástæður lægju til þess, að brýna nauðsyn bæri til þess að afgreiða þetta mál nú. Ég vil þó við þetta tækifæri rifja það upp, sem ég taldi grundvallaratriði í því og rök fyrir afgreiðslu á frv. nú.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram og kemur fram í nál. hv. 2. minni hl., 7. þm. Reykv., að eftir að búið var að gera þær breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem gerðar voru s. l. vor og nú fyrir jólin í vetur, þá var óhugsandi að búa við gamla innheimtukerfið. Ég hef áður leitt að því rök, að það var ekki framkvæmanlegt að gera þessar breytingar, nema gera um leið breytingu á innheimtukerfinu. Þessi breyting á tryggingalöggjöfinni hefði leitt til þess, að á árinu 1972 hefði orðið að innheimta hjá hjónum 22 þús. kr. í persónuskatt til tryggginganna og sjúkrasamlaga, og það hefði orðið að innheimta hjá einhleypum karlmanni 15 800 kr. og hjá konum tæp 14 þús. kr. Þetta þýðir t. d., að hjón með 2 börn í framhaldsskólum, sem ekki hefðu tekjur, hefðu orðið að greiða um 50 þús. kr. í þessa persónuskatta. Það var því óhugsandi að gera þessa breytingu á tryggingakerfinu án þess að gera einnig breytingu á innheimtukerfi tryggginganna.

Í öðru lagi er svo það, að útgjöld tryggginganna, sem vaxa á árinu 1972, mundu hafa aukið útgjöld sveitarfélaganna um 200 millj. kr. Þess vegna hefði þetta einnig komið fram í hækkuðum útsvörum á þeim vettvangi, ef engin breyting hefði verið gerð þar á.

Í þriðja lagi kemur svo það, að sjúkrasamlagsgjöldum var haldið niðri með verðstöðvunarlögunum, og þau hefðu því hækkað meira en ég hef tölur um nú í sambandi við þessar athuganir.

Það er því ekki hægt að færa rök að því, að það hefði verið hægt að fresta þessum breytingum, nema þá að fresta breytingum á tryggingalöggjöfinni. Og ég vil minna á það, að við afgreiðslu á því máli hér á hv. Alþ. skiptust hv. þm. ekki í flokka með eða á móti. Þeir voru yfirleitt með þeirri breytingu. Þetta er bein afleiðing af þeirri ákvörðun, og það er líka bein afleiðing af þessari ákvörðun, að það varð að gera þá kerfisbreytingu með þeim hætti að taka saman breytingar á tekju- og eignarskatti og tekjustofna sveitarfélaganna jafnhliða. Það var ekki hægt að komast fram hjá þessu vegna þeirra breytinga, sem búið var að gera á tryggingalöggjöfinni. Þess vegna er það svo, að þar sem hv. þm. sögðu a í sambandi við breytingu á tryggingalöggjöfinni, þá verða þeir einnig að segja b í sambandi við breytingu á skattalöggjöfinni og tekjustofnalögunum, sem nú er verið að vinna að, enda minnist ég þess, að þegar hv. 1. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl. talaði hér í sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt í hv. d. fyrir jólin, þá vildi hann leiða rök að því, að það hefði verið ofmælt hjá mér, að hér væri um nýja stefnu að ræða, því að meginatriðin í þessum frv. væri það, sem þeir viðreisnarmenn hefðu ætlað sér að gera, þótt það hefði ekki verið komið í framkvæmd.

Ég vil líka færa rök að því, að ein höfuðástæðan til þess, að það varð ekki komizt hjá því að gera þessar breytingar nú þegar, var m. a., að þá hefðu komið til framkvæmda skattalögin, sem voru sett hér í fyrra. Ýmislegt í þeirri löggjöf var mjög í andstöðu við núv. ríkisstj., og það var ekki eðlilegt, að hún léti á sínu fyrsta stjórnarári fara að framkvæma þá löggjöf, sem almenningur hefði þá litið á sem hennar mál. Og það voru fleiri en við, sem nú erum stjórnarsinnar, sem voru andstæðir þessari löggjöf eða frv. á sínum tíma hér á hv. Alþ. Ég vil þar nefna mann eins og próf. Ólaf Björnsson, sem talaði mjög gegn frv. um tekju- og eignarskatt í Ed. í fyrra. Ólafur Björnsson var þá í fjhn. fyrir Sjálfstfl. í Ed., og hann er hagfræðiprófessor, og þess vegna er ástæða til að ætla, að hann hafi byggt skoðun sína á nokkuð mikilli reynslu. En það var ýmislegt, sem Ólafur benti á í sambandi við skattalögin, sem voru afgr. í fyrravor. M. a. benti hann á, að það er óhugsandi að setja slíka skattalöggjöf, nema áður sé breytt lögum um hlutafélög. Lögin um hlutafélög væru svo fjarri því, að hægt væri að byggja skattalöggjöf fyrir hlutafélögin

á þeim, eins og gert var í fyrra, að það væri óframkvæmanlegt að gera slíkt.

Eitt atriði, sem hér var mikil deila um á hv. Alþ. og t. d. Ólafur Björnsson var ekki hrifinn af, var það skattfrelsi, sem hluthafar áttu að hafa af hlutabréfum sínum. Um þetta varð veruleg deila og gekk svo langt, að Vinnuveitendasamband Íslands snerist gegn frv., eins og það kom fram í fyrra og dró úr þessum friðindum. Það var því ekki ástæða til, að núv. valdhafar færu nú að framkvæma þessa löggjöf.

Í sambandi við það, sem próf. Ólafur Björnsson sagði um hlutafélögin, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr ræðu hans þar um, en þar segir hann:

„Í annan stað er vert að benda á, að eins og löggjöf um hlutafélög er nú háttað, er nánast hægt að stofna hlutafélög um hvaða smáatvinnurekstur sem vera skal. Af þessu leiðir, að smáatvinnurekendur og jafnvel einyrkjar í hvaða atvinnugrein sem er gætu í reynd valið um skattlagningarform hlutafélags og einstaklings."

Ólafur segir síðar, að þeir, sem hafa eins konar sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum, mundu í stórum stíl fara þá leið að stofna hlutafélög með nánustu fjölskyldu sinni, sem þýðir það, að þeir fengju þar jafnvel nokkra tugi þús. kr. skattfrjálsa.

Það var engin ástæða til þess, að núv. ríkisstj. færi að láta þessi lög koma til framkvæmda. Það var fjarri öllu, ef hún hefði gert það, og þessar tvær höfuðástæður voru fyrir því, að brýna nauðsyn bar til að ganga í breytingar á skattakerfinu með verulegum hraða.

Hitt tók ég fram við 1. umr. hér í hv. d. og skal endurtaka það, að engum var ljósara en mér, að sá tími, sem var til umráða til þess að vinna þetta verk, var allt of skammur, og þess vegna mun verða haldið áfram við að vinna verkið.

Það hefur komið fram í ræðum hv. þm., frsm. minni hl., að málið væri illa unnið og allt það, sem er nú þetta venjulega tal þar um, sem skiptir ekki miklu máli, en m. a. það, að höfundar þess fyndust ekki og það hefðu ekki verið valdir til þessa verks menn, sem kynnu þar til verka. Nú vil ég taka það fram, eins og ég gerði við 1. umr. þessa frv., að á skattalagafrv. getur enginn borið ábyrgð nema sú ríkisstj., sem leggur frv. fram og stendur að því að láta vinna þau. Það tal, sem var hér á hv. Alþ. í fyrra um það, að embættismenn hefðu samið frv., sem þá voru lögð fram, og þau væru verk embættismanna, var ekki raunhæft. Það veit ég af eigin reynslu, að var ekki raunhæft, enda hlýtur svo að fara, að í slíku máli verður stefnan alltaf mörkuð af þeirri ríkisstj., sem ætlar að leggja málið fram. Þess vegna er það skollaleikur einn að ætla að koma sér á bak við þá, sem verkin vinna. Auðvitað er stefnan mörkuð af ríkisstj., sem lætur vinna verkin. En hverjir unnu að þessu verki? Það var ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem var formaður beggja nefndanna, þeirrar, sem vann á vegum fyrrv. ríkisstj., og þeirrar, sem vann á vegum núv. ríkisstj. Það var Guðmundur Skaftason, löggiltur endurskoðandi, lögfræðingur og fyrrv. skattrannsóknastjóri. Segja menn svo, að sá maður kunni ekki til verka? Ég leyfi mér að mótmæla slíku. Það var Gunnar R. Magnússon endurskoðandi. Ég veit, að hann kann vel til verka í skattamálum og kann full skil á þeim. Það var Magni Guðmundsson hagfræðingur. Hann kann einnig til verka í skattamálum og kann full skil á þeim. (Gripið fram í.) Já, Magni Guðmundsson hætti störfum, en það var m. a. af því að hann ætlaði af landi burt og tók það fram, að hann yrði ekki í nefndinni nema til áramóta, þegar hann fór í hana. Það var Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hv. alþm. Halda menn svo, að sé hægt ... (Gripið fram í.) Hann var í skattanefndinni, já. Vilja svo hv. þm. halda því fram, að þessir menn kunni ekki til verka í skattamálum? Þeir séu ekki fullframbærilegir við þá aðra, sem þarna hafa unnið að? Ég segi ekki, að það séu ekki fleiri menn til á landinu, sem kunni til verka í skattamálum. Því held ég ekki fram, en ég mótmæli því, að þessir menn kunni ekki fullkomlega til verka. Hitt veit ég ósköp vel, að þeir höfðu of lítinn tíma til að vinna þetta verk, og það hef ég margtekið fram, en þarna var til staðar fullkomin þekking. En ábyrgðina af þessu verki hlýtur ríkisstj. að bera, og ég bið mig ekki undan því frekar en ég gerði við 1. umr. þessa máls, enda væri slíkt fjarri öllu lagi, því að ég veit, að á það var bent af þessum mönnum, að þetta væri of lítill tími til að vinna þetta verk.

Hitt verð ég að segja, að þrátt fyrir það að þessi ríkisstj. hefði ekki eins marga mánuði til þess að vinna að þessu verki og fyrrv. ríkisstj. hafði áður, þá hefur þó verið mörkuð skýrari stefna í skattamálum á þessum mánuðum en á árunum hjá Viðreisn. Og svo koma hv. þm. Sjálfstfl. eins og hv. 2. þm. Vestf., sem naut þeirra kosta, sem hann hefur og mér þykir vænt um og hef gaman af. Hann passaði sig að nota hæfileika sína í gamanseminni meira en röksemdirnar í sambandi við málið. Það var rétt af honum og skal vel metið. Þegar hann fór að tala um það, hvað fyrrv. ríkisstj. hefði gert mikið í því að gera skattakerfið einfaldara og koma á staðgreiðslukerfi skatta, þá fannst mér húmorinn ná sér fyrst á strik. Hvað er það, sem fyrrv. ríkisstj. er búin að gera til þess að gera skattakerfið einfaldara eða koma á staðgreiðslukerfi skatta? Hún er búin að láta nefnd eftir nefnd vinna að málinu, en allar hafa þær strandað á því, að það er ekki hægt að koma á staðgreiðslukerfi skatta nema með því að gera skattkerfið sjálft einfaldara, og það var ekki hægt nema með því að fækka sköttunum, fækka stigunum og fara inn á þá braut, sem nú er verið að fara. Á þessu hefur allt strandað. Það er ekki af því, að menn hafi ekki heyrt þetta og séð þetta, heldur það, að þeir lögðu ekki í það að fara í sjálft skattakerfið til þess að ná þessum árangri. Það er vonlaust að vinna að því að koma á staðgreiðslukerfinu nema út frá þeirri einföldun, sem nú er verið að gera og sem betur þarf að færa út. Þá er hægt að koma á staðgreiðslukerfi skattanna, og það þarf að gera. Í þeirri framhaldsvinnu, sem verður unnin að þessum málum, er þetta einn þátturinn, sem þarf að vinna að og verður unnið að.

Það er heldur ekkert nýtt, sem kemur fram í nál. 2. minni hl., Alþfl.-mannanna, að það þurfi að skoða virðisaukaskattinn í sambandi við tekjuöflun ríkissjóðs. Þegar ég lagði þetta frv. fram hér í vetur og talaði fyrir því, þá tók ég það einmitt fram, að áfram yrði unnið að því að endurskoða tekjukerfi ríkisins og þá yrði virðisaukaskatturinn sérstaklega skoðaður. Það eru mörg atriði, sem þá verður unnið að, sem ekki var hægt að vinna að á þeim skamma tíma, sem nú var til umráða. M. a. kemur þá til athugunar mál, sem hefur líka borið hér á góma í þessum umr., en það er skattlagning hjóna.

Það er mál, sem þarf að athuga betur en gert hefur verið til þessa, hvernig við eigum að komast út úr þeim vanda, sem við erum komnir í í sambandi við skattlagningu hjóna. Við erum þar að fást við vissan vanda. Það er rétt, sem þær konur halda fram, sem eru einstæðar, ekki sízt einstæðar mæður, að ef konur missa manninn sinn, þá fara þær að greiða af öllum sínum tekjum. Ef þær aftur eru giftar, þá fá þær helminginn frádreginn. Það verður ekki hægt að komast út úr þessu kerfi nema með því að taka þetta mál í heild til sérstakrar athugunar, og að líkindum verður niðurstaðan sú, að hjón verða skattlögð sitt í hvoru lagi. Það er svo annað mál, hvort þetta á að leiða til þess, að gera bæði skattfrjáls, eins og mér finnst nú ætlað í till. Alþfl. Það er ekki mín hugsun, að svo eigi að verða.

Það eru fleiri atriði, sem á að athuga í framhaldsathugun á skattamálunum, eins og t. d. eigin húsnæði. Nú var mjög gagnrýnd af hv. 5. landsk. þm., Stefáni Gunnlaugssyni, sú ákvörðun, sem ég tók sem fjmrh., eftir að skattyfirvöld höfðu lagt það fyrir mig, að gera viðhaldskostnað á eigin íbúð fastan lið í mati hennar. Ástæðan til þess, að skattyfirvöld lögðu mjög ríkt á um þetta, var, að kringum viðhaldskostnaðinn hefur verið alveg geysileg vinna og afskaplega mikið þráttað um það, hvað væri viðhald og hvað væru endurbætur. Þess vegna fannst þeim réttmætt, nú þegar nýja fasteignamatið tók gildi, að þetta væri tekið upp, og þessi ákvörðun er ekkert í tengslum við þetta skattalagafrv., því að hún er tekin án tillits til þess og hefði verið hægt að taka hana, þó að gömlu lögin hefðu gilt. Hún er fyrst og fremst í beinu sambandi við breytinguna á matinu. Hins vegar finnst mér eðlilegt, og það var nokkuð til umr. í skattalaganefndinni í haust, að reyna að koma eigin íbúð sem mest út úr tekjum og gjöldum einstaklinganna, og eins og nú er komið, þar sem horfið er að því, að tekjur af eigin íbúð eru ekki skattlagðar til útsvars, þá hlýtur það að leiða til þess, að reyna að koma eigin íbúð sem mest út úr framtalinu. En í sambandi við það þarf einnig að hafa hliðsjón af þeim vaxtafrádrætti, sem einstaklingarnir hafa m. a. í sambandi við eigin íbúð. En þetta er mál, sem verður mjög til athugunar í sambandi við framhaldsathugun á skattamálunum, og ég álít, að það beri brýna nauðsyn til þess að reyna með þessum hætti að gera þessi mál einfaldari en áður hefur verið.

Eitt af því, sem núv. stjórnarandstæðingar gera mikið veður út af, er það, hve þetta mál er seint á ferðinni. Nú hef ég í sjálfu sér ekkert við það að athuga og kannske ekki nema gott um það að segja, að gerðar séu meiri kröfur til núv. ríkisstj. en þeirra ríkisstj., sem áður hafa setið, og það kemur nú á daginn, eins og oft vill verða, að menn eru fljótir að gleyma því liðna og minnast þess vegna ekki afgreiðslu skattalaga frá fyrri árum.

Í sambandi við þessar umr. hef ég látið athuga fyrir mig afgreiðslu á skattalagafrv. á Alþ. í síðastliðin 40 ár, og það er dálítið merkilegt að lesa það. (Gripið fram í.) Það fylgir fjmrh., skattalögin gera það. (Gripið fram í.) Það munum við, ef við förum yfir þetta, en það, sem ég hafði upp úr lestrinum, var það, að ég hefði verið svo snemma á ferð, að það hefði verið hægt að afgreiða frv. fyrir áramót, en þá hefði ég verið kominn úr takti fyrirrennara minna, því að þeir eru yfirleitt ekki svo snemma með sínar breytingar.

Ég grip hér niður í fyrsta málið, sem er lög nr. 79 frá 23. júní 1932, um heimild fyrir ríkisstj. að leggja á tekju- og eignarskattsauka. Samkv. lögum þessum skyldi ríkisstj. heimilt að innheimta 25% álag á tekju- og eignarskatt álagðan 1932 á tekjur ársins 1931. Innheimta skyldi þó ekki hefjast fyrr en eftir 1. okt. 1932. Og ef ég man rétt úr þingsögunni, þá mundi ég halda, að fyrrv. forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, hefði verið fjmrh. þetta ár. Hinn 24. okt. 1934, – þá mun hv. 1. þm. Austf. hafa verið fjmrh., – voru afgreidd lög nr. 55, um tekju- og eignarskattsauka. Samkv. lögum þessum skyldi ríkisstj. heimilt að innheimta 40% álag á tekju- og eignarskatt álagðan 1934 á tekjur ársins 1933. (Gripið fram í.) Ég vil vera í takt við þá flesta, því að þeir eru eitthvað breyzkir, blessaðir. Þá kem ég næst að 1941. Það voru lög nr. 9 frá 5. maí, um breytingu á lögum nr. 6/1935 um tekju- og eignarskatt. Lög þessi felldu niður sérstök lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja nr. 49/1940 og lög nr. 57/1935, um hlunnindi fyrir ný iðnfyrirtæki og skyldu gilda við skattálagningu 1941, sjá fylgiskjal síðar. Þessi lög eru þó ekki sett fyrr en í maí og áttu að gilda vegna ársins 1940. Hinn 5. maí 1941 eru sett lög um stríðsgróðaskatt. Lög þessi skyldu koma til framkvæmda við álagningu skatts á árinu 1941, miðað við tekjur 1940. Skattur þessi var lagður á tekjur 50 þús. kr. og þar yfir, stighækkandi frá 4% til 35% af tekjum yfir 200 þús. kr. (Gripið fram í.) Þá mun fjmrh. hafa verið Jakob Möller, ef ég man rétt. Ég tel mig muna, að hann hafi þá verið fjmrh. Hinn 9. júlí eru sett lög nr. 98, um heimild til tekjuöflunar til ríkissjóðs o. fl. Samkv. þessum lögum var heimilað að innheimta á árinu 1941 10% viðauka á tekjuskatt og eignarskatt álagðan 1941 af tekjum 1940. Svo er hér breyting næst frá 20. maí 1942, og þá mun Jakob hafa verið áfram ráðh., ef ég man rétt. Það er um tekju- og eignarskatt, en hún átti að gilda vegna teknanna, sem var aflað 1941.

Nú skal ég ekki þreyta ykkur allt of mikið með þessu, en hverfa aftur til síðari tíma. Þá koma hér lög nr. 18 frá 12. apríl 1960, um tekju- og eignarskatt og niðurfellingu skattfrelsis, ef um eftir- og helgidagavinnu var að ræða, það voru lög nr. 40 frá 1959, tölul. 24 hér að framan. Þessi lög áttu að gilda við álagninguna 1960 og vegna ársins á undan. Þá koma næst lög nr. 70 frá 28. apríl 1962, um tekju- og eignarskatt. Lög þessi voru ný heildarlög, sem gilda áttu við álagningu 1962 vegna skattársins 1961, og eru svo ýmis atriði, sem þar eru nýmæli um. Þessi lög voru þó ekki sett fyrr en 28. apríl, og það var á viðreisnarárunum. Svo kemur, að samkv. lögum nr. 19 frá 10. maí 1965 skyldi miða eignarskatt álagðan 1965 við þrefalt fasteignamat. Hið sama skyldi gilda við álagningu útsvara á árinu 1965, lög nr. 67 21. maí 1965, og síðar var þetta nú enn meir margfaldað, og þessi lög voru þó ekki sett fyrr en 10. maí og áttu að gilda vegna ársins 1964, sama árið og þau voru lögð á.

Þetta sýnir það, sem ég var að segja hér í upphafi í þessum kafla mínum, að maður hefði orðið illa úr takt við fyrirrennarana, ef lögin hefðu verið afgreidd fyrir áramót.

Svo koma hér síðar lög um tekjustofna sveitarfélaga. Það eru lög nr. 69 frá 28. apríl 1962, en þá voru tveir nýir skattar innleiddir, landsútsvar og aðstöðugjald. Hið síðarnefnda skyldi í fyrsta skipti álagt 1962 á gjaldstofn, sem myndaðist á árinu 1961. Landsútsvarið

var hins vegar aðeins lagt á olíufélög það ár og tekið í fulla notkun aftur ári seinna. Þessi lög voru þó ekki sett fyrr en 28. apríl og giltu vegna teknanna ársins á undan.

Svo eru menn að tala um það, að þetta sé seint á ferðinni og annað því um líkt, og mikið talað um, að það sé hugsanlegt, að hinn og þessi fari í mál út af þessari löggjöf. Þá er gert ráð fyrir því, að þeir, sem eru nú í stjórnarandstöðu, hagi sér öðruvísi en fyrrv. stjórnarandstöður, því að yfirleitt hafa ekki orðið málaferli út af því, þótt skattalögin hafi verið svona seint á ferðinni. (Gripið fram í.) Já, hv. 1. þm. Reykn. vitnar í tvær undantekningar þar um, en um aðalmálið, stærra málið, varð þó ágreiningur í Hæstarétti, og það varð út af sérstöku atriði í skattalögunum. Þess vegna held ég, að ef skattþegnarnir hefðu yfirleitt ætlað sér að fara í mál út af slíkum breytingum, þá hefðu flestar eða allar ríkisstj. lent í því, því að yfirleitt hafa skattalagabreytingar verið svo seint á ferðinni, að þær hafa ekki verið tilbúnar, þegar skattaárið byrjar, og t. d. vil ég minna á það í sambandi við breytinguna 1960 um sérstök skattfríðindi, sem fólk átti að fá fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu, að það atriði komi aldrei til framkvæmda. Árið 1960 var það numið úr gildi án þess að hafa nokkurn tímann til framkvæmda komið. Það er hliðstætt því, sem nú er verið að gera, og ætti að vera hægt að vitna í það í því sambandi.

Þá koma hv. þm. að skattvísitölunni. Þar kom nú að því, að skattvísitalan var orðin góð og gild og hagkvæmt að nota hana. Ekki var talið, að hún ætti að fylgja framfærsluvísitölu hér áður fyrr, en nú er ekki nóg með það, að hún eigi að fylgja framfærsluvísitölu, heldur á hún að taka einnig til grunnkaupshækkana og tekjuhækkana, vegna þess að vinna hafi verið meiri og annað því um líkt. Það er ekki einungis, að vísitalan eigi að breytast, vegna þess að verð hafi breytzt, heldur á hún að gera það, ef orðið hafa kauphækkanir, ef menn hafa fengið meiri tekjur, en þá eiga þeir ekki að greiða meiri skatt, því að þá er það skattþynging, segja þeir. Ósköp er þetta nú skrýtið. Mikið var nú eiginlega slæmt, að aumingja Viðreisn skyldi ekki lifa lengur, fyrst hún átti allt það bezta eftir. Það var sorglegt, að hún skyldi liggja á kostunum í 12 ár, en eiga þá alla ónotaða, þegar hún fór úr ráðherrastólunum. Ætli hefði nú ekki gleymzt eitthvað af þessu ágæti, ef hún hefði setið áfram? T. d. er það svo, að á árunum 1960–1963, í 4 ár, er frádráttur hjá skattþegnunum algjörlega óbreyttur, alveg án tillits til þess, þótt breytingar hafi átt sér stað. Sama er að segja árið 1964 og 1965 og 1966. Þá verða hins vegar breytingar, en þær eru ekki neitt í samræmi við þær breytingar, sem urðu á vísitölunni. Þær eru miklu lægri en það, og voru þetta þó góð ár. Svo kemur algjört hlé 1967, 1968 og 1969. Þá er það allt óbreytt. Á því tímabili urðu tvær stórfelldustu gengislækkanir, sem hér hafa átt sér stað. Það var ekki talin ástæða til að hækka persónufrádrátt fólksins vegna þess. Svo varð nokkur hækkun í fyrra fyrir kosningarnar. Þá var það talið nauðsynlegt vegna kosninganna, og þá var vísitalan sett 100, og nú þykir þetta óeðlilegt.

Ef á svo að fylgja þeirri vísitölu, sem þá var sett, 100, og taka þær breytingar, sem síðar hafa orðið miðað við dýrtíðina í landinu, og það hefur verið gerður sérstakur útreikningur á samanburði á núv. sköttum, sem eiga að taka gildi, og gamla kerfinu, eftir að þessi vísitala, 121.5, er reiknuð sem grundvöllur í þessu. Það gerist hið sama, að vísitalan breytir ekki afstöðunni á milli kerfanna. Það sem hún gerir, er það eitt, að skattarnir í heild lækka, ekkert annað. Það er ekkert annað, sem þessir hv. alþm. hafa áhuga á, en að draga úr tekjum ríkissjóðs gegnum skattakerfið, og hefði nú verið tími til að nota þessa leið, áður en þeir væru orðnir valdalausir.

Ef gerður er þessi samanburður, kemur það í ljós, að þetta breytir engu. Hlutfallið á milli þess arna eftir þessum útreikningi er ekki nýja kerfinu í óhag, og hvað segir svo þetta tal um skattahækkunina og allt það? Ef málið er hugsað þannig, að hærri tekjur eigi ekki að gefa neitt hærri skatta, þá er auðvitað öllum ljóst, að það eru fleiri krónur í skatta á næsta ári, á árinu 1972 en áður, en ef gerður er samanburður á milli kerfanna og hliðstæðra tekna, – það er hið eina, sem er raunhæft í þessu, – þá kemur nýja kerfið út með lægri tekjur. Það er þetta, sem skiptir máli, og hvar er þetta, sem lægri tekjurnar eru? Á tekjubilinu frá engum tekjum upp í 300 þús. kr. lækka skattarnir eftir nýja kerfinu frá því gamla um 321 millj. kr. í heild. Á tekjubilinu frá 301 þús. kr. í 425 þús. kr. lækkar þetta um 82 millj. kr. Á tekjubilinu frá 426 upp í 520 þús. kr. lækka skattarnir um 51 millj. kr. Samtals er þetta á milli 400 og 500 millj. kr., sem lækkar á þessu fólki, sem hefur þessar tekjur, og þetta er mikill meiri hl. af skattþegnunum í landinu. Þegar kemur svo á bilið frá 551 upp í 730 þús. kr., þá er hækkun um 25 millj. kr. í heild, og þegar þar kemur yfir, þá er enn nokkur hækkun. En í heild er lækkunin um 360 millj. kr., þegar tekið er tillit til allra skattanna, tekju- og eignarskatts, fasteignaskatts, útsvara og persónuskatta, þegar allt er borið saman í heild.

Það þarf engan að undra, sem kom fram í ræðu hv. 5. landsk., Stefáns Gunnlaugssonar, þegar hann talaði um, að tekjuskatturinn hækkaði þetta í samanburði frá árinu áður og nú, en hv. þm. gleymdi því, að þá er búið að lækka útsvörin, og svo á að fella niður persónuskattana, sem voru í fyrra um 500–600 millj. kr. og hefðu nú orðið um 1 200 millj. kr. Þegar svona reikningskúnstum er beitt, þá kemur ekki rétt út úr heilanum, þá er hann rangt mataður. Það er hægt með þessum kúnstum að gera slíka hluti, en þetta er ekki það, sem sýnir hið raunhæfa. Ef menn vilja halda sig við staðreyndir, þá eiga þeir ekki að nota svona kúnstir. Það er ekki hægt að sleppa frá þessu dæmi, og það er ekki hægt að gera þennan samanburð nema taka þetta saman í eina heild, og þannig hefur heilinn verið mataður, og þannig sýnir hann réttar tölur, því að það þarf enginn að efa, að það sé sæmilega rétt, sem út úr honum kemur, ef rétt er matað, og það hefur verið gert í þessum tilfellum með þessum samanburði, enda hafa margir um þetta fjallað og fengið þá raunverulegu niðurstöðu, þegar rétt hefur verið að staðið.

Það er svo annað mál, hversu tekjuöflun ríkissjóðs og bæjarfélaga á að vera mikil í formi beinna skatta. Um það má deila. En það er ekkert að gerast hér nú, sem bendir til þess, að núv. ríkisstj. sé að auka þetta. Þetta er mjög misjafnt, og ég hef ekki tölur um þetta frá nágrannalöndunum, sem eru yngri en frá 1969. En þá er Bretland með um 44½% af ríkistekjunum í beinum sköttum, Noregur og Danmörk með 47 til 48%, Svíþjóð yfir 60%, en Ísland er með innan við 25%, og við þær breytingar, sem nú eru gerðar, verður ekki breyting á

þessu í þá átt, að beinu skattarnir verði virkari í ríkistekjunum en áður hefur verið. Þeir gera ekki betur en að halda hlutfallinu.

Ég felli mig ekki almennilega við, þegar verið er að tala um það, að með skattálagningu sé verið að draga úr áhuga fólksins til að afla tekna. Nú finnst mér, að það eigi ekki að hafa þau áhrif á þegnana í landinu. Mér finnst það eigi að vera ánægjuefni hverjum þjóðfélagsþegni að geta lagt mikið til síns byggðarlags og síns ríkis í uppbyggingunni. Ekki skortir okkur yfirleitt vilja til að sækja til hins opinbera ýmsa hluti, sem við þurfum til þess að bæta lífið og bæta byggðarlag og bæta þjóðfélagið. En við getum ekki gert þetta, nema einhvers staðar komi tekjur til þess að koma í framkvæmd því, sem betur má fara, bæði á sviði félagslegra umbóta og framkvæmda.

Ég verð að segja það, að þegar fyrrv. ríkisstj. sat hér að völdum, þá komst heildarskattprósentan upp í 57% af tekjum manna, og þá áttu þeir eftir að greiða persónuskattana, og þá áttu þeir líka eftir að greiða þá fasteignaskatta, sem þeir hlutu. Þetta komst samt upp í 57%. Það var ekki komið í háar tekjur, þegar komið var í hámark, bæði í tekjuútsvarinu og tekjuskattinum. Með þessu frv. hér er þó ekki gert ráð fyrir að fara lengra en í 54%, og þá er persónuskatturinn kominn inn í dæmið, svo að það sýnir nú ekki neina sérstaka viðleitni til að ganga lengra í þessa átt en áður hefur verið.

Ég vil líka segja það í sambandi við atvinnurekstur-inn, að með þessum skattafrv. er ekki verið að þrengja kjör hans, nema þar sem farið var út í það að gera þau óeðlileg, eins og gert var með flýtifyrningunni, þar sem hægt var á einu ári að slátra stórfelldum tekjum fyrirtækis og gera það skattlaust. Það er óeðlilegt. Hitt er eðlileg stefna, að fyrirtæki geti haft möguleika til afskrifta vegna verðbólgunnar með sæmilegu aðhaldi. Það er nauðsynlegt. En það bætir ekki úr að gera eins og þarna var gert, enda var það svo, að fyrirhyggjulausir atvinnurekendur hefðu getað bara í heilu góðæri slátrað þessum möguleika sínum með því að gera sig skattlausa á einu eða tveimur árum. Nei, eðlilegast er, að hægt sé að taka slíkar afskriftir vegna verðbólgunnar, en það verður að gerast með fullkominni hófsemi.

Ég verð líka að segja, að þegar ég heyri hv. stjórnarandstæðinga tala nú um fasteignaskattana, þá finnst mér það stundum með öðrum blæ en hefur komið úr þeim herbúðum. Ég tek undir það, að það verður að gæta hófs í þeim, og það á ekki að ganga, nema síður sé, of langt í að leggja á fasteignir, því að þetta eru eignir, sem stundum gefa ekki tekjur. Hins vegar er verulegur kostnaður hjá byggðarlögunum vegna þess, að eignirnar verða þar til, en ég hef hér hjá mér 5. hefti af Sveitarstjórnartíðindum frá 1971. Hér er mynd af nefnd, sem vann að því að athuga m. a. fasteignaskattana sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Einn af hv. þm., 11. landsk., sat í þeirri nefnd, eins og myndin sýnir, en hvað lagði þessi nefnd til? **(Gripið fram í:** Er þetta ekki góð mynd?) Jú, myndin er ágæt, þar skortir ekkert á. Ég er búinn að sýna hana víða. – En hvað lagði nefndin til? Hún lagði það til að fá fasteignaskatt. Hefðu sveitarstjórnirnar heimild til þess að leggja á jafnháan skatt, ef þær legðu götu eða annað því um líkt, legðu í sameiginlegar framkvæmdir, þá gætu þær tvöfaldað þessa skatta. Er þetta í samræmi við málflutning hv. sjálfstæðismanna nú? Hæstv. ríkisstj. vildi ekki leyfa, að þetta væri í frv. Henni fannst það of langt gengið, og það gæti verið hættulegt að ganga að fasteignaskattinum með þessum hætti. Þess vegna er það nú svo, að ýmislegt, sem í þessu hefur heyrzt, kemur ókunnuglega fyrir, og ég tek enn undir það, að ég er fylgismaður þess að nota fasteignaskattinn sem tekjustofn, en það verður líka að vera í hófi, svo sem er um aðra skatta og hér er beitt.

Ég skal nú ekki lengja mál mitt í sambandi við þessa umr., því að ég hef nú gert grein fyrir aðalatriðum, sem fram koma í nál. minni hl., og því sem fram hefur komið í ræðum þeirra hér í dag. Ég hef sýnt fram á það með ljósum rökum, að nauðsyn ber til að afgreiða þessi skattafrv., og ef ekki hefði átt að gera það á þessu þingi, þá hefði orðið að fresta breytingum á tryggingakerfinu og fleira, sem við þegar erum búnir að gera.

Ég er líka sannfærður um, að sú stefna, sem mörkuð er nú með þessum frv., er rétt. Hún miðast fyrst og fremst við það að leggja á tekjur, þar sem tekjur eru, og leggja á eignir, þar sem eignir eru. Ekkert í þessum frv. gengur út í þær öfgar, að það sé hægt með nokkrum rétti að halda því fram, að það fæli menn frá tekjuöflun eða á neinn hátt sé verið að þrengja kosti gjaldendanna. Það, sem hér er verið að gera, er ekkert annað en eðlileg tekjuöflun, sem verður að eiga sér stað. Á meðan við notum ekki aðra leið til þess að jafna á milli þegnanna, þeirra, sem hafa miklar tekjur, og hinna, þá er þetta formið, sem við verðum að nota. Mér er fullkomlega ljóst, að það er hægt að nota aðrar leiðir til þess. Ég tek það hins vegar fram, að ég er fylgismaður þess, að leiðir séu notaðar til þess að jafna á milli þeirra, sem hafa lágar tekjur, og hinna, sem hafa háar. Það er hægt að gera þetta í gegnum tryggingakerfið og fleira, en eins og við notum tryggingakerfið nú, þá er enginn jöfnuður í því. Þess vegna verður tekjuskatturinn að vera jöfnunartæki á milli þegnanna.

Ég er líka sannfærður um, að það muni sýna sig, að þessi breyting, sem gerð er á tekju- og eignarskatti og tekjustofnum sveitarfélaga, og afnám persónuskatta er sú stefna, sem fær fylgi. Bæði hv. alþm. og fólkið í landinu mun fylgja henni. Ég er líka sannfærður um, að með framhaldsvinnu í þessum málum tekst hæstv. ríkisstj. að ná því marki, sem hún stefnir að. Hér er byrjun hafin, og það er búið að vinna hér mikið og gott verk, þótt margt sé óunnið enn þá.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það olli mér vonbrigðum, að nefndir þær, sem störfuðu að endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga og tekju- og eignarskatt, skyldu ekki sjá sér fært að taka til meðferðar skattgreiðslu giftra kvenna, sem afla tekna, og í því sambandi leggja fram till. um, að þær sem aðrir þjóðfélagsþegnar, sem selja vinnu sína, greiði sjálfar skatt af tekjum sínum og gerist þar með beinlínis, án viðkomu í skattaframtali eiginmanns síns, ábyrgar fyrir útsvörum og sköttum, sem þeim ber að greiða.

Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við brtt. hv. 7. þm. Reykv. Enda þótt sú brtt. hans, sem hér um ræðir, dragi upp nokkuð furðulega mynd af þjóðfélagsháttum eða fjölskylduháttum, þá gerði ég ráð fyrir því, að það væru pennaglöp, og þóttist vita, hvað fyrir honum vekti. Till.

mín er þess efnis, að skattkerfið verði endurskoðað með það í huga, að hver maður, sem aflar tekna og/eða eigi skattskyldar eignir, verði sjálfstæður skattþegn án tillits til hjúskaparstéttar.

Núverandi fyrirkomulag eru leifar frá þeim tíma, þegar eiginkonan var ekki fjárráða, en allt vald í þeim efnum að lögum falið húsbónda hennar. Eilítið hefur þó þokazt í þá átt, að skattalöggjöfin viðurkenni fjárræði giftrar konu, og ber þar aðallega að nefna sérsköttunarheimildina, og má í því sambandi nefna það nýmæli nú, að kona skuli fá fullan persónufrádrátt einstaklings, ef hún telur sérstaklega fram. Enda þótt 2. þm. Vestf. óttist þar með um afdrif hjónabandsins, þá get ég ekki verið honum sammála í því efni.

Annað ákvæði í framfaraátt lýtur að ábyrgð beggja hjóna á skattgreiðslunni. Í samræmi við það var bundið í lögum síðar, meðfram vegna tilmæla Kvenréttindafélags Íslands, að bæði hjónin skyldu undirrita skattframtalið, og telst framtalið ekki fullnægjandi nema með undirskrift beggja. Þó er þetta ákvæði engan veginn fullnægjandi, enda þótt það hlyti að teljast réttmæt ósk kvenna á sínum tíma, að þær byndu persónulega ábyrgð sína gagnvart ríkissjóði á þennan hátt. Engin viðurlög munu vera við því, þótt þessi skylda sé vanrækt, og samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, mun það látið átölulaust af hálfu skattayfirvalda, þótt undirskrift eiginkonu vanti, og engra skýringa krafizt af framteljanda um ástæður þess. Um afleiðingar þessa fyrir báða aðila þarf varla að fjölyrða, og ég vil leggja áherzlu á, að hér er ekki einvörðungu um að ræða metnaðarmál konu, sem vill framfylgja lögbundinni ábyrgð á því, að tekjur hennar séu taldar fram og hún sé talin jafngildur aðili gagnvart skattayfirvöldum. Þetta getur haft sínar afleiðingar fyrir eiginmanninn líka. Hann sem skattgreiðandi eða erfingjar hans eiga rétt á því samkv. lögum að krefjast endurgjalds af eiginkonu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, sem að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu hennar. Ég veit a. m. k. eitt dæmi þess úr hjónaskilnaðarmáli, að kona hafi neitað öllum kröfum um endurgreiðslu á þeim forsendum, að hún hafi ekki undirritað skattframtalið, og var sá málflutningur hennar tekinn til greina. Nú má að vísu segja, að unnt sé að koma í veg fyrir slíkt með hertu eftirliti skattyfirvalda, en þó mun sanngjarnast og eðlilegast að stíga skrefið til fulls og fá fulla og endanlega viðurkenningu á því, að kona, sem á skattskyldar eignir eða vinnur fyrir skattskyldum tekjum, beri beina ábyrgð, milliliðalaust, á framtali sínu og skattgreiðslu. Með því yrðu þegnarnir líka firrtir þeirri hvimleiðu hættu, að mál, sem er í rauninni mál einstaklings eða þjóðfélagsþegns gagnvart yfirvöldunum, verði að óþörfu og oft viðkvæmu einkamáli eða deilumáli hjóna.

Gerist gift kona með eigin tekjur sjálfstæður skattþegn, leiðir líka af sjálfu í allflestum tilfellum, að skattgreiðslur eru teknar reglulega af kaupi hennar, og er þetta einkum kostur, þegar um er að ræða konu, sem ber aðalframfærslubyrði heimilisins. Eigi kona að teljast fullkomlega fjárráða, hlýtur þjóðfélagið að búa svo í haginn, að henni gefist kostur, ekki síður en eiginmanninum, að hafa fullkomna yfirsýn yfir greiðslur þeirra opinberra gjalda, sem henni ber að greiða.

Ég ætla mér ekki þá dul að koma hér með algilda lausn á því, hvernig útreikningi skatta skuli háttað eftir slíka breytingu, en bendi á, að Svíar hafa þegar farið inn á þessa braut, án þess að um sérsköttun sé að ræða. Hafi bæði hjónin skattskyldar tekjur, sem ná vissu lágmarki, telja þau fram sitt í hvoru lagi og greiða síðan opinber gjöld í réttu hlutfalli við sinn hlut af sameiginlegum skattskyldum tekjum. En ég ræði ekki hér frekar um það, hvernig slíkri skattaálagningu hjóna yrði bezt fyrir komið, enda flókið og margþætt mál, sem þarf nákvæmrar athugunar við. Brtt. mín fjallar einungis um þá stefnumörkun, sem gera þarf.

Í brtt. hv. 7. þm. Reykv. eru atriði, sem að sumu leyti eru samhljóða minni till., en till. hans gengur þó öllu lengra, og í henni er atriði, sem ég er ósammála og tel stórlega vanhugsað. Í till. sinni gerir hann ráð fyrir því, að giftri konu sé reiknaður hluti af tekjum eiginmannsins sem laun fyrir vinnu hennar á heimilinu. Ég hef ekki fengið enn þá fullnægjandi upplýsingar um það, hvernig hann hefur hugsað sér þetta í framkvæmd, og það kom ekki fram í ræðu hv. 5. landsk. þm. hér áðan. Ég veit ekki, hver yrði talinn vinnuveitandi slíkrar konu á skattframtali. Ég get varla ímyndað mér, að það yrði vinnuveitandi eiginmannsins, því að þá hlyti hann að taka á sig þá samningsbundnu skyldu að greiða fyrir rétt hennar til aðildar að lífeyrissjóði eiginmannsins, greiða slysatryggingu til hennar, þótt maðurinn sé í fullu fjöri, greiða orlofspeninga o. s. frv. Ég á bágt með að trúa því, að atvinnurekendur fengjust til að ganga inn á þá kosti. Þá er hinn kosturinn eftir, að eiginmaðurinn verði talinn vinnuveitandi konu sinnar. Ég fyrir mitt leyti vil helzt ekki hugsa þessa hugsun til enda, en það verður ekki hjá því komizt, úr því að till. um þetta er komin fram. Í þessu felst það, að eiginkonan er orðin launuð þjónusta eiginmannsins, bókstaflega talað skráð sem slík í opinberum skjölum. Hún er ekki lengur sú húsfreyja, sem með vinnuframlagi sínu er jafngildur og fullgildur framfærandi heimilis síns til jafns við eiginmanninn, eins og lög um réttindi og skyldur hjóna gera ráð fyrir, heldur nánast komin á framfæri eiginmannsins. Hann ræður hana í hjónabandið, en giftist henni ekki á jafnréttisgrundvelli. Þetta kallar hv. 7. þm. Reykv. róttækni í nál. sínu. Sannleikurinn er sá, að það er öðru nær. Þetta er að renna sér með eldflaugnahraða aftur í svartasta afturhaldsmyrkur. En jafnvel þótt við féllumst nú á það, að húsmóðir yrði ekki lengur veitandi eða framfærandi með vinnu sinni, heldur launaður vinnukraftur eiginmannsins, þá liggur í augum uppi, að kaupgreiðslan yrði ekki í neinu hlutfalli við vinnuframlagið. Eiginkona hátekjumannsins fengi kannske 500 þús. kr. fyrir vinnuframlag sitt, hversu mikið eða lítið sem það kynni annars að vera. Eiginkona láglaunamannsins aftur á móti, sem engin fjárráð hefði til þess að kaupa sér heimilisaðstoð af neinu tagi, en ætti og annaðist kannske 4–5 börn, fengi aftur á móti ekki nema, segjum 200 þús. kr. Þessi regla mundi því stefna að því, að vinnuframlag húsmóður á heimili yrði því hærra metið, sem laun mannsins væru hærri, algerlega án tillits til barnafjölda eða vinnuálags húsmóðurinnar.

Giftar konur, sem afla tekna, krefjast þess að verða sjálfstæðir skattþegnar, ekki til þess að fá skattfríðindi umfram þær konur, sem starfa heima, heldur til þess að bera sjálfar ábyrgð á þeirri greiðslu, sem þeim ber að inna af hendi. Þetta virðist óskiljanlegt öllum þorra

manna, og þess vegna lenda þeir út í þær ógöngur að krefjast þess, að tekjulausar húsmæður verði líka sjálfstæðir skattgreiðendur. Ég held, að þetta stafi af því, sem kalla mætti kynferðislega þráhyggju. Þeir, sem henni eru haldnir, losna ekki við þá hugmynd, að eitt skuli yfir allar konur ganga, hvað sem tautar og raular, hvernig sem aðstæður eru. Ef viss hópur kvenna krefst ráðstafana til samræmis við aðstæður, þá má ganga að því vísu, að allir karlmenn rísi upp og heimti þessar sömu ráðstafanir til handa öllum konum heims, þótt þeim sé enginn hagur í því. Ég held, að það sé stórlega vanhugsað, að telja, að hagur sé að því fyrir gifta konu, sem er tekjulaus, að vera greiðsluskyld fyrir tekjum eiginmannsins, því að sé hann vinnuveitandinn, þá getur þjóðfélagið ekki tryggt það, að þessir peningar komist nokkurn tíma í hennar hendur.

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir brtt. minni, en mig langar til þess að ræða nokkuð um annað atriði, sem hér hefur borið á góma, 50% regluna, helmingsfrádrátt af tekjum giftrar konu. Það hefur nú gengið talsvert á hjá stjórnarandstöðunni vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að afnema helmingsfrádráttinn af tekjum giftrar konu við útsvarsálagningu, sem nú er komin niður í 10%. Það er ekki lítið, sem á að gerast samkv. málflutningi stjórnarandstöðunnar. Frystihúsin tæmast, greinar útflutningsatvinnuveganna missa vinnuafl í stórum stíl, og í nál. sjálfstæðismanna á þskj. 395 er meira að segja fullyrt, að þessi breyting geti haft háskalegar afleiðingar og dregið úr verðmæti útflutnings og þjóðarframleiðslu. Það ber vissulega að fagna því, að sjálfstæðismenn skuli meta svona mikils þjóðhagslegt mikilvægi þeirra starfa, sem giftar konur inna af hendi úti í atvinnulífinu. Það kvað nefnilega nokkuð við annan tón, þegar 50% frádrátturinn var settur á. Þá réðust þeir harkalega gegn þessum frádrætti og nefndu hvergi á nafn útflutningsatvinnuvegina eða hraðfrystiiðnaðinn. Þá voru áhyggjur þeirra nokkuð á annan veg. M. a. sagði hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, þá, árið 1957, um 50% regluna, og má lesa það í þingtíðindum, með leyfi forseta:

„En með þeirri skipan, sem hér er lögð til í frv., er fremur verið að örva og hvetja giftar konur til þess að vinna utan heimilis í staðinn fyrir, að þjóðfélagið ætti, eins og hv. þm. benti á, fremur að stuðla að því gagnstæða."

Hér hefur aldeilis orðið hugarfarsbreyting. Guð láti gott á vita. En sinnaskiptin eru djúptækari en þetta. Það er ekki lengra síðan en á síðasta Alþ., að þessir sömu flokkar, sem nú eru í stjórnarandstöðu, lögðu fram frv. til l. um breytingu á tekju- og eignarskattslögunum, og fyrsta ákvæðið í því frv., alfyrsta ákvæðið, fjallaði um afnám 50% frádráttarins af tekjum giftrar konu, þennan frádrátt, sem þeir telja nú að eigi verulega að skerða með háskalegum afleiðingum fyrir þjóðarbúið. Í stað 50% frádráttarins lögðu þeir til, að sett yrði þak á frádráttinn. Frádrátturinn átti ekki að koma á nema vissa upphæð, þ. e. hálfan persónufrádrátt hjóna, 188 þús. kr., að mig minnir. Þetta ákvæði, hefði það orðið að lögum, hefði óhjákvæmilega skammtað konu hámarkslaun, stuðlað að því, að hún sækti ekki nema um láglaunastarf eða ynni einungis hálfan daginn. Um þetta urðu miklar deilur í fyrra, og ég ætla ekki að fara að rifja þær upp hér. Ég minni aðeins á þetta til þess að sýna, að núv. stjórnarandstaða hefur sannarlega ekki ætlið dillað 50% reglunni af jafn mikilli ástúð og nú. Fremur má segja, að hún hafi verið hjá þeim sem tökubarn, sem þeir vildu sem óðast losna við af sínum heimilum.

Vinstri stjórnin setti 50% regluna, og hún ætlar sér að halda henni á öllum meginþunga skattanna. Við skulum athuga, hvað hæft er í því, að hinn flati brúttóskattur muni reka konur heim úr frystihúsunum og atvinnulífinu yfirleitt. Hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar eru hámarksárslaun konu 218 þús. kr., í Hraðfrystistöð Reykjavíkur um 200 þús. kr. og á Akranesi um 174 þús. kr. Á öllum þessum stöðum eru flestar konur með 100–150 þús. kr. á ári. Þá má hafa í huga, að hjá verzlunarfólki, meðal bankastarfsmanna og í launakerfi ríkisins eru konur fjölmennastar í lægstu launaflokkunum. Óhætt mun að fullyrða, að ekki minna en 80% giftra kvenna sé með innan við 200 þús. kr. í árstekjur. Samkv. frv. greiðir verkafólk ekki tekjuskatt af þeim launum, sem um var samið í kjarasamningunum í des., ekki heldur þó að konan vinni einnig úti og hafi fulla vinnu.

Ef við tökum dæmi af hjónum með tvö börn, þar sem eiginmaðurinn hefur 20 þús. kr. á mánuði, sem er meira en dagvinnulaun verkamanns, samtals 240 þús. kr. á ári, og eiginkonan 200 þús. kr., þá eru tekjur fjölskyldunnar kr. 440 þús. Af þeim tekjum greiða hjónin samkv. frv. um tekjustofna sveitarfélaga kr. 35 þús. í útsvar og enga aðra skatta til ríkis eða sveitarfélaga. Við útreikning á tekjuskatti fá þau til frádráttar persónufrádrátt fyrir sig og börnin, samtals kr. 280 þús. og svo helming af tekjum konunnar, kr. 100 þús. Áætla má annan frádrátt kr. 60 þús. Þau ná því þess vegna ekki að greiða tekjuskatt. Hjá giftum konum, sem vinna úti og taka laun samkv. töxtum verkalýðsfélaganna, verður því um skattalækkun að ræða, þó að þær greiði útsvar af öllum sínum tekjum.

Það sakar ekki að nota þetta tækifæri til þess að rifja upp hér ástæðurnar fyrir því, að 50% reglunni var komið á. Megintilgangur reglunnar var sá að uppræta óhæfilegt misræmi milli skattlagningar hjóna, sem bæði öfluðu skattskyldra tekna, og skattlagningar svonefnds sambúðarfólks, þ. e. karls og konu, sem bjuggu saman ógift og töldu því fram sem tveir einstaklingar. Þá gat munurinn á skattlagningu á tveim slíkum heimilum farið allt upp í rúmar 15 þús. kr., sem var ekki lítill peningur þá, sambúðarfólki í vil, enda þótt heimilin öfluðu nákvæmlega sömu tekna. Ástæðurnar fyrir þessum mikla mismun var stighækkun tekjuskattsins. Brúttóútsvarið er flatur skattur. Samanburðurinn á hjónum og einhleypingum stendur því óhaggaður, og það var hinn upprunalegi tilgangur þessarar reglu. Hinn mikla mun á sköttum hjóna og einhleypinga, sem orðinn var fyrir 1957, hefði mátt laga á sínum tíma með öðrum hætti en 50% reglunni. Það hefði mátt laga hann með því að afnema stighækkandi skatta. Nú hefur það verið gert á útsvarsstiganum, og hlutfallið milli þeirra tveggja heimila, sem ég gat um áðan, stendur því enn óhaggað. Hitt er svo aftur annað mál, að 50% reglan tryggir ekki endilega réttlæti milli allra þeirra heimila, sem hún nær til. En ég tel þó rétt, að hún haldist, þangað til annað og betra form er fundið á skattgreiðslu giftrar konu, og vona að í þeirri endurskoðun, sem ég

hef lagt til, að gerð verði með brtt. minni og raunar hefur verið lýst hér yfir úr þessum ræðustól af fjmrh., að verði gerð, verði á sanngjarnan hátt reynt að meta, í hve ríkum mæli og á hvern hátt skattskyldur einstaklingur skuli fá frádrátt vegna ómegðar og heimilisstærðar.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Um fá mál hefur verið meira rætt manna á meðal í vetur en um skattafrv. nýju, tekjustofna sveitarfélaga og breytingar á tekju- og eignarsköttum. Og allir hafa spurt: „Er þetta til bóta eða er þetta til skaða?“ Hér var því lýst áðan af frsm. meiri hl. n., að frv. væru ætluð til þess að stefna að réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar, og hæstv. fjmrh. tók þannig til orða hér áðan, að þetta væri ugglaust til bóta, því að það ætti að leggja á tekjur, þar sem tekjur eru, og eignir, þar sem eignir eru.

Nú langar mig að segja hér örlítið frá því, sem menn hafa verið að velta fyrir sér, bæði þeir, sem eru í stjórnarandstöðu, og stjórnarsinnar úti á landsbyggðinni. Í framsöguræðu þess, sem talaði fyrir meiri hl. n., virtist mér koma fram, að hann bæri aðallega saman tekju- og eignarskatta og útsvör annars vegar við það, sem áður hefði verið, en í ræðu hæstv. fjmrh. virtust fasteignaskattarnir teknir inn í þetta. Það skiptir geysilega miklu máli, hvort þeir standa utan eða innan við þennan samanburð, því að einmitt eru það fasteignaskattarnir, sem munu hækka hvað mest við þessar breytingar vegna hins nýja skattmats, sem nú er komið til framkvæmda.

Það hefur verið mikið látið af því, hve það væri góð breyting að fella niður nefskattana, og ekki skal ég andmæla því. En mér virðist stundum, að það sé gert nokkuð mikið úr þeim gæðum, sem af því hljótast, og vil þess vegna minna á það, sem hér hefur ekki komið fram, að allir, sem voru 67 ára, borguðu engin almannatryggingagjöld. Þess vegna eru engar breytingar gerðar varðandi þá. Og það hefur verið talað um unga fólkið í skólunum, það hafi verið felldir niður nefskattar á því. Rétt er það, að samkv. almannatryggingalögunum átti hver, sem orðinn var 17 ára, að greiða iðgjald til tryggingganna, en það var jafnframt í þeim lögum, að væri maðurinn ekki í ákveðnu tekjumarki, þá var viðkomandi sveitarfélagi skylt að greiða fyrir hann tryggingaiðgjöldin, og það var gert í mjög mörgum tilfellum, þannig að þær bætur, sem þetta gerir gagnvart öldruðu fólki og ungu fólki, eru ekki að öllu leyti eins miklar og hér er talað um.

Hitt er annað mál, að ég tel þetta vera samt sem áður örugglega til bóta og vil í því sambandi benda á, að áður voru þetta kannske fremur heimildarákvæði, hvað varðaði unga fólkið, og var þess vegna ekki alls staðar notað, sums staðar og sums staðar ekki, þannig að af þessu skapaðist misræmi. Í þessu sambandi vil ég hér minna á, að mér sýnist í þessum nýju frv. vera ýmis heimildarákvæði, sem vafasamt er, að verði notuð nema sums staðar, en sums staðar ekki, og þannig geti þau valdið margs konar misrétti eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu.

Hér var áðan sagt, ég held, að það hafi verið hæstv. fjmrh., að það hefði ekki verið hægt að framkvæma tryggingalöggjöfina nema breyta tekju- og eignarskattslögunum. Alþfl. er einmitt að benda á í sambandi við nál. sitt hér, að vel hefði þetta mátt með því að leggja á sérstakan skatt til þess að ná inn tekjum vegna tryggingalöggjafarinnar. Og þegar hæstv. fjmrh. ræddi hér um það áðan, hve þetta mundu hafa verið geysilega háar tölur, sem lagzt hefðu t. d. á hjón, mig minnir, að hann nefndi 22 þús. kr., ef þessu hefði ekki verið breytt, og 15 þús. kr. fyrir einhleypan karlmann og einhleypa konu 14 þús. kr., þá datt mér í hug í þessu sambandi, að það hefur verið reiknað út, hve vísitalan hefur verið látin lækka með því að taka inn í dæmið nú, að fella eigi niður nefskattana, sem kallaðir eru, og einnig sú breyting, sem gerð var rétt um áramótin, að tryggingafélög bifreiða máttu ekki hækka sín iðgjöld, en máttu á móti láta menn taka á sig ákveðna sjálfsábyrgð. Það voru ekki hækkuð tryggingaiðgjöldin, vegna þess að það hefði haft áhrif á vísitöluna, og nefskattarnir eru færðir til í skattbyrðinni og koma nú ekki inn í vísitöluna. Samtals skilst mér eftir þeim útreikningum, sem hér hafa legið fyrir undanfarið, að um 6 vísitölustig mælist ekki í vísitölunni nú, sem annars hefðu mælzt eftir áður gerðu og áður notuðu kerfi.

Hvað eru 6 vísitölustig á kaup? 6 vísitölustig á t. d. kaup verkamanns, sem hefur 20 þús. kr. tekjur á mánuði, eru það mikið á ársgrundvelli, að það er verið að taka af slíkum manni gegnum vísitöluna jafnháa upphæð og fjmrh. nefndi hér áðan, þegar hann var að nefna, hver iðgjöld hefðu þurft að vera á einhleypan einstakling, eða 15 þús. kr. Það er því ekki allur munurinn á því, sem þarna er gert, þó að ég skuli manna fyrstur viðurkenna, að mér finnst að ýmsu leyti hafa verið haldið hreinlegar á spilunum en annars hefði verið. En það er ekki alls staðar verið að lækka á mönnum gjöldin, eins og stjórnarliðar vilja halda fast fram. Einhver mundi kannske segja hér: Grundvelli vísitölunnar hefur ekki verið breytt með því að taka nefskattana út úr. En það er ekki rétt. Útreikningurinn er hafður eins, en grundvellinum hefur verið breytt. Vísitölunefskattarnir hafa verið felldir niður, en færðir annars staðar í skattkerfið. Menn verða að greiða nefskatta sína, en á annan hátt og annars staðar og kannske ekki allir á sama hátt og áður, en þetta er greitt eftir sem áður, og þess vegna er þarna verið að leika sér með vísitöluna. Um það er ekki blöðum að fletta.

Fjmrh. sagði hér áðan: „Það á að leggja tekjuskattinn á, þar sem tekjur eru, og eignarskattinn, þar sem eignir eru.“ Við skulum athuga þetta ofurlítið nánar. Hvernig er farið með unga fólkið, sem nú er að byggja? Margan veit ég íbúðarbyggjandann, sem byggir um tveggja millj. kr. íbúð og á sama og ekkert í henni. En það á að leggja hækkaða fasteignaskatta á þetta fólk. Mig grunar, að því þyki ekki vel með sig farið eftir þessar skattabreytingar. Og hvernig er farið með aldrað fólk? Margt af því hefur kannske mjög litlar tekjur, en á sínar fasteignir, og það hafa hækkað verulega gjöld á þeim. Þannig sýnist mér, að hefði ríkisstj. viljað fara vel að þessum málum, hefði hún þurft að athuga miklu betur, hvernig þetta leggst á unga fólkið, sem er að koma upp íbúðum yfir höfuðið á sér, og líka athuga, hvernig þessar skattabreytingar fara með eldra fólkið, sem hefur orðið litlar tekjur, en á kannske fasteignir og verður nú að greiða af þeim gjöld. Að öllu þessu athuguðu hef ég ekki getað komizt að öðru en því, sem mér sýnist flestir komast að þessa dagana, hvort sem þeir eru í stjórnar-

andstöðu eða eru stjórnarliðar, að gjöldin munu hækka verulega á flestum stéttum þjóðfélagsins.

Hv. 4. landsk. þm. var að ræða um það hér áðan, að hann kæmi ekki auga á það, hvernig ætti að skipta tekjum milli hjóna, ef konan ynni ekki úti, og þá yrði hún eins konar þerna eiginmannsins, ef svo yrði gert. Ég held, að flestir viti, að til eru ýmsar svo kallaðar óbeinar tekjur. Við skulum taka t. d. húsaleigu manns, sem er í sinni eigin húseign. Við skulum taka ýmislegt annað, t. d. vinnu eiginkonunnar í heimilinu, hvað hún sparar geysilega mikið í útgjöldum og auðveldar eiginmanninum tekjuöflun hans, og enginn vandi ætti að vera að finna eitthvert kerfi, sem sanngjarnt þætti, til að meta þessa vinnu inn í sambú hjónanna. Sumar konur geta unnið úti, vegna þess að heimili þeirra er svo létt, kannske barnlaust eða með 1–2 börn. En aðrar konur geta ekki unnið úti, vegna þess að margt barna er á heimilinu. Hjón í síðara dæminu hafa þyngri skattbyrði hlutfallslega en hjón, þar sem konan vinnur líka úti. Ég hef aldrei getað fundið neitt réttlæti í þessu. Þess vegna tel ég, sem ég hef raunar heyrt ýmsa ræðumenn hér taka undir í dag, að þá fyrst væri komið meira réttlæti og miklu meira réttlæti í skattlagningu hér á landi, þegar hver einasti þegn er sjálfstæður skattgreiðandi.

Það var ekki annað en þetta, sem ég vildi koma hér á framfæri. Það var að sýna fram á, að þó að ég telji margt í frv. til bóta, þá vantar mikið á, að um vissa hluti sé hugsað. Ég undirstrika það alveg sérstaklega varðandi ungt fólk, sem er að byggja yfir sig eða kaupa sér íbúð. Ég álít, að það muni koma mjög harkalega niður á því, bæði að það á að fella niður vaxtafrádrátt, hvað útsvar snertir, og eins hvað því er ætlað að bera háan fasteignaskatt, eins og nú horfir. Og svo hitt varðandi aldrað fólk, þegar það er komið yfir 67 ára aldur og er þó með fasteignir, sem kannske gefa ekki raunverulega neitt af sér nema húsaleiguna til þess, meðan það býr í því, en viðhald e. t. v. allmikið. Ég veit allmörg dæmi þess, að því hefur orðið nógu erfitt með fasteignaskattinn, eins og hann hefur verið, hvað þá þegar hann hækkar, og ef það eiga aðeins að verða heimildir í lögum, að það megi fella fasteignagjöld niður gagnvart þessu aldraða fólki, þá efast ég um, að það verði nema sumir, sem fái að njóta þeirra heimilda, eins og þetta hefur oft verið framkvæmt, en sumir njóti þeirra ekki.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði hér í ræðu sinni áðan ýmsar aths. varðandi það, sem fram kemur í nál. 1. minni hl. fjhn. um það frv., sem hér er á dagskrá, um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Hann rakti í ræðu sinni þau vinnubrögð, sem við voru höfð af hæstv. fyrrv. ríkisstj. og vildi meina, að það frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþ. og lögfest s. l. vor, hefði verið með þeim hætti, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði ekki getað við það unað. Vel má vera, að svo sé, enda segir í grg. með frv. sáralítið um þær breytingar, sem þar er lagt til að gera, annað en að þessi löggjöf, sem samþ. var s. l. vor, sé ekki að skapi núv. hæstv. ríkisstj. En ég vil leyfa mér að minna hæstv. fjmrh. á, að grundvöllur að þeirri breytingu, sem þá var gerð, var innganga Íslands í EFTA og það, að páv. ríkisstj. lýsti yfir því, að við inngönguna yrði gerð endurskoðun á skattalögunum til þess að gera aðstöðu íslenzkra fyrirtækja sambærilega við fyrirtæki EFTA-landanna.

Með skipun skattalaganefndarinnar 1969 var henni sett sem starfssvið að endurskoða skattalögin út frá þessu sjónarmiði. Í skattalögunum frá s. l. vori er að finna fjölmörg ákvæði, sem gera stöðu atvinnufyrirtækjanna mun betri til þess að keppa við fyrirtæki á markaði Fríverzlunarbandalagsins. En í því frv., sem hér liggur fyrir, virðist núv. hæstv. ríkisstj. ganga til baka og gera að engu ýmislegt af því, sem lagt var til og lögfest var s. l. vor.

Ég rakti í ræðu minni við 1. umr. gang þessara mála frá því s. l. vor og hyggst ekki endurtaka það nema þá að litlu leyti. Ég vil aðeins benda á fyrningarreglur þær, sem settar voru og gert er ráð fyrir með þessu frv. að breyta mjög verulega og þá í þá átt, að þær verða miklu óhagkvæmari fyrir atvinnufyrirtæki en gert hafði verið ráð fyrir. Þá vil ég benda á endurmatsreglur þær, sem settar voru s. l. vor. Það er jafnframt gert ráð fyrir með frv., að þær verði miklu óhagkvæmari, og tel ég, að með þessu sé verið að ganga á þau loforð, sem gefin höfðu verið og staðið hafði verið við af fyrrv. hæstv. ríkisstj., sem voru grundvöllur íslenzkra fyrirtækja til þess að standast vaxandi samkeppni á mörkuðum Fríverzlunarbandalagsins. Þetta er skoðun hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, og við í stjórnarandstöðu fáum sjálfsagt ekki þar neinni breytingu við komið, en ég vil ekki láta hjá líða að endurtaka það, sem ég sagði um þessi atriði, og undirstrika, og ég mun koma hér síðar að þessum atriðum undir öðrum kringumstæðum og þá beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann mundi ekki vilja skoða málin enn betur á milli 2. og 3. umr. og þá með hliðsjón af því að færa þau nær því, sem gert hafði verið s. l. vor.

Hæstv. fjmrh. gerði og að umtalsefni hér áðan það nýmæli, sem var sett í löggjöfina s. l. vor, þ. e. um arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulag hjá hlutafélögum og í sambandi við það skattfrelsi arðsins hjá viðtakanda, þ. e. að nú er í skattalögunum skattfrelsi hjá fyrirtækjum á þeim hluta arðs allt að 10% miðað við hlutafé, sem greitt er til hluthafa. Höfuðröksemd hæstv. fjmrh. fyrir því, að þetta skuli nú fellt úr gildi, er að hlutafélagalögin séu svo gömul og úrelt, að ekki sé með nokkru móti hægt að innleiða þetta kerfi hér hjá okkur, og hann vitnaði mjög til ræðu, er próf. Ólafur Björnsson flutti í Ed. við 2. umr. málsins á s. l. vori. Mér var fyllilega ljóst, að það voru ýmsir, sem höfðu ýmislegt við það að athuga, að þetta kerfi yrði upp tekið, en ég held, að það hafi fyrst og fremst stafað af því, að menn gerðu sér ekki grein fyrir því, sem hér var um að ræða, og hinu, að með þessu fyrirkomulagi var þess freistað, að hlutafélög yrðu mun betur fjármögnuð en þau hafa verið. Það er alveg rétt, að samkv. hlutafélagalöggjöfinni er hægt að mynda hlutafélög um smáatvinnurekstur, en eins og ákvæðin voru í löggjöfinni frá því í vor, var fyrir því séð, að hvorki væri hægt að taka óeðlilega mikið út úr fyrirtækjum né heldur, að hver einstaklingur gæti tekið út úr fyrirtækinu óeðlilega mikið í sinn hlut. Fyrirmyndin að þessu er sótt til okkar nágranna, Norðmanna, sem höfðu farið inn á þessa braut fyrir 3–4 árum, einmitt í því skyni að fá meira fjármagn inn í fyrirtækin og glæða með þessari aðferð áhuga almennings á því að leggja fjármagn sitt til atvinnurekstursins. Eins og ég sagði

áðan, voru þessi ákvæði, sem eru í gildandi löggjöf, mjög vel skoðuð og þannig frá þeim gengið, að hlutafélagalögin, eins og þau eru í dag, torvelda með engu móti, að hægt sé að taka þetta kerfi upp hér hjá okkur og hvetja þannig almenning til þess að leggja fé sitt í atvinnureksturinn og þá um leið skapa íslenzkum fyrirtækjum meira eigið fjármagn en hefur verið, en þetta hefur háð fyrirtækjunum mest á undanförnum árum og áratugum. Vonandi sjá menn, þótt síðar verði, að hér er um að ræða mjög gagnleg ákvæði inn í skattalögin, og vonandi eigum við þá eftir með endurskoðun hlutafélagalaganna að sjá í skattalöggjöfinni, að það, sem hér var fitjað upp á, verði tekið og gert að raunveruleika.

Mjög hefur verið rætt um það, allt frá því, að frv. var lagt fram, hvort skattbyrði skattborgaranna þyngdist eða léttist við þau frv., sem hér hafa verið lögð fram. Hér voru þá strax við 1. umr. fluttar ræður, og mikið var um tölur. Hæstv. fjmrh. kom og gerði þingheimi grein fyrir því, að það væri meiningin að létta skattbyrðina á borgurunum. Hins vegar kom einn hv. þm. og gerði grein fyrir því, að með þessu frv. væri mjög verið að íþyngja skattborgurum í landinu. Um þetta urðu af eðlilegum ástæðum töluvert mikil blaðaskrif, því að af ræðu ráðh. var ekki hægt að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvað hér var á ferðinni, enda málið þá sjálfsagt nýkomið í hans hendur, og eins og ég sagði þá, hafði hann mjög þokukenndar skoðanir á því, hvað raunverulega stæði í frv. Frsm. fjhn., hv. 5. þm. Austf., orðaði það svo hér í ræðu sinni, að stjórnarandstaðan hefði stundað fræðslustarfsemi um það, hvort skattbyrðin mundi aukast eða léttast. Ég skal ekki deila við þann ágæta þm. um það, en mig langar til þess að benda honum á, að skömmu fyrir jól, fremur en á milli jóla og nýárs, sáu embættismenn fjmrn. ástæðu til þess að birta í dagblöðum grg. til alþm. og reyndar þjóðarinnar allrar, það var tilraun til þess að skýra þessi frv., sem hér lágu fyrir Alþ.

Þetta varð til þess að staðfesta, að framlagning frv. var með þeim hætti, að alþm. var ekki með nokkru móti mögulegt að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum hlutum mundi háttað. Í ræðu hæstv. fjmrh. var að vísu reynt að telja mönnum trú um, að skattbyrðin mundi ekki aukast, en þá voru í sölum Alþ. menn, sem þekktu þessi mál mjög vel af störfum sínum og gátu á tiltölulega skömmum tíma bent á, hvað hér var raunverulega á ferðinni.

Með tölum er hægt að flækja hluti, og ef menn eru færir í talnaleik, er hægt að fá ýmsar útkomur með mismunandi grundvelli, og það held ég, að hér hafi verið gert í upphafi. Þegar hæstv. fjmrh. gerði samanburð á eldra kerfi og því, sem frv. gerðu ráð fyrir, var það gert á ofur einfaldan hátt: Gamla kerfinu var gefin ákveðin stærð í skattvísitölu, þannig stærð, að samanburðurinn gat staðizt.

En hver er raunveruleiki þessa máls, og hver er niðurstaða fjárlaga fyrir árið 1972? Fjárlög fyrir árið 1972 hækka u. þ. b. 50%, og það á að gerast um leið og skattar eiga að lækka á landsmönnum. Þetta er staðreyndin í málinu, og ég held, að ef menn gera sér grein fyrir þessu, sjái þeir raunveruleikann á bak við þann samanburð, sem hér var reynt að hafa í frammi. Það er ákaflega einfalt. Þegar sérfræðingar ríkisstj. eru beðnir að leggja fram útreikninga á tekjuliðum fjárlaga, kemur líka í ljós, að tekjuskatturinn, sem landsmönnum er ætlað að greiða 1972, á móti tekjusköttum, sem landsmönnum var ætlað að greiða 1971, er á 3. þús. millj. kr. hærri. Að sjálfsögðu verður að taka þar inn í dæmið til frádráttar þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á almannatryggingakerfinu. En það var eitt snilldarútreikningsdæmi hæstv. ríkisstj., þegar létt var af almenningi tryggingagjöldunum og þar með vísitöluútreikningi breytt um 3.72 stig, að sú hin sama upphæð var tekin af skattborgurum með öðrum hætti og í öðrum sköttum, en þeir skattar voru bara ekki teknir með í útreikningi vísitölugrundvallarins.

Það er kannske ástæðulaust fyrir okkur stjórnarandstæðinga að ræða þetta frekar eða sýna fremur fram á það, sem hér er að gerast. Hv. 2. þm. Vestf., frsm. 1. minni hl. fjhn., sagði, að við skyldum aðeins bíða, skattseðillinn mundi sjálfsagt segja okkur frá því, hvort skattar hækkuðu eða lækkuðu. Það er eðlilegt, að þegar tekjur manna aukast, greiði þeir meiri skatta. Það er allt annað en að skattbyrðin aukist. Þegar um er að ræða skattbyrðina, er um að ræða hlutfallslegan skatt af tekjum. Það er mjög eðlilegt, að þegar skatttekjur manna aukast á milli ára, greiði þeir hærri skatta sem því nemur. En hv. 5. þm. Austf., frsm. fjhn., orðaði þetta mjög snilldarlega og sagði: „Eins og í stjórnarsamningnum segir, stefna þessi frv. að skattalækkun.“ Ég veit ekki, hvort skýringar á frv. eða lögunum, ef frv. verða samþ., á að sækja í stjórnarsamninginn eða í frv. sjálf. En ég mundi nú samt sem áður halda, að ef einhvern tíma yrðu málaferli út af þessum skattalögum, mundu dómarar ekki leita í stjórnarsamninginn, heldur líta á lögin sem slík og umr., sem fram fóru á Alþ., og dæma út frá því, en ekki því, sem stendur í stjórnarsamningnum.

Þá hefur verið á það minnzt, að frv. séu seint á ferðinni, og einnig, að þeim sé ætlað að verka aftur fyrir sig. Hæstv. fjmrh. kom hér með 40 ára sögu framlagningar skattafrv. og samþykktar á skattalöggjöf, og hann gat að sjálfsögðu fundið, að skattafrv. væru síðbúin og kæmu seint fram. Það er hins vegar ekki fyllilega sambærilegt að ræða um lagasetningu frá 1932, þegar þing sat kannske aðeins um tveggja mánaða skeið á ákveðnum tíma ársins, í stað þess að í dag situr þing 6, 7 og stundum langt á 8. mánuð. Eins og hann sagði, vildi hann ekki fara úr takt við fyrirrennara sína, en mig grunar, að með sama áframhaldi verði hann kominn langt fram úr þeim. A. m. k. er sú breyting, sem hér er lögð til, meiri en nokkurn tíma hefur átt sér stað, þ. e. að aðeins eftir 4 eða 5 mánuði sé mikilvægri lagasetningu vikið frá eingöngu vegna þess, að hún er ekki að skapi ráðh. þeirrar ríkisstj., er nú situr! Ég segi: Þetta er mjög rangt og, ég held, mjög skakkt að farið. Það má vel vera, að einhverjir þeir hlutir, sem gerðir voru s. l. vor, hafi þurft leiðréttinga, svo er um öll mannanna verk, en að kollsteypa skattalöggjöf, eins og hér er ætlað að gera, án þess að hafa nokkurt samráð við þá aðila, sem eiga mest undir slíkri löggjöf, held ég, að sé mjög rangt.

Um afturvirkni skattalaganna skal ég ekki fjölyrða mikið. Hins vegar gat hæstv. fjmrh. um hæstaréttardóm, sem gengið hefur í slíku máli. Þeir eru fleiri en einn. Sá er hann nefndi var ekki samhljóða í Hæstarétti, 4 atkv. gegn 1, en ég held, að það sé a. m. k. varlega sagt,

að afturvirkni íþyngjandi ákvæða sé mjög hæpin og samræmist ekki þeirri réttarfarshugsun, sem við búum við. Hæstv. fjmrh. minntist á það, að það brygði þá öðruvísi við en áður, ef málaferli yrðu út af þessari löggjöf. Ég bendi á, að þau dæmi, sem hæstv. fjmrh. var með, voru í flestum kringumstæðum í sambandi við tekjuöflun til ríkissjóðs. Hér er verið að ógilda ákvæði, sem gilt hafa frá því í vor og mörg fyrirtæki hafa nú þegar hagnýtt sér. Ef nú fer svo, að Alþ. samþykki þessi ákvæði, er þá óeðlilegt, að aðilar, sem gert hafa ráðstafanir undir gildandi löggjöf, láti á það reyna, hvort þeir hafi rétt fyrir sér eða hæstv. ríkisstj., sem hugsar sér að láta þessa löggjöf undir þessum kringumstæðum verka aftur fyrir sig.

Þá minntist hæstv. fjmrh. hér á skattvísitöluna. Hann rakti að vísu ekki sögu hennar. En það hefur verið gert á undanförnum árum, og saga skattvísitölunnar rituð af sérfróðum mönnum. Sá hinn sami, sem skrifað hefur mest, er því miður fjarstaddur úr sölum Alþ. nú, þegar þetta fyrirbrigði, skattvísitalan, er á dagskrá. En það hefði verið mjög ánægjulegt að eiga við hann orðræður hér, og ég vonast nú til þess, að hæstv. fjmrh. misvirði það ekki við stjórnarandstæðinga, þótt þeir taki nú upp hanzkann fyrir þennan hv. þm., formann þingflokks Framsfl., og geri að umræðuefni hér hugsjónir hans á undanförnum árum. Það er alveg rétt, að skattvísitalan hefur ekki ævinlega verið notuð, og sú hugmynd, sem að baki henni liggur, er nokkuð gömul. Á s. l. ári var skattvísitalan aukin um 20% og gert ráð fyrir að ná upp því, sem áður hafði niður fallið, á næstu árum, og við fulltrúar Sjálfstfl. gerum till. um, að á þessu ári verði byggt á skattvísitölu 121.5 stig. Hún er grundvölluð á því, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa talið, að væri tekjuaukning nú á milli ára. Við töldum ekki ástæðu til þess, nú á þessu þingi, að ganga eins langt og hv. formaður þingflokks Framsfl. mundi sjálfsagt hafa gert, ef hann hefði verið viðstaddur þessa umr. og fengið tækifæri til þess að flytja brtt. En skoðun okkar er sú, að á næsta ári ættum við að geta unnið upp það, sem var stefnumarkandi í skattalöggjöf þeirri, sem sett var 1960, þegar samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. tók við völdum og mótaði þá stefnu, að launatekjur lægst launuðu Dagsbrúnarmannanna væru skattfrjálsar. Ég veit, að formaður þingflokks Framsfl. verður okkur stjórnarandstæðingum þakklátur, þegar hann kemur heim, fyrir að hafa hreyft þessu máli hér og gefið flokksbræðrum sínum tækifæri til þess að tjá sig nú í þessu máli, því að vart trúi ég því, að svo mikil sinnaskipti séu frá því í fyrravor hjá þeim ágætu þm., sem nú skipa stjórnarliðið, en voru þá stjórnarandstæðingar og studdu skattvísitölutillögu formanns þingflokks Framsfl. þá.

Að lokum ætla ég að minnast á eitt atriði, sem fram kom í ræðu frsm. meiri hl. fjhn., formanns n., hv. 5. þm. Austf., en hann lét þau orð falla, að till. stjórnarandstæðinga væru sér ekki að skapi, og hann vissi ekki betur en að þeir hefðu við fjárlagaafgreiðsluna samþ. hverja hækkunartillöguna af annarri, og svo þegar nú þyrfti að ganga frá tekjuöflunarfrv., vildu þeir láta vísa öllu saman frá. Ég vil minna þennan hv. þm. og þingheim á það, að áður en gengið var til afgreiðslu á fjárlögum við 2. umr., kvaddi formaður Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, sér hljóðs og benti á þau vinnubrögð, sem þá voru viðhöfð. Hann gerði að till. sinni fyrir hönd sjálfstæðismanna, að afgreiðslu fjárlaga væri frestað, þar til búið væri að afgreiða tekjuöflunarfrv., því að sennilega er einsdæmi í þingsögunni sú málsmeðferð, sem fjárlög hafa fengið 1972, þ. e. að útgjaldaliðir séu fyrst ákveðnir og síðar sé gengið í að samþykkja tekjuöflunarfrv. Við umr. fjárlaga vildu hv. stjórnarþm. vefengja, að hér væri um einsdæmi að ræða, og ég efast ekkert um, að það hefur verið vel leitað að því í þingsögunni í þingtíðindum, það hefur verið leitað að einhverju öðru dæmi. En það er ekki til afgreiðsla á fjárlögum undir þessum kringumstæðum, sem nú eru og sjálfstæðismenn vöruðu við, þegar fjárlagaafgreiðslan fór fram. Ég vil því benda á þetta í sambandi við það, sem form. og frsm. meiri hl. fjhn. sagði, og vekja athygli á því, að þá þegar við fjárlagaumr. gerðu sjálfstæðismenn till. um, að afgreiðslu fjárlaga væri frestað, en stjórnarþm. féllust ekki á það, og fjárlagaafgreiðslan er því á þeirra ábyrgð. Við töldum þá, að afgreiðsla og undirbúningur þessa máls, breytinga á tekjuskatts- og eignarskattslögunum, væri með þeim hætti, að það þyrfti miklu meiri skoðunar við en gert hafði verið ráð fyrir og undirbúningur allur með þeim hætti, að ekki væri hægt að samþykkja það óbreytt, og töldum þess vegna eðlilegt, rétt og þinglegt, að fjárlög yrðu ekki afgreidd, fyrr en tekjuöflunarfrv. hefðu fengið afgreiðslu á þingi.

Ég ítreka það, sem fram kemur í nál. 1. minni hl. fjhn., okkar hv. 2. þm. Vestf., og með tilvísun til þess nál. og þess rökstuðnings, sem þar er að finna, leggjum við til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég er nú búinn að hlýða á alllangt mál hjá hv. stjórnarandstæðingum, og það er alveg augljóst, að þeir þykjast vilja draga úr skattlagningunni, en ég held, að þótt leitað væri með logandi ljósi í öllum þeim málflutningi, sem nú hefur heyrzt, þá fyndu menn ekki nokkurt atriði um það, hvernig þeir ætluðu sér að bæta upp það, sem niður á að fella.

Ég kann ekki við það, sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði, að ég hefði í framsöguræðu minni borið saman kerfin, gömlu og nýju, án þess að taka tillit til eignarskattanna. Þetta er ekki rétt. Það, sem ég bar saman almennt, var á þann hátt, að ég greindi frá skattajafnvægispunktunum, og þá gat ég jafnframt um áhrif eignarskattanna, og þetta var aðalatriðið í þeim samanburði, sem ég gerði. En þar að auki vék ég svo að nokkrum einstökum afmörkuðum þáttum málsins, og þar var heldur ekkert falið. Það fór eins fyrir hv. 1. þm. Reykn. Hann segir, að ég hafi haldið því fram, að frv. stefndi að skattalækkun. Ég sagði það aldrei, þetta er alveg út í bláinn mælt. Ég get aðeins rifjað upp það, sem ég sagði um þetta, orðrétt. Það var þannig: „Af þessu má sjá, að með niðurfellingu persónuskattanna og fleiri aðgerðum, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, er stefnt að réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar, og það þokast nær því marki að leggja ekki beina skatta á þær tekjur, sem einungis hrökkva fyrir allra brýnustu lífsnauðsynjum.“ Og ég sagði einnig: „Hitt er svo önnur saga, að skattbyrðin í heild minnkar ekki, og þarf það engum að koma á óvart.“

Ég minntist á viðskilnað fyrrv. stjórnar, og ég gat þess enn fremur, að það þyrfti enginn að fara í grafgötur um það, að núv. stjórn ætlaði sér ekki að koma hér á neinu

kyrrstöðutímabili í málefnum lands og þjóðar, heldur stefndi að auknum framförum og uppbyggingu á mörgum greinum þjóðlífsins, en slíkt kostar peninga, sagði ég í minni framsöguræðu.

Hv. frsm. 1. minni hl. talaði mikið um, að það hefði gengið seint með frv., síðan þau komu fram fyrir jól. En það var nú dálítill tvískinnungur í hans málflutningi, því að ýmist talaði hann um seinaganginn ellegar þá um flýtisverk, og þar rak sig eitt á annars horn. Hann hafði um þetta dálítinn gamanþátt hér, talaði um erfiðar fæðingar o. s. frv. En hann var ekki að rifja upp 12 ára baslið Viðreisnarinnar við það að koma einhverju lagi á skattalögin og hvaða niðurstaða varð af því, en ég kem kannske aðeins að því síðar. En svo kemur það í ljós, rétt eftir að þessi hv. þm. er farinn héðan úr ræðustól, að þá koma hv. sjálfstæðismenn hver um annan þveran til ráðh. að biðja þá um frest um einn dag. Þó voru þeir búnir að semja um það fyrir nokkrum dögum að ljúka 2. og 3. umr. í dag og á morgun, en nú koma þeir og biðja um frest. Og það er af því, að þeir hafa ekki á öllum tímanum síðan um jól getað hnoðað saman þessum brtt., sem þeir nú ætla að flytja við 3. umr. málsins. Ég held, að þeim komi ekkert svo á óvart nú í þessu máli, að þeir hefðu ekki átt að geta haft tilburði til þess að hafa þetta tilbúið nú, ég get ekki skilið það. (Gripið fram í.) Já, ég held það sé nú raunar ekki hægt að vera hneykslaður á málflutningi hv. 2. þm. Vestf. eftir þá skemmtilegu ræðu, sem hann flutti hér, en manni þykir þetta kyndugt.

Ég verð að víkja að því, sem fram kemur í nál. 2. minni hl. fjhn., þar sem rætt er um vinnubrögð þingsins og vinnubrögð í fjhn. þessarar hv. d., sem að þessu máli vann í samstarfi við fjhn. Ed. Það segir hér í þskj., að hvað eftir annað hafi verið boðað til funda, sem síðan hafi orðið að fresta, vegna þess að till., sem vænzt hefði verið, að gætu legið fyrir, reyndust ekki fullunnar. Ég kannast ekkert við þetta. Það hefur stundum orðið að hverfa frá því að boða fundi, en það hefur þá verið af því, að það hefur verið erfitt að finna tíma, sem allir þeir mörgu hv. þm., sem áttu sæti í þessum báðum n., gátu mætt á, en ekki út af hinu. Og það er heldur ekki rétt, að það hafi hvað eftir annað verið frestað boðuðum fundum. Ég get ekki komizt hjá því í þessu sambandi, þó að þessi hv. þm., sem þetta nál. gefur út, sé ekki viðstaddur, að minna á það, sem haft var eftir þessum hv. þm. í Vísi 9. febr., þar sem segir, að þá hafi enginn fundur verið haldinn í fjhn. um þetta mál og aðeins einn verið boðaður, sem síðan hafi verið afboðaður. Það er nú svona og svona að fara með það í blöð, þó að mistök verði hjá starfsmönnum þingsins eða jafnvel hjá þm. sjálfum um afboðun á fundi fjhn., það er ekki til fyrirmyndar. Og það er a. m. k. alveg óþarfi og raunar fráleitt að segja það, að enginn fundur hafi verið haldinn í fjölmennri þingnefnd, þegar hafa verið haldnir þar tveir bókaðir fundir, og það er einnig alveg óþarfi að segja, að á tilteknum fundi hafi enginn mætt af hálfu stjórnarandstöðunnar, því að það er líka rangt. Það mætti þar einn þm. Alþfl., hv. 5. þm. Reykn. Það er ekki hægt annað, þegar svona rangfærslum um vinnubrögð þingsins og þingnefnda er varpað fram í prentuðu þskj., en að víkja að þessum hlutum. Þetta er mjög óheppileg málsmeðferð, svo að ekki sé meira sagt um það.

Annars verður að segja það um málflutning Alþfl.-manna í þessu máli, að hann er þó miklu nær því að mótast af einhverri ábyrgðartilfinningu en málflutningur sjálfstæðismanna. Það er að vísu lagt til að vísa frv. til ríkisstj., en það er boðið upp á þátttöku í tekjuöflun vegna ýmissa aðgerða og á ýmsan hátt látið að því liggja, að Alþfl.-menn vilji standa við gerðan hlut.

Ég vil aðeins víkja nánar að málflutningi hv. 1. minni hl., að málflutningi sjálfstæðismanna. Nál. þeirra er í kapítulum. Í I. kapítula er rætt um ágæt vinnubrögð Viðreisnarinnar í skattamálunum, og enn fremur er þess getið þar, að launatekjur hafi verið skattlausar hjá þeirri ágætu stjórn, hvernig sem menn eiga nú að skilja það. Í II. kaflanum er svo aftur á móti greint frá afleitum vinnubrögðum núv. ríkisstj., og hv. þm., sem undir þetta nál. skrifa, hafa skýrt það allítarlega í sínum ræðum, hvað þeir eiga við með þessu. En ef þessi kapítuli nr. II er lesinn örlítið nánar og menn hugleiða svolítið þeirra málflutning hér í töluðu máli varðandi vinnubrögð núv. ríkisstj., þá kemur í ljós, að þar er yfirleitt ýmist um að ræða hrein vindhögg ellegar þá grjótkast úr glerhúsi.

Það er talað um, að það skorti upplýsingar um áhrif þessara frv. á hag skattþegna og fyrir ríkissjóðinn og aðra, sem þar koma til greina, sveitarsjóðina. Þetta er rangt. En það er ekki lengra síðan en í fyrra um þetta leyti, að lagt var hér fram frv., eins og ég víst nefndi í framsögu, frv. um breytingu á tekjuskattslögunum. Og það var hvorki í grg., í framsöguræðu hæstv. ráðh. né í framsöguræðu meiri hl. minnzt einu einasta orði á, hvernig það frv. verkaði fyrir ríkissjóðinn eða í tölum talið fyrir skattþegnana. Það var ekki gerð minnsta tilraun til að meta það í þessum málflutningi. Svo er verið að tala um, að það hafi ekkert samstarf verið haft við aðila eins og sveitarfélögin og aðra aðila. Það er satt, að nú er unnið á þann hátt, að fyrst er unnið stefnumótandi að málinu í stjórnskipaðri nefnd, en a. m. k. í 2½ mánuð hefur málið nú legið fyrir, og t. d. samtök sveitarfélaga hafa fjallað um það. Og í nefndinni hefur verið starfað nákvæmlega á sama hátt og venja er til, að það er leitað umsagna margra aðila, það er rætt við sérfræðinga o. s. frv. Það á víst að vera einhver fyndni í nál., að það er talað um, að málið hafi horfið úr nefnd. Það hefur ekkert horfið öðruvísi úr nefnd en venja er til, að það er ævinlega haft samráð við ríkisstj., þegar um svona mál er að ræða. Hitt er svo annað mál, að nefndin eða stór hluti hennar hvarf úr landi um skeið, og var auðvitað ekkert við það að athuga, en hins vegar seinkaði það nokkuð meðferð málsins. Nei, þessar orðræður allar um vinnubrögð í sambandi við þetta mál og fullyrðingar um það, að ekki hafi verið haft samstarf við hina eða þessa aðila, er allt meira eða minna út í bláinn mælt. Það væri í sjálfu sér freistandi að fara miklu lengra út í það að rifja upp vinnubrögð fyrrv. ríkisstj., einmitt við endurskoðun tekjuöflunarkerfisins. Ég skal þó ekki gera það að marki, en vil aðeins að því víkja örlítið nánar. Það má vissulega segja og því hefur ekki verið í móti mælt, heldur var það þvert á móti viðurkennt af hæstv. fjmrh. þegar við flutning málsins og aftur nú í umr., að þessi frv., sem nú liggja hér fyrir, voru með vissum hætti nokkuð snöggsoðin. En hins ber líka að gæta, að bæði hefur Alþ. gefizt gott tóm til að fjalla um málið, og svo þess, að

endurskoðuninni verður haldið áfram á milli þinga með það fyrir augum að heildarniðurstaða fáist á næsta þingi og væntanlega þá á fyrri hluta þess. En hvernig er svo saga núv. stjórnarandstæðinga í skattamálunum, vinnubrögðunum á þeirra 12 ára valdaferli? Ég skal aðeins víkja að því í örstuttu máli.

Á þessu tímabili gerist það, að samþykktar eru margar nýjar álögur á sveitarfélögin, og það að því marki, að þau fengu ekki rönd við reist. Það voru ekki færri en 18 sveitarfélög, sem þurftu að leita ásjár hjá Jöfnunarsjóði árið 1971 og biðja þar um aukaframlög, sem námu milljónatugum á því eina ári. Af þessum 18 sveitarfélögum eru a. m. k. 8 allfjölmenn. Þannig var búið að ganga frá þessum þætti, þegar viðreisnarstjórnin fór frá. Verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga hefur líka alltaf verið að verða flóknari og flóknari með hverju ári. Það hefur margsinnis verið minnzt hér á persónugjöldin til tryggingakerfisins, en þau voru orðin mjög tilfinnanleg fyrir þá tekjulægstu og raunar óbærileg, þar sem verst stóð á. Og það má enn minna á það, sem hér hefur komið fram, að fjölskylda með marga unglinga á skólaaldri, yfir 16 ára aldri, t. d. með þrjá unglinga í skóla, hefði á þessu ári, eftir því sem áætlað er, þurft að greiða yfir 60 þús. kr. í hin persónulegu gjöld ein saman að öllu óbreyttu. Það er satt, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði hér, að niðurfelling persónuskatta þýðir ekki út af fyrir sig lægri skattbyrði í heild, þarf ekki að þýða það a. m. k., en hún á að þýða réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar en áður var.

Það hefur verið rætt hér nokkuð um skattvísitölu. Viðreisnarstjórnin lagði skattvísitöluna alveg á hilluna. Því hefur verið haldið hér fram af hálfu stjórnarandstæðinga, að það hafi einungis verið á erfiðleikaárunum mestu, sem skattvísitalan var lögð til hliðar og persónufrádráttur látinn standa óbreyttur ár eftir ár. En það var meira en á þeim 3 árum, sem vitnað hefur verið til, sem fyrrv. ríkisstj. lék það að láta persónufrádrátt standa óbreyttan frá ári til árs þrátt fyrir bullandi verðbólgu. Þetta var líka gert í 4 ár samfleytt fyrst eftir 1960.

Það er líka alkunna, að viðreisnarskattkerfið var orðið svo flókið og margþætt, að það verður varla komizt lengra, það gildir bæði um form tekju- og eignarskattanna og um ýmsa aðra skattlagningu vissulega líka, því að ýmsir sérskattar, sem leggjast á atvinnuvegina, sérskattar og samningsbundnar álögur ýmiss konar, skipta tugum í sumum atvinnugreinum, t. d. í sjávarútvegi og iðnaði. Það vantaði ekki, að það störfuðu mþn. í skattamálum á viðreisnartímabilinu. Og í lok þess eða á síðasta þingi var gerð breyting á lögum um tekju- og eignarskatta. En þrátt fyrir þessa 12 ára setu í ríkisstj. var hér ekki um neina heildarendurskoðun að ræða, heldur aðeins kroppuð út úr einstök atriði. Þetta vita allir hv. þm., enda treysti fyrrv. ríkisstj. sér ekki til að halda öðru fram. En margt í þessari löggjöf, sem hv. 1. þm. Reykn. var að prísa áðan hér í ræðustól, hefur vissulega komið mönnum einkennilega fyrir sjónir, eins og hér hefur verið minnzt á. Þ. á m. er skattfrelsi arðs af hlutafé í þeirri mynd, sem þar var um að ræða. Það ákvæði á sér enga hliðstæðu í íslenzkri löggjöf áður og á sér heldur engar hliðstæður í löggjöf nálægra landa, að því er upplýst var við umr. um þetta mál í fyrra og ekki hrakið þá. Flýtifyrningarákvæði þessara laga og endurmatsheimildirnar leiddu út í þær öfgar í sumum tilfellum, að það er nánast alveg furðulegt, og ég kannske vík aðeins nánar að því.

Það virtist heldur engin frambærileg ástæða til þess að taka þá upp jafn stórfelldan frádrátt og gert var á öllum tekjum aldraðra án þess að taka nokkurt tillit til efnahags, þannig að t. d. öldruð hjón fengju frádrátt ámóta háan og ung hjón með 4 börn. Það er ekki nokkur glóra í þessu í sjálfu sér, enda er þetta sýndarúrlausn. Þessu er varpað fram ári fyrir kosningar, þegar tvísýnt er, að viðkomandi ríkisstj. þurfi að standa við það. Þá er þetta gert og án þess að gera þinginu nokkra grein fyrir því, hvað þetta kostaði ríkissjóð, eins og ég vék að áður.

Á þessu tímabili var engin tilraun gerð til þess að koma eðlilegri skipan á störf ríkisskattanefndar, t. d. í samræmi við álit mþn., sem þá starfaði, því að hún viðurkenndi, að breytinga væri þörf. Það var engin tilraun gerð til þess, og þó voru starfsskilyrði ríkisskattanefndar þannig og sú umgjörð, sem hún vann eftir, að skattkærur hrúguðust upp, og gat liðið á fjórða ár eða allt upp undir fjögur ár, án þess að lokið yrði afgreiðslu einstakra mála.

Það er vissulega rétt, sem sagt hefur verið hér, að skattamál eru bæði viðkvæm mál og flókin, og það er óhætt að fullyrða, að skattalagabreytingar viðreisnarstjórnarinnar 1965 greiddu ekki úr þeim flækjum, sem þá þegar voru orðnar. Það má rétt minna á, að frádráttarliðum við álagningu tekjuskatts fjölgaði þá, og þeim hefur fjölgað við hverja breytingu og ákvæði laganna af þeim sökum orðið flóknari og flóknari. En þó má segja, að alveg tók út yfir, hvað þetta snerti, með lögunum frá í vor. Með þeim lögum var enn þá aukið stórkostlega við frádráttarheimildir þær, sem áður voru, og málið, eins og ég sagði, varð enn þá flóknara í meðferð og fjær því en nokkru sinni að ná fram einhverjum almennum mælikvarða á gjaldþol manna. Þá var mönnum m. a. veittur frádráttur á íbúðarhúsnæði með þeirri afleiðingu, að menn með mjög góðar tekjur gátu orðið skattlausir, ef þeir kærðu sig um. Ef maður átti stórhýsi eitt eða fleiri, þá gat það þýtt langtíma skattfrelsi. Til að skýra, hvað í þessum frádráttarheimildum felst, er hægt að taka einfalt dæmi til athugunar og nota þá tækifærið um leið til þess að gefa örlítið sýnishorn af þessari lagasmíð viðreisnarstjórnarinnar. Í 3. tölulið C-liðs í 15. gr. laganna, þar sem sagt er, hvernig fyrna megi tilteknar eignir, segir á þessa leið:

„Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið. Hámark 2% til 10% eftir gerð og byggingarefni“ o. s. frv. Síðan er rétt að rifja upp, hvernig E-liður hljóðar, sem hér er vitnað til, en hann hljóðar þannig: „Fyrning íbúðar manns, sem aðeins á eina íbúð, skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði. Einnig er eiganda íbúðar, sem hann notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína, heimilt að beita sömu fyrningarreglu um aðra íbúð, er hann kann að eiga í sömu eða annarri fasteign, án tillits til fasteignamatsverðs hennar, eða annað íbúðarhúsnæði í fasteign þeirri, er hann býr í, enda sé fasteignamatsverð þess eigi hærra en íbúðar þeirrar, sem hann býr í“ o. s. frv. Þetta er enn lengra. Og D-liður þessarar gr. er svona: „Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í

1.–3. tl. C-liðs, aðrar en íbúðarhúsnæði, samkv. E-lið, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra. Eigandi ræður, hvenær hann notar þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert."

Ég held, að það þurfi a. m. k. meðalskarpskyggni til þess að skilja bara, hvað í þessum ákvæðum felst, og þá alveg sérstaklega í E-lið gr., en hér hafa víst sérfræðingar fjallað um, en ekki neinir fúskarar.

Þó mun mega byggja á því, að t. d. maður, sem byggir eigin íbúð og ætti tvær íbúðir í annarri fasteign, ætti rétt á þeim fyrningarfrádrætti, sem heimilaður er í áðurnefndum lagaákvæðum. Ef við setjum svo, að þessi maður hefði í hreinar tekjur eina millj. kr., áður en hann færir til gjalda umræddar fyrningar, og við skulum gefa okkur það einnig, að fasteignamatsverð íbúðanna, sem hann notar ekki sjálfur, væri 3 millj. kr., þá ætti hann rétt á, samkv. E-lið gr., fyrningarfrádrætti 30% af 3 millj. eða 900 þús. kr. Maðurinn yrði með þessu að sjálfsögðu fríaður bæði við greiðslu á tekjuskatti og útsvari, hvort sem væri heldur eftir nýjum eða gömlum skattstigum. Þó held ég enginn mundi telja, að þessi maður væri sérstaklega illa settur efnalega, og þetta dæmi sýnir nokkuð glöggt þá skattstefnu, sem þarna er fylgt á sama tíma og t. d. skólakrakkar eru látnir greiða stóran hluta af sumarkaupi sínu í nefskatta og jafnvel fleira. Það er hægt að hugsa sér annað dæmi án þess að ég ætli að fara að fara miklu lengra út í þetta. Það má t. d. hugsa sér skrifstofuhús á góðum stað hér í Reykjavík, sem væri þegar afskrifað niður í fasteignamatsverð, sem gæti verið t. d. ein millj. kr., og nýtt fasteignamat þessa húss kynni að vera 15 millj., en þá yrði endurmatshækkunin 14 millj. kr. Af nýja fasteignamatinu, 15 millj. kr., mætti reikna flýtifyrningu, sbr. D-lið greinarinnar, 30%, eða 4 millj. og 500 þús. kr. Eigandinn fengi þá að öllu eðlilegu nokkurra ára skattfrelsi út á þetta. Nú sýnist mönnum e. t. v., að þetta sé allt í lagi, því að eigandinn sé að eyða fyrningarstofninum með því að afskrifa svona ört, og spurningin sé aðeins um það, hvenær hann noti fyrningarstofninn. Þó er þetta kannske ekki svona einfalt, því að það má segja, að sú leið blasi við manninum að sjálfsögðu að spara sér skattana með flýtifyrningunum og kaupa fyrir þá nýjar eignir til að afskrifa, og þannig gæti hann haldið skattleysinu gangandi jafnvel um árabil. Hérna var svo langt gengið, að þetta gekk t. d. fram af atvinnurekendum, og í erindi, sem þeir lögðu þá fyrir fjhn. Nd. Alþ., lögðu þeir til, að flýtifyrning af endurmatshækkun yrði felld niður, og er hægt að fullvissa sig um það með því að lesa þetta erindi og sjá, hvernig þeir vildu orða D-lið greinarinnar.

Mér dettur ekki í lifandi hug að halda því fram, að þetta hafi verið ætlun þeirra hv. þm. og hæstv. ráðh., sem hér sátu þá að völdum, að haga þessu svona, þó að þetta væri lagt svona fram. En undirbúningurinn var bara ekki betri en þetta, og málið hefur ekki verið skoðað betur en þetta. Og þá má kannske spyrja, hvort það sé nokkur goðgá, þó að menn hugsi sér að vinna á einhvern annan hátt að undirbúningi skattalaga nú en gert var þá. Þannig var svo einnig að málum staðið á Alþ., eins og ég hef vikið að hér áður, að í ræðum ráðh. og frsm. meiri hl. hér í þessari hv. d. var alls engin grein gerð fyrir áhrifum frv. á greiðslubyrði skattþegna né á tekjur ríkissjóðs. En þess má geta, að það má ætla, að framkvæmd þessara skattalagabreytinga frá 1971, ef hún kæmi einhvern tíma til greina, mundi kosta ríkissjóð einhver hundruð millj. kr., einhvers staðar á bilinu á milli 3 og 5 hundruð millj. kr. Það er ekki furða, þó að þeir, sem skila af sér á þennan hátt og hafa unnið að málum á þennan hátt á 12 ára valdaferli, þykist þess umkomnir að kenna öðrum til verka, það er ekki furða!

Aðgerðir núv. ríkisstj. varðandi verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, svo og breytingar á tryggingalögunum og tekjuöflunarkerfinu stefna óumdeilanlega að þeim markmiðum, sem sett eru í stjórnarsáttmálanum. Ríkjandi ástand við stjórnaskiptin var orðið með þeim hætti á þessum sviðum, að það réttlætir það alveg fyllilega, að ríkisstj. hafði hraðar hendur, þegar hún undirbjó þessi mál, sem nú er verið að ræða hér á hv. Alþ. í kvöld. Hitt er svo annað mál, að það verður naumast fyrr en eftir álagningu gjalda í vor, sem ljóst verður, hversu til hefur tekizt um þennan fyrsta áfanga að breyttu skattkerfi. Og um heildarniðurstöðurnar verður auðvitað ekki dæmt að fullu fyrr en að endurskoðun lokinni, sem væntanlega verður á næsta reglulega Alþ. Þá, en ekki fyrr, er mögulegt að leggja endanlega dóma á vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. í þessum málum, og skal ég ekki segja fleira um þann þátt.

Í III. kafla í nál. 1. minni hl. fjhn. eru ýmsar frómar hugleiðingar hv. sjálfstæðismanna um skattamál, og það er kannske rétt að líta aðeins á þær. Það eru allmörg atriði í þessum kapítula, sem eru almenns eðlis og eru á þá lund, að allir geta nánast verið um þau sammála, og er ekkert við það að athuga, þó að þm. og þingnefndir tjái hug sinn á þann hátt. T. d. er hér lagt til, að heildarendurskoðun verði haldið áfram. Það vita nú allir, að það stendur til, og að lögð er áherzla á samstarf við samtök sveitarfélaga og önnur samtök. Það er vitnað til þess, að Sjálfstfl. telur, að skattlagningu til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar. Þetta er auðvitað tilgangur allra, sem að skattamálum vinna. Og þannig eru hér ýmis fleiri almenn ákvæði. Það er sagt, að það þurfi að gera ákveðnar till. um breytta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og þetta er ekkert nýtt. Einnig er hér minnzt á að kanna virðisaukakerfið, þar sem það henti, og það hefur einnig komið fram áður, að það séu menn að skoða áfram, eins og unnið var að í tíð fyrrv. ríkisstj. Og svo er enn ein klausan um það, að það þurfi að gera skattkerfið einfaldara. Það var víst búið að reyna það töluvert á 12 árum, og það er skiljanlegt, að menn vilji, að það sé haldið áfram með það.

En svo eru aftur önnur atriði ýmis í þessum kapítula, sem eru nú kannske hæpnari. Það hefur nú verið rætt svo mikið um skattvísitöluna, að ég skal ekki bæta þar við mörgum orðum. Ég minntist á það áðan, hvernig þeir fóru með persónufrádráttinn á meðan þeir sátu við völd, viðreisnarstjórnin, og ég þarf raunar ekki að endurtaka það. En árin 1960–1963 var persónufrádráttur alveg óbreyttur, 50 þús. kr., öll árin. Og svo kom aftur kyrrstaða árin 1967–1969, en fyrir kosningarnar var gerð svolítil tilraun til þess að leiðrétta þetta eins og fleira. En vert er að hafa það í huga núna, þegar hv. sjálfstæðismenn krefjast þess, að nú sé gert stórt í því að láta menn fá mikla persónufrádrætti og reikna með

hærri skattavísitölu, að gera sér alveg grein fyrir því, hvernig þeir skildu við ríkissjóðinn. Ég vék að þessu aðeins í framsöguræðu minni, og ég get farið örlítið nánar út í það, því að það skiptir ekki litlu máli, hvernig sá viðskilnaður var.

Fjárlög 1971 voru 11 664 millj. kr., og það leit út fyrir, að hækkun milli ára 1970–1971 væri 34%. En eins og oft hefur verið getið um hér, vantaði raunverulega inn í fjárlögin 1971 gjaldapósta, sem námu um 1 milljarði kr. Það vantaði laun opinberra starfsmanna upp á 430 millj. kr., vegasjóðsákvörðunin var ekki tekin með, 235 millj., niðurgreiðslur upp á 130 millj. og daggjöld á sjúkrahúsum 170 millj., þetta vantar allt inn í fjárlögin 1971. Þar að auki er svo margt annað, sem er í sömu stefnu, þ. á m. mikil umframeyðsla á einstökum liðum, sem þurfti að vinna upp. Ef þetta hefði verið eins og það með réttu átti að vera í fjárlögunum 1971, hefðu þau fjárlög orðið 12.6 milljarðar kr., og þá hefði hækkunin milli áranna 1970 og 1971 orðið 50%. En nú þurfti að taka þetta allt inn í fjárlögin, og þess vegna er það m. a., að hækkunin nú verður 5 milljarðar rúmir eða 44.3%, eins og þetta er upp sett. En ef þetta hefði verið gert á réttan og eðlilegan hátt 1971, hefði hækkunin nú ekki orðið nema 33.3% og þó aðeins 22.8%, ef sleppt er beinum tilflutningi frá sveitarfélögum og einstaklingum yfir á ríkissjóð. Og ef við hugleiðum þetta, hversu skilið var við fjárlögin, þá má manni vera ljóst, að það kemur úr hörðustu átt, þegar þeir, sem þannig skildu við, eru að heimta óeðlilegar hækkanir á persónufrádrætti til þess að létta af sköttum, það kemur úr hörðustu átt.

Þá segir í nál. 1. minni hl. berum orðum, að það þurfi að stefna að því að draga úr beinum sköttum, – að draga úr beinum sköttum. Nú hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir því hér með tölum, að beinir skattar eru miklu hærri í nálægum löndum en hér. Raunar gerði fyrrv. fjmrh. einnig grein fyrir þessu, þegar hann lagði fram frv. um tekju- og eignarskatt, sem ég hef vikið hér að og rætt var og afgr. hér í fyrra. Hann var ekki á því, að það þyrfti að draga úr beinum sköttum. Hann undirstrikaði þessa staðreynd, að beinir skattar eru hærri í öðrum löndum en hér, ekki til þess að leggja áherzlu á, að það þyrfti að draga úr þeim, heldur hið gagnstæða. Hann lagði áherzlu á það, að þær lækkanir, sem gerðar væru á félagasköttum, og um það fjallar frv. fyrst og fremst, væru vegna EFTA-samningsins, en það væri ekki sérstök ástæða til þess að draga úr beinum sköttum, þó að nú sé það sett fram sem sjónarmið Sjálfstfl. hér í þessu nál., að það skuli vinna að því smátt og smátt að draga úr beinum sköttum, þótt þeir séu nú ekki nema helmingur af því, sem þeir eru sums staðar í nálægum löndum. Þetta sýnir nokkuð, hvernig að þessum málum er unnið, að það er kastað fram svona hlutum af handahófi án þess að hirða um samræmi við það, sem áður hefur verið sagt og gert í þeim herbúðum.

Það er líka nokkuð talað um eignarskattana í þessu nál., og talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa mikið um þá rætt nú og fyrr. M. a. hefur verið fjölyrt um það, að fasteignaskattarnir leggist þungt á ungt fólk. Nú er það að vísu rétt, að fasteignaskattar stórhækka, bæði út af hækkuðu fasteignamati og vegna þess, að ætlunin er að nota eignarskatta að meira marki en áður sem skattstofn. Hér er þó varla um mjög stórar upphæðir að ræða hjá ungu fólki. Ungt fólk, sem hefur komið sér upp íbúðum, er varla með þær stærstu, en þó geta þessir skattar numið 4–5 þús. kr. á meðalíbúðir. Nú er fjölyrt mjög um þetta. En það var ekkert verið að tala um það hér áður, þó að bara annað hjónanna greiddi ámóta upphæð til sjúkrasamlags og a. m. k. 4 til 5 sinnum hærri upphæð bæði hjónin í beina nefskatta án alls tillits til ástæðna að öðru leyti. Það var ekkert verið að tala um það.

Þá er líka mikið talað um það núna, hvernig eignarskattarnir hitti aldraða. Þess er að minnast, að í tekjustofnafrv. er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir geti undanþegið aldrað, efnalítið fólk frá fasteignasköttum. Það er gert ráð fyrir því. En það er eins með það og tekjuskatt á öldruðu fólki, að það er ómögulegt að viðurkenna, að það sé eðlilegt að haga skattlagningu eingöngu með tilliti til aldurs, á meðan við verðum almennt að leggja hér á þunga skatta, m. a. af því að við höfum mörg járn í eldi og höfum margt að framkvæma, þá er ekki hægt að láta slík tilfinningasjónarmið ráða gerðum sínum, heldur verður að meta hlutina með eðlilegum hætti eftir því, hvað hverjum og einum telst fært að láta af hendi rakna, án þess að ofboðið sé getu hans.

Hér á landi er þannig fyrir komið málum varðandi eignir manna, að annars vegar er sparifé skattfrjálst, en hins vegar er nú rætt um vaxandi skatta á fasteignum. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þegar við lítum til þess, að hér er mikil verðbólga og hefur svo verið um langt árabil. Afleiðingin af því er sú, að sparifjáreigendur hafa orðið hart úti, en fasteignaeigendur hafa raunverulega grætt. Í samræmi við þetta er það vissulega ekki óeðlilegt, þó að nú sé hugað að því að nota fasteignirnar sem nokkurn tekjustofn í meira mæli en áður var. Hitt er svo annað mál, og það ætlast auðvitað enginn til þess, að það má ekki beita eignarsköttum að því marki, að það verði til þess að letja menn og draga úr mönnum kjarkinn í baráttunni fyrir því að koma þaki yfir höfuðið. Ef það kæmi í ljós, að svo langt væri gengið, hvort sem það væri nú við þessa lagasmíð eða aðra síðar, þá verður auðvitað að stinga við fótum og taka málið til skoðunar á ný, því að það vill áreiðanlega enginn stuðla að því, að þannig takist til.

Það er búið svo oft að ræða stöðu hinna eldri í þjóðfélaginu, að það er raunar að bera í bakkafullan lækinn að fara frekar út í það hér nú. En ég vil þó út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið, síðan ég flutti framsöguræðu mína, enn minna á þessi atriði: Það er búið að leiða í lög ákveðna lágmarkstekjutryggingu, og í þessu frv. er stefnt að því að skera neðan af tekjuskattinum hjá þeim, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eins og þar segir, og sá frádráttur kemur vissulega til góða þeim, sem mest þurfa hans með af þeim, sem á annað borð greiða skatta í þessum hópi.

Ég hafði hugsað mér að minnast aðeins nánar á stöðu giftu konunnar, eftir að ég hafði heyrt málflutning stjórnarandstæðinga, en ég held, að það sé bezt að sleppa því. Hv. 4. landsk. hefur sýnt svo rækilega fram á tvískinnunginn hjá hv. stjórnarandstæðingum í því máli með því að rekja ræður þeirra frá því að 50% frádrátturinn var upp tekinn, og minna á frv. í fyrra, tekjuskattsfrv. þá, sem fól í sér verulega skerðingu á

þessum frádrætti, eins og það var lagt fram, þótt seinna væri horfið frá því. En í ræðu þáv. fjmrh., þegar hann talaði fyrir þessu frv., má lesa nokkrar vel valdar setningar um það, hversu eðlilegt það sé að setja þak á þennan frádrátt. Ég held, að ég fari ekki frekar út í þá sálma. Það er búið að ræða það svo ítarlega.

Hv. frsm. 1. minni hl. heldur því hér blákalt fram, að þrátt fyrir 8 þús. kr. aukafrádrátt hjá íslenzkum fiskimönnum, þá versni skattaleg staða þeirra við setningu þessara laga. Það er eins og fleira í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, að þeir greina ekki frá því, hvernig þetta megi verða, enda hugsa ég, að það sé erfitt að sýna fram á þetta með fullum rökum. Það verður vitanlega að skoða stöðu fiskimannanna alveg í heild, og ég hygg, að það fari ekki milli mála, að hún batni við þessar breytingar, en versni ekki. En þessi atriði eins og mörg önnur, vaxtafrádrættirnir kannske alveg sérstaklega, þurfa auðvitað skoðunar við, og það bíður væntanlega haustsins að skoða þá nánar en hér hefur verið gert við þann hluta endurskoðunarinnar, sem þegar er um garð genginn.

Það hefur í nál. bæði 1. og 2. minni hl. verið minnzt á afturvirkni íþyngjandi ákvæða í skattalögum, og sumir af talsmönnum hv. stjórnarandstæðinga hafa fjallað um þetta atriði í ræðum sínum hér í kvöld og dregið í efa, að löglegt sé að setja slík lagaákvæði, þ. e. íþyngjandi ákvæði í skattalög, sem verki aftur fyrir sig. Nú gaf hæstv. fjmrh. hér fyrr í kvöld allítarlegt og mjög greinargott yfirlit um lagasetningu Alþ. á undanförnu árabili einmitt varðandi þetta atriði og sýndi fram á það með mörgum dæmum, að slík lög hefðu verið sett margsinnis og án þess að orðið hafi ágreiningur fyrir dómstólum. Það hefur verið minnzt hér á hæstaréttardóma í sambandi við þetta atriði. Ég hef m. a. kynnt mér tvo hæstaréttardóma um afturvirkni íþyngjandi ákvæða í skattalögum. Annar þessara dóma er frá 16. apríl 1943. Þar er um að ræða lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, en þau heimiluðu að veita fyrsta fyrirtæki í hverri nýrri iðngrein skattfrelsi í 3 ár gegn tilteknum skilyrðum, sem nánar voru greind í þessum lögum. Undanþága hafði svo verið veitt samkv. þessu ákvæði með bréfi frá atvmrn., þar sem tekið var fram um skilyrði og þar sem tekið var fram, að undanþágan skyldi gilda um tiltekið þriggja ára bil. Síðan var lögunum breytt, og án þess að taka það sérstaklega fram var þetta ákvæði fellt úr lögunum. Það er aðeins afnám þessarar sérstöku undanþágu, sem veitt hafði verið með ráðuneytisbréfi til ákveðins tíma, sem þarna var dæmt um. Skattayfirvöld ætluðu að krefjast skatts af þessu fyrirtæki, eins og samningurinn hefði ekki verið gerður, og það er um það atriði, sem dæmt er. Og í forsendum þess dóms er lögð sérstök áherzla á sérstöðu þessarar undanþágu, og dómurinn nánast, að því er ég fæ bezt séð, byggður á sérstöðunni, hvað þarna er um algerlega sérstakt og afmarkað atvik að ræða, en fjallar ekkert almennt um afturvirkni íþyngjandi skattaákvæða.

Hinn dómurinn, sem ég hef gluggað í, er frá 20. des. 1948, og hann fjallar um undanþágu skatta af stríðsáhættuþóknun, sem veitt var á styrjaldarárunum. Þessi áhættuþóknun var afnumin með lögum 1947, og þarna er verið að dæma um það, hvort niðurfelling þessara hlunninda verki aftur fyrir sig til tekjuársins á undan því ári, sem lögin voru sett á. En dómurinn fellur á þá leið, að það sé ekki. Sá dómur er m. a. byggður á því, að hér hafi verið með vissum hætti um samninga að ræða, og í forsendum er rætt um hið nána samband milli kjarasamninganna og laga þessara, eins og þar segir. En svo er einnig byggt á því, að gildistökuákvæði laganna séu ekki nægilega ljós um þetta atriði. Og í forsendum hins staðfesta fógetaúrskurðar, því að fógetaúrskurður var staðfestur í þessu máli, segir einmitt um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í áminnztum lögum eru engin ákvæði um það, að skattfrelsi sjómanna af helmingi áhættuþóknunar fyrir árið 1947 séu felld niður.

Í lögunum segir aðeins í 50. gr., að lögin öðlist gildi 1. jan. 1948. Í skattalögunum frá 1921, svo og núgildandi skattalögum nr. 6 frá 9. jan. 1935, ásamt síðari breytingum, er ætíð tekið fram, þegar um nýjar skattaálögur er að ræða eða skattahækkanir, við hvaða tímabil eigi að miða skattaútreikninginn, þegar ætlazt er til, að lögin verki aftur fyrir sig."

Mér finnst alveg augljóst af þessum orðum í dómsforsendum, að þar sé gengið út frá því, að afturvirkni út af fyrir sig sé ekki ólögmæt.

Hér er og þess að geta og hefur komið fram hér í þessum umr., að Hæstiréttur varð ekki sammála um þetta. Gizur Bergsteinsson segir m. a. í sératkv. sínu, og það er mjög eftirtektarvert í sambandi við þetta atriði, sem hér er um að ræða:

„Hefur það og verið tíðkað af löggjafar- og skattayfirvöldum alla tíð frá því, að lög nr. 2 1923 voru sett og fram á þennan dag, enda heimilt samkv. 40. gr. stjskr. og staðfest af dómstólum, að láta breytingu á skattalögum, sem staðfest hafa verið í lok skattaárs eða á álagningarári, áður en skattskrá er lögð fram, gilda um tekjur undanfarins skattárs."

Af þessum tilvitnunum, sem ég hef hér greint frá í sambandi við nefnda dóma, virðist mér augljóst, að dómstólar vefengja ekki almennan rétt löggjafans til þess að lögfesta íþyngjandi skattaákvæði eftir á, sbr. alveg sérstaklega tilvitnuð ummæli Gizurar Bergsteinssonar svo og forsendur undirréttardómsins, sem staðfestur var.

Hitt er svo auðvitað annað mál, og það held ég, að við getum allir orðið sammála um þrátt fyrir þá sögu, sem að baki er í þessum málum og hæstv. fjmrh. vék hér að, að breyting skattalaga eftir á, ef svo mætti segja, er í sjálfu sér ekki æskileg þrátt fyrir það, þó að hún hafi margsinnis átt sér stað á þennan hátt og sé núna í bígerð og núna kannske af alveg sérstaklega augljósum ástæðum, sem hér hefur áður verið vikið að og m. a. voru skýrðar af hæstv. ráðh.

Ég álít nú, að allir hv. þm. geti verið sammála um það, að ríkisstj. og þeir aðilar, sem hún kveður til, eigi mikið verk að vinna við endurskoðun skattakerfisins í heild. Og ég styð það álit mitt með því að minna á það, sem fyrrv. hæstv. fjmrh. sagði við umr. um skattalögin í fyrra. Hann marglýsti því þá yfir, að hann teldi skattkerfið allt of flókið. Hann sagði m. a., að álögð gjöld væru allt of mörg, og hann sagði, að ýmsar frádráttarreglur væru allt of flóknar og margfaldar, og það væru allt of þungar álögur á unglingum, hann tók það fram. Og hann gat þess, að hann vildi tvísköttun hjóna, og hann tók einnig fram, að hann teldi skattkerfið óeðlilega og óþarflega dýrt í meðförum. Og enn, að það væri

allt of mikið af alls konar undanþágum og sérreglum. Þetta sagði hæstv. fyrrv. fjmrh., og þetta er allt saman satt og rétt, og það er gott til þess að vita, að menn skuli vera sammála um þetta. En það er hins vegar heldur dapurlegt hlutverk fyrir síðasta fjmrh. viðreisnarstjórnarinnar að gefa þennan vitnisburð eftir 12 ára setu þess stjórnarmeirihluta. Og ef við berum það, sem gerðist á þessum 12 árum í skattamálunum, saman við þær byrjunaraðgerðir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir í þessum efnum, þá finnst mér óhætt að segja, að þær spái góðu um framhaldið.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil að lokum aðeins undirstrika það, að ég undrast það ábyrgðarleysi, sem mér virðist koma fram hjá hv. stjórnarandstæðingum á marga lund. Ég hef minnt á það, hvernig fráfarandi ríkisstj. skildi við fjárlögin, og ég hef einnig minnt á það, hvernig fleygt var hér inn og afgreitt frv. um breyt. á tekjusköttum, sem þýddi stórkostlega tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, og eins og ég sagði áðan, án þess að gera þinginu grein fyrir því. Þetta eru allt saman blákaldar staðreyndir, sem ekki verður á móti mælt.

Mér finnst satt að segja, því miður, vera fullt samræmi í þessu og svo þeim megintillögum, sem hv. sjálfstæðismenn leggja fram. Mér finnst samræmið í þessu ábyrgðarleysi, sem ég var að lýsa og kom fram í verkum og viðskilnaði fráfarandi ríkisstj., og svo þeim megintillögum, sem hv. sjálfstæðismenn leggja fram núna, óhugnanlega mikið. En ég vil þó vona, að þrátt fyrir þennan tillöguflutning nú megi takast um það samstaða meðal manna almennt úr mörgum stéttum og stjórnmálaflokkum að vinna að endurskoðun skattakerfisins, því að eins og ég var rétt áðan að lýsa, verður ekki annað séð en flestir eða allir hv. alþm. séu sammála um það, að þar þurfi að taka til hendinni og það þurfi að halda áfram því verki, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur hafið á því sviði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér hafa nú þegar orðið alllangar umr. um þau skattafrv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. Eins og fram hefur komið í þessum umr., er nú liðið nokkuð á þriðja mánuð, síðan þessi skattafrv. komu hér fram, og hefur því gefizt nægilega langur tími til þess að íhuga, hvað í þessum frv. raunverulega felst. Eins og kunnugt er, hefur allmikið verið rætt um þessi frv. og ritað að undanförnu. En það er nú ekki að sjá á þeim umr., sem átt hafa sér stað á þessum degi, þegar annað þessara frv., frv. um tekju- og eignarskatt, kemur úr n., að þeir stjórnarandstæðingar, sem háværastir hafa verið út af efni þessara frv. að undanförnu, hafi kynnt sér efni frv. ýkja vel. Það hefur verið sérstaklega áberandi að mínum dómi, hve málflutningur þeirra hefur raunverulega verið innantómur, hvað þeir hafa haft lítið að segja og hvernig þeir hafa þurft að eyða meginhluta af tíma sínum til þess að vera svolítið skemmtilegir, segja einhverja billega brandara. (Gripið fram í.) Já, þeir hafa verið ósköp billegir að mínum dómi, en það sýnir bezt, að þessir menn kjósa sér auðvitað þann kostinn, sem einfaldastur er fyrir þá, að gefast upp við það verkefni, sem þeir áttu að takast á við, að finna orðum sínum stað, að eiga rökræður við menn um málefni, en að mínum dómi hefur það komið alveg augljóslega fram í þessum umr., að þeir eru ekki færir um það.

Aðfinnslur þeirra í sambandi við þessi frv. eru býsna furðulegar. Ein er t. d. sú, að það skuli hafa dregizt nú á þriðja mánuð hjá ríkisstj. að koma fram með brtt. sínar við frv. og að afgreiða frv., þó að því væri lýst yfir af ríkisstj., þegar hún lagði frv. fram, að hún ætlaði sér ekki að afgreiða frv. þá þegar eða fyrir jól, heldur einmitt að gefa nægilegan tíma þeim aðilum, sem hér ættu aðallega hlut að máli, til þess að kynna sér frv., fjalla um þau og gera sínar till. um breytingar á frv. Og ríkisstj. beinlínis hlutaðist til um það, að stór fjöldasamtök í landinu fjölluðu um þessi frv., og það gerðu þau. En það verður eitt af aðfinnsluatriðum stjórnarandstæðinga, að það skuli hafa tekið þennan tíma að afgreiða þessi frv.

Í þessum efnum er auðvitað ósköp eðlilegt, að maður rifji upp, hvað gerðist hjá þessum mönnum sjálfum, þegar þeir fóru með stjórnarvöldin í landinu. Það hefur verið rifjað hér nokkuð upp af öðrum ræðumönnum, og ég skal því ekki gera það hér í löngu máli, en aðeins minna á, að fyrrv. ríkisstj. flutti á tveimur s. l. þingum frv. um breytingar á tekjuskattslögunum, þó um sama efni í bæði skiptin. Hún gafst upp á því að láta samþykkja frv. í fyrra tilfellinu, vegna þess að hún rak sig á mikla andstöðu, einnig innan stjórnarflokkanna þá, við ýmis ákvæði þess frv. Frv. var lagt fyrir á nýjan leik. Það lá fyrir þinginu mánuðum saman. Settar voru margar nefndir til þess að huga að ýmsum atriðum í þessu frv. Það er alltaf verið að vitna í það hér í sambandi við slæman undirbúning að frv. núv. ríkisstj., að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi nú sérfræðingarnir verið hafðir með í ráðum. Þá hafi nú m. a. verið talað við ríkisskattstjóra. Ég var í þeirri nefnd, sem fjallaði um þessi skattafrv. ríkisstj., og ég á enn í mínum fórum margar bls. af till. frá ríkisskattstjóra, þar sem hann tætti í sig till. sérfræðinga nefndarinnar, og gerði ótal brtt., sem mönnum þótti nú reyndar ekki fært að verða við nema að litlu leyti. Það hafði ekki verið haft meira eða betra samráð við hann þá í sambandi við frv.-gerðina sjálfa. Og menn hafa verið að hæla sér fyrir það, að þá hafi nú verið haft t. d. samráð við fulltrúa atvinnurekstursins í landinu. En ég á líka í mínum fórum langt tillöguplagg frá fulltrúum aðalatvinnurekendasamtakanna í landinu, þar sem þeir beinlínis lögðu til, að samþykkt frv. yrði frestað, af því að það væru svo margir ágallar á frv., að þeir gætu ekki við unað. Svona var nú þessu háttað í þann tíð. En menn grípa til ýmiss í sambandi við það, að þeir eru raunverulega nú komnir í vandræði.

Það er full ástæða til þess í sambandi við þau skattafrv., sem hér eru nú til umr., að reyna að draga saman nokkur aðalatriði, sem raunverulega felast í þessum skattafrv. og sem ekki ætti að þurfa að vera ágreiningur um út af fyrir sig. Það fer auðvitað ekki á milli mála, að langsamlega stærsta og veigamesta breytingin, sem felst í þessum skattafrv., er að fella niður nefskattakerfið svo nefnda, að hætta að innheimta eftir nefskattafyrirkomulaginu iðgjöldin til sjúkrasamlaga og almannatrygginga. Það liggja nú fyrir útreikningar um það, að þessir nefskattar mundu hafa numið á þessu ári rúmlega 1 220 millj. kr. Þetta eru upplýsingar frá Efnahagsstofnuninni, 1 220 millj. kr. Og þegar menn bera þessa fjárhæð saman við útreikninga Efnahagsstofn-

unarinnar um það, hverju hefði numið eftir gamla skattakerfinu tekjuskattur allra einstaklinga í landinu samkv. tekjuskattslögunum, þá telur Efnahagsstofnunin, að tekjuskatturinn hefði numið á þessu sama ári 1 504 millj. kr. Þá fara menn að átta sig á því, hve nefskattarnir voru orðnir hrikalega háir hjá okkur. Þeir áttu að nema eftir útreikningum Efnahagsstofnunar 1 221 millj. kr., en tekjuskatturinn allur hjá einstaklingum 1 504 millj. kr. Það var auðvitað alveg augljóst, að það var engin leið að ætla sér að halda áfram að bæta almannatryggingakerfið í landinu með stórauknum bótum með þeim hætti að innheimta jafnháa fjárhæð til tryggingana eftir nefskattafyrirkomulaginu eins og þetta hefði þýtt í raun. Þetta var alveg útilokað. Þetta hefði raunverulega þýtt það í framkvæmd, að menn væru að bæta tryggingarnar á ýmsum sviðum, hækka ýmsar bætur tryggingana, en láta hins vegar tekjulágt fólk í landinu eða tekjulaust með öllu standa að mjög verulegu leyti undir þeim bótum tryggingana. Þetta var eitt meginvandamálið, sem við stóðum frammi fyrir nú og sem þurfti að leysa.

Og því verður auðvitað ekki neitað, að eftir þær umr., sem fram hafa farið um þessi mál, þá hefur þó farið svo, að einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar, formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, hefur náð að skilja þetta og fengizt til þess að viðurkenna þetta. Hann viðurkennir hér í nál. sínu, að svo hafi verið komið, að það hafi verið með öllu óhugsandi annað en innheimta tekjurnar til tryggingana með öðrum hætti en gamla kerfið gerði ráð fyrir. Og hann verður því í sínu nál. að leggja til, að það hefði t. d. mátt leggja á, segir hann, nýjan skatt, sem næmi t. d. 4% af brúttótekjum allra aðila í landinu, og þannig hefði mátt ná í þessar tekjur fyrir tryggingakerfið í staðinn fyrir það að fara gömlu nefskattaleiðina. Jú, auðvitað er þetta hægt. En það er sannarlega rétt að átta sig á því, hver er munurinn á þeim till., sem ríkisstj. gerir í þessum efnum, og þessari leið Gylfa Þ. Gíslasonar.

Till. ríkisstj. miða að því að létta þessum sköttum stórkostlega af hinum tekjulægstu, létta þær álögur mjög verulega, miklu meira en till. Gylfa mundu þýða í reynd. En hins vegar þýða till. ríkisstj., að hinir tekjuhærri í landinu koma til með að borga meira af þessum gjöldum en þeir hefðu komið til með að borga samkv. þessum till. Gylfa. Sá er munurinn í þessum efnum. Það er rétt að átta sig vel á því, að hér er ekki um neinn smáræðishóp að ræða samkv. útreikningum og upplýsingum, sem liggja fyrir. Efnahagsstofnunin upplýsir, að unglingar á aldrinum 16–21 árs séu 24 þús. í landinu. Langmestur hluti þessa hóps er svo að segja tekjulaus við nám og að meira eða minna leyti á framfæri annarra. Efnahagsstofnunin upplýsir líka, að á árinu 1972 megi reikna með því, að 82 700 manns í landinu hefðu átt að borga almannatryggingagjald. Það er ekkert um að villast heldur, að mjög margir af þeim, sem þar eiga hlut að máli, eru tekjulágir eða svo til tekjulausir.

Í útreikningum Efnahagsstofnunarinnar koma fram, eins og hæstv. fjmrh. hefur upplýst hér áður í þessum umr., mjög athyglisverðar tölur, og auðvitað er alveg útilokað fyrir stjórnarandstæðinga að neita þessum útreikningum bara með því að reyna að gera sig góða með því að tala um einhvern reikniheila. Ætla þeir að hætta að trúa öllum útreikningum, vegna þess að þeir reka sig á einhvern reikniheila? Efnahagsstofnunin hefur reiknað út, að miðað við þau skattafrv., sem liggja fyrir, og brtt. meiri hl. við bæði skattafrv., verði útkoman sú, þegar samanburður er gerður á sköttum samkv. þessu nýja kerfi og eldra kerfinu, sem hefði verið í gangi, að miðað við alla þá aðila, sem hafa innan við 300 þús. kr. tekjur, hefði skattbyrðin létzt um 321 millj. kr. Hjá þeim, sem liggja á tekjubilinu 300–425 þús. kr., hefði orðið um lækkun að ræða, sem nemur 82 millj. kr. Og hjá hinum, sem eru á tekjubilinu 425–550 þús. kr., hefði verið um lækkun skattbyrði að ræða sem nemur 51 millj. kr. Eða m. ö. o.: Þeir aðilar í landinu, sem hafa tekjur undir 550 þús. kr., mundu njóta samkv. þessum till. lækkunar á sköttum, sem næmi 454 millj. kr. miðað við gamla kerfið. Þetta er lækkunin. Og það er alveg sama, hversu mikið hv. 2. þm. Vestf. brosir til þess að reyna að snúa sig út úr því, hann sleppur ekkert út úr þessu. Þetta eru staðreyndir. Svona er þetta. Hann getur auðvitað komið hér upp í pontuna á eftir og lamið höfðinu við steininn, eins og hann hefur gert og sagt: „Samt hækkar það.“ Þetta minnir mann á þrákelkniskarlinn, sem var að þræta við annan um það, hvort í tilteknum fiskstakk væri ýsa eða þorskur. Og svo þegar búið var að fletta ofan af stakknum og hann sá, að það var þorskur, þá sagði hann: „Samt er það ýsa.“ Þannig auðvitað geta menn farið að, og það virðast vera þau vinnubrögð, sem hv. stjórnarandstæðingar viðhafa í þessum efnum. Þeir bara taka að sér að neita staðreyndum, neita alveg greinilegum útreikningum. (Gripið fram í.) Já, ég býst við því og á alveg von á því, að úr þessu horni komi það.

Þannig er þessu farið, að langsamlega þýðingarmesta breytingin, sem hér er á ferðinni, er fólgin í því, að það er verið að leggja niður þetta ósanngjarna skattheimtuform, nefskattainnheimtuna, þar sem menn voru komnir í algerar ógöngur, og tryggja tryggingakerfinu tekjur eftir öðrum leiðum. Ég veit, að það voru eflaust fleiri leiðir hugsanlegar til þess að tryggja tryggingakerfinu nægilegar tekjur. Leið Sjálfstfl. hefði auðvitað verið fær, sem var einfaldlega sú, sem hann hefur farið á undanförnum árum, að hækka bara í sífellu söluskatt eða aðra neyzluskatta. En það var skoðun okkar í ríkisstj., að það væri miklu ósanngjarnari leið en sú leið, sem lögð er til í þessu frv., þar sem við það er miðað, að þeir, sem eiga eignir, og þeir, sem hafa góðar tekjur, taki einhvern þátt í því að borga til tryggingana þau gjöld, sem áður höfðu verið lögð á tekjulausa eða tekjulága í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi, fyrir utan þessa meginbreytingu, sem felst í þessu, að breyta um nefskattakerfið, þá er svo fólgin í frv. ríkisstj. till. um það að einfalda nokkuð samskipti ríkisins og sveitarfélaganna. Það er gert ráð fyrir því, að ríkið taki að sér að greiða tiltekin útgjöld, sem sveitarfélögin hafa greitt að undanförnu. Í þeim efnum er áætlað, að ríkið taki nú á sig að greiða útgjöld vegna löggæzlu, sem nema 165 millj. kr. á ári, og framlag til lífeyristrygginga, sem nemur 390 millj. kr. á ári, og helminginn af því framlagi, sem sveitarsjóðirnir áttu að greiða til sjúkrasamlagskerfisins. En talið var, að það mundi nema 245 millj. kr. á yfirstandandi ári. Á þennan hátt er útgjöldum létt af sveitarfélögum sem nemur í kringum 800 millj. kr. Af þessu hlaut vitanlega að leiða,

að það var réttlátt að draga nokkuð úr tekjumöguleikum sveitarfélaganna á móti, og af þessu leiddi líka, að eðlilegt var, að veita yrði ríkissjóði möguleika til þess að ná í tekjur á móti þessum gjöldum.

Það eru auðvitað fleiri atriði í þessum frv., sem hér hafa verið rædd af ýmsum, sem ég skal ekki fara lengra út í, en þetta eru að mínum dómi langsamlega veigamestu atriðin, sem er að finna í þessum skattafrv. Hin atriðin ýmis hefur beinlínis leitt af þessum meginbreytingum.

Það hefur verið rætt allmikið um það að undanförnu og einnig hér í þessum umr., hvort þessi nýju skattafrv. muni leiða af sér aukna skattabyrði fyrir skattborgarana eða ekki frá því, sem var í eldri lögum. Efnahagsstofnunin hefur fjallað um þetta mál og reiknað þetta. Eins og í mörgum öðrum tilvikum fyrir opinbera aðila þá hefur hún sett upp dæmið og reiknað þetta út lið fyrir lið, og þm. hafa haft fulla aðstöðu til þess að kynna sér þessa útreikninga Efnahagsstofnunarinnar, hvað hún segir um þennan samanburð. Ég skal ekki fara að lesa alla þessa grg., en tek hér þá setningu, sem segir þetta tiltölulega skýrast í áliti Efnahagsstofnunarinnar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt á þessa leið:

„Meginniðurstaða samanburðar á báðum tekjuöflunarkerfunum samkv. meðfylgjandi yfirlitstöflum virðist sú, að í heild sé ekki um neina umtalsverða breytingu skattbyrðar að ræða með hinu nýja kerfi.“

Þegar menn skoða svo töflurnar, sem þessu fylgja, nánar og bera saman alveg hliðstæða skatta eftir gamla kerfinu og nýja kerfinu, þá kemur í ljós, að þetta orðalag Efnahagsstofnunarinnar er notað um tölur, sem beinlínis stefna allar með nýja kerfinu fremur til lækkunar en hækkunar. En þeim þykir réttara að hafa þann hátt á að segja, að það virðist ekki við þennan samanburð vera um neina umtalsverða breytingu á skattbyrði að ræða. En þrátt fyrir þessa útreikninga koma hér ýmsir hv. stjórnarandstæðingar upp og segja aðeins í sífellu þetta: „Hér er um stórkostlega íþyngingu að ræða fyrir flesta skattgjaldendur í landinu.“ Við þá, sem svona tala, er auðvitað afskaplega erfitt að eiga orðastað um þessi mál. Menn virðast vera þar ákveðnir í að lemja höfðinu við steininn og neita beinum útreikningum og staðreyndum, en þetta er nú svona. Það er ekkert um það að villast. Þegar síðan er tekið tillit til þeirra till., sem nú liggja fyrir, og þessi umsögn Efnahagsstofnunarinnar var gerð, áður en brtt. meiri hl. þeirra n., sem fjallað höfðu um frv., komu fram, er ekkert um það að villast, að heildarskattbyrðin er minni. En þá reyna stjórnarandstæðingar að snúa sig út úr sínum vanda með því að segja: „Ef gengið hefði verið út frá allt annarri skattvísitölu en nú hefur verið miðað við, yrði útkoman önnur.“ Það hafa verið uppi kröfur um það að undanförnu að láta skattvísitöluna hreyfast í hlutfalli við hækkaða framfærsluvísitölu, og það er gert í þessu dæmi. En þá koma þeir, sem ekki hafa á undanförnum árum treyst sér til þess að láta skattvísitöluna hreyfast í hlutfalli við framfærsluvísitöluna, og stökkva þar langt yfir og segja: „Nú skal hún hreyfast í hlutfalli við kauphækkanir, sem urðu á árinu.“ Þetta er auðvitað bara leið manna, sem eru komnir í vandræði og geta í rauninni ekki staðið við sínar stóru fullyrðingar. Þeir sjá, að þeir eru komnir í ógöngur með allan sinn málflutning. Svona till. tekur auðvitað enginn alvarlega frá þeirra hálfu, enginn, sem fylgzt hefur með tillögugerð þeirra á undanförnum árum.

Það þarf ekki lengra aftur í tímann að fara en á síðasta þing. Þá fluttum við, sem nú erum í meiri hl. hér á Alþ., till. um það, að skattvísitalan yrði í samræmi við framfærsluvísitölu, og auðvitað var slík till. kolfelld hér á Alþ. af þeim, sem nú eru hér í minni hl. Þá var það of mikið. Og svo reyna menn enn að segja: „En skattarnir hækka þó alltaf, ekki aðeins í krónum, heldur hækka þeir einnig hlutfallslega miðað við það, sem þeir voru áður.“ Og það er ekkert um að villast, að auðvitað er það svo. Skattarnir hækka, ekki aðeins í krónum, heldur hækka þeir einnig hlutfallslega miðað við það, sem áður var, og það hafa þeir verið að gera á undanförnum árum í langan tíma, vegna þess að skattakerfi okkar hefur verið og er enn þannig upp byggt, að það felur þetta í sér.

Ágætt dæmi um þetta er það, að Efnahagsstofnunin reiknaði út, hvað t. d. útsvör í landinu mundu hækka mikið við það, að tekjur hækkuðu um 23% á milli ára. Og útkoman varð auðvitað ekki sú, að útsvarsupphæðin hækkaði um 23% um leið og tekjurnar hækkuðu um 23%. Útkoman hjá Efnahagsstofnuninni varð sú, að þegar tekjurnar hækkuðu um 23%, þá hækkuðu útsvörin um 34%. Þannig hefur þetta verið með tekjuskattana, og þannig hefur þetta verið með útsvörin um langan tíma. Þetta er ekkert nýtt.

Það er mjög athyglisvert í þessum efnum, að þeir stjórnarandstæðingar, sem grípa til þess ráðs að fara að gera þennan samanburð til þess að reyna að leiða athyglina að því, að skattarnir séu nú að hækka, bæði í krónum og eins hlutfallslega, eru sömu mennirnir, sem gera nú kröfu um að fá t. d. tekjur handa sínum sveitarfélögum eftir gamla kerfinu, með þessari hækkunaraðferð, sem verið hefur á undanförnum árum. Ég er ósköp hræddur um, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm., sveitarstjóri í Garðahreppi, sætti sig ekki aldeilis við það, að honum séu skammtaðar tekjur á árinu 1972 jafn miklar og hann hafði á árinu 1971. Það hafa allir heyrt og séð, hvað borgarstjórinn í Reykjavík segir. Hann heimtar núna auðvitað tekjur handa Reykjavíkurborg, miklu meiri tekjur í krónum og hlutfallslega en hann hafði á árinu á undan. Og hann kvartar undan því nú, að nýju skattafrv. ríkisstj., sem hann segir svo í hinu orðinu, að séu að stórþyngja álögurnar á landsmönnum, gefi Reykjavíkurborg ekki nægilega miklar tekjur. Hann vantar enn 125 millj. kr., segir hann, til þess að hann fái jafn mikið og gamla kerfið hefði gefið honum. Þetta er afar athyglisvert, og sömu stjórnarandstæðingar, sem eru að reyna að halda því fram, að skattafrv. ríkisstj. þýði nýjar og þyngdar álögur frá því, sem verið hefur, vilja raunverulega fá meiri tekjur en frv. gefa, a. m. k. þeim, þar sem þeir eiga beinlínis hlut að máli sjálfir.

Nei, það er rétt að játa það alveg eins og það er, að skattamál okkar hafa verið þannig um langan tíma, að hækkandi tekjur hafa þýtt enn meira hækkandi skattaálögur. Þannig er allt kerfið upp byggt. Og auðvitað sjá allir, að það varð að miða nýja kerfið í aðalatriðum við það, að það gæfi eitthvað svipaðar tekjur, bæði til ríkisins og sveitarfélaganna, og gamla kerfið hefði gefið

þessum aðilum. En þeir eru nú ekki hissa á því, stjórnarandstæðingar, þegar þeir eru að halda fram fullyrðingum sínum gagnvart skattafrv. ríkisstj., að rifja upp sína eigin skattamálastefnu.

Hér kom aðaltalsmaður Sjálfstfl., hv. 2. þm. Vestf., og sagði það, – mér sýndist alveg án þess að roðna, – að það hefði verið mörkuð stefna Sjálfstfl. frá upphafi Viðreisnar, að ekki skyldi leggja skatta á almennar launatekjur. Það er alveg rétt, að þetta stóð á sínum tíma í bókinni Viðreisn. Þessu var lofað. En það þarf mikið karlmenni til að koma fram nú eftir daga Viðreisnarinnar og minnast á þetta loforð og reyna að halda því fram hér við þm., að þetta sé mörkuð stefna Sjálfstfl. í skattamálum. Þegar menn líta á skattatölur liðinna ára, sjá menn nú heldur betur, hvað hefur verið að gerast. Hvað skyldi t. d. söluskatturinn hafa verið mikill árið 1959, árið áður en viðreisnarskattarnir byrjuðu? Þá nam söluskatturinn samtals 165.2 millj. kr. En núna á síðasta ári, því ári, sem Viðreisnin fékk að ráða því, hve skattarnir yrðu miklir, þá var söluskatturinn orðinn rúmlega 3 600 millj. kr. eða hafði meira en tuttugufaldazt. Þarna var þó um að ræða skattlagningu á hvers konar almennum nauðsynjum.

Það er ekki aðeins söluskattsstefnan, sem er mjög lýsandi. Það er líka alveg lýsandi, hvernig fór með tekju- og eignarskatta í landinu, og eins samanburðinn á skattlagningu einstaklinga í landinu og skattlagningu félaga og atvinnureksturs. Árið 1960, sem var fyrsta stjórnarár Viðreisnarinnar, heila stjórnarárið, þá námu tekju- og eignarskattar einstaklinga í landinu 49 millj. kr. Það sama ár námu tekju- og eignarskattar félaga í landinu 33.4 millj. kr. Hlutfallið var þannig, að einstaklingarnir borguðu í þessum sköttum 59.4%, en atvinnureksturinn 40.6%. Hvernig var þetta eftir 10 ár eða árið 1970? Þá var þetta orðið þannig, að 49 millj., sem einstaklingarnir borguðu, þessir, sem áttu nú að sleppa við skattana, voru komnar upp í 881.6 millj. Heldur laglega að staðið að létta af mönnum sköttum! Og þá var líka hlutdeild einstaklinganna komin úr 59.4% upp í 82.1%. En á þessum árum hafði hins vegar skattahlutdeild félaga og atvinnureksturs í landinu lækkað úr 40.6% í 17.9%. Það er ekkert um að villast, að skattbyrði félaga og atvinnureksturs í landinu hefur á þessu tímabili gengið hratt niður, en skattar einstaklinga hratt upp. En þegar svona var komið, þá fluttu þeir sjálfstæðismenn hér frv., ekki aðeins eitt, heldur tvö, um það, að það yrði að létta verulega sköttum af fyrirtækjum í landinu. En þeir fengust ekki til þess að koma þá fram með neinar till. til þess að létta sköttum af einstaklingum.

Það er, eins og ég segi, von, að talsmenn Sjálfstfl. nú skuli gerast margorðir um stefnu Sjálfstfl. í skattamálum. En svona hefur hún verið. Hún hefur alveg tvímælalaust á undanförnum árum miðað að því að þyngja skatta á venjulegu launafólki. Sjálfstfl. hefur horft á það, að nefskattarnir hafa þyngzt ár frá ári og ekki komið fram með neinar till. til þess að bæta þar úr. En nú hins vegar eru viðbrögð þau, þegar till. koma fram um það að létta hér verulega sköttum af þeim, sem hafa búið hér við verstu skattakjörin, að hann rís öndverður gegn því.

En málatilbúnaður þeirra stjórnarandstæðinga í þessum málum er í rauninni allur eins. Þeir tala mikið um flaustursleg vinnubrögð, illa undirbúin frv. o. s. frv., og enginn hefur þó talað meira um þetta en formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason. Hann segir beinlínis í sínu nál., því að þar mátti nú ekki draga neitt úr: „Þau tvö skattafrv., sem ríkisstj. lagði fram í des. s. l., voru verr undirbúin og flaustursleg samin en nokkur önnur stjfrv. um skattamál, sem lögð hafa verið fyrir Alþ. á undanförnum áratugum.“ Það munaði ekkert um það! Og þegar hann svo fór að sýna mönnum, hvernig þeir ættu að vinna vandlega m. a. að tillögugerð í skattamálum, þá flytur hann hér till. í þessu máli, till., sem er virkilega þess virði, finnst mér, að hún sé lesin, og menn reyni svona sameiginlega að skilja hana. En till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþ. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni annað hjóna utan heimilis, skuli sá aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir. Vinni hvorugur aðili utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknað til tekna hluti af tekjum hins“, – sem auðvitað hefur heldur engar tekjur, en þó er nú varnagli settur: „þó aldrei hærri fjárhæð en helmingurinn af tekjum hans“, – þessa, sem hefur engar tekjur.

Hér er nú ekki flaustursleg að málunum staðið, eins og hv. þm. sjá. Hér hafa menn virkilega vandað sig. En svona er þetta í fjöldamörgum greinum, að ef maður gæfi sér tíma til ... (**BP:** Þetta er rekstrarhagfræði.) Þetta er rekstrarhagfræði, já. Ef maður gæfi sér tíma til þess að víkja að hinum ýmsu þáttum þessara mála, þá er þessu nú ósköp svipað farið eins og í þessu tilviki.

En ég skal nú ekki, úr því sem komið er, vera að lengja þessar umr. mikið. Það er auðvitað af mjög mörgu að taka, ef maður vildi. En að mínum dómi ber þetta allt að einum brunni. Þeir í stjórnarandstöðunni hafa algerlega ofreynt sig á þessum málum. Þeir hafa hrópað og kallað um allar jarðir: Það er verið að stórhækka skatta — sem þeir vita þó, að er rangt. Og þeir hafa haldið fram hverri fjarstæðunni af annarri. Nú hefur þetta verið rekið ofan í þá hér af mörgum ræðumönnum, og þá eiga þeir í raun og veru ekki önnur úrræði en þessi, að koma hér upp og leika einhvers konar smásjónarspil.

Ég álít fyrir mitt leyti, að þær staðreyndir, sem standa eftir í þessum efnum og eru meginatriði þessa skattamáls, séu þessar: Það er ekkert um það að villast, að með því að fella niður nefskattana er verið að framkvæma stórkostlegt réttlætismál í skattheimtu á Íslandi, stórkostlegt. Það nær vitanlega engri átt að innheimta jafnháar fjárfúlgur og raun hefur verið á til tryggingakerfisins í landinu t. d. af launalausu skólafólki. Og það er svona til marks um vinnubrögðin hjá stjórnarandstöðunni í þessum efnum að undanförnu, að maður gat lesið fyrir nokkrum dögum í Morgunblaðinu samþykkt frá samtökum ungra sjálfstæðismanna, – ég held, að það hafi verið á Snæfellsnesi eða einhvers staðar þar í grennd, — um það, að þessi frv. væru sérstaklega árás á unga fólkið í skólunum, þegar gerðar eru ráðstafanir til þess að létta af þessu fólki nefsköttum í stórum stíl. En þetta fólk hefur trúað svo öllu fleiprinu í Morgunblaðinu um þessi mál, að það samþykkir bara eitthvað út í bláinn. Það hlýtur að vera eins á móti ungu fólki eins og

á móti hinu. (Gripið fram í.) Já, það er ekkert smáræði. Þetta er svona ósköp svipað og þegar einn af þm. Sjálfstfl. hér rauk til og skrifaði langa grein í Morgunblaðið fyrir stuttu síðan um sérstakar árásir núv. ríkisstj. á gamla fólkið í landinu, eftir að ríkisstj. hafði gert stórátak til þess að bæta hag þess frá því, sem áður var. Auðvitað þurfti ekki annað en rétt að blaka við þessum manni. Þá var hann búinn að vera með þessa vitleysu sína. Og það, sem vekur athygli mína og ýmissa annarra, sem hafa fylgzt með umr. hér, er, að þessi hv. þm. hefur ekki skotið upp kollinum í þessum umr., og er hann þó mjög vanur því að skjóta upp sínum kolli í öllum umr.

Ég álít fyrir mitt leyti, að þetta meginatriði, að hverfa frá nefskattainnheimtunni, sé ein stærsta umbótin, sem lögð hefur verið til í skattheimtu okkar nú um langan tíma. En þó að ég segi þetta, þá dettur mér ekki í hug að halda því fram, að það sé ekki enn margt ógert til leiðréttingar í skattamálum okkar. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé ekki enn margt að finna, einnig í þessum frv., sem mætti fara betur. En það væri sæmra fyrir stjórnarandstöðuna að viðurkenna það, að þetta er meginatriðið í þeim till., sem hér liggja fyrir. Og það er svo stórt, að það er í rauninni skylda þeirra að vera með þessu atriði.

Ég tel einnig, að það liggi alveg ljóst fyrir samkv. útreikningum opinberra stofnana þar um, að beinir skattar, af því að ég tel vitanlega nefskattana til beinu skattanna, lækka frá því, sem verið hefði samkv. gamla kerfinu, alveg örugglega upp að tekjumarkinu 550 þús. kr. a. m. k. Það er rétt, að það verður um nokkra hækkun á sköttum að ræða, þegar kemur upp í t. d. 700 þús. kr. tekjur eða þar fyrir ofan. En hverjir eiga að taka þátt í því að borga til tryggingakerfisins í landinu í staðinn fyrir hina tekjulágu, ef það eru ekki þeir, sem hafa slíkar tekjur? Hverjir eiga þá að borga það?

Hér er um stórfellt hagsmunamál, ekki sízt skólaæskunnar í landinu, að ræða og einnig fyrir annað láglaunafólk, sem býsna mikið er til af alltaf í landinu. Jafnvel þó að um gott árferði sé að ræða, þá sýna skýrslur það, að það er allmikið til af fólki, sem býr við lágar tekjur af ýmsum ástæðum.

Það er heldur enginn vafi á því, að hagsmuna kvenna, sem vinna úti fyrir sjálfstæðum tekjum, er gætt í þessum frv. upp að sanngjörnu marki. Það er mjög vafasamt að ætla að standa fast á því, og það vildu þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu, ekki gera á síðasta þingi, að það eigi að gilda 50% skattfrelsi fyrir konu, hversu háar tekjur, sem um er að ræða. En skattar konu, sem vinnur úti fyrir sjálfstæðum tekjum, hækka ekki, ef um venjulegar launatekjur er að ræða.

Það er enginn vafi á því, að með þeim ákvæðum, sem er að finna í frv., er um að ræða allverulega aukin friðindi í skattamálum fyrir sjómenn, og ég undrast stórlega, að hv. 2. þm. Vestf. skuli láta út úr sér aðra eins fjarstæðu og þá, að hér sé um minni skattfriðindi að ræða hjá sjómönnum en samkv. gildandi lögum. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hér er um verulega aukningu að ræða. Og eins og ég hef sagt áður, held ég, að enginn maður geti haldið svona nokkru fram, og það maður, sem þekkir allvel til í þessum málum, nema sá, sem er kominn í þessa einkennilegu stöðu að segja í sífellu: „Samt er það ýsa.“ Það er í rauninni ekkert annað en bara þrákelkni að segja svona.

Í þessum frv. ríkisstj. er auðvitað um gerbreytta stefnu í skattamálum að ræða frá því, sem verið hefur, og að mörgu leyti andstæðu við þá stefnu, sem kom fram í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Hér er miðað að því að létta á hinum tekjulægri, en þyngja frekar á hinum tekjuhæstu.

Ég skal nú láta þessu máli mínu lokið. En ég veit, að þeir stjórnarandstæðingar hugga sig auðvitað við eitt: Þeir hugga sig við, að það séu ekki ýkja margir, sem hlusti á þessar umr., sem hér hafa farið fram í dag, og þeir geti haldið áfram að lemja sínum haus við steininn í Morgunblaðinu, senda það út um borg og bý og halda þar fram röngum málstað. Á það geta þeir auðvitað treyst. En í þessum efnum komast nú svik upp um síðir, það er enginn vafi á því. Og þó að menn viðhafi þau vinnubrögð, eins og þeir hafa gert hér, að leggja til svona í vandræðum sínum, þegar þeir geta heldur ekki lagt fram neinar frambærilegar till., að fresta öllu. Þeir vildu fresta fjárlagaafgreiðslunni, þeir vilja fresta skattalögunum, öllu vilja þeir fresta, líklega þangað til þeir komast í stólana sjálfir og geta farið að sínum eigin ráðum. En þessu verður nú ekki frestað, það er alveg augljóst. Þeir verða að sætta sig við það, að það verði gerð breyting í þessum efnum á annan veg en þeir hefðu kannske kosið.

Ég held, að þeir í stjórnarandstöðunni eigi eftir að fá að kenna á því, að þeir hafa sagt þjóðinni rangt til í sambandi við þessar skattalagabreytingar. Það hefur komið fram ágæt uppástunga, sem ég er mjög hlynntur, í sambandi við skattseðlana á komandi vori. Það er að leggja fyrir skattayfirvöld að láta reikna út á skattseðli hvers og eins, hvað hann hefði borið í skatta eftir gamla skattkerfinu, svo að hann fái þá tölu líka við hliðina á nýju tölunni. Þar auðvitað hefði þurft að taka nefskattana líka með og láta þá koma þar. Ef þetta væri gert, þá held ég, að þeir stjórnarandstæðingar riðu ekki feitum hesti frá þessum leik.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Við höfum nú fengið áþreifanlega sönnun fyrir því, hve þm. hafa misjafnlega mikinn húmor. En til þess að ergja nú ekki hæstv. viðskrh., þá ætla ég að tala hérna um alvarleg mál. Annars verð ég að segja það, að mér fannst hann vera býsna skemmtilegur á einum stað í ræðunni, en vel að merkja, hann var þá að lesa upp till. hv. 7. þm. Reykv. En svo sagði hann að vísu einn brandara, þennan með þorskinn og ýsuna, sem við höfum náttúrlega aldrei heyrt áður.

Það voru hér sérstaklega tvö atriði í þessu frv., sem hér er til umr., sem ég vildi fara um nokkrum orðum, en áður en ég kem að því, þá langar mig að koma að nokkrum atriðum, sem hér hafa komið fram í máli manna í dag.

Það þykir orðið góð latína hjá stjórnarsinnum að byrja á tilvitnun í hinn margnefnda málefnasamning stjórnarflokkanna. Ég neita því ekki, að það er nú stundum býsna gott fyrir okkur líka, stjórnarandstæðinga, að lesa upp úr málefnasamningnum. Þetta gerði hv. 5. þm. Austf., frsm. meiri hl. fjhn., í dag. Hann hóf ræðu sína með því að vísa í málefnasamninginn og

nefndi þar sérstaklega það, sem gert hefði verið í að endurskoða verkefnaskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég hafði nú grun um það, að þessi þm. væri ágætur húmoristi, og fékk náttúrlega staðfestingu á því þarna. Hvernig geta menn komið hér upp í ræðustól og lagt áherzlu á það, að þetta hafi verið eitt af atriðunum, sem hafi verið gert með þessum frv., að endurskoða verkefnaskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga? Þetta hefur ekki verið gert. Auðvitað er það viss einföldun á kerfinu, að sveitarsjóðir greiða nú ekki lengur viss útgjöld, sem ríkið tekur núna á sig. En þarna er bara um að ræða málaflokka, sem sveitarfélögin hafa ekkert ráðið yfir til þessa. Hv. þm. nefndi hér ýmsar tölur, sem sýna breytingarnar, sem orðið hafa á frv., frá því að það var fyrst lagt fram. Fjóra liði nefndi hann, sem verka til lækkunar frá því, sem var samkv. frv. Einn liður hækkaði, það voru eignarskattarnir. Þeir hækkuðu um 41 millj. kr. Það er allt í lagi að hækka þá. – Ég kem að því hérna nokkuð á eftir með fasteignaskattana, að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. – Hv. þm. upplýsti, að samtals næmu lækkanir samkv. brtt. 146 millj. kr. miðað við innheimt gjöld, en 215 millj. kr. miðað við álögð. Nú fer að verða dálítið erfitt að átta sig á því, hverju maður á að trúa. Í Þjóðviljanum í dag er stór fyrirsögn á forsíðu um, að skattalækkunin nemi 450 millj. kr. Það var lesið hér upp úr grein eftir hæstv. viðskrh., þar sem hann nefndi rúmar 300 millj. kr. Mér sýnist nú, ef þetta er lagt saman, þá komi út 450 millj. kr., ef notaðir eru þarna báðir heilarnir, þessi sjálfvirki, sem nefndur var hér í dag, og reikniheili Háskólans, og þá má kannske finna botn í þessar 450 millj. kr. Enn er verið að tala um skattbyrðina. Og ég verð að segja það, að það er ekki hægt annað en dást að þeim stjórnarliðum, sem enn þá koma hér upp í ræðustól og skrifa í blöð sín um það, að skattar hækki bara alls ekki neitt og það sé ekki um aukna skattbyrði að ræða. En hvað er hér á seyði? Það er enn þá verið að miða við rangan grundvöll. Enn þá er haldið áfram á þeirri braut, það er búið að taka hækkanirnar inn í sjálfan samanburðargrundvöllinn. Enn þá er sleppt hækkun fasteignaskatta og eignarskatta úr dæminu, og auðvitað sýnir þetta ekki miklar hækkanir, þegar svona er farið að. Það er margbúið að benda á þetta, hvernig ríkisstj. fær það út, að hér sé ekki um neina aukningu skattbyrðar að ræða. Og enn er miðað við skattvísitölu 106.5.

Þetta kom fram, þegar hv. 5. þm. Austf. var að tala um jafnvægispunktana. Ég átti svolítið erfitt með að skilja það að vísu. En ég held, að hann hafi þó tekið það skýrt fram, að það væri reiknað með útsvari án álags og sleppt öllum fasteignasköttum.

Þegar hæstv. fjmrh. ræddi hér einnig um skattbyrðina, gat hann þess, að á s. l. ári, eða samkv. eldra kerfi, hefði skattprósentan getað farið upp í 57% fyrir utan nefskattana. Þetta má rétt vera, að skattprósenta gat farið upp í liðlega 57% miðað við eina toppálagningu, þegar ekki var tekið tillit til nokkurra frádráttarliða og þ. á m. ekki tekið tillit til greidds útsvars. En raunin varð hins vegar sú, þegar litið er á meðaltal yfir landið, að skattprósenta fór rétt yfir 50%. Í Reykjavík fór hún rétt yfir 49%, þar sem veittur var 6% afsláttur frá útsvarsstiga. Núna fer skattprósentan upp í 54% og þó öllu líklegra, að hún fari upp í 55%, vegna þess að fjölmörg sveitarfélög og sérstaklega þau fjölmennustu hljóta að verða að leggja á með álagi og fara upp í 11%.

Þá kom fjmrh. að því, að það væri deilt á það, hversu lengi hefði dregizt að afgreiða þessi frv. hér í þinginu. Hann nefndi eitt dæmi, sem væri orsök fyrir þessum drætti, og það var, að það hefði orðið samkomulag á milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar um að hreyfa ekkert við þessum málum, meðan á fundum Norðurlandaráðs stæði. Það fór ein vika í þetta. En ég held, að raunverulegu ástæðurnar séu allt aðrar. Þær eru fyrst og fremst þær, að það hefur verið ósamkomulag innan stjórnarflokkanna um það, hvernig með þessi frv. ætti að fara. Það ósamkomulag hlaut að koma upp, þegar hinir einstöku þm. fóru að átta sig á því, hvað í þessum frv. felst. Og það er fyrst og fremst þetta, sem hefur tafið málið, og raunar ekkert annað.

Við fengum hér gagnlegar upplýsingar um það frá hæstv. fjmrh., hverjir hefðu unnið þetta verk, hverjir hefðu samið frv. Raunar var það í sjálfu sér vitað, en við sjáum hins vegar núna, að þessir menn, sem sömdu frv., hafa verið hafðir fyrir rangri sök, þegar því hefur verið haldið fram, að þeir hefðu ekki sérþekkingu á skattamálum. Það liggur nú fyrir, að það er ekki þeirra sök, að frv. er illa samið, heldur er það sök ríkisstj. Það var beinlínis tekið fram, að það væri stjórnin, sem bæri ábyrgð á því. Það var vissulega vitað fyrir, en ég held, að það sé nokkurn veginn vitað líka, að einstakir þm. stjórnarflokkanna og ráðh. sjálfir hafa verið að krukka í verk þeirra, sem hafa sérþekkingu á skattamálum.

Við fengum hér mjög fróðlega skýrslu um, hvenær skattalagabreytingar hafa átt sér stað á s. l. 40 árum. Ég held nú að vísu, að sú upptalning hafi alls ekki verið tæmandi, heldur hafi verið reynt að tína út úr skattbreytingar, sem höfðu í för með sér að einhverju leyti þyngingu skatta, en það hefur líka verið bent á það í þessum umr., að Hæstiréttur hefur dæmt slíkar skattalagabreytingar óheimilar. Hæstv. fjmrh. taldi sig illa vera í takt við fyrirrennara sína, ef hann færi að breyta skattalögum á öðrum tíma en þeir hefðu gert. Ég hef nú grun um það, að við eigum eftir að sjá fleira á þessu ári. A. m. k. er alltaf öðru hverju verið að búa okkur undir það, að ef ekki náist endar saman, þá verði lagðir á nýir skattar, og þá verður væntanlega eitthvað lengra komið fram á árið.

Ég held, að ég fari ekki mörgum orðum um fasteignaskattana. Við fáum tækifæri til þess að ræða þá hér í hv. Nd., þegar tekjustofnafrv. kemur til umr. eftir helgi. En hæstv. fjmrh. sýndi hér ágæta mynd af mér, sem birtist í Sveitarstjórnarmálum á s. l. ári, þar sem ég var í nefnd, sem gerði skýrslu fyrir Samband ísl. sveitarfélaga um fasteignaskatta. Ég held, að það finnist ekki í þeirri skýrslu nein till. um það, hve háir fasteignaskattar ættu að vera. Hins vegar er lögð áherzla á það í þeirri skýrslu, að fasteignaskattar eigi að vera gjaldstofn sveitarfélaga, en ekki ríkisins. Og það er það, sem ég hef alla tíð lagt áherzlu á, að fasteignir séu gjaldstofn fyrir sveitarfélögin og það eigi ekki að vera að margskatta fasteignir, eins og hefur verið gert og hér á að halda áfram í auknum mæli samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar minnist ég þess, að þegar þessi skýrsla var lögð fyrir landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 1970, þá var verið að reyna að ná samkomulagi í nefndinni um ályktun, sem landsþingið gerði varðandi fasteignaskatta, og þá voru einstakir

menn býsna tregir í taumi, og það voru einmitt framsóknarmenn. Þ. á m. er einn, sem hér situr á þingi. Þá mátti ekki heyra minnzt á hækkun fasteignaskatta, en núna verða víst engin vandræði fyrir þessa sömu menn að rétta upp höndina, þegar sú gr. kemur hér til atkv.

Hv. 4. landsk. þm. lýsti hér till. varðandi sérsköttun hjóna. Ég vil segja það, að mér finnst þessi till. ganga nokkuð í rétta átt, en ég skildi hins vegar ekki alveg málflutning hv. þm. Ég skil ekki t. d., hvers vegna ekki megi skattleggja hjón sitt í hvoru lagi, þó að konan afli ekki tekna utan heimilis. Konan er framfærandi til jafns við manninn, og þess vegna sýnist mér ósköp eðlilegt að skipta tekjum þeirra, hvort sem hún vinnur fyrir atvinnutekjum utan heimilis eða ekki. Þessi skoðun mín flokkast nú kannske undir kynferðislega þráhyggju, eins og hv. þm. komst að orði, og þetta er nú svo tvíræð setning eða tvíræð orð, að ég þori varla að ræða það frekar hér. (**Gripið fram í:** Blessaður gerðu það.) Nei, ég ætla að sleppa því.

En það voru tvö atriði hér í frv., sem ég ætla að minnast sérstaklega á. Annað varðar 7. gr. frv. og brtt. við hana. Það er um persónufrádrætti og sérstaka frádrætti fyrir einstæð foreldri. Mig langar til þess að nefna hér nokkrar tölur, sem sýna, hvað þetta hefur í för með sér. Samkv. brtt., sem lagðar hafa verið fram, fá nú hjón með eitt barn á framfæri, sem sköttuð eru saman, tekjuskatt á nettótekjur yfir 250 þús. kr., en einstæð móðir með eitt barn á framfæri á að hafa í nettótekjur plús meðlag samtals 256 500 kr., áður en kemur til álagningar tekjuskatts. Þarna er um að ræða sem sagt 6 500 kr. hærri fjárhæð en kvæntur maður, áður en til álagningar tekjuskatts kemur á hann. Hjón með tvö börn mega hafa 280 þús. kr., en einstæð móðir með tvö börn 308 þús. kr. Það mætti nefna nokkur fleiri dæmi, bera saman, hvernig fer varðandi einstæða móður og einstæðan föður. Vegna mismunar á skattfrjálsu meðlagi á móti hálfum persónufrádrætti fyrir hvert barn, þ. e. 15 þús. kr. og aukafrádrætti 6 500 kr. fyrir hvert barn, þá vex mismunur þessi um 21 500 kr. fyrir hverja aukningu barnafjölda hjá hjónum á móti aukningu barnafjölda hjá einstæðri móður. Þessi sama útkoma kemur hins vegar ekki fram hjá einstæðum föður. Hann fær ekkert skattfrjálst meðlag, en þess í stað fullan persónufrádrátt fyrir hvert barn. Nú er ég ekki að mæla gegn því, að vel sé gert við einstæða móður. En mig langar til þess að fá skýringu á því, hvort þetta hefur verið meiningin með þessum brtt. Það hefur áður hent í sambandi við þetta mál allt saman, að útkoman hefur ekki fengizt fyrr en löngu síðar, og þessu kann að vera svo farið hérna. Ef heldur áfram á þessari braut, þá veit ég ekki, hvernig á að bregðast við. Það verður kannske farið að skipta rauðsokkahreyfingunni í deildir, karladeild og kvennadeild. Einhver verður að berjast fyrir réttindum karlmannanna.

Þá langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þær gr. frv., sem fjalla um ríkisskattanefnd og embætti ríkisskattstjóra. Þessar gr. fela í sér veigamiklar breytingar á skipan embættis ríkisskattstjóra sem slíks, svo og á skipan ríkisskattanefndar og skattsektanefndar, en formennska í þessum nefndum hefur fylgt embætti ríkisskattstjóra. Þessar breytingar samkv. frv. sýnast mér vera viða mjög óljósar og ekki nægjanlega útfærðar, og þær beinlínis leiða til óeðlilegs ástands, a. m. k. um tíma, þ. e. frá gildistöku þessara lagabreytinga samkv. frv. og til septemberloka, því að á þessum tíma á ríkisskattstjóri að vera formaður þessara nefnda, en jafnframt á hann að koma fram gagnvart nefndunum sem nokkurs konar sóknaraðili fyrir hönd fjmrh. og sveitarfélaga. Ég get ómögulega séð, að þessi skipan geti staðizt, þótt um stuttan tíma sé að ræða. Ríkisskattanefndinni sjálfri er í rauninni ekkert breytt að skipan til. Að vísu hafa verið gerðar allt aðrar kröfur til hæfni þeirra, sem setu eiga í ríkisskattanefnd, og má segja, að þar séu nokkuð strangar kröfur gerðar, ekki í sjálfu sér til þekkingar þeirra, heldur er hér í lokaákvæði 12. gr. sagt: „Í nefndina má ekki skipa menn, sem gegna ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum við stjórn samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga eða á sviði fjármála og skattheimtu hjá ríki og sveitarfélögum.“ Það getur orðið býsna erfitt fyrir Hæstarétt að finna þessa menn. Ríkisskattanefnd er í raun sem sagt ekki breytt að skipan til nema formennskunni. Hún fylgir ekki embætti ríkisskattstjóra, heldur virðist um að ræða nýtt embætti, en það er formannsembættið í ríkisskattanefnd. Hér er þess vegna ekki um að ræða breytingu í dómstól, en það er óbeint gefið í skyn í niðurlagsorðum aths. við 12. gr. frv.

Verkefni ríkisskattanefndar eru mjög takmörkuð frá því, sem verið hefur. Nefndin verður samkv. frv. eingöngu úrskurðaraðili á kærum, og á ekki að hafa önnur verkefni með höndum. Verkefni ríkisskattanefndar hafa verið víðtækari en sagt er í aths. við frv., þ. e. um 12. gr. Nefndin hefur í vaxandi mæli gefið út ýmsar túlkanir og verklagsreglur til stuðnings og eftirbreytni fyrir álagningarkerfið, og þetta hefur haft fyrirbyggjandi áhrif á ranga framkvæmd og samræmt framkvæmd þessara mála. Ég held, að segja megi, að það sé áríðandi fyrir álagningarkerfið að geta borið vafaatriði undir ríkisskattanefnd og fengið túlkun hennar.

Aths. við frv., að því er varðar breytingar á skipan ríkisskattstjóra sem slíks, eru tiltölulega fáar og heldur óljósar. Það eru ekki ljós ákvæði síðari málsl. 3. mgr. 14. gr. frv. Þessi ákvæði leggja þá skyldu á ríkisskattstjóra að senda ríkisskattanefnd rökstuðning í kærumálum frá gjaldendum, að því er virðist, með því að gera ríkisskattstjóra að sóknaraðila fyrir hönd fjmrh. hjá ríkisskattanefnd og fyrir hönd allra annarra gjaldkrefjenda, þá sýnist orðið mjög vafasamt um sjálfstæði þessa embættismanns gagnvart fjmrh. og öðrum gjaldkrefjendum. Ég held, að hér sé farið inn á mjög varhugaverða braut og hætt við, að almenningur treysti ekki þeim manni, sem gegnir þessu embætti hverju sinni, sem hlutlausum embættismanni. Þá sýnist mér vera nauðsyn á að afnema ákvæði síðasta málsl. 1. mgr. 15. gr., þar sem segir, að ríkisskattstjóri skuli hafa á hendi framkvæmd tvísköttunarsamninga við önnur ríki. Þetta er dálítið vafasamt orðalag líka. Það er auðvitað ekki um að ræða tvísköttunarsamninga, heldur samninga til að komast hjá tvísköttun. Og í öðru lagi verður að teljast óeðlilegt að binda þannig hendur fjmrh., en þessi ákvæði í samningum eru ætíð á þann veg, að framkvæmd þeirra sé í höndum fjmrh.

Varðandi 17. gr., – þar er um skattsektanefndina að ræða – ef þörf er á tilnefningu Hæstaréttar á nm. í ríkisskattanefnd, þá sýnist ekki síður þörf á að Hæstiréttur tilnefni menn í þessa nefnd. Með allri virðingu

fyrir lögfræðingum sýnist óeðlilegt, að tveir lögfræðingar skipi nefndina auk formanns ríkisskattanefndar. Þau mál, sem nefndin kemur til með að fjalla um, krefjast yfirleitt verulegrar þekkingar á sviði bókhalds og reikningsskila, og þess vegna er nauðsynlegt að tryggja, að í nefndinni eigi sæti a. m. k. einn maður með slíka þekkingu. Má benda á það, að Hæstiréttur hefur í seinni tíð vísað tveimur opinberum málum frá af svipuðum toga og nefndin kemur til með að fjalla um á þeim forsendum, að ekki höfðu verið kvaddir til sérfróðir dómendur í héraði.

Ég ætla að láta þetta nægja um þessi atriði, en þetta, sem ég hef nefnt, er dæmi um þá hroðvirkni og þann flumbruhátt, sem lýsir sér í þessu frv. öllu. Það rennir enn stoðum undir þá staðhæfingu okkar, að undirbúningur hefur ekki verið nægur, og það hafa ekki verið nægilega hæfir menn, sem um þetta mál hafa fjallað. Og hérna á ég að sjálfsögðu ekki við nm., heldur við ráðh., samkv. þeim upplýsingum, sem hér hafa verið gefnar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það er nú farinn að síga svefnhöfgi yfir þingheim, svo að ég skal vera eins stuttorður og ég frekast má. Ástæðan til þess, að ég tek til máls, er sú, að ég flutti hér við 1. umr. þessa frv. þrjár brtt., sem ég fylgdi þá ekki úr hlaði, og mig langar því til að fara nokkrum orðum um þær.

1. brtt. á þskj. 209 fjallar um hina margumtöluðu samsköttun hjóna. Eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir því í frv., að 50% af tekjum eiginkonu séu ekki skattskyld, þannig að 50% séu dregin frá, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna samanlagt. Það, sem mér þótti miður fara í þessu ákvæði, var, að þau tilvik eru til, að konan getur haft tvöföld ef ekki þreföld laun á við eiginmanninn, og þannig kæmi fram óeðlilegur frádráttur, og um þetta eru allmörg dæmi. En við nánari athugun kemur það líka í ljós, að þó að maður vilji stemma stigu fyrir þessu misrétti, þá er málið þannig vaxið, að sé samþykkt sú brtt., sem ég upphaflega lagði hér fram, að 50% séu dregin frá tekjum þess maka, sem lægri hefur tekjurnar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, þá kæmi það ákaflega illa við aðra hópa, svo sem námsmenn, þar sem konur vinna verulega fyrir þeim, eða konur, sem eiga óvinnufæra maka, og þar fram eftir götunum. Þannig virðist þetta ákvæði vera þannig vaxið, að vilji maður leiðrétta misréttið á einum stað, þá kemur upp misrétti á öðrum, og þannig virðist nú í reynd vera um mörg þessi ákvæði skattalaga, að þegar menn eru að slá undir leka, þá kemur annar leki í staðinn, þannig að ég fyrir mitt leyti vil draga þessa brtt. til baka og vísa þar til þeirrar brtt., sem er á þskj. 411 frá Svövu Jakobsdóttur, þar sem segir svo um ákvæði til bráðabirgða:

„Ríkisstj. skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþ. Við þá endurskoðun verði að því stefnt, að hver maður, sem aflar tekna og/eða á skattskyldar eignir, verði sjálfstæður skattþegn án tillits til hjúskaparstéttar."

Ég hygg í raun og veru, að þetta sé eina lausnin á því vandamáli, sem hér um ræðir, þannig að ég dreg þessa brtt. til baka.

Ég hef flutt tvær aðrar brtt., og þær mega gjarnan koma til atkv. hér. Sú fyrri er brtt. við 3. gr. frv., þar sem segir: „Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkv. 21. gr. og vextir af stofnsjóðsinnstæðum í samvinnufélögum." Hér legg ég til, að bætt verði við þessum orðum: Svo og vextir og vísitöluálag opinberra, vísitölutryggðra spariskírteina. Ástæðan er sú, að vextir af sparisjóðsinneign eru ekki undanþegnir skattskyldu almennt, ef menn skulda umfram visst mark, þannig að ég tel auðsætt, að löggjafinn þurfi að kveða upp úr um það afdráttarlaust, hvort þessi vísitölutryggðu spariskírteini eigi að tilheyra því ákvæði, þar sem kveðið er á um afdráttarlaust, að þau séu undanþegin skattskyldu eða þau falli undir annað ákvæði skattalaganna.

Þetta er ekki veigamikið atriði. Hins vegar met ég meira aðra brtt., sem ég hef flutt hér við 14. gr. frv., þar sem talað er um ríkisskattanefnd. Ég legg til, að við 14. gr., 5. mgr., bætist nýir málsliðir, sem orðist svo:

„Ríkisskattanefnd skal fela ríkisskattstjóra að annast útgáfu úrskurða nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal, að úrskurðir, sem gildi hafa, komi fyrir almenningssjónir."

Hugmyndin að baki þessari brtt. er sú, að vinnubrögð ríkisskattanefndar og skattayfirvalda eiga að vera opin almenningi, almenningur á að hafa aðgang að þessum gögnum. Hér á ekki að vera neinn feluleikur, og þetta getur líka verið til leiðbeiningar fyrir þá menn, sem annast skattaeftirlit og aðra þá aðila, sem við þessi mál fást.

Um þetta hef ég svo ekki fleiri orð, en vil leyfa mér að leggja til, að þessar tvær síðari brtt. komi hér til atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú þegar dregizt allmjög á langinn, sem ekki er kannske að undra, þegar um svo þýðingarmikil mál er að ræða, sem hér eru á dagskrá. Ég mun haga mínu máli á svipaðan veg og aðrir ræðumenn hér hafa gert, að tala ekki einungis um dagskrármálið, heldur einnig um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, en eins og öllum er kunnugt, eru þessi mál svo samantvinnuð, að þar verður ekki greint á milli í ræðum, svo að það hlýtur að verða að ræða þau bæði samtímis.

Hæstv. viðskrh. flutti hér langa ræðu áðan. Og mér kom það nokkuð á óvart, hve mikill fítonsandi gat í hann hlaupið miðað við það, sem hann sagði um frammistöðu stjórnarandstæðinga hér í þessum umr. Hæstv. ráðh. eyddi meginhluta síns tíma í það að ræða um þýðingu þess að fella niður nefskattana. Hér skal ekki dregið úr því, að þetta er atriði, sem kann að koma einstökum þegnum þjóðfélagsins til góða. Hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi, að það væri réttlátt að þeir, sem eiga eignir, og þeir, sem fá tekjur, tækju einhvern þátt í að greiða þessi gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins. Þessi setning hæstv. ráðh. var kannske í nokkru samræmi við málflutning hans í heild. Það er nú svo, að ég hygg, að þjóðin í heild eða gjaldþegnar þjóðfélagsins muni nú fá að greiða þessi gjöld að fullu, enda þótt nefskattarnir verði lagðir niður.

Það eru nokkur atriði í þeim frv., sem hér hafa verið rædd og eru á dagskrá, bæði í þessari hv. d. og hv. Ed., sem mér þótti ástæða til að víkja nokkuð frekar að en

þegar hefur verið gert. Meðal þess er það, sem nefnt hefur verið endurskoðun eða lagfæring á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hv. frsm. meiri hl. n., hv. 5. þm. Austf., vék nokkuð að. Hv. 11. landsk. kom örlítið að þessu hér í sinni ræðu áðan, en mig langar til að gera þetta atriði frekar að umtalsefni.

Það er vissulega rétt, að nokkur tilfærsla er gerð með þessum fyrirhuguðu breytingum á skiptingu verkefna milli þessara aðila. Þessar breytingar ganga þó allar í eina og sömu átt, sem sé þá að færa viðfangsefni frá sveitarfélögum í hendur ríkisins og skerða tekjur sveitarfélaganna til samræmis við það og fá þar með ríkinu í hendur auknar tekjur á móti. Þegar rætt hefur verið á undanförnum árum um breytingar á tekju- og verkefnaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis, þá hefur jafnan verið um það rætt, að um leið og þessi verkefnaskipting væri gerð einfaldari og skýrari, um leið og ríkið tæki að sér að fullu ákveðna málaflokka, þá fengju sveitarfélögin í staðinn ákveðin verkefni einvörðungu í sínar hendur og tekjustofna í samræmi við það. Þegar að því er staðið á þann hátt að færa verkefni og tekjustofna frá sveitarfélögum í hendur ríkisins einhliða, eins og hér er gert, þá miðar það að aukinni samþjöppun valds og fjármagns hjá ríkinu, og það er vissulega í samræmi við stefnu og aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstj. í fleiri málum, svo sem þegar hefur komið fram á starfstíma hennar. Þessi atriði vil ég láta koma hér fram og lýsa andstöðu minni við þessa fyrirætlan.

Það hefur verið rætt um það, einkanlega fyrst eftir að þessi frv. voru lögð fram, og það með nokkuð mikilli drýldni af hálfu hv. stjórnarliða, að með þessu væri verulega verið að einfalda skattkerfið. Það er nú svo, að vissulega er um nokkra einföldun að ræða með afnámi nefskattanna. Enda þótt þeir heyri í sjálfu sér undir önnur lög, þá skiptir það ekki máli. Hins vegar er gengið verulega í þá átt að flækja skattkerfið á öðrum sviðum, og á ég þá einkum við það, að með því að taka upp skattlagningu á tekjur á algerlega nýjum grundvelli er skattkerfið gert flóknara og örðugra í meðförum en áður hefur verið. Með þessu móti er að mínu mati stefnt í öfuga átt. Þegar slík umbylting er gerð á skattkerfinu, sem hér er fyrirhuguð, þá var nauðsynlegt að stefna verulega að því að einfalda skattkerfið, ekki aðeins í tali hv. stjórnarliða, heldur einnig í reynd. Það mætti þá um leið verða skref í þá átt að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, ef síðar yrði horfið að því ráði, en eins og kunnugt er, er einföldun skattkerfisins nauðsynleg forsenda þess, að svo megi verða.

Hér hefur mikið verið rætt um það, hvort skattbyrðin verði aukin, ef þessi frv. ná fram að ganga, eða hvort skattbyrðin léttist. Hér skal ekki farið mikið út í þá sálma, en hæstv. fjmrh. kom nokkuð að þessu í ræðu sinni hér í dag og hæstv. viðskrh. einnig, og báðir töldu og alveg sérstaklega hæstv. viðskrh., að um verulega lækkun eða léttingu skattbyrðarinnar yrði að ræða. Um þetta atriði er nú kannske einfaldast að bíða eftir skattseðlinum á komandi sumri, en það hefur þegar verið um þetta rætt á margan veg. Það er ekki sama, hvaða grundvöllur er lagður undir þann útreikning, sem gerður er í þessum efnum, og má þar nefna, að ef skattvísitalan er einungis ákveðin 106.5 stig, þ. e. hækkun um 6.5%, meðan almennar launatekjur í landinu hafa hækkað um 22–25%, þá sjá allir, að hér er um verulega fölsun að ræða. Talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa talað um það hér í ræðum í dag, að fráfarandi ríkisstj. hafi ekki viljað ganga langt í því að hækka skattvísitöluna á undanförnum árum. Vissulega er það rétt, að því varð trauðla við komið að framfylgja þeirri stefnu, sem sú ríkisstj. setti sér, að hækka skattvísitöluna með eðlilegum hætti, á erfiðleikaárunum, sem yfir þetta þjóðfélag gengu á árunum 1967 og 1968. Þessa gætti einnig nokkuð á árinu 1969. En á síðasta ári var skattvísitalan hækkuð um 20%. Og ef svipað væri að málum staðið nú, þá mundi breytast sá grundvöllur, sem útreikningar hæstv. fjmrh. og annarra stjórnarsinna eru byggðir á um skattbyrði einstakra borgara þjóðfélagsins.

Hæstv. fjmrh. talaði um það hér í dag, að það væri látið að því liggja af hálfu stjórnarandstæðinga, að skattlagning á tekjur væri svo há, að hætta væri á, að það drægi úr framtaki manna og dug til þess að afla sér tekna og skapa þannig verðmæti í þjóðfélaginu. Hæstv. ráðh. viðhafði þau orð um þetta efni, að hann hefði nú talið, að það væri sérstakt ánægjuefni fyrir fólk að afla mikilla tekna og greiða mikið til sveitarfélaga og mikið til ríkisins. Ég hygg, að ýmsum skattborgurum í þessu landi þyki það athyglisvert, að hæstv. núv. ríkisstj. skuli vera þeirrar skoðunar, að það sé sérstök ánægja fyrir fólkið í landinu að eiga þess kost að greiða mikið í opinber gjöld.

Um þetta atriði vil ég svo bæta því við, að hæstv. ráðh. gat þess, að ekki væri sjáanlegt, að þarna væri um aukna skattbyrði að ræða, og þarna væri ekki um aukna álagningarprósentu að ræða, vegna þess að hámarksprósenta skattlagningar á tekjur í gildandi lögum er 57%, en miðað við þau frv., sem fyrir liggja, væri hámarksálagningarprósenta 55%. Þarna væri því síður en svo gengið í þá átt að auka skattlagningu á tekjur manna. Við þetta hefur hv. 11. landsk. þegar gert þá aths., að með því að í gildandi kerfi væri útsvar fyrra árs frádráttarbært og auk þess hefðu tekjustofnar sveitarfélaga verið svo rúmir, að víða hefði verið unnt að veita afslátt, þá hefði skattlagningin að meðaltali verið fyrir neðan 50%. Þótt ekki sé nú farið út í að meta frádrátt einstakra sveitarfélaga við útsvarsálagningu, þá er þó ljóst, að frádráttur útsvars síðasta árs veldur því, að álagningarprósentan fer niður undir 50%. Við þetta bætist svo það, sem hæstv. ráðh. virðist ekki hafa áttað sig á, eða, sem miklu er líklegra, talið hagkvæmt að vekja ekki athygli á, en það er það, að með því að finna upp hið nýja kerfi að leggja útsvör á brúttótekjur þá er unnt að lækka þessa prósentu, vegna þess að útsvarsálagningin leggst á tekjur alveg niður í botn. Ef miðað væri við hið fyrra kerfi, þar sem útsvarsálagningin var miðuð við nettótekjur og eðlilegan persónufrádrátt, – ég tel naumast þann persónufrádrátt, sem gert er ráð fyrir hér í brtt., eðlilegan, – þá er ljóst, að það dygði ekki til, álagningarprósentan á tekjur væri 10% til sveitarfélaganna svo að sömu fjárhæð yrði náð. Miklu nær sanni væri að ætla, að hún þyrfti að vera a. m. k. 20%, ef ekki 25%. Þar með væri álagningarprósenta á tekjur komin upp í 65–70%, og svo kemur hæstv. ráðh. hér og segir, að ekki sé um aukna skattlagningu á tekjur að ræða.

Það eru vitaskuld ýmis atriði í þessum frv., sem ástæða væri til að ræða, og það verður væntanlega gert

frekar en þegar hefur verið gert við þessar umr. Ég skal þó ekki fara út í mörg fleiri atriði.

Það er ljóst af tali hæstv. stjórnarliða, að þeir vilja einatt gleyma því, að hér er lagt til, að um mjög mikla hækkun eignarskatta verði að ræða. Eins og kunnugt er, þá er í gildandi lögum ákveðið, að þriggja millj. kr. eign sé skattfrjáls og næstu 3 millj. kr. séu mjög lágt skattaðar eða 0.4%. Nú er einungis 1 millj. kr. skattfrjáls og skattprósentan þegar mun hærri og hækkar auk þess mjög ört. Það er augljóst, að á þessum skölum verður um mjög mikla hækkun að ræða. Einnig verður um mikla hækkun að ræða á fasteignasköttum, og eins og hv. frsm. 1. minni hl. gat um í sinni ræðu hér í dag, þá er það skoðun okkar sjálfstæðismanna, að fasteignaskattar eigi að vera þjónustuskattar til sveitarfélaganna og vera bundnir við ákveðna hámarksprósentu, en vera síðan hreyfanlegir innan þeirra marka eftir ákvörðun sveitarstjórnar til samræmis við það, hvaða þjónustu einstök sveitarfélög veita í sambandi við hinar ýmsu tegundir fasteigna.

Í frv. hæstv. ríkisstj. um tekjustofna sveitarfélaga, eins og það var lagt fram, er að því vikið í 23. gr., að skylt verði að ætla tekjur þeim mönnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur, til jafns við það, sem þeir hefðu unnið hjá öðrum við sams konar fyrirtæki, ef þeir hefðu ekki út úr rekstrinum slíkri tekjuhæð. Í brtt. meiri hl. n. er nokkuð dregið úr þessu ákvæði og þetta fært í heimildarform, og hafa hv. þm. stjórnarliðsins, sem eru í meiri hl. fjhn., kiknað undan þeim þrýstingi, sem ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar hefur mætt af þessu tilefni. Réttara hefði verið og raunar sjálfsagt að mínu mati að fella þessa málsgr. alveg niður. Ómögulegt er að segja um, hvort heimildin verður notuð eða ekki, en þó er líklegt, að svo kunni að fara, og raunar vissa fyrir því, að svo fari, ef um það verður að ræða, að sveitarfélögin skorti gjaldstofna til þess að leggja á. Við vitum, að það gengur mjög misjafnlega fyrir hin einstöku sveitarfélög að ná þeim gjöldum, sem þörf er á, og þegar slíkar heimildir sem þessi eru í lögum, þá má vænta þess, að þær verði í sumum tilvikum notaðar.

Það, sem hér er um að ræða, er það, að t. d. bónda, sem ekki nær sæmilegum tekjum út úr sínum búrekstri, yrðu ætlaðar tekjur til jafns við það, sem hann hefði unnið við búreksturinn hjá öðrum, og þar sem kaupgjald slíkra manna er ákaflega misjafnt, má ætla, að launaliður verðgrundvallarins yrði tekinn til viðmiðunar. Hv. þm. Framsfl. mun vera það kunnugt, að tekjur bænda eru mjög misjafnar. Það er svo, að einstakir bændur hafa mjög litlar tekjur, og kannske er það svo, að í engri stétt í þjóðfélaginu séu tekjur jafn misjafnar og hjá bændastéttinni. Yfir henni vofir því kannske meiri hætta en nokkurri annarri stétt þjóðfélagsins, að þessi heimild verði notuð til þess að leggja á útsvör eftir þessari gr., þrátt fyrir það að þeir hafi haft litlar sem engar tekjur út úr sínum búrekstri.

Ég skal ekki hafa um þessi efni öllu fleiri orð. Ég ítreka það, að þessi frv. hafa í augum okkar sjálfstæðismanna til að bera svo marga galla, og þau eru undirbúin með svo flausturslegum og óvönduðum hætti, að við höfum lagt til, að þeim verði vísað frá.

Hæstv. fjmrh. gat þess hér í dag, þegar hann var að telja upp þá menn, sem unnið hefðu að samningu þessa frv. undir sinni yfirstjórn, að vissulega hefði einn nefndarmanna hætt störfum í nefndinni, vegna þess að hann hefði þurft að fara til útlanda. Ég minnist nú þess, að þessi ágæti nm. birti yfirlýsingu í dagblöðum um, að hann hefði sagt sig úr þessari nefnd vegna þess, að þeir, sem þar réðu ferðinni, stefndu í þveröfuga átt í skattamálum við það, sem væri hans skoðun. Það hefði nú verið hreinlegast fyrir hæstv. ráðh. að segja hlutina um þennan nm. eins og þeir voru. (**Gripið fram í:** Hann tók það fram, þegar hann réð sig, að hann gegndi störfum til áramóta.) Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sé ekki að bera brigður á þær yfirlýsingar, sem maðurinn hefur birt í dagblöðum.

Ég ítreka það, að þau frv., sem hér liggja fyrir, eru með þeim hætti, að rétt væri að vísa þeim frá. Svo virðist sem hv. frsm. meiri hl. n., hv. 5. þm. Austf., sé nú ekki heldur sérlega ánægður með þessi frv., því að hann sagði í lok sinnar löngu ræðu hér í dag, að vissa væri fyrir því, að nú þyrfti að taka til hendi. Enda þótt þessi frv. yrðu samþykkt, þá þyrfti nú aldeilis að taka til höndum við framhaldsendurskoðun skattalaganna og tekjustofnalaganna til þess að bæta um það, sem hér er verið að leggja til, að gert sé. Þetta er kannske einn ljósasti vitnisburðurinn um, hversu óvönduð vinnubrögð eru hér á ferðinni, þegar sjálfur frsm. meiri hl. fjhn. viðhefur þau orð, að þegar að lokinni þessari afgreiðslu þurfi rösklega að taka til hendi til þess að halda áfram endurskoðun og lagfæra það, sem betur þyrfti að fara.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég verð nú að segja eins og hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. v., að ég held, að það hafi verið eitt af því fáa í ræðu hv. frsm. fjhn., sem mér fannst athyglisvert, þegar hann sagði, að það þyrfti að taka til hendinni í heildarendurskoðun þessara frv., sem nú á að lögfesta. Mér datt nú í hug, að bragð er að, þá barnið finnur, þegar hann fann þetta eftir allt það, sem á undan er gengið. Það hefur ekki verið létt hlutverk, sem þessi hv. þm. hefur haft að vera milligöngumaður milli ríkisstj. og fjhn. þennan tíma.

Ég ætla að taka það fram, að við sjálfstæðismenn í n. höfum ekki verið með neina gagnrýni vegna mistaka, sem urðu í sambandi við fundarboð. Það getur komið fyrir alla menn og alla starfsmenn, að einhver slík mistök eigi sér stað, en hitt vil ég minna hv. form. n. á, að 17. des., eða áður en frv. um tekjuskatt og eignarskatt er sent til fjhn., þá er að till. minni hl. fjhn., sjálfstæðismanna, lagt til, að frv. sé sent til umsagnar þeim aðilum, sem það var sent, til þess að spara tíma. Því segi ég það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hann og hæstv. fjmrh. eru að tala um, að við höfum verið að kvarta undan seinagangi í afgreiðslu þessa máls. Hæstv. fjmrh. ætlaði sér að lögfesta þessi frv. fyrir jól. Hann ætlaði að gera það í fyrstunni, en hann bara hætti við það, hann gafst upp við það. Það kom á fleiri en stjórnarandstæðinga, þegar þeir sáu framan í þessa skapnaði, sem hér liggja fyrir, þessi tvö frv. Það kom líka á ýmsa framsóknarmenn og aðra stuðningsmenn stjórnarflokkanna, það vita þessir hæstv. ráðh. Þeir vita og, að seinagangurinn, sem hefur verið að undanförnu, er ekki stjórnarandstöðunni að kenna. Hann stafar af því, að það hefur verið ósamkomulag á þessu svo kallaða heimili stjórnarflokkanna, því að þar hefur hver

höndin verið upp á móti annarri í sambandi við afgreiðslu þessara mála. Það hefur því ekki verið skemmtilegt verkefni þessa hv. þm. að bíða og bíða, meðan verið var að semja í einhverjum herbergjum uppi í Arnarhvoli eða niðri í stjórnarráðshúsi eða hvar það hefur verið.

Það sýnir sig líka, hvernig fundarhöld hafa verið í n. Eftir að þing kemur saman að nýju 24. jan., þá er haldinn fundur í n. Þá er frv. lesið og rætt um vinnubrögð. Sameiginlegur fundur fjhn. beggja d. var haldinn 25. jan. Þá er aftur haldinn fundur, þá er mættur ráðuneytisstjóri fjmrn., maðurinn, sem var formaður aðstoðarnefndarinnar. Síðan er boðaður fundur 8. febr., en þar verða mistök, sem ég er engum um að kenna, en næsti fundur þar á eftir er ekki fyrr en 14. febr. Hvaða bil er hér um að ræða, af hverju er þetta bil, af hverju eru þessi göt öll í þessum vinnubrögðum? Það var vegna ósamkomulagsins á sjálfu stjórnarheimilinu. Hinn 16. febr. er haldinn fundur í n. aftur. Þá mætir sami maður, ráðuneytisstjóri fjmrn., og ríkisskattstjóri, sem mætti á fundinum 14. febr. til þess að gefa skýringar. Þann 17. febr. er farið að greina frá athugunum ríkisstj. og aftur kom nú maðkur í mysuna. 28. febr. er þar næsti fundur boðaður, og þá koma sérfræðingarnir frá Efnahagsstofnuninni, hagrannsóknastjóri og hagfræðingur með honum, og svo aftur 1. marz. Þetta er gangur þessa máls sannur og réttur, eins og hann liggur fyrir.

Hæstv. fjmrh. talaði um nefndina, sem hefði aðstoðað við samningu frv., og var helzt á honum að skilja, að þrátt fyrir þær aths. við frv., að þessi n. hefði verið til aðstoðar, þá hefði hún nú eftir allt samið frv. sjálf og ein. Hann sagði, að við hefðum sett út á þá menn, sem hefðu samið frv. Við settum út á það, að embættismenn eins og ríkisskattstjóri hefði ekki verið spurðir neins, maðurinn, sem er með hina tæknilegu þekkingu á framkvæmd laganna.

Svo leyfði ég mér að setja út á annað, hvort sem hæstv. fjmrh. líkar betur eða verr, að þegar verið er að endurskoða heildarskattkerfi íslenzku þjóðarinnar, þá skuli stjórnarflokkarnir einir eiga pólitíska fulltrúa í nefndinni. Stjórnarandstaðan á þar hvergi að koma nærri. Áður hefur verið komið inn á atvinnuvegina og launastéttirnar í því sambandi sem slíkar, en ég verð að segja það alveg eins og er, að stjórnarandstæðingar á Íslandi greiða ekkert síður skatta en stjórnarsinnar, og þeir eiga að hafa fulla heimild til þess að eiga aðild að og fylgjast með setningu og mótun nýrrar heildarlöggjafar í skattamálum þjóðarinnar. Það er þetta, sem ég leyfi mér að átelja.

Ég sé, að hann er kominn, hæstv. viðskrh. Hann fór nú hér heldur betur á kostum áðan. Hann kom lítið inn á, hver væri rekstrarstaða atvinnuveganna núna. Honum hefur þó orðið tíðrætt um þau efni á undanförnum árum. Það væri fróðlegt að vita það hjá honum, þegar hann flytti næstu stórræðu, hvort hann áliti, að rekstrarstaða atvinnuveganna og þá einkum útflutningsatvinnuveganna væri jafngóð núna í ársbyrjun 1972 og í ársbyrjun 1971. Telur hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskrh., að rekstrarleg staða atvinnuveganna sé jafngóð og fyrir ári? Telur hann, að þær breytingar, sem þessi frv. gera ráð fyrir, verði til þess að styrkja atvinnuvegina? Telur hann, að það, sem á undan er gengið í þjóðfélaginu í dýrtíðar- og verðlagsmálum, sé á þann veg, að það sé til að styrkja og efla stöðu atvinnuveganna? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar í næstu stórræðu.

Hv. frsm. fjhn. talaði um, að fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, hefði ekki verið mjög þægileg í samskiptum við sveitarfélögin. Öðrum ferst, en ykkur ekki, framsóknarmenn. Þið ættuð að minnast þess, að 1951 flutti Gunnar Thoroddsen frv. og lagði til, að 20% af söluskattinum yrði varið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sjálfstfl. stóð að baki Gunnari Thoroddsen í þessu efni, en hvað skeði? Það var stjórnarsamstarf þá á milli Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir ætluðu að verða alveg hringlandi vitlausir, ráðh. Framsfl., yfir því að veita sveitarfélögunum slíka fyrirgreiðslu sem þessa, og það var ekki um neitt annað að ræða en þetta: Annaðhvort er stjórnarsamstarfinu slitið eða þið verðið að falla frá þessari kröfu til þess að rétta hag og hlut sveitarfélaganna. Þannig var nú andinn hjá framsóknarmönnum til sveitarfélaganna í þá daga.

Það hefur verið lítið minnzt á fasteignaskattana hér í þessum umr. Það er ákaflega sakleysisleg gr. í frv. um tekjustofna sveitarfélaga í ákvæðum til bráðabirgða, 4. liður, það ber ekki mjög mikið á honum, en hann er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjmrh. er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.“ Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann ákveðið að nota þessa heimild, sem hann hefur, þegar búið verður að lögfesta þetta frv.? Ef svo er, hvernig ætlar hann þá að ákvarða hækkun á fasteignamatinu miðað við árslok 1971? Hvernig stendur á því, að sérfræðingarnir, sem eru að mæta hjá okkur í n., reikna með 20% hækkun á fasteignamati, eins og það var í árslok 1971? Finna þeir það upp hjá sjálfum sér að gera það eða er það ætlun ríkisstj. og fjmrh. að hækka fasteignamatið, eftir að þetta frv. er orðið að lögum? Svo á að vera í höndum sveitarfélaganna heimild til að leggja 50% á leyfða fasteignaskatta samkv. þessu frv. Því verð ég nú að segja, að fasteignaskattarnir verða orðnir æðiþungur baggi á almenningi í landinu. Ég skal játa það, að í skýrslum og gögnum, sem ég hef séð, eru fasteignaskattar yfirleitt lágir á Norðurlöndum og í nágrannalöndum okkar, en tiltölulega háir í landi eins og Bandaríkjunum. En það er líka mikill munur á þessum löndum, því að á Íslandi eru tiltölulega langflestir fasteignaeigendur. Hér hefur verið sú stefna ríkjandi, að flestir ættu sínar eigin íbúðir, en byggju ekki í leiguíbúðum. Þess vegna er þetta hlutfall miklu hærra hér og kemur fyrst og fremst á almenning í landinu, sem eru eigendur sinna fasteigna eða þeirra íbúða eða húsa, sem þeir búa í.

Það er dálítið fróðlegt að sjá, að á tiltölulega litlu einbýlishúsi hér í Reykjavík var fasteignaskattur á þessu ári 4 722 kr., en ef þetta frv. verður að lögum, þá verður fasteignaskatturinn 14 605 kr. Hann rúmlega þrefaldast. Ef fjmrh. ætlar að nota heimildina um 20% hækkun fasteignamatsins, þá þýðir það á þetta hús 2 921 kr. til viðbótar, þannig að fasteignaskatturinn er kominn í 17 526 kr. eða 3.7-faldast. Við skulum segja, að það séu hús í einhverjum sveitarfélögum, sem verða að nota sér heimildina, fara allt upp í 50%. Það þýðir, að fasteignaskatturinn er kominn í 26 289 kr. eða hefur þá 5.6-faldast. Þetta fer nú að verða anzi alvarlegt fyrirbrigði, og ég held, að hæstv. viðskrh. hafi slegið óskap-

legt vindhögg, þegar hann réðst hér að einum þm. áðan og sagði, að hann hefði skrifað grein í Morgunblaðið út af því, hvernig væri farið með gamla fólkið. Ég skal segja hæstv. viðskrh. það, ef hann hefur ekki vitað það áður, að það er fjöldi af öldruðu fólki, sem hefur litlar tekjur, sem á fasteignir, sem eru nokkuð stórar. Þetta er fólk, sem heldur tryggð við íbúðir, sem það hefur búið í, meðan börnin voru að fæðast og alast upp, og það vill ekki slíta þau bönd. Á að knýja þetta fólk með margföldun fasteignaskatta til þess að yfirgefa þau heimili, sem það hefur reist sér, meðan það var í fullu fjöri og hafði góðar tekjur? Þetta er röng stefna að mínum dómi, en ég veit það og þekki af langri reynslu, að þegar hæstv. viðskrh. hefur tekið eitthvað í sig, þá heldur hann í það dauðahaldi, hversu vitlaust sem það er.

Ég held það hafi komið töluvert á a. m. k. allstóran hóp framsóknarþm. og framsóknarmanna og auðvitað manna úr öllum flokkum, þegar þeir sáu 23. gr. frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, 4. málsgr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vinnur einstaklingur eða hjón, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þessara aðila við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá skattstofn sem bruttótekjur þar af aldrei ákveðinn lægri í heild en ætla má, að laun þessara aðila, miðað við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu annars aðila."

Ég held það hafi farið um marga. Hvað ætli hefði heyrzt hér á Alþ., ef fyrrv. stjórnarflokkar hefðu lagt fram frv. með slíkum ákvæðum eins og þessum? Ég er hræddur um, að sumir þm., sem þá töluðu mikið, en tala lítið núna, hefðu haft hátt.

Minn ágæti vinur, hv. formaður fjhn., snupraði okkur sjálfstæðismenn fyrir það að hafa ekki brtt. til á stundinni. Ég segi nú bara: Loftar þú þessu, Pétur? Við höfum, eins og ég hef lýst, starfað í fjhn.; við höfum mætt þar, þegar við höfum verið boðaðir. Hann hefur boðað fundi, þegar hann hefur getað boðað fundi. Það er vegna þess, að yfirstéttin hefur verið að ráðskast með afkvæmin, og brtt. voru að fæðast alveg fram á síðasta dag. Og eins og ég sagði í dag, þá fæddist brtt., eftir að við slitum samvistum í n., þessi stórkostlega brtt. meiri hl., hvað snertir aldraða. Við höfum flutt, eins og margoft hefur verið tekið fram, rökstudda dagskrá, sem við höfum rökstutt að fullu og öllu, ég held, að það sé ekki hægt að fara fram á það, ekki einu sinni af röskustu mönnum, að fulltrúar flokks fái ekki einn dag til þess að ganga frá brtt. sínum, ef dagskrártill. þeirra er felld. Mér finnst ekki ástæða til að snupra okkur fyrir það að fara fram á öll þessi ósköp, eftir það sem á undan er gengið og við berum enga sök eða ábyrgð á.

Mér hefur alltaf líkað mjög vel við hæstv. fjmrh., en mér ofbauð alveg ræðan hans í dag. Ég hélt hann vildi vera sannorður og segja satt og rétt frá hlutunum. Það hafa nú aðrir komið inn á þetta atriði, bæði 11. landsk. þm. og sömuleiðis 5. þm. Norðurl. v., en það er samanburður á skattlagningunni. Að hugsa sér að taka sér í munn slíkt, sem hæstv. ráðh. gerði, og segja, að skattlagningin verði samkv. þessum frv. 54% á móti 57% samkv. gildandi löggjöf. En hún getur nú auðvitað orðið með heimildum 55%. Þeir hv. þm., sem ég vitnaði í áðan, hafa auðvitað leiðrétt þetta, en hvernig stendur á því að hv. fjmrh. leyfir sér að fara út í slíkan samanburð, þegar um gjörbreytingu á frádráttarliðum til útsvars er að ræða? Það veit hann ósköp vel, og þar er ekki um neinn misskilning að ræða, að skattprósentan í heild, miðað við nettótekjur, er miklu hærri en hún hefur verið, því að meðalprósentan hefur verið liðlega 50% eða um 51% og hér í Reykjavík rúmlega 49%. Þess vegna er ég undrandi á því, að hæstv. fjmrh. skuli hætta sér út á svo hálan ís, en það skal ég þó segja um ríkisstj. í heild, að ég hefði ekki haldið, að þar væru svo miklir fimleikamenn, a. m. k. ekki eftir útliti þeirra að dæma, sumra hverra, eins og raun ber vitni, í sambandi við allan málflutning og málatilbúnað í þessum málum.

Hún gleður mig mikið, hirðusemi hæstv. viðskrh., að geyma öll plögg frá skattalaganefndinni, og sýnir það, að þar er maður, sem passar upp á hlutina og týnir engu. Og það minnir mig á hæstv. fjmrh. og yfirlýsingu eða svar, sem hann gaf nýlega við kröfugerð, að það væri mjög gott að fá nóg af kröfum, og það er talið, að það sé að verða þröngt þar innandyra, eftir að kröfur fóru að hlaðast þar upp.

Hæstv. viðskrh. sagði, að ríkisstj. síðasta hefði gefizt upp á að afgreiða skattafrv., sem hún flutti 1970. Þegar það frv. kom til umr., var m. a. þessi hæstv. ráðh., sem þá var í stjórnarandstöðu, einn af þeim, sem óskuðu eftir því, að þessu frv. yrði frestað til nánari athugunar. En það var bara gert annað þá en nú, það var orðið við þeirri beiðni. Þetta veit hæstv. viðskrh. vel. Það er ekki rétt hjá hæstv. viðskrh., að atvinnurekendur hafi lagzt gegn því frv. eða ákvæðum frv. Ég kom inn á það í ræðu minni hér í dag, og það þýðir ekki fyrir hann að halda fram vitleysu eins og þessari.

En það mætti segja mér, að þegar hann heldur fram æ ofan í æ, allt frá því að hann setti kerfið inn í sjálfvirka heilann í desember, að hér sé um stórfellda skattalækkun að ræða, og enn heldur hann sér við þetta sama, að honum hafi tekizt að sannfæra fjmrh. um þessar tölur að mestu eða öllu leyti. Samfara þessu heldur hæstv. viðskrh. því fram, að þessi ríkisstj. sé að hverfa frá beinu sköttunum, hún sé að draga stórkostlega úr söluskatti. Það hafi hún gert, þegar hún tók við völdum, og það gerir hún með þeim hætti, að í fjárlögum ársins 1971 eru áætlaðar tekjur af sölusk. 4 849 millj. kr., en í fjárlagafrv., sem þessir herrar samþykktu fyrir jólin, er söluskatturinn, sem lækkaði svona óskaplega, eftir því sem hann sagði, áætlaður 6 587 millj. kr. Þannig er meðferð hæstv. viðskrh. á tölum. Þannig sýnir hann alveg, hvernig allt er í pottinn búið, þetta sé lækkun. Þegar söluskatturinn hækkar um 1 700 millj. kr. á einu ári, þá er verið að draga stórkostlega úr söluskatti. Þegar útgjöld fjárlaga hækka um 50%, þá segir hann, að allir skattar komi til með að lækka stórlega. Þetta er, eins og einn stjórnarþm. sagði hér í vetur, afrek út af fyrir sig, stórkostlegt afrek, sem mun verða lengi í minnum haft.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en það er af nógu að taka. En ég ætla að enda á því að segja það, að ég held, að þegar flett verður ofan af núv. hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur runnið sitt skeið til enda, þá muni enginn efast um, og ekki einu sinni þrákelkniskarlinn, sem viðskrh. nefndi, að það er ekki ýsa sem sést. Það verður frekar hin fisktegundin, sem ráðh. nefndi.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson:) Herra

forseti. Ég skal nú ekki fyrir mína parta lengja þessar umr. mikið, úr því sem orðið er. Ég vil, út af því sem hv. síðasti ræðumaður kom að, þar sem hann vefengdi, að fulltrúum atvinnuveganna hefði blöskrað frágangur frv. í fyrra, árétta það, sem ég sagði hér áður, að þeir lögðu það til í sínu erindi, að flýtifyrningar af endurmatsheimildunum yrðu felldar niður. Það er þetta atriði, sem við er átt, þegar þessu hefur verið slegið hér fram, og að þessu getur hv. þm. gáð við tækifæri.

Hann er óánægður yfir því, hv. frsm. 1. minni hl., að ég fann að því jafnhliða því, sem ég benti á aðrar veilur í þeirra málflutningi, að þeir leggja það helzt til að vísa þessum málum frá og að þeir ekki hefðu tilbúnar sínar brtt. nú, þegar hann var búinn að halda hér langa ræðu um þann seinagang og þær tafir, sem málið hafði orðið fyrir af völdum stjórnarinnar. Ég vil bara endurtaka það, að mér finnst, að á þeim 2½ mánuði, sem liðinn er, frá því að frv. var lagt hér fram, þá hefðu þessir hv. þm. getað verið búnir að gera sér svo mikla grein fyrir málinu, að þeir hefðu tilbúnar brtt. sínar nú. Ég vil einnig minna á, að það var jafnframt það, sem olli því, að ég fann að þessu, að fyrir nokkrum dögum var stungið upp á því af hálfu sjálfstæðismanna að haga þessum umr. þannig hér, að taka 2. umr. málsins í dag og 3. umr. á morgun, að það var búið að tala um þetta á milli þm. eða forustumanna flokkanna.

Það er nú eiginlega broslegt og sýnir, að það er orðið smátt, sem þeir finna sér til, hv. sjálfstæðismenn, í sambandi við málflutning hér, þegar tveir þm. taka sig til og leggja út af því í alllöngu máli, að ég hafi sagt í ræðu minni, að nú héldi endurskoðun málsins áfram! Hvað þýðir að vera að tala svona, eins og menn hafi hvorki séð eða heyrt að undanförnu? Fyrst og fremst liggur nú þetta frv. hér fyrir, og það er aðeins um afmarkaða þætti tekju- og eignarskattslaganna. Þar að auki er það margyfirlýst af hálfu ríkisstj. og stuðningsmanna hennar, að þeirri endurskoðun, sem hafin var í haust og er stíluð upp á heildarendurskoðun á kerfinu öllu, verður að sjálfsögðu haldið áfram. Og þetta, sem nú er verið að gera, er nánast til þess að afnema sárustu agnúana, sem ómögulegt var að búa við áfram, og að breyta lögum um tekjuskattinn til samræmis við það, sem búið er að gera á öðrum sviðum löggjafar. Það sýnir ekki merkilega málefnastöðu, þegar farið er að gera atriði úr svona hlutum og reyna að snúa út úr á þennan lítilfjörlega hátt.

Ég vil líka segja það út af lestri hv. 2. þm. Vestf. áðan um störf n., að ég hef nú verið í fjhn. áður hér í hv. d. Og ég man ekki betur en að þar sé allt ósköp svipað eins og það hefur gengið til. Það er engin ný bóla, að n. hafi samstarf við ríkisstj. um þessi mál. Ég held, að þetta sé ákaflega líkt og það hefur verið og sé ekki nokkur ástæða fyrir þennan hv. þm. eða aðra að fjargviðrast út af þeim vinnubrögðum, sem í vetur hafa verið um hönd höfð í n.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi, að flati skatturinn, sem nú er tekinn upp í sambandi við útsvörin, yrði til þess að flækja skattakerfið. Það á vafalaust eftir að vinna út ákvæðin um flata skattinn ítarlegar en gert er nú, þegar hann er upp tekinn. Af ástæðum, sem áður hefur verið skýrt frá, var óhjákvæmilegt að fara yfir í þetta nú, en draga það ekki. Það á vafalaust eftir að vinna þetta nánar, en ég vil leyfa mér að halda því fram, og það er mín skoðun, að það sé einmitt hagfellt að setja lög um þetta efni nú og fá reynslu á þetta fyrirkomulag við álagninguna hjá sveitarfélögunum nú í sumar. Og ég get ómögulega fallizt á það, að slíkur flatur skattur eigi að þurfa að verða til þess að flækja álagningarkerfið eitthvað sérstaklega, gera það flóknara.

Þeir eru enn þá að basla við skattvísitöluna og segja, að hún hafi verið hækkuð um 20% við afgreiðslu fjárlaga 1971. Það var ósköp auðvelt að hækka hana um 20% með því að skilja eftir heilan milljarð af útgjöldum ríkissjóðs utan við fjárlögin. Með svona kúnstum er hægt að gera ýmsa hluti sér til hagræðis, þegar kosningar fara í hönd. En það er varla til þess að hrósa sér af því.

Hv. þm. Ólafur Einarsson flutti hér ágæta ræðu vafalaust, en ýmislegt var þó á misskilningi byggt hjá þessum hv. þm. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að það væri þegar búið að breyta verkaskiptingunni á milli sveitarfélaga og ríkis. Þetta kom alls ekki fram í þeim atriðum, sem ég taldi, að búið væri að gera. Það er hægt að fletta upp á því, og ég ætla ekki að vera að eyða tíma í að endurtaka það, sem ég sagði um þetta. Það er á bls. 5–6 í handriti mínu, en ræða mín var skrifuð, að því er þetta snerti. Svo er verið að tala um, að það hafi verið tekin verkefni af sveitarfélögunum, sem minnki þeirra sjálfstæði. Hvað er það, sem búið er að gera? Það er búið að létta því af sveitarfélögunum að innheimta hluta af tryggingagjöldunum með útsvörum, og það er búið að taka af þeim löggæzluna að fullu. En einmitt sú skipting, sem var á löggæzlukostnaðinum, er eitt af þessum dæmum um óljósa, og ég vil segja, óeðlilega skiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, eitt af ótal mörgum, sem verður að taka til athugunar og skoðunar við áframhaldandi endurskoðun þessara mála.

Það er svo ástæða til að minna á það í sambandi við þetta tal hv. þm. um, að verið sé að rýra hlut sveitarfélaganna, að nú á þessu byrjunarstigi heildarendurskoðunarinnar er, eins og ég vék að í framsöguræðu, búið að ákveða landshlutasamtökunum starfsfé, sem þau hafa nánast ekkert haft, og því mjög barizt í bökkum, þótt sum þeirra hafi reynt að hafa starfsmann og skrifstofu, og það er líka búið að gera ráðstafanir til þess að tryggja þeim eðlilegan sess í landslögum. Nú þegar er búið að gera ráðstafanir til að tryggja þeim slíkan sess, a. m. k. til bráðabirgða, þótt e. t. v. þurfi síðar að breyta þeim ákvæðum eins og fleiru, þegar þessi mál þróast meira.

Hv. þm. ræddi enn mikið um það, hvort skattar hækkuðu verulega, greiðslubyrðin þyngdist við þessa kerfisbreytingu, sem nú er verið að gera. Og hann heldur því auðvitað fram til samræmis við það, sem hann hefur áður sagt, að greiðslubyrðin þyngist. En ég vil segja það, að í sínum útreikningum miðar hann við rangan grundvöll. Og ég vil aðeins enn vitna til þess, sem segir hér í áliti frá hagrannsóknadeild, sem dagsett er 6. þ. m. Þar segir orðrétt, að „eftir breyt. á frv. er heildarskattbyrði nánast óbreytt frá eldra kerfi."

Það er náttúrlega fullyrðing, sem hægt er að slá fram hér, en er ákaflega hæpið að gera og ég hef enga trú á að standist, þegar þessi hv. þm. segir, að fjölmörg sveitarfélög muni innheimta fasteignagjöld með álagi og 11% í útsvörum. Þessu er hægt að slá fram hér í umr., en þetta

er algjörlega út í bláinn, álít ég, að það verði fjölmörg sveitarfélög, sem þurfi til þess arna að grípa.

Hann var aðeins að fitla við það, að Hæstiréttur hafi dæmt breytingar skattalaga ólöglegar, þegar um afturvirkni íþyngjandi ákvæða í skattalögum var að ræða. Ég gerði svo ítarlega grein fyrir þeim dómum, sem hér mun átt við, að ástæðulaust er að fara út í það frekar hér, enda var þetta aðeins ákaflega veik tilraun til þess að halda í horfinu, hvað þetta atriði snertir.

Þá skal ég aðeins minnast á eitt atriði enn í ræðu þessa hv. þm. Hann hélt því fram, að það skapaðist óeðlilegt ástand í sambandi við ríkisskattanefnd frá gildistöku laganna og til septemberloka. En ég held, að hv. þm. ætti að líta á gildistökuákvæði í frv., þar sem það er tekið fram, að ákvæðið um ríkisskattanefnd og önnur skyld ákvæði taki alls ekki gildi fyrr en eftir septemberlok, þ. e. 1. okt., þannig að áhyggjur hans út af þessu atriði eru algjörlega ástæðulausar, og ég skil eiginlega ekkert í, hvað hann virðist hafa lesið illa frv., hvað þetta snertir.

Ég verð að segja það að lokum, að mér finnst málflutningur stjórnarandstæðinganna í þessu máli hér í dag og í kvöld hafa verið ákaflega linur. Það hefur margt verið talað um vinnubrögðin, og ég sé ekki, að þar standi eiginlega eftir steinn yfir steini. Það er öllum ljóst, að það hefur verið gripið til þess ráðs af óhjákvæmilegri nauðsyn að byrja á breytingum skattkerfisins nú, en síðan verður endurskoðuninni haldið áfram.

Aftur á móti hefur verið bent á það hér, og þeir hafa ekki getað hrakið það, að vinnubrögðin áður, á 12 ára tímabili viðreisnarstjórnarinnar, voru með þeim hætti, að þegar upp var staðið, þá varð árangurinn eins og fyrrv. hæstv. fjmrh. þeirrar stjórnar hefur lýst, sbr. þau ummæli, sem ég vitnaði til hér áður í dag.

Það hefur verið gert töluvert mikið úr afturvirkni skattalaganna í blöðum og hér í umr. Það hefur verið rækilega sýnt fram á, að þetta stenzt ekki, þegar á heildina er litið. Mér sýnist alveg sama uppi á teningnum, ef litið er á þau einstök atriði, sem hér hefur verið töluvert deilt um, eins og eignarskattana, sem sýnt hefur verið fram á, að eru eðlilegir, ekki sízt í verðbólguþjóðfélagi, og einnig það, sem rætt hefur verið um, ýmis einstök atriði önnur varðandi einstæða foreldra, ungmenni í skólum o. s. frv.

Og það, sem ég greindi hér frá og hæstv. ráðh. hafa komið inn á líka, um jafnvægispunktana í álagningunni, eftir heimildum frá hagrannsóknadeildinni, sýnir, svo að ekki verður á móti mælt, að á lægra tekjubilinu léttist skattbyrðin, þar léttist hún. Einnig kemur það fram í áliti þessarar sömu stofnunar, að það er lítil breyting á sjálfri heildarbyrðinni, að því er þessa skatta varðar, sem hér er um fjallað. En meginatriðin í þessu öllu saman eru sem sagt þessi, að það er horfið frá nefsköttunum, sem voru komnir í hreinar ógöngur, og það er létt á lægstu launaflokkunum.

Ég endurtek það og árétta, að fyrstu viðbrögð ríkisstj. eru fyllilega í samræmi við það, sem segir í stjórnarsáttmála. Sá áfangi, sem nú er verið að fara, er það líka. En ég legg áherzlu á það eins og áður, að þetta er aðeins áfangi, og það verður síðan haldið áfram að vinna í þessa stefnu, annars vegar að endurskoða skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í þeim tilgangi að auka sjálfsforræði byggðarlaganna og gera skiptingu verkefna milli þessara aðila einfaldari og ákveðnari. Og það verður líka haldið áfram fullum fetum þeirri endurskoðun, sem nú er hafin á tekjuöflunarleiðum hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en verið hefur.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég veit, að það er áliðið kvölds, komin nótt, og ég skal reyna að stytta mál mitt. En ég vildi ekki láta þessum umr. ljúka, án þess að ég mótmælti hér þeim dylgjum, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haft uppi um tillöguflutning Þórarins Þórarinssonar, form. þingflokks Framsfl., um skattvísitölu á undanförnum árum. Engum er það skyldara en mér að halda uppi vörnum í þessu máli fyrir hann. Hann er fjarstaddur og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, en ég hef tekið sæti hans hér í hv. d. í fjarveru hans.

Það mátti skilja orð hv. 2. þm. Vestf. og orð hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen á þann veg, að Þórarinn Þórarinsson hefði flutt hér á undanförnum þingum till. um, að skattvísitölu yrði breytt og þá höfð einhver önnur viðmiðun, einhver hærri og hagstæðari fyrir skattþegna en núv. ríkisstj. hefur beitt í þeim samanburðarútreikningum, sem hún hefur verið að færa rök fyrir hér í þessum umr., samanburði á gamla kerfinu og hinu nýja. Þetta eru algjörlega staðlausir stafir. Þórarinn Þórarinsson hefur alltaf lagt áherzlu á, að skattvísitala fylgdi framfærsluvísitölunni og að persónufrádrættir og skattstigar breyttust í samræmi við framfærsluvísitölu. Segja má, að það skipti ekki máli, hvort miðað er við framfærsluvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu, þegar kaupgjaldsvísitalan fylgir framfærsluvísitölunni. En af hverju eru þessar dylgjur hér fluttar? Það er verið að reyna að færa rök fyrir því með þessum hætti, án þess að vitnað sé í einhver þau þskj., sem Þórarinn Þórarinsson hefur lagt hér fram, að það sé einhver grundvöllur, sem Þórarinn Þórarinsson hafi átt þátt í að leggja, fyrir þeirri tölu, 21.5%, sem hv. stjórnarandstæðingar segja, að skattvísitalan eigi að hækka, áður en samanburðarútreikningar á gamla kerfinu og því nýja fari fram. Þessi tala, 21.5%, er algjörlega úr lausu lofti gripin, og það er ekki hægt að færa nein skynsamleg rök í samhengi við það, sem menn eru almennt sammála um, að miða beri við, fyrir þeirri tölu.

En þetta gefur vissulega tilefni til þess að minna á, hvernig hæstv. fyrrv. ríkisstj. fylgdi skattvísitölu við framkvæmd sinna skattalaga. Við upphaf viðreisnar 1960 var hin markaða skattastefna, eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur kallað stefnu Sjálfstfl. s. l. áratug, í bókinni Viðreisn á þann veg, að afnumdir skyldu skattar af almennum launatekjum, en jafnframt var rofið það samband, sem hafði verið á milli kaupgjaldsvísitölu og skattvísitölu og sett hafði verið í lög 1953 í fjármálatíð Eysteins Jónssonar, hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh., og gilti alveg til ársloka 1958, eða í hans fjmrh.-tíð.

Ein afleiðing þess, að þetta samband milli kaupgjaldsvísitölunnar og skattvísitölunnar var rofið, varð sú, að skattbyrðin jókst sífellt í hlutfalli við dýrtíðina, sem var mikil, og þetta endaði með sprengingu sumarið 1964, þegar menn fengu skattseðla sína. Þá skrifaði reyndar málgagn þáv. fjmrh., dagblaðið Vísir, þegar

menn fengu skattseðlana í hendur, og sló upp á forsíðu, að nú væru allir menn ánægðir með skattana sína. En þetta varð svo óskapleg sprenging, þegar menn fengu þessa skattseðla í hendur, að það endaði með því, að efnahagsráðgjafar hæstv. þáv. ríkisstj. lögðu til, að skattþegnum yrðu veitt opinber lán, svo að þeir gætu staðið undir þessum skattgreiðslum. En þetta leiddi til þess, að hæstv. þáv. ríkisstj. komst ekki hjá því á árinu 1965 að taka upp skattvísitölu að nýju. Það var þó ekki gert á þann veg að hafa beint samband, annaðhvort við kaupgjaldsvísitölu, sem fylgdi framfærsluvísitölu, eða við framfærsluvísitöluna eina, heldur voru sett ákvæði í lög þess efnis, að fjmrh. skyldi ákveða skattvísitölu hvers árs að fengnum till., að mig minnir, hagstofustjóra, kauplagsnefndar og ríkisskattstjóra.

Stuttu síðar urðu fjmrh.-skipti. Við embætti fjmrh. tók Magnús Jónsson af Gunnari Thoroddsen. Í framkvæmd rauf Magnús Jónsson að nýju samband milli framfærslukostnaðar eða dýrtíðarbóta og skattvísitölu. Og á árunum 1966–1971, þegar verðbólgan tók stærstu stökk s. l. áratug og framkvæmdar voru tvær stórfelldar gengislækkanir, þá hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 96%, en skattvísitalan var aðeins hækkuð af fjmrh. um 68%, eða um þriðjungi minna en rétt hefði verið til þess að koma í veg fyrir, að beinar dýrtíðarbætur vegna verðlagshækkana af völdum verðbólgu yrðu til þess að auka skattbyrðina, teygja raunverulega skattstigana neðar, lækka raunverulega persónufrádrætti og þannig þyngja ekki sízt skattbyrðina á þeim, sem höfðu nauðþurftatekjur. Þannig reyndist í framkvæmd fagra fyrirheitið, að afnema skatta af almennum launatekjum.

Með þetta í huga og í ljósi þessarar reynslu hefði kannske verið hið sanngjarnasta gagnvart hæstv. fyrrv. ríkisstj. í útreikningum á samanburði á gamla kerfinu, eins og það var í framkvæmd, og þessu nýja, sem nú á að taka við, að miða ekki við þá hækkun, sem varð á vísitölu framfærslukostnaðar á árinu 1971, eða 6.5%, eins og hæstv. núv. ríkisstj. hefur gert í þessum samanburði, sem hún hefur verið að gera hér á hv. Alþ., heldur að miða við, hvernig þessi skattvísitala, eins og hún var ákveðin af fjmrh. hæstv. fyrrv. stjórnar, reyndist í framkvæmd og miða þá t. d. við meðaltal milli ára s. l. 5 ár. Og þá væri samanburðurinn miklu hagstæðari en núv. ríkisstj. miðar þó við í útreikningum sínum. Hækkunin ætti þá ekki að vera 6.5%. Hún ætti að vera talsvert lægri eða rúmlega 4% miðað við t. d. árin 1966—1971, miðað við þá framkvæmd, sem hæstv. þáv. fjmrh. hafði á þeim málum.

En þegar við höfum þetta allt í huga, þá kemur þessi till. þeirra hv. stjórnarandstæðinga, um að skattvísitölu skuli hækka um 21.5%, áður en mönnum leyfist að gera samanburð á gamla kerfinu og nýja, eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Og það er engin tilraun gerð til þess að rökstyðja það, hvernig þessi tala er fengin. Hún hefur verið eitthvað skrýtin sú skepna, sem mötuð var, þegar þessi tala fékkst. Ég veit ekki, hvort það var hv. 2. þm. Vestf., sem tók að sér þessa reikningslist, en það gæti þó vel fremur verið, að það hefði verið hv. 7. þm. Reykv. og hann hafi reiknað þetta um svipað leyti og hann samdi þessa till. um það, hvernig skattleggja bæri hjón, sem hvorugt ynni úti, sitt í hvoru lagi. Ekkert skal ég um það fullyrða.

Hins vegar finnst mér, að hv. stjórnarandstæðingar komist ekki hjá því, áður en þetta frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt verður afgreitt hér frá hv. d., að gera nánari grein fyrir því, í fyrsta lagi, hvað þeir eiga við með þeim dylgjum um tillöguflutning Þórarins Þórarinssonar um breytingar á skattvísitölu á undanförnum árum, og í öðru lagi, hvernig þeir telja réttlætanlegt miðað við fyrri reynslu og miðað við fyrri málflutning að krefjast þess, að skattvísitalan sé hækkuð um 21.5%, þegar gerður er samanburðarreikningur á gamla kerfinu og hinu nýja.

En fyrst ég er kominn hingað í ræðustól og þar sem deilt hefur verið mjög á hæstv. ríkisstj. fyrir það, hvernig hún hefur staðið að þeirri endurskoðun, sem hún hefur nú hafið, allsherjarendurskoðun á skattkerfinu og almannatryggingakerfinu, – og hluta af þeirri endurskoðun erum við hér að fjalla um, og í rauninni eiga þessi frv., sem nú eru hér til meðferðar, aðeins að gilda fyrir þetta ár, – þá þykir mér rétt að rifja hér upp í stuttu máli, hvernig hæstv. fyrrv. ríkisstj. stóð að síðustu endurskoðun sinni á skattalögunum. Þar voru embættismenn valdir til þeirra starfa, og það mun hafa verið í apríl 1969, sem þáv. fjmrh. skipaði nefnd embættismanna, sem var falið það verkefni að athuga sérstaklega skattgreiðslu fyrirtækja með tilliti til þess, að skattgreiðslur þeirra yrðu ekki hærri eða svipaðar og í öðrum þátttökuríkjum EFTA. Nefnd þessi skilaði skýrslu til ráðh. í marz 1970. En nefndin hafði þá aðeins lokið þeim hluta verkefnisins, sem náði til tekju- og eignarskattslaga. Í samræmi við það hafði hún samið frv. um breytingu á þeim lögum, sem eingöngu snerti skattlagningu fyrirtækja, og þetta frv. var lagt fyrir Alþ. 1970. En það náðist ekki samkomulag um afgreiðslu þessa frv. þá, þótt það hefðu eingöngu verið embættismenn, sem það sömdu. En ástæðan til þess, að ekki náðist samkomulag um afgreiðslu þessa frv., var ekki sízt sú, að Alþ. leit svo á, að athuga ætti skattamál atvinnufyrirtækjanna í heild, þ. e. a. s. öll gjöld, sem atvinnuvegirnir greiða til ríkis og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þ. á m. til almannatryggingakerfisins. Þá mun og mörgum þm. hafa fundizt við umr. og athugun á þessu frv., að aðalefni frv. fjallaði meira um mál hlutafjáreigenda en sjálfra fyrirtækjanna.

En í framhaldi af þessu setti þáv. hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, enn þessari sömu embættismannanefnd nýtt erindisbréf, sem er dags. í maí 1970. Þar var þessari embættismannanefnd falið að framkvæma heildarathugun á skattalögunum með það að markmiði að gera skattakerfið sem einfaldast, og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi skatta einstaklinga, er nefndin teldi sanngjarnar og eðlilegar, eins og sagði í erindisbréfi til nefndarinnar.

Árangurinn af þessu starfi embættismannanefndarinnar var það frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþ. í fyrra og afgreitt var sem lög frá Alþ. í fyrravor. En það var mjög athyglisvert í sambandi við afgreiðslu á því frv., að fimm stærstu samtök atvinnurekstrarins í landinu voru ekkert sérlega ánægð með þetta frv., og í erindi, sem barst til fjhn. Alþ., þegar þetta frv. var til athugunar þar í fyrra, sagði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtökin telja nauðsyn á, að endurskoðun laga um

tekjuskatt og eignarskatt og laga um tekjustofna sveitarfélaga fylgist að. Frá sjónarmiði fyrirtækisins er tekjuútsvar og tekjuskattur í raun og veru sami skatturinn, en ráðstöfunin aðeins misjöfn. Þetta mál tengist svo spurningunni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á hvern hátt fullnægja eigi tekjuþörf þeirra síðarnefndu. Það snertir svo aftur álögur aðstöðugjalda og fasteignaskatta, en þessi gjöld til sveitarfélaganna skipta fyrirtæki almennt miklu meira máli en tekjuskattur til ríkissjóðs. Er því lagt til, að málið verði afgreitt í einni heild."

En það er einmitt í anda þeirra skoðana, sem þarna eru látnar í ljósi, sem hæstv. núv. ríkisstj. gekk að endurskoðun skattalaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga og laga um almannatryggingar. Hæstv. ríkisstj. taldi nauðsynlegt að skoða þessi mál öll í heild, og það hefur hún reynt að gera. Það hefur margoft komið hér fram, að tími var naumur, en undan því varð ekki komizt að gera ráðstafanir strax varðandi skattálagningu á tekjur ársins 1971, vegna þess að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir töldu nauðsynlegt að fella niður nefskattana, og það er búið að færa margföld rök fyrir því, að það var ekki hægt að fresta því, fyrst menn voru búnir að stórauka bætur almannatrygginga. En þess vegna get ég ekki séð betur en flestar þær ádeilur hv. stjórnarandstæðinga á málsmeðferð hæstv. núv. ríkisstj. á þessari endurskoðun séu ákaflega veigalitlar og raunar hlægilegar sumar, þegar reynsla sögunnar og reynslan af þeirra stjórnarathöfnum er höfð í huga.

En ég vil aðeins að lokum, herra forseti, lesa hér eina setningu til viðbótar úr bréfi fimm stærstu atvinnurekendasamtakanna til fjhn. hv. Nd. og Ed. Alþ. í fyrra um meðferð skattalaga þá, sem snertir mjög þær spurningar, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa hér verið með á vörum um afturvirkni laganna í sambandi við þá lagasetningu, sem hér er verið að gera. En í áliti þessara atvinnurekendasamtaka á frv. fyrrv. ríkisstj. í fyrra sögðu þessi fimm atvinnurekendasamtök, sem eru Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Verzlunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, m. a. á þessa leið:

„Þá er á það bent, að aðalákvæðum frv. er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en við álagningu á árinu 1972. Sýnist því ekki brýn nauðsyn að ljúka afgreiðslu þess á því Alþ., sem nú situr."

Ég veit, að ég þarf ekki að hafa mörg orð til þess að skýra, hvað í þessum setningum felst. Ég veit, að hv. dm. skilja það fullkomlega án frekari skýringa, en þarna segir beinlínis, að atvinnurekendasamtökin telji það fullkomlega viðunandi og meira en það, telji það æskilegt, að þessi breyting, sem þarna er verið að leggja til og þarna var gerð, komi síðar til afgreiðslu á Alþ. og nánari athugunar, þar sem álagningin á að fara fram á árinu 1972, en gildir um tekjur ársins 1971. En hefði þessu máli verið frestað, eins og þeir lögðu til, en álagningin engu að síður farið fram á þessu ári, þá hefðu þau rök, sem hv. stjórnarandstæðingar flytja nú og segjast vera að flytja í nafni atvinnurekstrarins í landinu, ekki átt við, og þarna voru atvinnurekendur sjálfir beinlínis að leggja það til, að sett yrðu ný skattalög seint á árinu 1971, sem giltu við álagningu 1972 og hefðu afturvirkni um skattálagningu á allar tekjur og eignir ársins 1971.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 395 felld með 21:14 atkv.

Till. á þskj. 404 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 21:16 atkv.

Brtt. 209,1 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 209,2 felld með 18:4 atkv.

– 393,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 393,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 393,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

– 393,4 samþ. með 23 shlj. atkv.

– 405,1 felld með 21:5 atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 393,5 samþ. með 23 shlj. atkv.

– 405,2 felld með 21:14 atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

8.–9. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 393,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 393,7 samþ. með 24:12 atkv.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 22:13 atkv.

12.–13. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 209,3 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, BL, MK, PP, StefG, SV, SvJ, TK, BrS, BGuðn, EðS, EystJ.

nei: GS, IT, HES, HV, IG, KP, LJós, ÓlJ, VH, ÁÞ, KSG.

GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, ÓE, PJ, PS, RH, SvH, BP, EBS, FÞ greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÞG, MÁM) fjarstaddir.

14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

15.–20. gr. (verða 16.–21. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 405,3 felld með 21:13 atkv.

21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 21:7 atkv.

22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 411 tekin aftur til 3. umr.

– 405,4 tekin aftur til 3. umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SvJ, VH, TK, KSG, HÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, IT, HES, HV, IG, JSk, BL, KP, LJós, MK, ÓlJ.

nei: PS, RH, StefG, SvH, BrS, EBS, FÞ, GuðlG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, ÓE, PJ, PP, GunnG.

2 þm. (GÞG, MÁM) fjarstaddir.

Á 49. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 427, 405,4, 411, 428, 429, 430).

Afbrigði um brtt. 428, 429 og 430, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu minni við 2. umr. um þetta frv., þá lýstum við yfir því, fulltrúar 1. minni hl. í fjhn., að við mundum, ef dagskrártill. okkar næði ekki samþykki, freista þess að flytja brtt. við frv. við 3. umr. Þó að við höfum lýst yfir ákveðinni andstöðu okkar við samþykkt þessa frv., þá viljum við freista þess að gera lagfæringar á frv., taka af því verstu agnúana og mesta ranglætið, eins og það liggur nú fyrir. Enn fremur flytjum við nokkrar minni háttar brtt., sem skipta ekki höfuðmáli, en eru þó vegna kerfisbreytinga nauðsynlegar að okkar dómi, eins og frv. er núna.

Það hefur sína mörgu og stóru galla, að þegar verið er að afgreiða löggjöf eins og þessa, sem búin er að vera í meðferð ríkisstj. og Alþ. nokkurn tíma, og þegar brtt. koma fram rétt fyrir 2. umr. og dagskrártill. um að vísa frv. frá, þá sé svo mikill hraði á milli 2. og 3. umr., að þm. almennt geti ekki átt þess kost að kynna sér til hlítar þær brtt., sem fram eru bornar við 3. umr. málsins, því að það var nú aðeins fyrir 3–4 mínútum verið að dreifa brtt. okkar í 1. minni hl. fjhn., og rétt fyrir kl. 2 var frv. dreift hér að nýju eftir meðferð málsins við 2. umr.

1. brtt. okkar er afar lítil, en við teljum þó ástæðu til að breyta síðustu setningu í 1. mgr. 1. gr. frv., en hún er þannig nú í frv.: „Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum." Við viljum breyta þessu orðalagi á þann veg, að „annar frádráttur en persónuleg gjöld telst við útreikninginn hjá því hjóna, er hefur hærri tekjur." Við teljum þetta eðlilegt og sanngjarnara, og hygg ég, að flestir geti tekið undir þessa till.

2. till. okkar er í raun og veru samhljóða eins og er í frv. við 3. gr., 2. tölul., að því tilskildu, að við fellum aftan af 2. tölul., eins og menn sjá, þegar þeir bera það saman.

3. brtt. okkar er fyllri en er núna í 4. gr., A-lið, í frv. Við leggjum til í sambandi við orðin „Veitir hluthöfum, stjórnendum félags", að einnig komi þar inn: „eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags", það bætist við. Nú stendur og: „öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins." Við viljum, að við bætist: „Undanskilin eru þó kaup opinberra verðbréfa ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf og ríkisábyrgð." Ég hygg, að þetta sé eðlilegt, að þessum aðilum sé í raun og veru heimilt að kaupa opinber verðbréf, bæði koma til móts við ríkið, leita eftir nýjum framkvæmdalánum, sem sennilega verður haldið áfram, og sömuleiðis frá þeim sveitar- og sýslufélögum.

Úr 4. gr., B-lið, viljum við, að niður falli orðið „arðsúthlutun", og á eftir „eðlilegar launagreiðslur" komi: „eða úttekt á höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins, [og við bætist:] öðru en varasjóði." – Við teljum enga ástæðu til að binda það í lögum, að félög megi ekki greiða hærri arð en 10%, og við viljum benda á, að það líða ár og það fleiri en eitt og fleiri en tvö, að mörg fyrirtæki eða félög greiða engan arð. Þess vegna getur að því komið, að félög hafi ráð á að bæta hluthöfum sínum arðmissi í eitt ár eða fleiri, þegar mjög vel gengur, og þá sé sjálfsagt auðvitað, að hér sé um opna leið að ræða. Ég vil benda á, að ef menn leggja fé, bundið fé í banka, þá fá þeir allt að 9% vexti, en ef þeir leggja fé í áhættu, á að binda það við hámark 10%. Svo vil ég líka benda aftur á það, sem er eitt af stefnumálum okkar sjálfstæðismanna, að við viljum, að að atvinnurekstri, ekki neinni sérstakri grein, heldur öllum atvinnurekstri í landinu, sé þannig búið, að hinn almenni launþegi fái áhuga á því að gerast þátttakandi í atvinnurekstrinum og hann leggi fram af því fé, sem hann getur lagt af mörkum hverju sinni, til þess að byggja upp atvinnurekstur í landinu, og þá á hann ekki frekar en aðrir að njóta lakari kjara, ef vel gengur, heldur en binda fé í banka eða sparisjóði, og ég skil nú eiginlega ekki í því, hvers vegna þessu ákvæði var í raun og veru breytt og hvað þeir, sem þetta frv. sömdu og hafa mest um það fjallað, hafa séð í því að fella þetta niður.

Við C-lið 3. gr. leggjum við til, að bætist, „að félög samkv. 5. gr. laga nr. 90 frá 1965, sem lagt hafa fé í varasjóð samkv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, leggi helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkv. öðrum ákvæðum þessarar gr." – Þessi viðbót skýrir sig sjálf, og skal ég ekki frekar fara inn á hana.

Stjórnarflokkarnir gerðu nokkra breytingu á upprunalega frv. með því að samþykkja sjómannafrádrátt, og hann var tekinn hér inn við 2. umr. sem ný gr., og er hann nú 6. gr. og er á þann veg, að samkv. 1.–4. mgr. 14. gr. gildandi laga skal frá beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenzkum skipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður. Við viljum gera á þessu töluverðar breytingar, eins og ég í raun og veru boðaði við framsöguræðu mína í upphafi 2. umr. Við höldum okkur við ákvæði 14. gr. laganna, eins og þau eru í gildandi lögum, hvað snertir bæði frádrátt vegna hlífðarfata, sérstakan frádrátt á hvern mánuð, með þeirri breytingu, að við hækkum frá gildandi lögum þessar upphæðir um 21.5%, sem er viðurkennd af öllum að vera lágmark þeirrar tekjuaukningar, sem orðið hefur í þjóðfélaginu, og meira að segja varfærnustu hagfræðingar hafa þegar viðurkennt, að hún er orðin 24.5%. Við höldum okkur þó við þessa upphæð, viljum ekki fara lengra, þó að við hefðum auðvitað átt að fara þegar upp í a. m. k. 24.5%, en vegna þess að við flytjum aðrar till., sem kosta útgjöld og tilfærslur, þá viljum við ekki fara lengra.

Við þetta bætum við einni till., sem er í samræmi við frv., sem ég gerði einnig að umræðuefni við 2. umr. þessa máls, og við flytjum, fjórir þm. Sjálfstfl. í þessari hv. þd., og 1. flm. þess er 4. þm. Vesturl., en í því frv. leggjum við til, að fiskimenn fái auk áður umtalaðs frádráttar 90 þús. kr. tekjur á ári miðað við 9 mánuði. Við teljum eftir atvikum rétt að breyta þessu, sem er í okkar frv., því að það hefur ekki fengizt afgreitt frá fjhn., þótt það hafi legið þar fyrir lengri tíma en frv. um

tekjuskatt og eignarskatt hefur legið fyrir, en við teljum ástæðu til að breyta frá þessu frv., að leggja 21.5% á það, þannig að þessi viðbótarfrádráttur verði 110 þús. kr. á ári miðað við, að þeir menn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip eigi skemmri tíma en 6 mánuði á ári, njóti þessa frádráttar.

Sömuleiðis gerum við þá miklu breytingu á þessu, að við látum þennan frádrátt ná til allra íslenzkra sjómanna, en ekki aðeins til fiskimanna, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í frv. Skal ég nú rökstyðja þessa breytingu, sem og raunar allar aðrar breytingar í sambandi við frádrátt vegna sjómanna.

Frádráttur sá, sem sjómenn hafa notið í sveitarfélögum sínum, í sínum heimabyggðum, er með tekjustofnafrv. felldur niður með öllu, og eftir þá samþykkt, sem stjórnarflokkarnir gerðu í sambandi við sjómannafrádrátt, þá nær hann eingöngu til fiskimanna samkv. samþykktinni, en farmenn eru sviptir öllum frádrætti frá tekjum, þeim hlunnindum, sem þeir hafa áður haft, með frv. stjórnarinnar, eins og það er nú. Ég hélt því fram, að þessi till. stjórnarflokkanna gengi mun skemmra í hlunnindum til sjómanna en væri nú í gildandi lögum, þegar miðað er við þau hlunnindi, sem þeir hafa notið við álagningu útsvara í sveitarfélögum sínum, og mér láðist þá að geta þess, að hlunnindi þeirra, sem á kaupskipunum eru, voru skert svo hrapallega, að það voru algerlega niður felld hlunnindi þeirra hjá sveitarfélögunum og auk þess skert hlunnindi samkv. gildandi lögum, eins og þau eru nú í 14. gr. Ég veit ekki, hvort þetta hefur verið athugað hjá hv. stjórnarflokkum til hlítar eða hvort þetta er í raun og veru ætlun þeirra, að afgreiða skattfríðindi eða hlunnindi sjómannastéttarinnar með þessum hætti.

Ég vil bæta því við, að við vitum, að það er mikil mannekla í störfum á sjónum, sérstaklega á fiskiskipunum, en ég segi fyrir mitt leyti, að það eitt út af fyrir sig ræður ekki afstöðu minni til þess, að þessi eina stétt eigi öðrum stéttum fremur að búa við hlunnindi, það er fyrst og fremst vegna þess, hvað þessi stétt er verr sett en aðrar. Vegna langrar fjarveru frá heimilum sínum, þar sem aðrir geta unnið í frítímum fyrir heimili sín, þá verða þessir menn oft að kaupa slíkt fullu verði, og því ber að taka tillit til þess, og þess vegna ber ekki síður að taka tillit til áhafna á kaupskipaflotanum en fiskimanna í þessum efnum.

Í 5. gr. brtt. okkar við 8. gr. frv. leggjum við til á grundvelli þess, að skattvísitalan á ekki að taka gildi fyrr en á árinu 1973 samkv. gr. í frv. ríkisstj. hér á eftir, að persónufrádráttur hækki um sömu prósentutölu og ég gerði hér áðan að umræðuefni, eða um 21.5%, þannig að frádráttur einstaklinga verði 162 900 kr. Fyrir hjón verði frádrátturinn 228 500 kr., og telji þau fram sitt í hvoru lagi, þá verði hann 114 250 hjá hvoru. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og er ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, komi 32 800 kr. í staðinn fyrir 30 þús. kr. Sama er að segja um aðrar tölur, sem hér koma fram í þessari gr., að þær hækka um sömu prósentu, en eru auðvitað „rúnnaðar" af, en við höldum okkur við það, sem er í núgildandi lögum í sambandi við frádrátt frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, að það nemi 2/5 hlutum af fjárhæð frádráttar samkv. A-lið 1. málsgr. Svo er aftur breyting til viðbótar um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt. Það fer eftir ákvæðum, sem segir í 52. gr.

Í 6. brtt. leggjum við til, að sú breyting verði gerð, að félög megi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign allt að því hámarki, sem ákveðið er í 7. tölul. 3. gr. laga um samvinnufélög, og að 5. málsgr. orðist þannig:

„Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna."

Þetta teljum við fyllra og ákveðnara, og lögð er meiri áþyrgð á félögin með því að hafa þetta orðalag á.

Í sambandi við 7. brtt. þá gerum við enga breytingu á því, sem ríkisstj. hefur ákveðið, að skattþrepin verði þrjú. Af fyrstu 50 þús. kr. greiðist samkv. frv. 25% tekjuskattur, og á bilinu 50–75 þús. kr. greiðist 35% tekjuskattur, og á bilinu yfir 75 þús. kr. greiðist 44% tekjuskattur. Ríkisstj. lagði fram upprunalega, að tekjuskatturinn á hæstu tekjur yrði 45%, en lækkaði sig svo niður í 44% við 2. umr. málsins, en með fullu tilliti til þess, sem áður hefur verið lýst af mér og öðrum mínum flokksbræðrum hér við fyrri umr. þessa máls, þá erum við sannfærðir um það, að í tekjuáætluninni eru of lágt áætlaðar tekjur og það mjög verulega, enda hefur verið að fást á því viðurkenning smátt og smátt, þótt það hafi gengið heldur illa. En ef hafður hefði verið enn lengri tími, þá mundu sennilega fást fleiri játningar en þegar eru komnar fram, á því, hvað tekjur hafa hækkað frá tekjum ársins 1970. Með tilliti til þessa þá leggjum við til, að skattprósentan verði 20% á fyrsta þrepi, 30% á öðru þrepi og 40% á þriðja og hæsta þrepinu, enda er það í fullu samræmi við það, sem við höfum áður haldið fram í sambandi við hámarksskattlagningu eða skattlagningu á hæstu tekjur eða á síðustu krónunni réttara sagt.

Í öðru lagi leggjum við til, að skattgjöld þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skuli vera 20% af skattgjaldstekjum. Í gildandi lögum er hér um að ræða 43% skatt, en 53% í frv. ríkisstj., og eins og nú er háttað, þá fær ríkissjóður 20% af þessum skatti og sveitarfélögin 23%, og ef við segjum, að stofninn sé 990 millj. kr., þá mundi af þessum skatti framlag til sveitarfélaganna nema 227 millj. kr. Þetta kemur einnig heim við það, sem við höfum áður haldið fram, að tekjur eru vanáætlaðar. Þó að breytingar yrðu gerðar samkv. okkar till., þá munu ekki verða skertar neitt verulega eða mjög óverulega þær tekjur, sem ríkissjóður í reynd kann að fá. Það má líka segja, að það megi byggja út frá ýmsum forsendum, eins og frsm. hv. fjhn. gerði í ræðu sinni við 2. umr. málsins, þegar hann reiknaði út, – sennilega hefur hann látið reikna það í heila eða jafnvel þeim sjálfvirka, – að áætlað tap ríkissjóðs vegna samþykkta á brtt. meiri hl. n. næmi 146 millj. kr., en þá miðaði hann við innheimtutölu, 146 millj. kr., en ekki við álagningartölu skattsins, sem er í þessu hlutfalli 215 millj. kr. Þetta er auðvitað alröng mynd, sem er með þessum hætti dregin upp í sambandi við hina raunverulegu skattbyrði.

Til þess að stytta sem mest mál mitt þá eru hérna

nokkrar till., sem eru eingöngu fluttar vegna kerfisbreytinga, sem verða með samþykkt þessa frv. Sérstaklega vil ég vekja athygli á 13. brtt., en þar teljum við, að ákvæði 13., 14., 15., 16. og 18. gr. skuli þó eigi taka gildi fyrr en 1. okt. 1972, og skal ríkisskattanefnd samkv. lögum nr. 68/1971 og nefnd samkv. 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma. En samkv. frv. er lagt til, að hin nýja ríkisskattanefnd taki við 1. okt. á þessu ári, svo að það leiðir af sjálfu sér, að umboð ríkisskattanefndar, eins og hún er núna, verður að framlengjast fram að þeim tíma, sem ríkisstj. ætlar, að kerfisbreytingin eigi sér stað. Þetta tel ég, að hv. stjórnarliðar þurfi alvarlega að athuga, áður en kemur að endanlegri afgreiðslu þessa máls.

Sömuleiðis þykir mér rétt að vekja sérstaka athygli á 12. brtt., en þar viljum við, að við 2. tölul. 22. gr. (er verði 23. gr.) komi ný málsgr.:

„Það skal teljast beiðni um heimild til endurmats fasteigna á árinu 1971, hafi skattþegn notað fasteignamatsverð samkv. 2. málsl. 1. málsgr. þessarar gr. sem heildarfyrningarverð til fyrninga í skattframtali árið 1972."

Endurmat samkv. gildandi lögum á að fara fram á árunum 1971 og 1972, og það hafa ekki nema tiltölulega fáir sótt um sérstakt endurmat. Og það er sérstaklega áberandi, að í landbúnaði hefur ekki, að því er ég bezt veit, verið beðið um endurmat á fasteignum, hvorki útihúsum eða öðrum mannvirkjum, og fjölmargir aðrir fasteignaeigendur í bæjum landsins hafa sennilega litið þannig á, að það væri nóg að telja fram eftir gildandi fasteignamati og taka sína fyrningu eftir því, sem skattalög ákveða. En eins og þetta liggur nú fyrir, þá geta skattyfirvöld neitað, og því hygg ég, að það sé mjög nauðsynlegt og í fyllsta máta sanngjarnt að bæta þessari nýju mgr. við 23. gr. laganna og þá alveg sérstaklega vegna landbúnaðarins og fjölmargra fasteignaeigenda í landinu.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að hafa þessi orð miklu fleiri í sambandi við brtt. En þó vil ég minna á, að ég tel, að hæstv. ríkisstj. gangi engan veginn nógu langt í sambandi við persónuskattana, og ég hef auðvitað aldrei efazt um höfðingsskap þeirra, sem mynda núv. ríkisstj., en þeim getur sézt yfir eins og öllum öðrum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði síðastur hér við 2. umr. og vildi nú eiginlega bjóða upp á málþóf með þeirri ræðu, þegar búið var að tala fram á nótt. Hann sagðist nú tala sem sérstök málpípa hv. 4. þm. Reykv., þess, sem upprunalega var kjörinn, og þurfti að bera af honum ámæli, sem ég átti að hafa viðhaft. Ég tók það fram, að ég saknaði alveg sérstaklega þess, að hinn upprunalegi 4. þm. Reykv. fengi ekki að taka þátt í lokaafgreiðslu þessa frv., þó að ég á engan hátt sé neitt óánægður með það, að sá, sem nú ber þennan titil, sitji í því sæti. En ég hefði gjarnan viljað ræða meira um skattvísitöluna við hann heldur en þann, sem núna er inni, í sambandi við framfærsluvísitöluna og þá skoðun, sem Þórarinn Þórarinsson hefur margoft haldið fram. Hann sagði hér á s. l. ári við umr. um frv. um tekjuskatt og eignarskatt, að ef framfærsluvísitalan væri leiðrétt, væri það sín skoðun, að frádráttur einstaklinga ætti ekki að vera 134 þús. kr., eins og var í því frv., og það var endanlega samþ., heldur ætti að gera ráð fyrir því, að hann yrði 156 þús. kr. Frádráttur hjóna átti að dómi Þórarins Þórarinssonar ekki að vera 188 þús. kr., heldur fara í 220 þús. kr., og frádráttur vegna barna átti að fara úr 27 þús. kr. í 35 þús. kr. – En nú er hann víðs vegar fjarri. Nú hefði hann sannarlega staðið með okkur stjórnarandstæðingum að ná þessum sanngjörnu og eðlilegu breytingum á persónufrádrætti.

En alltaf vill manni til eitthvert happ. Þó að Þórarinn sé horfinn, eigum við þó eftir hér á þingi hæstv. viðskrh., Lúðvík Jósepsson. Hann flutti till. á s. l. vori um það, að persónufrádráttur fyrir einstakling hækkaði í 156 þús. kr., – þessi till. er til á prentuðu þskj., – og persónufrádráttur hjóna hækkaði í 220 þús. kr., og ef þau teldu fram sitt í hvoru lagi, fengju þau sama frádrátt sem um einstakling væri að ræða. Það er eitthvað annað en núna er. Frádráttur á hvert barn, lagði hann til, að yrði 35 þús. kr.

Nú sjáum við, að samkv. frv. ríkisstj., – þó að ár sé liðið, – þá er persónufrádráttur fyrir einstakling 11 þús. kr. lægri en sjálfur Lúðvík Jósepsson lagði til á s. l. ári. Nú þykir mér sumum fara aftur. Er þetta virkilega á þann veg, að Lúðvík Jósepsson hafi breytt svona skyndilega um skoðun? Eða er það vegna þess að hann, sem allir álíta mesta ráðamanninn í ríkisstj., hafi orðið að beygja sig fyrir einhverjum íhaldsöflum, sem eru innan ríkisstj.? Og þá spyr ég: Hver eru þá þessi íhaldsöfl innan ríkisstj., sem beygja Lúðvík Jósepsson og Þórarin Þórarinsson á þann hátt, að hann þarf að flýja afgreiðslu skattamálsins alla leið til Ameríku? Eru það framsóknarmenn? Er það fjmrh., sem gengur svona langt í þessum efnum? Eða er það flokkur léttlyndra eða frjálslyndra, eða hvað hann heitir? Vonandi koma skýringar á þessu hér á eftir. Á þessu vill fólkið fá skýringu. Það vill fá að vita það, hvað veldur þessum skyndilegu breytingum þessara miklu og ágætu og glöggu manna.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því við 2. umr. málsins, hvort hann hygðist hækka samkv. bráðabirgðaákvæðum frv. um tekjustofna sveitarfélaga fasteignamatsverðið miðað við fasteignamatið, eins og það var í árslok 1971. Hann hafði nú flutt áður langa ræðu, en hann svaraði þeirri spurningu ekki, og ítreka ég þessa spurningu einu sinni enn þá. Ég tel, að fasteignaskattarnir, eins og þeir liggja nú fyrir í frv. ríkisstj., séu fullkomið ábyrgðarleysi. Með samþykkt þeirra og heimild fyrir sveitarfélögin, ef kostir þeirra verða þannig þrengdir, að þau neyðast almennt til að taka upp 50% álag, og ef fjmrh. ætlar að hækka matið um 20%, eins og maður hefur grun um eftir það, sem maður hefur heyrt hjá efnahagssérfræðingunum, þá verður um stórfellda hækkun að ræða hjá mörgum þeim, sem kannske minnst mega sín, sem eiga dýrar íbúðir, þegar þar við bætist, að niður er felldur frádráttur eins og vextir við álagningu útsvara.

Hins vegar hefur verið mikið látið af niðurfellingu nefskattanna í umr. hv. stjórnarsinna og þá alveg sér í lagi hæstv. utanrrh., sem hefur nú reynt eiginlega að mörgu leyti að ganga fram fyrir fjmrh. í umr. um málið, en hann hefur verið heldur fámáll í sambandi við þau áhrif á kaupgjaldsvísitöluna, sem niðurfelling nefskattanna hefur. (Gripið fram í.) Viðskrh. Já, ég bið afsökunar á því, ég átti auðvitað við aðalráðh., viðskrh., sjálfan reikniheilann. Nefskattar, sem felldir eru niður með ráðstöfunum ríkisstj., vega í kaupgreiðsluvísitöl-

unni 3.7 stig nettó, en 4.2 stig brúttó. Þegar reiknað er með þeirri hækkun nefskattanna, sem orðið hefði, ef þeim hefði verið haldið áfram, þá vegur fráhvarf nefskattanna í kaupgreiðsluvísitölunni 5.5 stig nettó, en 6 stig brúttó. Tap í launum miðað við 6 stigin brúttó mundi nema á mánaðarlaun hjóna, sem hefðu 40 þús. kr. á mánuði, hvorki meira né minna en 28 800 kr. á ársgrundvelli. Við skulum svo segja, að tekjur hjónanna skiptist á þann veg, að húsbóndinn hefði 25 þús. kr. á mánuði, svo að ekki sé verið að taka menn í hæstu launaflokkum, og væri með 300 þús. kr. árstekjur, og eiginkonan hefði 180 þús. kr., þá kemur einnig til viðbótar, að niður er felldur frádráttur giftra kvenna við álagningu útsvars, og ef hann er 180 þús. kr., þá hækka tekjur hjónanna við álagningu útsvars um 90 þús. kr., sem mundi þýða miðað við 10% álögur 9 000 kr. Og þá er spurningin: Hverjir hefðu þá nefskattarnir orðið, ef farið hefði verið eftir hinu gamla kerfi? Það mun láta nærri, eftir því sem mér hefur verið sagt af fróðum mönnum, sem byrjaðir voru að reikna út eftir hinum gamla grundvelli, og þegar tekið er tillit til þeirra hækkana, sem hafa orðið á kaupi, þ. e. heimildar ráðh. að láta hækka bæturnar fyrr en áður, og hækkunar sjúkrasamlagsgjalda, að þessi upphæð mundi vera í kringum 22 þús. kr. Þegar mikið er rætt um nefskattana og þau miklu áhrif, sem nefskattarnir hafa, þá hefur aftur af þessum sömu herrum verið þess minna talað um þau áhrif, sem niðurfelling þeirra hefur á kaupgjaldsvísitöluna og m. a. alþýðusambandsstjórnin benti réttilega á í umsögn sinni um frv.

Fyrir ári flutti hv. 3. þm. Norðurl. e. ásamt 2. þm. Reykn., – það var á þinginu 1969–1970, – frv. til l. um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt til aldraðs fólks. Hann var á þann veg, að vegna skattgreiðanda, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda og náð hefur 70 ára aldri, skuli til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, a. m. k. 50 þús., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Það þarf auðvitað ekki að taka fram, að fyrri flm. frv. flutti með frv. mjög hjartnæma ræðu og bar mjög fyrir brjósti gamla fólkið og taldi það mjög ranglátt, hvernig fyrrv. ríkisstj. hefði farið að í sambandi við gamla fólkið, og maður sér nú ekki á ræðunni, að hann hafi verið grátklökkur, en af orðalaginu mætti ætla, að svo hafi verið. En nú, þegar stjórnarflokkarnir endurskoða frádrátt vegna aldraðra, þá er dregið úr öllu og sagt, að við afgreiðslu síðustu skattalaga hafi verið alveg fullkomið ábyrgðarleysi í sambandi við frádrátt vegna aldraðra, þó að þeir hafi nú að litlu leyti að síðustu heykzt á því með smánarlegri till., sem fæddist eitthvað tveimur sólarhringum eftir að fjhn. hætti störfum í sambandi við athugun þessa frv. Þá hefur sennilega einhver frjálslyndur átt hlut að máli, og íhaldsöflin í ríkisstj. og fjhn. hafa orðið að láta undan síga. Vegna þess, sem stendur til í kvöld, ætla ég nú ekki að halda áfram öllu lengur, því að ég hygg, að ýmsir fleiri vilji fá að segja eitthvað. En hins vegar eru þessi frv. þess eðlis, að það hefði verið auðvelt að halda áfram til kvölds og jafnvel fram eftir kvöldi.

En ég vil, áður en ég lýk máli mínu, segja það, að mér finnst það vera fullkomið ábyrgðarleysi, sem fram hefur komið hjá tveimur hæstv. ráðh. við umr. um þetta mál hér í þessari hv. þd., sérstaklega 2. umr. málsins, hjá hæstv. fjmrh., að ég tali ekki um hæstv. viðskrh., að leyfa sér að halda því fram, að þessar gífurlegu skattaálögur og skattaníðsla á allan almenning í landinu hafi í för með sér stórlækkun skatta. (**BP:** 360 millj. kr.) Og þeir eru orðnir svo ruglaðir á þjóðviljanum, að þeir eru nú farnir að setja í fyrirsagnir, að það lækki á skattþegnum með yfir 550 þús. kr. tekjur líka, sem þeir hafa þó talið fram að þessu, að væri verið að reyna að ná í skottið á. Reikniheilinn hefur sennilega ruglað þá, þegar hann hefur komið með síðasta handritið. En það var dálítið undarlegt, sem gerðist hér við 2. umr. málsins. Það var mikið yfirlæti, sérstaklega í hæstv. viðskrh., þegar hann sagði: „Það er sama, hvað sjálfstæðismenn eða aðrir stjórnarandstæðingar eru að stagla hér um þessi mál. Við gerum ekkert með það, sem þið segið.“ Hann gat alveg eins sagt: „Ríkið, það er ég.“

En að síðustu ætla ég að minna hann á, að hamingjan er fallvölt, og það er ekki alltaf víst, að menn sitji í ráðherrastólum. Malinkoff var einu sinni forsrh. Rússlands. Hann varð síðar rafveitustjóri austur í Síberíu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt, er sú, að ríkissjóður þarf að afla aukinna tekna, og það er ekkert smáræði, sem á að auka tekjur ríkissjóðs um, heldur á tekjuskatturinn, sem rennur í ríkissjóð, meira en að tvöfaldast. Það eru fyrst og fremst útgjöld ríkisins, sem því valda, að þetta frv. liggur nú fyrir. En það gerðist í lok s. l. árs, að samþ. var fjárlagafrv., sem fól það í sér, að útgjöld ríkissjóðs hækkuðu um sem næst 50% frá árinu á undan eða úr rúmum 11 milljörðum kr. upp í tæpa 18 milljarða. Ég skal taka það strax fram, að því fer fjarri, að réttmætt sé að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir þessar hækkanir að öllu leyti. Það er auðvitað margt, sem var óhjákvæmilegt að hækka, og sumt gat hún ekki ráðið við. Annað var, eins og hún hefur sjálf kallað það, arfur frá fyrri stjórn. Þar má nefna samningana um laun opinberra starfsmanna, sem að sjálfsögðu hlutu að segja til sín. Þar má nefna almannatryggingarnar, sem allur þingheimur er sammála um, o. s. frv.

En þetta segir ekki nema hluta af sögunni. Aðalatriðið er, að við verðum að líta á stóru línurnar og staldra við og hugleiða: Þolir þjóðfélagið íslenzka, að útgjöld ríkissjóðs á einu ári hækki úr rúmlega 11 í nærri 18 milljarða kr.? Án þess að fara frekar út í það mál hér vil ég fullyrða, að þessi fjárhæð er orðin of stór. Hún er orðin of há, sú fjárhæð, sem ríkið þarf að sækja til skattborgaranna. Og þessi fjárhæð, sem ríkissjóður heimtir, er of stór hluti af þjóðarframleiðslunni. Hér er ekki tími til þess á þeim stutta tíma, sem er til umráða til lokaumr. þessa frv. hér í d., að ræða þessi mál frekar.

Það má vera, að hér komi einhver í ræðustólinn á eftir og heimti till. frá mér eða stjórnarandstöðunni um það, hvað eigi að skera niður. Slíkar röksemdir eru úreltar, úrelt brögð, og ég ætla, að þau ár, sem ég var í sæti fjmrh., hafi ég aldrei gert þá kröfu til stjórnarandstæðinga, að þeir legðu á ráðin um það, hvernig ætti að draga úr kostnaði við ríkisbúskapinn. Á hverjum tíma hlýtur það auðvitað að vera ríkisstj., sem ábyrgð ber á fjárstjórninni. Hún verður að hafa þar alla forustu og forgöngu um. Aðalatriðið er það, að allir alþm. verða að hugleiða og í rauninni þjóðin öll, að þessi stórfellda

útgjaldaaukning ríkisins fær ekki staðizt, og hér verður að staldra við og endurskoða málin.

Hitt er svo annað mál, að vitanlega þarf ríkið á miklu fé að halda, sérstaklega þar sem við erum öll sammála um, að miklu fé þurfi að verja til verklegra framkvæmda, til félags- og fræðslumála, og svo mætti lengi telja. Við viljum, að þjóðfélag okkar sé byggt á félagslegri samhjálp, vaxandi velmegun og miklum framkvæmdum, og vitanlega þarf til þess mikið fé til handa hinu opinbera. En hvernig er þá æskilegast að afla þessa fjár? Og ég vil þá strax koma að því meginatriði, hvort leggja eigi megináherzlu við fjáröflun ríkisins á beina eða óbeina skatta.

Það er skemmst frá að segja, að við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar, að meginhluti af fjáröflun ríkisins eigi að verða með óbeinum sköttum en ekki beinum. Og liggja til þess margar ástæður. Háir, beinir skattar eru á margan hátt skaðlegir fyrir þjóðfélagið, vegna þess að þeir draga fremur úr starfslöngun manna og vinnuþrá en auka hana. Þegar svo er komið, að t. d. önnur hver króna eða jafnvel tvær af hverjum þrem, sem maður vinnur sér inn, fer í skatt, þá er hætt við, að fólkið sleppi heldur aukavinnunni og umframálaginu, sem verður auðvitað til tjóns fyrir þjóðfélagið í heild. Og þetta sjónarmið á ekki við fyrst og fremst einhverja auðkýfinga, heldur við allan almenning.

Í öðru lagi er ég sannfærður um, að það særir réttarvitund fólks, þegar skattar eru svo háir sem ég nefndi. Því finnst sem því sé refsað fyrir framtak og dugnað. Ég ætla, að á því sé enginn vafi, að allur þorri manna sættir sig betur við það að greiða opinber gjöld sín, þegar þau eru tekin á annan veg en með beinum sköttum, innifalin í vöruverði, eins og óbeinir skattar eru yfirleitt.

Í þriðja lagi kemur hér til valfrelsi fólksins. Með óbeinum sköttum á það þess kost að verulegu leyti sjálft að draga úr kaupum á þeim vörum, sem hæst eru tollaðar eða skattaðar, og á þann hátt hefur það meira valfrelsi um það, á hvern hátt greitt sé til þjóðfélagsins heldur en með háum, beinum sköttum. Háir, beinir skattar draga úr sparnaði og sparifjármyndun. Þeir valda meiri hættu á undandrætti og skattsvikum, og síðast en ekki sízt er það sannað, að álagning og innheimta beinna skatta er miklu dýrari en óbeinna.

Nú var það svo hér áður fyrr, bæði á síðustu öld og fyrri hluta þessarar aldar, að það var skoðun margra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka og þá fyrst og fremst sósíaliskra flokka, að megináherzlu ætti að leggja á hina beinu skatta. Með þeim hætti væru skattarnir lagðir á breiðu bökin, eins og kallað er, en alþýðu manna fremur hlíft.

Það gerðist hér merkur atburður einmitt í þessum sal fyrir um það bil 15 árum. Það var haldið hér þing Þingmannasambands Norðurlanda, og aðalmál til umr. var beinir eða óbeinir skattar. Frsm. var þáv. fjmrh. Norðmanna, núv. forsrh., Trygve Bratteli. Hann flutti stórmerkilegt erindi, þar sem hann sýndi það með glöggum rökum, að undangengnum mjög rækilegum rannsóknum, að miklu hyggilegra væri fyrir þjóðfélagið að leggja áherzlu á óbeina skatta, en draga úr hinum beinu sköttum. Hann taldi fram fyrir því margvísleg rök, m. a. sum þeirra, sem ég rakti hér áðan. Þessi ræða vakti mikla athygli, m. a. vegna þess, að hér var brotið í blað varðandi stefnu jafnaðarmanna eða sósíalista. Og af hálfu Brattelis var þetta mjög glögglega rökstutt og skýrt með þeirri staðreynd, að þjóðfélagið hefði gerbreytzt á undanförnum áratugum. Sem betur fer væri að verulegu leyti úr sögunni sú örbirgð, sem áður hefði verið, og öreigum og snauðum mönnum hefði stórfækkað. Við stefndum óðfluga í áttina að svo kölluðu velferðarríki, og þegar þessi gerbreyting hefði orðið á allri tekjuskiptingu innan þjóðfélagsins, þá væru full rök til að breyta hér til.

Þessi stefna, að ríkið skuli fremur leggja áherzlu á óbeina skatta en beina hefur rutt sér mjög til rúms, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur í Vestur-Evrópu og víðar á undanförnum árum og áratugum. Og ég er sannfærður um, að við Íslendingar eigum einnig að stefna í þessa sömu átt. Ég tel, að því miður sé stefnt mjög í öfuga átt við þetta skynsamlega markmið með þeim frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing.

Þegar ríkisstj. Alþfl. og Sjálfstfl. var mynduð í nóv. 1959, var það eitt af samningsatriðunum, að létt skyldi tekjuskatti til ríkisins af almennum launatekjum. Stefnan var sú að fara fremur inn á braut hinna óbeinu skatta. Þetta var gert með þeim hætti, að tekinn var upp 3% söluskattur á síðasta stigi viðskipta, en það fé, sem inn kæmi af honum, skyldi notað á tvennan hátt, annars vegar til þess að gera ríkissjóði kleift að létta tekjuskatti af öllum almennum launatekjum, og hins vegar til þess að gera sveitarfélögunum kleift að lækka stórlega tekjuútsvör. Sveitarfélögin voru þannig látin fá hluta af þessum söluskatti í gegnum Jöfnunarsjóð. Þessi gerbreyting, sumir munu vilja kalla það byltingu, í skattamálum okkar hafði að sjálfsögðu margvísleg áhrif, og ég ætla, að allur almenningur hafi tekið þessari breytingu vel. Ef við lítum í stórum dráttum á það, hvernig þessi skattalagabreyting verkaði, þá má geta þess, að við skattalagabreytinguna 1960 fækkaði tekjuskattsgreiðendum úr 62 þús. niður í 15 þús. manna. Af þessu má sjá, hvílíkur fjöldi manna hefur orðið tekjuskattslaus við þessa breytingu. Ég kem hér síðar nokkuð að þróuninni, hvernig hún hefur orðið s. l. áratug í sambandi við skattvísitöluna. En það má einnig benda á það í þessu sambandi, að árið áður, 1959, voru beinir skattar til ríkisins 13½% af heildartekjum ríkissjóðs, en árið 1960 lækkaði það niður í 6% af heildartekjum ríkisins og varð þannig svipað á næstu árum á eftir.

Sú röksemd hefur verið höfð á móti óbeinum sköttum, að þeir kæmu þyngra niður á láglaunafólki en beinir skattar. Með þessu væri verið að hlífa hátekjumönnum, en leggja skatta eða tolla til ríkisins þeim mun meira á láglaunafólkið. Þetta gæti virzt svo við fyrstu sýn, en svo er þó ekki. Í fyrsta lagi má geta þess, að undanþágur er auðvitað hægt að gera varðandi óbeina skatta um þær nauðsynjar, sem almenningur notar mest. Þó er þetta í framkvæmd miklum örðugleikum bundið, því að það dregur mjög úr gildi hinna óbeinu skatta, ef undanþágur eru að ráði frá þeim. En þennan ókost við óbeinu skattana gagnvart láglaunafólkinu er tiltölulega auðvelt að laga eða draga úr honum. Og það er með því að bæta láglaunafólki þetta upp á annan hátt, t. d. með verulegum fjölskyldubótum, fjölskyldubótum, sem koma láglaunafólkinu og fjölskyldufólkinu til góða, en þær ná ekki til þeirra, sem ekki þurfa á þeim að halda, hálaunamannanna. Til þess að ná hér félagslegu jafnvægi og bæta upp gagnvart

láglaunafólkinu það, sem hinir óbeinu skattar kynnu að leggjast þyngra á það, má beita félagslegum ráðum, m. a. á þennan veg, sem ég nefndi.

Það var stefna ríkisstj. Alþfl. og Sjálfstfl. að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Og það, sem þá var miðað við, var Dagsbrúnarkaup. Sú fjárupphæð, sem skyldi vera skattfrjáls sem persónufrádráttur var miðuð við árslaun Dagsbrúnarverkamanns, þó þannig, að gert var ráð fyrir einnar stundar yfirvinnu á dag. Með þessum hætti varð tekjuupphæð Dagsbrúnarverkamanns á þessum tíma tæplega 70 þús. kr., og var persónufrádrátturinn fyrir hjón ákveðinn nokkru hærri eða 70 þús. kr. og síðan frádráttur fyrir börn 10 þús. kr. o. s. frv.

Þegar þetta var ákveðið, var hins vegar ekki tekin í lög ný skattvísitala, og sú vísitala skatta, sem áður hafði verið í lögum í nokkur ár, var ekki tekin upp í þessi nýju skattalög. Áður fyrr hafði það verið um allmörg ár þannig, að umreikna skyldi á hverju ári skattupphæðina, bæði persónufrádrátt, skattaprósentu og skattaþrep miðað við hækkandi verðlag frá ári til árs. Ástæðurnar til þess, að skattvísitala var ekki tekin inn í tekjuskattslögin 1960 voru aðallega þessar:

1. Hér var um svo stórfellda lækkun tekjuskattsins að ræða og niðurfellingu á öllum almennum launatekjum, að af þeirri ástæðu þótti ekki nein tilsvarandi þörf á skattvísitölu eins og áður.

2. Kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi og bönnuð með lögum á þeim tíma, og var það einn liður í efnahagsaðgerðunum, og m. a. af þeirri ástæðu þótti ekki rétt að binda svo skattalögin við skattvísitölu.

3. Því er ekki að neita, að menn voru svo bjartsýnir þá, þegar hinar róttæku efnahagsaðgerðir voru ákveðnar í ársbyrjun 1960, að vonast eftir því, að sæmilegt jafnvægi kæmist á í efnahagsmálum okkar, og þess vegna yrði þörfin fyrir skattvísitölu og umreikning skatta ekki nándar nærri eins brýn og verið hefði.

Nú er það svo, að í þessu efni eins og hjá öllum öðrum ríkisstj. urðu veruleg vonbrigði um jafnvægi í efnahagsmálum. Þó fór það nú svo, að í full þrjú ár og jafnvel á fjórða ár tókst að halda sæmilegu jafnvægi í efnahagsmálunum, a. m. k. meira jafnvægi en Íslendingar hafa þekkt í annan tíma á síðari áratugum. Þessar voru meginástæður til þess, að skattvísitala var ekki sett í lög.

Á þinginu 1963 þótti hins vegar sýnt, að nú yrði að endurskoða þær upphæðir persónufrádráttar og skattþrepa, sem ákveðnar höfðu verið vegna verulegra launabreytinga á þessum árum. Og á þinginu 1963 voru gerðar gagngerar breytingar þannig, að persónufrádrátturinn, sem miðaður var við hinar almennu launatekjur verkamanns, var hækkaður um 30%. Auk þess var skattstigum og skattþrepum gerbreytt, og m. a. var skattþrepum stórfækkað. Þessi 30% voru miðuð við það, að það væri launahækkun verkamanns á þessu tímabili frá því að lögin voru sett 1960. M. ö. o.: Með skattalagabreytingunni, sem samþ. var vorið 1964 og notuð var við skattálagningu það ár, voru því launamenn settir jafnt á sama bekk og þeim sköpuð sama aðstaða og verið hafði með breytingunni miklu 1960.

Hitt er svo annað mál, að sumarið eða haustið 1964, þegar lagt var á eftir þessum nýju reglum, urðu ákaflega margir fyrir vonbrigðum, svo að vægt sé til orða tekið, með sína skatta. Einn hv. þm. orðaði það nú svo, hv. 4. þm. Reykv., að þetta hefði allt saman endað með sprengingu. Það er nú kannske fullfast að orði kveðið. En meginástæðurnar til þeirrar megnu óánægju, sem þá varð, voru tvær. Önnur var sú, hversu miklar kauphækkanir höfðu orðið þá hjá ýmsum stéttum og hjá sumum launastéttum meiri en þessi 30%, sem verkamenn höfðu fengið. Er þess skemmst að minnast, að opinberir starfsmenn höfðu þá á miðju ári 1963 fengið í fyrsta sinn verulega réttingu sinna mála. Þess vegna varð það þrátt fyrir þessa breytingu á skattalögunum, að töluverður hópur launamanna lenti í hærri skattstigum, hærri prósentum en hefði mátt segja, að eðlilegt hefði verið. En önnur ástæða kom hér líka til. Og hún var sú, að frádráttarregla í útsvarslögunum, um að greidd útsvör skyldu dregin frá, áður en lagt var á útsvar næsta árs, hjálpaði hér að mjög litlu leyti, enda var það svo, að aðalóánægjan þá var vegna útsvaranna, en ekki tekjuskattsins.

Á næsta ári, árinu 1965, varð hins vegar útkoman sú, að margir þeir, sem mest höfðu kvartað yfir háum útsvörum árið 1964, fengu lægri útsvör en þeir höfðu búizt við á árinu 1965, þegar af þeirri ástæðu, að þá kom hinn mikli útsvarsfrádráttur frá árinu 1964 til framkvæmda. En hins vegar var það nú þannig, enda er það lögmál í þessu þjóðfélagi, að þeir, sem telja sig verða illa úti eitt árið og kvarta hástöfum, láta ekki til sín heyra næsta ár, þó að þeir njóti þá verulegra hlunninda.

Árið 1964–1965 var svo tekin inn skattvísitala að nýju, og var þá í fyrsta lagi sýnt, að það jafnvægi í efnahagslífinu, sem hafði verið hér á árunum 1960–1962, hafði gengið úr skorðum og full nauðsyn var að taka skattvísitöluna inn að nýju, og það var gert. Þessari skattvísitölu var svo fylgt á hinum næstu árum og allt fram til ársins 1969. Á árinu 1968 var skattvísitalan notuð að fullu, og þegar ég tala hér um skattvísitölu, þá á ég við það, hverjar breytingar verða á árstekjum Dagsbrúnarmannsins, sem byggt var á í upphafi.

Hins vegar þótti á árinu 1969 ekki fært að láta skattvísitölu koma að fullu til framkvæmda, og það stafaði, eins og öllum er kunnugt, af þeim miklu örðugleikum, sem yfir landið gengu í efnahagsmálum og þá að sjálfsögðu einnig í fjármálum ríkissjóðs. Árið 1968 var vísitala hinna almennu launatekna um 128 stig, en skattvísitala var ákveðin og framkvæmd 129 stig. Árið 1969 var henni haldið óbreyttri, en hún hefði átt að vera 137.6, ef fylgt hefði verið hinum almennu launatekjum. Og þannig var það líka 1970, að hún varð töluvert lægri en launavísitalan. Á árinu 1971 var svo að vísu tekið myndarlegt skref til þess að lagfæra þetta, þannig að vísitalan var hækkuð um 20%. Hins vegar nægði það ekki til að ná hinni almennu vísitölu eða komast til jafns við það, sem var 1960 og aftur frá 1964 og árin þar á eftir.

Vegna mjög mikils misskilnings og villandi upplýsinga um þróun þessara mála hefur mér þótt nauðsyn að rekja þetta mál svo rækilega sem gert hefur verið.

Varðandi undirbúning þessa frv. og þeirra tveggja frv., sem eru nú nátengd, þetta og tekjustofnafrv. sveitarfélaga, þá verður ekki hjá því komizt að láta í ljós óánægju og gagnrýni á þessum vinnubrögðum, sem hér hafa verið höfð. Og sú gagnrýni beinist auðvitað fyrst

og fremst að því, að of skammur tími hefur verið ætlaður til svo gagngerðra breytinga eins og hér er um að ræða. Árið 1960, þegar hin mikla skattalagabreyting var hafin, var að vísu gerð mikilsverð breyting þá strax eftir nokkurra mánaða setu ríkisstj. En þær breytingar voru einfaldar og auðskiljanlegar. Það var 3% söluskatturinn, það var lækkunin á tekjuskattinum og lækkunin á útsvörunum. Þessi meginatriði voru svo augljós, að í rauninni var engin nauðsyn að fresta þeim. Hins vegar var heildarendurskoðun skatta- og útsvarslöggjafarinnar frestað, að vísu ekki frestað í þeirri merkingu, að hún væri ekki hafin strax. Hún var hafin þegar í stað, og var unnið sleitulaust að henni á þriðja ár. Til þessa starfs voru valdir að mínu áliti mjög hæfir menn. Í því felst ekki, að ég vilji á nokkurn hátt kasta rýrð á þá ágætu menn, sem hafa undirbúið þessi frv., sem hér liggja fyrir. En varðandi tekjustofna sveitarfélaga vil ég sérstaklega taka fram, að frá öndverðu var haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og það svo, að í nefndina voru skipaðir strax í byrjun bæði formaður og varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Eftir að þessi undirbúningur hafði staðið og verið vandað mjög til hans í full tvö ár, voru frv. lögð fyrir Alþ. um skatta- og tekjustofnalög til nokkurrar frambúðar.

Nú er allt annan veg farið. Nú eru borin fram frv. um gerbreytingar í fjölmörgum atriðum á þessum lögum, hvorum tveggja og síðan er okkur tjáð, að út af fyrir sig sé vel hægt að samþykkja þetta. Við skulum svo sjá, hvernig það reynist, og það megi breyta því síðar, og endurskoðun muni haldið áfram. Ég tel, að hér séu ákaflega óheppileg vinnubrögð. Ef hæstv. ríkisstj. hefði borið fram nú fáeinar, einfaldar og auðskildar breytingar, sem ekki þyrftu ýkja mikils undirbúnings og ekki þyrftu að valda miklum deilum, þá býst ég við, að það hefði ekki staðið á stjórnarandstöðunni að fallast á slíkt. En jafn víðtækar breytingar, gerbreytingar, eins og hér er um að ræða, er ekki frambærilegt að bera fram eftir svo stuttan tíma og ætlast til, að þær verði lögfestar nú.

Í rauninni hefur aðeins komið fram ein röksemd til varnar þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj., og hún er frá hæstv. fjmrh., sem segir: „Vegna tryggingalaganna, vegna hinna miklu umbóta á tryggingalögunum var nauðsynlegt að fella niður nefskattana. Þeir hefðu annars orðið óbærilegir. Og til þess að gera þetta var nauðsynlegt að flytja þessi frv. um breytingar á tekjuskatts- og útsvarslögum.“ Ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um hið fyrra, að það var aðkallandi nauðsyn að breyta tryggingalöggjöfinni og bæta aðstöðu aldraða fólksins, öryrkja og annarra, sem njóta tryggginganna. Og ég er honum alveg sammála um það, að rétt hafi verið og að því komið, að afnema varð nefskattana. Að vísu felst ekki í því, að það þurfi að fara þá leið að fella niður með öllu greiðslur hinna tryggðu beinlínis til tryggginganna. Náttúrlega mætti, þótt nefskattar væru felldir niður, haga því á annan hátt, t. d. að menn greiddu ákveðinn hundraðshluta af útsvari sínu eða tekjuskatti, en hinu atriðinu vil ég alveg mótmæla og get engan veginn á það fallizt, að til þess að fá tryggingalögin afgreidd og nefskattana fellda niður hafi allar þessar umbyltingar verið nauðsynlegar. Það er alger misskilningur. Það hefði verið tiltölulega einfalt og auðvelt að afla fjár til þessara hluta með allt öðrum hætti, og ég býst við, að stjórnarandstaðan hefði verið mjög til viðræðu um einfaldar leiðir í því efni. Ég tel, að þessi röksemd hæstv. ríkisstj. fái alls ekki staðizt.

Í sambandi við þetta frv. hefur það verið nokkuð rætt, hvert mundi verða hámark hinna beinu skatta, ef þau væru samþ., borið saman við núgildandi lög. Ég vil fyrst taka það fram, að ég tel, að í framtíðinni eigum við að stefna að því, að beinir skattar verði aldrei hærri en svo, að um það bil þriðjungur verði greiddur í beina skatta af hinum hæstu tekjum eða síðustu krónunni, ef maður má orða það svo. Sumir hafa orðað, að væri hugsanlegt að fara upp undir 50%, og það væri náttúrlega mikil bót frá því, sem gert er ráð fyrir í þessum frv., en ég tel, að að því beri að stefna að draga svo verulega úr hinum beinu sköttum, að alls ekki yrði farið yfir þriðjung. En í þessum umr. hefur því verið haldið fram, að hámark skattanna, hámarkshundraðshluti, yrði ekki hærri samkv. þessum frv. en nú er. Við skulum líta aðeins nánar á þetta mál. Ef við athugum fyrst félögin, sem fyrst og fremst hafa atvinnurekstrinn með höndum, þá er samanlagður opinber eða beinn skattur þeirra, tekjuskattur og útsvar, nú í reynd um 43%, þegar er reiknað með frádráttarbærni útsvara í sambandi við útsvör, þá er þessi reyndin. Hámarkið er um 43%, en samkv. frv. er það 53%. Hér er því um töluverða hækkun að ræða. En við þetta bætist, að afskriftamöguleikar félaga og fyrirtækja eru stórlega rýrðir, að eignarskattar og fasteignaskattar eru mjög þyngdir, og loks varðandi það fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. í rauninni gaf atvinnurekstrinum með flutningi þessara frv., að aðstöðugjöldin yrðu skorin niður um helming þegar á þessu ári og felld niður með öllu á næsta ári, hefur þessu nú verið gerbreytt og ekki við það staðið, heldur er lagt til, að breytingin verði sú, að á þessu ári megi leggja á aðstöðugjöld, 65% af því, sem gert hefur verið á s. l. ári, en síðan er ekkert í frv. um, að þau eigi að falla niður, heldur virðast þau eiga að halda áfram. M. ö. o.: Það, sem notað var til þess að milda þetta mál allt saman í augum atvinnurekstrarins, að hækkuð er svo mjög skattprósentan og eignar- og fasteignaskattur, er nú í rauninni tekið aftur með afgreiðslu málsins í hv. Ed. í gær.

En annað er það, sem er ástæða til þess að benda enn á, þótt því hafi verið gerð góð skil af ýmsum ræðumönnum áður hér í þessum umr. Og það er sú villandi staðhæfing, að nú með samþykkt þessara frv. fari hámark hinna beinu skatta á einstaklingum aðeins upp í 54%, þ. e. 44% tekjuskatturinn og 10% útsvarið. Þetta er auðvitað ákaflega villandi samanburður og í rauninni rangur með öllu. Þetta hefur verið rakið hér áður, því að hér er um að ræða tvenns konar grundvöll, sem alls ekki er sambærilegur. Núgildandi hámark skatta er að nafninu til 57%, þegar tekjuskattur og útsvar er lagt saman, en vegna þess að útsvörin eru frádráttarbær, þá verður þetta í reynd ekki hærra en rétt um 50%. En sú regla er felld niður með þessu frv. Hins vegar eru þessi 10% í útsvar lögð á brúttótekjur. Í umr. hér í fyrradag benti hv. 5. þm. Norðurl. v. á þetta atriði, hversu hér væri um gersamlega ósambærileg atriði að ræða. Og hann gizkaði á, að 10% brúttóútsvar mundi samsvara væntanlega a. m. k. 20–25% útsvari á nettótekjum. Þó að ákaflega sé erfitt að reikna þetta út og ógerningur að

fullyrða neitt um það, þá tel ég, að hér hafi hv. þm. farið mjög nærri sanni og þetta 10% brúttóútsvar mundi, ef allt er tekið með, nærri samsvara þessari tölu, 20–25, eða jafnvel 20–30% á nettótekjur. Í staðinn fyrir 50% hámark beinna skatta nú í dag í framkvæmd, þá mundi hér vera um að ræða samkv. frv. 44% plús 20–30%, m. ö. o. má reikna með 65–70% eða þar yfir, og er næsta furðulegt, að menn skuli halda því fram, að hér sé ekki um hækkun að ræða, heldur jafnvel lækkun frá því, sem er.

Varðandi aðbúnaðinn að atvinnurekstrinum í landinu skal ég aðeins þessu til viðbótar nefna það, að í þeirri grg., sem send hefur verið fjhn. þessarar hv. d. frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verzlunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, er mjög varað við þessari þróun. Þessa hækkun skattprósentunnar, upp í 53% á félögum, telja samtökin óeðlilega og benda á, að slíkt hlýtur m. a. að leiða til versnandi samkeppnisaðstöðu íslenzkra atvinnuvega, og síðar í lok þessarar umsagnar segir: „Samtökin geta ekki sætt sig við, að skattaleg aðstaða íslenzkra atvinnufyrirtækja verði gerð stórlega lakari en samkv. gildandi lögum og þar með kippt stoðum undan samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum.“

Varðandi samanburðinn á þessu nýja kerfi og hinu eldra, þá skal ég ekki ræða hér þá margvíslegu útreikninga, sem gerðir hafa verið. En ég vil aðeins taka það fram, að í rauninni er ákaflega örðugt að átta sig á því í einu og öllu, hvernig samanburðurinn verður. Hann verður ákaflega einstaklingsbundinn vegna þess, hve aðstæður manna eru ólíkar. Ég get tekið eitt sem dæmi. Það er afnám vaxtafrádráttar við útsvarsgreiðslur, þar sem á að leggja útsvarið á brúttótekjur. Það er fjöldi ungra manna, sem byggt hefur sér íbúð eða keypt íbúð og skuldar a. m. k. 1 millj. kr. og jafnvel meira, og vextir af því eru þá kannske 100 þús. eða á 2. hundrað þús. Þó að prósentan sé nú ekki nema 10% í útsvar, þá er þarna um að ræða kannske á milli 10 og 20 þús. kr., sem útsvarið leggst þyngra á þetta fólk að þessu leyti en ella. Hins vegar eru skuldir manna vegna íbúðakaupa svo ákaflega mismunandi, að hér er auðvitað allur samanburður mjög svo örðugur, auk fjölda annarra atriða, sem til greina koma.

En í rauninni er aðalatriðið það í sambandi við þennan samanburð allan, að hæstv. ríkisstj. hefur því miður farið inn á þá braut að búa sér til forsendur, sem eiga enga stoð í raunveruleikanum og eru aðeins orðnar til í hugarheimi hennar sjálfrar. Ef miðað er við skattvísitöluna 100 á s. l. ári, en gert var ráð fyrir að breyta henni í þann grunn, þá telur ríkisstj., að gamla kerfið svo kallaða eigi þá að miðast við 106½% vegna þess að fjárlögin eru á því byggð og það sé hækkun framfærsluvísitölunnar. Nú er þess fyrst að geta, að í sambandi við skattvísitöluna og tekjuskattsálagningu núna í rúman áratug, eða frá því að nýja kerfið var tekið upp 1960, þá hefur alltaf verið miðað við almennar launatekjur verkamanns. Ef við miðum við þær nú, þá ætti því hækkunin að vera um það bil 14% frá síðasta ári, en ekki 6½%. Ef hins vegar miðað er við almenna tekjulækkun í landinu, þá er, eins og bent er á greinilega í nál. hv. 1. minni hl. fjhn., hækkunin 21½%. Ef hins vegar væri farin sú leið að fara nú í ár alveg til jafns við það og gera launamenn jafnsetta eins og þeir voru 1960 og 1964 og næstu ár þar á eftir, þá þyrfti þetta að hækka um 33%. M. ö. o.: Þær þrjár vísitölur, sem mætti með fullum rétti nefna í þessu sambandi, væru 114 miðað við hækkun launa Dagsbrúnarmanns frá í fyrra, 121½ eins og hv. 1. minni hl. fjhn. leggur til og byggt er á útreikningum Efnahagsstofnunar, eða 133 miðað við það að stíga nú skrefið fullt út, þannig að almennar launatekjur verði skattfrjálsar. Þessar þrjár vísitölur geta allar komið til greina. En sú, sem ríkisstj. byggir alla sína útreikninga á, er fjarstæða ein. Ég held, að í rauninni geti engum manni blandazt hugur um það, að þetta er hugarburður einn saman.

Ef fyrrv. ríkisstj. hefði verið nú við völd, ef Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu haldið stjórnartaumunum áfram, þá held ég, að engum manni detti í hug, að sú ríkisstj. og sá þingmeirihluti hefði farið að ákveða skattvísitöluna 106½. Ríkisstj. og þingmeirihlutinn ákvað að hækka vísitöluna um 20% á s. l. ári, og yfirlýst var af hæstv. fyrrv. fjmrh., að að því yrði stefnt sem allra fyrst að ná markinu, hinu gamla marki, að gera almennar launatekjur skattfrjálsar. Það er ákaflega leitt að þurfa að horfa upp á allar þessar deilur um þennan samanburð, þar sem annars vegar af hálfu ríkisstj. er um að ræða tilbúning, hugarburð, sem hefur enga stoð í raunveruleikanum. Ef hins vegar samanburður væri gerður á grundvelli einhverra hinna talnanna, þá vitum við, að útkomur verða allt aðrar en hæstv. ríkisstj. hefur látið í veðri vaka.

Skattamál hjóna hefur borið hér mjög á góma, enda liggja fyrir brtt. um það mál frá ýmsum aðilum. Hv. 4. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir, flytur brtt. á þskj. 411, sem var nú tekin aftur við 2. umr., og má vænta þess, að hún verði tekin upp aftur nú. Þó veit ég það ekki með vissu. En hún sýndi mér þann sóma hér við 2. umr. að vitna í þingræðu, sem ég hafði haldið 1957, og þakka ég henni að sjálfsögðu þá sæmd. Ég tel nú kannske ekki úr vegi að rifja þá upp örfá orð fleiri úr þessari ræðu, því að það vill nú stundum verða þannig, að ein setning tekin út úr ræðu gefur ekki alveg þá réttu mynd, sem óskað er eftir að fá. En svo er mál með vexti, að 1957 voru hér til meðferðar skattalagabreytingar. Þá höfðum við fyrri eða fyrstu vinstri stjórnina, og var þá mjög rætt um skattamál hjóna m. a. Þá fluttum við Sigurður Bjarnason, nú sendiherra, brtt. m. a. við það ákvæði, sem snerti skattamál hjóna, og hljóðaði hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi fyrir sig.“

Í umr. um þessa till. rökstuddi ég þetta nokkuð og taldi, að sú skipan, sem þá væri í lögum, væri ekki æskileg, og ég taldi, eins og hv. 4. landsk. rakti hér, ekki æskilegt að örva og hvetja giftar konur frekar til að vinna utan heimilis í staðinn fyrir, að þjóðfélagið ætti fremur að stuðla að hinu gagnstæða. Aðalinntak í minni ræðu var auðvitað það, að ég teldi, að allar konur ættu að njóta hér jafnréttis, og giftar konur ættu að njóta þar fulls jafnréttis, hvort sem þær sjálfar ynnu úti fyrir tekjum eða ynnu á sínu heimili og tækju þannig þátt í tekjuöflun heimilisins.

Nú var það svo, að nokkrum árum áður hafði verið flutt á Alþ. frv. um breytingar á skattalögum, margvís-

legar breytingar, sem fólu í sér nákvæmlega þetta sama atriði. Það var flutt árið 1952 af þeim þm. Jóhanni Hafstein og Magnúsi Jónssyni. Og í fskj. með því frv. var grg. eftir núv. ríkisskattstjóra, Sigurbjörn Þorbjörnsson, og víkur hann þar m. a. að þessu atriði, sem ég vildi leyfa mér að rekja hér, vegna þess að mér finnst sá rökstuðningur svo skýr og glöggur, að hann stendur í fullu gildi enn. En þar segir svo í grg. Sigurbjörns Þorbjörnssonar um skattlagningu hjóna:

„Hvort sem eiginmaður eða eiginkona eða bæði færa heim peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæða sér til handa beint eða óbeint í sameiningu og að mínu áliti fyllilega að jöfnu, og í flestum tilfellum njóta þau þess að jöfnu. Skipting á tekjum hjóna til helminga til skattlagningar er því réttlætismál á þeim grundvelli, að tveir afla teknanna beint eða óbeint og tveir njóta. Að mínu áliti er því hér ekki um að ræða neinn afslátt til handa hjónum, heldur réttláta skattlagningu þeirra sem tveggja einstaklinga, og kemur því ekki til mála að takmarka slíka skiptingu við neitt sérstakt mark. Lágtekju- eða hátekjuhjón eru hér í sama bát."

Það sjónarmið, sem kom fram í frv. þeirra Jóhanns Hafstein og Magnúsar Jónssonar og sem var endurtekið í tillögu okkar Sigurðar Bjarnasonar, er enn í fullu gildi sem stefna sjálfstæðismanna í þessum efnum. Og ég vil taka það fram, vegna þess að stundum gætir nokkurs misskilnings í þessu efni, að þetta stefnumið er allt annað en það, sem hv. 4. landsk. þm. flytur um endurskoðun skattakerfisins og er orðað þannig í brtt. hennar á þskj. 411:

„Við þá endurskoðun verði að því stefnt, að hver maður, sem aflar tekna og/eða á skattskyldar eignir, verði sjálfstæður skattþegn án tillits til hjúskaparstéttar."

Ég ætla, að eins og þessi till. var skýrð í umr. og eins og hún er rétt skilin, þá mundi með henni verða mjög mismunað giftum konum, eftir því hvort þær vinna á heimili sínu eingöngu eða hvort þær vinna einnig úti. Ég vil svo aðeins taka það fram, að að sjálfsögðu er það æskilegt, að eiginkonur vinni á heimilum sínum að uppeldi barna sinna, eftir því sem tök eru á, og er það vafalaust þjóðfélaginu hollast. Hitt er svo sjálfsagt, að þær konur, sem hafa af einhverjum ástæðum til þess tíma og aðstöðu, vinni úti að vild og afli tekna þannig. En aðalatriðið er það, sem Sjálfstfl. leggur áherzlu á, bæði nú og áður fyrr og mun gera, að allar konur njóti fulls jafnréttis í þessu efni.

Nú vil ég aðeins í þessu sambandi minnast á það, að nú verður spurt um það, hvers vegna þetta hafi ekki komizt í framkvæmd við hina miklu endurskoðun skattalaganna 1960. Og því er fljótsvarað. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að við þá geysilegu lækkun tekjuskatts og tekjuútsvars, sem framkvæmd var, þótti ekki fært sveitarfélaganna vegna að framkvæma þessa breytingu. Það var nokkuð almennt álit sveitarstjórnarmanna þá, að stærri stökk í þessu efni væri ekki hægt að taka í einu.

Í þessum umr. hefur það oft komið fram af hálfu málsvara hæstv. ríkisstj., að með þessum frv. sé um einföldun á skattakerfinu að ræða, og m. a. sé það nauðsynlegt og gagnlegt sem undirbúningur að staðgreiðslukerfi, sem mjög margir hafa áhuga á. Nú er það þannig, að ég held, að allir séu sammála um, að æskilegt sé að gera skattkerfið einfaldara en það er, og af hálfu fyrrv. ríkisstj. var að því unnið. Það var t. d. varðandi tekjuskattsstigana, þrepin voru orðin þrjú. Varðandi útsvörin var á árinu 1964, held ég, tekjuskattsþrepunum fækkað úr 8 niður í 2. Þeim var síðar fjölgað upp í 3 aftur eftir eindreginni ósk verkalýðssamtakanna og þá ekki sízt núv. hæstv. félmrh. Það höfðu þá um skeið verið tvö þrep, tvær prósentur, 20% og 30%, en eftir eindreginni ósk Alþýðusambandsins var bætt við þriðja þrepinu, 10%. Nú er það þannig í sambandi við þessa einföldun, að þegar hæstv. ríkisstj. leggur nú frv. fyrir, segir hún, að það sé eitt þrep, ein prósenta, varðandi útsvörin. Það sé 10%. En þegar nánar er skoðað og betur lesið, þá reynast nú þessi þrep vera 27 að tölu, hvorki meira né minna. Vissulega var þar ekki um einföldun að ræða, heldur þvert á móti, og mundi skapa margvíslega örðugleika í framkvæmd, ég tala nú ekki um, þegar staðgreiðslukerfið kæmi. Nú hefur þessu hins vegar í meðförum hv. Ed. verið breytt og fallið frá þessu, og er það vissulega til bóta. Hins vegar eru þar samt sem áður og komu m. a. inn við breytingar þar viss atriði, sem gera nú málin flóknari en áður. Skal ég ekki fara út í það hér. Gefst tækifæri til þess við umr. um það frv. hér síðar.

Hins vegar stendur eitt eftir, sem gerir skattakerfið ekki einfaldara, heldur miklu erfiðara viðfangs, og að þessu leyti færir það okkur fjær draumsýninni um staðgreiðslukerfi en æskilegt væri. Og það er þetta að þurfa nú að breyta sjálfum grunninum, í staðinn fyrir, að útsvör og tekjuskattur voru reiknuð af sama grunni, nettótekjum. Þetta hefur verið þannig, að þar hefur verið reiknaður sami grunnur, það er aðeins að vísu mismunandi persónufrádráttur varðandi tekjuskatt og útsvar, en þetta er allt svo einfalt í sniðum, að þegar búið var að reikna út þennan nettógrunn, þá var hægt að setja þetta inn í hinar margumtöluðu skýrsluvélar eða reikniheila og láta þá vinna úr þessu. Nú er þetta gert allt saman miklu flóknara, þar sem hjá hverjum gjaldanda er um að ræða tvenns konar grunn, nettótekjur fyrir tekjuskattinn og brúttótekjur fyrir útsvarið. Allir, sem eitthvað þekkja til skattamála, vita, að þetta torveldar mjög alla vinnu, og ég er eindregið þeirrar skoðunar, að þetta sé mjög til hins verra. Ég fyrir mitt leyti er algerlega andvígur því að fara inn á þessa leið með brúttótekjur og miða að því. Ég held, að við eigum að halda okkur við nettótekjurnar.

Ég held, að þegar þessi mál eru skoðuð nánar, þá sé ákaflega örðugt að koma auga á það, að með þeim sé verið að gera skattakerfið einfaldara. Það má vera, að það sé svo í einstökum atriðum, en ég held, að þar á móti komi ýmis atriði, þar sem það er gert flóknara og erfiðara en áður var. Og ef stjórnin trúir því sjálf virkilega, að hún sé að gera kerfið einfaldara, þá bendir það fremur til einfeldni hennar en kerfisins.

Það er nú nauðsynlegt, að ég fari að stytta mál mitt, og skal ég gera það. En það eru tvö atriði, sem ég á hér eftir og mun þá geyma til umr. um tekjustofnafrv., sem eins má væntanlega koma þar að. Annað er staðgreiðslukerfið, sem ég tel mjög æskilegt, að við reynum sem allra fyrst að koma á. Það mál er búið að vera mjög lengi á döfinni og búið að undirbúa það mjög rækilega af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og er í rauninni aðeins eftir meginákvörðun Alþ. í því efni. Ég skal sleppa því máli

hér og ekki ræða kosti þess og galla, en ég skal aðeins benda á eitt: Þegar frá sumum aðilum koma andmæli gegn staðgreiðslukerfinu, þá er ég ákaflega hræddur um, að það sé byggt á misskilningi og þau andmæli séu byggð á því, að menn hafa þá aðallega fyrir augum alla þá erfiðleika, sem komið hafa fram við framkvæmd þessa kerfis í Danmörku og jafnvel víðar á Norðurlöndum. En í þeim till., sem undirbúnar hafa verið af ríkisskattstjóra og koma fram í nál. því, sem var lagt fyrir Alþ. í ársbyrjun 1970, að ég ætla, kemur það, held ég, nokkuð skýrt fram, að þær till. um kerfi, sem ætlað er að taka upp hér, eru byggðar fremur á ameríska og þýzka kerfinu, þar sem reynslan er góð, ég held, að það sé óhætt að segja, mjög góð af staðgreiðslukerfinu. Það er annað kerfi, sem Norðurlöndin hafa notað, og því miður hafa komið fram mjög alvarlegir annmarkar og erfiðleikar þar, og ég er hræddur um, að þeir, sem andvígir eru staðgreiðslukerfinu hér, muni mikla um of fyrir sér þá örðugleika, sem sérstaklega í Danmörku hafa fram komið.

Ég vil svo að lokum aðeins nefna í sambandi við það, sem ég ræddi hér í upphafi míns máls um óbeina skatta, sem við ætlum að leggja höfuðáherzlu á, að þá komum við að því, að söluskatturinn hefur að vísu marga kosti, en líka marga ókosti, og vafalaust er æskilegt að fara þar inn á aðrar brautir, og ég tel fyrir mitt leyti, að við eigum að taka þar upp svo kallaðan virðisaukaskatt, sem flestar hinar norrænu og vestrænu þjóðir hafa upp tekið á s. l. árum, sem er tegund af söluskatti eða veltuskatti og hefur hins vegar marga kosti umfram núverandi söluskatt, m. a. þann stóra kost, að hann hefur innibyggt í sér sjálfum sjálft kerfið, eftirlit og aðhald, þannig að undandráttur ætti tæplega að eiga sér stað, eða a. m. k. er miklu meiri trygging en ella fyrir góðum skilum.

Ég skal, herra forseti, vegna þess hversu mjög er áliðið fundartímans, ekki lengja þetta um of, en ég vil aðeins taka það fram, að í fyrsta lagi tel ég, að alþm. þurfi að gera sér grein fyrir því, að ríkisútgjöldin eru í heild orðin hærri en svo, að þjóðarbúið geti undir því staðið til lengdar, svo að vel fari, og þetta bitnar auðvitað þannig á skattgreiðendum, að skattarnir verða of þungir. Í öðru lagi eigum við að fara miklu meira inn á braut hinna óbeinu skatta en hinna beinu skatta, sem hér er svo mjög stefnt að með þessu frv. Ég tel einnig, að við eigum sem allra fyrst að koma hér á staðgreiðslukerfi skatta. Ég tel, að við eigum að breyta söluskattinum í svo kallaðan virðisaukaskatt, og ég hefði talið, að langæskilegast hefði verið, að þessi frv. yrðu ekki afgreidd á þessu þingi, heldur gæfi stjórnin sér tóm til þess að skoða þessi mál nokkru nánar, því að það er vissulega orð að sönnu, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði hér í fyrradag á þessa leið:

„Þessi frv. voru með vissum hætti nokkuð snöggsoðin."

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal af þessum sérstöku ástæðum, sem hæstv. forseti nefndi, stytta mál mitt svo sem frekast má verða. Ég kveð mér hljóðs til þess að skýra með örfáum orðum skrifl. till., sem ég leyfi mér að flytja nú við 3. umr. þessa máls. Till. þessi felur í sér leiðréttingu eða áréttingu fremur en verulega breytingu. Till. varðar sérsköttun hjóna, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Við 1. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Nú telja hjón eða annað hjóna sér hagfelldara, að tekjur þeirra séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau eða það þá krafizt þess, að skattur sé á þau lagður sitt í hvoru lagi. Ábyrgð annars á skatti hins skal í slíkum tilfellum aldrei ná til séreignar."

Í frv. eins og það er og raunar gildandi lögum er gert ráð fyrir, að hjón geti krafizt þess, að þau séu skattlögð sitt í hvoru lagi, ef þau telja sér það hagfelldara. En í minni till. er gert ráð fyrir, að slík krafa frá öðru hjóna nægi. Að því er ábyrgð varðar á sköttum hjóna, þá er reglan um hana nú þannig, að sú ábyrgð er algerlega ótakmörkuð. Þau ábyrgjast bæði skattgreiðslu með öllum sínum eignum. Ég legg til, að þegar hjón eru skattlögð sitt í hvoru lagi, þá nái ábyrgð annars hjóna á skattbyrðum hins ekki til séreignar. Þetta er að mínu mati tilraun í þá átt að gera ákvæði skattalaga um þessi efni í meira samræmi við meginreglur hjúskaparlaga. Þetta varðar aðeins eitt tilbrigði af skattlagningu hjóna, aðeins þessa heimild um, að þau geti krafizt þess, að þau séu skattlögð sitt í hvoru lagi.

Að svo stöddu taldi ég ekki rétt að fara lengra út í það að breyta gagnkvæmri ábyrgð hjóna á skattgreiðslum, en ég vil leyfa mér að benda á, að ég tel, að það komi fyllilega til athugunar við áframhaldandi athugun laga um tekjuskatt og eignarskatt að vernda séreign enn meir en nú er gert að þessu leyti. Ekki á það sízt við í sambandi við eignarskatt. Það má telja, að það orki tvímælis, að annað hjóna ábyrgist með séreign sinni skatt af séreign hins.

Að öðru leyti mun ég ekki fara út í að ræða atriði þessa frv. í stórum dráttum. Það hefur verið gert hér mjög nákvæmlega af talsmönnum Sjálfstfl., og hafa þeir þar á flestan hátt sagt skoðanir mínar eins og raunar annarra þm. okkar flokks. Ég vil sérstaklega vekja athygli á lokatillögu 1. minni hl. fjhn., sem fjallar um stefnumörkun í skattlagningu hjóna, og ég tel, að sú stefnumörkun miðist einmitt við það að samræma meginreglur hjúskaparlaga, sem ég nefndi áðan, meginreglum þessara laga, sem við erum nú hér að fjalla um. En þau lög, skattalögin, hafa verið einna fjærst því í íslenzkri löggjöf að viðurkenna almennt það fyrirkomulag, sem nútímahugmyndir um fjármál hjóna miðast við.

Sú breyting, sem nefnt er í þeirri till., að stefnt verði að, felur hins vegar í sér ýmiss konar hliðarráðstafanir varðandi tekjuskattsstiga, sérstakan frádrátt, þegar hjón vinna úti og nánari ákvæði um gagnkvæma ábyrgð hjóna á skattgreiðslu.

Ég mun ekki bregðast því, sem ég lofaði hæstv. forseta í upphafi máls míns, og fer ekki nánar út í að ræða þetta frv., svo mjög sem þó margt orkar tvímælis í því, að ekki sé meira sagt, en vil afhenda hæstv. forseta þessa litlu till., sem ég flyt hér skriflega, og óska þess, að hún verði borin undir atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nema um örfáar mínútur,

geyma það að fara út í almennt tal um þetta mál, sem hér er á dagskrá, enda þótt nokkurt tilefni hafi verið gefið til þess. En út af því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér í ræðustóli áðan, vil ég taka það fram, eins og ég hef áður gert, út af till. á þskj. 411 frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur og gerði þegar frv. var lagt hér fram, að við framhaldsathugun á vinnu við tekjuskattsfrv. eða tekjuskattslögin verður unnið að því að kanna um sérsköttun hjóna, athuga það mál alveg niður í kjölinn. Ég hafði óskað eftir því, þegar nefndin var að vinna að þessum málum í haust, að koma því inn í frv., en ekki var talið, að það væri hægt, of skammur tími væri til þess, að hægt væri að koma því að svo að fullunnið væri. Þess vegna skal það vera tryggt af minni hendi, að þetta mál fái fullkomna athugun og afgreiðslu við framhaldsvinnu í tekjuskattslögunum.

Út af öðrum atriðum, sem hv. 12. þm. Reykv. kom að, þá sýndist mér, að e. t. v. mætti með reglugerðarákvæði koma því í framkvæmd, sem þar var nefnt, og mun það verða athugað, ef mögulegt reynist, sem mér sýnist, að gæti verið.

Þegar ég las till. þeirra hv. fulltrúa Sjálfstfl. í fjhn., sem eru hér á þskj. 430, þá komu mér fyrst í hug þessar ágætu hendingar úr kvæði Steins Steinars, þegar hann fékk skáldalaunin: „Eitthvað er breytt, annaðhvort ég eða þjóðin", sagði hann. Mikið hafa þessir ágætu flm. þessara till. breytzt frá því, sem áður var. Það orkar nú tvímælis allt, hvað gert er, stendur einhvers staðar, og eins getur verið í þessu, en ég er hræddur um, að við fyrrv. stjórnarandstæðingar hefðum verið taldir ábyrgðarlitlir, ef við hefðum lagt til að draga úr tekjuöflun ríkisins, sem mér sýnist, að muni nema svona um 1—1½ milljarði. Ég hef gert lauslegar athuganir á því, hvað þetta mundi kosta, ef þessar brtt. yrðu samþykktar, og þá er ég kominn með samtals tölur upp á tæpan milljarð, en þá eru líka nokkur atriði eftir, sem ég á ekki kost á að gera mér fulla grein fyrir, hvað kosta mundu, en mér sýnist, að þetta gæti farið nær því að vera hálfur annar milljarður. Og skelfing væri ég ánægður, ef ríkisbúskapurinn á árinu 1972 væri svo vel á vegi staddur, að hann þyldi það. En ég dreg það í efa, enda sýnist mér ekki till. við það miðaðar, heldur við það eitt að breyta frá því, sem lagt er til í frv. Ég skal svo ekki fara lengra út í það að ræða sérstakar till. þessa þskj., því að ég sé ekki ástæðu til þess eða tíma til, en ég vil hins vegar segja það, að engin bót yrði það á frv., þótt þær yrðu samþykktar, nema ef menn teldu það eitt til bóta að ná tekjum af ríkissjóði.

Ég vil aðeins segja í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. um vísitöluna, er hann fór að reikna út tapið af því að losna við nefskattana, að mörg dæmi hliðstæð mætti nú reikna út, ef það er nú orðið tap fyrir fólkið að útgjöld þeirra minnki frá því, sem áður hefur verið. En sú breyting var þó gerð í sambandi við útreikninga á vísitölunni nú, að það var tekið tillit til beinu skattanna, sem ekki hafa þó áður verið í vísitölunni og lög mæla ekki fyrir um. Ég vil líka minna á í sambandi við þetta tal um vísitöluna, að þegar menn tala um það, hvað þessir og þessir eigi að gjalda við það, að vísitalan lækki, hvers eiga þeir að gjalda, sem missa úr kaupi sínu 4.2 vísitölustig, af því þeir eiga ekki börn á framfæri? En fjölskyldubæturnar í vísitölunni kosta 4.2 vísitölustig og lækka kaupið hjá einhleypum og þeim barnlausu um þetta, ef menn vilja fara út í slíkan reikning.

Annars skal ég ekki gera það að sinni, það er alltaf hægt að leggja út í slíkar umræður, því að mörg tækifæri gefast til þess. Ég vil þó benda á í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Vestf. ræddi hér um gamla fólkið, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, mundu þær ívilnanir, sem þeir hv. sjálfstæðismenn eru með í sínum till., ekki ná til nema um 4 þús. af ellilífeyrisþegum, sem eru þó um 14 þús. manns. Þrátt fyrir þessar breytingar mundu um 10 þús. manns ekki njóta þeirra, vegna þess að þeir hefðu ekki tekjur til. Ég vil líka benda á það, að með lágmarkstryggingum þeirra tekjulausu er gerbreyting frá því, sem áður var viðvíkjandi þessu fólki.

En það, sem ég ætla aðeins að víkja að í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Reykv., er ekki, hverjir séu einfaldir og hverjir séu ekki einfaldir. Slíkt mat á mönnum er afskaplega oft hæpið og getur stundum byggzt á hæpnum forsendum. Hitt held ég, að sé augljóst, að skattakerfið, sem núv. ríkisstj. tók við, var ekki einfalt, og í því sambandi langar mig að vitna í fyrirrennara minn í starfi, hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, þegar hann lýsti því í fyrra, hvernig skattakerfið væri, með leyfi hæstv. forseta, með þessum orðum:

„Skattakerfið er flókið, álögð gjöld allt of mörg. Ýmsar frádráttarreglur eru flóknar og margfaldar, allt of þungt á unglingum. Skattakerfið er óeðlilega dýrt og allt of mikið af alls konar undanþágum og sérreglum."

Ég held, að hvort sem tekst að ná einföldun þeirri, sem nauðsyn ber til, í þessari lotu, þá sé þó stefnt í þá átt, og full þörf hafi verið á því að gera kerfið einfaldara.

En ég vildi minnast á það, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði efnislega um og mestu máli skipti í ræðu hans, en það var viðhorfið til beinna og óbeinna skatta. Það er stefnuatriði, sem auðvitað ber að meta á hverjum tíma, og í því sambandi vil ég benda á, að það er engin breyting með þessum skattafrv. frá því, sem áður hefur verið, um afstöðu til beinna og óbeinna skatta. Hins vegar vil ég segja það, að til þess að hægt sé að auka óbeinu skattana í tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga eða ríkisins sérstaklega, þá þarf að gera fleira, og það var alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að það er hægt að nota tryggingakerfið til að jafna þar um. En tryggingakerfið, eins og það hefur verið notað og var notað af viðreisnarstjórninni, var ekkert jöfnunarkerfi. Þar fékk foreldri jafnt með einu barni og 10 börnum miðað við stykki, alveg án tillits til þess, hve börnin voru mörg eða hvernig efnahagurinn var. Það var aðeins greidd ákveðin tala fyrir hvert barn, enda var þetta sett þá inn í vísitöluna og miklu meir miðað við vísitöluna en aðra þætti í tryggingakerfinu. Með þessum hætti var þetta ekki lengur trygging, heldur aðeins tæki til að hafa áhrif á vísitöluna. Ef á að nota tryggingakerfið til að jafna á milli þeirra, sem miður mega sín í þjóðfélaginu, og hinna, sem betur eru settir, þá verður að breyta því, og það verður að miða tryggingakerfið við það, ef draga á úr beinum sköttum og fara til hinna óbeinu. Ég vil líka taka undir það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að ýmis frávik t. d. frá söluskatti geta verið býsna erfið, og þess vegna verður að meta óbeina kerfið, því að eins og það er orðið nú, þá eru möguleikar til frávika í því miðað við efnahag orðnir sáralitlir miðað við það, sem

áður var, og öll viðskipti okkar við aðrar þjóðir hafa einmitt beinzt að því að minnka þessa möguleika. Þess vegna segi ég það, að til þess að hægt sé að gera óbeina kerfið virkara í tekjuöflun ríkissjóðs, þá verður að skoða þau mál betur en tími hefur unnizt til enn þá, og þá á að skoða samhengið á milli tryggingakerfisins annars vegar og þessa kerfis hins vegar.

Þess vegna vil ég undirstrika það, að brýna nauðsyn ber til að skoða það í heild, og þess vegna varð það ákvörðun núv. ríkisstj. að láta endurskoða samtímis lögin um tekjuöflun ríkisins, sveitarfélaganna og tryggingakerfisins. Þessi endurskoðun heldur áfram, og út úr þessu á að koma það kerfi, sem miðar við heildaráhrif þessara þátta á afkomu þjóðarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 434) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun eins og aðrir þm., sem hér hafa talað á undan mér, reyna að vera eins stuttorður og ég tel mér frekast unnt, en ég hef flutt hér á þskj. 428 mjög einfalda till., þar sem lagt er til, að í stað 50% í 1. málsgr. 1. gr. frv. komi 60%. Þetta er varðandi það ákvæði, sem heimilar giftum konum frádrátt frá tekjum sínum í sameiginlegu framtali við mann sinn.

Þegar þetta ákvæði var tekið inn í lög fyrir hálfum öðrum áratug eða svo, þá hefur það að sjálfsögðu verið talið réttlætismál, þar sem giftar konur með vinnu sinni og þátttöku í þjóðarframleiðslunni lögðu á sig störf umfram þau eðlilegu heimilisstörf, sem þær höfðu á hendi. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort eðlilegt sé eða ekki að örva giftar konur til starfa utan heimilis, menn geta haft á því skiptar skoðanir, en hins vegar er það staðreynd, að þetta er þróun, sem hefur átt sér stað, bæði hér á landi og í öllum okkar nágrannalöndum. Íslenzkt atvinnulíf er í dag orðið svo háð vinnu giftra kvenna, að ég hygg, að allir geri sér ljóst, að um verulegan samdrátt yrði að ræða, ef þær allt í einu hyrfu allar af vinnumarkaðinum. Ég tel því þetta ákvæði, sem gildandi var og er enn í lögum, mjög eðlilegt og sjálfsagt, en þegar það kemur fram, að þessi réttur þeirra til frádráttar á tekjum skerðist í sambandi við tekjustofnalögin, sem nú hafa verið til umr. í hv. Ed., þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að við þær breytingar, sem verið er að gera á lögum um tekju- og eignarskatt, þá verði tekið tillit til þessarar skerðingar og þetta mark hækkað í það, sem ég hef hér leyft mér að leggja til á þskj. 428. Ég hef látið reikna þetta út, og mér sýnist, að þetta mark, þessi hækkun, sem lögð er til, mundi verða til þess að þessu leyti varðandi frádrátt á tekjuskattinum að giftar konur stæðu þá nokkurn veginn jafnfætis og áður var, þegar þeim var einnig leyfður frádráttur við álagningu útsvara. Þess vegna tel ég þetta eðlilegt og réttlætismál og vænti þess, að þetta verði hér samþykkt. Þetta er ekki svo mikil breyting fyrir ríkissjóð, að það geti þar nokkru breytt verulega og að ríkiskassinn mundi ekki þola þessa breytingu. Og ég vil í þessu sambandi benda á það, sem ég veit ekki, hvort allir gera sér ljóst, að margar þær konur, sem vinna úti, – það eru sjálfsagt ekki allar, – taka á sig veruleg útgjöld í sambandi við það að hverfa að störfum utan heimilis. Ég á þá við þær konur, sem hafa yngri börn í umsjá sinni, en þær verða að koma þeim börnum fyrir í gæzlu, meðan þær vinna utan heimilisins, og þetta kostar orðið verulega fjárútlát. Ég hygg, að það sé ekki ofsagt, að það kosti þær kannske 4–5 þús. kr., ég vil ekki segja á stykki eins og hæstv. fjmrh., heldur á hvert barn sitt, þannig að einnig að þessu leyti er eðlilegt, að þær njóti einhverra sérstakra fríðinda í sambandi við þetta.

Það hefði vissulega verið mjög skemmtilegt að ræða frv., sem hér liggur fyrir, eftir þær umr., sem maður hefur hlustað á í d., því að margt hefur þar komið fram. Það merkilega er, að í öllum þeim ágreiningi, sem um skattamálin er, er þó eitt atriði, sem allir hv. þm. eru sammála um, og það er að gera skattakerfið einfaldara. Ég ætla engan að dæma, hvorki neina fyrrv. ríkisstj. eða neinn fyrrv. eða núv. hv. þm., en hitt er staðreynd, að þróunin hefur á undanförnum áratugum hér á landi öll verið í þá átt að gera skattakerfið flóknara og flóknara bæði fyrir skattgreiðendur og þá, sem eiga að framkvæma skattalögin. Fram hjá þessu verður ekki gengið, því að þetta liggur alveg augljóslega fyrir.

Ég tek þarna aðeins tvö dæmi: Á skattseðli, sem skattgreiðendur fengu á síðasta ári, var um að ræða 17 skatta, sem einn aðili, sem einhvern atvinnurekstur hafði, gat lent í að greiða. Þegar við lítum á þann seðil, sem launagreiðendum er afhentur nú á þessu ári og þeir eiga að útfylla til þess að gefa upp tekjur á aðra og hlunnindi og það, sem talið er, að skattskylt sé, þá er þar úr 29 mismunandi reitum að velja, sem launagreiðandi á að fylla út, og verður að leita uppi, hvar hann á að setja hverja upphæð, sem hann hefur innt af hendi. Ég bendi aðeins á þessi tvö dæmi hér til að sýna, út í hvaða ógöngur, ég segi hiklaust ógöngur, hv. Alþ., sem auðvitað ræður þarna hlutunum, er komið í í sambandi við skattaálögurnar.

Skattar verða án efa alltaf heldur illa séðir af skattgreiðendum. Það er nú einu sinni alltaf svo, en ég hygg nú samt, að hv. Alþ. geti sér kannske þar í nokkuð um kennt, vegna þess, sem ég hef nú bent á, að þetta er orðið svo flókið kerfi, að menn eru eiginlega hættir að skilja í því og hættir að reyna að botna nokkuð í því, því að þetta gerir menn leiða á öllum greiðslum til ríkisins, þegar þannig er að staðið.

Þá er annað, sem gerðist á sínum tíma, en sem betur fer er búið að laga það nokkuð, en það er það, að á þeim tíma, sem lögin um stríðsgróðaskattinn voru í gildi, þá var svo komið, að menn, sem lentu þá í háum tekjum, áttu að greiða í skatt til ríkis og bæja hærri upphæð en þeir öfluðu sér, eftir að þeir voru komnir í visst tekjuhámark. Hæstv. fjmrh. upplýsti það hér í umr. í fyrradag, að stríðsgróðaskatturinn hefði numið 30% eða upp í 35%, þegar gjaldandinn var kominn í 200 þús. kr. tekjur. Eftir því, sem ég get séð af lagasafninu, þá skilst mér, að tekjuskatturinn með öllum þeim viðaukum, sem þá voru á hann komnir, hafi numið 27%, þegar komið var upp í hámarkið. Þetta gerir samtals, skilst mér, 62%. Og ef við lítum svo á skattstiga sveitarfélaganna, sem þá giltu, suma þeirra, – ég þekki einn þeirra, sem mér var afhentur sem bæjarstjóra í Vestmannaeyjum úr höndum þáv. vinstri stjórnar, – var hann hvorki meira né minna en 42% á hæstar tekjur. Þetta þýðir, að þarna var komið upp í 104%, sem menn áttu

að greiða í samanlagða skatta til ríkis og sveitarfélaga, ef þeir lentu í því að greiða stríðsgróðaskatt, sem allmargir gerðu þá.

Þetta þýddi tvennt, sem þá kom alveg greinilega í ljós: Þeir, sem lentu í hæstu tekjunum, hættu hreinlega að vinna á miðju ári. Menn, sem þá voru í siglingum, höfðu mjög góðar tekjur, – ég þekkti persónulega mörg dæmi þess, – en menn fóru bara í land á miðju ári og hættu að vinna, sögðust bara ekkert vera að borga með þeim sköttum, sem á þá væru lagðir, bæði af ríki og sveitarfélögum. Þetta voru eðlileg viðbrögð. En það var annað, sem skeði, sem var miklu verra og hefur haft miklu verri afleiðingar fyrir þjóðfélagið. Það var, að þegar þannig er komið, að farið er að taka meginhlutann og kannske allan hlutann af kaupi manna til hins opinbera, hvað gera menn þá? Þeir gera nákvæmlega sama og þá var almennt talið, að menn gerðu, reyna að koma undan skatti öllu því, sem þeir mögulega gátu. Skattaeftirlitið var þá miklu lakara en það er nú. Menn komust þá upp með það. Það vissu allir, að þetta var orðin landplága, að menn, bæði heiðarlegir og óheiðarlegir, sáu sig tilneydda að reyna að koma undan sköttum þeim tekjum, sem þeir mögulega gátu. Þetta auðvitað orsakaði það, að menn hættu að bera virðingu fyrir skattalögunum og er það ekkert óeðlilegt, og það eimdi nokkuð lengi eftir af þessu, en þessi hliðin er, sem betur fer, mikið að lagast nú. Skattaframtölin eru að verða miklu betri en þau voru. Menn eru farnir að gera sér það ljóst, að þeir sem þjóðfélagsþegnar verði að borga og eigi að borga eftir ákveðnum lögleiddum reglum hluta af tekjum sínum, bæði til sveitarfélags og ríkissjóðs, þannig að þetta hefur að mínum dómi mjög breytzt. En þetta hefur því miður enn og allt fram undir það síðasta loðað við, og þetta hefur sett mjög leiðinlegan og erfiðan blæ á framkvæmd skattamála og afstöðu almennings til greiðslu opinberra gjalda.

Ég tel því mjög nauðsynlegt, og vildi mjög gjarnan ræða það miklu ítarlegar en mér gefst tími til hérna, að hv. þm. geri sér það almennt ljóst, að það dugir ekki að stefna að smálagfæringu á skattalögunum eða einhverjum smábreytingum, eins og hæstv. fjmrh. boðar nú, að sé í undirbúningi. Við verðum að stefna að grundvallarbreytingu á skattalögunum. Það er hið eina, sem við getum gert til að komast á eðlilegan hátt út úr þeim ógöngum, sem ég tel, að við séum komnir í í sambandi við þessi mál. Og þegar ég segi, að við verðum að stefna að grundvallarbreytingu, þá á ég við það, að að mínum dómi þarf að hækka persónufrádráttinn svo mikið, að allar framfærslutekjur, ekki neinar tekjur miðað við ákveðinn Dagsbrúnartaxta, heldur allar framfærslutekjur, sem eru taldar eðlilegar á hverjum tíma, sem ein meðalfjölskylda þarf til sinnar framfærslu, verði gerðar skattfrjálsar frá beinum sköttum, t. d. miðað við 400 þús. kr. á hjón og 50 þús. kr. á barn. Það mundi gera 500 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Þannig mundi hverfa frá skattyfirvöldunum stór hluti af öllum skattframtölum til úrvinnslu. Þetta mundi létta þeim, sem eiga að framkvæma skattalögin, starfið mjög mikið, og það mundi jafnhliða gefa þeim ákaflega gott tækifæri til þess að vinna að og fylgjast miklu betur með framkvæmd skattamálanna, þannig að menn hvorki kæmu undan tekjum fyrir sjálfa sig á sínu eigin framtali eða gerðu það, sem er kannske versta meinið hjá okkur í dag, og menn gera það mjög almennt enn þá, því miður allt of almennt, að koma undan tekjum fyrir aðra. Ég tel, að það sé einhver mesta meinsemdin í sambandi við skattamálin, að þetta loðir við enn þá, að menn vilja gera ýmsa hluti, selja vinnu sína og annað, ef því er skotið undan skatti. Þótt það varði við lög, vitum við öll, að þetta gerist í þjóðfélaginu í dag. Það þýðir ekkert að vera að blekkja okkur á þeim hlutum, en þannig er það í framkvæmd. En út úr þessu mætti komast með því að fara þá leið að gera persónufrádráttinn svo háan, að menn borguðu í óbeinum sköttum til ríkisins af öllum eðlilegum framfærslutekjum sínum.

Það er sagt í sambandi við óbeina skatta, að þeir komi misjafnlega niður, að þeir lendi þyngst á stærri fjölskyldum og kannske láglaunafólki. Ég tel það mjög mikinn misskilning. Ef þannig væri farið að, þá borgaði hver fjölskylda í óbeina skatta vissan hluta og jafnan hluta af tekjum sínum í gegnum söluskatt eða aðra óbeina skatta. Þær tekjur, sem þar væru fram yfir, ætti að skattleggja með beinum skatti, og ég segi hiklaust, þá með einu skattþrepi. Það ætti að hafa aðeins eitt skattþrep, sem lagt væri á þær tekjur, því að þá væru allir komnir upp í hátekjur og það þyrfti ekki að nota nein skattþrep eða neina mismunandi skattstiga við álagningu á slíkar tekjur. Ég mundi telja, að þetta væri miklu heilbrigðara og einfaldara og gerði viðhorf þjóðfélagsþegnanna miklu betra til stjórnvalda í sambandi við þær skattgreiðslur, sem þeir þyrftu að inna af hendi og þeir væru krafðir um, og á ég þar við tekjur til ríkissjóðs. Sveitarfélögin verða eðli sínu samkv. að innheimta mikið af tekjum sínum með beinum sköttum. Ég hygg, að enn þá sé ekki fundið ráð til þess að auka möguleika þeirra til tekjuöflunar eftir leið óbeinna skatta.

Ríkisvaldið getur vissulega hreinsað verulega til í þessum efnum, og af því að hæstv. fjmrh. hefur boðað endurskoðun á skattalögunum, þá vil ég leyfa mér að beina því til hans, að þetta mál eða þessi hugmynd verði skoðuð um leið. Það má vel vera, að ég að athuguðu máli fari inn á það að flytja þáltill. í sambandi við þetta mál, þar sem ég léti hugmyndir mínar, sem ég hef hér rakið í stórum dráttum, koma fram.

Eins og ég sagði, skal ég stytta mál mitt eins og ég sé mér frekast fært og skal reyna að taka ekki ræðutíma frá öðrum, en það er þó eitt atriði, sem ég tel, að ég verði hér aðeins að koma inn á, en það eru þeir útreikningar, sem hv. þm. hafa verið afhentir í sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt. Fyrst var það hjá hæstv. fjmrh., að þegar hann lagði frv. fyrir, þá var hann með tilbúin dæmi um það, hvernig þetta mundi verka. Hv. frsm. meiri hl. var einnig með tilbúin dæmi um, hvernig skattálagningin mundi verka. Ég hlýt að spyrja: Hvers vegna er verið með tilbúin dæmi um það, hvernig fyrirhuguð skattabreyting kemur til með að verka? Hvers vegna voru ekki tekin skattframtöl frá síðasta ári og þau hreinlega umreiknuð miðað við hin nýju lög, sem á að fara að samþykkja hér, og þannig gerður samanburður og þá að sjálfsögðu tekið tillit til niðurfellingar nefskattanna, sem hér hefur verið til umr.? Ég lét gera þetta þegar fyrir áramót, lét eina skattstofu í landinu gera þetta. Ég veit, að þetta er alveg hárrétt, það er hægt að standa við það ábyggilega hvar

sem er. En ég fékk út úr því allt aðrar tölur en hæstv. fjmrh. og hv. frsm. 1. meiri hl. eru hér að boða okkur. Ég ætla ekki að fara að rekja þetta, það tæki of langan tíma.

Aðeins að lokum vil ég benda á, að ég tel hreint ekki sæmandi, hvorki fyrir hæstv. fjmrh. eða hæstv. viðskrh., það, sem þeir hafa verið að halda hér fram í sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt, að skattabreytingin væri einvörðungu, eins og þeir orðuðu það, gerð vegna hækkunar almannatryggingabóta. Þetta er svo mikil misnotkun á þeim lögum og þeim rétti, sem þetta fólk fær samkv. almannatryggingabótum, að ég tel það ekki sæmandi fyrir þessa hæstv. ráðh., að láta þetta koma fram hér á hinu háa Alþ. Það vita allir, að fjárlög hækkuðu um 5 500 millj. kr. Að vísu er inni í því hækkun til almannatryggingabóta, ég viðurkenni það, að nokkru leyti, en þó ekki öllu, og þess vegna liggur alveg augljóslega fyrir, að það er hin almenna hækkun á fjárlögum, þar með að litlum hluta hækkun almannatryggingabótanna, sem er þess valdandi, að nú verður að setja fram og lögleiða nýtt skattakerfi, sem gefur ríkissjóði mun meiri tekjur en áður, eða 5 500 millj. kr. meira en áður. Þetta er ein ástæðan fyrir því, að verið er að breyta skattalögunum. Hefði ekki verið um annað að ræða en hækkun til almannatryggingganna, þá hefði ekki þurft að breyta einum staf í skattalögunum. Þau gátu staðið eins og þau voru, og þau hefðu meira en nægt ríkissjóði til þess að mæta útgjöldum vegna þessa eina málaliðs, tryggginganna, því að tekjur almennings hafa sem betur fer á árinu 1971 hækkað mun meir en ráðgjafar hæstv. ráðh. hafa hér verið að reyna að túlka. Ég hygg, að það viti orðið allir í dag, að tekjuhækkunin er mun meiri en gert er ráð fyrir, og þar af leiðandi hljóta skattar ríkissjóðs að fara verulega fram úr því, sem áætlað var í upphafi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eru þeir staddir í húsinu, hæstv. sjútvrh. og félmrh., eða eru þeir í lagningu? – Vegna tilmæla forseta skal ég reyna að stytta mál mitt eins og ég get, en það verður þó að segjast um leið, að það er harla erfitt, þegar haft er í huga, að sjálfir tveir hæstv. ráðh., frsm. meiri hl. fjhn. og reyndar hv. þm., ritstj. Tímans, hófu hér mikið málþóf við 2. umr. og maraþonræður til þess að réttlæta það frv., sem hér er til umr., sem þó tókst heldur illa, en þeir þurftu þess vegna að fara að ræða, sem þeir náttúrlega að sjálfsögðu gerðu, um starf fyrri ríkisstj. og hin og þessi mál, sem full ástæða hefði verið til að taka fyrir og svara nú við 3. umr. Ég skal þó láta það eiga sig að sinni og snúa mér að því málinu, sem er mitt meginmál og er í sambandi við þá brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 429 um skattfrádrátt sjómanna.

Það hefur verið venja eða skylda um 20 ára skeið, að útgerðarmenn hafa borgað sjúkrasamlagsgjöld, iðgjöld fyrir lögskráða sjómenn, en með niðurfellingu svo kallaðra nefskatta nú er þessi skylda úr sögunni, og það er í sjálfu sér ekki ástæða til að harma, þótt þessum pinkli sé létt af útgerðinni, en þessi upphæð, sem svarar til nefskattanna, verður að nást inn til að standa undir nauðsynlegum gjöldum tryggginganna. Þeim verður náð með tekjuskattinum, sem leggst á alla skattborgara jafnt, hvar í stétt sem þeir standa, sjómenn sem aðra. Þessi baggi útgerðarinnar er því óbeint færður yfir á sjómenn sjálfa. Á árinu 1971 var sjúkrasamlagsgjaldið kr. 4 020 óniðurgreitt hér í Reykjavík. Það má ætla, ef miðað er við fjárhagsáætlun Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að það hefði þurft að vera í ár um það bil 5 þús. kr. Þessari upphæð á mann verður að ná inn í tekjuskattinum vegna sjúkrasamlagsiðgjaldanna, og stjórn hinna vinnandi stétta hefur því lagt þennan nýja 5 þús. kr. bagga á alla sjómenn, sem lögskráðir eru. Ég skal ekki fara út í það að rekja nákvæmlega hin áhrifin, sem þetta hefur á vísitöluna, kaupgjaldsfalsið vegna niðurfellingar nefskattanna. Framfærsluvísitalan er lækkuð úr 161 stigi í 133, og kemur það auðvitað aftur til miska þessum sömu mönnum, sem fá þetta gjald á sig vegna þessara fyrirkomulagsbreytinga.

En það er fleira, sem sjómenn geta þakkað þessari hæstv. ríkisstj. fyrir í sambandi við þetta frv. og þau frv., sem hér liggja fyrir í hv. Nd. og Ed. Það mátti sjá, þegar þau voru lögð fram, að ríkisstj. var ákveðin í því að stórskerða þau skattfríðindi, sem sjómenn hafa haft til þessa. Þessi frádráttur frá tekjum sjómanna í gildandi lögum er hlífðarfatafrádráttur, frádráttur vegna fæðis, sem þeir greiða sjálfir, og sérstakur sjómannafrádráttur fyrir þá, sem skráðir eru 6 mánuði eða lengur. Þessara hlunninda njóta allir lögskráðir sjómenn og reyndar stór hluti hinna tryggingaskyldu líka og þá auðvitað með þeim takmörkunum, sem lögin setja. Upphaflega munu þessi fríðindi, sem voru miðuð við fiskimenn, til komin svo að laða mætti þá um borð í fiskiskipin, og það er alls ekki í fyrsta skipti nú, sem illa hefur gengið að manna þann flota. Í tíð fyrrv. ríkisstj. fengu farmenn smám saman þessi hlunnindi líka, um leið og frádráttarupphæðirnar voru hækkaðar í krónutölu. Nær undantekningarlaust fengu farmenn þessi hlunnindi. Í fyrsta lagi vegna viðurkenningarinnar á þeirri staðreynd, að þessi atvinnustétt er meir fjarverandi frá heimilum sínum en nokkur önnur. Og sem endahnútur voru þessar ákvarðanir teknar til lausnar á mjög viðkvæmum kaupgjaldsdeilum. Farmenn munu því líta á þessi hlunnindi í dag sem hluta af umsömdu kaupi og kjörum.

Á síðasta Alþ. tók svo fjhn. þessarar hv. d. upp í till. sínar efni frv., sem ég hafði flutt um, að full skattvísitala kæmi á þennan frádrátt. Átti ákvæði þetta að koma til framkvæmda við álagningu nú í ár.

Þá er rétt í þessu sambandi að geta þess, að um langt árabil hafa allflest a. m. k. hinna stærri sveitarfélaga veitt sams konar frádrátt til sjómanna og veittur er samkv. gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Er þetta byggt á heimild í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

En hverjar eru svo fyrirhugaðar breytingar hæstv. ríkisstj. samkv. till. hennar? Samkv. tekjustofnafrv. falla þessi fríðindi niður, því að engin heimild er í frv. nú til að veita slíkan frádrátt, og þar með fór helmingurinn af þeim skattafrádrætti, sem sjómenn viðkomandi sveitarfélaga hafa haft til þessa. Þess utan hefur ríkisstj. ákveðið að svíkja sjómenn um hækkun á skattvísitölunni, sem áhrif hefði haft á frádráttarupphæðirnar.

Við 2. umr. þess máls, sem hér er til umr. nú, báru fulltrúar ríkisstj. fram brtt. við þetta ákvæði laganna þess efnis, að auk gildandi ákvæða um skattafrádrátt

sjómanna skuli draga frá beinum tekjum fiskimanna 8% af tekjum þeirra. Þetta er auðvitað til bóta fyrir fiskimenn, þótt ég dragi mjög í efa, að það jafnist upp á móti því, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að taka af þeim. Alla vega eru þessi fríðindi farmanna stórskert, og verður að telja um leið, að verið sé að breyta gildandi samningum þessara manna. Það eru því ekkert annað en ósannindi, sem hæstv. sjútvrh. sagði í umr. í fyrrakvöld, að skattfríðindi sjómanna væru stóraukin með frv. og brtt. ríkisstj., ekkert annað en ósannindi. Það er engu líkara en þeir tveir hæstv. ráðh., sem hvað mest reyndu að hafa áhrif með alls konar ráðum á samninganefnd farmanna í verkfallinu í vetur, séu nú að hefna sín á þeim, vegna þess að þeir voru ekki nógu talhlýðnir við þá þá.

Við sjálfstæðismenn flytjum brtt. um frádrátt sjómanna, sem byggður er á frv. því, sem við fluttum á s. l. hausti um þetta mál. Einnig er reiknuð inn í frádráttarupphæðir þeirrar till. okkar sú skattvísitala, sem við teljum eðlilegt, að gildi í ár. Enn fremur flyt ég brtt. á þskj. 429 til vara, ef sú till. verður felld, með þeirri breytingu einni, að farmenn fái notið sambærilegra hlunninda og fiskimenn, eins og þeir hafa haft undanfarin ár. Ég á bágt með að trúa því, að handjárnun hv. þm. stjórnarflokkanna sé svo sterk, að þeir brjóti ekki af sér ráðherrahlekkina að þessu sinni, þegar gengið verður til atkv., og styðji a. m. k. þessa varatillögu, svo að ekki verði sagt bæði um þá og hæstv. ríkisstj., að hún sé að leggja í einelti í hefndarskyni þessa stétt manna vegna einarðlegrar framkomu þeirra í kaupgjaldsbaráttu sinni. Það má þá vera, að hv. þm., ritstjóri Tímans, geti skrifað skelegga forustugrein í blað sitt og reyndar ritstýrendur málgagns Frjálslyndra líka þess efnis, að þetta hafi nú eiginlega verið slys, allt hafi þetta verið að kenna stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur.

ATKVGR.

Brtt. 428 felld með 18:8 atkv.

– 434 felld með 19:13 atkv.

– 430,1 felld með 20:15 atkv.

– 430,2 felld með 20:14 atkv.

– 430,3 felld með 19:14 atkv.

– 430,4 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS, EBS, FÞ, GuðlG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, SvH, GunnG.

nei: HÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, IT, HES, HV, IG, JSk, BL, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KSG.

2 þm. (GÞG, StefG) fjarstaddir.

Brtt. 429 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, SvH, BrS, GunnG.

nei: BP, EðS, EystJ, GS, IT, HES, HV, IG, JSk, BL, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KSG, HÞ, BGuðn.

2 þm. (GÞG, StefG) fjarstaddir.

Brtt. 430,5 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, SvH, BrS, EBS, FÞ, GuðlG, GTh, IngJ, JóhH, GunnG.

nei: LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KSG, HÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, IT, HES, HV, IG, JSk, BL, KP.

2 þm. (StefG, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 430,6 felld með 21:15 atkv.

– 430,7 felld með 21:15 atkv.

– 430,8 felld með 21:15 atkv.

– 430,9 felld með 21:15 atkv.

– 430,10 felld með 21:15 atkv.

– 430,11 felld með 21:15 atkv.

– 430,12 felld með 21:15 atkv.

– 430,13 felld með 21:15 atkv.

– 430,14 felld með 20:17 atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég hef áður lýst í umr. um þetta frv. hér á hv. Alþ., þá verður endurskoðun haldið áfram, og ég hef jafnframt lýst yfir því, að við þá endurskoðun verði stefnt að því, að þeir, sem tekna afla, og einnig þeir, sem skattskyldar eignir eigi, verði gerðir að sjálfstæðum skattþegnum án tillits til hjúskaparstéttar. Ég vil endurtaka þetta og jafnframt leyfa mér að fara fram á það við hv. flm., að brtt. 411 verði tekin aftur, þar sem ég tel, að þetta eigi að nægja til þess að tryggja framgang málsins.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Eftir svo skýlausa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. sé ég ekki ástæðu til þess, að till. mín sé hér borin undir atkv., og verð við þeim tilmælum hans að draga hana til baka, um leið og ég vil þakka honum fyrir að hafa komið svo skilyrðislaust til móts við það, sem í till. minni felst.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég tel þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. engan veginn nægja, og ég tel maklegt, að stjórnarliðið greiði atkv. um þessa till. og tek till. upp aftur.

Brtt. 411 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GuðlG, IngJ, PP, RH, BGuðn.

nei: GS, IT, HES, HV, IG, JóhH, BL, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KSG, HÞ, BrS, BP, EystJ.

GTh, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, SvH, EðS, EBS, GunnG greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÞG, StefG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Þar sem fyrir tillögumanni vakir, sbr. skilgreiningu hans hér í gær, að því aðeins verði gift kona sjálfstæður skattþegn, að hún vinni utan heimilis, þá segi ég nei.

Brtt. 405,4 felld með 22:8 atkv.

Frv. samþ. með 21:17 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 427 er frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Er það á þessu þskj. með þeim breyt., sem hv. Nd. gerði á því.

Ég vil í sambandi við þetta frv., um leið og ég fylgi því úr hlaði hér í hv. d., minna á, að í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstj., sem nú situr að völdum, er tekið svo fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar, í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skatteftirlit verði hert, þannig að réttlát skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er. Stefnt verði að því, að persónuskattar eins og til almannatrygginga verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti."

Skömmu eftir að ríkisstj. kom til valda á síðastliðnu sumri, skipaði hún nefndir til að athuga þessa málaflokka. Ein nefndin átti að endurskoða tekjuöflunarleiðir ríkisins, önnur sveitarfélaganna og þriðja tryggingakerfið. Þessar nefndir tóku strax til starfa og unnu mikið og gott verk, enda þótt þær hefðu skamman tíma til umráða. Ávöxturinn af starfi þeirrar nefndar, sem vann að tekjuöflun ríkisins, endurskoðun á því kerfi, er frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr. En eins og kunnugt er, áttu sæti í nefndinni Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., sem var formaður hennar, og með honum voru Guðmundur Skaftason endurskoðandi, Gunnar R. Magnússon endurskoðandi, Magni Guðmundsson hagfræðingur og Björn Jónsson alþm.

Þar sem lítill tími var til að vinna að þessum málum svo sem til er ætlazt, var að þessu sinni ekki farið nema út í takmarkaðan hluta þess máls, sem hér er nú til umr., og miðað þá við þær breytingar, sem þörf var að gera nú þegar. Það mun hafa komið fram í umr. um þetta mál í hv. Nd., að rétt hefði verið að draga á þessu þingi að leggja það fram. Ástæðan til þess, að það var ekki framkvæmanlegt að dómi hæstv. ríkisstj., var m. a. sú að þá þurfti að fresta öðrum málaflokkum, eins og endurskoðun á tryggingakerfinu, þar sem þetta frv. er miðað við þá breytingu að fella niður persónuskattana. En að mínu viti var óframkvæmanlegt að gera þá breytingu á tryggingakerfinu án þess, að um leið yrði tekjuöflun tryggingakerfisins breytt í það form, sem hér er lagt til. Í beinu framhaldi og í samhengi við þetta varð einnig að taka tekjuöflun sveitarfélaganna til endurskoðunar og breyta henni út frá því kerfi, sem hér er lagt til, að upp verði tekið. Í þriðja lagi var það svo, að gamla skattkerfið var að margra áliti orðið svo erfitt í framkvæmd og langt frá því að geta verið nothæft lengur, að brýna nauðsyn bar til að komast út úr því kerfi og breyta þar verulega til.

Í sambandi við það vil ég minna á ummæli hv. 2. þm. Norðurl. e., fyrrv. fjmrh., við 1. umr. um skattafrv., sem þáv. ríkisstj. lagði fram, en þá ræðu flutti hann 11. febr. 1971 og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta, um þetta skattakerfi, að það væri flókið, álögð gjöld allt of mörg, ýmsar frádráttarreglur flóknar og margfaldar, allt of þungt á unglingum. Hann vildi einnig leyfa sérsköttun á hjónum, skattakerfið væri óeðlilega dýrt, allt of margar undanþágur og sérreglur. Ég tek undir þetta með hv. 2. þm. Norðurl. e., að þessar veilur voru orðnar svo áberandi í skattakerfinu, að ekki var hægt að hugsa sér að búa við það öllu lengur. Enn fremur var svo það, að á síðasta Alþ. voru gerðar nokkrar breytingar á skattalögum, einmitt þeim hluta þeirra, sem sneri að fyrirtækjum. Þessi skattalög höfðu ekki komið til framkvæmda, áttu að gera það á árinu 1972, en í þeim voru mörg þau atriði, sem núv. ríkisstj. gat ekki fellt sig við og hafði barizt gegn og vildi ekki, að kæmu til framkvæmda, enda var sýnt fram á í umr. á hv. Alþ., ekki sízt í þessari hv. d., að mjög margar veilur voru í þessu skattafrv., sem þá var til meðferðar og varð að lögum í fyrravor, sem gerðu það að verkum, að óæskilegt var, að þau kæmu til framkvæmda. Í því sambandi vil ég minna á ræðu, sem frsm. fjhn., próf. Ólafur Björnsson, flutti 3. apríl um frv. um tekju- og eignarskatt, en hann hafði margt við það að athuga. Meðal þeirra atriða, sem hann gagnrýndi þá, voru þau skattfríðindi, sem þeim skattgreiðendum voru veitt, er hlutabréf áttu. Um þetta sagði Ólafur Björnsson m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„En þetta atriði er skattfrelsi arðs af hlutabréfaeign að vissu marki, sem mun vera algert nýmæli í okkar skattalöggjöf, og aðspurðir sögðu sérfræðingar þeir, sem ég gat um, að hefðu komið á fundi okkar, að þeim væri ekki kunnugt um, að fordæmi væri fyrir slíku í löggjöf nágrannalandanna."

Síðar í þessari sömu ræðu víkur próf. Ólafur að því, að eitt af því, sem hafi verið notað til þess að réttlæta þetta atriði, hafi verið það, að nokkur áhætta fylgi því að leggja fjármuni sína í hlutafélög. Þessu svaraði hann m. a. með þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sveitum landsins hefur það verið þannig um langt skeið og er enn þann dag í dag, að bændurnir spara á þann hátt, að þeir setja lömbin sín á frekar en að slátra þeim. Það er þeirra sparnaðarform, svo að þá mætti alveg eins út frá þessum hugsunarhætti segja, að arður af búfé ætti í raun og veru að vera skattfrjáls, af því að vextir af sparifé séu það. Mér er ekki kunnugt um það, að slík krafa hafi þó nokkurn tíma komið fram frá bændunum. Og í þessu sambandi vildi ég nefna það, að það er oft sagt, að það fylgi því áhætta að eiga hlutabréf. Það sama held ég að gildi um búfé, því að fyrir kemur, að lömbin fara ofan í pytti eða fá bráðapest, svo að búfjáreignin hefur líka sína áhættu í för með sér."

Síðar í þessari sömu ræðu benti þessi sami ræðumaður á, að atvinnurekendur hefðu ekki verið ginnkeyptir fyrir þessu ákvæði frv., sem gekk nú öllu lengra en löggjöfin síðar gerði, m. a. vegna þeirra áhrifa, sem varð af þessari andstöðu. Um þetta segir svo í þessari ræðu próf. Ólafs, með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað er vert að benda á, að eins og löggjöf um hlutafélög er nú háttað, er nánast hægt að stofna hlutafélög um hvaða smáatvinnurekstur sem vera skal. Af þessu leiðir, að smáatvinnurekendur og jafnvel einyrkjar í hvaða atvinnugrein sem er gætu í reynd valið um skattálagningarform hlutafélags."

Síðar segir hann út af þessu áliti atvinnurekenda:

„Þeir, sem hafa einhvers konar sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum, mundu í mjög stórum stíl fara þá leið að stofna hlutafélag með nánustu fjölskyldu sinni, sem þýðir það, að þeir fengju þar jafnvel nokkra tugi þús. kr. skattfrjálsa. Hér er ekki um það að ræða, að þetta sé raunverulegur arður af neinu hlutafé, því að aldrei er neitt borgað inn í slík hlutafélög, heldur mundi

leiðin verða sú, að það er til málamynda stofnað þarna nýtt fyrirtæki, hlutafélagið Jón Jónsson, ef um fjölskyldumann er að ræða. Síðan reiknar Jón Jónsson sér tiltölulega lágt kaup sem starfsmaður hjá þessu hlutafélagi og fær þannig meiri eða minni hluta af sínum vinnutekjum í formi hlutabréfaarðs. Fyrir þessari hættu má ekki loka augunum."

Þetta ásamt ýmsum öðrum ákvæðum í þessum lögum, svo sem flýtifyrningum, voru geysimikil atriði, þar sem fyrirtæki máttu að eigin vild taka sér aukafyrningu á eignum sínum um 30%, sem gerði það að verkum, að þótt þau hefðu haft verulega góðar tekjur, þá hefðu þau getað slátrað þeim með þessum hætti. Það bar því brýna nauðsyn til þess að hraða þessu máli af öllum þeim ástæðum, sem ég hef greint frá, og fullkomin þörf á því, jafnvel þótt tíminn væri naumur, að koma málinu áfram á þessu þingi, til þess að það yrði notað við skattlagningu í ár.

Ég skal ekki fara lengra út í forsögu þess, að þetta mál er hér fram komið, en vil þá víkja að því, að í tekjuöflun ríkissjóðs er jafnan ákvörðun um það, hve mikið af tekjuöfluninni á að vera bundið við beina skatta og hvað á að vera bundið við óbeina skatta. Ákvörðun um þetta er ekki alltaf fólgin í því, hver tekjuþörf ríkissjóðs sé á hverjum tíma, heldur koma hér til greina félagsleg sjónarmið, sem valdhafarnir hafa á hverjum tíma. Eðli óbeinu skattanna er það, að þeir eru greiddir gegnum þau viðskipti, sem skattþegnarnir framkvæma, og má segja, að þeim sé það ekki alltaf ljóst, þegar þeir eru að greiða skattana með þessum hætti, að þeir séu í raun og veru að því. Það má líka segja þá kosti með óbeinu skattana, að með þessum hætti hafi skattþegninn nokkurt valfrelsi um það, að hann taki þessa vöru fram yfir aðra, þótt hún sé undir þessum skatti. Hins vegar eru ókostir óbeinu skattanna þeir, að þar greiða allir jafnt, sem kaupa þann hlut, sem um er að ræða, alveg án tillits til efnahags, ef þeir geta á annað borð eignazt hlutinn, og auðvitað getur skatturinn haft veruleg áhrif á það.

Hér áður fyrr var það svo, að í formi óbeinna skatta var einnig hægt að koma við þessu félagslega sviði. Það var þannig, að tollar voru mjög mismunandi. Eftir því sem vörurnar voru meiri nauðsynjavörur að dómi valdhafanna, voru tollar af þeim minni og jafnvel engir, en þeir uxu eftir því, sem talið var, að um miður nauðsynlega vöru væri að ræða. Þetta svið í skattheimtu hefur mjög þrengzt á síðari árum. Kemur þar hvort tveggja til, að með bættum efnahag almennings í landinu hefur neyzluvörusviðið færzt mjög út, svo að þær vörur, sem áður voru taldar miður nauðsynlegar, eru nú taldar með nauðsynjavöru, svo sem búsáhöld, heimilistæki, og fleira og fleira mætti nefna. En jafnhliða þessu hefur svo það gerzt, að allir þeir viðskiptasamningar, sem við höfum gert við aðrar þjóðir, hníga í þá átt, að tollar verði sem jafnastir, þannig að það sé ekki hægt að nota mismunandi tolla á innfluttar vörur miðað við þær, sem framleiddar eru heima fyrir. Því hefur það svið, að nota þetta form til félagslegrar jöfnunar í tollheimtunni eða skattheimtu ríkissjóðs, mjög þrengzt og fjarlægzt á síðari árum.

Söluskattur er gott dæmi um þetta. Hann er nú orðinn geysilega áhrifamikill skattur í tekjuöflun ríkisins, en yfirleitt má um hann segja, að hann er mjög erfiður í framkvæmd öðruvísi en svo, að hann komi jafnt niður á alla þá vöru, sem hann nær til. Ef á í raun og veru að vera hægt að nota söluskatt til þess að mismuna á vörutegundum, þá verður að fella hann þar af. Þetta gerir það að verkum, að ef ekki eru aðrar leiðir til þess að jafna þarna um, þá hljóta beinir skattar að verða í nokkrum mæli notaðir til þess að jafna á milli þegnanna eftir tekjum þeirra.

Það er mjög mismunandi, hve beinir skattar eru mikils ráðandi í tekjuöflun þjóðanna, og ég hef hér nokkrar tölur þar um. Beinir skattar, ef miðað er við þjóðartekjurnar, voru árið 1968 í Bretlandi 35.5% af þjóðartekjunum. Í Danmörku voru þeir 34.5%, í Svíþjóð 46%, í Noregi 41 og á Íslandi 33.9%, og það má segja, að þar sé um óbreytta stefnu að ræða í þessu tilfelli nú, því að samkv. þeim skattafrv., sem hér liggja fyrir, þá mundi vera um 34.1% að ræða af þjóðartekjunum, og það er svipuð upphæð og var 1968. En ef tekið er tillit til þess, hve þjóðirnar afla mikilla tekna til ríkisins í óbeinum sköttum, þá er Bretland árið 1969 með 44.5%, Noregur og Danmörk með 47% og 48%, Svíþjóð 62%, en Ísland með 64%. Af þessu sést, að Ísland er ekki hátt, hvað þessu viðvíkur, í fyrra tilfellinu, sem ég hef hér greint.

Ég vil geta þess, eins og ég sagði áðan, að þau frv., sem hér liggja fyrir, breyta ekki stefnunni í þessum atriðum, og kem ég betur að því síðar. Hins vegar er tekjuskatturinn notaður hér til þess að láta þá, sem hafa hærri tekjur, greiða meira í sameiginlega sjóði þjóðarinnar en hina.

Mér er það ljóst, að það má ná þessum mismun eftir öðrum leiðum, og kemur þá tryggingakerfið þar fyrst til, en eins og við notum tryggingakerfið nú, þá er það ekki jöfnunartæki í þjóðfélagi okkar. Það eina, sem gert hefur verið í því að jafna þar um og nota tryggingakerfið sem slíkt, er það, sem gert var í vetur með breyt. á skattalögunum, þegar þeim þegnum þjóðfélagsins, sem verst voru settir og aldraðir og öryrkjar voru, voru tryggð lágmarkslaun. Það gekk í þá átt að nota tryggingakerfið til þess að tryggja þegnum þjóðfélagsins sæmilegar lágmarkstekjur. En eins og við höfum notað tryggingakerfið í ríkum mæli nú síðasta áratuginn, þar sem greitt hefur verið með hverju barni, alveg án tillits til þess, hvort eitt barn væri hjá foreldri eða 10, og það hefur verið greitt jafnt fyrir öll börn og alveg án tillits til efnahags, þá hefur tryggingakerfið ekki orðið neitt jöfnunartæki til þess að jafna á milli þeirra, sem verr og betur eru settir í þjóðfélaginu.

Þess vegna vil ég segja það, að eins og ég gat um áðan, þá felst ekki í þessum frv. stefnubreyting viðvíkjandi þessu, frá því sem áður hefur verið, heldur er þar fylgt sömu stefnu. Hitt tel ég, að í framhaldsathugun á þessum málum og endurskoðun og gerð heildarskattalöggjafar, þar sem einnig verður unnið að því að taka til athugunar skatta eins og söluskatt og virðisaukaskatt og meta það inn í kerfið, þá mun verða komið að þeirri stefnumörkun og um leið unnið að tryggingakerfinu. Þá verður mörkuð sú leið, sem á að fara, frá hendi núv. ríkisstj. til þess að jafna á milli þegnanna í þjóðfélaginu, þeirra, sem betur og verr eru settir. En í þessum frv. er ekki farið inn á þá leið, nema halda þar vel við, en meira ekki, enda var ekki hægt á þeim skamma tíma að fara út í svo víðtæka athugun á þessu máli.

Eins og skattafrv. liggur nú fyrir hér í hv. d., og það er í raun og veru meginstefna þessara skattafrv., bæði tekjuskattsfrv. og tekjustofnafrv., og þar má segja, að sé stefnumörkun, að leggja skatt á, þar sem tekjur eru, og leggja á eignir, þar sem eignir eru. Þetta eru höfuðatriði frv., og mun ég færa að því nokkrar skýringar hér á eftir. En eins og frv. liggur nú fyrir, þá er gert ráð fyrir því, að áður en til skattálagningar komi, fái hjón í frádrátt fyrir utan hina lögboðnu frádrætti, eins og vaxtafrádrátt o. fl. o. fl., sem tilheyra hverri fjölskyldu, 220 þús. kr. og 30 þús. kr. fyrir barn. 145 þús. kr. frádráttur er fyrir einhleyping. Það mun láta nærri, að þetta sé um 17% hækkun á persónufrádrætti hjóna, um 11% á persónufrádrætti barns og um 8–9% á persónufrádrætti einhleypings. Í sambandi við þetta vil ég víkja nokkuð að því, sem allmiklar umr. hafa orðið um, en það er skattvísitalan, sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í sambandi við þetta mál í hv. Nd.

Sú skattvísitala, sem þetta frv. byggir á, er 6.5% hækkun frá gildandi skattalögum, en með skattalögunum í fyrra var ákveðið í sambandi við þann persónufrádrátt, sem þá var ákveðinn, að skattvísitalan skyldi vera 100 stig, og er þetta reiknað út frá því. Í þessum umr. hefur m. a. komið fram, sem hefur verið skilningur margra, að skattvísitala ætti að miðast við kaupgjalds- eða framfærsluvísitöluna, og ég held, að segja megi, að yfirleitt hafi sá skilningur verið ríkjandi hjá mönnum almennt, að svo ætti að vera. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á, að árið 1952 fluttu þeir hv. þm. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv. nú, og hv. 2. þm. Norðurl. e. frv. um skattvísitölu, sem einmitt gekk í þessa átt. Og í umr. um þetta, þegar hv. 1. þm. Reykv. nú, Jóhann Hafstein, kynnti þetta mál í hv. d., sem hann sat þá í, komst hann m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta ákvæði [þ. e. skattvísitalan] á að miða að því, að verðbreytingar, hækkandi dýrtíð í landinu, verki ekki ein út af fyrir sig sem stórkostleg skattahækkun á þegnana, þó að skattalöggjöfin að öðru leyti breytist ekki neitt, heldur að skattálagningin að þessu leyti hreyfist til og frá eftir því, sem verðhækkanir og verðlækkanir kunna að verða í þjóðfélaginu."

Þetta hefur verið sá skilningur, sem var lagður til grundvallar, og á þessu þingi, þegar þetta frv. þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Norðurl. e. var til meðferðar, þá kom það einmitt fram, að þá varð að lögum breyting á skattalöggjöfinni, sem gekk í þá átt, að vísitalan var miðuð við þetta. Og þetta var í gildi fram til 1960 eða 1961, að ný skattalög voru sett og vísitala var þá felld niður. Hún var hins vegar tekin upp aftur 1965, en þá með þeim hætti, að nokkurrar ákvörðunar þurfti með, hvernig ætti að meta hana, og síðar hefur verið nokkur hreyfing á þessu um mat á skattvísitölunni og nokkrar deilur um það, hvernig ætti að nota hana. M. a. var það svo, að á árunum 1967, 1968 og 1969 gilti sama vísitalan öll þau ár, en 1970 breytist hún nokkuð, en var svo allverulega hækkuð á árinu 1971 og þá ákveðið, að sá grundvöllur, sem þá var lagður að skattvísitölunni, skyldi verða 100, og út frá því hefur verið reiknað.

Nú vil ég um þetta mál segja, að ég tel, að eðlilegt sé, að meginreglan sé sú, að skattvísitala fylgi framfærsluvísitölu, þannig að gjaldendur greiði ekki hærri skatta vegna verðbólgu. En það er jafnframt skoðun mín, að hærri skatta eigi að greiða vegna hærri grunntekna. Að öðrum kosti er tekjuskattur engan veginn sú jafnvægisaðgerð í efnahagsmálum, sem hann er hugsaður, ef þessari reglu er ekki fylgt. Því eru að minni hyggju mjög óeðlilegar þær umr., sem um þetta mál hafa orðið, því að eins og kemur fram hér í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem ég vitnaði til áðan, og ég hygg, að það hafi einnig komið fram í ræðu hæstv. fyrrv. fjmrh., þegar hann talaði hér fyrir skattalagafrv. í fyrra, að í meginatriðum væri hann á sömu skoðun um þetta atriði og hér hefur verið lýst. Það kom fram í þeirri ræðu, og það kom einnig fram í ræðu hjá 5. þm. Reykv. í Nd. nú s. l. fimmtudag, að leggja ætti til grundvallar kaupgjald verkamanna í Reykjavík í sambandi við skattvísitöluna, og hv. 2. þm. Norðurl. e. vitnaði til þess í ræðu sinni í fyrra, og eins og hann setti það mál upp þá, kemur í ljós, að sá persónufrádráttur, sem hjón fá núna, er í samræmi við þá reglu, því að ef reiknað er með sama taxta og hann vitnaði þá til, þá er sami frádráttur í þessu tilfelli, tekjur verkamanna í Reykjavík eru eins og persónufrádrátturinn hjá hjónum er nú.

Ég vil líka segja það út frá þeim till., sem stjórnarandstæðingar hafa sett fram núna síðustu dagana um vísitöluna 121.5 stig, að það skýtur nokkuð skökku við þá reynslu, sem áður var í þeim efnum, og það má líka finna það, að ef gerður er hliðstæður samanburður á því skattakerfi, sem nú á að fara að nota, og því, sem áður var, þá breytist það ekki í samanburðinum að öðru leyti en því, að það gefur ríkissjóði minni tekjur, en t. d. eftir þessu skattakerfi mundu verkamenn greiða 13.6% af tekjum sínum með vísitölunni 121.5, en 11% eftir því kerfi, sem nú er tekið upp, svo að þessi samanburður er ekki alls staðar hagstæður, þó að hann hins vegar gefi minni tekjur. Ég vil líka segja það, að eftir að þær breytingar hafa verið gerðar á skattalöggjöfinni að fella niður persónuskattana, þá kemur það að sjálfsögðu sérstaklega þeim til góða, sem minni hafa tekjurnar, og er þeim jafnhagstætt eins og það, þó að þessu væri á einhvern hátt breytt. Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að vísitölunni, þó að hún sé hér margrætt mál og oft að góðu getið.

Þá vil ég geta þess, að að sjálfsögðu er þetta skattafrv. og þeir skattstigar, sem þar eru lagðir til, miðaðir við þá breytingu, sem gerð er á kerfinu að öðru leyti, þ. e. að fella niður persónuskattana, námsbókagjöld og annað því um líkt, og lækkun verður á útsvörunum við þetta nýja kerfi. Ef tekið er tillit til þess arna, þá eru persónuskattar, námsbókagjald og fleira, sem undir það mætti fella, um 1 280 millj. kr., sem þannig eru felldar niður. Útsvarslækkunin mundi nema svona um 150 millj. kr. ýkjulaust, svo að hér er um 1 430 millj. kr. að ræða, og enn fremur hefur ríkissjóður tekið að sér útgjöld, sem sveitarfélögin höfðu áður. En þetta hlýtur að leiða til þess, að tekjuskatturinn sem slíkur gefur hærri tölu en hann ella hefði gert. En eins og ég sagði áðan, var það óframkvæmanlegt að hugsa sér að standa að tryggingamálunum eins og gert var með tekjutryggingunni og með afnámi persónuskattanna, nema breyta tekjuöflun tryggingakerfisins um leið. En þetta þýðir það hins vegar, að sá tekjuskattur, sem ríkissjóður fær, er að sjálfsögðu hærri, vegna þess að hann innifelur þessa skatta, sem að öðrum kosti hefði orðið að taka eftir öðrum leiðum.

Eins og frv. sýnir, er gert ráð fyrir því, að á fyrsta stigi sé tekjuskatturinn 25%, upp að 50 þús. kr. Á öðru stigi sé hann 35%, frá 50–75 þús. kr., og 44% úr því.

Þá er komið að því, sem mikið hefur verið til umr., hvernig þessir skattar verka og hvort þetta kerfi gefur hærri eða lægri skatta en gamla skattkerfið hefði gefið. Í sambandi við þetta vil ég ekki fara út í það þex, hvort rétt er reiknað eða ekki, því að ég held, að það séu raunar allir orðnir sammála um, að það sé ekki það, sem að er, heldur séu það þær mismunandi forsendur, sem menn reikna með, sem breyta dæminu. Og það þarf ekki orðum að því að eyða, að ef menn nota skattvísitöluna 121.5, þá kemur auðvitað út allt önnur tala en sú, sem frv. byggir á, þar sem reiknað er með skattvísitölu 106.5 stig, en að vísu hafa persónufrádrættir aukizt meir en það. En allir útreikningar í sambandi við þetta mál eru að sjálfsögðu byggðir á þeim forsendum, sem frv. byggir á og gerir ráð fyrir, að verði að lögum. En í sambandi við það vil ég geta þess, að ef teknir eru þeir þegnar þjóðfélagsins, sem minnstar hafa tekjurnar, eða upp að 300 þús. kr., þá lækka skattar þeirra, þegar allt er tekið með í dæmið, þá á ég einnig við útsvör og persónuskattana, þá lækka þeir um 321 millj. kr. miðað við gamla kerfið út frá þessum forsendum. Þegar þetta er haft í huga, er líka rétt að athuga það, hve margir þegnar þjóðfélagsins njóta þess arna. Og samkv. því, sem ég hef hér, munu 25.8% af barnlausum hjónum, eða 1 574 talsins, vera á þessu tekjubili. Af einhleypum eru þetta 82%, eða 9 600, og af hjónum með eitt og tvö börn er þetta nokkru færra en hér greinir. Ef tekið er næsta tekjubilið, sem er frá 301 þús. kr. upp í 425 þús. kr., þá lækka samanlagðir skattar þessa fólks um 82 millj. kr. En þegar komið er upp í 400 þús. kr., þá er komið um 45% af hjónum barnlausum, 26% af þeim, sem eru með eitt barn, 20% af þeim, sem eru með tvö börn, og þá er komið upp í 93% hjá einhleypum. Og ef svo er tekið bilið frá 426 þús. kr. upp í 550 þús. kr., þá lækka skattarnir um 51 millj. kr. á þessu bili, en þá er komið upp í nærri 70% hjá hjónum barnlausum og 48% hjá þeim, sem eru með eitt barn. Ef við höldum áfram og tökum bilið allt upp í 700 þús. kr., eru skattarnir á því bili farnir að hækka. Frá 551 þús. kr. upp í 730 þús. kr. hækka þeir um 25 millj. kr. En þá er komið upp í 88 eða 89% af barnlausum hjónum, skattgreiðendum, 83% af þeim, sem eiga eitt barn, 81% af þeim, sem eiga tvö börn, 76% af hjónum með fjögur börn og af einhleypum er þá komið þar yfir 99%. Á þessu sést, að þessi breyting nær til margra eða mikils meiri hluta af þegnum þjóðfélagsins og er því mjög mikilsverð, einmitt fyrir það fólk, sem er á þessu tekjubili. Ég verð líka að segja það, að eftir að því sleppir, þá er heldur ekki um neina stórfellda hækkun að ræða á þeim, sem eru þar fyrir ofan, enda eru náttúrlega orðnir miklu færri gjaldendur þar. Það hefur líka verið gerður samanburður á því, hvernig þetta nýja kerfi kemur út, miðað við greiðsluárið, og hvernig skattarnir komu út s. l. ár, einnig miðað við greiðsluár, og þá er samanburðurinn þannig, að miðað við greiðsluárið í fyrra, þegar þetta allt er tekið með, þá var um 15.4% að ræða, en nú aftur um 14.8%.

Þetta eru í stuttu máli þau áhrif, sem þessi skattfrv. hafa. Ef við aftur færum lengra út í það að tala um, hvaða áhrif það hefði á einstaka hópa, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér í álit Efnahagsstofnunarinnar eða hagdeildar Framkvæmdastofnunarinnar um þau atriði, en þar segir svo um skattalega aðstöðu skólaunglinga:

„Samkv. eldra kerfi greiddu skólaunglingar yfirleitt almennar tryggingar og sjúkrasamlagsgjöld, en þau hefðu trúlega orðið 12–14 þús. kr. á árinu 1972. Það er gert ráð fyrir því, að á karlmönnum muni það hafa orðið 13 800 kr., en á konum 13 100 kr. Samkv. nýja kerfinu greiða einhleypir ekki skatt af lægri tekjum en 60 þús. kr., og af 100 þús. kr. greiða þeir 3–4 þús. kr. eftir nýja kerfinu, en 14–16 þús. kr. samkv. eldra kerfinu. Hliðstæðar tölur fyrir 150 þús. kr. tekjur, sem eru sennilega nálægt hámarkstekjum skólaunglinga, eru 8–10 þús. kr. samkv. nýja kerfinu, en 21–23 þús. kr. samkvæmt eldra kerfinu.“ Hér tel ég vera um umtalsverða breytingu að ræða, sem vert er að gefa gaum, og einmitt það, að tryggingagjöldin á þessum unglingum voru orðin svo erfið og hefðu reynzt svo erfið á næsta ári, að hér hefði verið um mjög alvarlegan hlut að ræða, og að mínu viti var í raun og veru óhugsandi, eins og ég áður sagði, að breyta þessu nema breyta tekjuöflun um leið.

Þá vil ég, vegna þess að það hefur orðið nokkuð til umræðu, víkja að hinum öldruðu, sem af núv. stjórnarandstæðingum eru taldir fara illa út úr þessari breytingu. Í því sambandi vil ég vitna til orða hæstv. fyrrv. fjmrh. í sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt, sem hann mælti fyrir í fyrra, og, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr ræðu hans þar um, en þar segir svo:

„Það er einnig rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því, að allar þær till., sem fram koma og eru góðra gjalda verðar um ýmis skattahlunnindi, koma oftast harla lítið til góða þeim, sem helzt þurfa á þeim að halda, vegna þess að það eru oft aðilar, sem eru í mjög lágum tekjuskattsstigum eða borga jafnvel enga skatta, og koma þess vegna miklu meir til góða þeim, sem borga hærri skatta. Þess vegna er það mjög mikil spurning, að hve miklu leyti þessi hlunnindi nái tilgangi sínum, og gæti verið frekar ástæða til, að til greina kæmi tryggingakerfi, t. d. í sambandi við það að tryggja lágmarkslífeyri til þeirra, sem ekki fá tekjur úr öðrum áttum.“

Ég tek undir þetta með hv. 2. þm. Norðurl. e., að þetta er að sjálfsögðu miklu betri leið, enda hefur hún verið valin. Í framhaldi af þessu skýrði hæstv. páv. fjmrh. þetta nokkru nánar, að hann teldi, að einmitt þessi leið væri sú, sem ætti að fara, til þess að bæta úr fyrir hina öldruðu, en ekki skattahlunnindin, sem þarna voru lögð til, enda er það svo, að nú munu vera 14 þús. ellilífeyrisþegar í landinu, og þótt þær breytingar hefðu verið gerðar, sem lagt var til í hv. Nd., að gerðar yrðu, þá mundu ekki nema um 4 þús. hafa notið þeirra, vegna þess að hinn hópurinn er á því sviði, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. benti réttilega á, að margir nytu ekki þeirra hlunninda, sem þeim væru þó ætluð.

Í sambandi við önnur atriði í frv. vil ég geta þess, að breytt hefur verið í fyrra horf því ákvæði skattalaganna, sem sneri að sameignarfélögum. Það sem skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, er það, að sameignarfélögin geti ráðið því, hvort félagið er sjálfstæður skattaðili eða ekki. Er því lagt til í frv., að þau íþyngjandi ákvæði, sem sett voru í skattalögin frá því í vor varðandi skráningu

sameignarfélaga, verði felld niður og horfið verði til svipaðs fyrirkomulags og gilti fyrir breytingu og nánar verði ákveðið, hvenær sameignarfélög skuli teljast sjálfstæðir skattaðilar. Þær reglur, sem settar voru með skattafrv. frá því í vor, hefðu væntanlega stuðlað að því, að fjölda smáfyrirtækja, sem sameignarfélagaformið hentar vel, yrði breytt í hlutafélög. En sízt er ástæða til að stuðla að fjölgun smáhlutafélaga í landinu. Vert er að minnast þess í þessu sambandi, að sameignarfélagsmaður ber fulla, ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins, og er sú skipan óefað mikil trygging fyrir lánstrausti almennt.

Þá er einnig gert ráð fyrir í frv. að breyta ákvæðinu frá í fyrravor um sölu íbúðarhúsnæðis. Með skattalögunum frá í vor voru felld niður ákvæði í lögum frá 1965 þess efnis, að söluhagnaður af sölu fasteigna teldist ekki skattskyldur, ef skattþegn seldi fasteign, sem verið hefði í eigu hans skemur en 5 ár, en hann keypti nýja fasteign innan árs eða byggði aðra innan þriggja ára. Þykir ekki fært annað með tilliti til hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa á íbúðarhúsnæði síðustu misserin, en að hverfa aftur að verulegu leyti til þess fyrirkomulags, sem áður gilti. Þó nær ákvæðið nú einungis til íbúðarhúsnæðis, og enn fremur er sú breyting gerð, að við útreikning söluhagnaðar skal miðað við rúmmál eigna, en ekki við fasteignamatsverð, eins og áður var.

Þá eru einnig, eins og ég gat um í upphafi máls míns, felld niður, í sambandi við lögin um varasjóð, ákvæðin um arðjöfnunarsjóð, og til samræmis eru einnig felld niður ákvæði 14. gr. 1. mgr. sömu laga um heimild til að leggja í arðjöfnunarsjóð. Þá eru einnig felld niður ákvæði um skattfrelsi arðs af hlutafélögum, sem samþykkt voru á s. l. vori. Samkv. frv. frá í vor ber að afskrifa sumt íbúðarhúsnæði eftir reglum um afskriftir atvinnuhúsnæðis, en sumt íbúðarhúsnæði af fasteignamatsverði með prósentu, sem sett verði í reglugerð, eins og verið hefur sbr. E-lið 15. gr. Ákvæði þeirrar gr. er nokkuð óljóst, og lagt er til, að allt íbúðarhúsnæði verði afskrifað með fasteignamati.

Í lögunum frá í vor, nánar tiltekið í D-lið 15. gr., var sett ákvæði, sem heimilaði sérstaka aukafyrningu, sem var allt að 30% af heildarfyrningarverði, af eignum í atvinnurekstri og sumu íbúðarhúsnæði. Eigandi réð, hvenær hann notaði þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert. Jafnframt þessu voru hinar almennu fyrningarprósentur lækkaðar verulega. Í frv. er lagt til, að undan aukafyrningu verði skilið eftirfarandi: íbúðar- og skrifstofuhúsnæði, endurmatshækkun samkv. ákvæðum til bráðabirgða frá í vor, og eigi megi nota meira en 1/5 af aukafyrningu, þ. e. 6% á einu ári.

Um endurmat á lausafé er það að segja í frv., að gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á endurmatsreglum á lausafé, frá því, sem ákveðið var með lögunum frá því í vor. Í þeim lögum var sú regla ákveðin, að til grundvallar endurmati lausafjár skyldi leggja endurkaupsverð þess, en frá því verði fyrning síðan dregin, samanlögð hlutfallstala þeirrar fyrningar, sem samtals hefði verið notuð af eigendum eignarinnar á liðnum árum, þó ekki meira en 80% fyrir eignir, sem eigandi eignaðist fyrir 1. jan. 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma. Verður ekki annað sagt en að þessi endurmatsregla sé mjög flókin og fyrirhafnarsöm, m. a. af því, að erfitt er að ákveða, hvert endurkaupsverð gamalla eigna sé nú. Til þess að gera matið einfaldara og mun auðveldara í framkvæmd er því lagt til í frv., að endurmatshækkunin skuli vera að lágmarki 20% af upphaflegu kaupverði.

Þá eru ýmis önnur atriði, sem tekin eru inn í þetta frv. og voru í gildandi lögum og eru nú minni fyrir sér, og ég skal ekki eyða lengri tíma í þau.

Í sambandi við þetta skattafrv. og meðferð þess hér á hv. Alþ. hefur það og verið mjög til umræðu, hve það væri seint á ferðinni, og fengi ekki afgreiðslu fyrr en komið væri fram á það skattár, sem það ætti að gilda. Í sambandi við þessar umr. hef ég orðið mér úti um gögn um afgreiðslu skattamála á Alþ. s. l. 40 ár, og sá samanburður, sem þar er að finna, segir það, að það sé hrein hending, ef skattalög hér frá hv. Alþ. hafa verið afgreidd áður en skattárið byrjaði, þegar um breytingu hefur verið að ræða. Það er nú of langt mál að fara að þylja þann lestur aftur í tímann, svo að ég ætla aðeins að grípa til síðustu áranna til þess að vitna í þar um.

Með leyfi hæstv. forseta, þá vil ég byrja hér á lögum nr. 18 frá 12. apríl 1960. Það eru breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, en í þeim lögum var fellt niður skattfrelsi eftir-, nætur- og helgidagavinnu, sem sett hafði verið í lög 1959, en hafði aldrei komið til framkvæmda. Þetta var gert 12. apríl það ár. Hinn 28. apríl 1962 voru afgreidd lög nr. 70, um tekju- og eignarskatt. Lög þessi eru ný heildarlöggjöf, sem gilda átti við álagningu 1962 vegna skattársins 1961. Í þeim lögum voru að sjálfsögðu veruleg nýmæli og mörg atriði, sem urðu að verka aftur fyrir sig. Þá skyldu lög nr. 19 frá 10. maí 1965 gilda um eignarskatt álagðan 1965 og miðast við þrefalt fasteignamat. Hið sama gilti við álagningu útsvars á árinu 1965, lög nr. 67 frá 21. maí 1965. Hér var þó miðað við eignirnar eins og þær voru í árslok þá næst á undan. Þá er að geta hér laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 69 frá 28. apríl 1962. Þá voru nýir skattar innleiddir, landsútsvar og aðstöðugjald. Hið síðar nefnda skyldi í fyrsta skipti á lagt 1962 á gjaldstofn, sem myndaðist á árinu 1961.

Þessi fáu dæmi af mörgum læt ég nægja til að sýna fram á, að hér er ekki neitt nýtt á ferðinni, heldur munu flestar ríkisstj., sem á Íslandi hafa verið og hafa á annað borð fjallað um skattamál og fengið þau afgr. hér á Alþ., gert sig sekar um að vera þar seint á ferðinni, og það hefði svona verið að breyta út frá reglunni, ef svo hefði ekki einnig orðið nú. Kannske má nú segja, að það sé svo miklu breytt hér, að ástæðulaust hefði verið að bæta því við.

Þessi atriði læt ég nægja um það, sem fram hefur komið í sambandi við frv. eða til skýringar á frv., en ég vil í stuttu máli víkja að þeim brtt., sem fram komu af hendi Sjálfstfl. við 3. umr. þess í Nd.

Ég verð um það að segja, að af því að frv. hafði verið svo lengi hér á hv. Alþ. og þar voru menn til starfa, sem höfðu setið lengi í ríkisstj. og kunnu því vel til verka og þurftu engu reynsluleysi að bera við, þá gerði ég ráð fyrir því, að þarna gætu komið einhverjar breytingar, sem væru eftirtektarverðar og mundu geta sett nokkurn svip á þetta mál. Þess vegna verð ég að segja það, að þegar þessar brtt. komu fram, þá urðu þær ekki til að vekja hroll hjá þeim, sem þeim var beint gegn, nema síður væri, því að einkennið á þeim var eingöngu það, að dregið var úr tekjum ríkissjóðs. Þær höfðu enga

stefnumörkun. Í þeim voru engin nýmæli, en hins vegar gengu þær mjög langt í þeim efnum, og ég verð að segja það, að einhvern tíma hefði nú fyrrv. stjórnarandstöðu verið brugðið um ábyrgðarleysi að standa þannig að máli. Eftir því, sem ég hef komizt næst og fengið út reiknað vel og rækilega, þ. e. þá liði, sem auðvelt er að reikna út í þessum brtt., þá eru þær samtals upp á rúmar 1 600 millj. kr., eða þær *mundu því þýða í tekjutap fyrir* ríkissjóð meira en helming af álögðum tekjuskatti, og þykir mér þar hraustlega að verið. Ég verð því að segja, að mér bregður mjög í brún, ef t. d. hv. 2. þm. Norðurl. e., fyrrv. fjmrh., gerir þessar till. að sínum hér í þessari hv. d., því að þá er mikið brugðið frá því, sem áður var, ef hann getur staðið að slíkum till., því að hér er um að ræða grófar till. í þá átt að svipta ríkissjóð tekjum og alveg óraunhæfar, eftir að ríkissjóður er búinn að taka að sér að greiða fyrir þegnana persónugjöld til tryggingana, yfir 1 200 millj. kr., og eftir að ríkissjóður er búinn að taka að sér að greiða fyrir sveitarfélögin álíka fjárhæðir, vegna þess að skattkerfið, lögreglan og sjúkrasamlögin eru að mestöllu leyti fjármögnuð af ríkinu. Það væri því mjög óeðlilegt að gera þessa breytingu. M. a. er hér lagt til, að ríkissjóður leggi sveitarfélögunum til tæpar 400 millj. kr. umfram það, sem þau hafa í gegnum Jöfnunarsjóðinn, af þeim tekjustofni, sem nokkurt mark er á takandi, einn af þeim þremur, sem sveitarfélögin hafa ekkert af nú, því að þau hafa tekjur bæði af aðflutningsgjöldunum og söluskattinum, svo að hér er um þriðja stærsta tekjustofn ríkissjóðs að ræða, þannig að mér finnst það skjóta skökku við, þegar þannig er að þessu staðið. Og ég verð að segja, að ég varð nokkuð undrandi á því, að í þessum brtt. skyldi ekki vera að finna annað en þetta. En út af fyrir sig á ég svo sem ekki að vera að harma það, þótt mér þyki léttlyndið vera helzt til mikið.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt, enda tel ég mig hafa gert grein fyrir málinu, eins og hægt er á þeim tíma, sem ég ætlaði mér að taka til þess.

Ég vil að lokum segja það í fyrsta lagi, að ef það hefði átt að fresta skattalagabreytingum nú, hefði einnig orðið að fresta breytingu á almannatryggingakerfinu, breytingunni á verkaskiptingu milli ríkis og bæja, og þá hefðu skattalögin frá s. l. vori komið til framkvæmda með þeim annmörkum, sem ég hef hér lýst.

Í öðru lagi er með skattafrv. þeim, sem hér liggja fyrir, bæði tekju- og eignarskattsfrv. og tekjustofnafrv., brotizt út úr þeirri sjálfheldu, sem skattakerfi landsins *var komið í, með öllum þeim ókostum, sem því fylgdi.*

Í þriðja lagi er það eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem hafa tekjur yfir 600 þús. kr. og þaðan af meira, taki þátt í þeirri stórfelldu réttarbót í skattamálum, sem það er að fella niður persónuskattana, sem voru á lagðir alveg án tillits til þess, hvort þegnarnir hefðu tekjur eða ekki.

Í fjórða lagi tekst að gera þessar breytingar án þess, að raunveruleg skattahækkun eigi sér stað, þegar á heildina er litið, því að það er um skattalækkun að ræða, eins og sýnt hefur verið fram á, miðað við gamla *kerfið.*

Áfram verður unnið að því að endurskoða tekjustofna ríkisins og þau lög, sem að því lúta, bæði um tekju- og eignarskatt, söluskatt og virðisaukaskatt. Þá verður einnig unnið áfram að því að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fleiri þætti, sem þau eiga nú sameiginlega, en gætu komið sér saman um að hafa með öðrum hætti en nú er. Ég hef ákveðið að gefa stjórnmálaflokkunum kost á því að eiga aðild að þeirri framhaldsendurskoðun, enda vinnst þá betri tími til að sinna því máli en kostur var á í haust, eftir að ríkisstj. komst til valda. Í sambandi við þetta mun einnig verða unnið að áframhaldandi endurskoðun á *tryggingakerfinu,* því að þetta allt *þarf að fara saman,* svo náskylt er það. En með meiri tíma og betri vinnu tekst að ná því takmarki, sem hér er stefnt að, að gera heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt og taka aðra þætti í tekjuöflunarkerfi ríkisins til rækilegrar athugunar og laga þá að því kerfi, sem að dómi ríkisstj. er æskilegast.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hér er um svo mikið mál að ræða, að það verður því miður ekki hjá því komizt að taka nokkurn tíma að ræða það, og má segja, að í rauninni, ef ætlunin er að hraða meðferð þess, þá hefði verið ástæða til að taka það fyrir strax í byrjun þingfundar í dag. En það er hlutverk hæstv. fjmrh. að stjórna vinnubrögðum í því, en ekki mitt. Ég skal aðeins taka það fram, að af hálfu okkar sjálfstæðismanna og, ég hygg, stjórnarandstöðunnar almennt er síður en svo nein löngun til að draga úr því, að málið geti gengið sinn gang, en við hljótum að sjálfsögðu að áskilja okkur þann rétt að ræða það með eðlilegum hætti, og er kannske ekki að undra, þótt ég leyfi mér að fara um það nokkuð mörgum orðum, af því að hæstv. fjmrh., minn ágæti eftirmaður, hefur lagt nokkra rækt við það hér í máli sínu að vitna í ræður og frv., sem ég hef flutt hér á Alþ. fyrr og síðar, og ætti ég síður en svo að hafa á móti því, enda er ég honum mjög þakklátur fyrir að vekja athygli á því. Það sparar mér kannske orð, *sem ég ella* hefði þurft að mæla, því að ég skal taka það skýrt fram, að varðandi þau atriði, sem hann vitnaði í, hef ég ekki breytt í einu eða neinu um skoðun í þeim efnum.

Mér þótti að vísu nokkuð undarlegt, miðað við öll vinnubrögð í málinu, að hæstv. ráðh. hafði beðið eftir því, hvaða eftirtektarverðar till. kæmu frá Sjálfstfl. í sambandi við málið. Sannast sagna vannst nú ekki ákaflega mikill tími til að kanna málið til hlítar, því að það hvarf nú lengst af og var utan nefndar, þannig að *menn vissu nú lítið, hvar það var í geymslu þá og þá* stundina. Nefndin sjálf hélt fáa fundi, og lítið tóm var til að fá þær upplýsingar, sem ég mun síðar að víkja, og miðað við þau vinnubrögð, sem þannig voru höfð í sambandi við alla meðferð málsins í n. og hér á þingi, þótt það að vísu væri hér æðilangan tíma, og miðað við, að við sjálfstæðismenn lögðum til sem aðaltill., að málinu væri vísað frá vegna þessa lélega undirbúnings, sem ég mun víkja að síðar, þá gafst að sjálfsögðu ekki á mjög skömmum tíma tækifæri til þess að framkvæma heilsteypta úttekt á þessu máli, enda eingöngu ætlunin að benda á grundvallaratriði, sem við töldum, að þyrfti að taka til athugunar. Og ég vil taka tvennt fram varðandi fjárhagsmálin í þessu sambandi, sem hæstv. ráðh. vék að og taldi sýna ábyrgðarleysi okkar: Í fyrsta lagi berum við enga ábyrgð á því, að fjárlög hafa hækkað

um 5.5 milljarða á einu ári. Það er hans mál, en ekki okkar. Og í annan stað þá tókum við það fram, að að svo miklu leyti sem óumflýjanlegt yrði talið að afla nýrra tekna, þá töldum við, að það ætti að afla þeirra með öðrum hætti, og bentum í því sambandi á, að við vildum heldur fara þá leið að afla óumflýjanlegra tekna með óbeinum sköttum.

Við hæstv. fjmrh. getum vafalaust orðið sammála um margt efnislega í sambandi við hlutverk skatta og skattalaga og skattamál í heild. Það er ljóst, að hlutverk skatta er mjög mikilvægt í þjóðfélaginu. Skattlagning er stjórnunartæki, og skattastefna hefur víðtæk áhrif bæði í sambandi við skiptingu tekna milli þjóðfélagsborgaranna og í sambandi við það, hver eigi að hafa með höndum tiltekin verkefni í þjóðfélaginu, hvort það er einstaklingurinn sjálfur, hvort það eru sveitarfélögin eða hvort það er ríkisvaldið, sem þar eigi að koma til. Jafnframt eru skattar í ýmsum tilfellum notaðir til þess að verka til jafnvægis í efnahagskerfinu.

Um það eru að vísu nokkuð skiptar skoðanir, hvernig að þessum málum skuli vinna. Sumir hafa þá skoðun, að skattheimta ríkisins skuli vera mikil, og stefna beri að því að hafa sem mest í hendi ríkisins. Ég hygg, að almennt sé sú stefna ekki ríkjandi hér á landi. Það er a. m. k. í algjörri andstöðu við skoðun okkar sjálfstæðismanna. Við álítum, að við eigum að stuðla að velferðarþjóðfélagi, en þó innan þeirra marka, að skattheimta gangi aldrei svo langt, að hún lami framtak fólksins, og að svo miklu leyti sem mögulegt sé, þá eigi að láta einstaklingana um það að sjá fyrir málum sínum, þótt það séu vissir málaflokkar, sem við viðurkennum, að hljóti í menningarþjóðfélagi að vera hlutverk samfélagsins, annars vegar sveitarfélaga og hins vegar ríkisins, en það sé grundvallarnauðsyn, því að það stefni til upplausnar í þjóðfélaginu og samdráttar, – og við þekkjum það frá þeim ríkjum, sem búa við slík hagkerfi, – ef tekið er burt framtak einstaklingsins, og slíkt hefði í för með sér samdrátt og afturför í þjóðfélaginu. Það er jafnframt skoðun okkar, að það eigi að dreifa valdinu í þjóðfélaginu í sambandi við framkvæmdir og þá um leið skattheimtu. Því eigi að hafa sem mest af hinum sameiginlegu verkefnum í höndum sveitarfélaga, og ríkið eigi fyrst að koma til, þar sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að verða um allsherjar samhjálp borgaranna að ræða.

Hér hefur verið gert dálítið að umtalsefni frv., sem ég flutti ásamt hv. núv. 1. þm. Reykv. 1953. Það gleður mig, að það mál skuli hafa verið gert að umtalsefni og það mál sé ekki gleymt, vegna þess að það frv. var flutt í samráði við Sjálfstfl. af okkar hendi, og þar voru markaðar nokkrar grundvallarlínur, sem hafa verið hafðar að leiðarljósi síðan, eftir því sem kostur hefur verið á. Þar var mörkuð sú stefna t. d., að almennar launatekjur yrðu, eftir því sem kostur væri á, hafðar skattfrjálsar, og var þá miðað við, að almennar verkamannatekjur yrðu skattfrjálsar til ríkisins. Það hefur aldrei verið talið fært að ganga svo langt varðandi sveitarfélögin, og þess vegna var persónufrádráttur í sambandi við sveitarfélögin alltaf óhagstæðari en persónufrádráttur til ríkisins, en þar kom aftur á móti, að skattar til sveitarfélaga voru frádráttarbærir við álagningu næsta árs. Þá var jafnframt lýst þeirri stefnu, að nauðsynlegt væri að hafa skattlagningu félaga hóflega, og í þriðja lagi var lýst þeirri skoðun, að stefna bæri að því, að um yrði að ræða sérsköttun hjóna. Þetta hygg ég, að hafi verið meginatriðin, þótt að mörgum öðrum atriðum væri vikið í þessu frv. En það var gert ráð fyrir því í frv., sem ég kem nú að síðar í sambandi við skattvísitölu, að reynt yrði að tryggja það, með hliðsjón af þeirri meginstefnu, að almennar launatekjur yrðu skattfrjálsar, að frádráttarliðir og skattstigar breyttust í samræmi við breyttar tekjur launþega.

Eftir að fyrrv. ríkisstj. var mynduð, þá var hafin heildarkönnun skattkerfisins, þegar árið 1960. Þá var mörkuð sú stefna, sem kom fram í áðurgreindu frv., að almennar launatekjur yrðu skattfrjálsar, og var þá miðað við almennan taxta Dagsbrúnar að viðbættum einum eftirvinnutíma. Þetta hefur gengið nokkuð úrskeiðis á undanförnum árum, sem oft hefur verið að vikið og aldrei hefur verið reynt að leyna af okkar hálfu. Fyrstu árin var þetta svo, en þó dró þar nokkuð í sundur. Síðan var árið 1965 ákveðin veruleg lagfæring í þessa átt til þess að ná þessu marki á nýjan leik og ákveðið, að leidd skyldi í lög svo kölluð skattvísitala, sem mikið hefur verið umdeild, en það hefur í öll þessi ár þar til nú fallið í minn hlut sem fjmrh. að ákveða hana, og ég hef alltaf haft þann skilning, að skattvísitalan hefði verið ætluð til þess að jafna metin á þann hátt, að skattþunginn yxi ekki við hækkun kaupgjalds. Hér hefur, eins og ég sagði, gengið á ýmsu, og það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þessu hefur ekki verið hægt að framfylgja sem skyldi. Og á erfiðleikaárunum varð þannig um beina hækkun á beinum sköttum að ræða, sem ég hef aldrei mótmælt, heldur hvað eftir annað lýst yfir, að þetta hefði átt sér stað, en það breytti ekki meginstefnunni, og strax og batnaði hagur hins opinbera, þá bæri að stefna í þá átt að koma málunum í það horf að miða við hina almennu kauptaxta og að breyting á skattvísitölu gæti orðið í samræmi við breytingu á kaupgjaldi og kaupgjaldsvísitölu.

Ég mun síðar víkja að skattvísitölunni og skal því ekki ræða hana frekar, og ég skal heldur ekki fara að rekja nema aðeins í stórum dráttum, hvað gerzt hefur á undanförnum árum, það er hv. þm. kunnugt.

Eftir að skattalagabreytingarnar voru gerðar 1960 og raunar alla tíð síðan, þótt nokkuð hafi orðið um hækkun skatta að ræða á erfiðleikaárunum, þá verð ég að telja, að skattar hér á landi hafi ekki verið óhæfilega háir, hvorki miðað við þjóðartekjur né heldur miðað við það, sem er í nálægum löndum. Og hæstv. fjmrh. upplýsti það raunar hér alveg réttilega, að hlutfallsprósenta skattlagningar hér á landi er ekki óeðlilega há miðað við nálæg lönd og mun lægri en í ýmsum löndum, sem mætti þó ætla, að skattar væru lægri í en hér á landi.

Ég lét framkvæma fyrir fáum árum hlutlausa athugun á skattkerfi okkar á þann veg, að fengnir voru sérfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, til þess að ekki blandaðist inn í þetta nein hlutdrægni á neinn hátt, heldur að þetta yrði skoðað hlutlaust af utanaðkomandi aðilum og með hliðsjón af ástandi þessara mála í öðrum löndum. Þessum sérfræðingum var falið að kanna, hvernig skattkerfi okkar væri og hvort hægt væri að segja, að um óeðlilegan skattþunga væri að ræða. Það varð niðurstaða þessarar sérfræðilegu athugunar, að skattþungi hér væri ekki óeðlilegur. Að vísu var bent

á tvennt, sem væri óeðlilegt hér. Annars vegar voru aðstöðugjöldin, sem væru mjög óvenjulegur og lítt þekktur tekjustofn, og hins vegar, að fasteignaskattar væru hér, að þeir töldu, of lágir, og er það vissulega í samræmi við það, sem allir okkar efnahagssérfræðingar hérlendis hafa haldið fram um margra ára skeið, þ. e. að nauðsynlegt væri að hækka hér fasteignaskatta. Ég hef verið því andvígur, að of langt væri gengið á þeirri braut, og Sjálfstfl. hefur haft það sem stefnumörkun, að það væri ekki rétt að ganga of langt í þessum efnum. En hins vegar hefur það farið í bág við þá skoðun, sem margir af okkar efnahagssérfræðingum og einnig þessi útlendi sérfræðingur halda fram.

En spurningin er: Ef ekki hefur verið um óhóflega skattheimtu að ræða, hvernig hefur þá staðið á því, að nauðsynlegt var, svo sem viðurkennt hefur verið á undanförnum árum og ég hef hvað eftir annað vikið að, og hæstv. fjmrh. m. a. vitnaði í ræðu mína um þetta efni, að breyta skattkerfinu í veigamiklum efnum? Það stafar einfaldlega af þeirri ástæðu, að breytingar eru nauðsynlegar til þess að lagfæra auðvitað ýmiss konar annmarka, sem eru á þessu kerfi. Það er allt of flókið, það er rétt. Nefskattar eru of margir. Svo kallaðir punktskattar eru líka óhæfilega margir. Þá kemur það einnig til, að það er nauðsynlegt, ef við eigum að taka upp þau skattkerfi, sem nálægar þjóðir, sem við höfum mikla og vaxandi samvinnu við á efnahagssviðinu, hafa tekið upp, að breyta í grundvallaratriðum um skattkerfi hjá okkur. Ég á þar annars vegar við staðgreiðslukerfið, en segja má, að það skipti að vísu ekki meginmáli, hvort við höfum það kerfi, miðað við það að fylgja kerfi nálægra viðskiptaþjóða, en það kerfi hefur haft mikið fylgi hér á landi. Þetta kerfi hefur verið rannsakað mjög rækilega hér á landi, fyrst af embættismönnum á vegum rn. og síðan af sérstakri nefnd, og það hefur legið tvisvar fyrir Alþ., þannig að vissulega hefur það fengið eins gaumgæfilegan undirbúning og kostur hefur verið á. En skoðun mín hefur verið sú, að staðgreiðslukerfið væri ekki hægt að innleiða, þótt það gæti verið gott út af fyrir sig, nema skattkerfið í heild væri endurskoðað og gert miklu einfaldara. Þá kemur hér einnig til annað, sem er e. t. v. þýðingarmeira, en það er virðisaukaskatturinn. Hann hefur verið innleiddur í flestum eða öllum nálægum löndum, og það er einmitt verið að ræða um, að skattheimta, sem skiptir meginmáli í sambandi við atvinnureksturinn, sé með líkum hætti í samkeppnislöndum okkar, og því var framkvæmd á s. l. ári ítarleg athugun á þessu skattkerfi og öllum hv. alþm. látin í té rækileg grg. um það, bæði kosti þess og galla.

Það liggur í augum uppi, að til þess að þetta geti orðið allt með eðlilegum hætti og engin víxlspor stigin, þá er nauðsynlegt, að að þessu máli sé unnið mjög gætilega og rækilega, og það skiptir ekki máli að minni hyggju, hvort það dregst árinu lengur eða skemur, að framkvæmd sé skattalagabreyting. Það er of mikið í húfi að stíga víxlspor, til þess að framkvæma megi skattalagabreytingu aðeins til þess að geta sagt, að menn hafi framkvæmt skattalagabreytingu. Þess vegna skiptir það ekki meginmáli, hvort lögin taka gildi árinu fyrr eða seinna, en það skiptir höfuðmáli, að lögin séu undirbúin með réttum hætti. Hér kemur ekki eingöngu til skattkerfi ríkisins sjálfs, heldur einnig skattkerfi sveitarfélaganna og þá eðlileg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, sem er mjög veigamikið atriði og einnig hefur verið unnið rækilega að athugun á á undanförnum árum, og fjmrn. hefur fyrir sitt leyti fyrir nokkrum árum lýst þeirri skoðun sinni við Samband ísl. sveitarfélaga, að það væri reiðubúið til þess að standa að slíkri heildarendurskoðun strax og sambandið væri reiðubúið til þess fyrir sitt leyti.

Það, sem gerzt hefur því á undanförnum árum, tel ég nauðsynlegt að draga fram til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig vinnubrögð þurfi að vera í sambandi við skattamál, að það hafi farið fram ítarleg könnun verkefnisins í heild og þessi ítarlega könnun hafi verið kynnt mjög rækilega öllum aðilum, sem það mál varðar.

Það hefur farið fram rækileg athugun staðgreiðslukerfisins og dregin fram öll þau atriði, sem þar koma til álita, að þurfi að framkvæma, ef þetta kerfi á að geta skilað árangri og ef menn vilja á annað borð innleiða það. Það hefur verið óskað eftir og gefinn kostur á því af hálfu ríkisins, að verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga yrði tekin til rækilegrar endurskoðunar og þá tekjuskiptingin um leið, og það hefur ekki staðið á ríkisvaldinu að þessu leyti, og á vegum sveitarfélaganna hefur farið fram ítarleg könnun á þessu máli, sem að sjálfsögðu var mikilvæg nauðsyn á við endurskoðun tekjustofnalaganna og reyndar skattalaga ríkisins einnig, að væri höfð til hliðsjónar, þegar kæmi að framhaldsbreytingu laganna. Þá hefur, eins og ég sagði, farið fram ítarleg könnun á virðisaukaskattinum og þessi skattur verið kynntur Alþ. mjög ítarlega í mjög góðri grg. eftir einn hinn færasta mann okkar á þessu sviði.

Það, sem svo löggjafarlega hefur gerzt í þessu efni, þarf hér ekki að rekja. Breytingin, sem gerð var á síðasta þingi og hafði verið undirbúin mjög rækilega, var fyrirtækjaskatturinn með hliðsjón af aðild Íslands að EFTA. Strax og kom til álita, að Ísland gerðist aðili að EFTA, var athugun fyrirtækjaskattlagningar hafin, þar sem ljóst var, að við urðum að vera samkeppnisfærir, eða íslenzk fyrirtæki urðu að búa við sömu skattakjör og aðstöðu yfirleitt og samkeppnisfyrirtækin í öðrum EFTA-löndum. Þetta frv. var lagt fram seint á þingi. Það var ekki ætlunin, að það yrði þá afgreitt, heldur var unnið að því í samráði við alla flokka heilt sumar, og það var síðan lagt fyrir síðasta þing og lögfest þar ásamt ýmsum öðrum breytingum varðandi persónuskatta, sem ég skal hér ekki út í fara. Að þessu máli var unnið á þann hátt, að í það voru settir færustu sérfræðingar, sem til eru hérlendis á sviði skattamála. Þeir fengu sérstakt erindisbréf, þar sem pólitísk stefnumörkun var lögð, en hins vegar var þeim ætlað að útfæra þær hugmyndir, sem þar komu fram. Þar sem öllum hv. þm. var það ljóst, að hér var um hina flóknustu og vandasömustu löggjöf að ræða, sem við búum við, og því mikils virði, að ekki væri stigið víxlspor, var málið kynnt ítarlega, bæði öllum hagsmunasamtökum, sem það varðaði, og þmn. var sett með fulltrúa frá öllum flokkum.

Í framhaldi af þessu, eftir að þessi lög höfðu verið samþ. hér á hinu háa Alþ. á síðasta þingi, þá var ákveðin skipun heildarnefndar til þess að halda áfram vinnu að þessu máli. Í fyrsta lagi var óskað eftir því, að allir þeir sérfræðingar sætu í nefndinni, sem höfðu setið í fyrri nefndinni. Til könnunar á skattavandamálinu í

heild og fyrirtækjaskattinum, og auk þess til þess einmitt að leggja grundvöll að sem víðtækastri samstöðu um heildarbreytingu skattkerfisins var óskað eftir, að ýmis samtök tilnefndu fulltrúa í þessa nefnd, ekki eftir pólitískum línum, heldur hagsmunalegum. Það voru launþegasamtökin undir forustu Alþýðusambandsins, það voru vinnuveitendasamtökin, það voru bændasamtökin, og það voru síðast, en ekki sízt, samtök sveitarfélaga.

En hver hefur svo orðið stefna og vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj.? Það virðist vissulega hafa verið tekið til höndum, vegna þess að á stuttum tíma er umturnað mörgu í skattkerfi okkar með þeim hætti, að menn vita nánast hvorki upp né niður og deila endalaust um það, hvað hér sé verið að gera. Það, sem ég tel miður farið ásamt mörgu öðru í sambandi við undirbúning þessa máls, er það, að hér var hafin pólitísk skoðun málsins. Ekki var aðeins látið nægja, eins og áður hafði verið gert, að leggja pólitískar meginlínur um, hvaða tilgangi skyldi náð, heldur var málið fengið í hendur pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna, og þar komu ekki aðrir nærri utan formaður nefndarinnar, sem ég vil segja, að hafi bjargað því, sem bjargað varð, með sinni sérþekkingu og hæfileikum, en hins vegar var gengið algjörlega fram hjá ýmsum embættismönnum og settir til hliðar þeir menn, sem höfðu alveg sérstaka þekkingu á einstökum atriðum í sambandi við skattkerfið og áttu sæti í fyrri skattalaganefndinni. Við hagsmunasamtök var ekki rætt, heldur var unnið að þessu máli með miklum hraða og án þess að skoða það nema lauslega. Þrjár nefndir voru settar í stað þessarar skattalaganefndar, sem átti að taka málið í heild til meðferðar. Ég verð að telja það mjög miður farið, vegna þess að þessi mál verða ekki klofin í sundur. Það má e. t. v. segja, að tryggingamálin séu mál út af fyrir sig, en þó er það svo, að ef samræma á tryggingakerfið við skattkerfið, sem hæstv. fjmrh. vék að og ég er honum nákvæmlega sammála um, þá er eðlilegt, að það séu sömu aðilar, sem að því vinna, þótt þar þurfi auðvitað einnig að koma til fulltrúar, sem hafa sérþekkingu á tryggingasviðinu.

Það er mjög einkennilegt í sambandi við þetta frv., að það virðist enginn kannast við að vera höfundur þess. Ég hef ekki séð það áður í frv., að þar sé svo að orði komizt, þegar nefnd hefur verið sett til þess að undirbúa mál, í grg. frv., að það hafi verið stuðzt við álit umræddrar nefndar, endurskoðunarnefndarinnar. Það var óskað eftir því í fjhn. d., að menn fengju að ræða við þá menn, sem raunverulega hefðu samið þetta frv. Nú veit ég ekki, hvort það er minn ágæti eftirmaður, hæstv. fjmrh., sem hefur samið það. Þó dreg ég í efa, að svo sé, ekki svo að ég vilji gera lítið úr hans þekkingu, ég veit, að hún er mikil, og ég get vel fallizt á, að hún sé meiri en mín þekking. Ég hef a. m. k. aldrei látið mér til hugar koma að semja skattalagafrv. Það er of flókið til þess. En það reyndist ekki mögulegt að fá að ræða við aðalhöfunda þessa máls, aðra en formann nefndarinnar, sem tók það skýrt fram, að það væru mörg atriði í þessu frv., sem hann vissi ekki, hvernig stæði á, að hefðu verið orðuð með þeim tiltekna hætti, sem þar var um að ræða. Það hefðu verið aðrir aðilar, sem þar hefðu komið til.

Einnig var óskað eftir því, að ríkisskattstjóri mætti á fundi n., þar sem hann hefur tæknilega, fullyrði ég, mesta þekkingu á uppbyggingu skattalagafrv., – hvað sem líður því, hvort hann hefur mesta hæfileika til að meta það efnislega, það er allt annað mál, en tæknilega séð, – og hann upplýsti, að málið hefði ekki verið lagt fyrir hann að öðru leyti en því, að krafizt var umsagnar hans eftir nokkrar klukkustundir. Eftir að við höfðum óskað eftir því, að hann skoðaði málið, þá sendi hann okkur aths. á 15 vélrituðum síðum, þar sem var tæknilega fundið að flestum eða öllum gr. frv., þannig að heldur er þetta nú óbjörgulegt að leggja af stað við endurskoðun jafn viðkvæmrar löggjafar og skattalöggjafarinnar og hafa ekki búið sig betur að heiman en hér virðist hafa verið gert.

Ég vil aðeins nefna sem dæmi, þótt það skipti ekki máli, að hér er fullyrt í grg., – það er í sambandi við aths. við 8. gr. frv., – að það sé af tæknilegum ástæðum ekki hægt vegna öryggisleysis, sem það skapi viðkomandi skattgreiðendum, sem eru samvinnufélögin, að fylgjast með reglum, sem hafi verið ákveðnar í lögum, sem nú gilda og sett voru á síðasta þingi. Þetta kannast formaður nefndarinnar ekki við að hafa samið, og þetta taldi hann hæpið, að gæti staðizt, og ríkisskattstjóri segir, að það sé algjörlega út í hött að segja, að þetta sé ekki hægt. Það hefur hins vegar ekki hafzt upp á þeim huldumanni, sem hefur komið inn þessari merkilegu setningu. Þetta er kannske ekki stórt dæmi, en það sýnir það, að það er erfitt að fást við þetta, og víða liggja leiðir í þessu máli og ekki alls staðar eftir heppilegum slóðum, þótt maður sjái einkennin í því og fingraförin, að það muni vera komið frá vissum hagsmunaaðila, að það sé ekki hægt að framkvæma þetta.

Sannleikurinn er sá, að það er með svo margt í vinnubrögðum þessarar hæstv. ríkisstj., ekki aðeins í skattalögunum, heldur á mörgum öðrum sviðum, að það er rokið til að ákveða, að lögum skuli breytt og það skuli gert á ákveðnum tíma. Það eru heimtaðar till. af mönnum, þótt það sé engin leið að skila till. á þeim tíma, og það er líkast því nánast, að það sé byrjað að teikna sjókortin, eftir að skipið er strandað, því að eftir á er svo komið í ósköpum og leitað til þeirra ágætu embættismanna, – þeir eru þá nógu góðir, – til að reyna að lagfæra það, þegar hæstv. ríkisstj. er komin í óefni með ýmsa þá hluti, sem hún hefur verið að bollaleggja og virðist hafa haldið, að brjóstvitið nægði til þess að leysa.

Hæstv. fjmrh. vék hér að því, að hann hefði svarað mörgu, sem hefði verið haldið fram í hv. Nd. Nú hef ég ekki fylgzt með umr. þar, og ég efast ekkert um, að hann hefur farið með rétt mál, þegar hann er að svara þar því, sem þar hefur verið haldið fram, og mig furðar kannske ekki, þótt það hafi vakið nokkrar áhyggjur hjá honum ýmislegt, sem þar var sagt, og það sýnir, að hann hefur vakandi samvizku fyrir því, að þetta muni kannske ekki allt saman vera eins pottþétt og hann hefði óskað, og ég veit, að hann hefði óskað, því að ég þekki hann svo vel, að ég fullyrði, að hann hefði ekki viljað hafa þann angurgapahátt á, ef hann hefði einn ráðið, að fella niður alla nefskatta og gera það óumflýjanlegt að breyta skattalögunum, áður en búið var að athuga, hvernig ætti að breyta þeim, og standa svo uppi með fjárlög með milljarða gati í og hættu á því, ef skattalögin yrðu nú ekki samþykkt. Það er ólíkt honum, og þá

er hann orðinn óforsjálli en ég hef alltaf haldið hann vera, ef honum a. m. k. hefur ekki liðið illa núna undanfarna síðustu mánuði, að hafa fjárlögin svona götótt og allt í óvissu um það, hvort einhver hlypi út undan sér, sem sumum datt nú í hug að gera, og illa tókst að beizla þá á nefndarfundum, og varð að halda með þeim aukafundi til þess að knýja þá til þess að samþykkja skattalögin. Þá hefur honum ábyggilega ekki liðið vel, og hef ég með honum fyllstu samúð, en ég er hræddur um, að hann sé ekki enn þá búinn að sjá fyrir lok þessa máls.

Hæstv. ráðh. er búinn að láta kanna það rækilega, hvaða lög hafa verið látin verka aftur fyrir sig í tíð fyrrv. stjórnar, og það er náttúrlega gott og blessað, en ég held, að ýmis atriði séu í þessum lögum, sem eiga sér ekkert sambærilegt í því, að lög hafi verið látin verka aftur fyrir sig. Mér er það alveg fullljóst, að mörg lög hafa verkað aftur fyrir sig, skattalög sem önnur, en ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur íhugað, að í lögunum, sem enn þá eru í gildi, eru fyrirmæli um, að vissir hlutir skyldu vera gerðir um síðustu áramót, bein fyrirmæli, og ég sé ekki annað en að fyrirtækjunum hafi verið skylt að gera það, meðan lögin eru enn í gildi, og ég held sannast sagna, – ég vona, að það lendi ekki í vandræðum, – að hæstv. ráðh. eigi eftir að sjá mjög víðtæk og alvarleg málaferli í sambandi við það hátterni að afnema þau lög, sem nú eru í gildi, áður en þau í raun og veru taka gildi. Formlega hafa þau tekið gildi, og menn gátu hagað sér eftir þeim og áttu að gera við uppgjör nú um síðustu áramót. Og ég efast um, að til sé nokkurt fordæmi fyrir, að þetta hafi gerzt. Ég hefði a. m. k. talið, að það hefði verið gott fyrir hann að setja punkta á sjókortið, áður en skipið strandaði. Þetta er kannske eitt af alvarlegustu atriðunum í sambandi við þetta mál og mikilvægasti þátturinn í því, að við sjálfstæðismenn teljum það brýna nauðsyn, að þetta mál verði skoðað miklu betur og athugaðar afleiðingar af því að gera þessar breytingar, hvort sem menn að lokum verða fylgjandi því að gera þær breytingar, sem hæstv. ráðh. beitir sér fyrir, eða ekki. Það er allt annað mál.

Hvaða veilur kunna að hafa verið í þessu skattafrv. frá síðasta þingi, skal ég nú ekki langt út í fara eða hefja umr. um það aftur. Það var mikið rætt þá á því þingi. Það var sýnilegt, að hæstv. ráðh. var kominn í alveg nýtt Ólafskver. Mér lízt nú ekki á, ef hann fer að fara út úr rullunni og fer að lesa skakkt Ólafskver. Ég er ekki viss um, að húsbóndi hans, hæstv. forsrh., sé hrifinn af því, því að talsvert af lesningu hans hér áðan var upp úr ræðum fyrrv. þm., Ólafs Björnssonar, þar sem hann hefði fundið frv. margt til foráttu. Þetta er alls ekki rétt, og þetta veit hæstv. ráðh., að er ekki rétt. Ólafur Björnsson var frsm. meiri hl. n., og það vita allir, að Ólafur Björnsson er svo grandvar og gegn maður, að hann mundi aldrei hafa tekið að sér það hlutverk að mæla með frv., sem hann hefði fundið margt til foráttu. Það hefði hann aldrei gert. Enda fann hæstv. ráðh. ekki úr hans ummælum annað en eitt atriði. Og það er alveg rétt, að það var ágreiningur um það. Ólafur Björnsson taldi það óskynsamlegt, og það er út af sérstakri skoðun, sem hann hefur á því, að það eigi að veita sparifé sérstök fríðindi og engum öðrum eignarformum. Þá taldi hann mjög varhugavert það atriði núgildandi laga, – ég segi núgildandi, þau eru í gildi enn, – að heimila viss skattfríðindi fyrir arð af hlutafé.

En þetta var atriði, sem var sett inn í þessi lög einmitt í samráði við þá menn, sem mest hafa hugsað um það að koma hér á laggirnar verðbréfamarkaði og kaupþingi til þess að laða fé að atvinnurekstri. En eins og allir hv. þm. vita, þá hefur það verið ein helzta meinsemd atvinnurekstrarins hér á landi, að það hefur verið svo sáralítið eigið fé. Það getur vel verið, að einhverjir hefðu getað misnotað þetta, hvað er ekki hægt að misnota? En það vill svo til, og það þekkjum við kannske allir, sem hér erum í d. meira og minna, að undanfarin ár hafa verið stofnuð fjölmörg almenningshlutafélög og þá fyrst og fremst úti um land, þar sem atvinnuörðugleikar voru. Þetta var gert ekki hvað sízt á atvinnuleysisárunum. Þá réðst fólk í það að safna saman sparifé sínu til þess að leggja í atvinnurekstur, þótt það teldi það í hættu. Fólkið tók það út úr innlánsstofnunum, þar sem það var skattfrjálst, og lagði það í þessi fyrirtæki, sem flest voru mikil áhættufyrirtæki. Og það er alveg ljóst, að ef ekki verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að gera lystilegra að leggja fé í fyrirtæki, – og það er sannarlega ekki gert með þessum lögum, þar sem dregið er verulega úr skattfríðindum fyrirtækja, – þá stöndum við áfram í sömu sporum og áður um það, að við fáum ekki fjármagn inn í atvinnurekstrinn. Og ég vil minna á það, sem var haldið fram ákveðið af hv. stjórnarandstæðingum þáv., þegar við gengum í EFTA, að íslenzkur atvinnurekstur væri hvorki skattalega né á annan hátt undir það búinn að taka við óhentugri samkeppni. Þetta var eitt af því, sem fundið var að. Og það er náttúrlega ekki hægt bæði að finna að því, að þetta sé ekki gert, og einnig, að það sé gert, þó að það megi deila um þetta einstaka atriði, sem auðvitað er ekkert stórmál til að tala um, að það réttlæti það að umturna allri þessari löggjöf.

Þá voru tvö atriði, sem hæstv. ráðh. vék að og ég skal út af fyrir sig ekkert segja um, hvort sé rétt eða rangt að hafa í óbreyttu horfi, eins og var í gömlu lögunum. Það eru t. d. sameignarfélögin. Það var auðvitað engin hætta sem skapaðist á því, að þeim væri breytt í hlutafélög. Gallinn á sameignarfélögunum er sá og hefur verið, – ég held, að það sé gengið þannig frá því í þessu frv. nú, að menn verða að velja, hvort þeir vilja sameignarfélagsformið, – en áður var það í gömlu lögunum þannig, að menn gátu frá ári til árs notað ýmist það eða talið persónulega fram eftir því, hvað hentaði þeim skattalega, og fengið alveg óeðlileg skattfríðindi út úr þessu.

Varðandi breytingu á reglum um söluhagnað íbúða í eldra form, þá er ég hæstv. ráðh. algerlega sammála um þá breytingu og tel, að verðbólguþróunin, sem sízt af öllu virðist nú vera minnkandi, réttlæti það fullkomlega, eins og hann sagði, að það sé horfið til hinnar gömlu reglu í því efni, því að þessi regla, sem þarna var talað um, miðaðist við það, að það yrði stöðugra verðlag.

Varðandi þessi frv. er það aðaldeilumálið, hvort þau yfirleitt feli í sér aukna skattbyrði eða ekki. Það er auðvitað alveg ljóst og við getum ekki deilt um það, að skattur á eignir er stóraukinn, bæði eignarskattur, og svo koma til hinir stórhækkuðu fasteignaskattar, sem kosta margföldun á útgjöldum. Þá eru tekjuskattar

einnig sannanlega auknir samanlagt. Þeir voru áður 50–51%, en eru nú 54%, sem er hin almenna skattlagningarregla, þegar komið er upp fyrir neðri tvö þrepin, sem sannast sagna eru á óhæfilega lágar tekjur. Byrðar atvinnurekstrarins eru auknar verulega, eins og við vitum, og skattaprósenta atvinnurekstrarins hækkar verulega. Og eins og ég segi, leiðir þetta til þeirrar óheillavænlegu þróunar, að það er a. m. k. mikil hætta á því, að fyrirtækin standi höllum fæti og þessar breytingar vinni gegn þeirri myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum, sem er brýn nauðsyn.

Þá komum við að lækkun skatta hjá láglaunafólki. Þetta er nú gott og blessað, og vissulega getur enginn verið á móti því að lækka skatta á láglaunafólki. En hér er nú það mál á ferðinni, sem er meir auglýsingaskrumkennt en raunverulegt. Það er alveg rétt, að nefskattar, sjúkrasamlagsgjöld og tryggingagjöld, á ungu fólki, námsfólki, hefur verið þungur baggi, oft a. m. k., á þeim að greiða. Auðvitað er hægt að fara mismunandi leiðir í þessu. Það þurfti ekki að afnema alla nefskatta, þótt markið hefði verið hækkað eitthvað, um 1–2 ár, sem þetta unga fólk hefði þá fyrst þurft að greiða þessi gjöld. Það hefur áður verið um það rætt og í rauninni gerð á því breyting varðandi eitt ár. Ég veit, að þetta kostar nokkurt fé, en eru þó smámunir á móts við það, sem hér er verið að gera, þannig að það hefði ekkert verið óeðlilegt og a. m. k. ekkert fjarstætt, að það hefði verið hægt að hugsa sér þá lausn til að þurfa ekki að flana að því að breyta skattkerfinu í heild, eins og nú er, vegna þessa unga fólks.

Um nefskattana almennt verða menn að hafa það í huga, sem alltaf er reynt að leyna, og hæstv. ráðh. forðaðist líka að minnast á hér í ræðu sinni, að nefskattarnir eru í vísitölunni, og þessu verða menn að gera sér grein fyrir. Afnám nefskatta leiðir til þess, að ríkissjóður sparar sér stórfelld útgjöld, og vísitalan lækkar mjög verulega af þessum sökum. Hér er nefnilega um útgjöld að ræða, sem fólk fær bætt í sínu kaupi, og ef menn vilja gera eðlilegan samanburð, þá verður að taka þetta með í reikninginn.

Það hefur birzt í dag á forsíðu í Þjóðviljanum grein, sem ég býst við, að hinir ágætu ritstjórar Þjóðviljans mundu ekki óska eftir í júnímánuði, eða hvenær sem það verður, sem skattarnir koma, að þeir hefðu nokkurn tíma skrifað, en þeir hafa ekki látið sér nægja minna en að setja það yfir alla forsíðuna og skrifa um það í leiðara líka. Án þess að ég ætli að fara að svara hér beint ritstjórum Þjóðviljans, þá vona ég, að það verði ekki lagt mér til lasts, þótt ég geri þetta svolítið að umtalsefni, vegna þess að þetta er ekki annað en þáttur í þeim málflutningi, sem haldið er fram í sambandi við þetta mál, þ. e., að hér sé um að ræða stórfelld fríðindi fyrir alla, sem hafa haft undir 300 þús. kr., og sérstaklega niðurfelling nefskattanna, sem stórlækki opinber gjöld þessa hóps. Hér er aðallega átt við einstaklinga, og ég skil nú satt að segja ekki, hvernig einstaklingar eru orðnir allt í einu meira atriði en hjón og barnafólk hjá þessu virðulega málgagni. En það hefur virzt sem það þyki sérstaklega nauðsynlegt að benda á, hvað þetta séu miklar hagsbætur fyrir einstaklinga, sem losni þarna við nefskattana, og ef þeir hafi undir 300 þús. kr., þá muni þetta lækka þeirra gjöld. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir því, að fjöldi þessara einstaklinga kann að eiga húseignir, og fasteignagjöldin bætast þá hér við og stórhækkun þeirra. En hvað af þessum einhleypingum skyldi vera gamalt fólk? Það er kjarni málsins, sem ég hélt, að skipti nú kannske meira máli en jafnvel það, þó að það væri eitthvað hægt að létta á ungu fólki. Og hvað af þessu skyldi vera ungt fólk líka, sem er að berjast við að koma sér upp þaki yfir höfuðið? Það vantar líka. Í forsendunni fyrir öllum þessum útreikningum er svo að sjálfsögðu líka gengið út frá hinni alröngu vísitölu. Það er svo náttúrlega ekki nema hinn sjálfsagði þáttur í málinu. Það er nefnilega staðreynd, sem ég veit, að ég þarf ekki að útskýra fyrir hæstv. fjmrh., hann þekkir það gerla, og ritstjórar Þjóðviljans ættu að þekkja það líka, að 67 ára fólk greiðir ekki nefskatta. Og ekki nóg með það, heldur er gert ráð fyrir að fella einnig niður sérstakan frádrátt aldraðs fólks, sem settur var inn í gildandi skattalög á síðasta þingi. Þetta nemur mjög verulegum fjárhæðum, þannig að hér er tvímælalaust um að ræða mikla skattþyngingu fyrir þetta fólk, sem þannig er ástatt með, þannig að hér er ekki vert að vera að flagga allt of mikið tölum og útreikningum og gera sig góða gagnvart þessu fólki, því að það, sem verst á og erfiðast, er gamla fólkið. Flest af því á nú húsnæði, sem betur fer, þannig að það fer þá enn þá verr út úr þessu af þessum sökum, og það var búið að tryggja þessu fólki fríðindi, áður en þessi skattalög komu til, sem voru því miklu hagstæðari en það, sem það verður nú að búa við.

Hvað eru miðlungstekjur? Það er svo aftur spurning. Ef við höldum okkur að hjónum, þá mun það vera svo, að það eru í landinu um 40 þús. hjón, og þar af eru 27 þús., sem hafa yfir 430 þús. í brúttótekjur. Og af þessum 27 þús. er meginhlutinn eða 21 þús. með tekjur á bilinu 430–730 þús. kr., þannig að þetta virðist vera nokkurn veginn meðaltekjur fyrir hjón. Og ég er anzi hræddur um, að það þyngist töluvert á bökum þessa fólks.

Þá er það skattvísitalan hin margumtalaða. Og þar sem allur samanburður við gamla kerfið er gerður á villandi hátt, verð ég að harma það mjög, að menn skuli hafa neyðzt til þess. Ég vil alls ekki halda því fram, að hæstv. fjmrh. hafi gert það, en það hefur verið gert í skrifum og tali um þessi mál að reyna að gera tortryggilega Efnahagsstofnunina og Reiknistofnun Háskólans og sagt, að þegar sé verið að deila á þetta mál, þá sé verið að ráðast á þessar stofnanir. Það hefur engum manni dottið í hug að ráðast á þessar stofnanir. Við vitum, að þar eru grandvarir menn, sem gera sína hluti rétt. En þeir voru mataðir með vissum forsendum af hæstv. ráðh. Þegar forstjóri hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar eða hvað það heitir nú, þessi ósköp öll, kom á okkar fund og við fórum að spyrja hann, hvað merkti í umsögn hans um þetta mál, að það væri ekki um neina teljandi skattþyngingu að ræða, hvort það væri raunverulegt mat hans á því, að ekki væri um þyngri skatta að ræða, svaraði hann því mjög fljótt til, að það væri alls ekki hans mat. En hann hefði ekki haft aðra forsendu að ganga út frá og hefði verið gefin sú forsenda, að skattvísitalan væri 106.5 stig, og út frá þessu ætti að reikna. Aðspurður, hvað hann teldi eðlilega skattvísitölu til að halda í horfinu, þannig að menn borguðu hlutfallslega ekki meira af tekjum sínum en þeir hefðu áður gert, – ég segi hlutfallslega, auðvitað borga þeir meira, það dettur engum manni í hug að halda öðru fram, en að hlutfallinu væri haldið,

sem hefur alltaf verið hugsunin, allt frá því að ég flutti ásamt Jóhanni Hafstein, hv. 1. þm. Reykv., okkar umtalaða frv., – þá svaraði hagrannsóknastjóri því til, að eftir því, sem stofnun hans vissi nú bezt, þá væri hækkunin frá fyrra ári 21.5%, sem mun að vísu vera meira, sennilega 24–25%, sem kaupgjald hefur hækkað og taxtar, auðvitað á milli ára. En við tókum lægri töluna, og við það eru okkar till. miðaðar. Að halda því fram, að hér sé um að ræða eitthvert ábyrgðarleysi eða óraunhæft tal, sem brjóti í bága við allt, sem gert hefur verið, er algerlega út í hött. Og það er ekki lengra að leita í því en til s. l. árs.

Ég hef í umr. um þetta mál hér á þingi hvað eftir annað, eins og ég gat um áðan, viðurkennt það, að skattvísitalan hafi verið ákveðin of lág á erfiðleikaárunum. Hún var óbreytt í þrjú ár. Þar áður, 1965 og 1966, var hún ákveðin svo há, að hún jafnaði fullkomlega metin varðandi kauphækkanir, og hlutfallið í sambandi við kaup Dagsbrúnarmanna hélzt þá fullkomlega. Ég lýsti þá yfir og hef oft gert, að ég teldi, að þegar hagur ríkissjóðs batnaði, þá bæri að stíga stærra skref. Og það skref var stigið á s. l. ári, vegna þess að þá var skattvísitalan hækkuð um 20%, en meðalframfærsluvísitalan hafði ekki hækkað nema um rúmlega 13 eða 13.12%, og kaupgreiðsluvísitalan eða almenn hækkunarprósenta kaups var 18.4%. Að vísu reyndist þetta nokkru meira, þegar farið var að skoða framtölin, því að þessi áætlun var gerð áður, en það varð auðvitað að ákveða skattvísitöluna það snemma, en með þessu var mörkuð sú stefna, sem ég þá lýsti ákveðið yfir, að yrði haldið áfram, og það væri að ná fram þeirri stefnu, sem hefði alltaf verið grundvallarstefnan frá hálfu okkar sjálfstæðismanna, að þetta láglaunafólk borgaði ekki skatta. Og ég vil nú taka það fram, að það hefði út af fyrir sig verið hægt að framfylgja einnig þessu ákvæði á erfiðleikaárunum, en þá var bara komið þannig, sem hv. þdm. er vel kunnugt, að sveitarfélögin hefðu flest orðið fjárþrota, ef skattvísitalan hefði verið ákveðin hærri en þá var gert, þar sem mikill meiri hluti allra tekna sveitarfélaga er útsvör, og það var sett inn í lög um tekjustofna sveitarfélaga fyrir nokkrum árum, að þau skyldu einnig breytast eftir skattvísitölu. Og þegar hæstv. fjmrh. segir, að ég hafi breytt um skoðun, þá hef ég þegar sýnt það í verki með þessari ákvörðun í fyrra, að svo er ekki. Ég hef alltaf haldið því fram og ég hélt því einnig fram þá, að það hefði verið skoðun mín, frá því að það frv. var flutt, sem hann gat um, 1953, að þetta væri gert til þess, að menn borguðu ekki hærri hlutfallslega skatta af sínum tekjum. Og ég hef mótmælt því oft undanfarin ár, að það hafi nokkurn tíma verið ætlunin að tengja þetta við framfærsluvísitölu, vegna þess að þá hefðu skattarnir átt beinlínis að lækka á erfiðleikaárunum, ef hefði átt að fara þá leið, heldur hefði hugsunin verið þessi, sem var mörkuð 1960, að þessi almenni taxti Dagsbrúnar væri skattfrjáls. Og þegar vitnað er í umr. og í frv. okkar frá 1953, þá veit ég, að hæstv. fjmrh. er það vel kunnugt, að þá var ekki til neinn greinarmunur á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Það var nákvæmlega sama vísitalan. Svo verð ég nú að segja það, að ég get kannske fært mér það til, – ég veit ekki, hvort ég á nú að segja lofs, – en til tekna, skulum við segja, þegar hæstv. fjmrh. segir nú, – eða ég fæ ekki skilið hann betur en það hafi verið gersamlega ómögulegt annað en fara eftir því, sem ég hefði gert, en alls ekki eftir því, sem hann vildi gera. Hann flutti nefnilega á síðasta þingi frv. ásamt hv. núv. form. þingflokks Framsfl., sem undanfarin ár hefur helzt helgað sig því að skammast yfir rangri skattvísitölu, þar sem þeir að vísu í samræmi við það, sem þeir höfðu haldið fram um framfærsluvísitöluna, lögðu til, að framfærsluvísitalan yrði fullkomlega bætt upp í einu stökki. Og ég segi nú við minn ágæta vin, hæstv. fjmrh., að ef það er eitthvert ábyrgðarleysi, sem við sýnum núna, hvað á þá að kalla það, sem gerðist á s. l. þingi, að leggja til að hækka framfærsluvísitöluna um allt það, sem vangert hafði verið í sambandi við skattvísitöluna? Ég er hræddur um, að það séu nú anzi háar upphæðir. Svo kemst hann loksins að þeirri niðurstöðu, þegar hann sezt í ráðherrastól, að það sé ekki hægt að bæta um eitt einasta stig, ekki eitt einasta prósent. 6.5 stig eru ekki einu sinni framfærsluvísitalan, vegna þess að framfærsluvísitalan mun hafa hækkað um 6.7 eða 6.8 stig. Það þurfti þó að skera af þessari hungurlús. En að það væri hægt að bæta úr því, sem ég hefði gert illt á undanförnum árum, nei, það var gersamlega vonlaust mál. Það skyldi blíva allt saman, og fólkið skyldi verða að bera það, þó að þessir ágætu menn væru komnir til valda. Þá var allt gleymt, og þá var bara um að gera að vitna í, hvað ég hefði gert. Það var alveg nægilegt til þess að réttlæta þeirra eigin verk.

Það er nú kannske nóg að hafa þetta um skattvísitöluna. Ég hef þar ekki breytt um skoðun í einu né neinu, en mér virðist, að hæstv. ráðh. hafi þar breytt um skoðun, og ég þarf ekki að vitna lengra en til ársins í fyrra, til þess að það liggi ljóst fyrir, að úr því að ég taldi þá, berandi ábyrgð á fjármálunum, gerlegt að hækka hana um 20%, þá gegnir það mikilli furðu, ef hæstv. núv. fjmrh., sem hefur óneitanlega úr æði miklu meira að moða en var þá, telji ekki fært að hækka hana um meira en 6.5%. Ég hefði ekki óskað mínum ágæta eftirmanni að þurfa að gerast talsmaður fyrir slíkan málflutning og þurfa að gerast talsmaður fyrir þann málflutning að bera á borð fyrir þjóðina, að það séu sambærilegar tölur og eigi að sýna, að skattþungi hafi ekki vaxið um nokkra krónu frá því, sem hafi verið eftir gildandi lögum, að nota skattvísitöluna 6.5 sem grundvöll, til að fá út þetta fallega dæmi sitt. Sannleikurinn er sá, að það er líklegt, lauslega áætlað, að skattþungi vaxi núna um 700 millj. kr. miðað við skattvísitölu 21.5, sem er auðvitað sú eina, sem er eðlilegt að miða við. Og þar við má bæta því, sem hæstv. ráðh. hefur grætt með því að fella niður nefskattana, sem hann hefur lagt á almenning í hækkuðu vöruverði. Og má áætla, að það sé um 400 millj. kr., sem hann hefur grætt í samdrætti á niðurgreiðslum vegna niðurfellingar nefskattanna, sem ekki virðast vera neinar horfur á, að eigi að bæta launþegum upp að einu eða neinu leyti, – það, að ég hygg, hefur verið gert varðandi 0.6 stig, ef ég man rétt, en meira hefur þar ekki komið, – þannig að það eru 1 100 millj. kr., sem hæstv. ráðh. ætlar sér hér að leggja á almenning til viðbótar því, sem verið hefði, ef gömlu lögin hefðu gilt með eðlilegri framkvæmd þeirra laga. Og má þó í rauninni segja, að þetta geti verið hærri tala, því að hann gengur alltaf út frá því í sínum áætlunum, hvað nefskattarnir hefðu þurft að hækka. Ég geri hér aðeins áætlun um þá nefskatta, sem á voru lagðir. En

hefðu nefskattarnir þurft að hækka meira, þá hefði það að sjálfsögðu, eins og ég áður hef sagt, verið bætt í hækkuðu kaupi, og að svo miklu leyti sem það þá fellur niður, eins og nú er, þá er auðvitað sanngjarnt að hækka þá þessa prósentu, 4%, sem græðist í lækkuðum niðurgreiðslum, þannig að talan yrði þá hærri sem því nemur, þannig að hér er hæstv. ráðh. áreiðanlega ekki gert rangt til, eða áætlað óhagstætt fyrir hann. Hér er því öllum ljóst, að það er óhagstætt fyrir meiri hluta gjaldenda það skipulag, sem hér er verið að tala um að taka upp.

Þetta liggur nú líka raunverulega alveg í augum uppi. Þegar tekjur ríkissjóðs hækka um hálfan sjötta milljarð, hvernig í ósköpunum á að bera það á borð fyrir nokkurn mann, að það hækki engir skattar eða gjöld? Ég segi þá bara: Það hefur ekki verið eins slæmur arfurinn og stundum er látið í veðri vaka, ef þetta er hægt án þess að íþyngja nokkrum í sköttum, því að hæstv. ráðh. sagði, þegar hann var búinn að telja upp alla þá, sem ættu að fá stór fríðindi, allt lágtekjufólkið, að það væri sáralítið, sem lagt væri á aðra skattgreiðendur til viðbótar. Enda var nú sannleikurinn sá, að í ræðu hæstv. ráðh. áðan gat ég nú ekki fundið annað, sem ég veit, að hann sem ábyrgur maður mun heldur ekki reyna að halda fram, en að auðvitað er hér um nýja gjaldheimtu að ræða. Það liggur í augum uppi, þó að málgagn hans haldi öðru fram. Þar er að vísu haldið fram til skiptis, að arfurinn hafi verið svo voðalegur, og þess vegna hafi þurft að leggja á ný gjöld. En svo hinn daginn er því haldið fram, að það sé ekki um nein ný gjöld að ræða, og erfitt er nú að samræma þetta eins og svo margt á því heimili.

Herra forseti. Ég skal fara að stytta mjög mál mitt. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hér sé ekki ýmislegt í þessum frv. eða hugsuninni að baki þeim, sem sé í ákveðna átt, og ég efast um, að okkur hæstv. fjmrh. beri svo mikið á milli, ekki sízt miðað við það, sem hann las hér upp úr ræðu, sem ég hafði flutt á síðasta þingi, um það, hvernig þurfi í heild að endurskoða skattkerfið og hvernig okkar skattalöggjöf þurfi að vera. Og það gleður mig út af fyrir sig, að ekki virðist vera ágreiningur um það. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um það, að sýna ekki þennan flumbruskap, eins og hér er gert ráð fyrir að gera, með því að knýja í gegn þetta frv. jafn stórgallað og það er. Skattkerfið er nefnilega ekki til að fikta með það, og það má ekki frá ári til árs skapa slíkt öryggisleysi eins og hér er verið að gera.

Þegar skattalögin á síðasta ári voru samþ., eins og ég sagði, þá var það gert á tveimur þingum og með rækilegri athugun. Engu að síður var því þó breytt mjög verulega hér í Alþ. við nána könnun málsins, en hér má engu breyta. Það eru 4–5 smápunktar, sem loksins koma, sem n. fær að laga í frv. um tekju- og eignarskatt. Það voru að vísu nokkru meiri breytingar gerðar á hinu frv., en að öðru leyti mátti ekki hrófla við neinu og yfirleitt ekki tala við neinn. Það komu ótal umsagnir, sem voru hafðar að engu. Og mig furðar ekkert á því, því að auðvitað var það ekki hægt. Þetta varð í meginefnum auðvitað svona fram að ganga, ef allt átti ekki að lenda í ógöngum, sem hefði leitt til þess, að málið hefði frestazt, eins og við höfðum lagt til.

Ég harma það, að hæstv. ráðh. skuli hafa verið knúinn til svona vinnubragða eins og hér eiga sér stað. Ég vil halda því fram, að hann hafi verið knúinn til þess vegna breytinga, sem aðrir ráðh. töldu sig þurfa að fá fram, og hafa sumir flaggað mikið með, að þeir hafi knúið þær fram sem upphafsmál þessarar ríkisstj. fyrst og fremst með því að knýja hæstv. ráðh. á miðju ári til þess að auka útgjöld ríkissjóðs um 650 millj. kr. til viðbótar heimildum fjárlaga og svo með því að taka upp nýja hækkun almannatrygginga um s. l. áramót, sem er góðra gjalda verð, en er þó stórgölluð, ekki sízt lágmarkstekjurnar, sem ég skal ekki fara að ræða um hér. En því mun þurfa að breyta mjög skjótlega, ef það á ekki að valda hinum mestu vandræðum og hafa ill áhrif á margan hátt. Þó að það sé góðra gjalda vert að tryggja mönnum lágmarkstekjur, þá er það stórgallað ákvæði.

Hæstv. fjmrh. játaði, að þessi frv. breyttu í rauninni ekki neinum grundvallarstefnumiðum og væru aðeins til þess nánast að gera breytingar, sem óumflýjanlegar væru vegna tekjutilfærslu á milli ríkis og sveitarfélaga og ekki sízt vegna niðurfellingar á sjúkratryggingagjöldum og almannatryggingagjöldum, sem voru ákveðin fyrir fram, áður en var búið að gera sér grein fyrir því, hvernig skattalögin ættu að vera. Þetta er það, sem ég tel vera rangt að farið í sambandi við stjórn skattamálanna, að ákveða útgjöldin með þeim hætti og kerfisbreytingu, sem knýr á breytingar, hvort sem þær eru gerlegar eða ekki.

Það er ótalmargt ógert, og ég skal játa það, að það gleður mig, að hæstv. ráðh. virðist ætla að taka upp ný vinnubrögð við framhaldsathugun málsins. Það þarf að fella niður miklu fleiri smáskatta. Það þarf að fella saman skattkerfið og tryggingakerfið, sem er mikið viðfangsefni og sem kemur mjög inn á það, sem hæstv. ráðh. gat um, að það hefði ekki verið notað til neinnar tekjujöfnunar, þetta kerfi. Það hafa verið uppi alveg ákveðnar till. um breytingar á þessu á undanförnum árum, þó að þær hafi ekki náð fram að ganga, en ég tel mjög mikils virði, að þær verði teknar til rækilegrar athugunar.

Það er auðvitað ekkert farið að gera í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þó að létt hafi verið af sveitarfélögunum þessum gjöldum, þá er verkaskiptingin alveg jafn óleyst vandamál. Og það verður að ganga í það rækilega og af gjörhygli að skipta þessum verkefnum og skipta þá tekjustofnum einnig. Við sjálfstæðismenn höfum lýst yfir því, og ég hef raunar áður látið orð falla um það, meðan ég gegndi embætti fjmrh. og meðan beinu skattarnir voru minni hluti af tekjum ríkissjóðs en 10%, að vel gæti komið til álita og væri enda æskilegt, að það væri aðeins einn aðili, sem innheimti sams konar tekjustofn, t. d. beinu skattana af almenningi, og þess vegna gæti vel komið til álita að afhenda sveitarfélögunum alveg beinu skattana og þá með tilheyrandi verkefnum. Þetta þarf einnig að íhuga.

Það þarf að leggja þá línu, að þurftartekjur séu ekki skattlagðar, þannig að þar komi til eðlilegur frádráttur og vísitala, sem breytist í samræmi við kaupgjaldsbreytingar.

Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að skattleggja beri fremur eyðslu en sparnað. Þess vegna höfum við á undanförnum árum dregið fremur úr en hitt hlut beinna skatta í tekjuöflun ríkisins, og sú skoðun hefur

ekkert breytzt, þó að við séum ekki lengur í ríkisstj. Óbeinir skattar innheimtast betur, og þó að þeir hafi sína ókosti, sem öll skattheimta hefur, og m. a. er vitnað í, að þeir fari illa með þá, sem miður eru settir í þjóðfélaginu, þá er með tryggingakerfinu, eins og það er, og með samspili á milli þess og skattalaga hægt að sjá fyrir þeim vanköntum fullkomlega, hvort sem menn vilja hafa fjölskyldubótaformið á því eða með persónufrádráttum og á annan hátt, og það er hægt að haga óbeinum sköttum þannig, að þeir leggist mismunandi þungt á hinar ýmsu nauðsynjar, svo sem einnig hefur verið gert til þessa. Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðh., að það verður erfiðara og erfiðara að hafa slíkar undanþágur. Það er ég honum sammála um.

Herra forseti. Það er skoðun mín, að þetta frv. sé svo gallað, að það sé ekki nothæft sem grundvöllur að nýrri skattalöggjöf, og það væri farsælast fyrir alla, að því væri frestað og tekin upp ný vinnubrögð og heilsteyptari við áframhaldandi endurskoðun skattalöggjafarinnar í svipuðu formi og gert var í tíð fyrrv. ríkisstj. Við vörum við því, að það gæti leitt af sér stórfelld málaferli, ef á að fara að ógilda þau lög, sem nú eru í gildi og sett voru á síðasta þingi, og teljum a. m. k., að hæstv. ráðh. þurfi að láta kanna það mál miklum mun betur, áður en hann stígur svo alvarlegt spor.

Það er nauðsynlegt, að það sé ekki aðeins lítill hópur pólitískra jábræðra, sem semja heildarskattalöggjöf þjóðarinnar. Það þarf að vinna að þeim málum eins og var búið að leggja drög að á s. l. sumri, og því harma ég, að sú nefnd var sett frá. Þó hefði mátt bæta í hana mönnum, fá þar helztu hagsmunasamtök þjóðfélagsins til samstarfs til þess að reyna að tryggja, að hægt sé að fá fram skattalöggjöf, sem ekki þarf að hringla í frá ári til árs eða a. m. k. í hvert skipti, sem kemur ný ríkisstj. Það skapar öryggisleysi og óvissu, bæði fyrir almenning og ekkert síður atvinnureksturinn í landinu, sem nauðsynlegt er að forðast.

Herra forseti. Ég skal þá ekki lengja þessar umr. meira. Hins vegar býst ég ekki við, að neinn undrist það, þó að mál mitt hafi tekið nokkurn tíma. Hér er um mikið mál að ræða, þó að æskilegra hefði verið í raun inni, að það væri meira mál og að við hefðum getað staðið andspænis skattalögum, tekjustofnalögum og starfaskiptingarákvæðum ríkis og sveitarfélaga, sem hefðu verið þannig úr garði gerð, að það væri til frambúðar, en þyrfti ekki að boða það, sem hæstv. fjmrh. gerði í upphafi, þegar þessi frv. voru lögð fram, að hér væri aðeins tjaldað til einnar nætur og það væri ætlunin að breyta þessum lögum þegar á næsta þingi og reyna þá að stefna að því fyrir þann tíma að setja heildarlöggjöf um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 454, 455 og 456, 449).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um frv. um tekjuskatt og eignarskatt á tveimur fundum, síðan frv. var vísað til n. Á fundi n. í morgun voru komnir fulltrúar atvinnurekenda, sem ræddu við n. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv., en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þessi tvö frv. um umbyltingu skattakerfisins, sem Alþ. hefur haft til meðferðar nú um nokkurt skeið, hafa tekið nokkrum breytingum frá því, sem áður var, og segja má, að miklar deilur hafi staðið um það, hvort nýja kerfið, sem verið er að taka upp, sé þungbærara fyrir skattþegnana en það gamla var. Ég held nú, að um þetta þurfi ekki lengur að deila. Útreikningar, sem enginn hefur vefengt, sýna, að skattbyrðin er í heildina tekið mjög svipuð og hún hefði orðið samkv. gamla kerfinu, jafnvel heldur léttari. Þessu til staðfestingar hefur meiri hl. fjhn. lagt fram með nál. sínu, sem fskj. I og II, útreikninga, sem hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur gert um álagningu samkv. frv., eins og því hefur nú verið breytt, þ. e. tekjuskattsfrv. og einnig tekjustofnafrv., og borið það saman við álagninguna eins og hún hefði orðið samkv. lögunum, sem samþ. voru á s. l. vori og samkv. því skattakerfi, sem notað var seinast, þegar á var lagt.

Ef litið er á þessar töflur og þá sérstaklega töfluna í fskj. II, sem er eins konar útdráttur úr fyrri töflunni, útdráttur, sem raðað er saman á þann máta, að það verði vel skiljanlegt, hvað við er átt, þá sýnir taflan, að heildarskattbyrðin er mjög svipuð og verið hefði samkv. gamla kerfinu. Hún lækkar úr 7 641 millj. kr. í 7 331 millj. kr. eða um rúmlega 4% frá því, sem verið hefði, ef lögin, sem giltu við álagninguna 1970–1971, hefðu verið notuð í þetta sinn.

Út úr þessum töflum má í fyrsta lagi lesa það, að heildarskattbyrðin lækkar greinilega um rúm 4%.

Í öðru lagi sést, að samanlagðir nefskattar, tekjuskattar og útsvör eru um 370 millj. kr. lægri samkv. nýja kerfinu en því gamla, lækka úr 5 956 millj. kr. í 5 586 millj. kr., eins og sjá má af þessari töflu. Þótt ekki sjáist það á þessum tölum, er augljóst, að innlimun nefskattanna í tekjuskattinn veldur hjá lágtekjufólki almennri skattalækkun, sem er þá borin uppi með heldur hærri sköttum á hátekjumenn.

Í þriðja lagi er rétt að benda á, að tafla þessi sýnir, að eignarskattar einstaklinga hafa hækkað um 94 millj. kr., en aðstöðugjöld einstaklinga lækka um 50 millj. kr. Skattar af tekjum félaga hafa vaxið um 12 millj. kr. Eignarskattar félaga hafa vaxið um 183 millj. kr., en hins vegar hafa aðstöðugjöld fyrirtækja lækkað um svipaða upphæð. Í heildina tekið er því óhætt að draga þá ályktun, að um er að ræða heldur þyngri skatta á fyrirtæki og eignaaðila en samkv. því kerfi, sem áður var notað, en munurinn er þó ekki mikill.

Í fjórða lagi er sérstaklega athyglisvert, að skattar af fyrirtækjum og eignaaðilum hefðu orðið 450 millj. kr. lægri, ef notazt hefði verið við það skattkerfi, sem frá farandi ríkisstj. fékk samþ. á Alþ. á s. l. vori, 450 millj. kr. lægri. Þá á ég við skatta á fyrirtæki og eignaaðila, þ. e. skatta einstaklinga af eignum og rekstri. Eignarskattar einstaklinga hefðu lækkað mjög verulega, og tekjuskattar félaga hefðu lækkað um meira en helming. Enginn þarf að efast um það, að stórlega minnkuð skattbyrði á fyrirtæki og eignaaðila hefði orðið á

kostnað almennings með einhverjum hætti, annaðhvort með lægri útgjöldum ríkisins til almennra þarfa eða með hærri söluskatti á allar vörur.

Þegar nú liggur fyrir, að samanlagðir tekjuskattar eru 370 millj. kr. lægri en nefskattar, tekjuskattar og útsvör hefðu orðið samkv. gamla kerfinu, þá gætu kannske einhverjir freistazt til þess að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort heildarupphæðin á skattseðlinum yrði almennt lægri en í fyrra. Það er rétt að undirstrika það, að það má ekki draga þá ályktun af þessu. Skattar munu vafalaust hækka í krónutölu hjá mjög mörgum gjaldendum. Í fyrsta lagi er talið, að brúttótekjur manna hafi hækkað að meðaltali um 21.5% milli áranna 1970 og 1971. Í öðru lagi veldur innlimun nefskattanna í tekjuskattinn því, að tekjuskattsupphæðin á miðlungstekjur og hátekjur verður heldur hærri en áður. Af þessum tveimur ástæðum munu margir fá stórum hærri skatta í krónum talið, og sjálfsagt eiga einhverjir eftir að bölva hressilega. En ég vil undirstrika það, að þess vegna er ekki unnt að tala um almennt aukna skattbyrði. Þetta eru tvö aðskilin atriði. Byrðinni er dreift með réttlátara hætti, og þess vegna hlýtur hún að þyngjast hjá ýmsum og léttast hjá öðrum.

Það er rétt að taka það skýrt fram, að það, sem hér hefur verið sagt, miðast við skattvísitölu 106.5, þ. e. vísitölu í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1970 og 1971. Hv. stjórnarandstæðingar hafa haldið því fram, að eðlilegt hefði verið að ákveða skattvísitöluna 121.5 stig til samræmis við þá staðreynd, að reiknað er með, að tekjur manna hafi að meðaltali aukizt um 21.5% milli áranna 1970 og 1971. Vissulega er það rétt hjá talsmönnum hv. stjórnarandstöðu, að skattvísitala, sem ekki er í takt við síaukna dýrtíð og peningaveltu, leiðir til þyngri skattabyrðar. Spurningin er hins vegar sú, við hvað rétt sé að miða, hvort eðlilegra sé, að skattvísitalan fylgi hækkandi verðlagi eða hækkandi kaupgreiðslum. Fyrst er rétt að hafa í huga, hvað það er, *sem á að breytast í samræmi við skattvísitölu.* Það er fyrst og fremst persónufrádráttur einstaklinga, en hann má skoða sem eins konar nauðþurftatekjur hvers heimilis. Í tekjuskatti er persónufrádráttur meðalfjölskyldu, þ. e. hjóna með tvö börn, eins og kunnugt er 280 þús. kr. eða um 23 300 kr. á mánuði. Það er þetta, sem mætti kannske kalla nauðþurftatekjur meðalfjölskyldu. Um leið og verðlag á almennum neyzluvarningi hækkar, er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að hækka persónufrádráttinn og þá fyrst og fremst persónufrádráttinn í sömu hlutföllum, og einmitt þess vegna verður að teljast eðlilegast, að skattvísitalan sé miðuð við framfærsluvísitölu.

Það er rétt að rifja það hér upp, hvernig skattvísitala hefur verið ákveðin síðustu 10 árin. Það hefur áður verið gert að nokkru leyti, en skal hér endurtekið. Á árunum 1960–1963 var skattvísitalan látin standa í stað, þrátt fyrir það að tekjur færu stórlega vaxandi og framfærslukostnaður að sama skapi. Oft óx dýrtíðin jafnvel enn hraðar, eins og kunnugt er. Árið 1965 fékkst svo aftur jafnvægi milli skattvísitölu og framfærsluvísitölu miðað við fimm undangengin ár, en þá hafði vísitala meðaltekna launþega komizt nokkuð fram úr. Árin 1967–1969 stóð skattvísitalan í stað, en hækkaði talsvert 1970 og 1971. Af þessu held ég, að megi verða ljóst, að skattvísitalan hefur oftast fylgt í humátt á eftir framfærsluvísitölu, og þó var skattvísitalan talsvert á eftir framfærsluvísitölunni um næstseinustu áramót. Aftur á móti er augljóst, að það er fjarri lagi, að skattvísitalan hafi fylgt breytingum á meðalatvinnutekjum í þjóðfélaginu.

Nú kunna menn að segja, að ávirðingar fyrri ríkisstj. séu í sjálfu sér engin afsökun fyrir hina nýju ríkisstj. Það hljóti að vera eðlilegast, að skattvísitalan sé látin fylgja þétt í kjölfar vísitölu meðalatvinnutekna, því að ella fari skattarnir hlutfallslega vaxandi miðað við tekjur. Og það skal fúslega viðurkennt, að þegar þannig stendur á, að tekjur manna vaxa hraðar en verðlag á neyzluvörum, sem hlýtur að hafa þær afleiðingar, að launakjör fara raunverulega batnandi og kaupmáttur launanna er að aukast, þá verður afleiðingin sú, ef skattvísitalan er látin fylgja framfærsluvísitölu, að skattarnir verða hlutfallslega hærri miðað við heildartekjur manna. En ég vil undirstrika í þessu sambandi, að það er ekki þar með sagt, að hægt sé að segja, að skattabyrðin hafi þyngzt. Ef verðlag á nauðsynjavörum hreyfist hægar upp á við en tekjurnar, verður meira afgangs hjá hverjum og einum, þegar búið er að greiða nauðþurftaútgjöld, sbr. það, sem ég hef áður sagt um persónufrádráttinn, og það er skatturinn á þessar auknu umframtekjur, sem gerir skattupphæðina hlutfallslega hærri miðað við heildartekjur. En skattprósentan á umframtekjurnar sjálfar, á það, sem eftir er, þegar búið er að draga nauðþurftaútgjöldin frá, er samt sem áður hin sama og fyrr, og það er það, sem máli skiptir í þessu sambandi.

Þetta fyrirkomulag skattvísitölunnar er einnig eðlilegt og óhjákvæmilegt, ef litið er á málin í víðara samhengi. Þegar almennar launatekjur aukast hraðar en verðlagið og meira verður afgangs hjá hverjum og einum, þá er að sjálfsögðu óheilbrigt, að þessum viðbótartekjum í þjóðfélaginu sé öllum varið í einkaneyzlu í þjóðfélaginu. Samneyzlan hlýtur að verða að vaxa í svipuðum mæli og einkaneyzlan, og hærri lífskjör kalla á auknar kröfur um þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Hvernig ætti að vera mögulegt að auka lífeyrisgreiðslur til öryrkja og aldraðra um 32–104%, eins og nú hefur verið gert á hálfu ári, án þess að skattar verði hlutfallslega heldur hærri en áður? Hvernig ættum við að geta stóraukið sjúkrahúsbyggingar, skólabyggingar og ýmiss konar verklegar framkvæmdir, án þess að skattgreiðendur greiði sama hlut og áður af viðbótartekjum sínum, sem umfram eru nauðþurftir, til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar? Og ég spyr enn: Hvernig á ríkið að fara að því að greiða starfsmönnum sínum launahækkun, sem nemur talsvert hærri hlutfallstölu en *almenn tekjuaukning í þjóðfélaginu hefur verið á sama* tíma, án þess að skattprósentan sem slík miðað við tekjurnar verði eitthvað hærri? Ég vil leyfa mér að segja, hvað þetta snertir, að skattar hljóta að hækka. Þeir verða almennt hærri í krónutölu en áður, og skattprósentan á eftir að hækka hjá mörgum. En þeir, sem hækka, hafa breiðari bök en áður. Byrðin þyngist ekki nema hjá þeim, sem meiri afgang hafa, og ekki hjá öðrum en þeim, sem hæstar hafa tekjurnar og eru raunverulega að létta byrðina á þeim tekjulægstu. Í heild er hins vegar skattabyrðin svipuð og áður, jafnvel heldur minni miðað við eðlilega skattvísitölu.

Hins vegar er það að sjálfsögðu aðalatriði þessa

margumrædda skattamáls, að nú er verið að gera skattakerfið einfaldara og réttlátara en verið hefur. Það er verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að ryðja til og grisja í frádráttafrumskóginum, sem hingað til hefur útilokað, að tekið væri upp staðgreiðslukerfi skatta. Hinir margvíslegu aukafrádráttarliðir hafa afskræmt skattakerfi okkar og eiga nokkra sök á því, hve skattarnir lenda misjafnlega þungt á fólki. Skattakerfið þarf að minni hyggju að vera svo einfalt, að sjá megi í fljótu bragði, hvern skatt menn eigi að fá, svo að mögulegt verði að draga skattinn jafnóðum frá tekjum. Ég spyr að lokum: Hvers vegna skyldi flestu fólki vera miklu verr við beina skatta en óbeina, jafnvel þó að þetta sama fólk viti, að óbeinu skattarnir eru óréttlátari og beinlínis þyngri byrði? Það er að sjálfsögðu vegna þess, að menn sjá ekki krónurnar, sem greiddar eru í söluskatt eða toll. Beini skatturinn er hins vegar tekinn beint upp úr peningaveski hvers og eins, og fæstir hafa hugmynd um, hvort skattframlag þeirra er sanngjarnt og rétt reiknað eða ekki.

Ég vil segja að lokum: Skattbreytingin, sem nú er á döfinni, er hin mesta og róttækasta, sem átt hefur sér stað í marga áratugi. Þessi breyting leiðir tvímælalaust til meiri jöfnunar og einföldunar en áður var, og þó er þetta vonandi aðeins fyrsta sporið af mörgum, sem stíga verður í átt til einfaldara og réttlátara skattakerfis.

Frsm. 1. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. 1. minni hl. fjhn., við hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, höfum ekki treyst okkur til, eins og raunar mátti búast við, að standa með meiri hl. fjhn. að þeirri till. að samþykkja þetta frv. um tekjuskatt og eignarskatt óbreytt. Það er fjarri, að svo sé. Við leggjum til eins og flokksbræður okkar í Nd., að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá, þar sem undirbúningur þessa frv. og efni þess er í meginatriðum gersamlega óviðunandi og samþykkt þess mundi hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins.

Ég vil nú í eins stuttu máli og mér er unnt rökstyðja þetta álit okkar enn frekar, þótt bæði ég og aðrir formælendur Sjálfstfl. höfum raunar gert það í umr., bæði hér í d. í umr. um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, svo og í Nd. varðandi þetta frv., sem nú er hér til 2. umr.

Það er svo, að ekki einasta hefur þetta frv. sætt ákaflega óvandaðri meðferð og undirbúningi, áður en það var sýnt hér í þingsölunum, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. skýrði frá hér við 1. umr., heldur hafa og verið höfð vettlingatök á meðferð málsins, eftir að það birtist hér á þingi. Þess er skemmst að minnast, að þinghlé var ekki að einu eða neinu leyti notað til þess að fara yfir þetta frv. í fjhn., og eftir að þing kom saman, voru nokkrir sameiginlegir fundir, þar sem mönnum gafst kostur á að hlýða á álit embættismanna. En almennt má segja um það, að meiri hl. fjhn. lét sig engu eða litlu máli skipta, hvað þessir embættismenn höfðu fram að færa, sem þó hafa mjög mikla reynslu á sviði skattamála. Og hér í þessari hv. d. hefur n. aðeins farið yfir frv. til málamynda. Fundur var boðaður í fjhn. Ed. kl. 10 í gærmorgun, og þegar að því var fundið, að 2. umr. gæti tæpast verið samdægurs, þá var skotið á skyndifundi í gær með klukkutíma fyrirvara til þess að slíta umr. um málið milli umr.

Í morgun var svo aftur fundur fjhn. Ed. ásamt með fulltrúum atvinnuveganna, sem komu þá á fund n. og birtu n. bréf, sem ég tel rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér. Bréfritarar eru Gunnar J. Friðriksson fyrir hönd Félags ísl. iðnrekenda, Ottó Schopka fyrir hönd Landssambands iðnaðarmanna, Kristján Ragnarsson fyrir hönd Landssambands ísl. útvegsmanna, Hjörtur Hjartarson fyrir hönd Verzlunarráðs Íslands og Jón H. Bergs fyrir hönd Vinnuveitendasambands Íslands. Bréfið hljóðar svo:

„Þar sem hv. fjhn. Ed. Alþ. mun í þann veginn að fá til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, leyfa undirrituð landssamtök atvinnuveganna sér að vekja athygli á sameiginlegri álitsgerð samtakanna, sem dags. er 12. jan. s. l. og send var fjhn. Nd. Í álitsgerðinni er fjallað um þau ákvæði frv., sem snerta skattlagningu atvinnufyrirtækja í landinu og lýst afstöðu samtakanna til þeirra. Samtökunum þykir miður, að ekki skuli hafa verið haft frekara samband við þau og samráð varðandi fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu atvinnurekstursins í landinu, sérstaklega þar sem sú varð raunin á í sambandi við þær breytingar á skattalögum, sem gerðar voru á s. l. ári. Þá var samtökunum gefinn kostur á að fylgjast náið með afgreiðslu þn. á breytingunum og koma að ábendingum og aths., sem í mörgum atriðum var tekið tillit til. Slíkur háttur á afgreiðslu málsins er mjög æskilegur að dómi samtakanna, og því þykir þeim miður, að frá honum er horfið. Samtökin harma það, að svo virðist sem ekkert tillit hafi verið tekið til þess, sem þau settu fram í fyrrgreindri álitsgerð. Óska þau eftir því, að n. kynni sér hana og vilja ítreka þær aths., sem þar eru settar fram. Sérstaklega vilja samtökin þó undirstrika eftirfarandi:

1. Ekki er annað vitað en sú stefna stjórnvalda sé óbreytt, að íslenzk atvinnufyrirtæki skuli vera jafnsett skattalega og atvinnufyrirtæki í öðrum EFTA-löndum. Þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, virðast ganga þvert á þá stefnu og gera skattalega aðstöðu íslenzkra atvinnufyrirtækja slíka, að stoðum sé kippt undan samkeppnishæfni þeirra við erlenda keppinauta.

2. Valfrelsi milli svo nefnds arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulags og varasjóðsfyrirkomulags var eitt af þeim atriðum, sem áttu að opna fleiri möguleika fyrir atvinnufyrirtækin til eigin fjármyndunar. Vilja því samtökin halda þessu valfrelsi, en frv. gerir ráð fyrir afnámi þess.

3. Með skerðingu ákvæða gildandi laga um flýtifyrningu er gildi fyrningarheimilda þeirra stórlega skert og það svigrúm, sem ákvæðunum er ætlað að veita, m. a. á tímum nauðsynlegra fjárfestinga, stórlega rýrt.

4. Engar lagfæringar hafa verið gerðar á ákvæðum frv. um endurmat lausafjár í atvinnurekstri, þrátt fyrir að frv. gerir því sem næst að engu þýðingu ákvæða gildandi laga þar um.

5. Frv. gerir ráð fyrir mjög verulegri hækkun virkrar skattprósentu frá því, sem er í gildandi lögum. Hlýtur þetta að leiða til versnandi samkeppnisaðstöðu íslenzkra atvinnuvega gagnvart erlendum keppinautum.

Í áðurnefndri álitsgerð samtakanna er sett fram sú skoðun, að ákvæði frv. feli í sér verulega íþyngjandi áhrif á skattlagningu atvinnurekstrar í landinu. Er sú skoðun síðan rökstudd í álitsgerðinni. Því þykir sam-

tökunum það mjög miður, að svo virðist sem alls ekkert tillit hafi verið tekið til ábendinga þeirra. Hins vegar hefur t. d. eignarskattsprósenta verið hækkuð frá því, sem var í frv. Samtökin vilja að endingu fara þess á leit við n., að hún kynni sér þær ábendingar, sem fram eru settar í fyrrgreindri álitsgerð samtakanna, og treysta því, að n. beiti sér fyrir breytingum á frv. til samræmis við þau sjónarmið, sem þar eru sett fram, svo að atvinnuvegir landsmanna verði ekki skuldbundnir og gerðir ósamkeppnisfærir með óhóflegri skattlagningu."

Síðan fylgja undirskriftir. – Það kom mjög greinilega fram hjá formælendum atvinnuveganna á fundi fjhn. í morgun, að þeir voru vonsviknir og bentu á mörg þau atriði, sem rétt er að skýra nokkru nánar. Það var í fyrsta lagi, eins og fram kemur í því bréfi, sem ég hef lesið, að lögð var áherzla á af þeirra hálfu, að áfram væri í lögum val hlutafélaga milli arðjöfnunarsjóðs og varasjóðs, og sé um arðjöfnunarsjóðsleiðina að ræða, þá sé opnuð leið til þess að safna fjármagni margra aðila til hlutafjárstofnunar í landinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur farið mjög í vöxt víða um land í kaupstöðum og sjávarþorpum, að fólkið sjálft hefur bundizt samtökum um það að safna fé í atvinnufyrirtæki til þess að tryggja atvinnuöryggi á staðnum. Það er þess vegna hagsmunamál slíkra staða og þess fólks, sem á þeim stöðum býr m. a., að leið sé opnuð til stofnunar hlutafélaga, þar sem hvort tveggja í senn er gert kleift: að stofna til arðjöfnunarsjóðs til þess að jafna arðgjöf á milli ára, og ekki síður hitt, sem nú er numið úr lögum, að nokkurt skattfrelsi sé veitt arði úr hlutafélögum, en í gildandi lögum er skattfrjáls arður 30 þús. kr. á einstakling og 60 þús. kr. á hjón, sem samsvarar, að arður af 300 þús. kr. hlutafjáreign er skattfrjáls. Þetta er mjög hóflega í sakirnar farið, þegar á má benda skattfrelsi sparifjár án takmörkunar að öllu leyti. En fjárfesting í atvinnufyrirtækjum og hlutafélögum er brýnasta mál okkar Íslendinga til þess að treysta atvinnuvegi okkar og atvinnuöryggi.

Þá kom það og fram, að formælendur atvinnuveganna bentu á, að með því að jafna flýtifyrningu á fimm ár, eins og gert er með gildandi lögum, sé í raun og veru verið að lækka fyrningarprósentur frá því, sem gilti samkv. lögunum frá 1965. En eins og kunnugt er, var hin venjulega árlega fyrningarprósenta í lögunum lækkuð á s. l. vori með tilliti til þess, að fyrirtækin hefðu heimild til flýtifyrningar, allt að 30%, eftir eigin vali að tíma til. Þetta hefur það í för með sér m. a., að það er veruleg lækkun orðin nú á fyrningarákvæðum, að því er snertir vinnslustöðvar landbúnaðar og sjávarútvegs. Þetta er gert á sama tíma og t. d. frystiiðnaðurinn stendur frammi fyrir óvenjulegum fjárfestingarkröfum, eins og kunnugt er, vegna þeirra skilyrða, sem frystiiðnaðinum og raunar matvælaiðnaðinum einnig eru sett af hálfu kaupenda okkar erlendis. Það skýtur skökku við málefnasamninginn, sem birtur var á s. l. sumri, þar sem talað var um, að létta ætti álögum á atvinnureksturinn í landinu og afnema og lækka gjöld á atvinnuvegunum.

Þá var í þriðja lagi af formælendum atvinnuveganna lögð áherzla á, að endurmatsheimild varðandi lausafé væri svo skert, að óviðunandi væri. Í stað þess, að endurmat var heimilt með tilvísun til endurkaupsverðs, þá er nú aðeins leyfð 20% hækkun á upphaflegu kaupverði lausafjár. Það er á þessu mjög mikill munur, og það segir sig sjálft, að þegar um verðhækkanir er að ræða, eins og hafa t. d. átt sér stað á skipum, sem teljast til lausafjár í þessum skilningi, er þessi endurmatsheimild hvergi nærri nægileg. Það verður seint sótt um endurnýjun fiskiskipaflotans, ef fyrningarheimildir og endurmatsheimildir eru ekki rýmri í lögum en þessu svarar. Enda er það svo, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur að vísu lengt lánstíma lána, sem veitt eru út á fiskiskip, og gerir almennt ráð fyrir, að þau greiðist ekki nema á 18 árum. Þetta er vísbending um þann rekstrargrundvöll, sem þessi hæstv. ríkisstj. ætlar sjávarútvegi landsmanna, að fiskiskip þeirra endist í 18 til 20 ár. Með þessum hætti fáum við aldrei eðlilega endurnýjun fiskiskipaflotans árlega jafnt og þétt, heldur verður um slík stökk að ræða eins og borið hefur á á síðasta ári, og það er út af fyrir sig óæskilegt. En meginatriðið í þessu efni er, að atvinnuvegirnir, ef þeir eiga að halda í við samsvarandi atvinnuvegi nágrannaþjóða og samkeppnisþjóða, verða að búa við samsvarandi fyrningarreglur og endurmatsheimildir eins og gerist og gengur í nágrannalöndunum. Það er álit formælenda atvinnuveganna, að með þessum breytingum, sem nú eru ráðgerðar á tekju- og eignarskattslögunum, sé töluvert frá því, að því marki sé náð, sem raunar hafi verið grundvöllur þess, að við tókum upp samninga við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Í fjórða lagi benda svo formælendur atvinnuveganna á það, að skattprósentan sjálf er hækkuð úr 43% í 53%. Raunar var skattprósentan heldur lægri en 43% í þeim sveitarfélögum, sem gáfu afslátt frá tekjuútsvari. Hér í Reykjavík hygg ég, að raunveruleg skattprósenta á tekjur hafi verið 41%, en hún er án undantekninga 53% nú.

Frsm. meiri hl. fjhn. taldi, að tekjuskattar fyrirtækja samkv. samanburði skattkerfa á fskj. II í nál. meiri hl. sýndi, að tekjuskattar fyrirtækja hækkuðu ekki samkv. skattalögunum miðað við þau lög, sem giltu við álagningu á s. l. ári. Við þetta vil ég gera þá aths., að þar sem rætt er í yfirliti hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar um gamla kerfið, tilvik I, er þetta tilvik I í raun og veru byggt á því, að fyrirheit voru í fjárlagafrv. á s. l. hausti um, að skatttekjur af félögum skyldu vera óbreyttar frá því fyrir breytinguna á skattalögunum s. l. vor. Það er e. t. v. nálægt því, sem hefði orðið miðað við sams konar álagningarreglur, en það er ekki nein nákvæm rannsókn, sem leiðir til þeirrar niðurstöðu. Hér er sem sagt eins og í svo mörgu öðru í sambandi við þær skýrslur og gögn, sem formælendur ríkisstj. hafa lagt fram til þess að reyna að draga úr þeirri staðreynd út á við, að skattbyrði bæði atvinnuveganna og einstaklinga eykst með tilkomu þessara skattafrv., að menn ákveða fyrst, hvaða niðurstöðu þeir vilja fá í þessum samanburði, og gefa sér síðan forsendur, sem geta leitt til þeirrar niðurstöðu.

Formælandi iðnaðarins taldi á fundi fjhn. í morgun það mjög mikilvægt, að iðnaðinum væri veittur möguleiki til þess að afskrifa vélar og tæki og endurmeta þær, til þess að þoka íslenzkum iðnfyrirtækjum til vélvæðingar og aukinnar hagræðingar. Formælandi Landssambands ísl. útvegsmanna benti sérstaklega á, að verðhækkun á fiskiskipum hefði leitt til þess, að þau

væru almennt hátt metin í bókum útgerðarfyrirtækja, en það þýddi aftur á móti ekki, að til væru sjóðir, sem nægilegir væru sem eigið fjárframlag til kaupa og endurnýjunar á fiskiskipastólnum.

Ég vildi láta þessi atriði koma fram, benda á, að álögur, að því er tekjuskatta fyrirtækja snertir, meira en tvöfaldast frá gildandi lögum með tilkomu þessara laga, og ég tel þó áætlun Efnahagsstofnunarinnar ekki raunhæfa, að því er tekjuskatta fyrirtækja snertir, þar sem þeir eru áætlaðir samkv. hinum nýju lögum 555 millj. kr., en samkv. hinum gömlu lögum, fyrir breytinguna s. l. vor, 543 millj. kr. Samkv. gömlu lögunum voru hæstu tekjuskattar 43%, nú eru þeir 53%, og ef gert er ráð fyrir til viðbótar þessari hækkun á tekjuskattsprósentu félaga, sem nemur um 23–24% hækkun, og ef til viðbótar er gert ráð fyrir einhverri hækkun á tekjuafgangi félaga, t. d. eitthvað í áttina við það, sem átt hefur sér stað hjá einstaklingum, eða um eða yfir 20%, kemur fram, að hér eru tekjuskattar fyrirtækja eftir hinu nýja lagafrv. mjög vanmetnir, jafnvel þótt takmarkaðar flýtifyrningar og endurmatsheimildir, sem ráðgerðar eru, verði nýttar.

Áður en ég skilst við þann þátt þessara mála, sem lýtur að skattlagningu félaga, tel ég nauðsynlegt að benda enn á atriði, er snertir mismunun félagsforma, sem ráðgerð er samkv. þessum frv. Þess var áður getið, að gildandi lög gerðu ráð fyrir skattfrelsi arðs af hlutafé, 30 þús. hjá einstaklingi og 60 þús. kr., að því er hjón snertir. Á sama hátt átti að vera skattfrelsi vaxta af stofnfé að sömu takmörkunum. Nú er búið með þessu frv. að afnema skattfrelsið, að því er tekur til arðs af hlutafé, en skattfrelsi af vöxtum af stofnfé er haldið í lögunum og gildir bæði fyrir einstaklinga og félög, þannig að t. d. samvinnufélög eru skattfrjáls af vöxtum af stofnfé, sem þau eiga í öðrum samvinnufélögum. Ég tel þetta óeðlilega mismunun félagsforma og brot á því jafnrétti, sem ríkja á í lýðfrjálsu landi. Sams konar mismunun er á ferðinni, að því er snertir skattlagningu samvinnufélaga af viðskiptum við utanfélagsmenn. En í gildandi lögum er ákveðið, að ef félög geta ekki gert grein fyrir viðskiptum sínum við utanfélagsmenn, skuli allar tekjurnar skattskyldar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að breyta þessu á þann veg, að félögin geti endurgreitt eða lagt í stofnsjóði ⅓ hluta hreinna tekna sinna. Af þessu sést, þegar haft er í huga, að varasjóðsfrádráttur er 25%, að ekki verður mikið eftir til skattlagningar, þegar varasjóðsframlagið hefur verið dregið frá til viðbótar, m. ö. o., að samvinnufélög eru sem slík algjörlega skattfrjáls, nema að því er snertir fasteignaskatta og aðstöðugjöld.

Ég vil þá víkja að ýmsum ákvæðum fyrirliggjandi frv. og áhrifum þeirra á skattlagningu einstaklinga og drepa nokkuð á, hvernig þær skýrslur eru til komnar eins og t. d. sú, er við sjáum sem fskj. í nál. meiri hl. fjhn. Þar er fyrst og fremst sú forsenda gefin, að skattvísitalan sé ákveðin 106.5. Það er varið með því, að það svari til hækkunar framfærsluvísitölu á milli ára. Nú er það ekki heldur alveg nákvæmt, því að hækkun skattvísitölu mun vera nokkru hærri, 6.7 eða 6.8 stig, og það hefur einnig komið fram, að ekki er heldur miðað við að ná því upp, sem skattvísitalan var á eftir framfærsluvísitölunni, vegna þess að ekki var unnt að halda í horfinu á erfiðleikaárunum 1967 og 1968. En stjórnarsinnar hefðu átt, ef þeir hefðu viljað vera sjálfum sér samkvæmir, að vinna skattvísitöluna upp, því að það er nú ekki lengra síðan en á löggjafarþinginu 1970–1971, að í Nd. fluttu þeir frv. til l., þm. Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Vilhjálmur Hjálmarsson og Eysteinn Jónsson, um það, að skattvísitalan skyldi þá færast í það horf að fylgja framfærsluvísitölunni fullkomlega. Hér í hv. Ed. fluttu þeir shlj. till., þm. Einar Ágústsson, Björn Jónsson og Steingrímur Hermannsson. Ef þessir stjórnarsinnar vildu nú vera sjálfum sér samkvæmir, ættu þeir að ákveða skattvísitöluna ekki 106.5 og ekki 121.5, eins og við höfum rætt um sjálfstæðismenn, heldur 124.

Frsm. meiri hl. fjhn. ræddi um, hvað væri réttlát skattvísitala, og gerði þar að umtalsefni, hvort ætti að fylgja hækkandi verðlagi eða hækkandi kaupgjaldi. Nú er það að vísu svo, að fyrrv. stjórn setti sér það að markmiði, að skattvísitalan væri sem nánast í samræmi við dagkaup Dagsbrúnarverkamanns með svo sem einni eftirvinnustund á dag. Því miður tókst ekki að halda í horfinu, þegar erfiðleikaárin gengu yfir, og heldur ekki í horfinu við framfærsluvísitöluna, en við getum sparað okkur að ræða um, hvort sé réttlátari viðmiðun hækkandi framfærsluvísitala eða kaupgjaldsvísitala. Við getum í bili alla vega sætzt á það sjónarmið, sem þessir hv. stjórnarsinnar báru fram í fyrra um það að miða við framfærsluvísitöluna, og við getum jafnvel líka verið þess sinnis, að það þurfi að taka það skref í áföngum. Í fyrra var það yfirlýst stefna þáv. fjmrh. að ná því, sem menn höfðu dregizt aftur úr, í áföngum, og þá hækkaði hann skattvísitöluna um 20% og framfærsluvísitalan hafði aðeins hækkað um 14%. Nú er það till. okkar að hækka hana um 21.5%, þótt hin hafi aðeins hækkað um 6.5%, en við geymum okkur síðasta áfangann upp í 24% þar til á næsta ári, ef svo horfir, sem útlit er fyrir nú. Við viljum gjarnan halda áfram og miða við það, sem upphaflega var markmiðið, daglaun Dagsbrúnarverkamanns með eftirvinnukaupi, en til þess þyrfti skattvísitalan að vera ákveðin 133 stig, þannig að það er ljóst, að við sýnum fullkomlega ábyrgðartilfinningu með þessari stefnumörkun okkar. Hún er í raun og veru á þann veg, að hún er varlegri nú einu ári síðar en stefnumörkun hæstv. fjmrh. var í fyrra, og hefur þó allt horfið til betri vegar, að því er viðskiptakjör og aflabrögð snertir, á því ári, sem síðan er liðið, þótt annað hafi gengið oss í móti eins og stjórnarskiptin og annað því um líkt.

Það urðu nokkrar orðræður hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn. um það, að það væri eðlilegt að miða við framfærsluvísitölu, því að eftir því hækkuðu persónufrádrættirnir, og persónufrádrættirnir miðuðust við útgjöld til brýnustu lífsnauðsynja. Það væri aðalatriðið, að sá frádráttur hækkaði. En hins vegar væri ekkert óeðlilegt við það, að skattbyrðin ykist hlutfallslega að öðru leyti, eða þannig skildi ég hv. frsm. Hann sagði eitthvað á þá leið, að samneyzlan yrði að vaxa í sama mæli og einkaneyzlan. Það tel ég eðlilega viðmiðun. En ef við miðum eingöngu við framfærsluvísitölu og ekki við tekjur manna eða kaupgjaldsvísitölu, eykst auðvitað samneyzlan, ef kaupgjaldið hækkar meira en framfærslukostnaður. Þá ætlum við meira af þjóðartekjunum í samneyzlu. Ég er ekkert að útiloka að svo geti farið, að við val á ýmsum eftirsóknarverðum mark-

miðum teljum við, að samneyzlan þurfi á einhverju tímabili að aukast meira en einkaneyzlan. En við skulum ekki blekkja okkur í þeim efnum, að skattbyrðin hlýtur að aukast í sama mæli og um leið. Það er talið samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh., að skattbyrðin muni aukast miðað við þjóðarframleiðslu úr 32% í 34%, aðeins miðað við árin 1971 og 1972, og það er þó nokkuð.

Ég vildi láta þetta koma fram, að því er skattvísitöluna snertir, en í framhaldi af því vildi ég leyfa mér að benda á, að ef miðað er við skattvísitölu 121.5, eins og við sjálfstæðismenn höfum bent á, að eðlilegt sé, er aukin skattbyrði samkv. framlögðum gögnum Efnahagsstofnunarinnar yfir 700 millj. kr., og þegar tekið er tillit til minnkaðra niðurgreiðslna á landbúnaðarvöru, má bæta við a. m. k. 400 millj. kr. til viðbótar, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. benti hér á við 1. umr. um þetta frv. En þá er eftir enn fremur að taka tillit til þess, að í þessum samanburði er ekki gert ráð fyrir, að sveitarfélög landsins þurfi að grípa til álagsheimilda þeirra, sem þau hafa samkv. tekjustofnalögum sveitarfélaga. Ef um það er að ræða, bætast við milli 500 og 600 millj. kr. í skattbyrði, svo að þegar allt þetta kemur heim og saman, er skattbyrðin orðin býsna miklu þyngri samkv. þeim fyrirliggjandi lögum en samkv. þeim, sem verið hafa í gildi.

Það er einnig vert að leggja á það áherzlu, að í þessum samanburði Efnahagsstofnunar er ekki tekið fullt tillit til frádráttarhæfni ýmissa gjalda eins og t. d. útsvara og nefskatta, sem skiptir mjög miklu máli. Þá er og gengið út frá því, að nefskattar mundu hafa hækkað miðað við, að gamla kerfið hefði áfram verið í gildi, en svo hefði ekki þurft að vera, því að frá 1. ágúst s. l. til ársloka 1971 voru sjúkrasamlagsgjöld niðurgreidd um sem nam um 150 kr. á mánuði, og frádráttarbærnin er ekki í dæminu og ekki niðurfelling þeirra á kaupgjaldsvísitölu, sem nemur svo háum upphæðum, að þeir, sem hafa 30 000 kr. mánaðarlaun, mundu á þessu yfirstandandi ári tapa í tekjum upphæð, sem svarar til nefskatta á hjón, eða á milli 21 og 22 þús. kr. Þess vegna er þessi samanburður mjög villandi og blekkjandi á allan hátt. Þá er gjarnan í blöðum stjórnarsinna ekki tekin með hækkun fasteignaskatta og því síður álag á þá eða hækkun á stofni fasteignamatsins, en allt þetta getur leitt til þess, að fasteignaskattar verði 0.9% af fasteignamati.

Þegar ég tel mig nú hafa sýnt fram á, að það fari ekki á milli mála, að samkv. öllum gögnum og staðreyndum málsins sé um mikla aukningu skattbyrðarinnar að ræða í heild, þá er út af fyrir sig athyglisvert að kynna sér, með hvaða hætti ríkisstj. hyggst dreifa skattbyrðinni, og e. t. v. má taka aðeins smádæmi til að byrja með um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur breytt frv. sínu í meðförum þingsins, og hafa þá í huga þá yfirlýsingu stuðningsblaðs ríkisstj., að meira en helmingur framteljenda hafi undir 300 þús. kr. brúttótekjur á s. l. ári. Þá kemur í ljós, að sé um einhleypinga að ræða með brúttótekjur 200 þús. og 300 þús. kr., þá hafa breytingar á frv. í meðförum stjórnarsinna í þinginu orðið til þess, að skattbyrði þessara tekjuflokka þyngist, en léttist aðeins á þeim, sem hafa brúttótekjur 400 þús. og 600 þús. kr. og þar yfir, og þá er ég aðeins að tala um upphaflegt frv. og það, sem við sjáum nú með breytingum. Að því er snertir hjón, þá er sama sagan, að skattbyrði þeirra hjóna, sem hafa 200 þús. og 300 þús. kr. brúttótekjur, þyngist frá upphaflega frv., en hún léttist aðeins hjá þeim, sem hafa hærri tekjur.

Þetta var nú útúrdúr. En ég vildi þó aðeins geta um, hvernig skattbyrði einstakra skattþegna breytist samkv. frv., og gera samanburð á því og því, sem var á s. l. ári og mundi hafa orðið eftir óbreyttu kerfi og skattvísitölu 121.5 á þessu ári.

Ef við tökum fyrst einhleypan karlmann með 200 þús. kr. tekjur, þá var skattbyrði hans á s. l. ári 14%, en mundi verða með sama kerfi 14.7%. Nýja kerfið er með 11% útsvarsstiga, – sem ég geng yfirleitt út frá vegna takmarkaðra tekjustofna sveitarfélaga og með því einnig, að tekjuskattar voru lækkaðir úr 45% í 44% með tilliti til þess, að sveitarfélög gætu nýtt 11%, – þá er skattbyrðin orðin 15.63%. Ef við reiknum inn í dæmið áhrif nefskattanna á launin, þá er skattbyrðin orðin 19.58%. Það vill segja, að skattbyrðin hefur aukizt um 40% á einhleypum karlmanni með 200 þús. kr. tekjur frá því, sem var á árinu 1971.

Ef við tökum einhleypan karlmann með 400 þús. kr. tekjur, þá var skattbyrðin á árinu 1971 23%, en yrði með óbreyttu skattkerfi sú sama, með nýja kerfinu án kaupgjaldsvísitöluáhrifa 30.5% og með kaupgjaldsvísitöluáhrifum 34.4%, eða skattbyrðin eykst um 49%.

Ef við tökum einhleypan karlmann með 600 þús. kr. tekjur, þá var skattbyrði hans á s. l. ári 29.4%, en yrði með óbreyttu kerfi lík, með nýju kerfi án kaupgjaldsvísitöluáhrifa 36.6% og með kaupgjaldsvísitöluáhrifum 40.6%, eða skattbyrði eykst um nær 38%.

Ef við tökum barnlaus hjón með 200 þús. kr. tekjur, var skattbyrði þeirra á s. l. ári 12.5%, en yrði með óbreyttu kerfi 13.7%, en með nýja kerfinu án kaupgjaldsáhrifa 11.6% og nýja kerfinu með kaupgjaldsáhrifum 15.5%. Aukning skattbyrðar er 24.2%.

Ef við tökum barnlaus hjón með 400 þús. kr. tekjur, þá var skattbyrði þeirra á s. l. ári 14.8%, með óbreyttu kerfi 15%, með nýja kerfinu án kaupgjaldsvísitöluáhrifa 17.3%, en með áhrifum kaupgjaldsvísitölu 21.2%. Aukning skattbyrðar er 43.8%.

Og ef við tökum barnlaus hjón með 600 þús. kr. tekjur, þá var álagningin á síðasta ári 21.3%, og yrði sú sama, ef sama kerfi yrði nýtt, en með nýja kerfinu án kaupgjaldsvísitöluáhrifa 26.4% og með kaupgjaldsvísitöluáhrifum 30.3%. Aukning skattbyrðar er 42%.

Þetta sýnir það, að skattbyrði einstakra skattþegna, einstaklinga og hjóna, eykst mjög verulega. Þá er mjög mikil ónákvæmni til staðar, að því er snertir ákvæði um skattlagningu einstæðra mæðra. Þannig sýnast meðlagsgreiðslur til einstæðra mæðra verða útsvarsskyldar, og sömuleiðis eftir því, sem tekjustofnalögin segja um aukafrádrátt fyrir einstætt foreldri, sýnist ekki vera um að ræða, að hann sé frádráttarbær á tekjum til útsvars. Þetta getur leitt til þess, að hagur þessa hóps skattþegnanna sé fyrir borð borinn.

Ég vil þá koma að enn einum hópi í þjóðfélaginu, sem löggjafinn hefur hingað til séð ástæðu til að hafa sérstök ákvæði um, en það eru sjómennirnir. Ef við tökum sjómann með 470 þús. kr. brúttótekjur á árinu 1971, sem samsvarar 352 þús. nettó, áður en til sjómannafrádráttar kemur, þá var skattbyrði hans af brúttótekjum 6.38% í Reykjavík 1971, en yrði með ó-

breyttu kerfi og vísitölu 121.5 6.72% eða nær hin sama. Samkv. frv. mundi þessi skattbyrði verða, að því er farmenn snertir, 12.45%, og að því er fiskimenn snertir, 12.12%. Skattbyrði sjómanna tvöfaldast því miðað við gamla kerfið.

Ef við lítum nánar á þá hópa, sem löggjafinn hefur viljað taka sérstakt tillit til hingað til, þá er dæmið á þennan veg, að því er aldraða fólk snertir. Við skulum fyrst taka einhleypan, aldraðan mann með 200 þús. kr. brúttótekjur, þ. e. 120 þús. kr. launatekjur, annað er ellilífeyrir og eigin húsaleiga. Þá mundi skattbyrði hans á síðasta ári hafa verið 3.35%. Ef gamla kerfið héldi áfram og persónufrádráttur 67 ára og eldri 2/5 af persónufrádrætti einstaklings, þá mundi skattbyrði hans verða 2.58% eða lækka. Samkv. nýja kerfinu mundi skattbyrðin verða 11.49% og launaskerðing vegna kaupgjaldsvísitölu 4 700 kr.

Ef við tökum einhleypan, aldraðan mann með 300 þús. kr. tekjur þá var skattbyrði hans 10% á síðasta ári, en yrði samkv. óbreyttu kerfi vegna sérstaka frádráttarins, sem samþykktur var á s. l. vori, 7.36%, en samkv. fyrirliggjandi frv. 22.69%, og til viðbótar kæmi launaskerðing vegna kaupgjaldsvísitölu 8 600 kr.

Ef við tökum síðan einhleypan, aldraðan mann með 400 þús. kr. tekjur, þá var skattbyrði hans á s. l. ári 17.3%, samkv. gamla kerfinu með þeim frádrætti, sem samþykktur var í fyrra, 13%, en yrði samkv. fyrirhuguðum lögum 29.25% og launaskerðing vegna kaupgjaldsvísitölu 12 600 kr.

Ef við tökum síðan gömul hjón með 200 þús. kr. brúttótekjur, þá var skattbyrði þeirra á s. l. ári 0.82%, og hefði fallið niður í 0.65% á þessu ári að óbreyttum lögum, en nýja kerfið leiðir til þess, að skattbyrðin hækkar í 3.67%, og launaskerðing vegna kaupgjaldsvísitölunnar er 2 700 kr.

Þá eru það öldruð hjón með 300 þús. kr. tekjur. Skattbyrði þeirra var á s. l. ári 2.23%, en hefði orðið á þessu ári 1.52%, en verður 8.64% eða nær þreföldun skattbyrðarinnar, og auk þess verður launaskerðing vegna kaupgjaldsvísitölunnar 6 600 kr.

Ef við lítum á fullorðin hjón með 400 þús. kr. brúttótekjur, þ. e. launatekjur auðvitað 269 þús. kr., þá var skattbyrði við álagningu 1971 6.73%, samkv. óbreyttu kerfi 4%, en verður nú 16.65%, auk launaskerðingar vegna kaupgjaldsvísitölu, 10 600 kr.

Það var, að mig minnir, samdóma álit þm. á s. l. vori, að aldrað fólk, sem komið væri á ellilífeyrisaldur og hefði unnið allt sitt líf hörðum höndum, ætti það inni hjá samfélaginu að fá nokkra tilhliðrun á efri árum. Nú er gengið í þveröfuga átt, og skattbyrðar þessa fólks auknar, ekki eingöngu með þessum hætti, eins og ég hef hér sýnt fram á, heldur og með stórhækkuðum fasteignasköttum, sem koma mjög illa við þennan hóp í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt og vil þó bæta við það, sem ég hér hef rakið um einstök dæmi þess, hve illa þessi fyrirhugaða skattalöggjöf kemur niður á ýmsum hópum skattþegna, því, að ég tel nær óhugsandi, að núv. ríkisstj. hafi í raun og veru ætlazt til, að þessi yrðu áhrifin. Ég hygg, að það séu velviljaðri menn en svo, sem þá ríkisstj. skipa, og stjórnarsinnar séu það almennt. Ég tek þetta miklum mun frekar fram sem dæmi um lélegan undirbúning þessara skattalagafrv. Hefði ríkisstj. gert sér grein fyrir áhrifum skattalaganna, eins og þau liggja fyrir í dag í þessari hv. d. og í Nd., þá er ég viss um, að hún hefði skoðað hug sinn betur og vandað undirbúning málsins á þann veg, að slíkir agnúar væru af lögunum sniðnir. Þess vegna er það álit okkar sjálfstæðismanna, að ekkert annað úrræði sé fyrir hendi, eins og dæmið stendur í dag, en að fresta því að leiða slík ákvæði í lög og búa við gamla kerfið með þeirri skattvísitölu, er við höfum lagt til, og vanda betur lagasmíðina. Um það er ekki ágreiningur, að rétt sé að endurskoða bæði lög um tekjuskatt og eignarskatt og lög um tekjustofna sveitarfélaga, en slíka endurskoðun verður að vanda, og hún verður að miðast við það að örva sparnað manna og viðleitni til öflunar tekna.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið í framsöguræðu sinni hér í d., að þessi lög gerðu ráð fyrir því að skattleggja eignir, þar sem eignir væru fyrir hendi, og tekjur, þar sem tekjur væru fyrir hendi. Ég býst nú við, að þetta sé meira eða minna markmið allra skattalaga, en spurningin er, hvernig að þessu er farið. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að mjög varlega beri að fara í skattlagningu eigna, hvort heldur eru fasteignir eða hreinar eignir til þess að koma ekki í veg fyrir eignamyndun í þjóðfélaginu. Efnahagslegar framfarir byggjast á slíkri eignamyndun, byggjast á því, að menn leggi nokkuð til hliðar til þess að kaupa ný framleiðslutæki, til þess að skapa sér og fjölskyldu sinni og atvinnufyrirtækjum sínum betri möguleika til aukins starfsárangurs. Með þessum hætti einum eykst verðmætasköpunin í þjóðfélaginu, sem er undirstaða kjarabóta fyrir allan almenning. Ef við í heild teljum, að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu sé sæmilega réttlát, þá liggur og í augum uppi, að skattar á tekjur almennt eiga að vera hóflegir, og það er skoðun okkar, að skattar, sem fara yfir það, að jaðarskatturinn nemi meira en helmingi síðustu krónu í tekjum manna, séu til þess fallnir að draga úr framtaki manna og vilja til þess að leggja eitthvað á sig, bæði sjálfum sér til góðs og þjóðarheildinni um leið. Spyrja má, hvort nauðsyn sé til tekjujöfnunar. Við sjálfstæðismenn teljum, að slík nauðsyn sé ekki fyrir hendi í þjóðfélaginu í dag, slík nauðsyn leiði ekki til þess, að jaðarskattar þurfi að fara yfir 50%, og sannleikurinn er sá, að skattafrv. ríkisstj. hafa ekki það í sjálfu sér að markmiði að leiða af sér tekjujöfnun, því að tekjuskattur til sveitarfélaga er jafn, hlutfallslegur skattur, 11% í raun, eftir því sem ég tel, að muni verða, og ef litið er frá persónufrádráttum, sem ganga yfir alla í tekjusköttum, þá er sami tekjuskattur á alla, sem ná ákveðnum tekjum, 44%. Raunverulega má því segja, að allir búi við 55% skatt, ef undan er tekinn persónufrádrátturinn og 75 þús. kr. teknabil, sem lægra er skattlagt. Ég er ekki út af fyrir sig að gagnrýna þetta, en ég nefni þetta til að sýna fram á það, að um tekjujöfnun er ekki að ræða nema að því leyti, sem persónufrádrættir segja til um. Ég tel líka, að þegar komið er upp í 55% jaðarskatt, þá sé ekki efni til tekjujöfnunar umfram það, og sannleikurinn er sá, að það er óeðlilegt, að menn séu komnir upp í hæstu skatttaxta þegar í meðaltekjum, eins og raun ber vitni um í þessu frv. Það sýnir, að leið beinna skatta er algjörlega tæmd, og það væri langtum áhrifameira og betri skattheimta og eðlilegri, – að svo miklu leyti, sem tekjuþörf hins opinbera

segir til um og er viðurkennd, en það er annað mál, – að fara leið óbeinna skatta, eins og við sjálfstæðismenn höfum bent á. Með þessum frv. er stigið í öfuga átt. Hlutfall beinna skatta í tekjuöflun ríkisins hækkar úr 19.2% í 25.7%. Það er einnig til þess fallið að draga úr tekjuöflunarviðleitni, draga úr eignamyndun, og ef nokkuð er, að örva eyðslu. Hér er öfugt að farið við það, sem við viljum, og við það, sem er grundvöllur að framförum í þjóðfélaginu.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég ætla hér í nokkrum orðum að gera grein fyrir afstöðu minni. Það er nú búið að ræða svo mikið um útreikninga og vísitölu og þar fram eftir götunum, og í raun og veru gæti ég sleppt því að fara að lengja þær umr. En ég ætla að sjá til, hvað tími hrekkur til.

Ég skila sérnál. nr. 456 og rek þar, að aðdragandi þessara frv. og meðferð öll hér í þinginu er með nokkuð sérstæðum hætti. Við höfum mjög spurt um það, hverjir hefðu samið frv. Það fékkst ekki upp gefið. Það kemur hér fram í nál. hjá mér, að ríkisskattstjóri hafi skilað löngum aths. En það er ein prentvilla. Það á að standa „rúmlega 12 vélritaðar bls.", en stendur „rúmlega 13 vélritaðar síður." Hann skilaði þessum aths. við frv. á einum nefndarfundi hjá okkur. Bæði voru þessar aths. efnislegar og einnig tæknilegar. Og hann fór ekki dult með það, að erfitt gæti verið í vissum tilfellum að tryggja þannig framkvæmd laganna, að ekki yrði ágreiningur og tilefni til málaferla. Langbezt væri að komast hjá því, að slík löggjöf ætti sér stað, en því miður er skattamálum þannig háttað, að það þarf mikinn tíma og raunar aðeins sérþjálfaða menn til þess að semja slíka löggjöf og tryggja þannig, að ekki komi til missagna eða mistúlkunar, svo að endi með málaferlum og dómstólum.

Það er auðvitað augljóst og hefur verið viðurkennt hér áður úr ræðustóli, að hæstv. ríkisstj. þarf stórauknar tekjur. Það er búið að afgreiða fjárlög, sem eru með rúmlega 5 milljarða útgjaldaaukningu frá síðustu fjárlögum og auðvitað þarf að mæta þessum útgjöldum á einhvern hátt. Þessara tekna er aflað með margvíslegu móti, og einn þátturinn eru beinir skattar á einstaklinga og fyrirtæki. Mér virðist, hvernig sem reiknað er, að fyrirtækin muni bera kringum 500 millj. kr. aukningu, og held ég, að um það sé ekki deilt. Um hitt er deilt meira, hversu beinu skattarnir hækka og á hvaða hátt þeir munu dreifast. Það hefur verið undirstrikað, að þeir eigi að dreifast á hin breiðu bök í þjóðfélaginu, þ. e. tekjuhærri einstaklinga. Við hins vegar vefengjum það, að frv. tryggi, að slíkt eigi sér stað.

Það má deila um það, með hvaða hætti skattbyrðin kemur fram, og taka mismunandi afstöðu til talna. Mér dettur í hug einfalt dæmi. Maður, sem s. l. ár hefur haft 800 þús. kr. tekjur og greitt 400 þús. kr. í skatta, þ. e. a. s. helming, 50%. Nú vaxa tekjur hans upp í 1 millj. kr., og hann greiðir 600 þús. kr. Hann hefur sömu 400 þús. kr. til ráðstöfunar. Ég tel, að maðurinn hafi hækkað í skattbyrði tvímælalaust, þótt ráðstöfunartekjur hans séu áfram 400 þús. kr. Sumir mundu segja, að maðurinn væri ekki verr settur. Ég tel, að hann sé nokkru verr settur, því að með aukningu á tekjum má búast við, að annað hafi vaxið í þjóðfélaginu miðað við reynslu undanfarinna ára. Ef svo væri ekki, þ. e. allt annað stæði kyrrt, væri maðurinn ekki verr settur. Svona má mistúlka afstöðu í tölum og rífast um það endalaust, en ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það.

Ég hef leyft mér að bera fram tvær brtt., sem skipta þó nokkru máli og þó sérstaklega fyrir eldra fólkið, á þskj. 449. Hin fyrri fjallar um fyrningu á húseignum. Það var gefin út reglugerð um það mál um s. l. áramót, og þar var kveðið svo á, að framvegis skuli raunverulegur viðhaldskostnaður af íbúðarhúsum ekki vera frádráttarbær, heldur skuli jafnan telja 1.5% fasteignamats steinhúsa og 2% fasteignamats timburhúsa sem viðhaldskostnað. Ég held, að þetta geti komið aftan að einhverjum, sem hafa staðið í viðhaldi á s. l. ári og lagt í því sambandi fram tilskildar nótur og jafnvel tekið stóran hluta tekna sinna til viðhalds á grundvelli þeirra laga, sem eru í gildi enn þá, þannig að hér kunna að rísa vandamál, og þess vegna væri bezt að forðast þau og taka þennan þátt fyrir í endurskoðun á löggjöfinni, sem boðuð hefur verið. Ég held, að útilokað sé annað en að margir einstaklingar muni lenda í leiðindum út af þessum þætti, ef hann verður ekki felldur niður, og þetta skiptir ríkissjóð bókstaflega sama og engu. Það skiptir samt nokkru máli í framkvæmd núgildandi laga og örugglega við gildistöku þessara laga.

Í öðru lagi er um frádráttarreikning að ræða fyrir aldraða fólkið, og skýrir gr. sig sjálf, og þarf ég ekki að eyða miklum tíma í það.

Þriðja liðinn í brtt. vil ég leyfa mér að taka aftur, vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur lýst því í Nd., að hann telji eðlilegt, að sköttun hjóna komi inn í endurskoðunina, og hefur þess vegna þessi liður fengið fulla viðurkenningu, og ég vil einnig þakka honum sérstaklega fyrir það, að hann hefur núna boðið upp á það við áframhaldandi endurskoðun skattalaganna, að stjórnarandstaðan fái sína fulltrúa í þessum endurskoðunarnefndum. Það er mjög mikilvægt, og það mundi áreiðanlega spara tíma og deilur um viss túlkunaratriði í löggjöfinni, ef allir flokkar ættu framvegis sína fulltrúa við mótun löggjafarinnar. Hitt er svo annað mál, að það er sjálfsagt, að ríkisstj. á hverjum tíma láti sína trúnaðarmenn fjalla um einstaka þætti, en engu að síður er þetta þakkarvert að bjóða upp á aðild að jafn viðkvæmu máli og skattalöggjöf er hverju sinni, og ég þakka honum aftur fyrir það.

Það kemur fram í nál. minu, að ég teldi heppilegast miðað við orð ráðh. og miðað við það, sem frv. bera með sér, að frv. yrði vísað til ríkisstj., þar sem yfirlýst er, að endurskoðun þarf að fara fram á komandi sumri. Hins vegar tek ég skýrt fram, að Alþfl. er tilbúinn að standa að tekjuöflun vegna tryggínganna og annarra lífsnauðsynlegra útgjalda, sem eru eðlileg og við höfum allir staðið að að samþykkja hér í hv. Alþ., og yrði það að skoðast þá sérstaklega með hliðsjón af gildandi lögum og hvað þau lög mundu færa ríkissjóði í tekjur, og ætti nú ekki að vera vandamál að sjá það út, svo miklir reikningar hafa átt sér stað í því efni.

Ég vildi minnast hér á eitt atriði, sem hefur ekki verið rætt, held ég, af neinum, en það er raunverulega skipulagsbreyting, sem er fjallað um – það er 13. gr. núna, held ég, eftir 2. umr. í Nd., en var 12. gr. í frv. – og svo nokkrum gr. á eftir, það er um skipulagsbreytingu á ríkisskattanefnd o. fl. Mér virðist, að í 13. gr. segi: „Í ríkisskattanefnd eiga sæti þrír menn og þrír til vara.

Fjmrh. skipar formann og varaformann nefndarinnar.“ Ég sé ekki, að hér sé um tímabundna skipun að ræða, og vildi þess vegna spyrja: Er hér raunverulega um ævistarf að ræða hjá þeim mönnum, sem yrðu skipaðir í þetta, þannig að þeir gætu setið í þessari nefnd ævilangt? Hins vegar segir hér neðar í gr.: „Aðra nm. og varamenn skipar ráðh. til fjögurra ára úr hópi sex manna, sem Hæstiréttur tilnefnir sem hæfa til starfsins.“ Hér er um mikilvæga skipulagsbreytingu að ræða. Ég held, að það hafi farið fram hjá mér, ef hæstv. ráðh. hefur fjallað um síðasta kafla frv., sem er um framkvæmd og skipan þessara mála. Ég skal ekki á þessu stigi dæma um nauðsyn þess nú þegar, en hér er áreiðanlega, held ég, stefnt í rétta átt. En fróðlegt væri að heyra nokkru nánar um þennan þátt fyrir okkur, því að þetta er mjög mikilvægt einmitt í sambandi við framkvæmd á löggjöfinni, hvernig til tekst og með úrskurði o. fl., sem er fjallað um í næstu greinum hér á eftir.

Margt mætti segja um bæði skattafrv. í heild, því að það verður að skoða þessi frv. í einni heild. Þau eru svo nátengd, frv., sem við erum búnir að afgreiða úr þessari d., og núv. frv. um tekjuskatta. Það er margyfirlýst og viðurkennt, að íslenzk fyrirtæki standa höllum fæti í samkeppni við erlend fyrirtæki. Ég dreg það í efa, að með gildistöku þessara frv. sé staða íslenzkra fyrirtækja þannig sett, að þau geti mætt vaxandi samkeppni. Það er fyrir hendi, að þau eiga von á vaxandi samkeppni í heiminum með ýmsu móti, á iðnaðarsviðinu sérstaklega, og ýmsu öðru móti, og íslenzk fyrirtæki geta því aðeins verið hér blómleg og veitt tryggt og gott atvinnulíf, að samkeppnisaðstaða þeirra sé trygg. Það varð niðurstaða á hv. Alþ., að allir flokkar utan einn, Alþb., voru með aðild okkar að EFTA. Hvað sem verður um EFTA, þá mun hitt eftir standa, að við þurfum að selja til Evrópu og annarra landa og selja á samkeppnishæfu verði. Til þess að það megi takast, þarf hvert fyrirtæki að hafa eðlilega möguleika til fjármögnunar og afskrifta og endurnýjunar. Ef það er ekki fyrir hendi, þá lognast fyrirtækið út af.

Það er nokkuð deilt um það, hvernig þessi skilyrði eigi að vera, og það hefur verið mjög hart deilt á þá löggjöf, sem þáv. meiri hl. stóð að á síðasta þingi og er talin stefna út í ógöngur um jafnvel of góð skilyrði, og þess vegna sé nauðsynlegt að draga nú mjög úr þeim góðu skilyrðum og setja núv. ákvæði um afskriftir, endurnýjunarverð og ýmislegt fleira inn í frv., sem ég ætla ekki að fara að tyggja hér allt upp, en ég tel, að þar sé fulllangt gengið. Það var deiluatriði um suma þætti í fyrra, og var ég ekki alls kostar ánægður með allt saman, en ég tel, að hér sé fulllangt gengið til baka, vegna þess að þegar til lengdar lætur, þá er það öllum fyrir beztu, að fyrirtækin þurfi ekki alltaf að vera að koma til ríkissjóðs og biðja um sífellt framlag með hungurnefndir hingað og þangað utan af landinu, betlandi tugi millj. úr ríkissjóði. Hitt væri miklu betra, ef hægt væri að skapa þeim sómasamleg skilyrði, þannig að rekstraraðstaða þeirra væri tryggð í eðlilegu árferði frá ári til árs undir skynsamlegri stjórnun. Það yrði ríkissjóði fyrir beztu. Það gæti skapað jafnasta atvinnu og tryggustu tekjurnar. Ég held, að frv. gangi of langt í að þrengja þessa rekstrarmöguleika hjá fyrirtækjum á ýmsum sviðum, og því var lýst hér áðan, hvað samtök vissra atvinnugreina hafa við þessi frv. að athuga. Ég þarf ekki að lesa það upp. Við skulum ekki taka slíkt bréf of bókstaflega í öllum tilfellum. Ég vil t. d. minna á eitt, sem ég tel ekki skynsamlegt, einmitt núna, þegar hin mikla aukning togaraflotans á sér stað, að fella niður þann möguleika að geta afskrifað visst fjármagn, sem bundið er í samningum, t. d. um togarakaup, en menn verða oft að selja eignir sínar og binda fjármagn í nærri tvö ár, áður en rekstrareiningin fer að fullu af stað. Þetta var gert í síðustu lögum. Þar var sett heimild fyrir því að afskrifa ákveðinn þátt í þessu sambandi, og ég tel það spor aftur á bak að fella þá heimild niður.

Einnig í sambandi við þessi frv. væri fróðlegt að heyra, hvernig þau eiga að tryggja láglaunafólki þessa margumtöluðu kaupmáttaraukningu. Þau eru auðvitað aðeins einn þátturinn af ráðstöfunarfjármagninu. Tryggingalöggjöfin hjálpar til, en láglaunafólkið, hvað sem í því hugtaki felst, á ekki að borga skatta. Það hafa allir lýst yfir því, að það ætti ekki að gera það. En mér sýnist, að viðmiðunarskalarnir teygi sig nú mjög langt niður, þannig að ég held, að margir, sem telja sig aðeins hafa lífsnauðþurftatekjur, komist nú á blað á skattseðlinum. Við höfum undirstrikað það, held ég, allir flokkar, að við teljum það alveg sjálfsagt, að slíkar nauðþurftatekjur séu ekki skattlagðar. Hins vegar hafa menn deilt um það, hversu slíkar nauðþurftatekjur eiga að vera háar, hvort það eigi að vera 250 þús. eða 350 þús. kr. brúttótekjur fyrir t. d. hjón með tvö börn eða ekki. Auðvitað fer það mjög eftir persónulegum aðstæðum, hvernig fólkið kemst af. Eru menn í nýju húsnæði, er hér um eldra fólk að ræða eða ung hjón o. s. frv.? Engu að síður tel ég, að viðmiðunartalan sé sett of lág, og þess vegna sé hætta á því, að nokkuð af fólki, sem hafi raunverulega lífsþurftatekjur, muni nú greiða skatta. En útreikningar eiga að sanna manni það miðað við skynsamlega skattvísitölu, að slíkt sé ekki. Hafi hins vegar tekjur vaxið um rúmlega 21%, þá auðvitað tryggir skattvísitalan, sem er 6.5 stig frá árinu í fyrra, slíkt alls ekki. Til þess að tryggja, að ekki væri um aukna skattbyrði að ræða, þá hefði skattviðmiðunin átt að vera a. m. k. hliðstæð tekjuaukningunni.

Herra forseti. Ég vil nú ekki lengja þessar umr. meira. Það yrði mikið af endurtekningu og deilu um keisarans skegg. Ég vefengi ekki útreikningana sem slíka. Hins vegar vefengi ég þær forsendur, sem eru fyrir þessum útreikningum, sem meiri hl. leggur hér fram. Ég tel, að langbezt hefði verið og hreyfði því á sameiginlegum fundi í n., að við hefðum fengið raunverulega útreikninga á 100–200 framtölum einstaklinga og borið þau saman við framtölin frá fyrra ári. Þá var óþarft að deila svo mjög um, hvað fólst í vissum breytingum.

Ég sagði hér áður, þegar ég hafði séð frv. við fjárlagaumr., að mér þætti margt vera til bóta í frv., og það er auðvitað rétt, og þarf ég ekki að tíunda það, því að það er mjög búið að halda því á lofti. Það mátti nú varla búast við öðru en eitthvað væri til bóta. Hér er um mikla gagngerða breytingu að ræða, en engu að síður teljum við samt vera svo mikið fólgið í þessum breytingum, sem orkar tvímælis, að við höfum lagt það til í Alþfl., að frv. yrði vísað til hæstv. ríkisstj. til áframhaldandi meðferðar, vegna þess að það er yfirlýst, að skattalög öll verða tekin til endurskoðunar nú þegar á komandi sumri. Og þá segir það sig sjálft, að þessi löggjöf getur ekki verið fullkomin.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að halda hér langa ræðu eða fara mikið út í það, sem fram hefur komið í umr. hér, vegna þess að það hefur áður verið rætt, bæði af mér og öðrum hv. þm. En ég vildi við þessa umr. leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, sem hefur verið með skjótum hætti. Mér er ljóst, að það var lítill tími, sem n. hafði til þess að athuga málið sérstaklega, en hins vegar höfðu n. bæði í Nd. og Ed. unnið saman áður, og bætti það úr, eins og oft vill verða, þegar slík afgreiðsla fer fram, eins og hér á sér nú stað.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan og spurði um, mun það vera rétt hjá honum, að þegar ég gerði grein fyrir þessu máli hér í hv. d., mun hafa fallið niður hjá mér að vikja að þeirri breytingu, sem gerð er á ríkisskattanefnd. En ég vil segja það í sambandi við skipun hennar, að skilningur minn er sá, að hún sé öll skipuð til fjögurra ára. Vil ég láta það koma fram hér, að þannig mundi ég framkvæma þetta, ef til þess kemur. Ég vil líka segja, að ég tel, að með þeirri breytingu, sem þar er gerð, vinnist tvennt: Í fyrsta lagi á að vera visst öryggi í því fyrir gjaldendurna í landinu, að þarna komi til sérstakur úrskurðaraðili, sem ekki fjallar um skattamálin að öðru leyti. Eins og nú er, er ríkisskattstjórinn úrskurðaraðilinn, en hann verður í þessu tilfelli sóknaraðili fyrir þá, sem eiga að njóta skattanna. Þetta er ekki sagt með tilliti til þess embættismanns, sem gegnir því starfi, heldur til formsins, sem ég tel, að tryggi þetta betur. Ég mundi líka telja, að með þessum hætti væri að því stefnt að hraða afgreiðslu í úrskurðarmálum betur en tekizt hefur nú vegna þess annríkis, sem þeir aðilar eiga við að búa, sem að þeim málum vinna.

Í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði um skattalöggjöfina frá í fyrra og afstöðuna til atvinnurekstrarins, vil ég taka undir það með honum, að það er skoðun mín og ég vil vinna að því, að skattlagning á fyrirtæki verði ekki meiri en svo, að rekstur þeirra geti orðið með sómasamlegum hætti. Ég held, að þótt menn kunni að deila um nokkur atriði í sambandi við skattaálagninguna á fyrirtæki nú, sé það líka ljóst, að sumu er þar verulega breytt til batnaðar frá því, sem áður hefur verið, og þeim atriðum, sem fyrirtækin hafa ekki lagt minna upp úr en sumum öðrum, sem deilt er um. Ég vil líka minna á það, að það kom fram í ræðu hjá hv. þm. Braga Sigurjónssyni í útvarpinu í fyrravor, að þegar þessi skattalög hefðu verið afgreidd á þinginu í fyrravor, hefði Alþfl. raunar orðið að kaupa breytingar á tryggingalöggjöfinni með því að standa að þessari skattalagabreytingu. Og hv. þm. Benedikt Gröndal hélt þessu mjög á lofti á framboðsfundum á Vesturlandi í sumar. Ég vil líka minna á, að það kom fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Reykv. í Nd. fyrir jólin, þegar þetta frv. var lagt fram fyrir hv. d., að hann taldi, að of langt hefði verið gengið í ýmsum ívilnunum fyrir atvinnureksturinn í landinu með skattalagabreytingunni í fyrra. Hér er raunverulega stefnt að því að draga úr þessu, en ekki að koma í veg fyrir, að fyrirtækin njóti eðlilegra skattalaga, en að þau búi ekki við nein vandræði í því.

Um það, hvort skattar séu lagðir á nauðþurftir eða ekki, má alltaf deila, en ég hygg þó, að því sé náð með þessum frv. að leggja ekki á slíkar nauðþurftatekjur í sambandi við tekjuskattinn, því að persónufrádráttur tryggir, að svo er ekki. Og ekki sízt, þegar það er haft í huga, að búið er að fella niður nefskattana, er þetta betur tryggt en áður hefur verið.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér í framsöguræðu sinni áðan og hv. 2. þm. Norðurl. e. fjallaði einnig um hér við 1. umr. málsins, skal ég ekki fara nema út í lítinn hluta af því. Talið um óvandaðan undirbúning og meðferð þessa máls er ég búinn að heyra svo oft í þessum umr., að ég kippi mér nú ekki upp við það. Ég vil aðeins minna á, að þegar skattafrv. voru lögð hér fram í fyrravor, sem áttu nú að vera af annarri gerð um undirbúning en þetta frv., var enginn útreikningur með þeim frv. um, hvaða áhrif þau hefðu á tekjur ríkissjóðs. Ég hef ekki séð hann enn þá í sambandi við það mál, þó að Efnahagsstofnunin hafi hins vegar í útreikningum sínum nú reynt að finna það, hvað hann raunverulega kostaði. En það var ekki talin ástæða til þess þá að gera grein fyrir því.

Ég vil líka segja það, að ég vék við 1. umr. þessa máls að muninum á skattfrelsi sparifjár og hlutafjár, en ekki er eðlilegt að telja, að þetta fari saman, því að a. m. k. eins og stefnan hefur verið í efnahagsmálum þjóðarinnar á síðari árum, hefur máttur sparifjárins alltaf verið að rýrna. En í sæmilegum fyrirtækjum hefur máttur hlutafjárins aukizt, þar sem þær eignir, sem hlutafélagið hefur eignazt, hafa fylgt verðlaginu, þegar sparifé gerir það ekki, því að venjulega eru þessar eignir verulega bundnar í fasteignum og öðru því, sem hefur haldið verðmæti sínu í verðbólgunni.

Ég tek undir það, að það er réttmætt að fylgja þeirri stefnu að endurmeta verðmæti í sambandi við verðbólguna, en að gera það með þeim hætti, sem gert var ráð fyrir í lögunum í fyrravor, þegar fyrirtækin fengu svo rúmar hendur í því efni, tel ég of langt gengið og ekki rétta stefnu, þó að grundvöllurinn sé í sjálfu sér réttur. Í þessu frv. er reglan viðurkennd, þó að hún sé ekki gerð eins takmarkalaus eins og þar var.

Í sambandi við tekjur af stofnfé í samvinnufélögum og arð af hlutabréfum er ólíku saman að jafna. Ef arður í samvinnufélögunum væri útborgaður, væri það hliðstætt og ætti að skattleggjast alveg eins. En það er ekki um það að ræða. Ég fæ ekki þann arð, sem ég fæ af viðskiptum mínum við samvinnufélagið, útborgaðan. Hann er bundinn í sjóði félagsins og er ekki til ráðstöfunar frá minni hendi, nema ég segi mig úr félaginu, flytji burt af svæðinu eða á einn eða annan hátt hætti að vera félagsmaður. Þetta form í arðjöfnun eða arðsútgreiðslu samvinnufélaga hefur verið frá upphafi og er enn þá, og það gerir það að verkum, að þarna er ekki um sambærilega hluti að ræða. Hins vegar er það svo, að við endurskoðun á samvinnulögum, sem nú fer fram, geri ég ráð fyrir, að þetta verði eitt af því, sem verði athugað og endurskoðað, og þá gæti farið svo, að um útborgun á þessum arði yrði að ræða, og þá á auðvitað að telja hann til tekna og greiða af honum skatt eins og af arði af hlutafé, þegar um hann er að ræða. Þess vegna, ef hann væri hliðstæður, þá ætti það að gerast, en vegna þess að hann er ekki hliðstæður, þá er það ekki réttmætt, að það sé gert.

Það er búið að ræða hér mikið um framfærsluvísitöluna og skattvísitöluna og þær till., sem hafa komið þar fram. Það er að vísu að bera í bakkafullan lækinn að fara að bæta þar miklu við, en ég vil þó benda á, að

sú skattvísitala eða sá persónufrádráttur, sem reiknað er með gagnvart hjónum í þessu frv., nær því takmarki, að tekjur Dagsbrúnarmannsins með einum eftirvinnutíma eða 15% álagi eru hliðstæðar þessu. Miðað við tekjuárið í fyrra þá er þetta svipuð upphæð, og þessar upplýsingar hef ég fengið frá Framkvæmdastofnuninni eða hagdeild hennar. Og það nær því marki, sem m. a. fyrirrennari minn talaði um í ræðunni í fyrra, þegar hann gerði grein fyrir skattafrv., að væri það, sem þeir höfðu ætlað sér að stefna að. Ég vil segja það í sambandi við skattvísitöluna, að það má vel vera, að fyrrv. stjórnarflokkar hefðu bætt sig í þeim efnum. En ég hef verið að leita í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann kynnti skattafrv. í fyrra, og ég finn ekki, að það komi fram yfirlýsing þar um, að það eigi að halda áfram að færa sig eftir þeirri línu inn á það að ná því, sem tapazt hafði áður fyrr. Hins vegar er þar talað um það, að sú skattvísitala, sem þá er búið að leiðrétta verulega frá því, sem áður hefur verið, er þá gerð 100, og sú breyting, sem hér hefur verið fylgt í sambandi við þetta skattafrv., er breytingin, sem varð á þessu síðar.

Í sambandi við nefskattana og vísitöluna, sem hefur verið hér allverulega til umr. og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., þá vil ég geta þess, að í sambandi við afgreiðslu kauplagsnefndar á vísitöluútreikningnum um daginn, sem hún stóð einróma að, þá var skattapakkinn tekinn fullkomlega með, þannig að þó að ekki sé í lögunum gert ráð fyrir því, að tekjuskattur verki á vísitöluna, þá var hann látinn gera það í sambandi við afgreiðslu kauplagsnefndar á vísitöluálaginu um daginn. Þar var tekið tillit til breytinganna, bæði á nefsköttunum og tekjuskattinum, og það, sem út af stóð, var tekið inn í vísitöluna nú, en það voru 0.9 stig. Og fyrirvari var gerður af hendi nm. um það, að ef á þessu yrði breyting, þá áskildu þeir sér rétt til þess að taka það til athugunar á nýjan leik. Tal um óeðlileg áhrif þessara breytinga á vísitöluna er því fjarri öllu lagi. Það er ekki til staðar. Hins vegar er það svo, að vísitala getur lækkað, ef úr útgjöldum hefur dregið, og það er það, sem gerðist í sambandi við útreikninginn á vísitölunni um daginn. Þess vegna er það mjög fráleitt að setja upp útreikninga, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði áðan, þar sem hann kom m. a. með viðbótarálag, vegna þess að vísitalan hefði lækkað.

Ég hef áður bent á og get bætt því við hér, þegar verið er að ræða, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði, um gamla fólkið, að það tapaði á vísitölulækkuninni. Hverju tapar þetta sama fólk á fjölskyldubótunum? Ekki fær það fjölskyldubætur. En vísitalan lækkar um 4.2 stig, vegna þess að fjölskyldubæturnar eru reiknaðar inn í vísitöluna, og einhleypir og þeir, sem ekki hafa börn á framfæri sínu, tapa, ef á að orða það svo, úr sínu kaupi þessum 4.2 stigum, sem vísitalan lækkar vegna fjölskyldubótanna. Þess vegna er hægt að finna út alls konar útreikning á vísitölukerfinu, þar sem hægt er að tala um tap hjá þessum eða hinum, ef út í það er farið með þessum hætti.

Ég vil líka segja það í sambandi við aldraða fólkið, sem hér hefur verið vikið að, að um fasteignaskattana er nú heimild til þess að fella þá niður, ef sveitarstjórnum þykir ástæða til þess. En ég tek líka undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. í fyrra, þegar hann ræddi um þetta í sambandi við skattafrv., að það, sem mestu máli skiptir í sambandi við aldraða fólkið, eru tryggingarnar og þau lágmarkslaun, sem er nú búið að ákveða þeim gegnum tryggingalöggjöfina.

Það er hægt að fá hið fyllsta ranglæti út úr því, ef á að miða skatt aðeins við aldur. T. d. er hæstv. félmrh. orðinn meira en 67 ára gamall, og hvaða ástæða væri til þess, að hann fengi sérstakan frádrátt af sínum tekjuskatti fremur en til dæmis unga fólkið, sem er að reyna að koma sér upp heimili og á fyrir börnum að sjá og nýbyggðu húsi? Þess vegna held ég, að það verði ekki rétta leiðin að miða þetta við aldur, heldur að miða það við tekjur og á þann hátt að jafna um á milli þegnanna. Og það kemur fram í því yfirliti, sem ég hef fengið frá Efnahagsstofnuninni eða hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, að þótt haldið væri í ákvæðið frá í fyrra, þá mundu af 14 þús. ellilífeyrisþegum 4 þús. njóta þess arna, en 10 þús. ekki. Og þessi 4 þús., sem nytu þess, er sá hlutinn, sem bezt er settur. Ég veit, að það er ósköp auðvelt að tala fyrir þessu á þann veg, að betur mætti gera, en það er líka jafn auðvelt að benda á, að þarna er hægt að finna dæmi og það mjög mörg dæmi um mikið misræmi í skattálagningu með því að auka ívilnanir þar.

Ég vil svo í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér um það atriði, sem hefur verið til umr. um skattlagningu hjóna, lesa hér upp úr ræðu, sem ég flutti í hv. Nd. um þetta, sem ég vék að, áður en sú yfirlýsing var gefin, sem ég gaf við atkvgr. þar, en þar kemur fram sú skoðun, sem ég hef á þessum málum. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta, þegar ég er búinn að ræða um þá framhaldsathugun, sem verði á þessum málum:

„M. a. kemur þá til athugunar mál, sem einnig hefur borið hér á góma í þessum umr., en það er skattlagning hjóna. Það er mál, sem þarf að athuga betur en gert hefur verið til þessa, hvernig við eigum að komast út úr þeim vanda, sem við erum komnir í, í sambandi við skattlagningu hjóna. Við erum þar að fást við vissan vanda. Það er rétt, sem fram kemur hjá einstæðum mæðrum, að þegar konur hafa misst mann sinn, fara þær að greiða af öllum sínum tekjum, en ef þær eru giftar og vinna úti, þá er dreginn frá helmingur. Það verður ekki hægt að komast út úr þessu kerfi nema með því að taka þetta mál í heild til sérstakrar athugunar, og að líkindum verður niðurstaðan sú, að hjónin verði skattlögð sitt í hvoru lagi. Ég vil undirstrika það, að við framhaldsathugun á þessum málum verður þetta tekið til athugunar eins og aðrir nauðsynlegir þættir skattamálanna. Það var mín ósk, að þetta yrði gert við athugunina í haust, en það vannst ekki tími til þess, eins og svo oft hefur verið lýst yfir."

Ég vil svo að lokum segja, að mér er ljóst, að mikið er ógert í skattamálunum, enda eru þau umfangsmeiri en svo, að hægt væri að gera ráð fyrir að ljúka endurskoðuninni á þeim skamma tíma, sem þessi ríkisstj. hefur haft til meðferðar. Hins vegar hef ég áður gert grein fyrir því, hvaða nauðsyn ég taldi bera til, að þessu máli yrði komið á þann rekspöl, sem það er nú komið á. Ég vil líka undirstrika það og vekja athygli á því, að með þessum frv., bæði um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga, er brotið í blað og komizt út úr þeirri sjálfheldu, sem skattamálin voru komin í, enda þótt ekki sé komið þar nema skammt á veg í þá átt, sem stefna á í til þess að gera kerfið einfaldara og auðveld-

ara í framkvæmd og til þess að koma því í verk, sem ég tel mikið atriði, að skattar verði innheimtir jafnharðan og teknanna er aflað. Hér er málinu komið verulega áleiðis, og a. m. k. má með góðum rökum um þetta segja, að hálfnað er verk, þá hafið er.

Frsm. 1. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög mikið, en vildi aðeins nefna nokkur atriði, sem hæstv. fjmrh. hafði orð á hér í ræðu sinni áðan. Ég hjó eftir því, að hann sagði, að það væri ólíku saman að jafna, skattfrelsi hlutafjár og skattfrelsi sparifjár, því að sparifé rýrnaði að verðgildi með vaxandi verðbólgu, þar sem aftur á móti hlutafé í vel reknum fyrirtækjum gæti fylgt verðlaginu fremur. Að vissu marki er þetta rétt. En þarna er þá um annað að ræða, sem einnig ber að taka með í reikninginn, og það er það, að þar sem sparifé er ríkistryggt, þá er hlutafé áhættuframlag. Og það getur verið mjög vafasamt, hvort þetta áhættuframlag tapast ekki í ýmsum þeim atvinnurekstri, sem einmitt er verið að reyna að koma upp nú á Íslandi. Það er víða verið að brjóta nýjar leiðir í atvinnurekstri, bæði að hefja landnám í nýjum atvinnugreinum og einnig að hefja rekstur atvinnugreina á ýmsum stöðum í landinu, þar sem slíkar atvinnugreinar hafa ekki verið stundaðar áður. Ég held, að skattfrelsi hlutafjár að því marki, sem lögin frá því í vor gerðu ráð fyrir, mundi hafa haft örvandi áhrif á eignamyndun almennings í atvinnurekstri og gert almenning sjálfstæðari og fært yfirráðin yfir fjármagninu í þjóðfélaginu út til fólksins í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég vek athygli á því, að þetta skattfrelsi var eftir mínum skilningi bundið við það, að um arð væri að ræða af svo kölluðum opnum hlutafélögum, en til þeirra voru gerðar ákveðnar kröfur, þannig að bæði að upphæð og tegund hlutafjár varð þetta skattfrelsi mjög takmarkað, gagnstætt því sem er um sparifé, sem hefur ótakmarkað skattfrelsi.

Að því er endurmatið snertir, þá er auðvitað reginmunur á því, hvort endurmatið byggist á endurkaupsverðmæti eigna eða hvort það byggist á upphaflegu kaupverði eigna, að viðbættum 20%. Þetta getur gert gæfumuninn um það, hvort unnt sé í fyrirtækjum og atvinnurekstri að safna nægilegu fjármagni til þess að endurnýja atvinnutækin eða ekki. Ef við Íslendingar eigum að fylgjast með tímanum og reka arðbæran atvinnurekstur og vera samkeppnisfærir og geta bætt lífskjör í landinu, þá verðum við að endurnýja atvinnutækin. Og til þess þurfa skattalögin að vera þannig úr garði gerð, að þau skapi skilyrði til þess, að slík eignamyndun eigi sér stað í atvinnurekstrinum sjálfum, að hann sé megnugur undir slíkri endurnýjun að standa.

Þá taldi hæstv. ráðh. ólíku saman að jafna arði af stofnfé samvinnufélaga annars vegar og arði af hlutafé hins vegar, vegna þess að arður af stofnfé væri fastbundinn í rekstri samvinnufélaganna sjálfra og fengist ekki þaðan nema með tilteknum skilyrðum. Í þessu sambandi er um það að ræða, að slíkur arður er aldrei þá skattskyldur, en aftur á móti er slík eignamyndun í öðrum tilvikum skattskyld. Þarna ætti þá um það tvennt að vera að velja, að skattleggja slíkan arð hjá félagsmanni eða samvinnufélaginu sjálfu. Hitt er annað mál, að ég tel það ekkert óeðlilegt, að arður af stofnfé að sama marki og arður t. d. af hlutafé sé skattfrjáls.

Þá er e. t. v. ekki vert að lengja umr. mjög mikið varðandi umr. um ákvörðun skattvísitölunnar. Ég held, að það fari eitthvað á milli mála hjá hæstv. fjmrh. og mér, þegar ég er að tala annars vegar um það að miða persónufrádráttinn við Dagsbrúnartaxta með eftirvinnutíma, og ég tel, að það þurfi að ákveða skattvísitöluna 133 stig, til þess að það náist. En hins vegar telur hann, að núverandi persónufrádráttur nægi til þessa. Það, sem ég miða við, er kaupgjaldsvísitala, sem á upphaf sitt í persónufrádrætti, sem leiddur var í lög á árinu 1961, að því er ég tel mig fara rétt með, og miðaðist við ákveðinn taxta Dagsbrúnarkaups og einn eftirvinnutíma 6 daga vikunnar, sem þá var algengur. Það er samsvarandi kaup, sem ég á við núna og byggi á nauðsyn ákvörðunar skattvísitölu 133. En út af fyrir sig er ekki nauðsynlegt að gera út um þetta deiluefni, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, heldur er alveg nægilegt á þessu stigi málsins að halda sig við framfærsluvísitöluna. Það er alveg ljóst, að hæstv. fjmrh. gerði það að till. sinni í fyrra, að framfærsluvísitölunni væri fylgt við ákvörðun skattvísitölu. Ef hann í ár vildi vera sjálfum sér samkvæmur, þá ætti hann að ákvarða skattvísitöluna 124 stig. En það, sem hann hefur gert, er að ákveða hana núna eftir meðferð Alþ. á frv. 8–9%, 11% og hæst 17%, að því er snertir persónufrádrátt hjóna. Það liggur því alveg ljóst fyrir í þessu máli, að hæstv. fjmrh. er ekki sjálfum sér samkvæmur. Hann gerir ekki sömu kröfu til sín og sinna samherja, eins og hann gerir til annarra. Aftur á móti erum við sjálfstæðismenn sjálfum okkur samkvæmir, vegna þess að við höfum ávallt sagt, að við teldum ekki unnt að ná þessu markmiði, að skattvísitalan fylgdi framfærsluvísitölunni, nema í nokkrum áföngum. Hæstv. fjmrh. vildi ná þessum áfanga í einu í fyrra. Núna tekur hann tveimur skrefunum styttri áfanga til fullnaðarárangurs og telur okkur ábyrgðarlausa við ákvörðun skattvísitölu 121.5. Þetta tel ég ekki að vera samkvæmur sjálfum sér í málflutningi eða gerðum.

Þá held ég, að það sé mjög orðum aukið hjá hæstv. fjmrh., þegar hann segir kaupgjaldsnefnd hafa tekið fullkomlega tillit til breytinga á nefsköttum og tekjuskatti. Hið eina, sem segja má í þessum efnum, var, að kaupgjaldsnefnd hafði fyrirvara um, að vera kynni, að nauðsynlegt reyndist síðar á árinu, þegar Alþ. væri búið að afgreiða skattafrv., bæði tekjustofnafrv. sveitarfélaga og tekjuskattsfrv., að meta greiðslubyrðina að þessu leyti. Segja má, að kaupgjaldsnefnd hafi að vissu marki haldið dyrunum opnum fyrir einhverri ákveðinni leiðréttingu, en hún tók engan veginn tillit til breytinga á tekjuskatti, og kaupgjaldsvísitalan lækkaði vegna niðurfellingar á nefsköttum. Þó var haldið einhverju broti, skilst mér eftir útreikningum kaupgjaldsnefndar, til seinni tíma. En meginlækkunin er nú þegar í gildi og er þegar orðin þess valdandi, að launþegar í landinu fá lægra kaup en ella. Og þess vegna segi ég, að það væri algjörlega óeðlilegt, þegar verið er að bera saman skattabyrði, að taka nefskattana inn í dæmið yfirleitt, vegna þess að hækkun þeirra mundi vera uppi borin með hækkuðum launum launþega. Í hækkun nefskattanna mundi þess vegna ekki hafa falizt þynging skattabyrðanna að einu eða neinu leyti. Hins vegar

hefði hið hækkaða kaupgjald komið sem aukinn kostnaður atvinnuveganna í landinu, en það er annar handleggur. Gagnvart launþegunum var hér ekki um hækkun skattbyrðanna að ræða. Hitt er svo annað mál, að ég vonast til þess, að hæstv. fjmrh. á grundvelli þessara ummæla sinna sjái svo um, að hagsmunum launþega verði fullur sómi sýndur, þrátt fyrir það, að úr því sem komið er, er tap þeirra alltaf þó nokkurt, þó endurskoðun vísitölunnar gæti leitt til einhverra bóta þeim til handa.

Ég skal svo aðeins segja það að gefnu tilefni vegna ummæla hæstv. ráðh., þegar hann sá ofsjónum yfir því að taka sérstakt tillit til aldraða fólksins, að jafnvel hæstv. félmrh. nyti slíks skattfrádráttar. Ég sé síður en svo ofsjónum yfir því, að hæstv. félmrh. fái nokkra viðurkenningu fyrir það eins og aðrir menn og konur á hans aldri að hafa starfað allt sitt líf í þágu þessa þjóðfélags og þjóðfélagið viðurkenni það með þeim hætti að veita honum aukafrádrátt, sem nemur 2/5 hlutum persónufrádráttar einstaklings. Mér finnst sannast best að segja, að við getum ekki gert minna slíkum til handa eins og hæstv. félmrh. og hans kynslóð. (Gripið fram í.) Svo er það annað mál, hvort hæstv. fjmrh. vill svipta hann ellilaunum. Það gæti komið til greina í framhaldi af ofsjónum yfir því, að hann fái slíka ívilnun.

Það er svo rétt, að það er ávallt vafasamt í skattalögum að gera undantekningar og mynda sérreglur til að taka sérstakt tillit til ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Mat á slíku er vissulega vandasamt. En það hefur verið, held ég, ágreiningslaus stefna hingað til á Alþ. að taka ákveðið tillit til hópa eins og einstæðra foreldra, aldraðs fólks og sjómanna vegna ýmissa forsendna, sem ég þarf ekki að ræða hér eða rekja. Spurningin er þá þessi: Er hæstv. fjmrh. á því að afnema allar slíkar sérreglur og taka skattalögin upp á þeim grundvelli? Við fáum e. t. v. svarið við því við endurskoðun skattalaganna, sem á að halda áfram.

Hæstv. fjmrh. sagði eitthvað um það, að þessi skattalög boðuðu það, að brotizt væri úr þeirri sjálfheldu, sem skattakerfið hefði verið komið í. Ég er hræddur um, að þessi skattalög, sem nú er stefnt að að samþykkja, séu einmitt stefnan í sjálfhelduna og að við losnum ekki úr þeirri sjálfheldu, fyrr en efndir verða á fullkominni, vandaðri endurskoðun skattalöggjafar, hvort sem það eru tekjuskattslögin og eignarskattslögin eða tekjustofnalög sveitarfélaga. Ég vonast til þess, að það loforð sem gefið hefur verið í þessum umr. um þá endurskoðun, verði haldið, og bendi á, að það loforð er gefið hér í þessum umr. sem nauðvörn, þegar verið er að verja vonlausan málstað, að sýna fram á ágæti þess frv., sem nú er til umr. Því miður er svo langt frá því, að málsvörum stjórnarinnar hafi tekizt að sýna fram á ágæti þeirra laga eða endurbót þeirra laga á ríkjandi skattkerfi, að ég held, að það fari ekki á milli mála, að þetta loforð um endurskoðun skattalaganna í heild er nauðsynlegt til að friða almenning í landinu, og vafasamt er raunar, hvort það tekst, þegar skattseðlarnir verða gefnir út í sumar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 455 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, JónÁ, MJ, OÓ, SteinG, ÞK, AuA.

nei: EÁ, GeirG, StJ, MÓ, PÞ, RA, StH, BA, ÁB, HK, JHelg.

JÁH, EggÞ greiddu ekki atkv.

Till. á þskj. 456 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 11:9 atkv.

1. gr. samþ. með 11:9 atkv.

2.–6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,1 felld með 11:2 atkv.

7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,2 felld með 11:8 atkv.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

9.–23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 449,3 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 427, 462).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 1. *minni hl.* (Geir Hallgrímsson): Herra *forseti*. Það er svo mikill hraði á afgreiðslu þessa máls, að nýverið hefur farið fram atkvgr. eftir 2. umr. um það frv., sem hér liggur fyrir, og því styttri tími gefizt en skyldi til að kanna frv., eins og það nú er orðið, en við í 1. minni hl. fjhn. viljum freista þess, þótt till. okkar um frávísun frv. hafi verið felld við 2. umr. og þótt við séum á móti efni frv. og teljum það til skaða, að flytja hér nokkrar brtt., sem eru mjög á sömu lund og þær brtt., er 1. minni hl. fjhn. flutti í Nd., í þeim tilgangi að leitast við að sníða nokkra agnúa, e. t. v. suma verstu agnúana, af frv.

Fyrsta brtt. okkar er sú, að kveða skýrt á um það, að það sé ekki skilyrði til þess, að hjón geti talið fram sitt í hvoru lagi, að þau séu bæði sammála um það, heldur sé nægilegt, að annað hjóna óski þessa. Þá er og það efnisatriði í þessari brtt., að ábyrgð annars hjóna á skatti hins skuli í slíkum tilfellum aldrei ná til séreigna. Þá þykir okkur augljóst, að eðlilegra sé, að annar frádrátturinn en persónuleg gjöld teljist við útreikninginn hjá því hjóna, er hefur hærri tekjur, en það sé ekki sérstaklega tekið fram, að annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar teljist við útreikninginn hjá eiginmanninum. Hér viljum við ekki gera greinarmun á því, annan en í brtt. greinir, að það hjóna, sem hærri tekjur hafi, fái frádráttinn.

Í annarri brtt. okkar, sem er við 3. gr. frv., er fellt niður niðurlag 2. tölul. í samræmi við aðrar brtt., sem síðar verður getið.

3. brtt. okkar, a-liður, er að tvennu leyti breytt frá því, sem er í frv. Þar er í upphafi bætt inn, að eigendur sameignarfélags og aðilar samvinnufélags eigi þarna að koma inn í greinina ásamt með hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum. Og síðan er sú efnisbreyting eða sú skýring sett, að þessum félögum sé heimilt að kaupa opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð. Eins og frvgr. er núna, sýnist okkur það vera hæpið eða jafnvel algerlega

óeðlilegt að ráðstafa fjármagni varasjóðs með þeim hætti að kaupa opinber verðbréf, ríkis, sveitar- og sýslufélaga. Það teljum við óeðlilegt og gæti orðið bæði félögum og hinu opinbera til skaða.

Þá er það aðeins orðalagsbreyting, sem er í 3. brtt., b-lið, þess eðlis að það sé gert skýrt, að hlutafélögum sé heimilt að greiða hærri vexti en 10%, án þess að það teljist ráðstöfun á varasjóði. Eins og gr. er orðuð nú, má skilja það svo, að hlutafélagi sé ekki heimilt undir neinum kringumstæðum að greiða hærri vexti eða hærri arð af hlutafé en 10% öðruvísi en svo, að það teljist ráðstöfun á varasjóði og þau sektarákvæði eða íþyngjandi ákvæði, sem því eru samfara, komi til. Það er svo, að hlutafélög greiða mismunandi háan arð eftir því, hver afkoma þeirra er. Sum árin greiða hlutafélögin e. t. v. engan arð, og því er ekkert óeðlilegt, að þau greiði önnur ár hærri arð en 10%.

Þá er í c-lið 3. brtt. okkar heimild fyrir hlutafélög að leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn án þess, að sú ráðstöfun varasjóðs teljist til skattskyldra tekna félagsins.

Í 4. brtt. okkar er fjallað um sjómannafrádráttinn. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir óbreyttum sjómannafrádrætti í krónutölu frá gildandi lögum og ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á honum í samræmi við breytingu á skattvísitölu gagnstætt því, sem gildandi lög gerðu ráð fyrir. Við meðferð málsins hefur verið bætt inn í frv., að fiskimenn fái frádrátt, sem nemur 8% af tekjum sínum. En hér í brtt. okkar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að gildandi sjómannafrádráttur breytist að krónutölu í samræmi við skattvísitölu 121.5, og enn fremur er gert ráð fyrir ákveðnum frádrætti, 110 þús. kr., til allra sjómanna, bæði fiskimanna og farmanna, en eins og lögin eru núna, þá nær 8% frádráttur af tekjum sjómanna eingöngu til fiskimanna og ekki til farmanna. Sjómannafrádrátturinn er bæði rökstuddur með því að auðvelda, að skipaflotinn sé mannaður, og hins vegar með því, að tekið sé sérstakt tillit til þess, að sjómenn dveljast fjarri heimilum sínum lengi og hafa þess vegna óhjákvæmilega aukinn kostnað. Við teljum, að þessar málsástæður báðar taki til fiskimanna og farmanna og ekki sé ástæða til að skilja þar á milli.

Þá er í 5. brtt. okkar gert ráð fyrir því, að persónufrádráttur sé ákveðinn eins og þar greinir, og er þá í höfuðatriðum miðað við gildandi persónufrádrátt við álagningu á síðasta ári, sem breytist miðað við skattvísitölu 121.5, í stað þess, að í gildandi lögum er um breytingu að ræða, um 8–9%, 11% og 17%, eftir því hvort um einstaklinga, hjón eða barn er að ræða. Það er svo umrætt mál, skattvísitalan og ákvörðun persónufrádrátta í samræmi við skattvísitölu og verðlagsbreytingar, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um rökin fyrir þessari brtt. okkar, enda gerði ég það við 2. umr. málsins.

Þá er tekinn inn í þessa brtt. okkar sá sérstaki frádráttur, sem er í gildandi lögum fyrir ellilífeyrisþega, og er gert ráð fyrir því í þessari brtt., að á sama hátt megi draga 2/5 hluta af fjárhæð einstaklingsfrádráttar frá hreinum tekjum örorkulífeyrisþega. Það er engum vafa bundið, að ef þetta verður ekki í lög leitt, þá mun skattbyrði ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega mjög þyngjast, eins og ég gat um í ræðu minni við 2. umr. og greindi frá þar.

Þá er 6. brtt. okkar um breytingu á skattlagningu þeirri, sem ráðgerð er gagnvart samvinnufélögum og meðferð viðskipta þeirra við utanfélagsmenn. Við teljum óeðlilegt, að ⅔ hlutar arðs sé frádráttarbær hjá samvinnufélögum undir þeim kringumstæðum, og leggjum því til, að 5. mgr. 9. gr. frv., eins og það er núna, orðist eins og í brtt. okkar segir.

Í 7. brtt. okkar er gerð breyting, að því er snertir útreikning tekjuskatta. Þar er að vísu ekki um umfangsmiklar breytingar að ræða, en fullkomin ástæða hefði verið til þess að dreifa skattþrepunum með öðrum hætti en þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., að mismunandi skattstigar ná í raun og veru aðeins til 75 þús. kr. teknaupphæðar. Við gerum þó ekki breytingu að þessu leyti, en teljum eðlilegt, að skattstiginn breytist úr 25 í 20% á lægsta skattþrepinu á tekjuþrepinu og úr 35% í 30% á því næsta, og enn fremur er í þessari brtt. gert ráð fyrir því, að þegar hún er skoðuð ásamt með tekjustofnalögum sveitarfélaga, fari jaðarskattur ekki yfir 50%. Að vísu er það svo, að heimilt er að leggja á 11% útsvar, og í því falli mundi jaðarskatturinn fara í 51%. Það er einnig gert ráð fyrir því, að skattgjald félaga og stofnana skuli vera 20% af skattgjaldstekjum í stað 53%, og er það í samræmi við brtt., sem við fluttum hér um tekjustofnalögin, og fluttum í því falli, að samsvarandi brtt. nái fram að ganga við meðferð tekjustofnalaganna í Nd.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um þær brtt., sem hér á eftir fara. Þær eru meira og minna varðandi tæknileg efni, framkvæmd laganna og annað því um líkt. Ég vil aðeins vekja athygli á 13. brtt. um það, að ákvæði þar til greindra greina taki ekki gildi fyrr en 1. okt. 1972. Ég held, að þetta sé nauðsynleg brtt., til þess að það sé ljóst, hvenær kerfisbreyting í raun og veru taki gildi.

Að lokum vil ég, herra forseti, vekja athygli á 14. brtt., þar sem því er beint til ríkisstj. að halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþ. Loforð hefur að vísu verið gefið um þetta efni, en það er nauðsynlegt, svo sem meðferð þessa máls hefur verið varið, að taka þetta sérstaklega fram og í því efni vil ég leggja áherzlu á, að til athugunar komi það stefnumál okkar sjálfstæðismanna, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi. Það er svo, að í umr. um þetta mál hafa, held ég, margir þm. úr flestum flokkum þingsins tjáð sig samþykka þessu í grundvallaratriðum, og það er því ástæða til þess að leggja að lokum áherzlu á, að þetta komist í framkvæmd.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessar brtt. Þær eru fluttar sem tilraun til að sníða mestu agnúana af þessu frv., eins og það nú er orðið. En ég verð að taka það fram, að þótt þær verði samþykktar, þá erum við sjálfstæðismenn andvígir þeim lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem fram næðu að ganga með samþykkt þessa frv., sem nú er hér til 3. umr., og teljum það á flestan hátt vera afturför og til þess fallið að draga úr framtaki landsmanna og eignamyndun í þjóðfélaginu og tekjuöflun, sem þjóðfélaginu er svo nauðsynleg, ef við eigum að búa við batnandi lífskjör í framtíðinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða einstakar greinar þessa frv. eða

brtt., sem búið er að gera grein fyrir. Ég ætla heldur ekki að ræða um tilfærslu innan skattakerfisins og einstakar aðrar till., og ég ætla ekki að ræða um afnám persónuskatta eða um persónufrádrátt eða margt fleira, sem þrautrætt er, bæði í þessari hv. d. og hv. Nd. En ég ætlaði að víkja að þrem atriðum, sem ég tel nauðsyn að koma að, áður en málið er afgreitt. Þetta er ekki vegna þess, að ekki hafi verið um þessi atriði rætt. Það er síður en svo, því að um fátt hefur verið meira rætt. En þetta er vegna þess, að yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og stuðningsmanna hans um þessi atriði eru þess eðlis, að þær virðast stangast á við staðreyndir, og er það út af fyrir sig því alvarlegt mál. Þau atriði, sem hér er um að ræða, varða í fyrsta lagi skattabyrðina, í öðru lagi hlutfallið milli beinna og óbeinna skatta og í þriðja lagi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Hæstv. fjmrh. hefur margsagt í umr. um þetta mál, að í skattafrv. ríkisstj. felist ekki aukin skattbyrði eða nein veruleg hækkun á sköttum frá því, sem verið hefur. Þetta segir hæstv. fjmrh., þótt það sé staðreynd, að fjárlög ársins í ár hafi hækkað um 5.5 milljarða kr. frá fjárlögum ársins 1971. Það er harla nóg til þess, að á það sé drepið hér. Frv. um tekju- og eignarskatt, sem hér hefur verið til lokaumr., er fram komið til að auka tekjur ríkissjóðs, svo að mætt verði þessari gífurlegu aukningu ríkisútgjaldanna, sem fjárlög þessa árs gera ráð fyrir. Þetta var nauðsynlegt, það verður að viðurkennast. Það er líka skýringin á þeim flýti, sem ríkisstj. hefur orðið að hafa á endurskoðun sinni á skattalöggjöfinni. Þetta er skýringin á því flaustursverki, sem hér er verið að vinna.

Hæstv. fjmrh. segir, að frv. það, sem hér er fjallað um, feli í sér einungis tilfærslur innan skattakerfisins til að létta skattbyrði þeirra, sem minnst bera úr býtum, og flytja yfir á breiðu bökin. Eftir þann hreinsunareld, sem frv. hafa farið í gegnum í umr. hér á hv. Alþ., brosa menn að slíkum fullyrðingum. Hins vegar brosa menn ekki yfir þeirri almennu þyngingu skattbyrðarinnar, sem svo mikil aukning ríkisútgjaldanna hlýtur að hafa í för með sér. Þetta veit hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu. Þess vegna er það engin tilviljun að hann vill, þegar sá gállinn er á honum, kenna fyrrv. ríkisstj. um, hve ríkisútgjöldin hækka mikið á þessu ári. En böggull fylgir skammrifi. Hverjum á þá að þakka auknar bætur almannatrygginga, launahækkanir opinberra starfsmanna og annað það, sem helzt veldur hækkun fjárlaga? Enginn kosturinn er góður, en hæstv. fjmrh. tekur þó þann, sem er sýnu verstur, að neita staðreyndum. Svo virðist sem ríkisstj.-liðið hafi gert samþykkt um, að hægt sé að auka ríkisútgjöldin um 5.5 milljarða kr. án þess að skattbyrði almennings sé þyngd. Við það situr. Ég ætla ekki hér í lok umr. þessa máls að fara að karpa við hæstv. fjmrh. um þetta, heldur kýs ég að bíða og láta sjá, hvað setur, því að staðreyndirnar verða ekki umflúnar. Hins vegar ætla ég að víkja að einu grundvallaratriði allrar skattalöggjafar, sem ég er fullviss um, að hæstv. fjmrh. er viðræðuhæfur um. Þetta er spurningin um, hve langt skattheimtan á að ganga, eða með öðrum orðum: Hvert á að verða hlutfallið milli þess fjármagns, sem hið opinbera ráðstafar annars vegar og einkaneyzlu hins vegar?

Þegar fengizt er við þá spurningu, hvert sé hámark þolanlegrar skattheimtu, er hlutfall skatttekna af þjóðartekjum venjulega notað sem mælikvarði. Ef skattheimtan fer fram úr ákveðnu hlutfalli, leiðir það til upplausnar efnahagslífsins, sem ekki verður lagfærð nema með því að lækka skattheimtuna á ný niður fyrir hættumarkið. Í skattheimtunni ber því að hafa mikla gát. Og hvar erum við Íslendingar á vegi staddir í þessu efni? Á tímabilinu 1958 til 1971 hefur hlutdeild ríkisútgjalda í þjóðartekjum vaxið úr 19% í 28.2. Hér er um gífurlega aukningu að ræða á ekki lengri tíma eða 48.4%. Ég fyrir mitt leyti tel, að varhugavert sé að fara svo geyst í aukningu ríkisútgjalda sem gert var á þessu tímabili viðreisnarstjórnarinnar, og að mjög hafi verið komið nálægt hættumarkinu í þessu efni. Mér kæmi ekki á óvart, að núv. hæstv. fjmrh. hugsi eitthvað líkt, ef marka má ummæli hans og aðvaranir gegn útþenslu ríkisbáknsins á undanförnum árum. Í þessu ljósi skil ég líka betur, hve myrkfælinn hæstv. ráðh. er nú að kalla hlutina sínu rétta nafni í sambandi við það heljarstökk, sem hann hefur nú tekið á sínu fyrsta stjórnarári í aukningu ríkisútgjaldanna. Á þessu eina ári hækkar hlutdeild ríkisútgjaldanna í þjóðartekjunum meir en á nokkru einu ári viðreisnarstjórnarinnar. Læt ég hæstv. fjmrh. um að reikna út, hve mörgum prósentum þetta nemur. Sá útreikningur er ein leiðin til þess að gera sér grein fyrir hækkun skattanna, sem frv. það, sem hér er til umr., felur í sér, því að beint samband er milli skattbyrðar þjóðarinnar og hlutfallsins milli ríkisútgjalda og þjóðartekna.

Það skal tekið fram, að það, sem ég hef hér sagt um ríkisútgjöld og þjóðartekjur, á við almennt í vestrænum ríkjum, þar sem hagkerfi grundvallast að meira eða minna leyti á frjálsum markaðsaðstæðum. En öðru máli gegnir, þar sem þessu er ekki til að dreifa. Í þessum efnum ber að greina á milli eðlismunar hinna ýmsu stjórnarkerfa. Þannig er grundvallarmismunur annars vegar á hinum kommúnistísku ríkjum A.-Evrópu og víðar og hins vegar á lýðræðisríkjunum. Í kommúnistísku þjóðfélagi er það keppikefli, að hinn opinberi geiri þjóðarteknanna sé sem stærstur. Því stærri sem hinn opinberi geiri er, þeim mun betri tökum verður náð á áætlunarbúskapnum, sem er kjarni hins kommúnistíska stjórnarfars. Þetta þarf ég ekki að segja sumum rekkjunautum hæstv. fjmrh. í stjórnarsænginni. Það þarf ekki að skýra þetta fyrir þeim, sem sjá fyrirheitna landið í ríki kommúnismans. En þetta er hins vegar ekki óviðkomandi okkur hinum, ég segi bæði mér og hæstv. fjmrh. Við skulum minnast þess, að þetta Alþ. hefur afgr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem felur í sér vísi að áætlunarbúskap, eins og foringi kommúnista orðar það, hæstv. viðskrh. Þegar kommúnistar tala um áætlunarbúskap eða vísi að áætlunarbúskap, vitum við, hvað þeir meina. Nú skal ég ekki halda fram, að lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins skili okkur í náðarfaðm kommúnismans í einu vetfangi. En ég leyfi mér að gera ráð fyrir, að allt ríkisstj.-liðið sé ekki jafn áhugasamt um að halda hlutfallinu milli ríkisútgjalda og þjóðartekna innan hæfilegra marka. Vegna mikilvægis málsins og þess háska, sem fylgir allri óvissu í þessu efni, leyfi ég mér að gera fsp. til hæstv. fjmrh., sem hljóðar svo: Er það stefna hæstv. fjmrh. að auka hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum, þannig að samneyzla aukist hlutfallslega og einkaneyzla minnki hlutfallslega frá því, sem verið hefur?

Í umr. um skattafrv. ríkisstj. hefur mikið verið rætt um beina og óbeina skatta. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna hefur verið talið, að gengið væri í öfuga átt með frv. þessum, þar sem hlutfall beinu skattanna eigi að aukast, en óbeinu að minnka. Hér er um að ræða veigamikið atriði. Háir beinir skattar hafa letjandi áhrif á sjálfa tekjuöflunina, þeir vinna gegn sparifjármyndun, valda hættu á undandrætti og skattsvikum og eru dýrari í álagningu og innheimtu en óbeinir skattar. Þegar vinstri stjórnin lét af völdum 1958, voru beinir skattar 12.8% af ríkistekjunum. Viðreisnarstjórnin lét hendur standa fram úr ermum í þessum efnum svo sem mörgum öðrum. Á árinu 1960 voru beinir skattar 6.1% af ríkistekjunum. Þessari stefnu, að minnka hlutdeild beinu skattanna, var þó ekki framfylgt sem skyldi, þar sem beinu skattarnir voru vorið 1971 komnir aftur upp í 11.7% af ríkistekjunum. En hvað vill núv. ríkisstj. í þessu efni? Það ætti ekki að þurfa að spyrja um þetta. Fjárlög fyrir árið í ár gera ráð fyrir, að hlutdeild beinna skatta af ríkistekjunum verði 23.5%. Hér er hvorki meira né minna en að hlutdeild beinu skattanna er tvöfölduð, frá því sem var á s. l. ári. Ætla mætti, að hér sé mörkuð ný stefna, er miðaði að því að auka beinu skattana, en minnka hina óbeinu, þegar svo mikið er að gert í raun. Þeim mun óskiljanlegri er sú yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf í hv. Nd., þegar mál þetta var þar til umr. En þá sagði hæstv. ráðh., að engin breyting væri með þessu skattafrv. frá því, sem áður hefði verið, á afstöðu til beinna og óbeinna skatta. Með tilliti til mikilvægis þessa atriðis og misræmis milli orða og athafna um þessi efni, vil ég hér við lok umr. málsins gera fsp. til hæstv. fjmrh. á þessa leið: Er það stefna hæstv. fjmrh. að auka hlutdeild beinna skatta í tekjuöflun ríkisins?

Þá er það atriði varðandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, er ég ætla að víkja að. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir, að endurskoða skuli verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Því hefur verið haldið fram af stjórnarliðinu, að það verk væri hafið með skattalagafrv. ríkisstj., sem nú liggja fyrir þinginu. Ég skal ekki fara að lýsa skoðunum mínum á þeim kákaðgerðum, enda hef ég rætt það mál áður. En ef eitthvað má leggja upp úr frv. þessum, sem stefnumarkandi gæti kallazt, þá er það það, að verkefni eru flutt frá sveitarfélögum og færð í hendur ríkis. Hér rekur eitt sig á annars horn, þegar haft er í huga, að ríkisstj. segist ætla að efla sjálfstæði sveitarfélaga. Sjálfstæði sveitarfélaganna verður ekki eflt, nema þeim séu fengin í hendur aukin verkefni og nægilegir tekjustofnar til að standa undir verkefnunum. Hér ber að sama brunni og í öðrum tilvikum, sem ég hef nú gert að umræðuefni, að erfitt er að samræma orð og efndir hæstv. ríkisstj. Hins vegar er sjálfstæði sveitarfélaganna svo mikið grundvallarmál, að ekki tjóar að það hangi í lausu lofti. Ég vildi nú gera fsp. til hæstv. fjmrh. um þetta efni, og fsp. er svo hljóðandi: Er það stefna hæstv. fjmrh. að efla sjálfstæði sveitarfélaganna með því að fá þeim í hendur aukin verkefni og létta tilsvarandi á verkefnum ríkisins?

Herra forseti. Ég hef gert þrjár fsp. til hæstv. fjmrh. að gefnu tilefni. Þessar fsp. varða allar grundvallaratriði skattamála. Þessi atriði eru því öll stefnumarkandi í þessum málum. Þau hafa því meginþýðingu í endurskoðun skattalaga, sem hæstv. fjmrh. hefur boðað, að fram verði látin fara á næstu mánuðum. Þetta eru ekki tæknileg atriði skattamála, heldur pólitísk. Þetta varðar nánast, á hvaða grundvelli unnið verður að endurskoðun skattalaganna. Með því að hæstv. ráðh. vill meina, að sú endurskoðun, sem fram undan er, sé ef svo mætti segja, framhaldsendurskoðun, lítur hann svo á, að endurskoðunin sé hafin og fyrsti áfanginn í þessu verki liggi þegar fyrir í skattalagafrv. þeim, sem þingið hefur nú til meðferðar. Það verður því að gera ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. sé ekkert að vanbúnaði að svara þeim fsp., sem ég hef hér beint til hans, þar sem þær varða svo mjög grundvöll þessarar endurskoðunar. Ég leyfi mér því, herra forseti, að vænta þess, að hæstv. fjmrh. gefi hv. þd. upplýsingar um þessi þýðingarmiklu mál, áður en lokið er afgreiðslu þessa frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í almennar umr., þó að ræða hv. 5. þm. Vestf. gæfi tilefni til þess, og skal hvorki fara að verja eða sækja á fyrrv. ríkisstj. út af skattálagningu, sem hann gaf þó tilefni til. En ég vil í því sambandi benda á, að það var eins hjá þeirri ríkisstj. og núv., að inn í fjárlagadæmið voru teknir skattar eða útgjöld, sem áður höfðu verið annars staðar, eins og t. d. eru á þessum fjárlögum teknar inn í útgjaldahlið fjárlaga tæpar 1 300 millj. kr., sem áður voru á útgjaldahlið sveitarstjórna. Að mínu mati er í hvorugu tilfellinu um ný útgjöld að ræða, þótt slík tilfærsla eigi sér stað. Ég skal ekki heldur fara út í að ræða um það, sem ég hef áður gert grein fyrir, ákvarðanir fyrrv. ríkisstj. um útgjaldahlið fjárlaga, því að það breytir ekki mati okkar hv. þm. á því, þótt ég endurtaki það einu sinni enn þá, því að ég hef áður gert honum svo ljósa grein fyrir því, að hann hefði gjarnan mátt átta sig á því. En ég er alveg sannfærður um, að það mun engan árangur bera, þótt ég bæti þar um nú. Ég skal því halda mig eingöngu við það, sem hann spurði um sérstaklega.

Í fyrsta lagi spurði hann um það, hvort það væri ætlun ríkisstj. að auka samneyzluna á kostnað einkaneyzlunnar. Því er til að svara, að verkefni ríkisins, sem við erum nú oft sammála um, að nauðsynleg séu, geta gengið á einkaneyzluna, en það mun ekki verða nein sérstök stefna um það að öðru leyti en því, að þær nauðsynlegustu framkvæmdir á vegum ríkisins eins og í uppbyggingu skólakerfis, samgangna o. fl. verða að hafa forgang, ef þessar tvær megingreinar rekast á.

Í öðru lagi vil ég svo endurtaka það í sambandi við fsp. hans um stefnu ríkisstj. um beina skatta og óbeina, að það er greinilegt, – enda ber mér og fyrrv. fjmrh. saman um það, – hver hlutur beinu skattanna hefur verið í þjóðartekjum og í ríkistekjunum á undanförnum árum, og þar er ekki nein tilfinnanleg breyting á. Ég skal ekki segja, hvort það er 1 eða 2% til eða frá, en ég hygg þó eftir þær breytingar, sem búið er að gera á frv. um tekju- og eignarskatt hér í meðferð hv. Alþ., að þá sé þetta orðin mjög svipuð prósenta í ríkistekjunum og áður var. Ég vil því taka það fram, að í þessum frv. felst engin stefnubreyting þar um og ákvörðun um það, hversu mikill hluti beinu skattarnir eiga að vera í tekjuöflun ríkissjóðs, tengist framhaldsatriðum málsins, og ég vil endurtaka það, að þeir verða að vera beinir skattar og verða að vera að nokkru leyti jöfnunartæki,

nema öðrum þáttum sé breytt eins og tryggingakerfinu, og virðisaukaskatturinn gæti á einhvern hátt komið inn í það mál, en eins og það er nú, eru tekjuskattarnir einu skattarnir, sem eru raunverulegir jöfnunarskattar í þjóðfélaginu. Tryggingakerfið er það ekki, og það verður að breyta því, til þess að það geti orðið það, og í því augnamiði er hægt að meta deilur um skattana. En það er ekki um neina stefnubreytingu hér að ræða frá því, sem áður hefur verið, en ég tel, að ef ekki verður fundin önnur leið til jöfnunar, verði að halda tekjusköttunum í því horfi, sem nú er. En ég loka hins vegar ekki þeirri leið, að tryggingar og aðrir þættir geti leyst tekjuskattinn sem jöfnunartæki af hólmi.

Í þriðja lagi vil ég svo segja það, að það er ekki mín skoðun, – og tel ég mig hafa þar nokkra þekkingu á, – að með því að færa þau útgjöld frá sveitarfélögunum, sem eru framlag í tryggingarnar, löggæzlukostnaðinn og sjúkrasamlögin, sé verið að skerða sjálfstæði þeirra, enda hefði ég á engan hátt, nema síður sé, löngun til þess. Ég tel, að það sé atriði, sem eigi að koma inn í framhaldsathugun á þessum málum, þegar nægur tími vinnst til að vinna þetta, eins og nú verður, hvaða verkefni það eru, sem ríkið og sveitarfélögin gætu skipzt á um. Það má ganga að minni hyggju lengra í því að láta sveitarfélögin fá verkefni, sem ríkið hefur að hluta nú, og ef ég mætti gera að eigin vilja í þeim efnum og það væri framkvæmanlegt, teldi ég bezt að hafa sem minnst af verkefnum, sem væru sameiginleg, heldur að skipta þessu sem mest þannig, að hvor aðilinn réði fyrir sig. Það, sem ég hef haft út á það að setja, að sveitarfélögin yrðu að greiða til trygginga, löggæzlu og sjúkrasamlaga, er það, sem ég hef gert grein fyrir í umr. um þessi mál, að sveitarfélögin ráða að minnstu eða kannske í sumum tilfellum að engu leyti um raunveruleg útgjöld þessara útgjaldaliða. Þess vegna finnst mér, að það sé eðlilegt, að aðilinn, sem ræður um útgjöldin, annist þau einnig, og það er ríkið. Ég vil því segja það, að frá minni hendi er sú hugsun sterk, að sjálfstæði sveitarfélaganna eigi að efla, en ekki að skerða, og ég tel, að þeir þættir, sem hér hafa verið lagðir fram í frv.-formi, gangi ekki í þá átt, en með framhaldsathugun á málunum verði hægt að vinna þessa þætti betur út en tími vannst til nú.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. – Ég stend hér upp til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Ég er ánægður með þau svör, sem hann gaf við þeim þrem spurningum, sem ég spurði. Ég skil hans svör þannig, að það sé ekki stefna ríkisstj. að auka samneyzluna í þjóðfélaginu á kostnað einkaneyzlunnar. Ég skil svörin þannig, að það sé ekki stefna ríkisstj. að auka beina skatta á kostnað óbeinna skatta. Og ég skil það, að það sé ekki stefna ríkisstj. að draga úr hendi sveitarfélaga verkefni. Ég er ánægður með þetta. Ég vona, að hæstv. fjmrh. auðnist að framfylgja þessari stefnu. En ég veit það, að bæði ég og aðrir munu vera á verði um það, hvort það muni takast eða ekki. – Læt ég þar með útrætt um þetta mál að sinni.

ATKVGR.
Brtt. 462,1 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 462,2–3 felld með 11:9 atkv.
– 462,4 felld með 11:9 atkv.
– 462,5 felld með 11:9 atkv.
– 462,6 felld með 11:9 atkv.
– 462,7–12 felld með 11:9 atkv.
– 462,13 felld með 11:9 atkv.
– 462,14 felld með 11:9 atkv.

Frv. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, RA, StH, BA, ÁB, HK, JHelg, EÁ, GeirG, StJ, MÓ.

nei: SteinG, ÞK, AuA, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, EggÞ.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 472).

18. Tekjustofnar sveitarfélaga (stjfrv.).

Á 29. fundi í Ed., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga [133. mál] (stjfrv., A. 186).

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er nú tekið til umr., er samið af nefnd, sem ég skipaði með bréfi dags. 16. ágúst í sumar til að endurskoða gildandi löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga, lög nr. 51 frá 1964. Í nefnd þessari áttu sæti Alexander Stefánsson oddviti, Jóhann Hermannsson bæjarfulltrúi, Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri, Steinunn Finnbogadóttir borgarfulltrúi og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Við þetta tækifæri vil ég tjá nefndinni beztu þakkir fyrir fljótt og vel unnið starf. Ég veit, að það liggur mjög mikið starf á bak við þetta frv., sem ekki kemur í ljós við birtingu þess. Og hvaða gagnrýni sem fram kann að koma um einstök atriði frv., er ég sannfærður um, að til meginkosta þess má a. m. k. telja þetta: 1. Kerfið verður einfaldara. 2. Tekjur sveitarfélaganna taka minni sveiflur í mismunandi árferði, – og það tel ég megin- og höfuðkostinn. 3. Skattatilfærsla færist í réttlátara horf í þessu frv. Og vafalaust mætti þó telja fleira frv. til kosta.

Þessu næst skal ég þá snúa mér að efnisatriðum frv. Að efnisskipan er frv. í nálega sama formi og þau lög, sem nú gilda um þessi efni. En hins vegar felast í frv. verulegar breytingar. Ég vildi segja, að í því felist fjöldi nýmæla, svo að vel megi jafnvel segja, að um nýtt skattkerfi sveitarfélaganna sé hér að ræða.

Nú mun ég gera nokkra grein fyrir þessum helztu breytingum og nýmælum: Strax í 1. gr. frv. er um mikilsverða breytingu að ræða, þar sem lagt er til, að aðstöðugjöld verði lögð niður, svo sem nánar verður að vikið síðar. Er þó ráð gert fyrir því, að heimilt verði á næsta ári að leggja á hálft aðstöðugjald, sbr. 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða. En þetta er einungis bráðabirgðaheimild, sem gildir næsta ár. Að öðru leyti eiga aðstöðugjöldin sem tekjustofn sveitarfélaga til frambúðar að falla niður.

Áður en ég vík nánar að einstökum ákvæðum frv., vil ég taka það skýrt fram, að frv. er byggt á því, að gerðar verði breytingar á öðrum lagaákvæðum um leið og frv. öðlast lagagildi. Þær breytingar, sem hér um ræðir, eru helztar þessar:

1. Framlag sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði fellt niður. Hér er um að ræða lækkun á útgjöldum sveitarfélaganna, sem á árinu 1971 námu samtals fyrir landið allt 314 millj. kr. Vegna þeirrar miklu hækkunar, sem áformað er nú, að gerð verði á bótum lífeyristrygginga, gefur auga leið, að framlög sveitarfélaganna til almannatrygginganna mundu stórhækka strax á næsta ári að óbreyttum lögum um þetta efni. Skv. gildandi lögum greiða sveitarfélögin 18% af þessum útgjöldum til trygginganna.

2. Framlög sveitarfélaganna til sjúkratrygginganna verði lækkuð um helming. Þessi framlög námu á árinu 1971 á öllu landinu samtals 373 millj. kr. Hér er því um lækkun á útgjöldum sveitarfélaga að ræða, sem nemur ca. 186 millj. kr. miðað við árið 1971. Útgjöld til sjúkratrygginga hafa hins vegar aukizt hröðum skrefum ár frá ári á síðustu árum og horfur eru nú á, að sú þróun haldi áfram. Þátttaka sveitarfélaganna í sjúkratryggingum hefur numið ca. 20% af heildarkostnaði þeirra. Þetta mundi þá lækka í 10%.

3. Kostnaði sveitarfélaga vegna löggæzlu verði af þeim létt. Gert er ráð fyrir, að þessi kostnaður verði ca. 112 millj. kr. á árinu 1971. Og þeir, sem bezt þekkja til þessara mála, álíta, að kostnaður vegna löggæzlu muni aukast mjög á næstu árum. En þessum útgjaldalið er nú af sveitarfélögunum létt, ef þetta frv. verður að lögum.

Þessi þrjú atriði, sem nú voru talin, eru algjör forsenda þess, að mögulegt sé að lögfesta þetta frv., og bið ég menn að hafa það í huga. Þess má raunar geta, að hér er um að ræða breytingar, sem um langan tíma hafa verið mikið áróðurs- og áhugamál Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna yfirleitt. Fjárhagserfiðleikar sveitarfélaganna, einkum þeirra, sem erfiðast eiga, eru ekki hvað sízt fólgnir í þessum útgjöldum þeirra. Tel ég mig geta fullyrt, að þessar breytingar eiga að fagna einróma stuðningi úr þeirri átt. Ekki eru síður mikilvægar þær breytingar á almannatryggingalögum, sem einnig er gert ráð fyrir, að lögfestar verði við gildistöku þessa frv., og fela það í sér, að niður verði felld persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginganna og iðgjöld einstaklinga til sjúkrasamlaganna. Í sambandi við breytingar þær, sem gert er ráð fyrir að gerðar verði á ákvæðunum um útsvörin, er niðurfelling þessara persónugjalda alveg nauðsynleg, og mun ég ræða það nánar síðar.

Þá kem ég að einstökum breytingum, sem frv. hefur í för með sér. Á 9. landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldið var dagana 8.–10. sept. 1970, var samþ., að ég hygg einróma, að stefna að því, að hlutur fasteignaskatta í heildartekjum sveitarfélaga hækki nokkuð frá því sem nú er. Á yfirstandandi ári nam þetta hlutfall rúmlega 3.7%, en þetta hlutfall lækkaði mjög tilfinnanlega á þessu ári. Samkv. frv. er sennilegt, að hlutur fasteignaskatta hækki verulega eða verði um eða yfir 15% í heildartekjunum á næsta ári.

Nú um áramótin kemur í gildi nýtt fasteignamat. Í frv. er gert ráð fyrir því, að fasteignaskatturinn verði miðaður við hið nýja mat strax á næsta ári. Breytingar þær, sem verða á fasteignaskattinum, ef frv. verður að lögum, eru þessar: Samkv. gildandi lögum eru öll hús í sama gjaldflokki, án tillits til afnota þeirra. Lagt er til, að íbúðir og íbúðarhús með tilheyrandi lóðaréttindum verði í lægri skattflokki en aðrar húseignir. Gert er ráð fyrir tveim skattflokkum, en nú eru skattflokkarnir þrír. Auk íbúðanna eru í lægri skattflokknum erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði. Lagt er til, að allar aðrar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, verði skattlagðar í hærri skattflokknum, sem er tvöfalt hærri en hinn skattflokkurinn.

Samkv. gildandi lögum getur sveitarstjórn þrefaldað fasteignaskatt með reglugerð, sem ráðh. staðfestir. Og mörg sveitarfélög hafa notað þessa heimild. Yfirleitt hefur verið um þreföldun að ræða á þessum skattstofni fram til þessa. Mörg sveitarfélög hafa alveg notað þessa heimild til fulls. Lagt er til í þessu frv., að sveitarstjórnir hafi heimild til að hækka skattinn aðeins um 50% og ekki þurfi að leita staðfestingar ráðh. á þeirri hækkun. Ástæðulaust þykir að láta sveitarstjórn vera háða samþykki rn. um að leggja 50% álag á fasteignaskattinn, sem verður ½% af íbúðarhúsnæði og húsnæði, sem notað er til þjónustu landbúnaðar, en 1% af öðrum skattskyldum fasteignum. Með þessu ákvæði má raunar segja, að frjáls ákvörðunarréttur sveitarfélaganna sé aukinn frá því sem nú er. Vegna þeirrar verulegu hækkunar á fasteignaskatti, sem óhjákvæmilega leiðir af frv., ef að lögum verður, þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um heimild handa sveitarstjórnum til að lækka eða fella niður fasteignaskatt þeirra aðila, sem um ræðir í síðustu málsgr. greinarinnar, svo sem þar er lagt til. Heimild þessi er þröng, þar sem hún nær aðeins til elli- og örorkulífeyrisþega og kemur því aðeins til greina, að efnahagur þeirra og afkoma sé slík, að þeir geti ekki mætt hækkuðum útgjöldum vegna opinberra gjalda. En þessi heimild er þarna til þeirra, sem brýnast er, að hún nái til.

Svo sem fram kemur í aths. við frv., má gera ráð fyrir, að fasteignaskattur í landinu öllu hækki úr ca. 127.7 millj. kr. í ca. 525 millj. kr., ef frv. verður að lögum, eða geri sem sagt nokkru betur en að fjórfaldast. Eins og áður segir, má ætla, að hlutdeild skattsins í heildartekjum sveitarfélaganna hækki úr rúmlega 3.7% á þessu ári í ca. 15% á næsta ári.

Næst mun ég þá ræða nokkuð um Jöfnunarsjóð. Með lögum nr. 19 13. apríl 1960 voru tekjur Jöfnunarsjóðs auknar verulega, frá því sem verið hafði, með því að ákveðið var, að 1/5 hluti söluskatts skyldi renna í Jöfnunarsjóð. Það var honum geysilega mikil tekjubót. Jafnframt var ákveðið, að tekjum sjóðsins skyldi úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra, þó þannig, að ekkert sveitarfélag skyldi fá hærra framlag en næmi 50% af útsvörunum. Þessu hlutfalli var síðan breytt úr 50% í 60%. Þannig varð Jöfnunarsjóður verulegur tekjuauki fyrir sveitarfélögin og hefur verið það síðan, þó að ýmsar breytingar hafi raunar orðið á tekjuöflun sjóðsins og fleiri atriðum í sambandi við hann. Nú eru tekjur Jöfnunarsjóðs 8% af söluskatti og 5% af aðflutningsgjöldum auk landsútsvaranna, og ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessum ákvæðum.

Nafnið á sjóðnum kann að geta valdið nokkrum

misskilningi, ef í það er lagður sá skilningur, að hlutverk hans sé að jafna til fulls tekjur allra sveitarfélaga á landinu. En það var aldrei ætlunin með því að auka tekjur hans svo sem gert var, heldur var hér beinlínis um það að ræða, að útvega nýjan almennan tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Að vísu er tekinn lítill hluti af tekjum sjóðsins, sem runnið getur til sveitarfélaganna, eða 4%, til þess að mæta aukaframlögum, sem óhjákvæmilegt hefur verið að veita ýmsum einstökum sveitarfélögum, sem átt hafa í miklum fjárhagserfiðleikum. Lagt er til í frv., að þessi hluti verði hækkaður í 5%, og mun sízt af því veita. Til ráðstöfunar í þessu skyni verða á þessu ári um eða yfir 20 millj. kr., en útlit er fyrir, að óhjákvæmileg aukaframlög verði yfir 20 millj. kr. í ár. Samkv. gildandi lögum fær Samband ísl. sveitarfélaga 1% af tekjum sjóðsins á ári. Lagt er til í frv., að ráðh. sé heimilt að veita allt að 2% til styrktar Sambandi ísl. sveitarfélaga og til samtaka sveitarfélaga í einstökum landshlutum. Með nýmælinu um að veita landshlutasamtökum fjárstyrk til starfsemi sinnar má segja, að komið sé til móts við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um það, að auka sjálfsforræði byggðarlaganna nokkuð.

Þess má geta, að breytt er útborgunardögum framlagsins, þannig að þeir eru fluttir fram um hálfan mánuð. Er þetta gert til þess, að janúargreiðslan, sem í reikningum sjóðsins hefur ætíð verið talin til næstliðins almanaksárs, verði nú innt af höndum fyrir lok almanaksársins. Þá er lagt til, að fólksfækkunarframlag verði miðað við meðalútsvar á íbúa í landinu í heild, í stað þess að miða við meðalútsvar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, og mun það hækka slík framlög nokkuð.

Í frv. er lagt til, að gerðar verði mjög þýðingarmiklar breytingar á ákvæðum um útsvör. Í stað stighækkandi tekjuútsvars komi ákveðinn hundraðshluti af tekjum, sbr. 23. gr. frv., og nemi hann 10% eftir þörfum og ákvörðun hverrar sveitarstjórnar. Það er hámarkið. Jafnframt eru ákvæði um það í 25. gr. frv., að álagningarprósenta útsvara þeirra gjaldenda, sem hafa lægri útsvarsskyldar tekjur en 450 þús. kr., verði lækkuð um 0.2 fyrir hvern heilan tug þúsunda, sem útsvarstekjurnar eru lægri en 450 þús. kr., þó svo, að álagningarprósentan verði ekki lægri en 5%. Þetta þýðir það til dæmis, að maður, sem hefur 300 þús. kr. tekjur, greiðir ekki meira en 7% og maður, sem hefur 200 þús. kr. tekjur, ekki meira en 5% í útsvar. Og af tekjum frá 52–200 þús. kr. verður prósentan 5. Útsvar, sem er 2 500 kr. eða lægra, fellur niður. Útsvar verður því ekki lagt á tekjur, sem lægri eru en 52 þús. kr., sbr. 26. gr., og útsvör verða ekki lögð á félög. Þá er lagt til, að eignarútsvör verði felld niður svo og ákvæðin um skiptingu einstakra útsvara á milli sveitarfélaga. Ýmis vandkvæði hafa jafnan verið í sambandi við framkvæmd ákvæðanna um útsvarsskipti. Ásókn um slík skipti verður líka tiltölulega lítil, ef frv. þetta verður að lögum, þar sem útsvörin verða ekki lögð á félög. Samkv. gildandi lögum verða menn að greiða tvo stighækkandi skatta af tekjum, annars vegar tekjuskatt til ríkissjóðs og hins vegar útsvör til sveitarfélaga. Útsvörin eru líka stighækkandi tekjuskattur, eða á máli fjármálasérfræðinga eru stighækkandi skattar nefndir hagstjórnartæki og talið, að eingöngu eigi það að vera í höndum ríkisins. Og í þessu frv. er á það sjónarmið fallizt með því að afnema það, að megintekjustofn sveitarfélaganna, útsvörin, séu stighækkandi skattur. Nú verður stighækkandi skattur þannig eingöngu í höndum ríkisins. Í samræmi við þessa kenningu er svo lagt til, að útsvörin verði ekki stighækkandi skattur með þeim hætti, sem verið hefur, heldur ákveðin föst prósenta, 10% að hámarki, sem lögð verði á tekjur, svo sem þær eru nánar skilgreindar í 23. gr. frv.

Hér er nánast um brúttótekjur að ræða. Þó með þeirri undantekningu, að atvinnurekendur geta dregið frá tekjum af atvinnurekstri sínum bein útgjöld hans vegna. Það má vissulega segja, að sveitarfélögum henti ekki vel sveiflukenndir tekjustofnar eins og stighækkandi útsvör á tekjur hljóta jafnan að verða, vegna þess að hætt er þá við áföllum, kannske stóráföllum, þegar á móti blæs, sem sveitarfélögunum sé jafnvel erfitt eða ómögulegt að standast. Öðru máli gegnir, þegar ríkið á í hlut. Það hefur löggjafarvaldið og getur því mætt slíkum áföllum með breyttri löggjöf um tekjustofna sína. Tekjuþarfir sveitarfélaganna eru ákaflega misjafnar. Það fer mikið eftir því, hve mikla þjónustu þau veita þegnum sínum. Möguleikarnir til þess að veita slíka þjónustu eru líka afar misjafnir og er það háð ýmsum ytri aðstæðum, svo sem dreifbýli eða þéttbýli og aðstöðu, sem af því leiðir.

Þetta er háð ytri aðstæðum á margan hátt. Útsvörin hljóta því að verða mjög misjafnlega há í hinum ýmsu sveitarfélögum. Sveitarfélag, sem veitir þegnum sínum mikla þjónustu og stendur í fjárfrekum framkvæmdum í því sambandi, verður jafnan að leggja á há útsvör. Það þarf enginn að undrast. Öðru máli gegnir um þau sveitarfélög, sem litla þjónustu veita, t. d. vegna þess að aðstæður leyfa ekki verulega þjónustu við þegnana. Hér eiga hlut að máli mörg sveitarfélög í dreifbýlinu. Hjá þeim munu útsvörin verða tiltölulega lág. Athuganir, sem gerðar hafa verið á því, hver afkoma sveitarfélaganna hefði orðið á þessu ári, ef þetta frv. hefði gilt sem lög á árinu 1971, leiða það í ljós, að tekjuþörf sveitarfélaganna hefði þá verið vel borgið. Því er þó ekki að neita, að örfá sveitarfélög virðast koma verr út en þau gerðu eftir gildandi lögum á árinu 1971. Hér eiga hlut að máli fá sveitarfélög, sem byggja afkomu sína að mestu eða öllu leyti á fiskveiðum. Ástæðan fyrir þessu er sú, að tekjuöflun í atvinnugreinum sjávarútvegsins var alveg óvenjulega hagstæð á árinu 1970, en það eru tekjur þess árs, sem voru lagðar til grundvallar við þessa athugun varðandi árið 1971. Allt annað kæmi upp á teningnum, ef miðað væri t. d. við árin 1968 og 1969. Í sambandi við þessi sveitarfélög er ákvæði í frv. til bráðabirgða, sem mælir fyrir um sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til þeirra, ef í ljós kemur, að hin nýju ákvæði séu þeim óhagstæð. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður endurgreiði Jöfnunarsjóði aukaframlög samkv. þessu ákvæði. Ég sé ekki annað en að í þessu ákvæði sé verulegt öryggi á þessu reynsluári fyrir þau sveitarfélög, sem þannig er ástatt um. Og þau eru ekki mörg.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þá breytingu að fella niður útsvarsskiptin. Allir vita hvílíkt vandamál þessi útsvarsskipti hafa verið á undanförnum árum, verkafrek fyrir skattyfirvöld og sveitarstjórnir og einatt hégóminn einber. Með lögtöku fólksfækkunarframlagsins fyrir tveimur árum voru afnumin útsvarsskiptin vegna flutningsgjalds þess á milli sveitarfélaga. Þessu

framlagi er haldið í frv., en verður í mörgum tilvikum nokkru lægra en nú, vegna þess að lagt er til, að miðað verði við meðalútsvar á öllu landinu í stað meðalútsvars áður í hlutaðeigandi sveitarfélagi, eins og ég gat um áðan.

Ég hef nú rakið stuttlega þær helztu breytingar, sem gert er ráð fyrir, að verði á gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaganna. Sumar þessar breytingar eru mjög áhrifa- og afdrifaríkar. Með frv. er t. d. stefnt að því að leggja niður aðstöðugjöldin, svo sem áður var getið, en ekki þykir fært að stíga það spor til fulls í einu. Með 1. ákvæði til bráðabirgða, sem frv. fylgir, er gert ráð fyrir heimild til þess að innheimta aðstöðugjöld á árinu 1972, sem þó skal aðeins vera að hámarki helmingur þess, sem var á árinu 1971. M. ö. o., ef aðstöðugjald var 1% af atvinnugrein á árinu 1971 í einhverju sveitarfélagi, má það ekki hærra vera en ½% á árinu 1972 af þeirri sömu atvinnugrein í því sveitarfélagi. Í öðru lagi er í 2. ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi til þeirra sveitarfélaga, sem fá í heildina lakari tekjuöflun samkv. hinu nýja kerfi, sem í frv. felst, en þau hafa haft eftir gildandi lögum. Á árinu 1972 kemur strax í ljós, hversu nýmæli þessi reynast, sem felast í frv. Bæði þessi bráðabirgðaákvæði eru sett til þess að tryggja afkomu sveitarfélaganna, þeirra sveitarfélaga, sem kynnu að bera skarðan hlut frá borði vegna nýmælanna. Reynslan sker svo úr um það, hvernig nýmælin reynast. Komi í ljós, að þau reynist miður en ráð er fyrir gert, verður að sjálfsögðu að endurskoða þau og gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að hag sveitarfélaganna sé örugglega borgið. Það er ekki vilji eða markmið félmrn. að standa lengi yfir sveltandi sveitarfélögum.

Þegar athuga skal áhrif þessa frv. á afkomu eða hag hins almenna skattþegns, verður að líta í ýmsar áttir. Í fyrsta lagi ber að athuga afstöðu skattþegnsins til hins nýja tekjuskatts. Í öðru lagi verður að hafa í huga þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru á ákvæðum laganna um almannatryggingar, en áformað er að fella niður persónuiðgjaldið til lífeyristrygginga almannatrygginganna svo og sjúkrasamlagsgjaldið. Áætlað hefur verið, að þessi gjöld nemi fyrir hjón hér í Reykjavík allt að 22 þús. kr. á árinu 1972. Með þeim breytingum, sem ráðgerðar eru á skattalögunum og tekjustofnalögunum, er það stefna ríkisstj. að létta byrðar þeirra, sem lakasta afkomu hafa, sem vitanlega getur ekki orðið nema með því að þyngja byrðar þeirra, sem betur standa að vígi. Og það er líka staðreynd, að sú verður útkoma þessa frv. Þess þarf enginn að dyljast. Einnig í þessu efni verður reynslan ólygnust. Komi það í ljós, að þessu markmiði sé ekki náð, svo sem ráð er fyrir gert, verður að endurskoða þessar álögur og skatta og lagfæra það, sem reynzt hefur á annan veg en ætlað er nú. Lagt er til, að fasteignamatið nýja, sem vera mun miðað við árslok 1969, verði umreiknað til verðlags í lok þessa árs, sbr. 4. ákvæði til bráðabirgða. Þetta skiptir allverulegu máli, þar sem allt verðlag hefur hækkað nokkuð síðan þá.

Mér þykir sýnt, að þetta frv. muni tæpast geta hlotið afgreiðslu Alþ. fyrir áramót. Af því leiðir í fyrsta lagi, að breyta verður gjalddaga fasteignaskattsins á árinu 1972, og er lagt til, að gjalddaginn verði ákveðinn á því ári 15. marz í staðinn fyrir 15. jan. Í öðru lagi verður að gera ráð fyrir því, að einhver sveitarfélög kunni að hefja innheimtu fasteignaskatts 15. jan. samkv. gildandi lögum, sem þá verður miklu hærri en frv. gerir ráð fyrir, þar sem hið nýja mat öðlast gildi nú um áramótin. Þess vegna er lagt til, að þau sveitarfélög, sem innheimta skatt 15. jan. n. k. eftir gildandi lögum, verði skyldug til að endurgreiða það, sem þau þannig kunna að hafa of innheimt hjá gjaldendunum.

Þó að ég telji frv. þetta um tekjustofna sveitarfélaga vera mjög vel unnið af nefnd þeirri, sem það samdi, svo sem ég vék að í upphafi máls míns, tel ég samt alveg sjálfsagt, að þn. sé gefið nægilegt svigrúm til að grandskoða málið. Ég hef hugsað mér þá málsmeðferð, að frv. verði, þegar umr. lýkur, vísað til hv. heilbr.- og félmn., sem þá getur leitað til Efnahagsstofnunar og hverra annarra aðila, sem henni þykir hlýða, til sannprófunar á efnisatriðum þess enn betur en tóm hefur gefizt til fram til þessa. Sannprófa ber, hvernig skattlagningin samkv. hinu nýja kerfi kemur við skattþegnana, gjaldendurna. Og þá ber ekki síður á hitt að líta, hvernig hið nýja tekjuöflunarkerfi fullnægi þörf og nauðsyn sveitarfélaganna samanborið við gildandi tekjustofnakerfi sveitarfélaga, sem nú er verið að hverfa frá. Er það sjálfgefið, að málið verði strax sent Sambandi ísl. sveitarfélaga til sérstakrar framhaldsskoðunar á þeirri hliðinni, sem sérstaklega snýr að sveitarfélögunum.

Hér er óneitanlega farið inn á ótroðnar brautir og um svo mörg nýmæli að ræða, eins og ég vék að áður, að sjálfsagt er að gera ráð fyrir þeim möguleikum, að einhverju, kannske mörgu, megi breyta til bóta við nánari skoðun í n. Um þetta hef ég allt saman mjög rúman fyrirvara og hef engin áform um það að keyra þetta mál í gegn án breytinga. Þar verða metnar alveg að jöfnu skynsamlegar till. frá stjórnarandstöðu sem stjórnarliði.

Höfuðmarkmiðin eru tvö með lagasetningunni, og það eru þau tvö, sem ekki má hvika frá, að sveitarfélögunum verði a. m. k. ekki þrengri stakkur skorinn um fullnægingu fjárþarfa sinna en samkv. gildandi skattakerfi og að fluttar verði skattabyrðar af herðum hinna tekjuminnstu yfir á herðar hinna, sem breiðari hafa bökin. Ef slíkur árangur næst á viðunandi hátt með lagasetningu þessari, hafa þeir, sem þyngri byrðar bera eftir breytinguna, ekki síðferðilegan rétt til þess að mögla. En það skal fúslega játað, að með hinu nýja tekjustofnakerfi sveitarfélaganna er um allmikla tilfærslu að ræða á skattþunganum, ekki aðeins til lækkunar, heldur engu síður til hækkunar. Enda er það augljóst mál, að vilji menn aukna þjónustu, þróun og framfarir fremur heldur en frumbýlingshátt, deyfð og kyrrstöðu, kostar það peninga, það kostar hækkaða skatta.

Herra forseti. Ég læt nú máli mínu lokið og legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og meðferðar hv. heilbr.- og félmn., sem ég vona að bæti frv. heldur en spilli.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér þegar nú við 1. umr. um þetta frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga að gera nokkrar aths. um megindrætti frv. og nokkur einstök atriði þess, sem ég vonast til, að hv. þn., sem fær frv. til meðferðar, taki til athugunar, þegar hún hefur störf sín. Um leið mun ég drepa e. t. v. á einstök atriði í ræðu hæstv. félmrh. hér á undan.

Ég hlýt þá fyrst að drepa aðeins á undirbúning þessa máls og hvaða málsmeðferð það hefur hlotið af hálfu hæstv. félmrh., en eins og hann gat um, var nefnd skipuð um miðjan ágúst, 16. ágúst. Það, sem vakti athygli um þá nefndarskipun, var fyrst og fremst, að fyrir utan formann nefndarinnar, ráðuneytisstjórann í félmrn., var þetta hrein flokkspólitísk nefnd. Það voru eingöngu fulltrúar frá þeim stjórnmálaflokkum, sem standa að hæstv. ríkisstj., sem þar áttu sæti. Gengið var fram hjá heildarsamtökum sveitarfélaga, Sambandi ísl. sveitarfélaga, gagnstætt því, sem áður hefur tíðkazt um undirbúning lagafrv. um sveitarstjórnarmál, og önnur þau mál, þar sem þau hafa hagsmuna að gæta. Mér er líka nær að halda, að heldur lítið lið hafi verið í þessari nefnd, nema hvað formanninn snertir. Á honum hafa sennilega nefndarstörfin hvílt, og þótt ég beri fullt traust til hans sem ágæts embættismanns, þá hygg ég, að málið hefði fengið betri undirbúning og vandaðri, með því að Sambandi ísl. sveitarfélaga hefði gefizt kostur á aðild að nefndarstörfum.

Það mun líka hafa verið 30. sept., sem formaður og framkvæmdastjóri sambandsins áttu tal við hæstv. félmrh. og gerðu aths. um skipun endurskoðunarnefndarinnar og gerðu þeir sér vonir um eftir það samtal, að skipun nefndarinnar yrði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum, að fulltrúi sambandsins fengi þar sæti. Úr því hefur þó ekki orðið. Það út af fyrir sig ber að víta og gera sterklega athugasemd við.

Að öðru leyti hygg ég, að afskipti og samráð við Samband ísl. sveitarfélaga hafi verið fólgin í því, að á stjórnarfundi sambandsins 4. okt. s. l. voru lagðar fram til umsagnar stjórnarinnar hugmyndir og tillögur endurskoðunarnefndarinnar um breytingar á 2. kafla tekjustofnalaganna nr. 51 frá 1964, þ. e. um fasteignaskatt. Gerði stjórnin þá till. um allmargar breytingar. Hafa sumar þeirra verið teknar upp í frv., en aðrar ekki.

Í byrjun októbermánaðar voru fulltrúar sambandsins einnig kvaddir á fund endurskoðunarnefndarinnar með stuttum fyrirvara, og náðist þess vegna ekki í alla stjórnarmenn. Á þeim fundi voru þessum fulltrúum kynntar þá fram komnar hugmyndir í nefndinni um breytingar á tekjustofnalögunum og óskað, að stjórn sambandsins fjallaði um þessar hugmyndir. Þessar hugmyndir voru þá engan veginn komnar í endanlegan búning. Og 16. nóv. s. l. hélt stjórn sambandsins fund um málið, þar sem ráðuneytisstjóri fjmrn. mætti á fundinum, en þar voru engar ályktanir gerðar. En þó var reynt að koma aths. símleiðis til formanns nefndarinnar.

Eins og ég hef hér rakið, þá eru afskipti og samráð við Samband ísl. sveitarfélaga lítil og slitrótt og engan veginn í því formi, að gagnleg skoðanaskipti og raunhæf hafi getað átt sér stað. Ég hlýt að geta þess einnig, að þrátt fyrir óskir þar um, hefur einstökum sveitarstjórnarmönnum ekki gefizt tækifæri til þess á neinu stigi málsins að fylgjast með gangi þess. Það hefur hvílt þögn, leynd og laumuspil yfir undirbúningi málsins, sem mér er algjörlega óskiljanlegt, því að það er að mínu áliti algjör óþarfi og aðeins til þess fallið, að málsmeðferð og undirbúningur sé óvandaðri en ella.

Hvort tveggja þetta, hinn flokkspólitíski blær, sem er á undirbúningi málsins, og sú leynd, sem yfir undirbúningnum hvílir, sem og það, að við höfum ekki fengið þetta frv. í hendur, alþm., fyrr en s. l. mánudag, gerir það að verkum, að eigi er unnt á þessu stigi málsins að gera eins ítarlega könnun á efni frv. og vissulega væri ástæða til, jafnvel við 1. umr. þess. Ég vil þó fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh., er hann gaf varðandi afgreiðslu málsins og málsmeðferð, sem fyrirhuguð er hér af hv. deild.

Það mun líka orða sannast, að í undirbúningi málsins hafi orðið breytingar á frv. frá einum degi til annars, ekki sízt síðustu dagana, eftir því sem lausafregnir herma. Og þær segja enn fremur, og skal ég ekki bera ábyrgð á þeim, að frv. hafi verið töluvert breytt, frá því að nefndin gekk frá því, m. a. fyrir tilverknað annarra hæstv. ráðh., og efast ég e. t. v. um, að þær breytingar séu til bóta, þótt hæstv. félmrh. hafi e. t. v. þurft að láta þær ganga yfir sig. En í sambandi við þetta frv. og það frv. um tekjuskatta, sem er til umr. í Nd. nú, þá hygg ég, að segja megi í heild, að skortur á yfirsýn yfir þessa málaflokka einkenni frv., auk vöntunar þeirrar vönduðu málsmeðferðar, sem slíkum málum er nauðsynleg.

Það hefur enn fremur valdið sveitarfélögum landsins erfiðleikum, hve þessi frv. eru seint á ferðinni og hve undirbúningur þeirra hefur tekið langan tíma. Að vísu er hér um mjög viðamikil mál að ræða. Og það má e. t. v. segja, að það sé ekkert of langur tími að ætla nefndinni fjóra mánuði til að undirbúa slík mál, þótt viðamikið undirbúningsstarf hafi verið fyrir hendi í rn., að því er ég hygg, þegar þessi nefnd tók til starfa, og að sumu leyti sé byggt á því undirbúningsstarfi, sem fyrir lá í rn., sem betur fer.

Sveitarfélögin eiga lögum samkv. að afgreiða fjárhagsáætlanir sínar fyrir árslok, og það hefur verið háttur Reykjavíkurborgar að gera það ófrávíkjanlega, og síðasta áratug er ekki nema eitt undantekningardæmi um aðra málsmeðferð og þá vegna algjörlega óviðráðandi og utanaðkomandi ástæðna. En nú í dag hefði átt að fara fram 2. umr. um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, og af hálfu Reykjavíkurborgar var ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða frv. til fjárhagsáætlunar fyrir borgina og stofnanir hennar á þeim fundi. En með því að dráttur er svo langur orðinn á framlagningu þessa frv. og afgreiðslu, þá er útilokað að ganga frá fjárhagsáætluninni, og vænti ég, að hæstv. félmrh. muni veita undanþágu, sem byggist einmitt á þessum málsástæðum, að því er Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög snertir.

Það er sömuleiðis fyrirsjáanlegt, að sveitarfélög landsins og þar á meðal Reykjavíkurborg verða að starfa án samþykktrar fjárhagsáætlunar a. m. k. tvo mánuði ársins, ef ekki lengur, því að ég geri ráð fyrir, að Alþ. ætli sér það góðan tíma til málsmeðferðarinnar, þegar þing kemur saman aftur, að það verði ekki gengið frá þessum frv. fyrr en í fyrsta lagi einhvern tíma fyrir lok febrúarmánaðar, jafnvel þótt þinghléið sé nýtt að einhverju eða miklu leyti til þess að vinna að undirbúningi málsins. Þetta er slæmt fyrir sveitarfélögin og stuðlar ekki að fastri og ábyrgri fjármálastjórn í landinu. Í raun og veru vita sveitarfélögin ekki, í hvað þau mega ráðast, fyrr en þessi lög eru samþykkt, því að fyrr er ekki vitað um þær tekjur, sem þau hafa úr að spila.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé rétt afstaða hjá hæstv. félmrh., að hafa ekki flutt frv. um tekjustofna sveitarfélaga fyrr en samhliða frv. um

tekjuskatta til ríkisins. Þetta eru samofin mál, sem verða að skoðast í samhengi.

Það er svo, að þetta frv., sem hér er til umr., fjallar, a. m. k. í grg. sinni og að því er forsendur frv. snertir, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og það er vitaskuld grundvallarskilyrði að gera sér grein fyrir þessari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, áður en rætt er um tekjustofna sveitarfélaga og ríkisins. Ég er kannske ekki alveg hlutlaus í þessum efnum, þegar ég segi, að ég telji, að sem flest verkefni eigi að vera á vegum sveitarfélaga. Ég er þeirrar skoðunar, að dreifingu valdsins, þ. á m. dreifingu valdsins út um hinar strjálu byggðir landsins, sé bezt borgið með því, að staðaryfirvöld hafi sem flest og mest verkefni á sinni könnu. Það undirskilur að vísu, að tekjustofnum verður að skipta í samræmi við slíka verkefnaskiptingu.

Í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. segir svo á bls. 4: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun.“ Hvað seinni málsliðinn snertir hef ég þegar gert grein fyrir, að hann hefur verið þverbrotinn í undirbúningi þessa máls. Hvað fyrri málsliðinn snertir, að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, vek ég aðeins á þessu stigi athygli á, að ekki er verið að framkvæma hann með fram komnu frv. Endurskoðun getur það að vísu heitið á skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga, en þó tæpast, því að að því leyti sem þetta frv. tekur til þessa, þá má fremur segja, að um sé að ræða endurskoðun á fjárframlögum til tiltekinna mála, því að sveitarfélögin hafa ekki haft neina stjórn á almannatryggingum, takmarkaða, en þó nokkra á sjúkratryggingum og ekki stjórn á löggæzlu. En ætlazt er til, að fjárframlög sveitarfélaga til þessara verkefna hins opinbera ýmist falli niður eða lækki.

Að öðru leyti sakna ég þess, og veit raunar, að þessu frv. er ekki ætlað að fjalla um það, en samt sem áður vek ég athygli á því, að æskilegt væri að endurskoðun á skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga fari í raun og veru fram, og sú endurskoðun, sem ég vonast til, að hæstv. ríkisstj. efni, að fram fari, vænti ég að feli í sér, að flutt séu ýmis verkefni, sem ríkisvaldið hefur nú með höndum, til sveitarfélaga, til staðaryfirvalda. Þá er unnt að segja, að stefnt sé að auknu sjálfsforræði sveitarfélaga, en með þessum lögum ekki. Og sízt af öllu, ef á daginn kemur, að með takmörkuðum tekjustofnum er einmitt sjálfsforræði og sjálfstæði sveitarfélaganna skert.

Ég vil undirstrika það og taka skýrt fram, að ég tel það jákvæða þætti í fram komnu frv. að færa fjárframlög til almannatrygginga, löggæzlu að öllu leyti og sjúkratrygginga að hálfu leyti frá sveitarfélögum, því að þau hafa ekki haft stjórn þessara málaflokka og meginatriðið, meginviðmiðunin á að vera, að saman fari ábyrgð á stjórn og framkvæmd annars vegar og útgjöld hins vegar. Að því leyti til eru þessi ákvæði frv. mjög jákvæð. Ég hlýt þó að láta hér í ljós söknuð yfir því, ef algjörlega eru slitin tengsl milli sveitarfélaga og löggæzlu. Það er staðaryfirvöldum mjög mikilvægt, að löggæzla sé góð í sveitarfélaginu, og hér í Reykjavík höfum við átt því láni að fagna að eiga mjög góða samvinnu bæði við yfirmenn löggæzlunnar og lögreglumenn í heild. Það verður því mikill söknuður að þessu leyti í því, að slitin eru tengsl, sem þarna eru óneitanlega fyrir hendi, e. t. v. meiri vegna fjárframlags sveitarfélags til löggæzlu heldur en verða mun í framtíðinni, þegar um slíkt er ekki að ræða, þótt núverandi fyrirkomulag geri ekki ráð fyrir, að við höfum vald til að skipta okkur af stjórn þessara mála.

Ég vil þá koma að því, hvort þau tekjustofnafrv., sem hér eru til umr. í dag í báðum d., hafa í för með sér aukna skattheimtu af hálfu hins opinbera, hvort þau hafi í för með sér rýmkun eða skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga og fjárráðum og hvort þau hafi í för með sér hagsbætur fyrir einstaka skattþegna.

Óhjákvæmilega hlýt ég að drepa í einstaka atriðum á frv. það, sem Nd. hefur til meðferðar, en geri það á þeim grundvelli, að skoða verði mál þessi í heild. Það er mín skoðun, að þegar hið opinbera, hvort heldur er ríki eða sveitarfélög, er að gera sér grein fyrir útgjöldum og gera sér grein fyrir, hvað nauðsynlegt er að gera þjóðfélagsborgurunum til hagsbóta, þá verði fyrst og fremst að gera sér grein fyrir, úr hvaða tekjum hið opinbera hefur að spila. Það verður fyrst og fremst að kanna gjaldþol þjóðfélagsborgaranna í heild sinni og hvernig unnt er að skipta þeirri gjaldabyrði á sanngjarnan hátt á milli þeirra. Þegar þeirri athugun er lokið, þá er fyrst hægt með sanni að gera sér grein fyrir útgjöldum hins opinbera og velja á milli mismunandi nauðsynlegra útgjalda, – eða réttara sagt: setja nauðsynleg útgjöld í forgangsröð. Þessi starfsháttur hefur hins vegar ekki verið við hafður hér á Alþ. núna síðustu dagana, eins og hv. þm. er kunnugt. Búið er að afgreiða fjárlagafrv. til 3. umr. hér á hv. Alþ. án þess að nokkrar upplýsingar hafi verið gefnar um tekjuhlið frv., án þess að frá ábyrgri hendi hafi birzt nokkrar upplýsingar um, hvað líkur bentu til, að niðurstöðutölur fjárlagafrv. yrðu. Hér er um algjört ábyrgðarleysi að ræða og vinnuaðferðir, sem stríða gegn skynsamlegum vinnubrögðum. Það er álit mitt, að með þeim frv., sem hér hafa verið flutt á þingi um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga, sé stefnt að og í rauninni sé um að ræða töluverða þyngingu skattbyrða. Við höfum að vísu ekki fengið það, hygg ég, opinberlega sagt, – við höfum ekki heyrt það sagt á opinberum vettvangi, – en gefið er í skyn í einkasamtölum, að frv. það til tekjuskatts, sem er til umr. í Nd., muni auka tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum um 100%.

Við getum búizt við því, að frv. það til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er verið að ræða, lækki að vísu eitthvað innheimtu útsvara, en engan veginn eins mikið og hækkun tekjuskattanna muni nema. Þegar til viðbótar kemur, að fasteignaskattar eru hækkaðir, þá hygg ég, að það sé engum blöðum um að fletta, að skattbyrðin í heild stóreykst. Og ég vek sérstaklega athygli á því, að í tekjuáætlun fjárlagafrv. um tekjuskatta var búið að taka inn hækkun þá, sem yrði á tekjusköttum á næsta ári vegna tekjuhækkunar almennt í landinu á yfirstandandi ári.

Ef við lítum á einstök dæmi, hvernig þessi tekjustofnafrv. koma á gjaldþegnana, þá vildi ég nefna sem dæmi hjón með tvö börn, sem hafa 300 þús. kr. nettótekjur, sem svarar til 375 þús. kr. brúttótekna. Þau eiga samkv. framlögðum frv. að greiða 37 þús. 250 kr., en

mundu að óbreyttum lögum með 6½% skattvísitölu, eins og gert er ráð fyrir í frv., greiða 32 þús. kr. Samkv. þessum frv. hækka skattar þessa fólks um 5 þús. kr. Við skulum líta á hjón með 350 þús. kr. nettótekjur og 440 þús. bruttótekjur. Þau mundu greiða samkv. frv. 64 715 kr., en hefðu með 6½% skattvísitölu, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., greitt 49 661 kr. Hækkun um 15 þús. kr. Við skulum líta enn á hjón með tvö börn og 400 þús. kr. nettótekjur, sem að jafnaði samsvarar 510 þús. kr. bruttótekjum. Þau greiða 95 440 kr. í skatt og útsvar samkv. framlögðu frv., en hefðu að óbreyttu skattkerfi greitt með 6½% hækkun skattvísitölu 72 670 kr. Hækkunin er 23 þús. kr. Við getum einnig litið á einstæða móður með tvö börn á framfæri, sem hefði í bruttótekjur á síðasta ári, – það er miðað við framtal yfirstandandi árs, – 250 þús. kr., og hún greiðir samkv. því í ár 21 200 kr. með nefsköttum, sjúkrasamlags- og almannatryggingagjöldum og hlutdeild í fasteignasköttum. Ef þessi einstæða móðir hækkar í tekjum um 23%, sem er tekjuhækkunarviðmiðun fjárlagafrv., þá mundi hún borga á næsta ári samkv. nýja kerfinu 31 520 kr. Það þýðir, að hún borgar 5 400 kr. umfram 23% hækkun í opinberum gjöldum. Við skulum taka hjón, sem eru bæði með ellilífeyri og hafa bruttótekjur á framtali 1971 250 þús. kr. auk ellilauna og borguðu núna með þessum tekjum 28 867 kr. Ef við miðum við sömu tekjuhækkun á þessum fullorðnu hjónum og almenna tekjuhækkunin er á milli ára, 23%, þá mundu þau samkv. nýja kerfinu þurfa að borga 80 þús kr. á næsta ári, ef við tökum hlut þeirra í fasteignasköttum með í reikninginn og hækkun á þeim. Þó er hækkunin á fasteignasköttum ekki nema 6 þús. kr. af þessari u. þ. b. 50 þús. kr. gjaldahækkun, sem um er að ræða.

Það vekur athygli, að í frv. ríkisstj. um tekjuskatta er aukafrádráttur aldraðs fólks, sem sett var sem nýmæli í lög nr. 68 1971, afnuminn, þannig að ekki sýnast þessi tekjustofnalög vera hliðholl hinni almennu fjölskyldu, hjónum með tvö börn, ekki einstæðri móður með tvö börn og ekki fullorðna fólkinu, sem er komið á ellilífeyrisaldur.

Haldið hefur verið fram, að afnám nefskatta eða svo kallaðra *persónuskatta sé ákaflega hagkvæmt fyrir* gjaldendur, og ég dreg ekki í efa, að það sé mjög margt til í því, að það sé einnig hagkvæmt fyrir hið opinbera, að því leyti til, að það gerir innheimtu skattanna einfaldari og óbrotnari, og að því leyti til sé hér um spor fram á við að ræða. En ég vek athygli á því, að niðurfelling þeirra getur ekki jafnazt á við hækkun fasteignaskatta annars vegar og heldur ekki, þegar tekið er tillit til þess, að nefskattarnir svo nefndu eru liður í vísitölunni, þannig að ef nefskattarnir hækka, þá á samkv. gildandi kjarasamningum að hækka laun þeirra, sem þessa skatta borga. Það er talið, að almannatryggingasjóðsgjaldið sé um 2.05 vísitölustig, sjúkrasamlagsgjaldið, ef það er óniðurgreitt, 2.15 vísitölustig. Nú mun það vera niðurgreitt um 0.48 vísitölustig og nettó er það því 1.67 vísitölustig. Þetta munar sem sagt 4% í kaupi. Ég legg áherzlu á þetta, að hækkun nefskattanna, sem hæstv. félmrh. málaði á vegginn sem ógnvekjandi, að mundu jafnvel verða 22 þús. kr. á hjón á næsta ári miðað við aukin útgjöld tryggingana og er það hækkun að því er mig minnir úr rúmum 16 þús. kr., þá mundu þessi hjón fá hærri laun til þess að standa undir þessari hækkun, kaupgreiðslu samkv. vísitölu. Nú er það spurningin, hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. að lækka vísitöluna eða lækka kaupið að öðru óbreyttu, ef nefskattarnir yrðu afnumdir. Ég vil hreinlega spyrja hæstv. félmrh. um fyrirætlun ríkisstj. að þessu leyti. Að mínu viti væri þar um algera fölsun á vísitölunni að ræða, því að auðvitað ætti við afnám slíkra útgjalda ekki eingöngu að taka hækkunina eða lækkunina úr sambandi, heldur ætti að taka þetta algerlega burt úr grunni vísitölunnar og það þýddi þá annaðhvort, að vísitalan yrði óbreytt og þar af leiðandi, að kaupgjald mundi ekki lækka, eða þá jafnvel, að vísitalan hækkaði, vegna þess að aðrir þættir mundu vega meira hlutfallslega í vísitölunni og kaup þá hækka. Það, sem ræður úrslitum og er alveg ljóst, að mundi vera fölsun á vísitölunni, ef hún yrði látin lækka við afnám þessara nefskatta, er það, að við afnám nefskattanna hækka önnur opinber gjöld eins og skattar, án þess að skattgreiðendur fái þá hækkun uppi borna í hækkaðri vísitölu og hækkuðum launum. Ég veit það, að hæstv. félmrh. sem fyrrv. forseti Alþýðusambands Íslands lætur sér ekki til hugar koma að falsa vísitöluna með þessum hætti. En til vonar og vara langar mig til að heyra hreina og afdráttarlausa yfirlýsingu hans þar að lútandi í sambandi við umr. um þetta mál.

Ég er þá, eftir að hafa rakið nokkuð, hvernig þessi frv. koma fram gagnvart einstaklingum, kominn að því að gera grein fyrir því, hvernig mér sýnist þessi frv., og einkum frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga, hafa áhrif á fjárhag og tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaga. Ég hef vegna þess stutta tíma, sem til ráðstöfunar hefur verið, aðeins tölur frá Reykjavík á að byggja og ég vil ekki fullyrða, að hið sama gildi um öll sveitarfélög. Ég þykist vita, að það sé alveg rétt, og er þar sammála raunar hæstv. félmrh., að þetta frv. kemur ekki jafnt niður á öll sveitarfélög. Það er ekki unnt að semja frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem kemur eins niður gagnvart þeim öllum. En svo að ég víki að því, hvernig þetta frv. kemur fram gagnvart Reykjavíkurborg, þá rifja ég það upp, að við höfum útbúið frv. til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár í borgarstjórn Reykjavíkur. Við erum búin að ræða það við eina umr. og var ekkert að vanbúnaði að ganga frá því í dag, eins og ég gat um í upphafi máls míns. Ef við setjum nú tölur samkv. þessu frv., sem hér er til umr., inn í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, þá eru þessar breytingar helztar tölulega: Útsvör án afsláttar lækka úr 1 500 millj. í 1 030 millj. eða um 470 millj. kr. Fasteignagjöld hækka úr 82 millj. kr. í 246 millj. kr., um 164 millj. kr. Aðstöðugjöld lækka úr 378 millj. í 189 millj. og lækka um sömu upphæð. Tekjur lækka samkv. þessu frv. um 500 millj. kr. Að því er gjöldin snertir, þá lækka þau; löggæzlan um 78 millj. kr. og félagsmálin, þ. e. framlög til almannatryggingganna um 164 millj., lífeyrisuppbótanna 22 millj. og til sjúkratrygginganna 111 millj. eða samtals 297 millj. Samtals er lækkun á gjöldum 375 millj. og skortir þá á tekjurnar 125 millj., til að unnt sé að standa undir þeim gjöldum, sem núgildandi tekjustofnar stóðu mjög vel undir, því að þá, að óbreyttum núverandi tekjustofnum, var gert ráð fyrir, að unnt væri að gefa 6% afslátt af útsvarsstiga og nýta aðeins 60% af hámarksgjaldskrá aðstöðugjalda. Þegar haft er í huga, að sveitarfélögum er ekki eingöngu heimilt samkv. núgildandi sveitar-

stjórnarlögum að nýta útsvarsstigann að fullu, heldur og að setja 20% álag á hann, má sjá, hve svigrúmið hefur minnkað milli þessara tveggja tekjustofnaleiða. Það er að vísu svo, að unnt er og heimilt, án staðfestingar félmrh., að samþykkja 50% álag á fasteignagjöldin. Það mundi gefa Reykjavíkurborg 123 millj. og þá mundi skorta 2 millj. enn, til þess að tekjur og gjöld stæðust á, en þá er heldur ekkert upp á að hlaupa, að því er tekjuöflun snertir, fyrir öðrum útgjöldum, sem kynnu að hækka.

Af þessum tölum hygg ég, að ljóst sé, að það er ofmælt í aths. við frv., að tekjuöflun sveitarfélaga sé vel borgið. Langstærsta sveitarfélag landsins verður sem sagt annað tveggja að draga saman verklegar framkvæmdir eða nota þá tekjustofna, sem hér er gerð tillaga um, með fullu álagi strax á fyrsta ári, sem þó virðist ekki hrökkva til, ef bráðabirgðaákvæðið um hálft aðstöðugjald væri ekki fyrir hendi, og vegna þess að ég tók ekki nákvæmlega eftir því í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan, hvað hann sagði um framtíð þessarar heimildar um innheimtu hálfs aðstöðugjalds, þá vildi ég biðja hann um að skýra það hér á eftir, hvort hugsunin sé sú að framlengja þessa heimild, og ef svo er, hvers vegna aðstöðugjöld séu þá ekki talin með tekjustofnum sveitarfélaga, eða hvort ætlunin sé t. d. að hækka fasteignaskattana eftir þetta fyrsta ár. Nú er spurningin að vísu með tilliti til mismunandi aðstæðna sveitarfélaga, hvort Reykjavíkurborg sé undantekning og önnur sveitarfélög geti verið vel sæmd af þessu tekjustofnafrv. Ég hygg, að svo sé ekki, ég held, að almennt megi segja, að með þessu frv. sé þröngur stakkur skorinn sveitarfélögum landsins til þess að inna skyldur sínar af hendi gagnvart íbúum sínum, og ég byggi það m. a. á því, að mér dettur ekki í hug, að þetta tekjustofnafrv. hafi að einu eða neinu leyti átt að vega að hagsmunum Reykjavíkurborgar einnar.

Ég vek svo athygli á því, að samkv. þessu frv. er tekjuöflun byggð á einstaklingum meira en áður. Hlutfall það, sem einstaklingar standa undir af gjöldum sveitarfélaga, eykst, vegna þess að sveitarfélagið fær ekki tekjur af félögum og atvinnurekstri. Ég tel það miður farið þegar af þeirri ástæðu, að verið er að slíta tengslin milli sveitarfélagsins og atvinnulífsins, en það hefur löngum verið eitt af hlutverkum sveitarfélaga að búa svo í haginn fyrir atvinnureksturinn í umdæmi sínu, að blómlegt atvinnulíf gæti þar þrifizt.

Þá vildi ég í því sambandi varpa því fram, hvort ekki sé þá ástæða til og rökrétt samhengi að fella niður framlag sveitarfélaga til atvinnuleysistrygginga, úr því að sveitarfélögin hafa ekki beinar tekjur af atvinnurekstri í skattformi. Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. félmrh., hvernig háttað yrði helmingslækkun á framlagi sveitarfélaga til sjúkratrygginga. Ég hygg, að hann hafi nú svarað þeirri fyrirspurn í sinni ræðu, en ég skildi hann svo, að heildarkostnaður sjúkratryggingganna yrði viðmiðunin í stað iðgjalda einstaklinga áður, því að að niðurfelldum iðgjöldum einstaklinga er ekki við þau hægt að miða og því skil ég það svo, að í framhaldi verði heildarútgjöld sjúkratryggingganna grundvöllurinn og sveitarfélögum sendur reikningur fyrir 10% þeirra.

Ég vek athygli á því sérstaklega, ef aðrar upplýsingar og nánari benda til hins sama og ég hef hér leitt líkur að, að tekjustofnar sveitarfélaga séu mjög þröngir, hvort ekki sé þá ástæða til þess að fella þennan þátt sveitarfélaga í sjúkratryggingunum alveg niður.

Það er svo, að eitt með öðru hefur sú staðreynd, að þetta frv. kemur svona seint fram, orðið til þess að torvelda sveitarfélögunum innheimtu gjalda sinna. Þá á ég við, að gjalddagi fasteignaskatta er samkv. núgildandi lögum 15. jan., og ég tel nauðsynlegt að heimila sveitarfélögum að innheimta fasteignaskatta miðað við þann dag, því að ella er fjárhag þeirra margra stefnt í voða, og beini ég því til hæstv. félmrh. að hlutast til um, að slíkt verði heimilað. Ég vil líka draga í efa, að það sé einhliða til bóta að draga úr áhrifum og afskiptum sveitarfélaga af álagningu útsvara, og tel rétt, að nákvæmari ákvæði séu í frv. að þessu leyti heldur en framlagt frv. gefur til kynna.

Varðandi Jöfnunarsjóð, þá er rétt að drepa á, að ráðstöfunarfé hans til sveitarfélaga almennt er skert með hækkun framlags til varasjóðs eða úr 4% í 5% og hækkun til Sambands ísl. sveitarfélaga úr 1% í 2%. Varðandi útsvörin þá dreg ég í efa, að framkvæmd þeirra sé miklu einfaldari en áður var, því að áður var, held ég, ekki nema um þrjá útsvarsstiga að ræða, en þeir eru nú 26 eða 27, eftir því hvernig á er litið, og þegar hæstv. félmrh. talaði um sem viðmiðun við samningu þessara tekjustofnafrv. til ríkis og sveitarfélaga, að sveitarfélögin væru með jafnan hlutfallslegan skatt, en ríkið aftur á móti með stighækkandi skatt, þá er þessu nú eiginlega öfugt farið í þessum frv., þar sem skattþrepin hjá sveitarfélögunum eru sem sagt 26 eða 27, en aðeins tvö að því er ríkisskattana eða tekjuskattinn snertir. Ég er á hinn bóginn sammála þeirri verkaskiptingu, sem hann gat um að þessu leyti milli sveitarfélaga og ríkis, en tel bara, að henni hafi ekki verið fylgt í þessu frv. að öllu leyti. En að svo miklu leyti sem henni hefur verið fylgt, þá er það til bóta.

Þá hlýt ég að vekja athygli á því, þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem fjallar um þessi frv., að nauðsynlegt er að tryggja ákvæði um það, að meira en helmingur útsvara verði greiddur fyrir 15. júlí, en nú er gert ráð fyrir að innheimta megi 60% fyrir lok júlímánaðar. Þá ber að athuga það, að varasamt er, að hækkun dráttarvaxta í 1½% nægi til þess að auðvelda innheimtu á réttum gjalddögum, ef frádráttarreglan fellur úr gildi. Enn fremur er ástæða til að benda á, að samræma þurfi reglur um upphæðir dráttarvaxta í þessum tekjustofnafrv. báðum, en ég hygg, að þar sé ósamræmi á milli.

Í ákvæðum til bráðabirgða er bent á í 3. tl., að sá möguleiki sé fyrir hendi, að sveitarfélög innheimti fasteignaskatta á árinu 1972 samkv. núgildandi lögum. Ef Reykjavíkurborg gerði það, þá mundu fasteignaskattarnir hækka úr 82 millj. í 1 200–1 500 millj., ef 200% álaginu yrði haldið, án þess í 400–500 millj. kr. Við teljum það algerlega útilokað að fara þessa leið og ég efast nú um, að önnur sveitarfélög geri það, en þetta ákvæði bendir einmitt til þess, sem ég gat um áðan, að nauðsynlegt er að leggja áherzlu á það, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. auðveldi sveitarfélögum leið til þess að innheimta hluta af væntanlegum fasteignasköttum, t. d. með sömu krónutölu og þeir voru innheimtir á yfirstandandi ári, miðað við 15. jan. n. k.

Þá vildi ég spyrja hæstv. félmrh. um það, hvort fjmrh.

hafi ákveðið breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971. Það getur skipt máli í sambandi við þessi atriði, sem ég drap á áðan, og aðeins bætt myndina að því er tekjustofna sveitarfélaga snertir, en þó ekki að verulegum mun. Fyrirspurn mín er því nánar sú: Hver verður hækkun á nýja fasteignamatinu, er tekur gildi 1. jan. n. k. miðað frá 1. jan. 1970?

Herra forseti. Ég skal nú láta máli mínu lokið, en vil aðeins þó fagna þeirri yfirlýsingu og loforði hæstv. félmrh., að hann taki við og fagni brtt. við þetta frv., sem til bóta kynnu að horfa, og ég hafði nú reyndar búizt við því af hálfu hæstv. ráðh., án þess að hann tæki það sérstaklega fram, að hann mundi taka við skynsamlegum tillögum jafnt frá stjórnarandstæðingum og stjórnarsinnum, en það er gott að heyra þetta berum orðum sagt og ég vona, að svo reynist í framkvæmd. En áður en ég lýk máli mínu, þá vil ég aðeins draga fram í nokkrum atriðum meginmál þess, sem ég hef hér gert að umræðuefni. Það er í fyrsta lagi, að lítið samráð hefur verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga eða einstök sveitarfélög varðandi undirbúning þessa frv., og ég harma það og vonast til þess, að þó seint sé, verði það samráð nú haft og af einlægum huga gert. Í öðru lagi vil ég leggja áherzlu á það, að þessi tekjustofnafrv. leysa ekki verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Sú endurskoðun þarf að fara fram og sú endurskoðun þarf að fara fram á þeim grundvelli, að fleiri verkefni séu falin staðaryfirvöldum. Í þriðja lagi vil ég leggja áherzlu á það, að þessi tekjustofnafrv. hafa í för með sér aukna skattbyrði fyrir allan almenning í landinu. Í fjórða lagi, að þau hafa í för með sér tilflutning á tekjum frá sveitarfélögum, frá staðaryfirvöldum til ríkisvaldsins og rýra þannig tekjustofna sveitarfélaga og mátt þeirra og möguleika til þess að starfa sjálfstætt.

Herra forseti. Ég læt þá máli mínu lokið og vonast til þess, að hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, grandskoði það, hafi náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og einstök sveitarfélög varðandi athugun á einstökum ákvæðum frv., svo að við megum hér á nýju ári afgreiða sem lög frá Alþ. lög um tekjustofna sveitarfélaga, sem geri þeim unnt að starfa í þágu íbúa sinna, svo sem þeim ber.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri hv. n., sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, þótt ekki sé það ljóst enn, þá leyfi ég mér að segja hér örfá orð við 1. umr. þessa frv. nú. En svo sem fram hefur komið í umr. um fjárlög hér á hv. Alþ. undanfarna daga, er það frv., sem hér er til umr., frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, aðeins einn liður í afgreiðslu þeirra laga, þ. e. fjárlaganna.

Þótt allir séu sammála um það, jafnt þeir, sem frv. sömdu, og hinir, sem nú eru fyrst að sjá það, er ómögulegt að átta sig á því, að hér sé um einn liðinn í því þrístirni að ræða, sem eru fjárlög og skattalög ásamt þessu frv. Í fyrsta lagi, vegna þess hvað það er seint fram komið. Í öðru lagi, vegna þess að hitt aðal-fylgifrv. við fjárlögin, skattamálin, sem í dag er til umr. í hv. Nd. og er þó talið enn þá umfangsmeira, er einnig að sjá dagsins ljós hér á hv. Alþ. nokkrum dögum fyrir þinghlé. Ríkisstj. heldur hins vegar fast við að afgreiða fjárlögin fyrir áramót og þar með öll útgjöld ríkisins fyrir næsta ár, án þess að minnsta tilraun sé til þess gerð að skýra, hvað þessi tvö frv. eiga að útvega í tekjur til framkvæmda á væntanlega lögboðnum ákvörðunum fjárlaga fyrir næsta ár.

Í sambandi við þennan skrípaleik hæstv. ríkisstj. kemur mér í hug saga, sem á sínum tíma var fleyg meðal sjómanna, en hún var í fæstum orðum þessi: Skipverji á fiskiskipi fékk skipun um það frá skipstjóra sínum að finna tiltekinn enda á tógi, sem var mjög mikilvægt að finna, og festa hann hið bráðasta, því að mikið var talið við liggja, ef veiðiferðin átti að heppnast vel. Eftir vandlega leit skipverjans um allt þilfar, gat hann samt ekki fundið umræddan enda og sagði því við skipstjórann að leit sinni lokinni: „Ég get ekki fundið bölvaðan endann, hann hlýtur að hafa verið skorinn af."

Við getum alveg eins hugsað okkur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú og umr. tveggja frv., sem því fylgja, að þessi saga hafi gerzt um borð í þjóðarskútunni: Forsrh. fyrirskipar skipverjum sínum að finna grundvöll til fjárlaga, tekjuöflun til að mæta útgjöldum, sem væntanlega verða ákveðin endanlega innan tveggja til þriggja daga. Frá 14. júlí í sumar hefur vandlega verið leitað að þessum enda, – þar á ég við enda fjárlaganna, – án þess að hann fyndist. Hvort endinn verður bölvaður, þegar hann finnst, ef hann þá finnst nokkurn tíma, skal hér látið ósagt. Enn þá er hann a. m. k. ekki fundinn og hefur ekki fundizt í svörum hæstv. ráðh.

Hæstv. núverandi félmrh., sem fylgdi þessu frv. úr hlaði áðan, hefði í stöðu stjórnarandstæðings a. m. k. ekki sleppt því fram hjá sér að minna á við slíkar aðstæður, að nú væri þörf á ... Þetta er nú um broslegri hlið þessara mála. Því er nú verr, að ekki er unnt að skoða þá mynd, sem ríkisstj. sýnir Alþ. þessa dagana, lengi í þessum gleraugum, svo dökk er hún og alvarleg, að mínu áliti, fyrir lýðræðislega kjörið þjóðþing, löggjafarþing heillar þjóðar, að ekki má láta átölulaust.

Það er viðtekin venja hér á hv. Alþ., að stjórnarflokkarnir reyni að semja fyrir jólaþinghlé þm. við stjórnarandstöðu hverju sinni um framgang þeirra mála, sem nauðsynlega þurfa fram að ganga fyrir áramót, og gildistaka þeirra er við það bundin, þótt síðbúin sé. Hvað Alþfl. áhrærir hefur a. m. k. ekki á honum staðið, og nægir í því efni að minna á yfirlýsingu varðandi tryggingalögin og Framkvæmdastofnun ríkisins, þótt flokkurinn hafi ýmsar mikilvægar aths. við þessi mál að gera í einstökum atriðum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. En að bjóða þm. upp á að samþykkja fjárlög heils árs upp á 13–16 milljarða kr. útgjöld, sem eðlilega verða af skattþegnum þjóðfélagsins tekin nú sem fyrr, án þess að hafa á hendi minnstu grg. um það, með hvaða hætti það skuli gert, aðra en þá, að næsta ár eigi að verða prufuár. Það eigi að verða prufuár um það, hvernig þessi nýja stefna komi í raun og sannleika út. Stjórnarandstæðingar áttu að sjálfsögðu ekki von á sérlega lýðræðislegum vinnubrögðum hjá hæstv. núv. ríkisstj. almennt. Stuðningsmenn stjórnarinnar hefðu hins vegar átt kröfurétt á því að vita, hvaðan peninga átti að taka, en jafnvel þeir virðast hafa verið meðhöndlaðir eins, a. m. k. lætur enginn þeirra enn þá á sér heyra, að þeir viti, hvar tekjustofnarnir séu. Svo sem fyrr er sagt, á þetta að verða einn liður í því tilraunaári,

sem árið 1972 á að verða um fjármál ríkisins og þar með skattþegna ríkisins alls.

Aðalinntakið í hinum þætti þessa tilraunaárs á svo að vera áðurgreint skattafrv., sem eins og ég áðan sagði er til 1. umr. í hv. Nd. í dag. En aðalatriði þess virðast við fljótlegan yfirlestur, – annað hefur ekki komið til greina, – eiga að vera að þyngja opinber gjöld á hinum svo nefndu millitekjumönnum, þeim, sem hafa tekjur beggja megin við miðju í launakerfi hins opinbera, iðnaðarmönnum og fiskisælum sjómönnum, ásamt þeim öðrum, sem tekjur hafa af svipuðum launaupphæðum.

Hlutfallslega virðist svo þeim, sem hæstu launin hafa, vera hlíft. Eini ljósi punkturinn virðist þar vera sá, að þeim, sem lifa á nauðþurftartekjum, verður hlíft við hækkun útgjalda, frá því sem nú er. Þessi sanngjarni vottur skattafrv. virðist þó deyfast nokkuð, þegar á það er litið, að í tryggingalöggjöfinni eða frv., sem lagt hefur verið fram um þau efni, í bótahækkun þess frv. er ákveðið, að fjölskyldubætur skuli ekki hækkaðar einar allra bóta. Þá er þar einnig hætt að miða bætur eða hækkun þeirra við fólk, sem vinnur við fiskvinnslu í landi, heldur laun verkamanna almennt. Þessi ráðstöfun kann við fyrstu sýn að virðast eðlileg, en þegar betur er að gáð og til úrslita síðustu vinnudeilu er litið, kemur í ljós, að einmitt fólk við fiskvinnslu í landi fékk mestu launahækkunina. Þá fer dæmið að skýrast.

Gott væri að fá skýringu á því við tækifæri og helzt sem fyrst, hvers vegna breytt var um viðmiðun í þessu efni, og fá samanburð á útkomu bóta þeirra í báðum tilfellum.

Eitt af því, sem fyrrv. ríkisstj. var talið til tekna, var, að kaupgjaldsvísitölunni var breytt á þann veg, að hún mældi rétta neyzlu fólks og þar af leiðandi einnig laun. Það er því freistandi að hugsa sem svo, að af því að fjölskyldubæturnar eru inni í vísitölunni í dag, þá skuli þær nú ekki hækka, því að út úr því kynnu að koma hækkuð laun til almennings og auknar bætur til stærri eða fjölmennari fjölskyldna. En það virðist m. ö. o. ekki mega gerast, a. m. k. ekki á því herrans prufuári 1972.

Það, sem er plúsmegin í þessu frv., eru auknar tekjur, sem af næsta ræðumanni hér á undan voru þó allverulega vefengdar, og ef það stenzt, sem hæstv. ríkisstj. hefur fullyrt um það, þá ættu auknar tekjur og þar af leiðandi aukin fjárráð einstakra bæjar- og sveitarfélaga að geta átt sér stað. Og það út af fyrir sig væri mjög ánægjulegt, ef satt reyndist, því að sannleikurinn er sá, að áður voru kröfur almennings yfirgnæfandi þær, að byggðar yrðu fleiri íbúðir, og því miður er þeim kröfum enn ekki fullnægt. Nú hafa kröfur fólks hins vegar í vaxandi mæli hallast að því að fá umhverfi sitt og aðstöðu bætt verulega frá því, sem áður hefur verið, og samgöngur innan sveitarfélaga og ætti þetta þá, samkv. yfirlýsingum ríkisstj., – ég tek það skýrt fram, að það eru þeirra orð, en ekki mín, – að gefa sveitarfélögunum betri möguleika til að sinna þessum breyttu viðhorfum.

Eins og fyrr er getið, er frv. svo viðamikið, að til einstakra efnisatriða verður vart tekin afstaða á svo skömmum tíma, sem til hefur gefizt að athuga það, enda yfirlýst af hæstv. ríkisstj., að hún ætlist til þess, að hátíðarnar verði notaðar til athugunar á málinu. Ég vildi nú eindregið gera það að minni till. og áskorun til þeirrar n., sem málið fær til umráða, að hún sendi sveitarfélögum landsins frv. til umsagnar, svo að þær umsagnir gætu legið fyrir, þegar þing kemur saman að nýju, og spyr hæstv. félmrh., hvort hann geti ekki á það fallizt. Fjárlögin á að afgreiða og þar með ráðstafa þeim tekjum, er af þeim eiga að gefast samkv. þeim tilfærslum, sem í þessu frv. eru ætlaðar á milli bæjar- og sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar og á að vera meginefni frv.

Alþfl. tekur af fyrrgreindum ástæðum ekki efnislega afstöðu til þessa máls á þessu stigi, þar sem nauðsynlegt er að gera sér ljósa mynd af frv. öllum þremur, í fyrsta lagi fjárlagafrv., í öðru lagi frv. um tekju- og eignarskatt og í þriðja lagi þessu frv. um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég ítreka svo það, sem ég sagði í upphafi, að vinnubrögð og málatilbúnaður hæstv. ríkisstj. verður vart talinn orka til fylgisaukningar við þessa viðtæku málaflokka alla og nægir í því efni að vísa til ákvæðisins til bráðabirgða, er í frv. felst, því að eftir nákvæma athugun þeirrar nefndar, sem var undir forustu þess ágæta embættismanns Hjálmars Vilhjálmssonar, – ég hygg, svo sem áður hefur komið fram hér í umr., að starf nefndarinnar hafi að mestu hvílt á honum, – þá efast nefndin sjálf um, hvernig frv. muni í raun og sannleika reynast, því að í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari," – þ. e. sveitarfélögunum, – „en lög nr. 51/1964, þá skal endurskoða" o. s. frv.

Hæstv. félmrh. taldi, að þrjú væru meginatriði í uppistöðu þessa frv., og að óreyndu skal ég ekki um það efast, en tel nauðsynlegt, að þau séu ítrekuð. Það er í fyrsta lagi það, að öll samskipti ríkis og sveitarfélaga verði gerð einfaldari. Í öðru lagi, að minni sveiflur verði í tekjum sveitarfélaga, og verður það þó vart ljóst, a. m. k. hjá þeim sveitarfélögum, sem nánast eingöngu byggja afkomu sína á afkomu sjómanna. Í þriðja lagi, að skattabyrðin ætti að vera réttlátari.

Ég leyfi mér að efast um a. m. k. 2. og 3. lið og óska nánari skýringa frá hæstv. ráðh. en fram komu í framsöguræðu hans hér áðan, áður en ég læt sannfærast í þessum efnum. Ég hef við fljótlegan lestur frv. talið, án þess að ég hafi getað haft aðstöðu til að leita á náðir sérfróðari manna, að þessum fullyrðingum ráðh. væri á allt annan veg farið. En það er rétt að hafa það, sem sannara reynist, og ég geri það að mínum lokaorðum, að ég skora á ráðherrann og nefndina að samþykkja það, að sveitarfélögin öll fái að segja sitt álit á þessu frv., svo miklu varðar það hag þeirra og íbúa þess hvers um sig. Í auðveldari tilfellum hefur verið leitað umsagnar hlutaðeigandi aðila heldur en í því víðtæka frv., sem hér er flutt.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 219 að flytja brtt. við það frv., sem hér er til 1. umr. í hv. deild. Till. þessi er svo hljóðandi:

„Við a-lið 3. gr. bætist: Þó skal leggja 3% af fasteignamati íbúðar í þéttbýli á þann hluta fasteignamats,

sem er umfram 3 millj. kr. Einnig skal hver sjálfstæður gjaldandi, sem á tvær eða fleiri íbúðir, greiða 3% af þeim hluta samanlagðs fasteignamats íbúðarhúseigna hans, sem er hærri en 3 millj. kr."

Ég tel þessa till. mína vera í fullu samræmi við kjarna þeirrar efnahags- og skattamálastefnu, sem við stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. fylgjum, að fasteignaskattheimtu sé hagað fremur á þann veg, er í till. minni segir, en nú er greint í 3. gr. þessa frv. Stuðningsflokkar núv. ríkisstj. hafa lýst því yfir, að þeir vilji haga efnahags- og skattastefnu í þjóðfélaginu á þann veg, að hún stuðli að tekjujöfnun milli þegnanna, og oft hefur það verið ítrekað af þeirra hálfu, að þær auknu byrðar, sem leggja þyrfti á þjóðina, ættu breiðu bökin fyrst og fremst að bera. Þess vegna finnst mér hæpið að hafa ákvæði 3. gr. frv. um fasteignaskatt með þeim hætti, sem þar greinir, þ. e. að lögð sé sama prósenta af fasteignamati íbúða á eigendur þeirra, hvort sem aðeins er um brýnt nauðþurftarhúsnæði þeirra að ræða eða hvort um óhófshúsnæði er að ræða, og enn fremur þá í þeim tilvikum, að menn eigi kannske tugi íbúða, sem fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi fyrir eigendur sína að vera þeim verðbólgu-Grótti, sem malar þeim gull og í mjög mörgum tilfellum líklega beint frá sparifjáreigendum landsins.

Við vitum það allir, hv. dm., að almenningur bendir mjög gjarna á mennina í stóru einbýlishöllunum sem mennina með breiðu bökin. Og vissulega fer það oft saman, þegar litið er á skattskýrslur, að þar búa einmitt menn með miklar tekjur og mikið umleikis. En við vitum það einnig, herra forseti, að margir þessara manna, og ég segi allt of margir þeirra, sem búa í milljónahöllunum og reka tvo eða þrjá bíla fyrir fjölskyldur sínar, ferðast mikið til útlanda og eiga sumarbústaði, hraðbáta og hesta og sýna það að mörgu öðru leyti í einkaneyzlu sinni, að þeir eru menn með óvenjuleg og afar mikil fjárráð, þeir greiða litla skatta til samfélagsins. Og í allt of mörgum tilfellum greiða þeir lægri skatta en fjölskyldumenn með meðaltekjur, sem lítið sem ekkert eiga. Það eru þessir menn með hin breiðu, en byrðalitlu bök, sem átt hefur verið við m. a. og kannske fyrst og fremst, og almenningur hefur vafalaust haft þá í huga, þegar þær yfirlýsingar hafa verið gefnar, að nú ætti að sjá til þess, að auknar byrðar á þjóðina yrðu ekki sízt lagðar á hin breiðu bök, svo að unnt yrði að hlífa þeim, sem miðlungstekjur hafa og það an af lægri.

Og það er einmitt í þessu augnamiði, að ná að nokkru til þessara manna, sem ég flyt þessa brtt. á þskj. 219, en enn fremur, og á það vil ég leggja sérstaka áherzlu, herra forseti, en einnig til þess að ná til þeirra manna, sem eiga margar íbúðir og tekið hafa inn óhemju verðbólgugróða á undanförnum árum af þessum íbúðum sínum. Gagnvart þeim er lagt til, að tekinn verði upp nokkurs konar verðbólguskattur, er komi sveitarsjóðum til góða, en ég vil ekki, að mörkin, þar sem aukin eða sexföld fasteignaskattheimta miðað við ákvæði frv. og mína till. hefst, verði sett of lágt, þ. e. a. s. að þessi aukna skattheimta á fasteignir hefjist ekki við of lága upphæð, því að með því vil ég að komizt verði hjá öllum mælingum á fjölskyldustærð og fermetratali á fjölskyldumann. Og ég vil láta fasteignamatið einmitt vera grundvöllinn og í því sambandi undirstrika ég, að allstór fjölskylda getur búið í góðu einbýlishúsi, sem er vel undir 3 millj. kr. að fasteignamati. Ég tel heldur ekki þörf á því, að skalar varðandi fasteignaskattheimtu á íbúðarhúsnæði verði fleiri en ég hef hér lagt til. Menn borga hið hærra skattgjald aðeins af því, sem er umfram 3 millj. kr. af fasteignamati íbúða þeirra skv. brtt. minni, þannig að þeir, sem eru rétt ofan við mörkin, þurfa ekki að lenda í háum viðbótarútgjöldum vegna þessarar breytingar, yrði hún lögfest. Hins vegar borga þeir, sem eru mörgum milljónum hærri í fasteignamati á íbúðum sínum, 30 þús. kr. til sveitarfélagsins á ári fyrir hverja milljón, sem íbúðarhúsnæði þeirra eða samanlagt mat margra íbúða þeirra er yfir 3 millj. kr. Með þessum frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti, og frv. því, sem hér er til umr., um tekjustofna sveitarfélaga, er verið að gera skattkerfið einfaldara og hæstv. félmrh. flutti það m. a. sem rök fyrir því í sinni framsögu fyrir frv., að aðeins væru tveir stigar varðandi fasteignamatið, að það væri mjög til hagræðis. En nú er það svo, að fasteignaskattur er sá skattur, sem einfaldastur og auðveldastur er í framkvæmd. Fasteignamatið liggur fyrir og grunnur þess er fastákveðinn og liggur fyrir frá ári til árs, og það er þá aðeins um prósentureikning að ræða. Með fleiri stiga og stighækkandi varðandi útsvör og tekjuskatt gegnir allt öðru máli. Þar er um miklu flóknara mál að ræða, þannig að sú röksemd um það, að þetta geri út af fyrir sig kerfið miklu flóknara, þó að þessi till. mín yrði samþykkt, þau rök finnst mér ekki haldbær, enda hafa þau ekki komið fram enn. Ég vildi aðeins benda á þetta.

Auðvitað má deila um það, hvar þessi mörk varðandi aukið álag á fasteignaskattheimtu skuli vera. Hvort það skuli vera 2 millj., 3 eða 4, og enn fremur má deila um, hver prósentan á að vera. Ég legg til, að hún verði 3% á það, sem umfram er 3 millj. Hún mætti eins vera hærri og hún gæti hugsanlega átt að vera lægri, en ég hef valið þann kost að flytja þessa brtt. mína strax nú við 1. umr., þannig að hv. heilbr.- og félmn., sem mun fá þetta frv. til athugunar, hefði hana á blaði og gæti tekið hana til vandlegrar íhugunar og yfirvegunar. Ég tek þessa till. mína aftur til 2. umr. og ég er til samkomulags um að draga hana til baka við 2. umr., ef n. sýnist svo, að meginhugsun till. sé rétt að taka upp, en þá í einhverju öðru formi, og tel ég mig þá hafa gefið skýringu á því, af hverju ég hef flutt þessa till. hér við 1. umr.

Ég tel, að út af fyrir sig skýri till. sig vel í þeim fáu orðum, sem ég hef haft hér fyrir henni, en þó þykir mér rétt að benda á það, að þessi litla till. kann að búa yfir meiru heldur en mönnum kann að sýnast í fljótu bragði, ef hún yrði að lögum. Kannske ekki þegar í stað, en þegar lengra liði frá. Hún kynni að hafa mikil áhrif einmitt á efnahags- og fjárfestingarmál í þjóðfélaginu og hvernig þegnarnir hugsuðu varðandi ráðstafanir á sínum tekjum og eignum. Við vitum, að verðbólgan hefur verið óhemjulegur hvati að því, að menn byggðu sér miklu stærra húsnæði heldur en þeir hafa haft þörf fyrir. Það er ekki sem hagkvæmast heimilishald, sem menn hafa fyrst og fremst í huga, þegar þeir eru að ráðast í byggingar. Það er ekki fyrst og fremst, hvernig

fjölskyldunni gæti liðið sem bezt. Menn hafa meira í huga kapphlaupið við verðbólguna. Þeir líta svo á, að þeir séu að skapa sér eignir með því að byggja sem stærst, fá sem mest lán, sem raunverulega miðað við tekjur þeirra munu svo lækka með áframhaldandi verðbólgu, þannig að verðbólgan skapar þeim gróða. Að vísu má segja, að meðan menn eiga aðeins eina íbúð, þá geti þeir ekki grætt á verðbólgunni nema að óverulegu leyti, því að ef þeir selja sína íbúð og eiga enga aðra, þá kostar jafngóð íbúð jafnmikið fé á sölutíma, þannig að það kann að vera, að í þessu sé einhvers konar blekking, þegar í kjölinn er skoðað. Samt sem áður held ég, að þetta sé óhemjulegt afl í okkar efnahagslífi. Ef þessi ákvæði yrðu samþykkt, sem ég legg hér til á þskj. 219, gæti verið, að hugsunarháttur manna breyttist og menn færu frekar að hugsa sig um, hvort þeir ættu að byggja þessar óhemjulegu hallir, þessi steinbákn, þar sem aðeins tvær eða þrjár manneskjur búa kannske, eða hvort þeir vildu heldur leggja fjármuni sína í atvinnurekstur eða eitthvað annað, þar sem fé þeirra ávaxtaðist betur fyrir þjóðfélagið. Vitaskuld búum við í þannig landi, að það er eðlilegt, að við leggjum mikið í húsnæði, og við viljum búa í góðum híbýlum, en það er langt frá ökla upp í eyru og yfirleitt búa Íslendingar vel í þeim húsum, sem við höfum verið að byggja hér á undanförnum árum. Það eru vönduð og góð hús, en íbúðir í þeim húsum eru yfirleitt langt fyrir neðan þetta fasteignamat 3 millj. kr., sem ég hef hér verið að nefna, en það eru stóru einbýlishúsin, – og þá fyrst og fremst, ég vil taka það fram, að þessi ákvæði munu fyrst og fremst hafa áhrif hér á suðvesturhorni landsins, í Reykjavík og nágrenni. Þar eru byggð mjög stór hús, og að því er manni sýnist langt umfram fjölskylduþarfir þeirra manna, sem þar búa, og það virðist sem margir þeirra manna, sem búa í þessum stóru húsum, beri lág gjöld og kannske er talsvert um það, að menn búi raunverulega í miklu stærra húsnæði en þeir hafa raunverulega efni á. En þá er hagkvæmara að breyta hugsunarhættinum.

Mig langar aðeins að minna hv. dm. á það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér við umr. í gær, þar sem hann var raunverulega að kvarta fyrir hönd borgarsjóðs Reykjavíkur um þessa kerfisbreytingu, sem lagt er til, að gerð verði í frv. ríkisstj., sem hér er til umr., og taldi, að það mundu ekki nást saman endar hjá borgarsjóði Reykjavíkur. Þarna er myndarlegur skattstofn fyrir borgarsjóð Reykjavíkur, sem ég er hér að benda á. Og sveitarstjórinn í Garðahreppi hefur tjáð mér, að það muni vanta upp á reikninga hjá honum. Hann telur, að þetta nýja kerfi, sem lagt er til að tekið verði upp í þessu frv., sem hér er til umr., muni ekki gefa nándar nærri eins miklar tekjur til sveitarsjóðs Garðahrepps og það kerfi, sem nú er í gildi, þegar tekið er tillit til 23% tekjuaukningar á árinu 1971. Ég veit ekki meira um þessar tölur, en ég slæ þessu fram, vegna þess að ég held, að sveitarstjórnin í Garðahreppi gæti fagnað þessu ákvæði, því að þar mun mjög margt stórra og myndarlegra bygginga, og er mjög líklegt, að hann næði endum saman, ef hann fengi þennan skattstofn.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á því, herra forseti, að gera frekari grein fyrir þessari till. minni, en vænti þess fastlega, að hún verði tekin til skoðunar í hv. heilbr.- og félmn., og það er von mín, að sú hugsun, sem í henni felst, verði þar viðurkennd sem réttmæt í sambandi við þessa kerfisbreytingu á skattheimtu til sveitarsjóða, sem hér er lagt til að gera.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér þótti að vissu leyti merkileg sú ræða, sem hv. 11. þm. Reykv. hélt hér áðan. Hann ber hér fram brtt. við það frv., sem hér er til umr., og eftir því sem hann sagði, þá er það á grundvelli þess, að hann reiknar með, að verðbólgan verði svo mikil í landinu, að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir hennar vegna. Hann reiknar og með, að því er helzt verður skilið, að skattheimtan verði í slíku ólagi, að það þurfi með óvenjulegum hætti að mæta þessu ástandi. Það kann að vera, að það sé ekki ástæðulaus ótti hv. þm. um það, að við eigum fram undan slíka óðaverðbólgu, að það verði að gera sérstakar ráðstafanir hennar vegna. Það getur og vel verið, að það sé rétt, að það verði haldið þannig á skattamálunum, að það þurfi að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að bæta þar úr. En ég held, að þetta sé meir en vafasöm aðferð. Ég held, að ef eigi að bæta úr þessu, þurfi efnahagsstefna ríkisstj. og framkvæmd skattamálanna að vera í lagi almennt, en ekki að gera slíkar ráðstafanir sem þessi till. gerir ráð fyrir. Ef hv. þm. hefur ekki trú á núv. ríkisstj. til þess að sjá um, að svo geti orðið með eðlilegum hætti, þá hann um það. Ég verð að viðurkenna það, að ég hef heldur ekki trú á núv. ríkisstj. í þessu efni. En það er ein leið og hún er sú, að skipta um ríkisstj. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða frekar um þessa till. En ég mun víkja að því frv., sem hér liggur fyrir um tekjustofna sveitarfélaga.

Það hefur verið sagt, og hæstv. félmrh. sagði það, að þetta frv. miðaði að því að efla sjálfstæði sveitarfélaga. Það hefur verið vitnað í þessu sambandi í málefnasamning ríkisstj. og minnt á það, að þar standi, að það sé stefna ríkisstj. að auka sjálfsforræði byggðarlaganna. Ég verð að segja það, að þegar ég sá þetta í stjórnarsáttmálanum, hugsaði ég með sjálfum mér, að loksins sæi maður eitthvað, sem maður gæti skrifað undir og gæti verið sammála ríkisstj. um og vildi gjarnan styðja ríkisstj. til þess að framkvæma. En þegar það er sagt, að þetta frv. sé til þess að efla sjálfstæði sveitarfélaganna, sé ég strax, að ég get ekki stutt ríkisstj. í þessu, og þá hefur þessi von brugðizt líka. Það er vegna þess, að þetta frv. miðar ekki að því að efla sjálfstæði sveitarfélaganna, slíkt er algert öfugmæli. Ef þetta frv. væri til þess fallið að efla sjálfstæði sveitarfélaganna, hefði það þurft að vera þess eðlis,að það værufleiri mál færð inn á verksvið sveitarfélaganna og það yrðu efldir svo tekjustofnar sveitarfélaganna, að þau gætu annazt þessi mál. Hvorugt er gert. Það er dregið úr verksviði sveitarfélaganna og tekjustofnar þeir, sem sveitarfélögunum eru ætlaðir samkv. frv. þessu, duga verr en núverandi tekjustofnar miðað við núverandi verkefni. Þess vegna eru það öfugmæli að segja, að þetta frv. efli sjálfstæði sveitarfélaganna. Þegar talað er um verkaskiptingu sveitarfélaganna og tekjustofna sveitarfélaga, er eðlilegt að snúa sér fyrst að verkaskiptingunni, því að tekjustofnarnir eiga að fara eftir þeim verkefnum, sem sveitarfélögunum er ætlað að sjá um. Í þessu efni er vægast sagt ekki gott ástand.

Verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga þarf í

fyrsta lagi að vera miklu ákveðnari heldur en hún er í dag. Það úir og grúir af málum, sem falla í hlut bæði sveitarfélaganna og ríkisins, og það er brýnt verkefni að fækka þessum sameiginlegu verkefnum. Það er líka mikið atriði í þessu sambandi, að þegar fjallað er um þessa verkaskiptingu, þá sé þess gætt, að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjármálaábyrgð á hverju verkefni fyrir sig, eftir því sem kostur er. Það er líka nauðsynlegt, þegar meta á, hvaða verkefni skuli vera á verksviði ríkisins og hvaða á verksviði sveitarfélagsins, að hafa viss grundvallarsjónarmið í huga. Ríkisvaldið á að annast eitt þau verkefni, sem varða flesta eða alla þjóðfélagsborgara nokkurn veginn jafnt og ekki þarf staðbundna þekkingu til að leysa. Sveitarfélögin eiga hins vegar að hafa með höndum staðbundin verkefni og þjónustu, sem telja má, að hlutfallslega jöfn þörf sé fyrir í hverju sveitarfélagi og krefst meiri beinna tengsla við borgarana en þjónusta ríkisins.

Í þessum efnum þarf að gera miklar umbætur. Ég sagði áðan, að það væru of mörg mál, sem væru sameiginlega í höndum ríkisins og sveitarfélaganna, og það þyrfti að fækka þeim. En að sjálfsögðu eru það ýmis mál og stór mál, sem verða að vera bæði í höndum ríkisins og sveitarfélaganna. Samt þarf líka að gera bragarbót hvað þau varðar. Það þarf að hafa markvissari og skynsamlegri skiptingu milli sveitarfélaganna og ríkisins.

Ég nefni sem dæmi svo þýðingarmikinn og stóran málaflokk sem skólamálin. Skipulag þeirra mála er allt of ruglingslegt, eins og nú er, og þar er brýn nauðsyn að bæta úr. En hvernig á skiptingin að vera? Mér þykir samkv. þeirri grundvallarreglu, sem ég nefndi áðan, eðlilegt, að allt skyldunám, allt, sem viðkemur skyldunáminu, sé í höndum sveitarfélaganna, en sérnámið í höndum ríkisins. Um heilbrigðismálin er sama að segja. Þar þarf að hafa miklu ákveðnari og eðlilegri skiptingu á milli ríkisins og sveitarfélaganna en nú er. Það er eðlilegt, að ríkið hafi með að gera sjúkrahús og læknamiðstöðvar, en mér sýnist, að það sé jafneðlilegt, að sveitarfélögin hafi með höndum heilsugæzlu, heilsuvernd og önnur slík mál. Að mínu viti þarf líka að taka til endurskoðunar hafnamálin. Þar held ég, að leggja þurfi meiri áherzlu á hlut ríkisins en nú er gert. Það þarf að auka hlut ríkisins, frá því sem nú er, þar sem byrðar hafnamálanna koma svo mismunandi niður á hinum einstöku sveitarfélögum vegna atvinnuhátta, og þarf ekki að lýsa því frekar.

Rafmagnsmálin eru mál, sem ég tel líka, að eigi að vera sameiginleg, en þar þarf að mínu viti hlutur sveitarfélaganna að aukast, frá því sem nú er. Og þá er það eitt mál, sem mér sýnist ákaflega þýðingarmikið að verði sameiginlegt. Það eru húsnæðismálin. Það er eðlilegt, að vissir þættir húsnæðismálanna, eins og núna er, séu í höndum sveitarfélaganna. Þar á ég við aðild að byggingu verkamannabústaða, ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði og byggingu leiguíbúða. Það er mjög þýðingarmikið, að þessi mál séu í höndum sveitarfélaganna, þó að húsnæðismálin séu að öðru leyti eðlilega á verksviði ríkisvaldsins.

Ég hef nefnt hér fimm málaflokka, sem allir eru þýðingarmiklir. Þeir eru þess eðlis, að þeir hljóta að vera bæði á vettvangi ríkisins og sveitarfélaganna. Ég hef bent á, að það þurfi að gera verulegar skipulagsbreytingar í þessum málaflokkum.

En svo eru það mál, sem einungis ættu að vera í höndum sveitarfélaganna, en eru það ekki núna. Það er meira og minna samkrull og kannske erfitt að botna í sumu, samkrull á milli sveitarfélaga og ríkisins. Þar á ég við mál eins og t. d. íþróttamannvirki, félagsheimili, söfn og menningarstarfsemi og málefni aldraðra, byggingu og rekstur elliheimila og annað slíkt. Ég tel, að þetta séu mál, sem séu einkennandi fyrir þá málaflokka, sem hljóta að eiga að vera eingöngu á verksviði sveitarfélaganna. Og þannig mætti að sjálfsögðu nefna mörg fleiri mál, sem eru nú í dag fyrst og fremst mál sveitarfélaga, eins og barnaheimili, leikvellir, gatnagerð, vatnsveitur o. fl. Ég bendi á þetta, til þess að undirstrika það, að þegar kemur fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hæstv. félmrh. lætur liggja orð að, að sé það markverðasta, sem komið hefur í þessum málum, kannske frá upphafi, þá kemur í ljós, að það er flausturslega farið að þessum málum. Það er ekki byrjað á því, sem byrja þarf á, ef það á að gera virkilega gangskör að því að koma þessum málum í betra horf en nú er. Það er verkaskiptingin. Hæstv. ráðh. hefur ekki byrjað á réttum enda í þessu máli. Það er ekki nóg með það, heldur verður það því miður að segjast, að svo virðist sem hæstv. ríkisstj. sé algjörlega ráðvillt í þessum málum og hafi raunar enga skoðun eða stefnu í þeim.

Ég leyfi mér í þessu sambandi að benda aftur á málefnasamning ríkisstj. Þar segir, að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila, elliheimila og annarra hliðstæðra stofnana og séð fyrir fullnægjandi menntunaraðstöðu starfsliðs þeirra. Hér er um að ræða málaflokk, sem ég tel, eins og ég sagði áðan, að eigi tvímælalaust að vera á verksviði sveitarfélaganna. En ríkisstj. ætlar svo að bregðast við þessum málum, að það á að efla hlutdeild ríkissjóðs í þeim. Þetta sýnir hversu algjört ráðleysi og stefnuleysi ríkisstj. er í þessum málum.

Ég sagði áðan, að tekjustofnarnir yrðu að fara eftir þeim verkefnum, sem sveitarfélögunum væru fengin í hendur. Nú er það svo, og ég held, að það sé viðurkennt af öllum, að núverandi tekjustofnar sveitarfélaganna miðað við núverandi verkefni eru of rýrir. Sveitarfélögin almennt, og hin minni sveitarfélög sérstaklega, eru í erfiðleikum með það að geta sinnt þeim verkefnum, sem þeim eru fengin og eru sérstaklega brýn. Það mætti telja upp fjölda dæma, en ég læt nægja að minna aðeins á tvö atriði.

Fyrst er það gatnagerðin. Það er löngu orðin brýn nauðsyn og það er allt of lengi búið að vanrækja það að koma upp varanlegri gatnagerð í sveitarfélögunum, í kauptúnum og kaupstöðum út um allt land, sérstaklega í kauptúnunum. Það er fátt núna í dag, sem ég hygg, að geti haft meiri áhrif til þess að gjörbreyta aðstöðu og umhverfi fólksins í strjálbýlinu en einmitt að gera átak í þessum efnum. En hvers vegna er það ekki gert? Það er ekki gert vegna þess, að sveitarfélögin, hin litlu sveitarfélög, ráða ekki við þetta, þetta vita allir. Það er vegna þess, að tekjustofnarnir hafa ekki verið nógu ríflegir.

Ég nefni annað dæmi. Það eru húsnæðismálin. Það er ákaflega brýnt verkefni fyrir sveitarfélögin að vera virkur aðili á vettvangi húsnæðismálanna, eins og ég nefndi áðan. Það voru sett lög um Húsnæðismála-

stofnun ríkisins 1970, þar sem var gerð gagngerð breyting á verkamannabústaðakerfinu. Það var gert til þess að freista þess að hleypa nýju lífi í þá starfsemi, og hlutur sveitarfélaganna var aukinn og ábyrgð þeirra var gerð meiri en áður. Ég held, að þetta hafi verið rétt stefna. En miðað við núverandi tekjustofna er ákaflega erfitt fyrir sveitarfélögin að gera verulegt átak í þessum efnum. Þetta á við byggingu verkamannabústaða. Þetta á líka við um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Þetta á einnig við um aðgerðir til þess að koma upp leiguhúsnæði, en það er ákaflega þýðingarmikið í hinum smærri byggðarlögum og fyrir atvinnuvegina þar, að þar sé aðili, sem getur komið upp leiguhúsnæði.

En það hefur ekki verið af viljaleysi, sem sveitarstjórnir hafa lítt eða ekkert aðhafzt í þessum málum. Þær hafa ekki haft möguleika til þess, vegna þess að tekjustofnar sveitarfélaganna hafa verið of rýrir miðað við þau verkefni, sem sveitarfélögunum hafa verið falin. Það hefði því mátt ætla, að þessu máli hefði verið veitt sérstök athygli og gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr þessum málum, þegar ríkisstj. ber fram lagabálk slíkan, sem felst í frv. því, sem hér er til umr. En það hefur ekki verið gert. Það er ekki einungis, að það hefur ekki verið bætt úr í þessu efni, heldur, ef frv. þetta verður að lögum óbreytt, bæði hvað snertir verkefni og tekjustofna, verða sveitarfélögin verr stödd en þau voru áður. Þetta kom fram greinilega í ræðu hv. 2. þm. Reykv. í gær, að því er varðar Reykjavík. En hæstv. félmrh. taldi í sinni frumræðu, að það væri tæpt og meira en það, að tekjustofnarnir nægðu ýmsum smærri sveitarfélögum. (Gripið fram í.) Ef ég hef skilið rétt, þarf að gera af þessum sökum a. m. k. sérstakar ráðstafanir og kann að vera, að ráðh. hafi í því efni átt við þau bráðabirgðaákvæði, sem eru í frv. En fyrst hann kom auga á í þessu sambandi sérstaklega hin smærri sveitarfélög, en ekki Reykjavík, sem gerð var grein fyrir hér í gær, getur maður af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, gert sér í hugarlund, hve mjög þetta á við um hin smærri sveitarfélög.

En ég skal nú víkja nokkru nánar að frv. sjálfu og fyrst að tekjustofnunum. Þar er gert ráð fyrir veigamikilli breytingu, frá því sem nú er, varðandi útsvörin, og ég mæli ekki á móti þeirri breytingu. Ég mæli ekki á móti því, að í stað stighækkandi tekjuútsvars verði ákveðinn hundraðshluti af tekjum eða 10%, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég held, að þetta út af fyrir sig sé til bóta. Ég felli mig vel við þessa breytingu.

En það er eitt í sambandi við útsvörin, sem ég tel mjög varhugavert og raunar er ég því algjörlega andvígur. Það er, að ekki skuli gert ráð fyrir því, að útsvörin séu lögð á atvinnurekstrinn. Ég held, að það sé mikil afturför fyrir sveitarfélögin frá því, sem nú er. Ég held, að það sé eitt af því, sem rýrir áhrifavald sveitarfélaganna. Ég held, að það sé ákaflega þýðingarmikið, að það sé beint samband, ef svo mætti segja, milli sveitarstjórnanna og atvinnurekstursins. Við þekkjum það, að alla tíð hafa sveitarstjórnirnar látið sig varða mjög mikið atvinnureksturinn á hverjum stað. Ég held, að þetta sé mjög varhugaverð breyting, og er henni algjörlega andvígur.

Það mætti segja, að það hefði verið eðlilegt, af því að þessi leið var farin, að þá hefði verið fellt niður framlag sveitarfélaganna til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en það er ekki gert. Ég tel, að það eigi að gera, og ég tel, að það eigi að gera, jafnvel þó að það væri lagt útsvar á atvinnureksturinn. Það á ekki að íþyngja sveitarfélögunum með þessum greiðslum til Atvinnuleysistryggingasjóðs og í raun og veru engin rök fyrir því, að þessi gjöld voru sett á.

Þá er það fasteignaskatturinn. Fasteignaskattinn á að fjórfalda samkv. þessu frv. Ég tel, að það sé mjög varhugavert að gera slíkt. Ég held, að fasteignaskatti verði að stilla mjög í hóf. Ég skil sjónarmið þeirra, sem halda fram fasteignaskattunum, og ég veit, að það er rétt, að þeir tíðkast í frekara mæli víða annars staðar heldur en hér. En það breytir ekki minni skoðun í þessu efni. Ég held, að það sé varhugaverð og röng stefna, að hækka fasteignaskattana. Það er vegna þess, að í okkar þjóðfélagi er margt öðruvísi heldur en er með öðrum þjóðum. Það er m. a. algengara, að einstaklingarnir eigi sitt íbúðarhúsnæði hér á landi heldur en nokkurs staðar annars staðar, þar sem við þekkjum til. Þetta er svo algengt, að annað er nánast undantekningar. Þetta er almenn regla og það er sama, hvort það eru efnaðir borgarar eða fátækt fólk. Það stefna allir að því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Og það er mikið álag á marga borgarana og ekki sízt þá, að sjálfsögðu, sem verst eru settir fjárhagslega, fátækt launafólk. En þetta fólk hefur sýnt, að það hefur dug og þrek til þess að framkvæma þetta. Það framkvæmir þetta oft og tíðum með nærri ofurmannlegri vinnu, sparsemi og hagsýni. En það telur ómaksins vert að gera þetta, til þess að geta notið þess á ellidögum að geta búið í þessum húsum. Ef fasteignaskattarnir verða hækkaðir svo sem hér er gert ráð fyrir, þá stefnir það í þá átt, að þessu fólki verður gert ókleift að njóta þess, sem það hefur lagt á sig oft og tíðum alla starfsævina. Ef þessi þróun heldur áfram í þessa átt, þá hljóta afleiðingarnar að verða þær, að eldra fólk verður að losa sig við sínar íbúðir, sitt íbúðarhúsnæði, sitt eigið húsnæði miklu meir en nú er gert. Hvað þýðir það fyrir þjóðfélagið? Það hlýtur að þýða það, að gera verður stóraukið átak til þess að koma upp elliheimilum til þess að taka við þessu fólki. Ég meira en efast um, ef það væri sett upp sem reikningsdæmi, að þetta borgaði sig fyrir þjóðfélagið, burtséð frá öllum öðrum ástæðum. Af þessum ástæðum mæli ég mjög á móti aukningu fasteignaskattanna.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir framlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga. Ég tel, að það sé alveg rétt að halda þeim eins og verið hefur. En mér finnst koma mjög til athugunar, að þetta framlag verði stórlega aukið, eftir því sem með þarf, til þess að mæta aukinni fjárþörf sveitarfélaganna, þegar yrði horfið að því að auka verksvið þeirra. Þetta var um tekjustofnana.

Eins og hæstv. félmrh. tók fram í sinni ræðu, þá er gert ráð fyrir, að það verði létt byrðum af sveitarfélögunum, framlag sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði fellt niður, framlag sveitarfélaga til sjúkratrygginga verði lækkað um helming og kostnaði sveitarfélaga vegna löggæzlu verði af þeim létt, persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga verði felld niður og iðgjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaga verði felld niður. Þetta finnst mér eðlilegt og tel, að sé alveg rökrétt að gera þetta og það sé eðlileg afleiðing af því, að tekjustofnarnir eru skertir. En annað mál er það, að það er ekki létt nógu miklum byrðum af sveitarfélögunum til

þess að mæta skertum tekjustofnum, eins og ég gat um áðan.

En þá vil ég víkja að atriði, sem varðar sjálfa álagningu útsvaranna. Í frv. felst ákvæði, sem raunverulega þýðir það, að afskipti sveitarstjórna af álagningu útsvara eru úr sögunni. Sveitarstjórnirnar eiga ekkert að koma nálægt þessum málum. Það hefði mátt ætla, þegar svo afgerandi stefnubreyting á sér stað í slíku máli sem þessu, að hæstv. ráðh. gerði nánari grein fyrir ástæðunum fyrir þessu heldur en hann hefur gert. Það væri fróðlegt að heyra rök hans fyrir þessu máli. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að afskipti sveitarstjórna af kærum vegna útsvara séu úr sögunni, og það er gert ráð fyrir, að framtalsnefndir sveitarfélaganna verði felldar niður. Er þetta til þess að efla áhrif og sjálfstæði sveitarfélaganna? Það væri gaman að heyra skýringar hæstv. félmrh. á þessu. Ég spyr: Hvernig stendur á því, að hann gerist forsvarsmaður þess að vega svo að sjálfsvaldi hinna dreifðu byggða í landinu sem gert er með þessu? Sveitarfélögin hafa alla tíð gegnt veigamiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi allt frá þjóðveldistímanum. Það er eitt það merkasta í okkar stjórnskipun, sem varðar sveitarfélögin. En sveitarfélögin og verkefni þeirra hafa að sjálfsögðu tekið mörgum breytingum. Sveitarfélögin í þeirri mynd, sem þau eru nú, eru ekki eldri en frá 1872. Þau eiga því 100 ára afmæli á næsta *ári. Er það einhver tilviljun, að upp á þessi tímamót* skuli nú bera þessar aðgerðir til þess að skerða sjálfstæði sveitarfélaganna? Er það kannske sú afmælisgjöf, sem þessi ríkisstj. hyggst gefa sveitarfélögunum í landinu á 100 ára afmæli sveitarfélaganna í núverandi mynd þeirra?

Ég hef hér rætt nokkuð um málefni sveitarfélaganna, verkaskiptingu þeirra og ríkisins og tekjustofna. Niðurstaðan af því, sem ég vildi segja, er sú, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er ekki til þess að hæla sér af, eins og lá í orðum hæstv. félmrh. hér í gær. Það er eitthvað annað. Það er meingallað. Í fyrsta lagi, vegna þess að það hefur engin heildarendurskoðun átt sér stað á verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Í öðru lagi, ef frv. verður að lögum, er verr séð fyrir tekjustofnum sveitarfélaga en nú er. Í þriðja lagi eru rýrð áhrif eða afnumin áhrif sveitarfélaganna á álagningu útsvara. Í fjórða lagi, frv. í heild þýðir, ef að lögum verður, skerðingu á sjálfstæði sveitarfélaganna, gerir hlut sveitarfélaganna minni heldur en hann er í dag. Þetta eru alvarlegir hlutir. Hæstv. félmrh. þakkaði nefnd þeirri, sem unnið hefur að samningu þessa frv., hér í gær. Það er hans mál. En hann sagði ekki, að þetta mál hefði verið unnið og borið fram í samráði við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra. Það var eðlilegt, því að slíkt frv. sem þetta hefði aldrei verið borið fram í samráði við þessa aðila. Þó eru það þessir aðilar, sem varðar mest þetta mál. Ég vil þess vegna taka undir þær kröfur, sem þegar hafa komið fram hér í þessum umr., að frv. þetta verði sent til umsagnar, ekki einungis Sambandi ísl. sveitarfélaga, heldur öllum sveitarfélögum í landinu, svo að þau megi dæma um og gera sínar till., svo að freista megi þess að laga nokkuð frv. þetta, sem er svo meingallað eins og ég hef lýst.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að skýra afstöðu mína til þeirrar brtt., sem mælt var fyrir hér áðan af hv. 11. þm. Reykv., en vil þó leiðrétta misskilning, sem er mín sök og fram kom í ræðu minni við þessa umr. fyrr, að ég á sæti í þeirri n., sem um málið fjallar, og er því einungis mig sjálfan um að saka það, sem ég sagði rangt um það efni í gær.

En varðandi þá brtt., sem hv. 11. þm. Reykv. hefur hér flutt, þá vildi ég segja, að þó að meginhugsunin, sem að baki henni liggur, sé ekki fjarri mínum huga, þá hef ég þó af 14–15 ára starfi að húsnæðismálum töluverða reynslu í sambandi við þau atriði, sem brtt. fjallar um, eða ætti a. m. k. að hafa eftir að hafa starfað svo lengi að þessum málum. Og það er í fyrsta lagi það, að leggja aukinn eignarskatt á þá menn, sem eiga margar eða fleiri en eina íbúð, ég hygg, að hann eigi við það, þó að hann nefndi margar íbúðir. Við þurfum ekki að fara út fyrir þessa þingsali, þó að ekki sé um neina auðmenn að ræða, þar sem þó nokkrir þm. hafa fest kaup á íbúð hér í Reykjavík vegna langrar veru sinnar hér við þingstörf og kannske ekki síður vegna þess, að þeir vildu gjarnan festa fé sitt eða fjármuni í íbúð hér. Þessir þm. eiga einnig íbúðir á öðrum stöðum. Brtt. yrði því að ná til þessara manna einnig eða gildistaka hennar, þó að færa mætti rök fyrir því, að af starfsástæðum væru til komnar tvær íbúðir frekar en af einhverjum öðrum ástæðum.

Ég bendi á þetta, vegna þess að þetta varð okkur æðioft að fótakefli við framkvæmd þágildandi reglugerðar og laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þegar við þurftum að velja á milli. Þar stóð skýrum stöfum, ef ég man rétt, að þeir, sem eiga aðra íbúð fyrir, skuli mæta afgangi um ákvörðun til lánveitingar, og ég hygg, að þetta hafi verið meginreglan í starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins allt frá því, að hún var stofnsett 1955.

Ef við tökum hina hlið málsins, sem eru gömlu hjónin, sem búa í of stórri íbúð, þá eru þau með sama hætti útilokuð frá lánum, vegna þess að biðröð eftir lánum var alltaf það mikil, að henni varð ekki fullnægt fyrr en löngu síðar með auknu fjármagni. Þeim var, þótt vilji væri fyrir hendi, nánast gert ómögulegt að skipta um íbúð. Við skulum einfaldlega hugsa okkur hjón, sem áttu 3–5 börn og þurftu á ákveðnu aldursskeiði að hafa þá íbúð til umráða, en ef öllum hefur heilsazt vel í þeirri fjölskyldu, þá er það tímans saga, að börnin *flytjast að heiman og eftir sitja hjónin ein í allt of stórri* íbúð. Þó að þessi eldri hjón hefðu nú haft löngun til að minnka við sig, eftir að börnin voru farin, þá gátu þau enga opinbera aðstoð fengið í því efni. Þetta hef ég talið einn af megingöllum húsnæðismálalaganna allt frá fyrstu tíð, ekki vegna þess, að vitanlega hefur þetta fólk átt að geta selt sínar eignir á töluvert hærra verði vegna þarfarinnar, heldur vegna hins, að það opinbera hefur ekki með lögum sínum og reglum, og um það hefur ekki náðst samstaða milli stjórnmálaflokkanna, auðveldað mönnum þessi skipti. Eldri hjónin urðu, til þess að selja sína allt of stóru íbúð, til þess að gera hana seljanlega, að lána svo og svo stóran hluta í henni, oft það stóran, að þeim voru íbúðaskiptin nánast ógerningur. Það þýddi, að betra var fyrir þau að sitja áfram í of stórri íbúð, að ekki sé hér farið inn á þá tilfinningahlið málsins, að erfitt er að yfirgefa heimili, sem menn hafa langdvölum dvalizt á og vilja gjarnan halda áfram að dveljast á. Af ríkisins hálfu var þetta nánast bannað

með gildandi lögum, og eiga þar allir stjórnmálaflokkar hlut að. Þeir hafa allir á þessum tíma setið hver með öðrum í ríkisstjórn til skiptis og haft hér þingmeirihluta til þess að breyta þessu, án þess að það hafi verið gert.

Nákvæmlega eins, en þó nokkru auðveldara, var að hjálpa ungu hjónunum, sem barnlaus voru. Enginn vissi, hvað mörg börn gátu til orðið í þeirra hjúskap, en ákveðinn fermetrafjöldi skyldi gilda fyrir fjölskyldumeðlim, þegar umsóknin var lögð inn, en ekki fundin út einhver lágmarksstærð, sem ætla mætti, að dygði hjónum, þó að 1–2 börn fæddust. Fyrir því hefur heldur ekki verið gert ráð í gildandi lögum allan þennan tíma. Erlendis eða á Norðurlöndunum, svo að vitnað sé til þeirra einu sinni enn, þá eru þessi íbúðaskipti gerð mun auðveldari heldur en við höfum treyst okkur til. Rökin gegn því að breyta hafa ávallt verið fjármagnsleysi húsnæðismálastjórnar. Hún yrði fyrst og fremst að sinna brýnustu þörfunum, sem er út af fyrir sig rétt, en þetta er einn af þeim göllum, sem koma hvað berlegast í ljós, þegar aukizt hafa fjárráð Húsnæðismálastofnunarinnar.

Hv. flm. þessarar brtt., 11. þm. Reykv., taldi, að um þessa hluti mundi verða mest að ræða, of stórar íbúðir, eins og hann nefndi, menn byggðu sér allt of stórar íbúðir, langt umfram þarfir á svæðinu hér í Reykjavík og á Reykjanesi. Það kann að vera, að mestur fjöldi þeirra sé á þessum stöðum, en af fyrrnefndum kynnum mínum af þessum málum er það nú svo, að utan þessa svæðis, Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akureyrar er nánast vart til, og það tekur til Ísafjarðar líka, þá er vart til nokkuð, sem heitir fjölbýlishús. Það var varla finnanleg sú lánsumsókn á þessum árum, sem ég átti sæti í húsnæðismálastjórn og síðan hafði afskipti af þeim sem ráðh., að menn byggðu sér minna en 120 fermetra íbúðir utan þessa svæðis. M. ö. o., fólk fékkst ekki til þess að búa í fjölbýlishúsum og þeir, sem út í þá baráttu lögðu að byggja sér íbúðir, byggðu sér nánast allir einbýlishús. Vitanlega er það æðsta ósk hverrar fjölskyldu að eignast einbýlishús, og sjálfsagt hafa flest hjón það sem sitt lokatakmark, að svo geti orðið. En með byggingu fjölbýlishúsanna hefur verið langtum auðveldara að draga úr óhóflegri stærð íbúða heldur en með byggingu einbýlishúsa, þannig að þó að ég sé mjög hlynntur þeirri meginhugsun, sem að baki brtt. liggur, þá taldi ég mér skylt að benda á, sem ég hef nú sjálfsagt tækifæri til síðar í hv. heilbr.- og félmn., að benda á þá annmarka, sem á þessari framkvæmd eru, sem eru einfaldlega þessir, að gömlu hjónin eða eldri hjónin, sem börnin eru farin frá, eru með opinberum aðgerðum neydd til að sitja í of stórri íbúð og ungu hjónunum, sem eru að hefja sinn búskap, er bannað að byggja nema mjög takmarkaða stærð, meðan þau eru ein, og eiga eftir það að bíða í allt að fimm ár til þess að mega stækka við sig, þó að fjölskyldustærðin hafi þá gefið tilefni til þess. Þetta vildi ég, að kæmi fram, því að það er mjög nauðsynlegt, að menn viti um ákvæði annarra laga, þegar verið er að breyta lögum, sem geta gripið þar inn í, sem þessi brtt. gerir óhjákvæmilega. Það er hægt að hugsa sér slíka framkvæmd, ef fullnægt væri í dag öllum þeim, sem um lán biðja og löglegar stærðir af íbúðum hafa, en meðan svo er, að biðröðin sífellt lengist og biðtíminn eftir lánum, þá er vart hægt að hugsa sér þá framkvæmd, sem hér er um að ræða, án þess að níðzt sé á því fólki, sem þó vill ganga þennan réttlætisveg, ef ég mætti svo kalla, að búa ekki óþarflega stórt.

Þetta taldi ég nauðsynlegt, að kæmi fram hér við umr., þannig að þær yrðu ekki bókaðar, án þess að menn vissu, hvers vegna fólk býr í of stórum íbúðum og hvers vegna því sama fólki eru nánast allar bjargir bannaðar, ef það vill skipta um, hefur vilja til að minnka við sig.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla ekki í þeim fáu orðum, sem ég segi hér við 1. umr. þessa máls, að fara að verulegu marki inn á ákveðna efnisþætti þessa frv., en mig langar til að gera lítils háttar að umræðuefni þá stefnubreytingu og stefnumörkun, sem mér sýnist, að ég geti lesið beint úr frv., eins og það liggur hér fyrir.

Áður en ég geri það sjálft að umræðuefni, langar mig til að vitna til þess, að á síðasta þingi átti ég þátt í því að flytja ásamt sjö öðrum sjálfstæðismönnum hér á hv. Alþingi till. til þál., sem hugsuð var til þess, að gerðar yrðu till. um nýja og breytta tekju- og verkefnaskiptingu sveitarfélaga til eflingar héraðsstjórnum. Í grg. með þeirri till. tókum við flm. það fram, að við teldum rétt að rannsaka það rækilega, hvort ekki væri tímabært að efla samstarf sveitarfélaganna og fá samtökum þeirra fleiri verkefni og stærri, verkefni, sem ríkinu hefði áður verið ætlað að annast að hluta til eða öllu leyti. Í því efni bentum við á kostnað við gerð skólamannvirkja, t. d. á barna- og skyldunámsstigi og ýmsa aðra þætti verklegra framkvæmda, sem vænta mætti, að gæti gengið hraðar að koma fram og jafnvel með ábyrgari og ódýrari hætti, ef einn framkvæmdaaðili ætti um það að fjalla í stað tveggja, sem nú mega taka ákvörðun og vera sammála um, að í framkvæmdina skuli ráðizt. Þar áttum við að sjálfsögðu við það, að sveitarfélögin sjálf fengju þessi umráð í hendur. Um leið og slík breyting væri gerð sáum við að sjálfsögðu, að það þurfti að skipta tekjustofnunum í samræmi við þau verkefni, sem féllu í hlut hvors aðila fyrir sig.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi minna á, að á síðasta þingi flutti Lúðvík Jósepsson till. til þál. um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu í sjálfsstjórn héraða, till., sem hafði inni að halda að nokkru leyti sama sjónarmið og við settum fram í okkar þáltill., sjálfstæðismenn, þó að þar væri nokkur munur á og mætti segja, að væri ekki eins víðfeðm og sú, sem við stóðum að flutningi að. Þá má minna á það, að þm. Framsfl. hafa þing eftir þing flutt frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun, sem þeir ætlast til, að verði til þess sérstaklega að treysta byggðajafnvægið í landinu. Framsóknarmenn hafa í þeim till. miklu minna komið inn á afskipti sveitarfélaganna sjálfra heldur en ég tel, að æskilegt hefði verið.

Í fjórða lagi langar mig að minna á frv. til l., sem Hannibal Valdimarsson, núv. hæstv. félmrh., flutti á síðasta þingi um verkfræðiskrifstofu fyrir Vestfjarðakjördæmi, sem er þó annars eðlis en þau frv. og till., sem ég hef lýst hér áður. Þó að það sé annars eðlis, er því þó að hluta til ætlað að styrkja byggðina á ákveðnum stöðum úti á landi. Vegna þessa og margs annars gat ég ætlað, að það væri áhugi fyrir því í velflestum stjórnmálaflokkum, sem á þingi ættu fulltrúa, að efla

sveitarstjórnirnar og vald byggðarlaganna. Mér var þess vegna ánægjuefni, þegar ég las fagnaðarboðskapinn í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um, að þessir hlutir höfðu ekki gleymzt. Þar er tekið fram, að í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skuli starfa sjóður með sérstakri stjórn, sem veitir fjárstuðning til þess að treysta sem bezt eðlilega þróun í byggð landsins. Við erum búnir að sjá frv. að lögum um Framkvæmdastofnunina og búið er að afgreiða það hér í Ed. Ég er þeirrar skoðunar, að þar hafi hvergi nærri verið gætt svo sem skyldi þeirra sjónarmiða, sem ætlazt var þó til, að sá sjóður fyrst og fremst þjónaði. Í málefnasamningnum segir enn fremur, að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaganna í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun. Því miður hefur ekki verið staðið við þessa yfirlýsingu enn. Það fyrsta, sem lesið verður út úr þessu frv., sem hér er til umr., virðist mér benda í gagnstæða átt, þ. e. til þess að draga úr sjálfsforræði byggðarlaganna. Í öðru lagi hefur ekki verið haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, og því ákvæði sáttmálans hefur, að mínu viti, ekki verið sinnt að þessu sinni. En því minni ég á þetta, að ég tel það einsýnt, að með þeim skertu verkefnum, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., að sveitarfélögin hafi, þá verður kippt styrkum stoðum undan þeirri starfsemi, sem þar hefur farið fram síðustu áratugi. Í því efni nægir að minna á það, að í 24. gr. þessa frv. er blátt áfram tekið fram, að sveitarstjórnirnar eigi ekki að annast álagningu útsvara. Það á ekki einu sinni að trúa þeim fyrir því tiltölulega einfalda atriði í þessum málum að annast álagningu útsvaranna. Þó eru þær reglur, sem gert er ráð fyrir að nota við útsvarsálagninguna, tiltölulega mjög einfaldar. Hins vegar er sveitarstjórninni heimilt að ákveða að undanþiggja bætur samkv. II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og enn fremur er gert ráð fyrir því í 27. gr., að sveitarstjórn sé heimilt að lækka útsvör gjaldanda og eru þar tekin til fjögur efnisatriði. Það er annað mál, en mér sýnist, að það sé æði undarlegt að hafa ekki heimildarákvæðin öll í sömu gr. laganna, þar sem sveitarstjórn á að hafa einhverja möguleika á að hreyfa til tekjuhluta, sem lagt er á.

Í grg. með frv. er sagt, að í stað stighækkandi tekjuútsvars komi ákveðinn hundraðshluti af tekjum og því lýst nánar. En það má náttúrlega kalla það því nafni, að hér sé ekki gert ráð fyrir stighækkandi útsvarsálagningu. Mér sýnist þó, að skattstigarnir í þessu tilfelli séu ekki undir 25 og eftir því, á hvaða stigi tekjurnar eru, og fleiri raunar, þegar tekið er tillit til þeirra heimilda, sem í frv. eru fólgnar. Mér sýnist, að í sambandi við álagningu útsvaranna sé frá sveitarstjórnunum tekinn vandaminnsti hlutinn, sem er langfljótlegast að eiga við, en sá vandinn eftir skilinn, sem er útilokað að taka verulega afstöðu til fyrr en séð verður, hvernig tekjuframtölin eru. Og ef það á að vinna sæmilega hratt, þá verður sveitarstjórnin að eiga fulltrúa á skrifstofu hjá skattstjóra, til þess að það sé hægt að koma þessu áfram með eðlilegum hætti. En hún má ekki ákveða útsvarsupphæðirnar eigi að síður.

Þá vil ég aðeins drepa á það, sem einnig kemur fram í aths. með frv., að þar er gert ráð fyrir að létta af sveitarsjóðunum ýmsum gjöldum. M. a. er það, að iðgjöld sveitarfélaganna til sjúkratrygginga verði lækkuð um helming. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið athugað gaumgæfilega, hvað þessar upphæðir eru miklar, til þess að geta um leið ákveðið, hverja möguleika til álagningar sveitarstjórnirnar þyrftu að hafa, en ég sé á brtt., sem lögð var fram í gær við frv. til l. um almannatryggingar, að gert er ráð fyrir, að gjald sveitarfélagsins vegna hvers sjúkrasamlagsmeðlims á árinu 1972 skuli vera 2 125 kr. Þetta er allt annað heldur en helmingurinn af hinu almenna sjúkrasamlagsgjaldi í landinu, því að 2 125 kr. er helmingurinn af því gjaldi, sem sveitarsjóður ætti að greiða, ef sjúkrasamlagsiðgjaldið væri 5 000 kr. Nú hef ég ekki fyrir mér, hvað sjúkrasamlagsgjaldið er hátt í Reykjavík. Á Akureyri mun það vera 3 300 kr., í Kópavogi 4 020 kr., á Selfossi 3 600 kr., á Seltjarnarnesi 3 660 kr. og annars staðar í mörgum sveitarfélögum miklu lægra, þannig að í þessu er ekkert samræmi, og ég vænti þess, að þessu atriði ásamt fjölmörgum öðrum atriðum í þessu frv. verði veitt nánari athygli, enda sé ég, að það er ekki með nokkru móti stætt á því að ganga almennilega frá frv. eins og þessu nema í mjög ákveðnum tengslum og í samráði við samtök sveitarfélaganna í landinu.

Mig langar svo aðeins í lokin að segja frá því, að fyrir örfáum dögum barst mér bréf frá reyndum sveitarstjórnarmanni, og ég vil taka það fram, að þessi sveitarstjórnarmaður er ekki flokksfélagi minn. Hann hefur verið ákveðinn og öflugur stuðningsmaður Framsfl. Hann er að ræða við mig um ýmsa þá áráttu og árás, sem honum virðist vera á döfinni, og að beint sé að hinum dreifðu byggðum, og segir svo í bréfi sínu:

„Þá er fyrirhugaður samruni sveitarfélaga, sjúkrasamlaga og e. t. v. útsvarsstigi til jöfnunar með meiru. Allt, sem hér er talið, á í því sammerkt að draga vald úr höndum strjálbýlis til fjölmennis. Það hefur þær afleiðingar auðsæilegastar, að sá dugur, sá samtakamáttur, sem býr í litlum samstilltum hóp og víða sér eftir stórmerki, mun hverfa í sinnuleysi og óvirka andstöðu við það óþekkta."

Þessum orðum tel ég rétt að veita athygli, þegar frv. um tekjustofna sveitarfélaganna er rætt og afgreitt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að kvarta undan þeim viðtökum, sem frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur fengið hér í hv. d. Menn hafa talað langt mál og þannig fullnægt sinni þörf, eðlilegu þörf, og ekkert er við það að athuga, og menn hafa borið fram ýmiss konar aðfinnslur við frv. Við því er heldur ekkert að segja, það er ekki nema eðlilegt um svo afdrifaríkt mál fyrir sveitarfélögin í landinu sem þetta mál er. Og menn hafa boðað brtt., aðeins eina, held ég þó, og það er líka mjög eðlilegt. Hins vegar hafa menn ekki tekið „prinsip"-afstöðu með frv. eða móti, og þar finnst mér botninn liggja suður í Borgarfirði. Ég hef ekki heyrt, hvorki talsmenn Sjálfstfl. né talsmann Alþfl., lýsa því yfir, að þeir séu andvígir þessu frv. í „prinsippi" og muni greiða atkv. á móti því. Meðan sú yfirlýsing liggur ekki fyrir er naumast hægt að orða það, að nokkur andstaða sé við þetta frv. En þetta kemur væntanlega skýrar fram, þegar eftir því er lýst, hver endanleg afstaða stjórnarandstöðuflokkanna

sé til málsins. Ég heyrði meira að segja formann Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., lýsa því yfir í umr. í gærkvöld í hv. Nd., að hér væri um enga stefnubreytingu að ræða, enga stefnubreytingu að ræða í þessum skattafrv., sem nýja stjórnin legði nú fram. Og hann bara flutti langan kafla í ræðu sinni til þess að sýna fram á það, að þetta væru gamlar lummur, sem hefðu verið í skúffum þeirra fyrrv. stjórnarherra, og við hefðum bara dustað af þeim rykið og þetta væru afskaplega góðar hugmyndir, sem við hefðum bara stolið. En ef þetta er stefna Sjálfstfl., þá er ekki að vænta þess, að þeir rísi gegn frv. í heild, því að þetta eru þá þeirra hugmyndir, og þá eru þær góðar, auðvitað. Það getur ekki verið, að menn rísi svo gegn sínum eigin hugmyndum, að frv. verði nú stráfellt og drepið, af því að önnur stjórn flytur þessar ágætu hugmyndir.

Formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., lýsti því sem sé yfir, að það væri alrangt, að hér væri um stefnubreytingu að ræða, þetta væru hugmyndir, sem hefðu verið undirbúnar af fyrrv. stjórnarherrum. En látum það vera. Ég ætla að gera mínar aths. við ræður hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað, og sný mér þá fyrst auðvitað að hv. 2. þm. Reykv., borgarstjóranum í Reykjavík.

Langur kafli í hans ræðu í gær, – en umr. var frestað að hans ósk, sökum þess að hann þurfti að fara á borgarstjórnarfund, en hefði annars haldið áfram í gær, – var um það, að gengið hefði verið fram hjá tveimur aðilum við undirbúning málsins, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. (**GH:** Og öðrum sveitarfélögum.) Og öðrum sveitarfélögum, hvernig sem hefði nú átt að fara að því að kalla þau öll saman til fundar um undirbúning málsins. En við skulum segja, að það sé nú aðallega þetta tvennt, Samband ísl. sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, sem hefði verið hvort tveggja nærtækt.

Þetta var átakanleg saga, eftir því sem borgarstjórinn lýsti henni. Það hefði verið nánast farið með þetta sem laumuspil, og enginn hefði fengið í það að hnýsast eða glugga. En þetta er ekki með öllu rétt hjá borgarstjóranum, hv. 2. þm. Reykv. Í nefnd til þess að undirbúa frv. voru skipaðir sveitarstjórnarmenn víðs vegar að af landinu. Það var sveitarstjórnarmaður af Norðurlandi, miðlungsstærð kaupstaðar þar, reyndur sveitarstjórnarmaður og skattamaður, og það var sveitarstjórnarmaður af Vesturlandi, úr kauptúnshreppi á Vesturlandi, og sá maður er í fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga og þar með í innsta hring þeirra samtaka. Svo var einn borgarfulltrúi í Reykjavík og bæjarfulltrúi úr næststærsta kaupstað landsins, Kópavogskaupstað, og ráðuneytisstjóri félmrn., sem ég tel, að sé fullgildur fulltrúi fyrir öll sveitarfélög landsins, og geri þar ekki greinarmun á, eftir því hverjir stjórna. Þá segja menn: Jú, þetta er rétt, en þetta voru allt saman stuðningsmenn stjórnarinnar. Og rétt er það. En var það meginregla fráfarandi ríkisstj. að velja stjórnarandstæðinga til að semja fyrir sig frv., sem áttu að túlka stjórnarstefnu? Nei, það var ekki regla þeirra. Og það er naumast hægt að ætlast til þess. Þarna er beðið um að vinna verk til fullnægingar markaðri stefnu ríkjandi stjórnar á hverjum tíma, og það gerði fráfarandi stjórn, að velja til þess sína stuðningsmenn, sem voru vel að sér um þann málaflokk, og það var hér gert sannarlega, og þess vegna er ekki brugðið út frá neinni venju og alls ekki viðhöfð óeðlileg vinnubrögð um þetta, hvorki af fyrrv. stjórn né núverandi. En var þá nokkurt samband haft við Samband ísl. sveitarfélaga? Jú, þegar nefndin var á byrjunarstigi síns starfs, þá kallaði hún stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga á sinn fund, þegar fyrstu drög að hugmyndum um þetta frv. lágu fyrir. Og þar voru málin rædd af nm. og ráðuneytisstjóranum og stjórnarmönnum Sambands ísl. sveitarfélaga. Skattamálin eru, eins og allir vita, viðkvæm mál, og það vissu allir þessir menn, sem þarna voru saman komnir. En hvað gerðist? Jú, eftir þennan viðræðufund um fyrstu drög að frv. um tekjustofna sveitarfélaganna kom upp leki í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Það kom upp sá leki, sem skýrði frá öllum atriðum þeirra hugmynda, sem þarna voru frammi og birtust í dálkum Morgunblaðsins næstu daga. Þetta, hvort sem hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, telur þetta að gegna trúnaði eða hvort hann vill harma þetta, það læt ég alveg ósagt, en vænti þó þess síðara af honum. A. m. k. er það svo, að flestir þátttakendur í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hörmuðu þetta trúnaðarbrot, og það varð nóg til þess, að það voru ekki haldnir fleiri fundir með þessari stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og skal ég ekkert lá nm. það.

En var ekki algert laumuspil gagnvart fulltrúum Reykjavíkurborgar? Jú, það mætti ætla það eftir orðum hv. 2. þm. Reykv. En ég fullyrði það, að það var dögum oftar haft samband við fulltrúa Reykjavíkurborgar og þeim sýndur fullur trúnaður og ekki leyndir neinu á ýmsum stigum málsins. Og þar með varaborgarstjórinn í Reykjavík, Gunnlaugur Pétursson. (Gripið fram í.) Það var ráðuneytisstjórinn í félmrn., sem hafði bæði samband við hann og Jón Tómasson og sennilega fleiri af fulltrúum borgarinnar, sem um þessi mál fjalla, og það er þess vegna algerlega rangt hjá borgarstjóranum í Reykjavík, hv. 2. þm. Reykv., þegar hann kastar því hér fram, að það hefði verið farið með þetta mál sem laumuspil gagnvart Reykjavíkurborg, og ég veit, að þetta er gegn hans betri vitund.

Þá sagði hann í ásökunartón, að frá einum degi til annars hefði ekki verið hægt að henda reiður á þessum upplýsingum, því að þær hefðu breytzt. Hvernig er það? Smíðisgripur í höndum smiðs er auðvitað að breytast frá degi til dags, þangað til hann er fullger, og það þarf enginn að undrast. Þetta frv. tók ýmsum breytingum á ýmsum stigum, en það var á öllum stigum máls haft samband við fulltrúa Reykjavíkurborgar, og ég held, að það sé þannig um ekkert að sakast annað en það, að það var ekki borgarfulltrúi úr meiri hl. í Reykjavík kallaður til til að semja frv. fyrir núv. stjórn. Það er það eina, sem hægt er að saka okkur um í þessu efni. En allur þessi harmagrátur um það, hvernig að verkinu hefði verið staðið, er frekar lítils virði í sambandi við þetta mál. Aðalatriðið er það, hvernig verkið er svo, hvernig verkið er, þegar upp er staðið og þegar það er lagt fyrir Alþ. Ég verð að segja það, að það hefur ekki fengið mjög harða áfellisdóma, hvorki hjá hv. 2. þm. Reykv. né öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa að vísu lýst sínum sjónarmiðum, sem væru að ýmsu leyti á annan veg heldur en í frv. Nokkur stefnuatriði hafa þeir nefnt, sem þeir væru á öndverðum meiði við, en aðallega fett fingur út í aukaatriði.

Meginatriði þessa máls eru þau, hvort þetta frv. leiði til fullnægjandi tekjuöflunar fyrir sveitarfélögin, og í annan stað, hvernig tekjubyrðin skiptist á gjaldþegnana. Og þetta hefur ekki sætt stórri gagnrýni. Þegar hv. 2. þm. Reykv. var búinn að tíunda, hvernig þetta kæmi út fyrir Reykjavíkurborg, hver var þá niðurstaðan? Að það væri mjög nálægt því, að endar næðu saman, þegar notaðar væru heimildir frv., vantaði einar 2 millj. til. Daginn áður hafði ég fengið upplýsingar um það, hvernig þetta stæði hjá Reykjavíkurborg. Þá var smíðisgripurinn svolítið á öðru stigi hjá þeim, og þá var niðurstaðan, að það vantaði 5 millj. daginn áður frá þeirra eigin mönnum, sem höfðu vafalaust mjög grandgæfilega skoðað þetta tölulega. Ég get ekki séð annað en þetta bendi bara hreint og beint til þess, að það séu líkur til þess, að Reykjavík nái vel endum saman, því að svona stilla þeir upp dæminu sjálfir. Ég kem kannske nánar að þessu, þegar ég ræði um tekjuöflunina í heild samkv. núv. kerfi og samkv. frv.

Hv. 2. þm. Reykv. gat þess, að sökum þess, hversu þetta frv. væri seint á ferð og að ekki væri búið að afgreiða það endanlega, yrði Reykjavíkurborg nú að fresta afgreiðslu sinnar fjárhagsáætlunar. Já, sú má vel vera ástæðan, að frv. er seint á ferð, og það er seint á ferð, það skal alveg játað, enda varla von, að svo vandasamt mál sem þetta hafi getað fengið miklu fyrr fullnægjandi afgreiðslu. En það fullyrði ég, að það voru vinnubrögð fyrrv. ríkisstj., að hún hellti yfir þing alveg blygðunarlaust stórmálum á síðustu dögum fyrir þinghlé og fyrir þingslit, vandasömustu og umfangsmestu málum, og hikaði ekkert við að keyra þau í gegn athugunarlítið á jafnvel kvöld- og næturfundum. Ég hugsa, að það hefðu ekki þótt æskilegri vinnubrögð af okkur að gera það núna, að keyra þessi skattafrv. í gegn og fyrirmuna þannig stjórnarandstöðunni að grandskoða þau, og við völdum heldur þann kostinn að gefa nægilegt tóm til þess fyrir stjórnarandstöðuna, kynna málin, en gefa þeim svo möguleika til fyllstu athugunar í n. Ég mundi því telja, að innst inni mundi hv. 2. þm. Reykv. ekki kasta þungum steinum að núv. ríkisstj. fyrir þessi vinnubrögð, þó að þau leiði til þess, að Reykjavíkurborg fresti afgreiðslu sinnar fjárhagsáætlunar fram yfir áramótin. Annars vissi ég það fyrir nokkrum dögum, að borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 2. þm. Reykv., var þá í vafa um, hvað hann gerði. Hann vissi um meginefni frv. og hann veit nokkurn veginn um niðurstöðu þess í meginatriðum og hann var að velta því fyrir sér í samræðum við mig, hvort hann mundi nú leggja til, að áætluninni yrði frestað eða hún afgreidd, svo að það mun nú hafa verið talið, jafnvel í röðum borgarstjórnarmeirihlutans, nokkurt álitamál, hvað skyldi gert. Það er vissulega komið til móts við stjórnarandstöðuna eða það er a. m. k. okkar hugsun með því að keyra ekki skattamálin í gegn núna, heldur gefa nægilegt svigrúm fram yfir áramót þeim til skoðunar og rannsóknar. Og þá geta allir úr stjórnarandstöðunni, sem hafa aths. að gera við frv., komið með sínar brtt. og betrumbætt þannig þessi frv.

Að einu leyti lýsti hv. 2. þm. Reykv. yfir, að hann teldi, að ég hefði gert rétt í því að láta þetta frv. og frv. um tekju- og eignarskatt fylgjast að, og ég hafði einmitt rætt það mál við hann og sagt honum það, að ég mundi stuðla að því, að þau fylgdust að. Og það er ekki út í hött að ræða þessi mál nokkuð samtímis, þó að þau geti ekki verið samtímis hér í hv. d., en séu samt samferða sitt í hvorri d.

Hér hefur mjög komið fram hjá fleiri en einum ræðumanni, að það eigi að gera breytingu á skiptingu málefna milli sveitarfélaganna og ríkisins og stefnan eigi að vera sú að flytja sem flest mál hreinlega undir sveitarfélögin. Þetta er stefna, sem ég get að mörgu leyti fallizt á. En þegar menn tala um þetta í sambandi við tekjustofnafrv. sveitarfélaganna, þá er enginn möguleiki til þess að tjá þessa stefnu nema á sviði tekjuöflunarinnar, og það er gert í þessu frv. Og einmitt í þessa átt. Það er létt af sveitarfélögunum byrðum vegna stórra málaflokka, sem þau höfðu enga aðstöðu til þess að marka eða móta, en ríkið hafði eitt á sinni hendi og lagði fram byrðarnar á sveitarfélögin óaðspurt. Þetta er tekið frá sveitarfélögunum, þessi bikar er frá þeim tekinn, ekki gegn þeirra vilja, heldur að þeirra vilja samkv. ítrekuðum samþykktum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Og móti þessu rísa samt talsmenn Sjálfstfl. hér. Þar eru þeir að berjast á móti Sambandi ísl. sveitarfélaga jafnframt því, sem þeir snúast á móti þessum ákvæðum í frv. og segja, að það sé verið að taka málaflokka frá sveitarfélögunum. Svo mikið er víst, að hér er farið að markaðri stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Að öðru leyti hygg ég, að menn verði líka að viðurkenna það, að með þessu frv. eru markaðar hreinni línur, dregnar hreinni markalínur milli verkefna sveitarfélaganna og ríkisins. Það er gert með því, að nokkuð mörg mál séu ekki sameiginleg ríkinu og sveitarfélögunum, heldur aðskilin og byrðin, sem framkvæmdinni fylgir, er þar með færð yfir á þann aðilann, sem við málunum tekur hreinlega. Og í þessu efni er komið til móts við bæði Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin, sem eru hrein samtök sveitarfélaganna sjálfra, og enn eitt annað er gert í þessu frv., sem mönnum hefur skotizt yfir eða ekki verið haft orð á, og það er það, að í þessu frv. eru í fyrsta sinn viðurkennd landshlutasamtök sveitarfélaganna og þeim ætlaður fjárstuðningur til sinna starfa. Þetta álít ég vera undirstöðuna undir auknu sjálfsforræði hinna einstöku sveitarfélaga, sem hafa sjálf skipað sér í þessa félagshópa. Ég get ekki séð, að innan ramma slíks frv. sem þessa, sem er skattafrv., hafi verið hægt að gera annað heldur en sem var innan þess sviðs, og það er sannarlega stefnt í þá átt að taka tillit til sveitarfélaganna eða samtaka þeirra í landshlutunum og þeim gefinn fjárhagslegur grundvöllur til starfa.

Ég fagna því auðvitað, að jafnvel í ræðu hv. 2. þm. Reykv. komu fram viðurkenningar á ýmsum þáttum frv., og hans orð voru, að það væru mjög jákvæðir þættir, sem hann viðurkenndi í þessu frv., og skal það ekki undan dregið, þó að ég deili á efnisatriði í hans ræðu að öðru leyti.

Þá kem ég að því, sem ég taldi nú eiginlega það atriði í hans ræðu, sem mest ástæða væri til að svara, og það voru dæmi hans, skattadæmin hans, hvernig það kæmi út hjá einhleypum manni, hjá hjónum, hjá hjónum með þetta og þetta mörg börn o. s. frv. Og það verð ég að segja, að þessar útkomur komu mér á óvart. Ég hef ekki fengið dæmin reiknuð með svona útkomu. Nú skal ég játa það, að ég hef ekki reiknað þessi dæmi sjálfur, þær töflur, sem lagðar hafa verið fram, og ég veit ekki

heldur, hvort borgarstjórinn hefur sjálfur reiknað eða einhverjir reiknimeistarar fyrir hann, en útkomuna flutti hann. En á hverju eru þá byggðar þær útkomur á þeim skattatöflum um einstök dæmi, sem ríkisstj. byggir á og hefur lagt fram? Þar er stuðzt við tvennt. Það er stuðzt við útreikninga frá Efnahagsstofnuninni, en þó fyrst og fremst við niðurstöður frá Reiknistofu Háskólans, tölvunni. (**GH:** Hver matar hana?) Það veit ég ekki, það verð ég að segja, það veit ég ekki. En ég geri ráð fyrir því, að til þess séu fengnir menn, ekki af stjórninni, heldur þeir, sem þessu tæki þjóna að jafnaði, til þess að fá réttar niðurstöður, en ekki rangar. Og að öllu óreyndu vil ég treysta fremur á tölvuna og þann óþekkta mann, sem hana matar, heldur en á reiknimeistara borgarstjórans í Reykjavík eða annarra stjórnarandstæðinga. En svo er einn aðili, sem verður hæstiréttur í þessu, það er reynslan sjálf. Reynslan verður ólygnust. Um þetta skal ég þannig ekkert fullyrða, en ég treysti betur tölvunni og mötunarmanninum þar heldur en stjórnarandstæðingum, sem koma hér með sín hrollvekjandi dæmi.

Jú, enn ein var viðurkenning í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Það var um það, að innheimtan yrði óbrotnari og þannig hagkvæmari í framkvæmd, og það hefði ég haldið, að væri nokkur plús, nokkur meðmæli með byggingu frv. og þessu skattaformi. Og afnám nefskattanna, einnig var það viðurkennt og hefur verið viðurkennt af fleiri stjórnarandstæðingum, að gott væri við þá að losna. En þá var komið að öðrum vanda, og hann er sá, að niðurfelling nefskattanna leiddi af sér lækkun vísitölu, og það var kallað vísitölufölsun. Nú vita það allir, sem hér eru, að vísitölugrundvöllurinn er þannig fundinn, að fyrir nokkrum árum voru teknir neyzlureikningar, búreikningar ákveðinnar tölu fjölskyldna á landinu hingað og þangað og tekið meðaltal af neyzluútkomu þeirra, og þ. á m. eru opinberir skattar náttúrlega í vísitölunni, það sleppa fá heimili við þá. Og hvað er vísitalan? Hún á að vera mælikvarði á verðhækkanir og hún á líka að mæla niður á við. Ef fjölskyldur losna við útgjaldaliði, sem í henni eru, þá lækkar vísitalan. Hækki vísitöluliðir, þá hækkar hún. Ég veit ekki til þess, að nokkur maður hafi lagt sig í það að fara að fikta við vísitöluna og grundvöll hennar og hafi þannig fengizt við að falsa niðurstöður hennar. Það var yfirlýst í þeirri stefnu fyrir mörgum mánuðum síðan, að ríkisstj. ætlaði að stefna að niðurfellingu nefskatta, og við það hefur nú verið staðið og það veldur okkur ámæli. En vísitalan mælir upp á við og niður á við eftir því, hvernig byrðarnar á fjölskyldunni aukast eða minnka. Ég hefði hingað til talið, að menn yrðu glaðir við, ef vísitalan lækkaði fremur en að sú sífellda þróun héldi áfram, að vísitala hækkaði. Það eru algerlega staðlausir stafir að tala um fölsunartilraunir gagnvart vísitölunni. Hún verður að breytast, ef útgjöld meðalfjölskyldunnar, eins og grundvöllurinn var þar að lagður, breytist til hækkunar eða lækkunar.

Annað meginatriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. var sem sé útkoman hjá Reykjavíkurborg. Og ég verð að segja það, að niðurstaða hans, endanleg niðurstaða hans, þegar hann hafði tíundað allt og Reykjavíkurborg hafði notað heimildir frv., var sú, að það var mjög á mörkum, að endar næðust saman. Hitt er rétt, að Reykjavíkurborg hafði á s. l. ári ekki þurft að nota útsvarsstigann eins og hann var, heldur gat gefið 6% afslátt af honum og þörf Reykjavíkurborgar til að ná endum saman var þá gamli skattstiginn mínus 6%, og meira taldi hún sig ekki þurfa. Við þetta á því að miða, að Reykjavíkurborg má ekki fara verr út úr hinu nýja kerfi heldur en svo, að hún komi út með útkomu skattstigans, sem enn þá gildir og seinast var farið eftir, að frádregnum 6%. Meira skammtaði hún sér ekki sjálf, þó að hún ætti kost á. Og í heimildunum er álagið auðvitað, sem þar er tilgreint, og heimild til þess að nota hálft aðstöðugjald, sem var að vísu mjög lágt hjá Reykjavíkurborg og verður þannig tiltölulega lítill tekjustofn, en þó er það heimild, sem Reykjavíkurborg eins og aðrir kaupstaðir getur notað. Þetta er að vísu liður, sem verður miklu stærri gjaldstofn hjá útgerðarbæjum eins og t. d. Vestmannaeyjakaupstað, Ísafjarðarkaupstað, Neskaupstað o. s. frv., enda voru það þessir kaupstaðir, það voru kaupstaðirnir, sem maður hafði fyrst og fremst áhyggjur af, að næðu ekki endum saman, áður en sett var inn ákvæðið um, að hvaða bæjarfélag sem væri og vildi mætti nota aðstöðugjald að hálfu. Þeir hefðu farið miklu verr út úr þessu frv. heldur en Reykjavíkurborg, að ég nú ekki nefni Garðahrepp, sem einhver var að segja, að mundi ekki ná endum saman, en ég tel fjarstæðu, að ekki nái endum saman, það sýna öll dæmi, sem út hafa verið reiknuð. Og svo var verið að minnast hér á smáu sveitarfélögin áðan af einhverjum og talað um það, að þau mundu verða í miklum nauðum stödd. Það er búið að þrautreikna útkomu allra sveitarfélaga á Íslandi og margreikna þau af mestu varfærni og ég fullyrði það, að flest hreppasveitarfélögin á landinu þurfi ekki að nota meira en 5–6–7%, í staðinn fyrir að þau hafa heimild til 10% og viðbóta. Af þeim þurfa menn ekki að hafa áhyggjur, það fullyrði ég. Þau ná endum saman.

Spurningin í því stóra og heila er um það, hvort líkur séu til, að þetta frv. leysi í heild tekjuþörf sveitarfélaganna eða ekki. Þá vil ég aðeins segja þetta, að útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskattar hafa á síðasta skattári gefið sveitarfélögunum í heild 3 368 millj. kr. Nú er af þeim létt gjöldum vegna stórra útgjaldaliða, svo sem bæði til tryggginganna og vegna löggæzlunnar, sem þau hafa lengi beðið um að vera losuð við, þar sem þau ekki réðu tilhögun þessara mála eða skattákvörðun, og það mun láta nokkuð nærri, að þessir skattar, sem nú er létt af sveitarfélögunum, séu um 783 millj. kr. (**GH:** Miðað við hvaða ár?) 1970, viðmiðunin er við 1970. Það er á árinu 1971, viðmiðun næsta árs á undan, 1970, 783 millj. kr. Það er því vitanlega talan 3 368 millj. kr., sem að frádreginni þessari tölu þurfa að falla til sveitarfélaganna, svo að þau komi í heild eins vel út eins og við gamla kerfið. En það eitt er ekki næg trygging fyrir því, að þau komi öll jafn vel út, því að aðstaða þeirra er geysilega misjöfn, og það þarf ekkert að útlista fyrir ykkur, hv. alþm. Sum koma vel út með hluta af þeim heimildum, sem frv. veitir. Við vitum, að það verður á mörkum með nokkur þeirra, en fá. Og lítum við á gamla kerfið, þá hefur það sannarlega brunnið við, að nokkur sveitarfélög hafa á ári hverju ekki komið endum saman að notuðum öllum viðbótarheimildum og hafa orðið að leita eftir viðbótarframlagi úr Jöfnunarsjóði. Ég er nýbúinn að ganga frá þeim málum núna fyrir liðið ár, og það eru yfir 20 sveitarfélög, sem ekki

náðu endum saman eftir gamla kerfinu, og sum þeirra af meðalstærð vantaði margar millj. til þess að ná endum saman, eitt þeirra vantaði 8 millj., önnur 5–6 millj. og svo aftur nokkur bara nokkur hundruð þús. kr. Samtals er þarna um að ræða yfir 20 millj. kr. og er það allt, sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafði heimildir til að láta sveitarfélögunum í té samkv. gamla kerfinu, ef þau náðu ekki endum saman. Ég held, að það sé alveg áreiðanlegt, að með þeim öryggisráðstöfunum, sem felast í bráðabirgðaákvæðunum í fjórum liðum, sé 100% öryggi fyrir því, að hjá engu sveitarfélagi, þó að jafnvel dæmið komi verr út heldur en við höfum reikningslegar niðurstöður fyrir, verði útkoman lakari en viðmiðunin við 1970 bendir til, og það var gott ár yfirleitt. Það var einmitt gott ár. Ef miðað hefði verið við 1968 eða 1969, þá hefðum við borið fram miklu lægri tölur. En þetta eru nokkurn veginn toppár, 1970 og 1971, og við þau er ætlunin að miða og að tryggja þeim ekki lakari afkomu með beinum heimildum frv., og ef það hrekkur ekki til, þá með því að grípa til bráðabirgðaákvæðanna, sem eiga að taka af þeim alla hugsanlega skelli. Vel má vera, að fleiri vilji taka undir þau orð hv. 1. landsk. þm., sem féllu hér í gær, að við hugsum þetta sem prufuár, og sagði hann það í háðslegum tón. Ég held, að það hefði verið minna fyrirgefanlegt af okkur, ef við hefðum verið fullir af þeim sjálfbirgingi að segja: Við vitum, að þetta bregzt ekki, það þarf engar varúðarráðstafanir þarna. Við vitum, hver útkoman af þessu nýja skattakerfi verður og þurfum þar enga varnagla að hafa á. Ég játa það fyllilega, að við vitum ekki nákvæmlega, hver niðurstaðan verður samkv. þessu nýja kerfi. Þess vegna höfum við búið vel um öryggisráðstafanir handa sveitarfélögunum, svo að ekkert þeirra verði hart úti af breytingunni, ef svo fari, að jafnvel varfærnustu útreikningar okkar hrökkvi ekki til, standist ekki. Það má því hver sem er spotta okkur fyrir það og leggja okkur það til lasts, að við höfum alla varnagla og alla fyrirvara fyrir okkar niðurstöðum í þessu efni.

Spurt var í gær um aðstöðugjaldið. Það er skýrt fram tekið í frv. og ég hélt mig gera það líka í minni framsöguræðu, að ekki er reiknað með aðstöðugjaldinu sem tekjustofni til frambúðar, aðeins sem undantekningu árlangt til þess að tryggja sig betur samkv. viðmiðunarárinu 1970.

Það hefur verið vikið að því hér, að það sé skerðing á rétti og sjálfstæði sveitarfélaganna að útsvarsálagningin eigi að framkvæmast af skattstjóra. Það hafa fleiri en einn vikið að þessari réttindaskerðingu. Ég er nú þeirrar skoðunar, að sveitarstjórnirnar muni yfirleitt ekki harma það mjög að losna við að standa í návígi við sína sveitunga um framkvæmd niðurjöfnunarinnar sjálfrar, af því að þeir hafa allar þessar heimildir í hendi sér, sem þeir þurfa á að halda til að móta álagninguna. Þeir ganga frá sinni fjárhagsáætlun og segja þar með til um heildarupphæðina, sem þeir þurfa að fá. Síðan segja þeir til um það, hvort þeir ætli að nota 5, 6, 7 eða 10% af skattstiganum, og þeir segja til um það, hvaða heimildir laganna þeir ætli sér að nota. Þetta allt liggur fyrir skattstjóra, áður en hann framkvæmir reiknilistina sjálfa, prósentutöluna og lækkun útsvaranna frá prósentutölunni eftir nákvæmum tölulegum fyrirmælum frv., og þá get ég ekki séð annað en útkomurnar hlytu að verða þær sömu, hvort sem sveitarstjórnin framkvæmir útreikninginn eða skattstjórinn með sínum vélum. En svo mikið er víst, að ég tel þó, að tryggt sé betra samræmi í framkvæmdinni með því að skattstjóraembættin framkvæmi þetta formsatriði, en viljinn hjá sveitarstjórnunum getur alveg komið fram í þeim fyrirmælum, sem gefin eru skattstjóra um, hvaða heimildir skuli nota, hverjar ekki og hve hátt skuli farið í skattstiganum. Að öðru leyti segja lögin alveg til um það fyrir alla, hvernig álagningu skuli hagað.

Ég held, að það hafi verið hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn, sem taldi, að það væri vafasamt, að 1½% dráttarvextir væru nægilega háir refsivextir til þess að tryggja góða innheimtu útsvaranna. Ég held nú, að það sé a. m. k. ekki ástæða til þess að fara hærra með þetta að sinni og reyna 1½%. Þetta mun oftast nær hafa verið 1%, þegar refsivöxtum hefur verið beitt, og ég held, að menn finni það fljótt, að 1½% dráttarvextir á mánuði er æðimikil refsing og bitnar á mönnum fjárhagslega, ef þeir ekki virða rétta gjalddaga um opinber gjöld. Ég mundi því telja, að það væri óvarlegt að fara hærra með þetta, a. m. k. fyrst í stað, og ég held, að þetta sé anzi mikill refsivöndur á lofti, sem eigi að hvetja menn mjög til að bregðast ekki sínu sveitarfélagi um réttmæta greiðslu á réttum tíma.

Um fasteignamatið, sem taka á gildi núna um áramótin, var og spurt, og það var upplýst, held ég, í framsöguræðu minni, að upphæðir samkv. því munu vera miðaðar við 1969, en ætlunin er, að endurmetið verði frá ári til árs eftir svipuðum reglum, að ég hygg, eins og brunabótamat er endurskoðað frá ári til árs, þannig að þetta verði fært til ársins 1971 og á sínum tíma til 1972, og það er eins og borgarstjórinn sagði, þetta drýgir tekjustofn, þannig að hann hækkar, grundvöllurinn hækkar þannig við þetta, og má taka það með inn í reikningsdæmin um tekjustofna á árinu 1972. (**GH:** Hver verður hækkunin?) Ég þori ekki að fara með þá tölu núna, sízt af öllu eftir þá reynslu, að úr fasteignamatinu voru gefnar rangar upplýsingar, þegar verið var að undirbúa þetta frv. Það komu aðrar tölur í hendur fulltrúa Reykjavíkurborgar heldur en höfðu verið gefnar Hjálmari Vilhjálmssyni ráðuneytisstjóra, þegar hann nokkru fyrr fékk tölu um fasteignamatið í Reykjavík, og þar skakkaði mörgum tugum millj., að ég ekki nefni, að það hafi verið 100 millj., því miður. En maður verður að reikna með því, að nú liggi fyrir rétt tala miðað við 1969 frá fasteignamatinu sjálfu, og við þurfum ekki að komast að ólíkum niðurstöðum þess vegna.

Það var áðan af einhverjum hv. þm. vitnað til þess, að Garðahreppur mundi vera einn af þeim, sem kæmu illa út. (**GH:** Það var stjórnarsinni, sem þar hefur verið.) Já, það getur ekki síður hafa verið ástæða til þess að gera aths. við það, ef það væri rangt, en ég ætla að leiða til vitnis frammámann, oddvita, sveitarstjórann í Garðahreppi, sem talaði í gærkvöld í hv. Nd. Hann sagði, að fjölmörg atriði í tekjustofnafrv. væru þannig, að honum litist mjög vel á þau. Fjölmörg atriði í tekjustofnafrv. eru þann veg vaxin, sem mér lízt mjög vel á, sagði hann. Ég held, að hann hefði varla sagt þetta, ef hann hefði verið ákaflega hræddur við að fá þunga skelli af þessari lagasetningu. Annars hef ég haft dálítið gaman af því, að eiginlega deildi hv. 2. þm. Reykv. í gær meira á frv.

um tekju- og eignarskatt heldur en á þetta frv., sem hér var til umr. í d., og það skrýtna var, að í Nd. vildu þeir heldur tala um frv. um tekjustofna sveitarfélaganna, þegar hitt frv. var þar á dagskrá. Þannig voru umr. í andfæting, af hvaða ástæðum sem það nú hefur verið, en heldur tel ég það frv. báðum til tekna.

Þá kem ég að hv. 5. þm. Vestf., sem deildi að sumu leyti á frv., en lét þó uppi mjög jákvæðar skoðanir um ýmsa þætti þess, kannske meginþætti þess, um útsvörin, sem er meginbreyting frv., að útsvörin eru flatur skattur í staðinn fyrir stighækkandi skatt. Um þetta sagði hann: Ég er með þessu. Ég er ekki á móti þessu. Þ. e. a. s. hann er með því. Þetta er meginbreyting frv. Sá maður, sem þetta segir, þó að hann haldi langa ræðu og minnist á einstök atriði, sem hann gerir aths. við, hann greiðir varla atkv. á móti frv. í heild. Þetta er meginbreyting frv., og hann er ekki á móti því. Að leggja ekki útsvör á atvinnureksturinn í sveitarfélögunum, það lízt honum samt ekki á. Ég held, að þeir fagni því nú samt í sveitarfélögunum að þurfa ekki að vera plagaðir með útsvari, og þarna kemur einmitt skiptingin til, sem menn hafa verið að tala um, að þeir vildu, að yrði sem gegnumfærðust. Ríkinu er ætlað að skattleggja félögin, atvinnureksturinn, og eiga þá sveitarfélögin ekki einmitt að láta það afskiptalaust, láta þá ríkið eitt um það, vera ekki að krukka bæði við það sama, vera ekki bæði með stighækkandi skatta, heldur nóg, að ríkið hafi stighækkandi skatt og sveitarfélögin ekki?

Og þá er það fasteignaskatturinn. Fasteignaskattinn á að fjórfalda, það er rétt. Þessu er hv. 5. þm. Vestf. mótfallinn, af því að það séu svo margir húseigendur á Íslandi. En einmitt af því að það eru svo margir, sem eiga hús á Íslandi, þá er það grundvöllur fyrir ekki óréttlátum tekjustofni. En hann brá upp átakanlegu dæmi og sagði: Gamla fólkið, sem á sína litlu íbúð, verður skattlagt. Já, það er heimild til þess, en það er líka skýrum stöfum heimild í frv. til að láta það vera. Með leyfi hæstv. forseta, stendur svo í 5. gr. frv.:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða."

Það mætti vera furðulega harðsvíruð sveitarstjórn, sem ekki notaði sér jafnskýra heimild og þessi er. Og a. m. k. getur engin sveitarstjórn borið það fyrir sig, að hún þurfi að fremja nein níðingsverk á gömlu fólki um skattlagningu af þeirra litlu íbúðum, ef þær ekki nota sér þessa heimild. Þetta er nú ekki meiri skattlagning en það, að íbúð upp á hálfa aðra millj. kr. fengi ½% á sig eða 7 500 kr. – er það ekki? – í skatt, ef heimildin er notuð, og það er nú ekki stórt þúsundið á Íslandi. Að borga 10% jafnvel til síns sveitarfélags, tíundu hverja krónu af sínum tekjum og eitthvað af þeirri eign, sem hefur safnazt í okkar verðbólguþjóðfélagi, ég efast um, að nokkur geti tekið það upp í sig, að þetta sé svívirðileg skattlagning á einstaklinginn til síns sveitarfélags. Þrátt fyrir þá afstöðu hv. 5. þm. Vestf. að vera ekki á móti breytingunni um útsvarsálagninguna, þá sagði hann, að frv. væri að vísu meingallað. Og það rökstuddi hann með því, að það væri verr séð fyrir tekjum sveitarfélaganna með þessu frv. heldur en hinu gamla kerfi. Þar held ég, að hann fari villur vegar. Hann var, eins og einhverjir aðrir, sem ég hef þegar vikið að, andvígur því, að sjálf framkvæmd álagningarinnar færi fram á skattstofunum fremur en á skrifstofu hreppsnefndanna og sveitarstjórnanna. Þetta tel ég ekki vera neina skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna, eins og ég hef áður vikið að.

Ég undirstrika það aftur, sem ég áðan sagði, að ég tel, að við höfum einmitt tekið í höndina á sveitarfélögunum með því að efla samtök sveitarfélaganna í landshlutunum og veita þeim starfsgrundvöll með ákveðnu fjárframlagi samkv. þessu frv. og fjandskapurinn við sveitarfélögin og sjálfsforræði þeirra verði því ekki rökstuddur með neinum sönnum rökum.

Það var langur kafli í ræðu hv. 5. þm. Vestf. um, hvað endurbæta þyrfti og laga í okkar þjóðfélagi, og tek ég undir það með honum, að það er mýmargt, en það er bara myndin af því, að ákaflega hefur 12 ára stjórn Sjálfstfl. og Alþfl. skilað okkur skammt á veg til þess að koma málum í rétt horf í okkar þjóðfélagi að hans mati og mínu. Það þarf að endurskoða skólamálin, því að þau eru öll ruglingsleg. Þannig er nú skilizt við þau. Hafnamálin, þau eru í endurskoðun, en það var sannarlega þörf á því, rafmagnsmálin, húsnæðismálin o. fl. o. fl. Stærstu málaflokkar voru taldir og þetta var lítt hæft og þurfti allt bráðrar endurskoðunar við og skal sannarlega litið á það, því að víða þarf að taka til hendi til lagfæringar. En það er ekki hægt að koma þessu að í sambandi við nýtt skattakerfi sveitarfélaganna. Það er engin leið, og þess vegna er það greinilega útúrdúr að tala um það hér og nú. Hann minntist á samkrull og það er sannarlega stigið skref í þá átt að greiða málið í sundur, afnema samkrullið milli ríkis og sveitarfélaga um fjölda málaflokka, og þannig er orðið við hans óskum um það.

Fullyrðingum hans um, að hin minni sveitarfélög yrðu hart úti, hef ég þegar svarað, því að það er alveg öruggt, að þau verða ekki hart úti við þessa lagasetningu, þau þurfa engu að kvíða. Það er búið að margskoða það, þau eru ekkert nálægt mörkunum.

Þá held ég, að ég fari að ljúka mínu máli, enda hef ég talað nokkuð lengi, vil aðeins víkja að því, að hér er komin fram till. frá Tómasi Karlssyni um að taka upp stighækkun skattlagningar á húsnæði þeirra manna, sem eiga stórar íbúðir eða eiga margar íbúðir, og tel ég, að till. sé þess eðlis, að það sé sjálfsagt, að hún verði skoðuð í n., þó að ég sé ekki alveg viss um, að hún falli inn í þetta kerfi, svo að vel sé. Ég játa það líka, að þeir menn, sem eiga stórar íbúðir og á dýrri lóð, – því að húseignin sjálf og lóðin eru hér reiknuð saman samkv. þessu frv., og það tel ég vera rétt, – stórt hús í miðbænum í Reykjavíkurborg á dýrri lóð þar fær sannarlega hærri skattlagningu heldur en hús í útjöðrum borgarinnar eða úti á landi, bæði með tilliti til mats á húsinu og lóðinni, og þannig er nokkuð mismunandi skattlagning eftir aðstöðu. Ég álít líka, að það gæti farið svo, að maður, sem á margar íbúðir og leigir þær út, hann gæti komið því fljótlega yfir í leiguna og yfir á leigjandann, ef hann borgaði fjórfalt eða sexfalt meira í fasteignaskatt en aðrir. Á þessu er því ekki gerður munur í frv. að öðru leyti en því, að matið er vissulega mismunandi hátt eftir því, hvar það er á landinu og þar tekið tillit til sölumöguleika á fasteignum.

Ég held, að ég telji ekki ástæðu til að svara neinu úr ræðu hv. 6. þm. Sunnl., Steinþórs Gestssonar, að öðru leyti en því, að hann minntist á, að því væri lofað í

stjórnarsáttmálanum að efla frjálsræði og valdsvið byggðanna. Og hann fullyrti, að þetta væri ekki enn framkvæmt, og víst er það rétt, enda ekki nema 6 mánuðir liðnir síðan stjórnin tók við völdum, og þannig ekkert nálægt því, að hægt sé að ætlast til þess, að hún sé búin í hverju atriði að framkvæma stjórnarsáttmálann. En réttilega benti hann á, að það væri Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á að taka til starfa upp úr áramótum og er í mótun enn og ekki tekin til starfa, sem á að annast stjórn Byggðasjóðsins. Og honum hefur verið ætlað allmikið aukið fjármagn til sinnar starfsemi. Í gegnum þá stofnun á að þjóna byggðasjónarmiðunum og fullnægja loforðum stjórnarsáttmálans um að auka jafnrétti íslenzkra byggða. Ég get því ekki séð annað en þetta sé í réttum höndum, og þeir menn, sem vilja koma þessari starfsemi í gang, hafa vafalaust varið atkv. sínu hér í hv. d. á þann veg að greiða atkv. með frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeir hafa væntanlega ekkert á móti þeirri stofnun, sem á að inna af hendi þetta mjög svo þýðingarmikla hlutverk, sem þeir bera ákaflega mikið fyrir brjósti. Ef þeir hafa ekki gert það, þá finnst mér ákaflega lítið samhengi í þeirra afstöðu, tala hér klökkir um það, hvað þurfi að gera fyrir jafnvægi byggðanna, og greiða svo atkv. á móti tilvist þeirrar stofnunar, sem á að annast verkið.

Þó að ég hafi svarað hér mörgum aðfinnslum við þetta frv. um ýmiss konar minni háttar atriði, þá bið ég nú eftir því, að botninn skili sér og ég fái að heyra um það, hvort hv. stjórnarandstöðuflokkar hugsa sér að vera með þessu merka máli eða hitt, að þeir ætli sér að snúast gegn því eða velja sér þriðja kostinn, sem er ákaflega skynsamlegur, að gera þinglega tilraun til þess að sníða agnúa og annmarka af frv. og gera þannig sitt til þess að koma því í betra horf, og það er vissulega góður hlutur þm. að bera fram till. til bóta á þingmálum og reyna þannig að koma þeim í sem heillavænlegast horf fyrir land og þjóð.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. lauk máli sínu með því að óska eftir að fá að heyra, hver afstaða okkar væri til þessa frv., sem hér er til umr. Ég taldi, að ég hefði skýrt þá afstöðu í ræðu minni í d. hér í gær, og ég vonast til þess, hafi hæstv. félmrh. ekki getað ráðið í afstöðu mína til frv. af þeim orðum, að hann verði þá nokkurs vísari af því, sem hér fer á eftir.

Það kom ljóst fram í minni ræðu hér í gær, raunar það sama, sem ég hygg að félmrh. hæstv. hafi haft eftir formanni Sjálfstfl. úr umr. í Nd., að þetta frv., sem hér er lagt fram, byggir að miklu leyti á undirbúningsstarfi, sem unnið var á vegum fyrrv. ríkisstj., og ég get alveg sagt það, að ég tel það mjög eðlilegt og sjálfsagt og virðingarvert af núv. stjórn að byggja á þessu undirbúningsstarfi. Að því leyti til er flest gott um þá þætti frv. að segja, sem þetta kemur heim og saman við. Það er rétt stefna, að mínu viti, megintilgangurinn, sem í frv. felst, en ég tek þann mikla og stóra fyrirvara, að nauðsynlegt er, að frv. hafi inni að halda þau ákvæði, sem tryggi eðlilega og sanngjarna tekjustofna sveitarfélögum landsins til handa, og óbreytt gerir frv. það ekki að mínum dómi. Þess vegna get ég ekki fallizt á frv. í óbreyttri mynd og ég vonast til þess, að tími gefist til og undirtektir hæstv. félmrh. verði slíkar, að breytingum fáist framgengt á frv., sem lagfæri þennan annmarka, meginannmarka frv.

Í öðru lagi hlýt ég að endurtaka og ítreka, að svo slæmt sem það er, að sveitarfélögum landsins er ekki séð fyrir nægilegum tekjustofni til þess að standa að þeim verkefnum, sem sveitarfélög hafa nú og gert er ráð fyrir að þau hafi áfram samkv. þessu frv., þá er það jafnvel ekki síður galli, e. t. v. ekki fyrst og fremst á þessu frv., en þegar litið er á þetta frv. í tengslum við frv. um tekjuskatta til ríkisins, að skattabyrði almennt eykst á öllum almenningi, jafnvel á þeim aðilum, sem teljast til láglaunastétta.

Loks hef ég minnt á og minni enn á, að með þessum lögum eru ekki gerð skil á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eins og ég tel að þurfi að standa að þeim málum, og beini ég þeirri áskorun til hæstv. félmrh. að láta hendur standa fram úr ermum að því leyti til.

Hæstv. félmrh. sagði, að samráð hefði verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga og það væri ekkert óeðlilegt við það, að undirbúningsnefnd í slíku máli væri skipuð flokkspólitískt. Ég vil nú minna hæstv. félmrh. á það, að flokkur hans markaði þá stefnu, að of mörg mál væru í höndum hinna svo kölluðu stjórnmálaflokka, hinna pólitísku flokka, og það ætti að gefa almenningssamtökum meiri aðild að undirbúningi mála, meðferð þeirra og ákvörðunartöku og stefnumörkun í ýmsum málaþáttum. Ég minni hæstv. félmrh. enn fremur á það, að þegar hann nefnir fyrri venjur hjá fyrrv. ríkisstj., þá er einmitt mikill munur þar á og á hætti þeim, sem hann viðhafði á undirbúningi þessa frv. Þegar tekjustofnafrv. var síðast í heillegri endurskoðun 1962—63, að því er ég hygg, þá fór sú endurskoðun sameiginlega fram á vegum þáv. ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga, og það er þetta samráð og þessi samvinna, sem á hefur skort að þessu sinni hjá hæstv. félmrh. og hjá núv. ríkisstj. Það var haldinn einn fundur, sagði hæstv. félmrh., með fulltrúum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en í kjölfar þessa fundar var framið trúnaðarbrot og þá var upplýst að einhverju leyti um þær fyrirætlanir, sem hæstv. ríkisstj. hafði um að gera breytingar á tekjustofnalögunum, og auðvitað voru þá ekki haldnir fleiri fundir, bætti hæstv. félmrh. við, þ. e. a. s. að þá var rofið, að því er mér skildist á honum, samstarf og samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Sambandi ísl. sveitarfélaga var þannig refsað fyrir trúnaðarbrot, ef ég hef skilið hæstv. félmrh. rétt. En við skulum nú kanna það, hver hafi framið þetta trúnaðarbrot. Ég skal ekkert segja annað en það, sem ég veit, að einn nm., sem hæstv. félmrh. skipaði í nefndina, hélt erindi um þessar fyrirætlanir nefndarinnar um breytingar á tekjustofnalögunum á fundi í allfjölmennum félagsskap norður á Húsavík um það leyti, sem þessi sameiginlegi fundur var haldinn, eða nokkru áður en þessi sameiginlegi fundur með Sambandi ísl. sveitarfélaga var haldinn. Enginn á þeim fundi var neinum trúnaðareiði bundinn og ég get um þetta, að þarna var þó opinber fréttaöflunarleið til staðar og þess vegna þurfti frétt Morgunblaðsins ekki að koma frá þessum sameiginlega fundi með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. En alla vega er það fyrir neðan virðingu hæstv. félmrh. að láta að því liggja, að hann hafi refsað heildarsamtökum íslenzkra sveitarfélaga fyrir trúnaðarbrot, sem hann telur þá væntanlega á ábyrgð þeirra, með því

að halda ekki fleiri fundi með þeim um þetta mál. En þetta heyrðu hv. þdm. hér áðan, að voru orð hæstv. félmrh., og þá er rétt að spyrja hæstv. félmrh.: Hve lengi stendur þessi refsing og hve lengi mega heildarsamtök íslenzkra sveitarfélaga búast við, að hæstv. félmrh. landsins gangi fram hjá þeim?

Það var sagt, að hafi nú ekki samráðið verið til enda haft við Samband ísl. sveitarfélaga, þá hafi þó alla vega verið haft mjög gott samráð við fulltrúa Reykjavíkurborgar og það meira að segja við sjálfan varaborgarstjórann og skrifstofustjóra borgarstjórnar. Ég verð nú að segja það, að ég ber fram þá gagnrýni m. a., að ekki hefur verið haft samráð við fulltrúa Reykjavíkurborgar vegna umkvartana þessara manna um þetta efni. Einstök símtöl áttu sér stað, en dæmið eða réttara sagt sönnun um vöntun á slíku samráði er fólgin í þeirri upplýsingu hæstv. félmrh. hér í ræðu hans áðan, sem ég veit, að er rétt, að félmrn. byggði tölur sínar og tillögur um tekjustofnana á upplýsingum, sem voru rangar. Það voru upplýsingar, sem félmrn. átti að vísu ekki sök á að voru rangar, en það voru upplýsingar, sem félmrn. fékk, að því er hæstv. félmrh. upplýsir núna, frá fasteignamatinu. Ef fullkomið samráð hefði verið haft t. d. við fulltrúa Reykjavíkurborgar, var hægt að upplýsa þennan misskilning langtum fyrr en ella, og að því leyti hefði undirbúningur málsins eða alla vega forsendur fyrir frv. legið ljósar fyrir en ella. Það er því engan veginn rétt, að á öllum stigum hafi verið haft samráð við fulltrúa Reykjavíkurborgar. Í aðeins einstaka tilvikum, og það teljandi á fingrum annarrar handar, voru gerðar einhverjar fsp. eða slegið á símastreng til þess að afla einhverra upplýsinga, en það var allsendis ónóg bæði gagnvart fulltrúum Reykjavíkurborgar, gagnvart fulltrúum sveitarfélagasamtakanna í heild og ég býst við gagnvart fulltrúum annarra sveitarfélaga. Það er alveg rétt hjá hæstv. félmrh., að menn þeir, sem skipaðir eru í þessa undirbúningsnefnd, eru úr hópi sveitarstjórnarmanna, en þeir eru ekki fulltrúar heildarsamtaka þeirra. Heildarsamtök sveitarstjórnarmanna hafa verið blessunarlega laus við flokkspólitík og menn hafa þar sameinazt í starfi að heill sveitarfélaganna almennt í landinu, og ég skil raunar ekki í hæstv. félmrh. að hafa látið slíkt tækifæri úr greipum sér ganga að njóta aðstoðar, ráða og reynslu þessara heildarsamtaka sveitarfélaga í landinu. Þótt einn fundur eða e. t. v. tveir fundir hafi verið haldnir með stjórn þessara samtaka, eins og ég gat um í ræðu minni hér í gær, þá er það ekki sama og ef þessi heildarsamtök hefðu átt aðild að sjálfum undirbúningnum og þau skoðanaskipti og upplýsingaskipti, sem nauðsynleg eru til undirbúnings slíku stórmáli sem þessu, hefðu þá verið til staðar.

Hefði þessi háttur verið hafður á um undirbúning málsins, þá er ég viss um, að hèlztu gallar frv. væru af því sniðnir, áður en það er lagt fram hér á Alþ., og þá hefði verið hægt að vera afdráttarlausari í yfirlýsingu sinni um stuðning við frv. En eins og nú er, þá verður að hafa fyrirvara á stuðningi við frv., þann fyrirvara, að unnt verði að ná fram breytingum á frv., svo að viðunandi verði.

Það er alveg rétt, að mestu máli skiptir, hvernig þetta verk er. Ég hef þegar sýnt fram á ýmsa galla á þessu verki, eins og það er núna, og vonast til, að úr þeim göllum megi bæta og afmá þá, þannig að viðunandi verði fyrir sveitarfélögin, og ég treysti á hæstv. félmrh., að hann sé opinn fyrir slíku.

Það var á það drepið hér af hæstv. félmrh., að það væri ekki eingöngu skortur á framlagningu þessa frv. eða seinkun á framlagningu þessa frv., sem ylli því, að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er ekki samþ. fyrir áramót, og vitnaði hann til einkasamtala okkar þar að lútandi. Það er alveg rétt, að ég var að leita allra ráða til þess að ganga frá fjárhagsáætlun Reykjavíkur eins og lög mæla fyrir um fyrir áramót, eins og gert hefur verið alla tíð, sem ég hef átt sæti í bæjarstjórn, bæði meðan ég hef verið borgarstjóri og í tíð fyrirrennara míns, ávallt nema þegar utanaðkomandi óviðráðanleg atvik hafa hamlað, og það hefur aðeins einu sinni komið fyrir í þau 13 skipti, sem ég hef staðið að framlagningu fjárhagsáætlunar.

Ein leiðin, sem ég var að íhuga, var einmitt sú að leggja fram og afgreiða við 2. umr. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á grundvelli gildandi laga þrátt fyrir framlagningu þessa tekjustofnafrv. Það hefði hins vegar leitt af sér að byggja hefði þurft á núv. lögum um fasteignaskatta, og þá hefðu fasteignaskattarnir hækkað vegna hækkunar á fasteignamati og óbreyttra skatttaxta úr 82 millj. í nálægt 500 millj., í staðinn fyrir að þetta tekjustofnafrv. gerir þó ekki ráð fyrir hækkun nema í 284 millj. án álaga. Þetta taldi ég og við, sem fjöllum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, allt of hátt og of mikla hækkun og vildum ekki að því standa, en með öðrum hætti hefðum við ekki getað afgreitt fjárhagsáætlun borgarinnar. Ég vonast til þess, að þessi ábending hæstv. félmrh. þýði ekki það, að hann neiti Reykjavíkurborg um heimild til þess að fresta samþykkt fjárhagsáætlunar fram yfir áramót og þangað til búið er að ganga frá tekjustofnafrv. hér á Alþ., alla vega bið ég hann þá um að segja mér það tímanlega, svo að unnt sé að ganga frá fjárhagsáætluninni fyrir áramót.

Það er þá rétt að víkja að ummælum hæstv. félmrh., þar sem hann vitnaði í þau dæmi, sem ég gat um, hvernig skattabyrðinni yrði háttað samkv. þessu frv. og tekjuskattsfrv., sem rætt var í Nd. Ég studdist við í þeim dæmum ákveðna útreikninga, sem ég skal afhenda hæstv. félmrh., þegar ég hef látið hreinskrifa þá, þetta voru þrjú dæmi um hjón með tvö börn og mismunandi tekjur, þrjú dæmi að því leyti til. Enn fremur voru tvö dæmi, annars vegar um einstæða móður með tvö börn og hins vegar hjón, ellilífeyrisþega. Þótt dæmin væru öll um skattþegna, sem höfðu mjög hóflegar tekjur, þá leiddu dæmin öll í ljós, að um mjög aukna og sérstaklega aukna skattabyrði var að ræða í tilvikum hinnar einstæðu móður og ellilífeyrisþeganna. Þar var þó tekin inn í dæmið niðurfelling persónuskattanna eða nefskattanna svo kölluðu, sem ekki var gert varðandi hjónin með tvö börn. Ástæðan til þess, að það var ekki gert varðandi hjónin með tvö börn, var sú, að nefskattar, hækkaðir nefskattar, fást uppi bornir með hækkuðum launum, vegna þess að nefskattarnir eru inni í vísitölunni eins og stendur. Ég hef meiri trú á þessum útreikningum heldur en á útreikningum þeim, sem hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara. Ég held, að þær forsendur, sem þeir útreikningar eru byggðir á, séu rangar í veigamiklum atriðum, en þó er erfitt að fullyrða um það, vegna þess að forsendurnar eru ekki gefnar upp.

Það er því nauðsynlegt, þegar n. tekur þetta mál til meðferðar, að fara yfir þessa útreikninga og sannreyna þá og komast að raun um, á hvaða grundvelli þeir eru byggðir. Öll þau dæmi, sem ég gat um, bera vitni um meiri skattbyrði eftir samþykkt þessara beggja frv. en áður og heildarstefna frv. hefur í för með sér, að hlutfallslega meiri tekjuöflun fer til ríkisins og samsvarandi hlutfallslega minni tekjuöflun fellur í hlut sveitarfélaga. Þetta hvort tveggja eru megingallarnir á þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur markað með framlagningu þessara frv.

Ég er hræddur um, að það þurfi meira en að reikningsheili Háskólans vinni þessi dæmi, það þarf að gera sér grein fyrir, hverjar forsendur slíkra dæma eigi að vera. Mér finnst eðlilegast, þegar rætt er um samanburð á skattbyrði milli ára, að þá verði að taka tillit til þess eða gera sér grein fyrir því, hvort meiri hluti tekna manna fari í greiðslur opinberra gjalda eða ekki, og þetta er meginforsenda í þeim dæmum, sem ég hef þegar getið um. En ég get aðeins til áréttingar þeirri staðhæfingu minni, að skattabyrðin aukist samkv. þessum frv. báðum getið um það, að tekin hafa verið dæmi, raunveruleg dæmi úr skattframtölum um ófaglærðan verkamann með brúttótekjur um 430 þús. kr. 1971 og þá má búast við 17.9% hækkun á skattbyrði milli ára miðað við breytingarnar. Hafnarverkamaður með brúttótekjur 492 þús. 1971, – þetta eru, afsakið, þetta eru ekki raunveruleg dæmi, þetta eru gefnar forsendur. Hafnarverkamaður með brúttótekjur 492 þús. 1971, hækkun á skattabyrði yrði 34.8% og iðnverkamaður með 550 þús. kr. brúttótekjur 1971, hækkun á skattabyrði yrði 35.8%.

Þegar svo er haldið fram, að skattabyrðin sé aðeins aukin hjá þeim, sem hærri tekjur hafa, þá má til samanburðar geta um það, að af 800 þús. kr. brúttótekjum 1971 er aukning skattabyrði 26.2% og af 1230 þús. kr. brúttótekjum 1971 20.4%, þ. e. aukning skattabyrðarinnar fer hlutfallslega minnkandi, eftir því sem tekjur hækka, hún er mest og þyngst á miðlungs- og millitekjum. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. verði að endurreikna þau dæmi, sem hún hefur látið frá sér fara, og það eru mörg atriði þar óupplýst, sem rétt er að hún standi reikningsskap fyrir í þeim n., sem fjalla um þessi frv.

Þá er rétt að víkja nokkuð að því máli, sem hæstv. félmrh. drap á, og þá svaraði hann raunar fsp. minni frá því í gær um það, hvort meiningin væri að falsa vísitöluna, og því miður virðist það vera svo mót von minni og raunar vissu, af því að hæstv. félmrh., sem er fyrrv. forseti Alþýðusambands Íslands, forsvarsmaður launþeganna í landinu á í hlut, þá sýnist svo sem eigi að fara á bak við launþega og fara þannig að, að þeir fái ekki neina uppbót á grundvelli vísitölu, á grundvelli hækkaðs kaupgjalds, þegar nefskattarnir eru niður felldir og felldir inn í beinu skattana. Það var að vísu svo að skilja á hæstv. félmrh., að hann væri þeirrar skoðunar, að skattar, tekjuskattar og tekjuútsvar, væru í vísitölugrundvellinum og vísitöluútreikningnum, ég held ég hafi skilið hann þannig. Það er náttúrlega fjarri sanni. Tekjuskattar og tekjuútsvar eru ekki í vísitölugrundvellinum og ekki í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, sem vísitöluútreikningurinn byggist á. Þess vegna er það svo, að þegar nefskattar eru niður felldir, sem eru í vísitölugrundvellinum og vísitöluútreikningnum og þeir eru færðir í beinu skattana og tekjuskattana, þá um leið eru launþegar sviptir vísitöluuppbótum og launahækkunum vegna þessara útgjalda sinna. Þetta kalla ég fölsun á vísitölu, sem ég bjóst ekki við, að hæstv. félmrh. mundi standa fyrir.

Vísitölugrundvöllurinn byggist á ákveðnum útgjöldum fjölskyldunnar. Hækkanir á þeim útgjöldum birtast í hreyfingu vísitölunnar frá einum tíma til annars. Ef það er svo, að ákveðinn útgjaldaþáttur er tekinn úr vísitöluútreikningi, þá á auðvitað að taka hann úr vísitölugrundvellinum um leið, það á að taka hann beggja vegna burt. Ef það er gert, þá mundi vísitalan ekkert breytast. Fordæmi þessa eru fyrir hendi, að það var um nokkurra ára bil svo, að tekjuskattar og tekjuútsvar var innifalið í vísitölugrundvellinum og vísitöluútreikningi þar af leiðandi. Það var fellt niður við síðustu endurskoðun vísitölunnar, bæði úr grundvellinum og útreikningnum, og þetta verður auðvitað að gera, þegar nú á að fella niður nefskatta. Það er auðvitað ágætt að koma til manna, launþega þessa lands, og segja við þá: Nefskattar eru niður felldir, – þeir mundu hafa hækkað á hjónum úr, að mig minnir, 16 þús. í nær 22 þús. á næsta ári í samanburðartöflum, – að taka þessi 22 þús. kr. útgjöld fjölskyldunnar, en þessa hækkun frá 16 þús. í 22 þús. kr. hefðu launþegar fengið endurgreidda í hækkuðum launum samkvæmt vísitöluhækkunum. Nú þegar launþegar verða að borga þessa hækkun í tekjusköttum, þá fá þeir enga launahækkun til þess að standa undir því. Og eins og dæmi mín hafa sannað, þá mun tekjuskattshækkun lenda á láglaunafólki og fólki með millitekjur eða meðaltekjur í mjög víðtækum mæli og hærri að upphæð til heldur en nefsköttum nemur.

Þetta bið ég nú hæstv. félmrh. að kanna í góðu tómi, vegna þess að ég get vel trúað því, að hann hefði ekki tekið þessa aðferð í mál, hefði hann gert sér grein fyrir því, að skattar, tekjuskattar og tekjuútsvör, eru ekki í vísitölunni. Ef það hefði verið í vísitölunni, eins og mér skildist á hæstv. ráðh., að hann hefði gengið út frá, þá hefði kannske verið öðru máli að gegna.

Þá vil ég aðeins drepa á það, sem ráðh. ræddi um, að væri meginatriði frv. að því er sveitarfélögin snertir, þ. e. að þeim væri séð fyrir nægilegum tekjustofnum. Hann taldi útkomu þá, sem ég gat um hjá Reykjavíkurborg samkv. nýja kerfinu, ekki vera afleita, en hún er nú svo afleit, að Reykjavíkurborg þyrfti að nota allar heimildir að fullu og þ. á m. heimildina um 50% hækkun fasteignaskattanna, þannig að þeir hækkuðu ekki fjórfalt, heldur væntanlega sexfalt. Þegar þetta er borið saman við núverandi tekjustofna, þá kemur munurinn greinilega í ljós. Eins og nú standa sakir, þá hefur Reykjavíkurborg upp á að hlaupa muninn, ekki eingöngu milli 6% afsláttar og gjaldstiga útsvara, útsvarsstigans, heldur allt að 20% álag á útsvarsstigann, og Reykjavíkurborg hefur enn fremur upp á að hlaupa aðstöðugjaldskrána, að fara upp í hámark eða áleiðis að hámarki aðstöðugjaldskrár, lögleiddrar aðstöðugjaldskrár, en það er munurinn milli 60% nýtingar á þeirri hámarksgjaldskrá, sem slík hámarksgjaldskrá mundi gefa, og 100% nýtingar, það er upphæð, sem nemur hátt í 300 millj. kr. Þetta svigrúm, sem Reykjavíkurborg hefur núna, er af henni tekið með nýja frv. Með þessum hætti er verið að skerða sjálfræði þessarar sveitar-

stjórnar, með þessum hætti er verið að skerða sjálfstæði þessara sveitarfélaga. Spurningin er þá sú: Er Reykjavíkurborg sérstakt og óvenjulegt dæmi, undantekning? Ég hygg ekki. Hæstv. félmrh. gaf þær upplýsingar í sinni ræðu hér áðan, að það væru mörg sveitarfélög, sem þyrftu samkv. núverandi gjaldskrá að leggja á útsvarsstigann og dygði ekki 20% heimildin eða full aðstöðugjöld, heldur þyrftu þau að fá framlag frá Jöfnunarsjóði. Það væru 20 sveitarfélög, sem fengju 20 millj. kr. núna í ár. Það er að tölu til 10% eða því sem næst af öllum sveitarfélögum landsins. Sem betur fer hygg ég nú, að það sé ekki nálægt því 10% af íbúafjölda sveitarfélaganna, sem þar dvelja, en þegar aðstaða sveitarfélaganna er svona misjöfn og þegar núverandi tekjustofnar duga sveitarfélögum þetta illa, við hverju má þá búast, eftir að nýju tekjustofnarnir ganga í gildi miðað við reynslu Reykjavíkurborgar, því að ég vil ekki, og ítreka það, halda því fram, að þessi tekjustofnalög séu samin með það fyrir augum að rýra sérstaklega hlut Reykjavíkur sem sveitarfélags eða tekjur borgarinnar einnar. Ályktunin, sem við drögum af þessum upplýsingum hæstv. félmrh., hlýtur að vera sú, að úr því að jafnvel Reykjavíkurborg, sem stendur tiltölulega vel að vígi miðað við önnur sveitarfélög á grundvelli núverandi tekjustofna sveitarfélaga, er sett í þessa spennitreyju með nýja tekjustofnafrv., hvaða spennitreyja er þá ekki sett á sveitarfélög almennt í landinu. Hæstv. félmrh. sagði, að útreikningar samkv. þessu frv. væru byggðir á árinu 1970, sem væri gott ár, toppár hjá sveitarfélögum landsins. Ég dreg það nú mjög í efa. Við verðum að hafa í huga, að sveitarfélög byggja tekjur sínar á tekjum íbúanna árið á undan, og tekjur manna árið 1969, þótt betri væru en 1968, voru þó ekki komnar það áleiðis upp á við sem síðar hefur orðið, þannig að því miður er viðmiðunin 1970 ekki hagstæð sveitarfélögum almennt.

Mér þótti slæmt, en við því er ekkert að segja, að hæstv. félmrh. gat ekki gefið upplýsingar um, hvert mundi verða endurmat fasteignamatsins, sem boðað hefur verið í grg. frv. og ákvæðum til bráðabirgða, að því er mig minnir. Þar er að vísu sagt, að það sé fjmrn., sem eigi að ákveða þetta skattmat, og þess vegna geti vel verið, að hæstv. félmrh. geti af eðlilegum ástæðum ekki veitt þessar upplýsingar, en hann hlýtur að hafa misskilið mig, þegar hann færði þá ástæðu fyrir skorti á upplýsingum um þetta atriði, færði þeim stað, vegna þess að úr fasteignamatinu hefðu komið aðrar tölur heldur en síðar hefðu reynzt sannar. Þetta eru náttúrlega alveg óskyld mál og endurskoðun á fasteignamatinu sjálfu eða svarið við þeirri spurningu, hver sú hækkun á fasteignamatinu, sem ákvæði til bráðabirgða gera ráð fyrir, og svo hitt, hvað heildarfasteignamat í einu sveitarfélagi eða öðru er hátt. Þetta tvennt er án tengsla í þessu sambandi.

Ég skal nú ekki lengja mál mitt, úr því sem komið er. Ég tók svo eftir hjá hæstv. félmrh., að hann furðaði sig á því, að í Nd. hefði mönnum verið helzt umhugað um að tala um tekjustofna sveitarfélaga og hér í Ed. hefðu menn helzt talað um tekjuskatta. Ég hygg, að það geti haft sínar skýringar. Ég vil segja það eins og er, að ég tel hæstv. félmrh. hafa farið með rétt mál að því leyti, þegar hann sagði, að ég teldi megingallana vera fólgna í frv. um tekjuskatta til ríkisins. Það er alveg rétt. Ég tel þar vera mjög alvarleg ákvæði á ferðinni. Ég tel e. t. v. meginstefnu þessa frv. um tekjustofna sveitarfélaga ekki óeðlilega, en ég geri þann fyrirvara á mjög ákveðinn, að með þessu frv. er sveitarfélögum ekki séð fyrir nægum tekjustofnum og með þessum frv. báðum er verið að auka skattbyrði almennings í landinu, þ. á m. láglaunafólks og fólks með meðaltekjur. Með þessum frv. báðum er verið að marka þá stefnu, að ríkissjóður tekur hlutfallslega meira af tekjum í sinn hlut og skilur hlutfallslega minna eftir í hlut sveitarfélaga heldur en samkv. gildandi lögum og það þrátt fyrir að tekið sé tillit til lækkunar útgjalda sveitarfélaga til ákveðinna málaþátta. Þetta eru megingallar frv., og að lokum hlýt ég að lýsa því yfir, að ég muni ekki fylgja þessu frv., nema bót fáist á því og frv. um tekjuskatta að þessu leyti, að dregið sé úr skattbyrði almennings í landinu í fyrsta lagi og í öðru lagi séu tekjustofnar sveitarfélaga tryggðir betur en gert er með þessu frv., á þann veg að sjálfræði þeirra og sjálfstæði megi njóta sín íbúum sveitarfélaganna til gagns.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hæstv. félmrh., sem gefa mér tilefni til þess að taka nú aftur til máls.

Það er fyrst spurningin um það, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, verði sent til umsagnar sveitarstjórnum landsins. Hæstv. ráðh. kom inn á þetta. Mér fannst hann ræða nokkuð í hálfkæringi um þetta mál. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Hvernig sem hefði nú átt að fara að því að kalla þau öll saman til fundar um undirbúning málsins. Já, hvernig sem hefði átt að fara að því að hafa samband við sveitarfélögin.

Mér finnst rétt að vekja athygli á því, að ég er undrandi yfir þessari neikvæðu afstöðu hæstv. ráðh. til að hafa samband við sveitarstjórnir landsins. Ég veit raunar ekki, hvaðan honum kemur þetta til, því að frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur áður verið lagt fyrir Alþ. og ég minnist þess, að þegar slíkt frv. var lagt fram á Alþ. 1961, þá var þessi hæstv. ráðh. ekki á þessari skoðun. Með leyfi hæstv. forseta, sagði þáv. hv. 5. þm. Vestf. þetta:

„Nú skyldu menn ætla, að þetta mál hefði sætt þessari venjulegu, þinglegu meðferð, að vera sent til umsagnar, – og þá hverjum? Fyrst og fremst auðvitað sveitarstjórnum um allt land. Hér er um að ræða grundvallarmál fyrir alla tekjuöflun sveitarfélaganna, og mér finnst, að það sé lágmarkskrafa, sem gera beri, að ekki sé lögfest viðtæk ný löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna, án þess að sveitarfélögin séu þar að spurð. Og ég fæ ekki séð, að neitt reki svo harkalega á eftir þessu máli, að það hefði ekki verið hægt að koma slíkum vinnubrögðum við."

Þetta sagði hv. 5. þm. Vestf. þá. Nú kveður við annan tón. Ég óska í fyrsta lagi eftir að fá skýringar á þessu breytta viðhorfi hæstv. ráðh., og ég spyr og óska eftir að fá svar við því hér áður en þessum umr. lýkur, hvort ráðh. vilji beita sér fyrir því, að þetta frv. verði sent öllum sveitarstjórnum landsins til umsagnar. (Gripið fram í.) Ég hef alltaf haft mikla trú á þessum hæstv. ráðh. og mér þykir vænt um, að hann verður svo fljótt við ábendingum mínum. Ég var farinn kannske að halda, að ráðh. sæi betur og skildi betur, ef hann væri 5.

þm. Vestf. heldur en þegar hann er það ekki, en ég sé, að hann hefur ekki tapað þeim eiginleika, sem ég ætlaði, að hann hefði.

En þá er það annað atriði, sem ég vildi víkja að, og það ákvæði frv. hefur komið nokkuð hér til umr., að sveitarstjórnirnar verða sviptar aðstöðu til að fara með útsvarsálagningu. Hæstv. félmrh. hefur mjög varið þessa stefnu frv. Ég og fleiri höfum haldið því fram, að með þessu væri verið að rýra sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og frv. gengi í ranga átt hvað þetta snerti. Ég hélt, að ég mundi ekki mæla þetta fyrir daufum eyrum hæstv. ráðh. Ég hélt, að það væri hans stefna að halda uppi sjálfsvirðingu og sjálfsákvörðunarrétti sveitarstjórnanna í landinu, og svo var víst a. m. k. meðan hann var 5. þm. Vestf. Þá var hann á þessari skoðun, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að fara hér með ummæli hans um þetta atriði við umr. um sams konar frv. eða frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem var lagt fyrir Alþ. 1961. Þá sagði þáv. 5. þm. Vestf. á þessa leið:

„Mín till. er því sú, að öll sveitarfélög landsins fái að halda þeim sjálfsákvörðunarrétti, sem þau nú hafa um álagningu sinna útsvara, og legg til, að allur kaflinn um nýja skattstjóraembættafarganið verði felldur niður."

Á þessum tíma stóð þáv. 5. þm. Vestf. þarna á verði fyrir sveitarfélögin í landinu. En þegar hann hefur valizt til þess að fara með æðsta vald í málefnum sveitarfélaga, þá kemur það á daginn, að hann hefur misst sjónar á þeim sjónarmiðum, sem allir þeir hljóta að hafa í þessu máli, sem vilja halda uppi sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna. Mér fyndist rétt, að hæstv. ráðh. gerði d. grein fyrir þessum sinnaskiptum og hvernig stendur á því, að hann skuli hafa horfið svo frá skoðun sinni í þessum málum frá því sem áður var.

Þá minntist hæstv. ráðh. á fasteignaskattana. Hann hrakti ekkert af því, sem ég sagði um fasteignaskattana og áhrif þeirra, en hann sagði: Það er eðlilegt að byggja mikið á fasteignasköttunum, vegna þess að fasteignir eru almenningseign, það eiga allir íbúðir. Það er rétt, að það er almennt, að einstaklingarnir eiga íbúðir. Það er vegna þess, að það hefur á undanförnum árum, og ekki sízt á tíma viðreisnarstjórnarinnar, verið haldið uppi þeirri stefnu að gefa einstaklingunum í landinu kost á því að eiga sjálfir sitt íbúðarhúsnæði. Þess vegna er ástandið svona í dag. En það, sem ég sagði, var, að ef fasteignasköttunum er beitt, þá er hætta á því, að mönnum haldist ekki á íbúðum sínum, þeir verði vegna þessara skatta að selja þær, þegar aldur færist yfir þá. En áhrifin verða meiri en þessi. Það minnkar hvötina hjá einstaklingum á öllum aldri að koma sér upp eigin húsnæði, þegar þeir eiga í vonum skattabyrðar fyrir þetta framtak sitt og dugnað.

Hæstv. ráðh. minntist lítið eitt á það, sem ég sagði, að það væri galli á frv., að ekki væri gert ráð fyrir, að útsvar væri lagt á atvinnurekstur. Hæstv. ráðh. var nú mjög daufur í dálkinn, þegar hann vék að þessu atriði. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að hann hafi ekki komið með eitt einasta atriði til andmæla á því, sem ég hélt fram í þessu efni.

Þá sagði hæstv. félmrh., að fyrst að ég hefði lýst þeirri skoðun minni, að það væri rétt stefnt með þeirri breytingu á útsvarinu, að miða það við prósentu af tekjum, þá hlyti ég að vera með frv. Þetta finnst mér vera dálítið fljótfærnisleg ályktun hjá hæstv. ráðh., ekki sízt þegar það er haft í huga, að ég margtók fram, að frv. væri meingallað og taldi fram ýmis atriði því til sönnunar. Að sjálfsögðu getur maður verið með einhverju í „prinsipinu", einhverju atriði t. d. í þessu frv., þó að ekki sé þar með sagt, að maður sé með frv. í heild. Það hlýtur hæstv. ráðh. að skilja, og hann hefur enga ástæðu til að ætla, að ég greiði þessu frv. atkvæði mitt eins og það er nú. Hins vegar gaf hæstv. ráðh. í sinni framsöguræðu það fyrirheit, að hann mundi taka vel öllum skynsamlegum tillögum. Maður hefur nú kannske haldið, að það þyrfti ekki að taka slíkt fram, að maður, sem er í slíkri aðstöðu sem hæstv. ráðh., gerði það. En honum hefur fundizt ástæða til að taka þetta fram. Ég geri ráð fyrir því, að hann megi eiga von á skynsamlegum brtt. frá okkur sjálfstæðismönnum. En mér finnst, að ég eigi meira undir honum um það, hvort ég get greitt atkvæði að lokum með þessu frv., hvað hann verður sjálfur skynsamur að meta þær tillögur, sem fram verða bornar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði sagt, að það væri margt að í þessum málum núna, og að því leyti væri ég sammála honum. Þetta er alveg rétt, það er margt að. Það væri nú einkennilega komið í þessu þjóðfélagi, ef allt væri fullkomið, jafnvel þó við höfum haft um langan tíma ágætis ríkisstjórn. Það er óhugsandi, að það geti allt verið fullkomið í okkar þjóðfélagi þrátt fyrir það. Satt að segja vonast ég til þess, að við verðum aldrei svo nægjusamir, að það ástand skapist, að við förum að halda því fram, að allt sé fullkomið. Þess vegna tek ég ekkert til baka af því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að þyrfti að vinna í þessum málum.

Ég kem þá að því, sem er að vissu leyti mest ámælisvert í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er það, að ekki skuli vera meira tillit tekið til þeirra verkefna, sem blasa við til úrbóta í þessum málum. Þegar hæstv. ríkisstj. ber fram slíkan lagabálk sem þennan, sem hér er til umr., þá finnst mér að verði að gera þá kröfu til ríkisstj., að hún taki þessi mál fyrir þannig, að það sé markvisst og skipulega unnið í þessum málum. Þá á ég fyrst og fremst við, að endurskoðuð sé verkaskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga. Það er algerlega gengið fram hjá þessu verkefni. Ég kalla það enga endurskoðun, þó að felldar séu niður greiðslur eða framlög sveitarstjórna til lífeyris- og sjúkratrygginga á móti því, að það eru skertir tekjustofnar sveitarfélaga. Þetta mál er miklu víðtækara. Það, sem blasir við, er það, að ríkisstj. hefur ekki einungis vanrækt þetta, heldur er frv., eins og það er, þess eðlis, að sveitarfélögin eru verr sett en samkv. núgildandi lögum. (Gripið fram í.) Það mun ekki stoða neitt, þó að hæstv. ráðh. vilji nú skjóta sér á bak við tölvuna. Hæstv. ráðh. getur ekki borið það á borð hér, að þetta hljóti að vera í lagi, vegna þess að hann er í slagtogi við þessa tölvu, sem hann er að vitna í. Þetta, sem ég hef sagt, er því eins og málið blasir við. Ég tel, að ekki sé forsvaranlegt að greiða þessu frv. atkvæði, nema gerðar verði á því stórkostlegar breytingar til bóta.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að hafa ekki mál mitt mjög langt, til þess er ekki ástæða. Hv. þm., sem síðast talaði, hv. 5. þm.

Vestf., vitnaði til minna orða um það, að ég hefði áður fyrr ekki verið andvígur því, að mál eins og þetta yrði sent til umsagnar sveitarfélögunum. Það hefur ekkert komið fram í mínu máli, sem bendir til þess, að ég hafi skipt um skoðun að þessu leyti, og ég hef heldur ekki skipt um skoðun á því. Ég tók það fram í minni framsöguræðu, að málið yrði nú sent Sambandi ísl. sveitarfélaga til umsagnar og grandskoðunar í góðu tómi og til þess gæfist fullt tækifæri, þar sem tilhögunin yrði sú að vísa málinu nú til n. og láta það bíða fullnaðarafgreiðslu, þangað til þinghléi lyki. (Gripið fram í.) Samband ísl. sveitarfélaga er samnefnari sveitarfélaganna í landinu og það er sá aðili, sem þau hafa gengið undir sameiginlega stjórn hjá. Hins vegar er alveg sjálfsagt, ef menn leggja kapp á það, að senda hverju einasta sveitarfélagi í landinu frv. til umsagnar, ef þm. ekki hafa svo samband við sveitarstjórnirnar, að þeir komi frv. á framfæri til þeirra, ef þeir telja það mikið skaðræði. Ég gæti þá ætlað þeim það, að þeir kæmu því á framfæri við sveitarstjórnirnar, en það skal ekki standa á því. Landshlutasamtökum sveitarfélaga verður líka örugglega sent frv. til umsagnar.

Já, það má ekki, segir hv. þm., leggja fasteignaskatt á húseignir manna. Á hvað eru lagðir skattar? Skattar eru lagðir annaðhvort á eignir manna eða tekjur. Annars er ekki að leita, í önnur hús er ekki að venda. Það eru engin rök gegn því að leggja fasteignaskatt á, að svo margir eigi fasteignir. Þar verður að leita skatta, sem skattstofnar eru fyrir, eignir eða tekjur. Þm. hélt því fram, að það mundi draga úr því framtaki manna að byggja, ef lagðir væru skattar á fasteignir. Hann heldur því kannske fram, að það dragi bara úr framtaki manna, að eignir þeirra og tekjur verði skattlagðar, en hjá því komumst við ekki, sveitarfélögin verða að gera það og þjóðfélagið verður að gera það. Og lítinn þegnskap sýna þeir, sem leggjast á lötu hliðina, af því að þeir eigi þess von, að þjóðfélagið verði að fá sitt og sveitarfélögin sitt fyrir þá þjónustu, sem þau inna af hendi.

Hv. 2. þm. Reykv. játaði stuðning sinn við þetta frv., að vísu með nokkrum fyrirvörum, en hann taldi grundvöll þess ekki óeðlilegan og hann viðurkenndi og upplýsti, að þetta væri ekki sem verst, því að það byggði á undirbúningi fyrrv. stjórnar, og mátti því ætla, að að því leyti væri það harla gott. Það er nú slæmt samt, segir hv. 5. þm. Vestf. með höfuðhristingu, þó að það sé úr hinum fyrri herbúðum að grundvelli. Vitnisburðunum ber sem sagt ekki saman hjá Sjálfstæðisflokknum. Ekki óeðlileg stefna og byggir á undirbúningsstarfi, sem fyrrv. stjórn lét framkvæma.

Hv. 2. þm. Reykv. heldur því enn fram, að frv. tryggi ekki nægilega tekjustofna, og ég játa það, að ef hann er sannfærður um það, þá hefur hann ástæðu til þess a. m. k. að fara varlega í stuðningi sínum við frv. Ég er hins vegar sannfærður um það, að frv. hefur nægilegt rúm til að tryggja öllum sveitarfélögum nægilega tekjustofna, eins og það er úr garði gert. En þetta verður allt saman nákvæmlega tölulega kannað nú, og við skulum beygja okkur fyrir þeim staðreyndum, sem þá koma í ljós.

Hv. 2. þm. Reykv. fullyrðir, að skattbyrðin aukist á fólki, sem tilheyri láglaunastéttum. Þar getur náttúrlega verið mismunandi mat á, hverjir tilheyra láglaunastéttum, en ég fullyrði, að frv. er þannig upp byggt, að það leggur ekki eins þungar byrðar á láglaunafólk og núverandi kerfi gerir, og er þar mikill þáttur í að losa fólk við nefskattana, sem oft var þung sköttun, þó að ekkert annað kæmi til á fólki með lægstu tekjur. Að borga upp undir 20 þús. kr., án tillits til þess, að um nokkrar verulegar tekjur væri að ræða umfram t. d. bara ellistyrkinn, það er þung skattlagning.

Þá talaði hv. þm. enn um skipun nefndarinnar og taldi, að hún hefði verið flokkspólitískt skipuð. Hún var fyrst og fremst skipuð sveitarstjórnarmönnum víðs vegar að af landinu, og verkefnið var að semja frv. fyrir núv. ríkisstj. í anda hennar stefnu, og þess vegna var fólk valið í hana á þennan hátt. Ég verð ekki um það sakaður að fylgja þeirri reglu að skipa yfirleitt nefndir eingöngu flokkspólitískt. Ég veit ekki betur en ég skipaði tvær nefndir á þessu hausti með mönnum úr flestum eða öllum flokkum, af því að verkefnið var það, sem viðkomandi samtök áttu við samningaborðið að fjalla um, og þá voru settar í þær nefndir menn úr öllum pólitískum flokkum til þess að grandskoða það frá öllum hliðum. En þar var um allt annað verkefni að ræða, og ég fór ekki eftir neinum flokkspólitískum línum um það. Hér átti að vinna verk fyrir ríkisstj. í anda hennar stefnu, og þá voru auðvitað, eins og fyrri ríkisstj. hafði gert, valdir til þess menn úr stuðningsliði stjórnarinnar. Ég harma það hins vegar, að hv. 2. þm. Reykv. sá enga ástæðu til þess að láta í ljós vanþóknun sína á þeim leka, sem upp kom í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar trúnaður var brotinn, þegar þeir voru til kallaðir til þess að fjalla um þetta mál. Ég hafði vænzt þess af hv. 2. þm. Reykv., að hann harmaði það. En hitt er rangtúlkað hjá honum, að ég hefði á nokkurn hátt gripið til refsingar út af þessu. Ég hafði engin afskipti af þessu og enga vitneskju um það fyrr en löngu eftir að þetta hafði gerzt, en nm. voru sannarlega ekki ámælisverðir fyrir það, þó að þeir boðuðu ekki til fleiri funda til þess að láta útvarpa þessu viðkvæma máli frá degi til dags í Morgunblaðið.

Ég heyrði það, að talað var um, að fundur hefði verið haldinn norður á Húsavík um líkt leyti, og þá átti sá, sem lekanum olli, að skjóta sér á bak við það, að hægt væri að koma skömminni á þann, sem hefði talað um þetta á Húsavík. En það er nú heldur léleg siðfræði í þessu. Það er alveg sannað mál, að það var maður hér af Reykjavíkursvæðinu, sem lak. (**GH:** Það er rétt, að ráðh. segi, hver maðurinn var.) Ég stend ekki til skrifta við borgarstjórann, sem ekki blygðast sín einu sinni fyrir þetta. (**GH:** Það er ráðh. að gera það.) Það er ekki mitt að gera það. Það er borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 2. þm. Reykv., sem leggur blessun sína yfir þetta, að trúnaðarbrotið var framið. (**GH:** Á Húsavík?) Og hann um það. Nei, hér í Reykjavík, rétt.

Um dæmi hans um skattlagninguna endurtek ég það, sem ég áðan sagði, að ég trúi, þar til reynslan sker úr á annan hátt, fremur útkomu frá Reiknistofu Háskólans heldur en frá reiknimeisturum borgarstjórans, og við það situr. Reynslan ein skal svo skera úr um það, hverjir hafa réttara fyrir sér um það, hvort það sé með þessu frv. níðzt á lágtekjufólki eða það, sem ég fullyrði, að skattbyrðin er færð til með þessu frv. yfir á þá með breiðu bökin, og þeim er ætlað að bera þyngri skattbyrði, en það eru ákvæði í frv., sem létta á þeim, sem lægstu tekjurnar hafa. Og ég veit það ósköp vel, að styrinn sem stendur um það, hvernig skattbyrðin

skiptist á herðar manna, er ekki út af umhyggju fyrir lágtekjufólkinu. Það er einmitt af gremjunni yfir því, að skattbyrðin færist nú í meiri mæli en áður yfir á hátekjufólk og stóreignamenn.

Í framhaldi af þessu vil ég svo aðeins benda á það, að það stangast illilega á fullyrðingin um það, að sveitarfélögin fái ekki samkv. þessu frv. jafnháar tekjur eins og þau fá með núv. skattkerfi, en samt séu menn skattpíndir, svo að menn halda ekki jafnvægi sínu yfir. Skattpína á það að vera annars vegar, en ófullnægjandi tekjuöflun fyrir sveitarfélögin hins vegar. Þetta rekst óneitanlega á. Þetta styrkir mig í þeirri trú, að niðurstöðutölur frá Reiknistofu Háskólans séu réttar, en ekki útkomurnar, sem reiknimeistarar borgarstjórans fara hér með.

Nei, það, sem hér verður rækilega skoðað af þn. og þeim stofnunum, sem hún leitar til varðandi það, hvernig skattbyrðin dreifist á gjaldþegnana, kemur í ljós, þegar við hittumst aftur að loknu þinghléi, og álit Sambands ísl. sveitarfélaga skýrir svo hins vegar frá niðurstöðum hennar um það, hvernig frv. fullnægi tekjuþörf sveitarfélaganna. Eftir þessum úrskurðum skulum við bíða rólegir og láta okkar tal að öðru leyti niður falla, þangað til þetta liggur ljósar fyrir. Ég hef ástæðu til þess að byggja á þeim útreikningum, sem ég hef vitnað til, og er sannfærður um, að þar er í flestum tilfellum mjög varlega reiknað, og sveitarfélögin koma sennilega mun betur út en útreikningar míns varfærna ráðuneytisstjóra benda til. Ég er alveg óhræddur um það, að hans niðurstöður munu reynast nokkuð nærri því réttar og þó vera í raun og veru varfærninnar megin.

Það var þetta, sem ég nú hef sagt, sem ég taldi ástæðu til þess að svara af því, sem fram kom í ræðum hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf. Tal hans allt um það, að það þurfi að endurbæta löggjöf um húsnæðismál, um raforkumál, um hafnamál og um skólamálin, sem séu svo ruglingsleg, að óviðunandi sé, það á hann allt við sína fyrirrennara, sem að völdum hafa setið á Íslandi s. l. 12–15 ár, en sjálfsagt að verða við ábendingum hans um, að það sé mýmargt í hinum stærstu málaflokkum þjóðfélagsins, sem leiðrétta þurfi, þegar þeir eru farnir úr þessum sessi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að segja, að það kom mér nokkuð á óvart áðan, að hæstv. félmrh. skyldi standa hér upp og hella sér yfir hv. 2. þm. Reykv., hafa uppi alls kyns fúkyrði um stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir trúnaðarbrot, sem var framið áður. Það var ekki framið neitt. Ég veit að vísu ekki um það, ég veit, að hæstv. félmrh. á ýmis göng inn í Morgunblaðið, en ég veit ekki, hvaðan upplýsingar koma úr hans rn. í þetta ágæta blað, en hitt fullyrði ég og það er hægt að fá staðfest, að þær upplýsingar, sem sá maður, sem hæstv. félmrh. skipaði til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, skýrði frá á fundi norður í landi, komu fram áður en þessi frétt kom í Morgunblaðið. Og ég er hálfundrandi á því, að hæstv. félmrh. skuli hér á hv. Alþ. ekki harma þau mistök, sem þar hafa átt sér stað, og hefði það verið stórum karlmannlegra heldur en sletta svo úr klaufunum sem hann gerði hér áðan og kenna allt öðrum aðilum um það mál.

Erindi mitt upp í ræðustól var ekki annað en þetta eitt, að ég læt í ljósi undrun mína á þessum viðbrögðum ráðh. og hefði talið það karlmannlegra af honum að skipta um mann í nefndinni. Ef þetta trúnaðarbrot, sem þarna var framið, var svo mikils virði sem ráðh. lætur, að ekki mátti neitt leka út, að ekki mætti hafa samráð við þá menn, þá hafði þessi nm. vissulega framið þar trúnaðarbrot, og það hefði verið rétt að hætta að tala við þann mann, alveg eins og hann segir nú, að ástæðan til þess að ekki var talað við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafi verið sú, að hæstv. ráðh. ímyndar sér, að sú stjórn hafi farið illa með þær heimildir, sem henni var trúað fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 186, n. 383, 399 og 402, 219, 389, 403).

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga hefur nú um alllangt skeið verið til athugunar hjá heilbr.- og félmn. hv. þd. og jafnvel svo lengi að sumir hafa talið ámælisvert og til verulegs óhagræðis fyrir sveitarfélög og aðra, sem við skattamál fást, beint eða óbeint. Má sjálfsagt til sanns vegar færa, að hér hefði mátt hafa meiri hraða á afgreiðslu. En rétt er þá líka að hafa í huga, að ekki hefði miklu síður sætt gagnrýni og aðfinnslum, ef svo viðamikil mál hefðu verið afgreidd með óeðlilegum hraða og mönnum ekki gefizt tóm til að gaumgæfa þau. Verulega hefur og hér um valdið, að það frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins hluti af heildarbreytingum á öllu skattkerfinu og því útilokað að afgreiða það öðruvísi en með fullri hliðsjón af meðferð frv. um tekju- og eignarskatt, sem lagt var fram hér á hv. Alþ. samtímis og hefur jafnlengi verið til afgreiðslu í hv. fjhn. Nd. En seinlætið í afgreiðslu ætti þó, hvað sem öðru líður, að leiða til þess, að allir, sem hlut eiga að máli, hafi haft ærinn tíma til rannsókna og mats á málinu, og er það vissulega meira en oft hefur verið hægt að segja um afgreiðslu stórmála hér á hv. Alþingi.

Eins og margoft hefur komið fram og augljóst er, er þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga aðeins hluti mikilsverðra breytinga á skattkerfinu í landinu og verður ekki réttilega metið nema í samhengi við þær allar samanlagðar. Jafnframt verður að hafa í huga, að þær breytingar hefur þótt nauðsynlegt að gera, þótt heildarendurskoðun skattalaga sé enn í miðjum klíðum og verði ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi á næsta Alþ. Af því leiðir aftur, að ýmis ákvæði, sem nú er lagt til að sett séu, kunna að breytast við frekari athugun og endurskoðun, þótt líklegt megi telja, að í meginatriðum falli breytingarnar nú í sömu átt og hinar endanlegu, þegar heildarendurskoðun þeirri, sem núverandi stjórnarflokkar vinna að, er lokið.

Við myndun núverandi hæstv. ríkisstj. var sú stefnumörkun m. a. mótuð að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattbyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert. Slík endurskoðun haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar

lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skattaeftirlit verði hert, þannig að réttlát skattframkvæmd verði tryggð betur en nú er gert. Stefnt verði að því, að persónuskattar, eins og til almannatrygginga, verði felldir niður, en teknanna verði aflað með öðrum hætti. Jafnframt verði gerð ítarleg athugun á rekstrarkostnaði ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í þeim tilgangi að gera reksturinn einfaldari og draga úr kostnaði, en svo segir orðrétt í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnarflokka frá 14. júlí s. l.

Ég hygg, að ekki fari milli mála, að með þeim breytingum á lögum um almannatryggingar, sem samþykktar voru hér á Alþ. nú fyrir hátíðir, með fyrirhugaðri löggjöf um tekju- og eignarskatt og með ákvæðum þessa frv. sé stigið verulegt spor í þá átt, sem stjórnarsáttmálinn gaf fyrirheit um, og er þó fjarri mér að halda því fram að hann sé með þessum aðgerðum fullefndur, svo að ekki þurfi til frekari breytinga að koma. Tryggingakerfið þarf enn að bæta, þótt vel hafi þegar verið að því unnið. Lágar þurftartekjur og jafnvel lægri eru enn skattlagðar samkv. framlögðum frv., þótt í stórfellt minni mæli sé en áður, og frv. fela ekki í sér teljandi breytingar á skatteftirliti eða því tengdum aðgerðum og engin gagngerð endurskoðun hefur enn farið fram á útgjöldum hins opinbera í þá átt að einfalda og spara, en útgjöldin eru að sjálfsögðu mikilvægasti þátturinn, sem stýrir tekjuöfluninni. En eins og ég sagði, engu að síður eru nú stór skref stigin í rétta átt og þá alveg sérstaklega þá að létta skattbyrði hinna tekjulægstu. Vegur þar mest sú grundvallarbreyting, að nefskattar til lífeyristrygginga og sjúkrasamlaga eru með öllu niður felldir, en öllum er tvímælalaust ljóst, að slík skattheimta er öllum öðrum hugsanlegum aðferðum óhagstæðari þeim, sem búa við lágar tekjur eða eru jafnvel alveg tekjulausir. Slík skattheimta tekur ekkert tillit til efnahags eða tekna og bitnar því harkalegast á þeim, sem minnst mega sín. Svo stórfelld sem þessi skattheimta hefur verið og hefði þó enn frekar orðið eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið til hækkunar á bótum almannatrygginga, er hér því um mjög stórfellt hagsmunamál lágtekjufólks að ræða og baráttumál, sem nú er farsællega til lykta leitt. Hitt er svo engu síður ljóst, að afla þarf þess fjár, sem hér um ræðir, með öðrum hætti, fyrst og fremst með stighækkandi tekjuskatti til ríkisins og e. t. v. að einhverju gegnum óbeina skatta. En alla vega verður slíkt stórum léttbærara fyrir þá tekjulágu.

Í þessu sambandi vil ég líka vekja athygli á því, að núv. stjórnarflokkar eða ríkisstj. hefur aldrei gefið nein fyrirheit um það að heildarskattbyrðar yrðu léttar, allra síst í bráð, heldur aðeins að byrðunum yrði jafnað niður á annan og réttlátari veg en áður, og raunar er auðsætt, að endurbætur tryggingakerfisins og framfara- og framkvæmdastefna á ýmsum öðrum sviðum mun ekki leiða til minnkaðrar heildarskattheimtu til ríkisþarfa og hins opinbera almennt, heldur fremur til nokkurrar aukningar. Núv. stjórnarflokkar kunna ekki til þess ráð, enda munu þau torfundin, að gera hvort tveggja í senn, að bæta um almannatryggingar í þeim mæli að nemi yfir 1 milljarði í ársútgjöldum þeirra og auka framlag til margvíslegra þjóðþrifamála á fjárlögum og standa einnig við gamlar og nýjar skuldbindingar hins opinbera um útgjöld og létta jafnframt heildarskattbyrði skattborgaranna.

Hér er auðvitað um að ræða einn höfuðvanda hverrar ríkisstj. og þeirra flokka, sem ríkisstj. styðja, að samræma þá félagslegu og þjóðfélagslegu vinninga, sem sótzt er eftir að ná með auknum útgjöldum samfara aukinni skattheimtu, og hins vegar gjaldgetu skattþegnanna og þá nauðsyn að ofgera þeim ekki. Það mat, sem hér um ræðir, er sjálfsagt alltaf harla umdeilanlegt, en menn verða þá líka að vita, hverju þeir vilja sleppa af ávinningnum um leið og þeir snúast öndverðir gegn þeirri nauðsyn tekjuöflunar, sem af þeim leiðir. En á þetta vill stundum skorta, þegar bíræfnir stjórnarandstæðingar leita hvers færis til að rífa niður það, sem unnt er að byggja upp af þeim, sem ábyrgðina bera, og höfum við ekki farið varhluta af þessu í umr. um þessi mál að undanförnu.

Ef við nú í bili a. m. k. gefum okkur hins vegar þá forsendu, að menn væru í aðalatriðum sammála um tekjuþarfir hins opinbera, kemur næst til álita, hvernig þeim skuli fullnægt, hvernig byrðunum sé niður jafnað. Er þá ekki óeðlilegt, að leitað sé samanburðar í þeim efnum annars vegar á því skattkerfi, sem við höfum búið við að óbreyttum lögum, og hins vegar því, sem nú eru uppi ætlanir um að lögfesta. Slíkur samanburður liggur nú fyrir, svo að tæpast verður umdeildur, a. m. k. hvað meginatriðin snertir. Kemur þar í ljós, að ekki er um umtalsverðan mun hvað heildarbyrðarnar snertir, ef borin eru saman gildandi lög og reglur og hins vegar framlögð frv. Berast þó mjög böndin að því, að heildarskattbyrði beinna skatta, bæði á einstaklingum og fyrirtækjum, sé ívið léttbærari samkv. hinu nýja kerfi heldur en því, sem gilt hefur, og á hinn bóginn, að bæði kerfin hefðu leitt til nokkurrar þyngingar heildarbyrði milli ára. Í þriðja lagi sýnir samanburðurinn, að skattbyrðar léttast á einstaklingum með tekjur að vissum mörkum, en þyngjast hins vegar á þeim, sem fara yfir viss tekjumörk.

Þessi samanburður sýnir að mínu viti fyrst og fremst þrennt: Í fyrsta lagi, að núv. stjórnarflokkum var það engin nauðsyn að gera neina skattkerfisbreytingu til þess að fjárþörf ríkisins yrði fullnægt. Það kerfi hefði fært a. m. k. jafnmiklar tekjur og frv., eins og þau voru upphaflega fram lögð, mundu hafa gert. Í öðru lagi, að með fyrirhuguðum breytingum á frv. verður heildarskattbyrði beinna skatta verulega minni en verið hefði eftir eldra kerfi. Og í þriðja lagi verður hún því léttari miðað við eldra kerfi sem tekjurnar eru lægri.

Vil ég nú víkja nokkru nánar að þessum atriðum og þá fyrst að heildarskattbyrðinni samkv. eldra og nýju kerfi. Ég hef hér fyrir framan mig yfirlit yfir áætlaðar innheimtutölur 1972 samkv. eldra skattkerfi og nýju og er það gert af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar eða öllu heldur af hagrannsóknastjóra. Niðurstöður yfirlitsins eru þær, að heildarskattar, þ. e. beinir skattar einstaklinga, hefðu orðið á bilinu frá 5 milljörðum 915 millj. kr. til 5 milljarða 993 millj. kr. samkv. eldra kerfinu, en yrðu 5 milljarðar 827 millj. til 5 milljarða 876 millj. kr. samkv. framlögðum frv., þ. e. ívið minna eftir nýja kerfinu. En bilið, sem hér kemur fram, stafar hins vegar af ofurlítið breytilegum forsendum um beitingu ákvæða laganna. Um þennan samanburð segir síðan í athugasemd hagrannsókna-

stjóra, að meginniðurstaðan virðist vera sú, að í heild sé ekki um neina umtalsverða breytingu skattbyrðar að ræða með hinu nýja kerfi. Í þessum samanburði er ekki tekið tillit til endurdreifingar skattbyrðar innan hóps einstaklinga og breyttrar tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. fela í sér. Einnig er gert ráð fyrir, að skattalækkun samkv. lögum frá s. l. vori hefði ekki komið til framkvæmda eða að nýir skattar hefðu þurft að koma í staðinn fyrir þær breytingar.

Fyrirhugaðar breytingar á framlögðum frv. á skattþrepum svo og aukning á sjómannafrádrætti munu leiða til lækkunar á beinni heildarskattbyrði um nálægt 270 millj. kr. a. m. k., en til frádráttar kemur þar hækkun eignarskatta, þannig að heildarlækkun verður rösklega 200 millj. kr., miðað við þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar. Þessar breytingar ásamt þeim, sem gert er ráð fyrir á því frv., sem hér er til umr., munu og hafa yfirleitt mjög verulegar breytingar til lækkunar á gjöldum lágra og miðlungstekna. Nefni ég sérstaklega, að samkv. öruggum útreikningum mundu frv., eins og þau eru, þyngja samanlögð tekjuútsvör og tekjuskatta fólks á tekjubilinu frá 200 til 600 þús. kr. um að meðaltali nálægt 10 þús. kr. á framteljanda á móti niðurfellingu persónuiðgjalda, en þyngingin fyrir þessi tekjubil mundi hins vegar að meðaltali aðeins nema 2 500 kr., ef miðað er við þessar brtt., sem nú liggja fyrir. Er því vinningur þeirra, sem búa við slíkar tekjur, alveg ótvíræður miðað við fyrri skipan. En hafa verður í huga, að hér er um meðaltölu að ræða, og þýðir þetta þess vegna ekki, að þau tekjumörk, sem skipta sköpum um hækkun eða lækkun skattbyrði, séu hin sömu í hverju einasta tilviki. En meðaltölin segja hér þó skýra sögu um meginatriði samanburðarins, þ. e. a. s. þá, að þegar á heildina er litið er hér um að ræða mjög verulega lækkun skatta á lágar og miðlungstekjur frá því, sem orðið hefði samkv. eldra kerfi.

Með því frv., sem hér er til umr., er verulegt spor stigið í þá átt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga, með því að ríkið tekur nú að mestu að sér hina félagslegu þætti skattlagningar. Framlög sveitarfélaga til almannatrygginga falla niður með öllu og til sjúkratrygginga að hálfu, enn fremur allur löggæzlukostnaður. Tekjuþarfir sveitarfélaganna minnka að sjálfsögðu að sama skapi. Þá eru sveitarfélögunum tryggðir tekjustofnar, sem í miklu minni mæli en áður eru háðir hagsveiflum og eru því jafntryggari en þeir, sem áður giltu. Ríkið tekur og í sínar hendur alla stighækkandi skatta eftir tekjum og fer því eitt og alfarið með þann þátt skattamálanna, sem að því lýtur að beita skattum sem auð- og tekjujöfnunartækjum. Þetta er tvímælalaust rétt stefna, a. m. k. að mínu viti, þar sem sú pólitíska ábyrgð, sem þessu fylgir, er fyrst og fremst ríkisstjórnar og löggjafarvalds.

Um framangreinda meginstefnu frv. eru þó tæpast mjög miklar deilur og þess vegna ekki ástæða til þess að fjölyrða um hana að sinni. Á hinn bóginn hefur verið mjög haldið uppi gagnrýni á frv., ekki vegna meginstefnumörkunar, sem það felur í sér, eins og hér kom fram m. a. við 1. umr. frv., heldur fyrir það, að tekjuöflunarmöguleikum sveitarfélaganna sé þar allt of þröngur stakkur skorinn í ýmsum tilvikum miðað við framkvæmdaþarfir þeirra, og er því jafnvel haldið fram, að ríkið sé að bæta sér upp sinn hlut á kostnað sveitarfélaganna, en því fer mjög fjarri, eins og ég hef reyndar áður að nokkru leyti rakið. Hið rétta er, að við undirbúning frv. var gengið út frá því sem meginforsendu, að sveitarfélögin í heild næðu samsvarandi tekjum og samkv. eldra kerfi, miðað við þær útgjaldalækkanir, sem ríkið tryggir þeim nú. Þessi heildarupphæð, sem gengið var út frá, mun hafa numið hátt í 3 milljarða króna. Til að ná þessari heildarupphæð var ekki gert ráð fyrir neins konar beitingu heimildarákvæða, svo sem varðandi fasteignaskatt, né heldur var gert ráð fyrir álagi á skráð fasteignamat, eins og ráð er fyrir gert í lögum og mun hækka tekjur af honum allverulega frá því, sem áætlanir hafa verið gerðar um, og skapar þetta að sjálfsögðu nokkurt svigrúm. En þótt unnt sé að ná heildarupphæðinni sjálfri, er það rétt, að þar með er ekki fyllilega sannað, að endar nái viðunanlega saman hjá hverju einasta sveitarfélagi eða með sama hætti og samkv. gildandi lögum. Þetta á auðvitað sérstaklega og raunar eingöngu við þau sveitarfélög, sem höfðu áður mikla sérstöðu um mikla tekjuöflun, – sérstöðu sem oft og tíðum mótaðist af sérstökum ölduföldum hagstæðs árferðis, sérstaklega til sjávarins, – tekjur, sem mjög eru misjafnar frá ári til árs og þess vegna í fæstum tilvikum mögulegt að reikna með sem föstum og öruggum. Að einhverju leyti á þetta einnig við um höfuðborgina, sem telja verður að hafi sérstaklega hagstæðar aðstæður til tekjuöflunar af augljósum og alkunnum ástæðum.

Í grg. frv. og ákvæðum í því til bráðabirgða er sú staðreynd, að nokkur, en tiltölulega mjög fá, sveitarfélög kunna að standa höllum fæti við hina nýju skipan. Er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að þeim verði bættur halli af þessu tagi, ef brýna nauðsyn ber til, enda hafi þau áður notað hækkunarheimildir sínar á fasteignaskatti. Með brtt. frá heilbr.- og félmn. er verulega komið til móts við sjónarmið Sambands ísl. sveitarfélaga hvað svigrúm til tekjuöflunar áhrærir, en þar er gert ráð fyrir, að auk heimildar til hækkunar fasteignagjalda komi heimild til hækkunar útsvara um allt að 10%, ef álögð útsvör samkv. aðalreglu hrökkva ekki fyrir útgjöldum. En til slíks álags þarf þó samþykki ráðh. Þessi ákvæði felast í brtt. frá heilbr.- og félmn. við 25. gr. frv.

Með brtt. heilbr.- og félmn. við 28. gr. er lögð til mjög mikilsverð breyting frá frv. Það er, að í stað lækkunar á útsvörum þeirra, sem hafa lægri tekjur en 450 þús., um 0.2% fyrir hvern tug þúsunda sem tekjurnar eru fyrir neðan þau mörk, skuli koma sérstakur frádráttur á sjálft útsvarið, persónufrádráttur 7 000 kr. fyrir hjón, 5 000 kr. fyrir einstakling og 1 000 kr. fyrir hvert barn. Að athuguðu máli hefur þetta þótt heppilegri skipan en sú, sem lögð er til í frv., en hún hafði vafalausa ókosti, m. a. þann, að sömu tekjubil hjá hinum ýmsu útsvarsgreiðendum gátu verið skattlögð með misjöfnum hætti og á vissum tekjubilum gat verið um að ræða óeðlilega mikla skattlagningu.

Kostur ákvæða frv. var hins vegar sá, að tekjulágt fólk kom tiltölulega vel út úr þessu fyrirkomulagi og raunar svo vel, að sú skipan, sem hér er lögð til, jafnar ekki að fullu og öllu metin í hverju einasta tilfelli, sérstaklega hjá einhleypum og barnlausum hjónum á vissu tekjubili, og verður ívið meiri í stöku tilfellum með þessum nýja hætti. En fram hjá þessum annmarka

varð ekki komizt nema hafa persónufrádráttinn það háan, að tekjuöfluninni varð talsverð hætta búin, eða með beinni hækkun á aðalálagningarreglunni, 10 af 100, en það taldist heldur óæskilegt, nema þá að brýna nauðsyn bæri til.

Eins og gefur að skilja, kemur persónufrádráttur öllum útsvarsgreiðendum til góða og lækkar hina raunverulegu prósentálagningu þeirra, hvaða tekjur sem þeir hafa, mest hinna tekjulægstu, en minnkandi eftir tekjuhæð. Heildarálagning allra sveitarfélaganna lækkar vegna breytinganna um eitthvað nálægt 190 millj. kr. við brtt., ef reiknað er með 10% álagningarreglunni. Á móti þessari lækkun kemur að verulegu leyti til jöfnunar sú hækkun á aðstöðugjöldum, sem lögð er til með brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. við ákvæði til bráðabirgða og við 1. gr. frv., þ. e. a. s. að leyfð álagning þeirra verði 65% af álagningu fyrra árs í stað 50%, sem frv. gerir ráð fyrir. Tekjuhækkun samkv. þessari till. gæti orðið nálægt 100 millj. kr., ef heimildin yrði almennt notuð, svo sem gera verður ráð fyrir.

Fjárhagsleg afleiðing fyrir sveitarfélögin af þessum tveim breytingum, að persónufrádráttur í útsvari er tekinn upp og aðstöðugjöld hækkuð, er því sú, að tekjurnar verða um það bil 90 millj. kr. minni í heild, ef ekki er um notkun hækkunarheimildar á útsvarinu sjálfu að ræða. En þessi tekjurýrnun svarar til innan við ½% í álagningu útsvars. Á móti þessari lækkun, ef miðað er við 10% regluna, kemur svo að auki svigrúm, eins og áður hefur verið minnzt á, samkv. heimildunum í allt að 1% til viðbótar því, sem áður fólst í frv., og að sjálfsögðu allt að 50% hækkun fasteignagjaldanna. Enn fremur tel ég, að taka megi inn í þetta dæmi þá tekjuaukningu, sem vafalaust verður vegna álags á fasteignamatið, sem ég hef áður minnzt á, þó að ekki sé enn með vissu vitað, hversu mikil sú upphæð verður, en trúlegt þætti mér, að þar væri um að ræða hækkun á fasteignamati einhvers staðar á milli 10 og 20%, og verð ég að segja, að um minna dregur upp í þann áhalla, sem þarna verður á. Enn er svo þess að gæta, að nýjustu athuganir á tekjuaukningu á milli áranna 1970 og 1971 virðast benda til þess, að hún verði allmiklu meiri en það 21%, sem hefur verið gert ráð fyrir í öllum áætlunum, og er ekki fjarri að ályktа, að þar geti verið um að ræða 2% eða jafnvel meira en 2% mun, sem kæmi þá einnig sveitarfélögunum til góða. Ef þetta hvort tveggja er tekið með inn í dæmið, þá ætti útkoman að verða mjög svipuð og upphaflega var gert ráð fyrir. Mér sýnist, að t. d. 2% tekjuaukning umfram það, sem gert er ráð fyrir, mundi þýða fyrir öll sveitarfélögin milli 60 og 70 millj. kr. og 10% aukning á fasteignaskattinum yrði milli 30 og 40 millj. kr., þannig að þar er komin hærri upphæð en það, sem út af stendur vegna þeirra breytinga, sem ég hef áður gert grein fyrir.

Þegar á þetta er litið og einnig til ákvæða til bráðabirgða um sérstök aukaframlög til þeirra sveitarfélaga, þar sem svo stendur á, að ákvæði þessara laga reynast þeim óhagstæðari en fyrri lög um tekjustofna sveitarfélaga, verður ekki betur séð en fyllilega forsvaranlega sé séð fyrir tekjuþörfum sveitarfélaganna samanborið við fyrri skipan og í þeim efnum ekki í neina tvísýnu teflt. Skal þó sízt úr því dregið, að framkvæmdaþarfirnar eru miklar og hraðari framkvæmdir væru undir ýmsum kringumstæðum æskilegar, en í þessu efni sem öðrum hlýtur þó að vera fulls aðhalds þörf og raunsætt mat að ráða ferðinni.

Með þessum breytingum og raunar öðrum, sem í till. meiri hl. felast, verður að telja, að verulega sé komið til móts við sjónarmið Sambands ísl. sveitarfélaga í álitsgerð þess um frv., og er þá sitthvað ótalið í þeim efnum hvað smærri atriði áhrærir, og vil ég nú víkja örlítið að þeim.

Við 5. gr. frv. er brtt. á þá lund, að niður er felld sú regla, að efna- eða tekjulitlir lífeyrisþegar þurfi að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatta, en sveitarstjórn hins vegar veitt heimild til að ákveða lækkunina eða niðurfellinguna, án þess að um slíkt sé sótt. Er þessi breyting í samræmi við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga og virðist enda eðlileg og sjálfsögð.

Með brtt. við f-lið 8. gr. er orðið við óskum Sambands ísl. sveitarfélaga um skiptingu þeirra 2%, sem sveitarstjórnarsamtökunum er ætlað að fá af tekjum Jöfnunarsjóðs, þ. e. að 1% renni til sambandsins og 1% til landshlutasamtaka þeirra.

Á 23. gr. frv. er lagt til að gerðar verði tvær breytingar. Hin fyrri er aðeins orðalagsbreyting, en sú síðari er veruleg efnisbreyting, þar sem niður er fellt það ákvæði, sem mjög hefur verið umdeilt, að skattstofn sem bráttótekjur þeirra, sem vinna við eigin atvinnurekstur, skuli aldrei ákveðinn lægri en ætla mætti að hann hefði orðið, ef þessir aðilar hefðu unnið störf sín í annarra þágu, þ. e. þetta ákvæði er fellt niður, en þó haldið eftir sem heimild til sveitarstjórnar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eins og segir í brtt., að áætla tekjur slíkra aðila með sama hætti og gert er ráð fyrir í frv. Við nánari athugun hefur ekki þótt rétt eða sanngjarnt eða eðlilegt, að hér væri um almenna reglu að ræða, og hefði sá háttur vafalaust komið óréttilega niður á ýmsa einyrkja, t. d. bændur og smáútvegsmenn. En á hitt er líka að líta, að sumar greinar einyrkjarekstrar eru þess eðlis, að þeir hafa nánast að mestu í sjálfsvaldi, hvaða tekjur þeir telja fram, og verður þar óvefengjanlegri rannsókn naumast við komið. Þess vegna hefur þótt rétt að setja hér inn heimildarákvæði til nokkurs aðhalds fyrir slíka framteljendur sem hér um ræðir.

Með brtt. við 24. gr. er samkv. óskum sveitarstjórnarmanna aftur horfið að þeirri fyrri skipan, að sveitarstjórnir geta, ef þær óska, annazt sjálfar álagningu eða falið hana sérstakri nefnd, en í frv. er gert ráð fyrir því, að skattstjórar annist álagninguna án undantekninga.

Brtt. við 27. gr. eru leiðréttingar, en ekki efnisbreytingar.

Brtt. við 2. mgr. 28. gr. leiðir beint af því, að ráð er fyrir gert, að óbreytt haldist sú skipan, sem verið hefur, að skattstjórar annist álagningu, en sveitarstjórn geti ákveðið að annast hana sjálf.

Á brtt. við ákvæði til bráðabirgða hef ég áður minnzt, að aðstöðugjöld megi leggja á sem nemi 65% af álögðu gjaldi fyrra árs. Sveitarstjórnarmenn hafa nokkuð gagnrýnt það, að hér er aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða, og hafa talið nokkra hættu á því, að tekjuöflun samkv. öðrum álagningarheimildum mundi ekki duga þeim, sérstaklega þegar aðstöðugjaldið félli niður að árinu liðnu samkv. frv. Með brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. varðandi aðstöðugjöldin, að ákvæðin um þau

séu numin úr ákvæðum til bráðabirgða og sett inn í sérstaka grein, er komið til móts við þessar skoðanir sveitarstjórnarmanna. Eðli þeirra breytinga tel ég fyrst og fremst það, að um sé að ræða tryggingu fyrir því, að við framhaldsendurskoðun skattamálanna í heild verði rækilega skoðað hvort eða hverjar nýjar tekjuöflunarleiðir þurfi til að koma, fari svo, að aðstöðugjöldin verði með öllu niður felld, eins og mótuð var stefna um með framlagningu þessa frv. Ég tel þess vegna ekki, að í þessari breytingu sé um að ræða neitt fráhvarf frá þeirri stefnu, sem í þessu efni var mótuð við upphaflega samningu og framlagningu frv., heldur tel sjálfsagt að áfram verði unnið að því að fella þessi gjöld niður, þegar sæmileg lausn finnst á því, hvar annars staðar þarf að bæta um í tekjuöfluninni í staðinn. Á yfirstandandi ári fæst líka reynsla af hinni nýju skipan í heild sinni, og standa menn þá að sjálfsögðu á raunhæfari grunni en nú að meta, hvort hér er um verulegt vandamál að ræða og hverjar lausnir þar koma þá helzt til greina.

Um aðrar brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Þær eru þess eðlis, að þær eru öllum auðskildar, sem lesa þær, og þó að sumar þeirra séu allveigamiklar, þá geri ég þær ekki að sérstöku umtalsefni að sinni.

En varðandi brtt. meiri hl. n. er því svo við að bæta, að n. hafa borizt umsagnir um frv. frá allmörgum aðilum, – *umsagnir, sem fela í sér ýmislegar ábendingar og* kröfur. Ýmsar þeirra eru allrar athygli verðar að mínum dómi, þótt ekki hafi að þessu sinni reynzt unnt að leggja til, að þær yrðu lögfestar nema að litlu leyti. Vel má þó vera, að þar sé um sitthvað að ræða, sem að hæfilegri athugun lokinni yrði tekið til greina og eftirbreytni. Enn er þess svo að geta, að við gerð brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur verið höfð hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á frv. um tekju- og eignarskatt, sem samtímis hefur verið til afgreiðslu og athugunar í fjhn. beggja þingdeilda.

Í heild eru þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru á þessum tveim frv., talsvert veigamiklar, eins og ég hef áður sagt, og miða þær, auk smærri leiðréttinga, fyrst og fremst að því að létta enn frekar en frv. gerir ráð fyrir, skattbyrði þeirra, sem búa við lágar tekjur og miðlungstekjur. Eftir breytingarnar hafa mörkin milli þeirrar tekjuhæðar gjaldenda, sem fá byrðar sínar lækkaðar, og hinna, sem á þyngist í heild, færzt verulega upp á við, svo að nú verður naumast lengur um það deilt, að mjög umtalsverðar lækkanir verða að breytingunum gerðum, ekki aðeins á lágum tekjum, heldur og á miðlungstekjum eða jafnvel riflega það, frá því, sem orðið hefði samkv. eldri löggjöf. Þeirri meginstefnu frv. að jafna byrðunum réttlátlegar en áður var er því í aðalatriðum fylgt enn fastar eftir með þeim brtt., sem lagt er til að gerðar verði, en áður var.

Ég þarf naumast fram að taka, að meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Frsm. 1. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við hv. 3. þm. Reykn., sem að nál. 1. minni hl. n. stöndum, viljum vísa frv. frá.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum á síðastliðnu sumri, var í málefnasamningi stjórnarflokkanna boðuð ný stefna í tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Um samskipti ríkis og sveitarfélaga segir m. a. í málefnasamningnum: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun.“ Þegar ríkisstj. skipaði svo nefnd til að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, fengu menn nokkurn forsmekk af því, hvernig ríkisstj. ætlaði að efna loforð málefnasamningsins. Nefndin var skipuð pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna einna með þeirri einu undantekningu, að ráðuneytisstjóri félmrn. fékk þar einnig sæti, annað hefur líklega tæpast þótt hlýða. Algerlega var gengið fram hjá þeim samtökum, sem í málefnasamningnum var heitið að endurskoðun færi fram í samráði við, og þeim ekki gefinn kostur á að eiga aðild að samningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, enda ber það merki þess, að sniðgengnir hafa verið þeir aðilar, sem nánasta þekkingu og bezta yfirsýn hafa yfir málefni sveitarfélaganna og þarfir þeirra. Lengi dróst, að menn sæju árangur af þessari endurskoðun. Frv. til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun, en vitað var, að útgjaldahlið fjárlaga mundi hækka stórkostlega í meðförum þingsins, án þess að vitað væri, hvernig tekna væri aflað á móti. Sveitarfélögin, sem að lögum ber að afgreiða fjárhagsáætlanir sínar fyrir jól eða fyrir áramót, vissu ekkert, hvað þeirra mundi bíða um tekjuöflun, og gátu ekki afgreitt þær á lögmætum tíma, og þau bíða öll enn með fjárhagsáætlanir sínar óafgreiddar. Þegar afgreiðsla fjárlaga var að komast á lokastig, lágu loks á borðum þm. örfáar tölur fyrir þinghlé um jólin, tvö stjfrv., frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt og frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er til umr. Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir jól með nær helmings hækkun á útgjaldahlið, frá því sem var í fjárlögum síðasta árs, þá var tekjuhlið þeirra að verulegu leyti byggð á frv., sem flutt var inn í þingið á síðustu dögum þinghalds fyrir jól og enginn vissi í hvaða mynd mundi verða endanlega afgr.

Það er athyglisvert og reyndar ámælisvert, hvernig ríkisstj. hefur staðið að undirbúningi þeirra tveggja frv., stjfrv., sem hér er um að ræða, og það er ástæða til að bera aðferðir hennar saman við ráðstafanir fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum, en það er rakið í nál. 1. minni hl. fjhn. Nd. um frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Hér skal alveg sérstaklega vítt það athæfi ríkisstj. að þverbrjóta loforð málefnasamningsins um að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga um endurskoðun tekjustofnalaganna, andstætt því sem tíðkaðist ávallt í tíð fyrrv. ríkisstj. Í aths. um frv. segir, að ríkisstj. hafi gert á því nokkrar breytingar, frá því að endurskoðunarnefndin skilaði því af sér. Sem dæmi um það handahóf, sem ráðið hefur við undirbúning þessa máls, má benda á 2. mgr. 25. gr. frv., sem upplýst er í heilbr.- og félmn., að ríkisstj. hefur af ráðsnilld sinni skellt inn í frv., en verður nú reyndar fyrirsjáanlega að lúta í lægra haldi með. Enda gagnrýnt af öllum að segja má, þ. á m. ýmsum þeim aðilum, sem fengu frv. til umsagnar. Þessi furðulegi stallastigi, sem ríkisstj. setti þarna inn í frv.,

þýðir það, að bætt er við 25 nýjum útsvarsliðum. Þetta heitir líklega á máli ríkisstj. að gera skattkerfið einfaldara, sbr. aths. við skattafrv., sem nú er til meðferðar í Nd., og þó að það sé kannske ekki ástæða til að fjölyrða um þetta ákvæði frv., sem nú verður senn úr sögunni, sbr. brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn., þá sýnir það svo ljóslega allt fumið og flaustrið í sambandi við mál eins og þetta, sem svo mjög snertir hag hvers einasta manns í landinu, að útkoman í framkvæmd hefur orðið svo furðuleg, að með ólíkindum er.

Svo að við tökum dæmi, þá hefði t. d. aðili, sem hefði haft 450 000 kr. í tekjur eða aðeins líðlega 450 000 kr. í tekjur, átt að greiða 45 000 kr., þ. e. 10% í útsvar. Ef þessi maður, sami aðili, hefði haft 449 900 kr. slétt eða mjög nærri því, þá hefði hann átt að greiða 9.8% af því öllu saman til útsvars og hefði þá, reiknast mér, fengið útsvar, sem nam 44 000 kr., m. ö. o. þessar 100 kr. eða svo, sem hann hafði þarna hærra en ég nefndi í síðara tilfellinu, hefðu kostað hann 1 000 kr. hærra útsvar. Þetta var auðvitað skiljanlegt, þegar ekki er gætt þeirrar sjálfsögðu reglu, að tekjur á vissu bili séu skattaðar með sömu prósentu. Það má líka væntanlega skrifa á reikning ríkisstj. það spaugilega ósamræmi, að samkv. 3. mgr. 25. gr. er skylt að lækka útsvar gjaldanda, sem hefur á framfæri sínu fleiri börn en þrjú innan 16 ára aldurs um 2 000 kr. fyrir hvert barn þar umfram, en í staflið a í 27. gr. er sama útsvarslækkun heimildarákvæði, en þó því aðeins, að útsvar gjaldandans sé lægra en 30 000 kr. Þetta er annað dæmi um hroðvirknina, vinnubrögðin í sambandi við undirbúning þessa frv.

Það var ætlun ríkisstj., að þetta frv. fengi skjóta afgreiðslu, þegar Alþ. kæmi saman aftur 20. jan. eftir þinghlé, en reyndin hefur sannarlega orðið önnur. Það er vitað, að innan stjórnarflokkanna varð megn óánægja með ýmis ákvæði frv., þegar þm. höfðu fengið svigrúm til að kynna sér nánar efni þeirra. Nú eru senn liðnar sjö vikur síðan þing kom saman á ný og allan þann tíma hefur, eftir því sem bezt verður séð, verið karpað innan stjórnarliðsins um þær breytingar, sem á því þurfti að gera, og allt fram á síðasta fund heilbr.- og félmn., sem haldinn var síðastliðinn miðvikudag, hafa brtt. stjórnarliðsins, eða stjórnarinnar réttara sagt, verið að koma fram.

Þá verð ég að segja, að vinnubrögð á síðustu fundum heilbr.- og félmn. hafa verið furðuleg og borið þess ljóst vitni, hvernig samráð og samkomulag innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna muni vera. Á fundi n. 25. febr. voru lagðar fram brtt. merktar Minnisblað 1 frá stjórnarflokkunum, ríkisstj. þó frekar, og var það minnisblað dags. 14. febr. Formaður kvaðst þá mundu halda nefndarfund eftir 8 daga. Ég vil aðeins minna á það, að þá stóð yfir þing Norðurlandaráðs og ýmsir þm. voru fjarverandi, sem þingið sóttu. Formaður kvaðst mundu halda nefndarfund eftir 8 daga, þ. e. þriðjudaginn 29. febr., með það fyrir augum, að frv. yrði þá afgr. í n. Þann 29. febr. fengum við nm. fundarboð, eftir að við vorum mætt hér á fundi í Sþ. þann dag, og var nefndarfundurinn haldinn kl. 4.30 þá um daginn. Þegar á þann fund kom, hafði formaður meðferðis bréf, sem hann opnaði þar og sýndi sig að hafa inni að halda viðbótarbrtt. merktar Minnisblað 2, og var það plagg dags. 22. febr., þ. e. viku áður en þessi fundur var haldinn. Vildi nú formaður afgreiða málið úr n., en fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. létu bóka mótmæli gegn því, að málið yrði afgreitt án þess að þeim gæfist færi á að ræða í þingflokkum sínum þær nýju brtt., sem nú voru fyrst að koma fram. En þá tók nýtt við; einn af nm. stjórnarflokkanna, sem ekki hafði verið á síðasta nefndarfundi þann 21. febr., lýsti því yfir, að hann væri alls ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til tveggja tiltekinna atriða í brtt. á Minnisblaði 1 frá fundinum 21. febr. Það var gert fundarhlé og gekk allt stjórnarliðið yfir í annað herbergi, – ég skal taka það fram, að nm. úr heilbr. og félmn. Nd. sátu meira og minna þessa fundi með okkur. Stjórnarliðið gekk sem sé í annað herbergi til að ræða vandann, en við fulltrúar stjórnarandstöðunnar sátum eftir og biðum átekta. Eftir á að gizka 40 mín, mætti stjórnarliðið allt til fundar, og þá var lýst yfir, að fleira yrði ekki gert á þessum fundi, og boðaður fundur kl. 9 að morgni næsta dags. Sá fundur hófst á tilteknum tíma, en lítið varð úr fundarstörfum, því að kl. var orðin 10, þegar loks mætti sá nm. stjórnarliðsins, sem áður hafði staðið á. Var nú aftur gert fundarhlé og gekk allt stjórnarliðið enn af fundi, og við biðum, en árangur var sem fyrr enginn, að því er séð varð, af því að eftir alllanga bið kom stjórnarliðið aftur til fundar og formaður tjáði mönnum, að fleira yrði ekki gert á þessum fundi að svo stöddu, en nm. beðnir að vera viðbúnir enn einum fundi að loknum deildarfundi síðar þennan dag. Þessi fundur var svo haldinn síðdegis, og nú lágu fyrir nýjar brtt. við brtt. á Minnisblaði 1 frá 21. febr. Lauk þar með þeirri viðureign, og var málið nú afgr. úr n.

Þessar aðfarir samstarfsflokka hygg ég, að séu alveg einsdæmi, og þær gefa auðvitað sína mynd af samstarfinu í ríkisstj. og hjá stjórnarliðinu eða þá algjörum skorti á sambandi milli fólks þar. Ég hygg, að það sé tæpast rétt að skella skuldinni á nm. eða fulltrúa stjórnarflokkanna í heilbr.- og félmn., það hafi frekar aðrir ráðið ferðinni. Þeir þurftu hálfan mánuð til þess að karpa um ágreining og knúðu formann n. og reyndar stjórnarlið þar allt til svo auðmýkjandi vinnubragða.

Þegar meta skal þetta frv., verður að hafa í huga annars vegar áhrif þess á hag sveitarfélaganna og hins vegar áhrif þess á skattbyrði gjaldþegnanna, en um þetta síðara atriði verður frv. að skoðast í samhengi við frv. það til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir Nd. Alþ. Þegar heilbr.- og félmn. hóf að ræða þetta frv., þá var fram á það farið, að n. fengi í hendur þá útreikninga, sem endurskoðunarnefndin, sem frv. samdi, hefði stuðzt við. Þessu var eytt og talið, að við mundum hafa af þeim lítið gagn, og ég skal svo sem ekkert rengja það. Hins vegar hafa nm. fengið nokkrar töflur í hendur, sem gerðar eru af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, þar sem gerður er samanburður á tekjum sveitarfélaga samkv. núgildandi lögum og frv., einnig samkv. fyrirhuguðum breytingum með og án nýtingarheimildarákvæða. Þessir útreikningar eru annars vegar fyrir landið í heild og hins vegar fyrir Reykjavík. Þegar Reykjavík er undanskilin, liggja því ekki fyrir neinar viðhlítandi upplýsingar um afleiðingar frv., ef að lögum verður, fyrir einstök sveitarfélög í landinu. Samband ísl. sveitarfélaga lét gera athuganir á afleiðingum frv. fyrir kaupstaðina og nokkur hreppsfélög. Sú athugun sýndi, að

mikil tekjuskerðing verður hjá ýmsum sveitarfélögum. Þar má sérstaklega benda á ýmsa útgerðarstaði, þar sem mikil og fjárfrek verkefni eru fram undan, svo sem hafnagerðir, gatna- og holræsaframkvæmdir, að ógleymdum lagfæringum umhverfis fiskvinnslustöðvar, sem áætlað er að muni kosta 500 til 750 millj. samtals í ýmsum þéttbýlissveitarfélögum. Þetta eru verkefni, sem þessi sveitarfélög þurfa að sinna í ár og á næstu árum, og útgjöldin koma þarna til viðbótar öðrum nauðsynlegum framkvæmdum og rekstri sveitarfélaganna. Það er alveg ljóst, að þrátt fyrir þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar á frv. til víkkunar á tekjuöflun sveitarfélaganna, verða ýmis þeirra hart úti, sum af þeim ná jafnvel ekki saman endum miðað við nauðsynleg útgjöld og öðrum er sniðinn svo þröngur stakkur, að þau geta ekki ráðizt í æskilegar nýjar framkvæmdir og þjónustu við sína íbúa. Þetta eru nú heldur óskemmtilegar efndir á loforðum stjórnarsamningsins um að auka sjálfsforræði byggðarlaga. En jafnframt þessu á svo ríkið að taka í sinn hlut samkv. tekjuskattsfrv. ríkisstj. stórkostlega aukna skatta, þ. á m. tekjuskatt, sem í fjárlögum yfirstandandi árs nemur röskleg 3 001 millj. kr. og er sem sé um það bil þrefalt hærri en var í fjárlögum ársins 1971, þar sem þessi tekjuskattur einstaklinga og félaga var rúmar 1 100 þús.

Hér hefur verið af hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. oft vitnað í erindi og umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem heilbr.- og félmn. barst. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr ályktun þessa fundar, sem haldinn var núna 18.–20. jan. s. l., lesa upp þau ummæli, sem til er vitnað í nál. okkar, sem skipum 1. minni hl. n., en þar segir m. a. svo:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga ályktaði á fundi sínum 18.–20. jan. s. l., „að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar. Miðað við svipaða nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og á síðasta ári virðist – samkv. upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri aðila – vanta talsvert til, að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkv. frv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkv. gildandi lögum og álagningarreglum sveitarfélaga á síðasta ári, og er þó fullt tillit tekið til lækkunar útgjalda sveitarfélaga."

Þá bendir fulltrúaráðið á, „að hinir ýmsu tekjustofnar hafi misjafna þýðingu í hinum ýmsu sveitarfélögum, og að einnig þess vegna er meiri sveigjanleiki í notkun tekjustofnanna í sveitarfélögunum nauðsynlegur en gert er ráð fyrir í frv.", til að vegið verði á móti mismunandi afrakstri hinna ýmsu tekjustofna í sveitarfélögunum.

„Eigi sveitarfélögin að geta haldið þeim framkvæmdahraða, sem þau hafa haft að undanförnu, hvað þá aukið hann, sem víðast hvar virðist nauðsynlegt, er fullljóst, að ákvæði frv. gefa alls ekki nægilega möguleika til tekjuöflunar. Auknar framkvæmdir á vegum sveitarfélaga hafa almennt mun meiri áhrif til aukinnar velferðar stærsta hluta þjóðarinnar heldur en framkvæmdir ríkisins, þar sem sveitarfélagið skapar einstaklingnum hið nánasta umhverfi, sem hann lifir og hrærist í. Aukning framkvæmda sveitarfélaga hefur því mikil velferðaráhrif og getur meira en flest annað stuðlað að betra lífi almennings. Þetta eru röksemdir fyrir aukinni heimild sveitarfélaganna í ráðstöfun þjóðartekna og þar með auknu ráðstöfunarfé þeirra." Lýkur hér tilvitnun í nál. okkar.

Eins og áður er rakið, er í málefnasamningi stjórnarflokkanna boðað að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Engin slík verkaskipting hefur átt sér stað. Einungis hefur verið létt af sveitarfélögunum útgjöldum til málefnaflokka, sem þau hafa nánast engin umráð haft yfir, en ný verkefni hafa þeim ekki verið fengin og þá ekki tekjustofnar í samræmi við það, svo sem oft hefur verið á bent, að rétt væri að gera.

Ef athuguð er sú hlið frv., sem að gjaldendunum snýr, er heildarmyndin sízt sérlega ánægjuleg, þegar hin mikla fyrirhugaða skattheimta ríkisins er höfð í huga. Útsvar af brúttótekjum þýðir álagningu á tekjur allt niður í botn, ef svo mætti að orði komast. Það er lagt á jafnvel lítilfjörlegustu tekjur. Frádráttarliðir, sem áður tíðkuðust, svo sem vaxtagreiðslur, sem hvíla þungt á mörgum og þá fyrst og fremst á ungu fólki, sem er að brjótast í að eignast þak yfir höfuðið, slíkir frádráttarliðir eru burtu felldir. Einnig 50% frádráttur af vinnutekjum giftra kvenna, sem og persónufrádráttur til útsvars. Þótt á móti komi lækkaður útsvarsstigi, 10% með heimild til hækkunar á 11%, og nokkur frádráttur á álagt útsvar, svo sem brtt. meiri hl. n. boða, verður tekjuskattur samkv. tekjuskattsfrv. ríkisstj. svo hár með boðaðri breytingu, 44% af skattskyldum tekjum yfir 75 þús., að skattbyrði skattþegnanna mun hækka hlutfallslega verulega, frá því sem nú er. Hún mun aukast hlutfallslega mest á miðlungstekjum, sem eru þær tekjur, sem allur þorri manna hefur.

Meiri hl. heilbr.- og félmn. flytur við frv. 18 brtt., sem *frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir. Ýmsar þeirra* draga úr annmörkum frv., en aðrar má telja vafasamar. Ég skal ekki að svo stöddu ræða þessar brtt., þær mun vafalaust bera á góma í umr. hér á eftir. En það mætti þó kannske vekja athygli á vinnubrögðum, sem mér sýnast nokkuð einkennileg, með því að benda á það, að samkv. 16. brtt. meiri hl. er heimilað að leggja á aðstöðugjald, samkv. III. kafla núgildandi tekjustofnalaga nr. 51/1964, með vissri takmörkun þó, en í næstu brtt. eru sömu lög felld úr gildi eins og þau leggja sig.

Ég vildi líka vekja athygli á því, að aðstöðugjöldin, sem í frv. er ráðgert að falli með öllu niður, þegar þetta ár er liðið, verða samkv. 16. brtt. komin inn í lagatextann sjálfan og þar með ætlaður blífanlegur samastaður, að maður skyldi ætla, en nú hefur hv. frsm. meiri hl. n. reyndar lýst þeirri skoðun sinni, að svo þurfi ekki að verða, og ég veit nú ekki, hvaða ástæða hefur þá verið til þess að taka þetta ákvæði út úr bráðabirgðaákvæðum og setja það inn í lagatextann, alla vega gefur það þó a. m. k. hugmynd um, að ætlunin sé að aðstöðugjöld verði notuð líka næsta ár.

Ég vil svo aðeins víkja að því, að hv. frsm. meiri hl. tíundaði það, þegar hann var að gera grein fyrir brtt. meiri hl., að þarna og þarna hefðu nú verið teknar upp ábendingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég verð nú bara að segja: Var ekki alveg hægt að losna við að þurfa að breyta því, ef haft hefði verið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga eins og lofað var? Hitt er svo annað mál, að það er auðvitað ekki allt, sem Samband ísl. sveitarfélaga bendir á í sinni umsögn, sem hér hefur

verið tekið til greina. Það má segja, að mikilvægasta ábending þess og sú sem þyngst vegur, sé sú, að frv. gefi ekki nægjanlegan sveigjanleika til þess að öll sveitarfélög landsins megi við una. Þær brtt., sem hv. frsm. meiri hl. gerði hér grein fyrir áðan, rýmka eitthvað möguleika sveitarfélaganna til tekjuöflunar, en sannast að segja nemur það ekki miklu. Það mun koma misjafnlega út fyrir hin ýmsu sveitarfélög. Þegar við fáum töflu um það, hvað þessar breytingar muni þýða, eru þær upplýsingar miðaðar við allt landið, eins og reyndar annað, án þess að það liggi fyrir, hvernig þetta verki fyrir einstök sveitarfélög. Fari svo að frávísunartill. okkar verði felld, er til athugunar að flytja brtt. við frv. til að sníða af því bersýnilega galla. Mun það þá verða gert við 3. umr. málsins.

Eins og vikið er að í upphafi nál. okkar á þskj. 399, munu þess vart finnast dæmi, að gerðar hafi verið jafnveigamiklar breytingar á ýmsum ákvæðum tekjustofnalaga og hér eru boðaðar og þeim ætlað að vera afturvirkar, jafnframt því að vera íþyngjandi fyrir gjaldendur. Það má telja vafasamt, að slíkar lagabreytingar standist, ef til málaferla kæmi um lögmæti þeirra, og heyrt hefur maður um aðila, sem séu staðráðnir í að láta á það reyna, ef frv. verður að lögum.

Við, sem að nál. 1. minni hl. stöndum, teljum, að undirbúningi þessa frv. sé mjög ábótavant. Það muni, ef að lögum verður, þrengja hag fjölmargra sveitarfélaga og hafa jafnvel hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir ýmis þeirra. Endurskoðun verkefnaskiptingar hefur ekki átt sér stað og skattbyrði mun þyngjast á öllum þorra gjaldenda, þegar frv. er skoðað í tengslum við stjfrv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Við leggjum því til, að frv. verði vísað frá, en skipuð verði nefnd til endurskoðunar á tekjustofnalögunum, sem í eigi sæti, væntanlega þó auk annarra, fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þingnefnd verði gefinn kostur á að fylgjast með endurskoðuninni, sem fram fari samtímis endurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og störf þeirra nefnda, sem að endurskoðun vinna, verði samræmd.

Við endurskoðunina verði svo þessi meginatriði höfð í huga:

1. Að skattlagningu verði hagað þannig, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og auki áhuga hans á þátttöku í atvinnurekstrinum. Þetta næst bezt með því að skattleggja fremur eyðslu en sparnað. Ég vil bæta því við, að sjálfstæðismenn hafa ávallt haft uppi varnaðarorð, varað við því að ganga svo hart að atvinnurekstrinum, auk að sjálfsögðu einstaklinganna líka, að það dragi úr framtaki manna, sem skapar okkur lífvænlega afkomu í þessu landi.

2. Að dregið verði úr beinum tekjusköttum og lög um söluskatt verði tekin til heildarendurskoðunar og kannað um leið, hvort virðisaukaskattkerfi henti íslenzkum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi.

3. Í samræmi við það, að dregið verði úr beinum tekjusköttum, verði að því stefnt, að sveitarfélögin ein fái umráð þeirra, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu.

4. Á tekjur einstaklinga og félaga verði lagt tekjuútsvar á grundvelli nettótekna.

5. Verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð frá grunni og heimild sveitarfélaga til álagningar útsvara verði miðuð við fjárþörf þeirra vegna aukinna verkefna, sem þeim verði falið að leysa.

6. Stefnt verði að frekari lækkun aðstöðugjalda. Samfara því verði sveitarfélögum séð fyrir réttlátari tekjustofni vegna þjónustu þeirra við atvinnufyrirtæki.

7. Fasteignaskatti verði í hóf stillt og litið á hann sem þjónustuskatt til sveitarfélaga og hámark hans ákveðið í samræmi við það. Sveitarfélögunum verði ekki gert að skyldu að leggja á fasteignaskatt, heldur verði hér um að ræða heimildarákvæði.

8. Tekjum hjóna verði skipt til helminga og útsvar reiknað af hvorum helmingi um sig. Í sambandi við þetta síðasttalda skal það rifjað upp, að árið 1953 fluttu þeir Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson frv. til l. um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl. 2. gr. þessa frv. var svo hljóðandi: „Skattskyldum tekjum hjóna skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig."

Það er gamalt umræðuefni, hvernig réttlátast verði skipað skattamálum hjóna. Sú regla, sem við nú búum við, heimilar annars vegar, að hjón telji fram sérstaklega sitt í hvoru lagi, en að mestu leyti er þá miðað við, að frádráttarheimildir komi í hlut bóndans. Sú regla, sem hér er lagt til að upp verði tekin, hefur mikla kosti og ég tel, að sá sé hennar mesti kostur, að með henni sé það viðurkennt, að þau störf, sem húsmóðirin vinnur inni á heimilinu, séu jafnmikils virði fyrir fjölskylduna og fyrir þjóðfélagið og störf þeirra, sem vinna utan heimilis, hvort heldur það er karl eða kona.

Þessi skoðun kemur einnig fram í framsöguræðu Jóhanns Hafstein, er hann flutti, þegar þessu áður umtalaða frv. var fylgt úr hlaði í Alþ.

Verði frávísunartillaga okkar 1. minni hl. samþ., munum við leggja fram till. um breyt., sem nauðsynlegt yrði þá að gera á gildandi lögum varðandi fasteignaskatta vegna hins nýja fasteignamats og útsvarsstiga vegna þeirra gjalda, sem ríkissjóður yfirtekur frá sveitarfélögunum.

Ég skal þá aðeins minnast á skattvísitöluna. Hæstv. ríkisstj. byggði fjárlagafrv. sitt fyrir yfirstandandi ár á því, að skattvísitalan yrði 106.5 stig. En við sjálfstæðismenn teljum, að hún eigi að vera 121.5 stig með hliðsjón af hækkun almennra launatekna á árinu 1971 og þeirri stefnu, sem mörkuð var af fyrrv. ríkisstj. og stjórnarflokkum, að vinna upp á þessu ári og því næsta, að skattvísitalan fylgi hækkunum almennra launatekna.

Herra forseti. Ég hef nú lýst afstöðu okkar til þessa frv., sem hér liggur fyrir, og fært rök fyrir því, að því beri að vísa frá. Það er uggur nú í öllum almenningi, hvað hans bíði í skattaálögum til hins opinbera. Þegar mönnum á sumri komanda berast álagningarseðlar og hver einstakur sér svart á hvítu, hvert verður hlutskipti hans í þessum efnum, verða það tæpast hlýjar hugsanir, sem berast til ríkisstj., ef svo fer fram sem nú horfir. Ég held, að hæstv. forsrh. ætti þá, og það með góðum fyrirvara, að biðja menn að láta af þeim sið, sem hann áður hefur ráðlagt landsmönnum, að lesa málefnasamning stjórnarflokkanna kvölds og morgna og bera saman gullin loforð og efndir.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra

forseti. Í stjórnartíð fyrrv. ríkisstj. vandist maður þeim tón í málflutningi þáv. stjórnarandstæðinga, sem nú skipa stuðningslið hæstv. núv. ríkisstj., að allt væri fánýtt og nánast einskis virði, sem ríkisstj. gerði, nánast öll mál til óþurftar, sem stjórnin beitti sér fyrir. Þannig einkenndist allur málflutningur þeirra þá, sem nú skipa stjórnarliðið. Það var alltaf verið að leita að því neikvæða og í þeirra augum var allt ómögulegt, sem þáv. stjórnarlið lagði til og framkvæmdi, án þess að minnstu tilraunir væru þá til þess gerðar að nota orku sína í að flytja jákvæðar till. til úrbóta þeim vandamálum, sem við var að etja hverju sinni. Það er þó ekki fyrr en eftir myndun núv. hæstv. ríkisstj., 14. júlí s. l., sem þessum vösku mönnum verður það ljóst, að lengur verður ekki vikizt undan því að benda á leiðir til úrbóta á öllu því, sem þeir höfðu áður svo mjög fundið að. En hvaða leið valdi svo hæstv. ríkisstj. út úr sínum sjálfskapaða vítahring? Hver meðalgreindur maður hlýtur að skilja, að það hlaut að verða erfitt fyrir menn með slíkan feril að baki að eiga nú allt í einu að standa ábyrgir gerða sinna í augum alþjóðar. Ríkisstj. fann hins vegar leið út úr þessum vanda. *Hún samdi í snarheitum langan loforðalista, þar sem landsmönnum var lofað öllu fögru,* og nefndi hann stefnu núverandi ríkisstj., málefnasamning. En þá þrengdist nú fyrst vítahringurinn, því að eftir var þyngsta þrautin, sem var sú að framkvæma hinn langa loforðalista, og um þessar mundir eru efndirnar að koma fram.

Þveröfugt við málflutning fyrrv. stjórnarandstöðu hvarflar ekki að okkur Alþfl.-mönnum að segja, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi ekkert til gagns unnið og allar hennar stjórnarathafnir hafi verið til óþurftar. Þeir málaflokkar, sem ríkisstj. hefur flutt, hafa og einnig verið á þann veg, að Alþfl. hefur beinlínis stuðlað að *framgangi þeirra, það sem af er þessu þingi. Má þar* nefna afstöðu flokksins til frv. ríkisstj. um almannatryggingar, sem var nánast það eitt að flýta gildistöku laganna um fjóra mánuði. Lögin, sem Alþfl. hafði beitt sér fyrir gildistöku á fyrir síðustu alþingiskosningar og fékk samþ. einróma þá, voru, þrátt fyrir það, kölluð hraksmánarlegar bætur til þeirra, sem minnst mættu sín í þjóðfélaginu. Efnislega studdi Alþfl. einnig frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þrátt fyrir það að ein brtt. við frv. var felld. Til viðbótar þeirri yfirlýsingu, sem út var gefin af hálfu Alþfl. strax eftir myndun núv. ríkisstj., að hann væri í stjórnarandstöðu, þá var því jafnframt yfir lýst, að hann mundi hafa málefnalega afstöðu til einstakra mála nú sem fyrr. Slík afstaða núv. stjórnarliða meðan þeir voru í stjórnarandstöðu hefði verið talin óhugsanleg. Hverrar tegundar eða efnis, sem málefnin voru, skyldi niðurstaða þeirra ávallt vera sú ein að vera á móti mótmælanna vegna.

Eftir þeim frv., sem nú eru til meðferðar í báðum d. Alþ. og um skattamál fjalla, er ætlunin að fara við skattaálagningu á tekjur, sem aflað var á s. l. ári. Þeir aðilar, einstaklingar og félög, sem opinber gjöld greiða, hafa í góðri trú hagað sinni tekjuöflun samkv. núgildandi lögum. Með þeim breytingum, sem hér er fyrirhugað að lögfesta, 2–3 mánuðum eftir að tekjuárinu lauk, er því verið að læðast aftan að gjaldendum, sem e. t. v. hefðu með öðrum hætti staðið að tekjuöflun sinni, ef þeim hefði verið ljós fyrirætlan núv. hæstv. ríkisstj. í þessum málum.

Sama máli gegnir í raun og veru um sveitarfélögin sjálf, sem eðlilega miða framkvæmdaáætlanir sínar við hugsanlegar tekjuáætlanir samkv. gildandi lögum. Sú stefna, sem hér er mörkuð, veldur stórkostlegum aðstöðumun til tekjuöflunar fyrir hin einstöku byggðarlög og bólar enn þá lítið á viðleitni stjórnvalda til þess að jafna þennan gífurlega mun. Aðstöðugjaldið hefur í þessum efnum reynzt mörgum sveitarfélögum nauðsynlegt *tæki til þess að jafna álögur innan sveitarfélagsins* og að ná til gjaldþegna, sem ekki hefur reynzt unnt að ná til með öðrum hætti. Úr því á nú að draga.

Frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur nú um nokkurt skeið verið til athugunar í heilbr.- og félmn. deildarinnar, þótt margir fundir hafi ekki verið haldnir um málið. Svo hefur virzt, að allur undirbúningur hafi ekki verið sem skyldi, því að sjálft stuðningslið hæstv. ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt að flytja allmargar brtt., eða 18 talsins, við sitt eigið frv., allt fram á síðasta fund n. um málið, 1. marz s. l. Allur málatilbúnaður þessa frv. er með þeim hætti, að til fádæma má telja. Og þar er áreiðanlega beitt meira kappi en forsjá og virðist um *of hafa setið í fyrirrúmi að flytja brtt.* við gildandi skattalög til ríkis og sveitarfélaga breytinganna vegna, en ekki að sama skapi aðgætt, hverjar afleiðingar umræddar breytingar muni hafa í för með sér. Um þessi efni vitna glöggt þau fjölmörgu erindi, sem Alþ. hafa borizt frá fjölmennum samtökum í tilefni af flutningi þessa frv., sem ýmist hafa inni að halda algjör mótmæli gegn því að frv. nái fram að ganga, eða að til vara eru fluttar óskir um að ótal breytingar verði gerðar á frv., eigi það að ná fram að ganga. Aths. þessar ná allt inn í traustasta stuðningslið núv. ríkisstj. og mun það m. a. orsökin fyrir því, að afgreiðsla málsins í n. hefur tekið lengri tíma en upphaflega var áætlað og endanlegar till. þeirra við eigið frv. lágu ekki fyrir fyrr en á síðasta fundi í þeirri n., sem málið hafði til meðferðar. Þess ber þó að geta, sem vert er, að þessar sjálfsgagnrýnistillögur eru margar nokkuð í bótaátt frá frv. sjálfu. Og vonandi tekst Alþ. að færa þær enn til bótaáttar.

Meginstefna frv. um tekjustofna sveitarfélaga ásamt frv. um tekjuskatt miðar að því að þyngja beina skatta á meginþorra allra gjaldþegna þjóðarinnar. Hefur í því sambandi verið nefnd talan 70–80% gjaldenda. Í þessu sem öðru mun þó reynslan verða ólygnust, þ. e. skattskráin sjálf, þegar hún kemur fyrir almenningssjónir á sumri komanda væntanlega. Sú bók mun skýra álögurnar annars vegar og loforð núv. stjórnarflokka fyrir síðustu alþingiskosningar hins vegar um lækkandi skatta, svo að ekki verður um villzt. Þar munu birtast afleiðingar þeirra stefnu, sem ríkisstj. og stuðningslið hennar er með umræddum frv. að fara inn á.

Eins og ég áðan sagði, er erfitt að ræða efni þessa frv., án þess að jafnframt verði rætt fylgifrv. þess, sem nú liggur fyrir hv. Nd., um tekjuskatt, svo nátengd sem þessi frv. eru, en þau *atriði verða áreiðanlega rædd hér,* þegar málið kemur til deildarinnar. Alþfl. telur það til bóta í meginstefnu þessa frv., að þorri nefskatta verði lagður niður, og er fullvel ljóst, að í stað þess fjár, sem með þeim hefur verið aflað, verða að koma nýir tekjustofnar og í því sambandi sé þess sérstaklega gætt, að heimila möguleika til jöfnunar á innheimtu þeirra án tillits til þess hvar menn eru búsettir. Meginstefna Alþfl. í skattamálum er sú, að launafólk greiði ekki tekju-

skatt eða útsvar af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til venjulegs lífsframfæris. Með þeirri stefnu, sem mörkuð er með þessu frv. ríkisstj., telur Alþfl. þetta ekki tryggt nema síður sé. Ég tel, að réttast sé að vísa þessu frv. til ríkisstj. aftur til framhaldsendurskoðunar, og geri það hér með að till. minni, sbr. það nál., sem útbýtt hefur verið í d. Ef það er hins vegar vilji stuðningsmanna ríkisstj. að knýja þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaganna fram óbreytt, eftir að þeirra eigin brtt. hafa verið felldar inn í frv., verður þess freistað af hálfu Alþfl. að flytja brtt. til enn frekari breytinga á frv. í bótaátt og er það gert á sérstöku þskj. Endanleg afstaða Alþfl. til frv. mun ráðast af því, hverja afgreiðslu þessar till. fá ásamt öðrum till., er til bóta horfa, í meðförum Alþ.

Brtt. þær, sem fluttar eru á fyrrnefndu þskj. okkar, skýra sig að mestu sjálfar og þurfa því ekki mikilla útskýringa við. Fyrsta brtt. er um framlengingu aðstöðugjaldsins. Önnur um að undanþiggja bætur samkv. II. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, útsvarsálagningu. Og þriðja brtt., sem er í fjórum stafliðum, er nánast til staðfestingar á þeim frádráttarliðum, sem eru í núgildandi lögum, svo sem helmingur tekna giftrar konu, hlífðarfatakostnaður sjómanna, námskostnaður vegna menntunar barna ásamt því að útsvar síðasta árs komi til frádráttar, hafi það verið greitt á réttum gjalddögum. Eina brtt. frá undirrituðum tóku stuðningsmenn stjórnarflokkanna í heilbr.- og félmn. þó til greina og hafa gert að sinni, og ber að þakka fyrir það. Það er till. um það, að launþegi sé laus allra mála í sambandi við skyldur sínar til skattgreiðslu, geti hann sýnt kvittun frá atvinnurekenda fyrir greiðslu á gjöldum sínum, er dregin hafa verið frá launum hans. Á þetta hefur mjög skort, þegar atvinnurekandi hefur ekki staðið í skilum, og þrátt fyrir það að viðkomandi hefur misst þar hluta af launatekjum sínum hefur hann verið sóttur til saka, ef atvinnurekandi hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar.

Með tilkomu þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið með lögum um almannatryggingar til aukningar á bótagreiðslum til aldraðra og öryrkja, verður að telja, að um sýndan bita en ekki gefinn sé að ræða, ef síðan á að skattleggja þessar bætur. Þess vegna er það lagt til, að gjöld á þau verði ekki lögð.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum almennum orðum um þau frv., sem hér liggja fyrir um skattamál, og svo sem fyrr segir mun endanleg afstaða Alþfl. ráðast af því, hverja afgreiðslu brtt. fá við meðferð málsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, varðar hag og afkomu sveitarfélaganna í landinu og það kemur til með að hafa stór áhrif og móta nánasta umhverfi einstaklingsins í þessum sveitarfélögum í framtíðinni. Það getur varðað miklu um lífshamingju manna og möguleika.

Sveitarfélagið er að verulegu leyti ákvarðandi aðili um aðstöðu til náms og þroska og aðbúðar barnanna. Og það er þá ekki síður mótandi, þegar líður á elliárin. Nútíminn krefst mikils af einu sveitarfélagi. Bættur hagur almennings í þessu landi á síðustu árum, bætt húsnæði og yfirleitt hækkaður lífsstandard hefur orðið þess valdandi, að kröfur aukast um fjölbreyttara og betra líf á öllum sviðum, um fegurra umhverfi kringum húsin. Börnin í vaxandi iðnaðarþjóðfélagi hafa aukna þörf fyrir aðstoð sveitarfélagsins við uppeldið vegna vaxandi útivinnu mæðranna. Leikvallagerð, dagheimilisbyggingar og ótalmörg önnur viðfangsefni, sem áður voru ekki talin svo nauðsynleg eru það nú. Bætt heilbrigðisþjónusta og hollustuhættir, umhverfisvernd og stóraukinn fræðslukostnaður, allt þetta leggst með auknum þunga á sveitarfélögin.

Frv. um tekjustofna sveitarfélaga er því stórmál, sem varðar alla þjóðina. Og það tekjustofnafrv., sem hér liggur fyrir, er því miður að mínu áliti stórgallað. Varðandi sum stærstu og blómlegustu sveitarfélög þessa lands þá lítur út fyrir, að frv. muni valda stórfelldum fjárhagsörðugleikum og samdrætti í umbótum. Sveitarfélög, sem hafa áætlað nokkrar framkvæmdir fram í tímann til hagsbóta fyrir íbúa sína, verða nú að endurskoða sínar framkvæmdaáætlanir með samdrátt í huga.

Í meðförum þingsins hefur frv. tekið miklum breytingum, a. m. k. mörgum, en án þess að ráða bót á þessari stórfelldu mismunun á afkomunni hjá sveitarfélögunum. Vitað er, að mörg hinna smærri sveitarfélaga fara heldur vel út úr samþykkt frv., sem byggist fyrst og fremst á því, að þau veita annars konar og ódýrari þjónustu sínum einstaklingum en stærri sveitarfélögin gera. En sveitarfélög, þar sem mikill meiri hluti landsmanna býr, bera skarðan hlut frá borði.

Hörmulegust held ég þó, að verði útkoman hjá sumum útgerðarplássunum hér suður með sjó, héruðum, þar sem ör uppbygging fer fram og þar sem fjárfrekar umbætur á aðstöðu og aðbúð eru nauðsynlegar á næstu árum. Þannig munu Sandgerði, Njarðvíkur og Grindavík verða af milljónatekjum hvert um sig árlega við samþykkt þessa frv. og nýjustu upplýsingar, sem ég hef um Vestmannaeyjar, eru þær, að síðustu breytingar, sem orðið hafa á þessu frv., valda ekki lagfæringu heldur 2.8 millj. kr. tapi til viðbótar því, sem áður var. Slíkar refsiaðgerðir eru vægast sagt heldur óheillavænlegar og verður ekki séð, hvaða tilgangi þær þjóna. Ekki verður það þó svo, að skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja minnki, þótt tekjurýrnun verði hjá mörgum sveitarfélögum. Síður en svo. En það verður ríkið, sem fleytir rjómann.

Ég ætlaði nú aðeins að minnast á örfáar greinar frv. og þá fyrst og fremst tala um 2. gr., þar sem er fasteignaskatturinn. Við Íslendingar höfum oft haft orð á því, að við höfum nokkra sérstöðu í því efni, að hér eiga fleiri fjölskyldur góðar íbúðir til eigin nota en tíðkast víðast hvar annars staðar. 80–85% af íslenzkum fjölskyldum býr í eigin húsnæði. Og það er svo, að allir virðast vera sammála um, að þetta sé æskileg þróun. En flestir af okkar íbúðaeigendum eru stórskuldugir og eru árafjölda í skuldabasli, eftir að íbúðin hefur verið byggð. Þetta fólk verður því að spara árum saman, eftir því sem unnt er, enda er þetta mikilvægt atriði í okkar þjóðarsparnaði.

Það er mörgum dýrt og erfitt að búa í eigin húsnæði fyrstu árin. En þessu hefur að nokkru verið mætt með því, í fyrsta lagi að hafa fasteignaskatta í lágmarki, og í öðru lagi með því að hafa vexti frádráttarbæra til útsvars og tekjuskatts. Nú skal breyta fasteignaskattinum þannig, að hann verði þre-fjórfaldaður og vextir ekki

lengur frádráttarbærir frá útsvari. Líklegt er, að hér sé um hreina stefnubreytingu að ræða í þeim tilgangi að minnka áhuga fólks fyrir myndun arðvænlegrar eignar. Og fyrirsjáanlegt er, að áhugi fólks á að byggja eigið húsnæði mun réna. Sjálfstfl. er þeirrar skoðunar, að hæfilegt íbúðarhúsnæði skuli ekki skattlagt nema sem allra minnst, og fasteignaskatturinn skuli vera þjónustuskattur í lágmarki til sveitarfélaganna.

Þegar sú breyting er á orðin, að till. er um að lögfesta aðstöðugjald, virðist ekki eðlilegt, að fyrirtækjum sé gert að greiða 1% í fasteignaskatt einnig. Þessi hækkun á fasteignaskatti atvinnufyrirtækjanna var fyrst og fremst gerð þar eð fella átti niður aðstöðugjaldið. Nú er það breytt með brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. og þess vegna hefði maður haldið, að ekki væri lengur ástæða til þess að þeir greiddu tvöfaldan fasteignaskatt á við íbúðarhúsnæði.

Sú sérstæða till. liggur nú fyrir, að greiða skuli 4% fasteignaskatt af hlunnindum í eigu utansveitarmanna. Hér er um svolítið sérstæða till. að ræða. Venja er, að fasteignamat á hlunnindum sé tífaldar árstekjur af hlunnindunum. Hér virðist því vera um hreina eignaupptöku að ræða, þar sem fasteignaskattur að viðbættum tekjuskatti muni nema milli 90 og 100% af tekjunum af hlunnindunum árlega. Það má vera, að hlunnindi í eigu utansveitarmanna séu vandamál á stöku stað á landinu, en ég get varla trúað því, að það sé ekki hægt að finna einhverja réttlátari lausn á þeim vanda en hér er gert. Og mér finnst, að líklegt sé mjög, að í kjölfarið komi, að hérna verði ekki eingöngu um hlunnindi, sem metin eru til fasteignamats, að ræða, heldur verði þetta orðað í framtíðinni sem arðbærar fasteignir í eigu utansveitarmanna, og þá mun margur fá að finna fyrir þessu og þrengt allmikið að eignarréttinum.

Verði fasteignaskatturinn samþykktur á þann hátt sem hann liggur fyrir í frv., þá verður hann tilfinnanlegur skattur fyrir unga og aldna fasteignaeigendur. Ekki sízt af þeim ástæðum, að vitað er, eins og ég hef áður gert grein fyrir, að fjöldi sveitarfélaga verður að notfæra sér 50% heimildina til hækkunar, og í öðru lagi er það enn fremur vitað, að væntanleg er 16–20% hækkun á fasteignamatinu vegna dýrtíðarauka. Þegar svo er komið, þá sjá allir, að hér er um tilfinnanlegan skatt að ræða, sem varla verður bætandi ofan á hin margvíslegu útgjöld íbúðareigenda.

Í öðrum gr. frv. vildi ég aðeins stikla á stóru. Við 10. gr. liggur fyrir sú brtt. frá meiri hl., að bankar og sparisjóðir greiði landsútsvör. Við því er ekkert að segja. Aftur á móti segir í 13. gr., að landsútsvör samkv. 11. gr. renni óskipt í Jöfnunarsjóð. Það virðist í raun og veru lítil sanngirni í því og ekki í samræmi við það, sem er gert á öðrum sviðum, að sparisjóðir, sem eru mjög svæðabundnir og afla sinna tekna frá fólki, sem lifir á ákveðnum svæðum, greiði sín landsútsvör óskipt í sjóð, sem síðan er veitt út um allt landið. Miklu eðlilegra virtist vera, að hér væri farið að eins og sums staðar annars staðar, að hluta af tekjunum yrði ráðstafað til þess svæðis, sem sparisjóðurinn starfar á, en að hluta yrði svo úthlutað á venjulegan hátt.

23. gr., sem er megingrein frv., fjallar um álagningu útsvara. Sjálfstfl. lítur svo á, að útsvar, sem reiknað er út frá brúttótekjum, sé mjög gallaður tekjustofn, sem og aðrir brúttótekjustofnar, og mismuni gjaldendum verulega, eftir því hvernig tekjuöflun þeirra er háttað. Það er t. d. vitað, að fjöldi ungs fólks, sem á í erfiðleikum vegna stofnunar heimilis síns, vegna byggingar húsnæðis, skuldar mikið. Þessu fólki hafa komið þau hlunnindi til góða á undanförnum árum að mega draga vexti frá útsvari. Sama er að segja um konur, er vinna utan heimilis síns, þær eru okkar fámenna þjóðfélagi ómetanlegt vinnuafl, ekki sízt við sjávarsíðuna, þar sem fullkomin nýting sjávaraflans væri nær óhugsandi án aðstoðar þeirra. En nú verður ekki lengur heimilt að draga 50% af tekjum þeirra, áður en til útsvars kemur. Við skulum t. d. taka lasburða fólk, sem stundar sína atvinnu, en er óhugsandi að geti gert það án afnota af eigin bíl. Þetta fólk á ekki kost á að fá neinn hluta af bílkostnaðinum frádráttarbæran frá útsvari. Allt þetta verður til þess, að mér finnst, að brúttó-útsvar sé ósanngjarn tekjustofn.

Og svo er það þetta margrædda mál, að ekki má lengur draga fyrra árs útsvar frá, það er mál, sem hefur verið margrætt, sérstaklega í ljósi þeirra staðreynda, að mörg sveitarfélög auglýstu nú fyrir áramótin, að menn skyldu greiða á réttum gjalddögum og gáfu í skyn, að sami háttur yrði hafður á og verið hefði.

Það er ýmislegt, sem fram hefur komið í brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn., sem er bætandi fyrir þetta frv., en þrátt fyrir það er það meingallað, einkum gagnvart þessari skiptingu, sem ég hef talað um. Þar að auki get ég ekki á nokkurn hátt fallizt á það, að þetta frv. út af fyrir sig sé til jöfnunar. Þarna er frv. með eina skattprósentu. Hvernig það getur orðið til jöfnunar, er ekki auðvelt að sjá. Ég get heldur ekki séð, að þetta sé til hagsbóta fyrir þá lægst launuðu. Við vitum, að það eru þrír hópar af fólki í þessu landi, sem eru þeir lægst launuðu. Það er gamla fólkið, það eru öryrkjarnir og það er námsfólk, sem ekki getur unnið nema hluta úr ári. Þetta frv. er ekki til hagsbóta fyrir þessa aðila nema e. t. v. að einhverju mjög óverulegu leyti fyrir þá námsmenn, sem hafa þurft að borga nefskatta áður. En í mörgum tilfellum þurftu þeir ekki að gera það.

Í öðru lagi tel ég, eins og ég hef tekið fram, að stórhækkun fasteignaskatta sé sérstaklega óhagstæð og varhugaverð hér í þessu landi. Og enn fremur þetta, að frv. þrengir kost margra af fjölmennustu og mikilvægustu sveitarfélögum þessa lands, stærstu útgerðarsveitarfélögunum, þar sem nauðsyn er að gagngerar breytingar til betri aðbúnaðar og betri aðstöðu fyrir fólkið í sveitarfélögunum haldi áfram. Þess vegna finnst mér sú afstaða okkar rétt að leggja það til, að þessu frv. verði vísað frá og málið sent til frekari skoðunar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Allt frá því að breytingar voru boðaðar á skattkerfinu af hæstv. núv. ríkisstj., hafa umr. orðið miklar manna á meðal um skattamál og hvað gera mætti þar til úrbóta. Þar er sannast sagna um auðugan garð að gresja hvað hugmyndir snertir, og sýnir það máske betur en allt annað, hver þörf var á því orðin að hrista dálítið upp í þessum málum og gera þar á róttækar breytingar. Það hefur svo komið glögglega í ljós, að gegn hverri hugmynd um breytingu hefur verið stillt mótbáru einhvers konar, sem hefur orðið þess valdandi, að ljóst er, að hverri breytingu munu einhverjar deilur fylgja, aldrei verða allir sammála um nauðsyn eða réttmæti hennar.

Þegar ríkisstj. lagði fram skattafrv. sín fyrir jól og ákvað um leið að afgreiða þau ekki fyrr en á þessu ári, tel ég, að hún hafi farið algerlega rétt að. Lýðræðislegri aðferð var vart finnanleg. Þessi aðferð hefur til þess orðið, að mikil almenn umr. hefur farið fram um öll þessi mál í þjóðfélaginu. Hugmyndir hafa fæðzt, andmæli risið, rök með og móti einstökum liðum komið fram. Þessi á margan hátt heilbrigða og almenna umræða manna um skattamálin hefur, að ég hygg, verið þörf og marga lærdóma hefur mátt af henni draga. Hvað sem þessum þætti líður er það einnig staðreynd, að ýmsar nýjungar skattafrv. hafa fengið allalmennan dóm og það á misjafnan veg eins og gengur. Hitt er ljóst, að meginstefna frv. á miklu almennu fylgi að fagna með þjóðinni, þó að menn greini mjög á um ýmis atriði þeirrar stefnu.

Sú mikla tekjutilfærsla í þjóðfélaginu, sem unnið hefur verið að síðustu mánuði varðandi tryggingamálin, er lofuð að verðleikum. Það virðist svo ganga misjafnlega að nema það atriði, að frá einhverjum öðrum verður tilfærslan að koma og þá óumdeilanlega frá þeim betur settu í þjóðfélaginu, þeim, sem hægara eiga með að heyja sína lífsbaráttu en ellilaunafólk og örorkubótaþegar. Afnám nefskattanna, þ. e. persónuiðgjalda til almannatrygginga og sjúkrasamlaga, telst einnig, að því er ég hygg, mjög til bóta af öllum, enda réttlætismál, þegar þess er gætt, að þessi gjöld voru áður greidd af öllum jafnt án minnsta tillits til gjaldþols. Ég held, að öll sanngirni mæli með því að telja hér rétt að farið.

Tilfærsla útgjalda frá sveitarfélögum til ríkisins virðist einnig talin sjálfsögð réttarbót handa sveitarfélögum og er þeirra óskum mætt. Er verið að losa þau við útgjöld, sem þau gátu ekki nema að mjög litlu leyti haft nokkur áhrif á. Þessu hefur verið fagnað af þeirra hálfu. Ég hef ekki orðið var annars en hér væri stigið stórt skref fram á við.

Ég skal í stuttu máli lýsa afstöðu minni til hinna helztu breytinga, sem eru í frv. þessum, og þeirra breytinga, sem nú liggja fyrir á þeim, og þá einkum til þeirra breytinga, sem frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er til umr., felur í sér, þótt hitt fléttist þar inn í meira og minna. Ég vík fyrst að fasteignaskattinum. Ég tel hann í alla staði mjög eðlilegan tekjustofn og þó alveg sérstaklega gagnvart atvinnurekstri öllum. Með þessum skatti næst í ýmsa þá aðila í þjóðfélaginu, sem hafa sloppið undravel með öll sín gjöld til samfélagslegra þarfa. Það hlýtur að teljast í hvívetna réttlátt, að þeir, sem byggja glæsileg stórhýsi yfir starfsemi sína, greiði sín gjöld af þeim. Hér gildir það sama hvað snertir einstaklinga og stofnanir, svo sem banka. Ég fagna því raunar alveg sérstaklega, að þessi risaveldi fjármálalífsins skila þannig einhverju af tekjum sínum til þess að standa undir nauðsynlegum umbótum í sveitarfélögunum, ef verða mætti til þess einnig, að hin gífurlega útþensla þeirra færi ögn hægar á eftir, útþensla, sem ég dreg enga dul á, að ég hef talið óeðlilega.

Það er líka rétt, að það komi skýrt fram, að sveitarfélögin hafa árum saman gert kröfu til þess, að fasteignaskatturinn yrði gerður að öflugum tekjustofni. Nú er það gert og fer vart á milli mála, að hér er gengið til móts við sveitarfélögin á eðlilegan og æskilegan hátt. Það bezta við fasteignaskattinn er þó það, eins og ég hef áður tekið fram, ef hann mætti verða til þess, að einhverjir greiddu nú sín gjöld, sem hafa að því er virðist með góðri samvizku lagt gjaldabyrðar sínar á annarra bök, en slíkt hefur lengi verið til mikilla lista talið í okkar þjóðfélagi og margir unnið þar frækileg afrek. Ef þeim afrekum mætti eitthvað fækka, væri vissulega til nokkurs unnið.

Varðandi aðstöðugjöldin vildi ég aðeins segja það, að ég fagna því, að nú skuli hafa verið fest ákvæði um þau í stað bráðabirgðaákvæðis áður. Hér hefur oft verið um að ræða nær eina möguleika sveitarfélags til að innheimta eitthvað af fyrirtækjum sínum, sem hafa á pappírnum a. m. k. verið með tap oft velflest. Það er svo rétt, að aðstöðugjöldin hafa verið óvinsæll gjaldstofn og um margt þótt miður réttlát.

Um réttlæti þessa gjaldstofns vil ég segja svipað og um útsvör og tekjuskatt hins venjulega launamanns. Hversu oft skyldi hann ekki greiða af engu, þegar betur er að gáð? En hér virðast ærið oft gilda allt aðrar hugmyndir: Launamaðurinn eyðir um efni fram, fyrirtækin búa við erfiða rekstrarafkomu. Annað er sem sagt talið eigin sök, hitt eitthvað viðlíka náttúruhamförum eða einhverju ámóta óviðráðanlegu. Þótt ýmislegt megi að aðstöðugjaldinu finna, er hitt þó alveg ljóst, að verði það afnumið, hlýtur að verða að finna annan gjaldstofn, sem gefi sveitarfélögunum álíka tekjur og aðstöðugjöldin hafa gert. Það hefur komið glögglega í ljós, að fasteignaskatturinn leysir hér ekki allan vanda. Í mörgum tilfellum má eflaust láta hana koma í stað aðstöðugjalda, en varðandi þau fyrirtæki oft með mikla veltu, sem ekki eigi þó neina skráða fasteign, kemur skatturinn ekki að notum. Þar þarf að finna annað form álagningar, ef sleppa á aðstöðugjöldum. Svo sannarlega er hér um fyrirtæki að ræða, sem mörg hver hafa vel á því tök að greiða sitt til sveitarfélaganna.

Ég skal að vísu fúslega játa það, að ég er ekki fullkomlega ásáttur við það ákvæði að setja aðstöðugjöld í prósentutölu af álagningu síðasta árs, og hefði talið hitt réttara og réttlátara að miða við prósentu af leyfðum gjaldstiga. En það er aðeins mín skoðun almennt. Ég vil tryggja það, að sveitarfélögin verði í engu sköðuð með niðurfellingu aðstöðugjaldsins, og ég get ekki stutt þá niðurfellingu nema þá fulltryggt sé, að þar komi annar gjaldstofn í staðinn, hvað sem hann svo annars héti.

Hvernig eru svo horfur á, að þessi skattalög komi í heild út fyrir almenning í landinu? Hverjar munu staðreyndirnar verða á skattseðlum fólksins í sumar? Þannig er spurt. Það má satt vera, sem margir hafa sagt, að þegar skipt verði svo algerlega um, eins og gert er varðandi mikilvæg atriði skattamálanna, þá sé erfitt fyrir hvern einstakan að gera sér raunsæja mynd af því, sem hann snertir persónulega, einkanlega hvað tekjuskatt til ríkisins snertir. En heildarmyndin af skattkerfinu á þó að liggja nokkuð ljós fyrir. Nú hefur mér aldrei til hugar komið, að á tímum mikilla umbóta og framkvæmda í þjóðfélaginu, eins og nú á sér stað, væri annað mögulegt en skattheimtan þróaðist til samræmis við auknar tekjur manna í þjóðfélaginu, enda sé ég engin rök mæla því í gegn, ekki sízt þegar í ljós kemur stórfelld hækkun á tekjum fólks s. l. ár. Hitt skiptir aftur meginmáli, hvernig skattbyrðinni er dreift, hvort þar er stefnt að jöfnuði eða ekki. Mikilvægasta sönnun þess, að svo er um þessi skattalög, er einmitt niðurfelling

nefskattanna, sem hafa lagzt á þá, sem engar tekjur hafa sannanlega haft. Þó að ekki væri annað en þetta atriði, þá væri hér um stórt skref fram á við að ræða.

Það er einnig og ekki síður stórt atriði, hvort stefnt er að einföldun kerfisins, hvort það verður skiljanlegra eftir en áður og fólk geti sjálft áttað sig vel á, hver gjöld þessi muni verða. Með tilkomu þessara laga, laga um tekjustofna sveitarfélaga, er tvímælalaust stefnt í rétta átt hvað þetta áhrærir. Ákveðin prósenta af bruttótekjum og ákveðinn frádráttur af álögðu útsvari hljóta að einfalda alla útreikninga fólks, svo að það getur nú í dag séð nákvæmlega eða nokkurn veginn, hverjar útsvarsbyrðar þess verða. Hið sama má einnig segja um fasteignaskattinn. Þetta er hiklaust framför frá því, sem verið hefur. Þessi skipan hlýtur einnig að auðvelda það, að hér verði tekin upp staðgreiðsla skatta, sem hlýtur að vera framtíðarstefna í þessum málum.

Það er full ástæða til þess að meta einnig það atriði, er snertir einstæða foreldra með börn á framfæri og kemur inn í bæði frv., sjálfsögð réttarbót til þessa fólks, sem ekki hefur verið nægilegt tillit tekið til áður. Annars hefur hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. rakið svo nákvæmlega áhrif þessara laga beggja á skattbyrðina í heild, að þess gerist ekki þörf að gera það betur hér. Það er óhætt að fullyrða það alveg sérstaklega, að skattbyrði alls láglaunafólks verður með skattalögum þessum létt allverulega. Sé tekið tillit til þess, hver skattbyrðin hefði orðið samkv. gamla kerfinu og með nefskattana álagða í sama formi og þá var, þá er hér um greinilegan mismun að ræða hjá öllum þeim, sem hafa lágar tekjur og raunar æðilangt upp eftir tekjustiganum. Þær breytingar, sem nú er lagt til að verði gerðar á upphaflegu frv., stefna allar í þá átt að létta skattbyrði á meðaltekjum og eru því til mikilla og sjálfsagðra bóta.

Það er eitt, sem hefur vakið öðru fremur athygli mína í öllum umr. að undanförnu um skattamálin hjá stjórnarandstöðunni. Og það er þögnin um breytingar þær á skattalögunum, sem samþykktar voru á s. l. vori gegn atkv. núv. stjórnarflokka. Af öllu þeirra tali nú hefði mátt ætla, að þar hefði verið hressilega til þess séð, að létt væri skattbyrðinni af almenningi. En skyldi nú svo vera? Það skyldi þó aldrei vera svo, að aðalbreytingarnar frá s. l. vori hafi stefnt að því að létta skattbyrðinni af þeim, sem með einhvers konar atvinnurekstur eða fyrirtæki eru, og sem rökrétt afleiðing af því þyngja um leið á launafólki öllu, sem ekki á möguleika á því að svíkja undan skatti. Það væri vissulega gaman að heyra fulltrúa stjórnarandstöðunnar skilgreina þá réttlætisbót, sem þessi skattalög hefðu haft í för með sér fyrir það launafólk, sem nú er svo mjög borið fyrir brjósti. Það þarf engan að undra, þó að þögnin sé alger um þessar breytingar, svo afgerandi sem þær voru í þágu fyrirtækja hvers konar og þá jafnframt gengið freklega á hlut launamanna, sem vitanlega þurftu þá að taka á sig það, sem af hinum var létt.

Það er óþarft að rekja lög þessi nákvæmlega. En þegar það liggur ljóst fyrir, að fyrirtæki með margmilljónagróða hefðu getað orðið nær skattlaus, ef allar heimildir laganna hefðu verið notaðar til fulls af þeim, þá sannar það betur en allt annað, hvert raunverulegt inntak þessara laga var, og þögnin um þessi lög skilst einkar vel í því ljósi einnig.

Því er mjög haldið að fólki, að skattbyrðin aukist gífurlega. Að vísu hafa nú tölur allar hjá stjórnarandstöðunni orðið heldur hógværari í seinni tíð. Það er dálítið broslegt að heyra menn koma eftir 12–15 ára setu í ráðherrastólum með meirihlutavald á Alþ. og tala eins og aldrei hefði það viðgengizt undir þeirra stjórn, að skattbyrði ykist. Það er bezt að láta almenning dæma, en það er rétt að minna á það, að alla stjórnartíð þeirra voru álögur að þyngjast jafnt og þétt, og var þó ekki um að ræða jafnstórfelldar breytingar á einu ári og nú hafa farið fram á tryggingalöggjöfinni, sem enginn mælir gegn, en allir vita, að til þarf stóraukið fé. Það er svo aldrei nema gott, að nú uppgötvuðu menn einhver ný sannindi, þegar þeir geta horft á málið úr nokkurri fjarlægð, uppgötvuðu það t. d., að ýmislegt og það jafnvel undramargt hefði mátt betur fara og það þrátt fyrir alræði í öllum málum um 12 ára skeið. Þessu ber vitaskuld að fagna, og mega núverandi stjórnarflokkar vel una við þá hörðu sjálfsgagnrýni, sem stjórnarandstaðan stundar hér í tillöguflutningi sínum og umr. öllum, ekki sízt um skattamálin.

Þegar verið er að umskapa svo viðkvæm lög sem hér er um að ræða, hlýtur margt að orka tvímælis. Og hver breyting hlýtur að hafa í för með sér einhver vandamál. Hitt tel ég mest um vert, að hér er verið að framkvæma tvö mikil réttlætismál. Annars vegar tilfærslur til aldraðra og öryrkja frá þeim, sem betur mega. Hins vegar niðurfellingu nefskattanna, sem menn hafa borið jafnt án minnsta tillits til gjaldþols. Sérstaklega er hér létt af námsfólki öllu, eða aðstandendum þeirra réttara sagt, svo og af öðru tekjulitlu eða tekjulausu fólki. Þriðja atriðið mætti hér vissulega einnig nefna, en það er sú mikla réttarbót, sem einstæð foreldri hljóta í þessum skattalögum.

Ég er sannfærður um það, að allt eru þetta of stórvægilegir hlutir til þess að ekki megi við einhverja annmarka búa í bili. Það er svo öllu mikilvægara, að heildarendurskoðun skattamálanna heldur áfram. Hið staðnaða kerfi þarf fleiri breytinga við og þá verður í þeirri endurskoðun reynt að sníða af þá annmarka, sem kunna að koma í ljós við framkvæmd laga þessara og vissulega hljóta að koma fram við svo miklar breytingar, svo stórfelld umskipti. Að því vinnur núv. ríkisstj. áfram. Og því skal fyllilega treyst, að þar verði að unnið af fullum krafti, þar til við getum í sem allra flestu búið við réttlátt fyrirkomulag þessara mála. Hverjum dettur yfirleitt í hug að bera sér orðið réttlæti í munn, þegar hugsað er um skattamálastefnu 12 ára viðreisnar, þeirra manna, sem nú berja sér á brjóst og þykjast ætíð hafa haft umhyggjuna fyrir launþeganum að leiðarljósi? Vissulega geta menn notað annarlegar aðferðir til sjálfsgagnrýni, og skal það út af fyrir sig ekki lastað. Á hinu furðar mig, að stjórnarherrar s. l. 12 ára skuli treysta sér til að koma hér fram í gervi saklauss reifastranga, sem sé nú fyrst að upplifa vonzku veraldar.

Núv. ríkisstj. hefur sett sér stór verkefni, torveld verkefni. Þar ríkja, sem betur fer, skiptar skoðanir um ýmislegt. Ég segi, sem betur fer, því að þau skoðanaskipti hljóta að vera heilbrigður aflvaki góðra athafna. Þetta virðist fyrrv. stjórnarsinnum einkennilegt, svo samstiga sem þeir voru í hverjum óþurftarverkum sem þarfri athöfn. Svo er þó að sjá á úrbótatillögum þeirra á þessu þingi um fjölmörg mál, að oft hafi samkomulagið verið á kostnað góðra málefna. Við skulum vona, að

slík örlög bíði ekki núv. ríkisstj. og hún góðu heilli haldi áfram sem hingað til framkvæmd stefnumála sinna, m. a. í skattamálum, og þá mun vel fara.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er von, þegar rætt er um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, að rætt sé um stefnu í skattamálum í heild, sérstaklega þegar á sama tíma er verið að ræða í Nd. frv. til l. um breyt. á tekju- og eignarskatti. Ég býst við því, að við játum öll meira og minna, að skattbyrðin í þjóðfélaginu verði að miðast við gjaldþol skattþegnanna. Fyrir hitt er svo ekki loku skotið, að mismunandi mat gildi hjá hverjum og einum, jafnvel eftir stjórnmálaskoðunum, hvert gjaldþol borgaranna sé. E. t. v. er þetta mismunandi mat byggt á þeim mismunandi stefnum, sem ríkja í stjórnmálunum. Annars vegar er sú stefna, sem leggur áherzlu á það, að borgararnir sjálfir hafi sem mest umráð yfir aflatekjum sínum og vald til þess að ráðstafa þeim, eftir því sem þeir telja skynsamlegt á hverjum tíma, og svo hin stefnan, sem kveður svo á, að hið opinbera, stjórnvöld eigi að hafa vit fyrir borgurunum og samkv. því sé ekkert við því að segja, þótt langt sé seilzt ofan í vasa borgaranna í skattheimtu, sem notuð sé síðan til þess að efla opinbera sjóði og úthluta úr þeim, eftir því sem ákveðið er. Hér er óneitanlega um það að ræða, hvort réttlætanlegar séu, að svo miklu marki sem svo kallaðir vinstri flokkar og núv. stjórnarflokkar vilja, millifærslur milli borgaranna með viðkomu í opinberum sjóðum. Þessar millifærslur eru að vissu marki nauðsynlegar og við sjálfstæðismenn erum fylgjandi þeim, eins og t. d. þegar þær eru fólgnar í eflingu tryggingakerfisins, en við viljum leitast við að koma í veg fyrir það, að þær millifærslur séu í því fólgnar, að tekið sé úr einum vasa og látið í hinn, jafnvel sama skattborgara, því að við slíka aðferð rýrnar fjármagnið þegar, vegna kostnaðar við skattheimtuna og innheimtuna, skriffinnsku og loks kostnað við úthlutun að nýju.

Það er veikleiki stjórnmálamanna að þykjast gera allt fyrir alla, án þess að gera því skil, að reikninga þessa borga engir aðrir en allur almenningur í landinu. Þess vegna á meginmarkmiðið og meginviðmiðunin við endurskoðun skattalaganna auðvitað að vera sú, að hver og einn ráði sem mest sínu eigin aflafé. En þótt mat okkar á því, hvert gjaldþol borgaranna sé á hverjum tíma, sé e. t. v. að nokkru byggt á þessum skoðanaágreiningi í stjórnmálum, þá held ég, að við ættum að vera sammála um það, að við verðum þó að gera okkur alla vega í upphafi grein fyrir, hvert gjaldþolið er að mati hvers og eins okkar, og ekki fyrr en það er komið fram að ráðstafa tekjunum. En hér er öfugt að farið; fyrst eru útgjöldin ákveðin með samþykkt fjárlaga, sem hafa hækkað meira í einum áfanga en nokkur dæmi eru til um áður, en látið skeika að sköpuðu, hvernig aflað skuli teknanna, og við stöndum í þeim sporum, – eða alla vega standa stjórnarflokkarnir, sem ábyrgð bera á fjárlögunum, í þeim sporum, – að verða hvað sem kostar að afla þeirra tekna, sem fjárlög gera ráð fyrir.

Um það hefur verið rætt í umr. um þessi skattafrv., hvort þau hafi í för með sér þyngingu á skattbyrði eða ekki. Það var svo að heyra á frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., að hér væri ekki um neina þyngingu á skattbyrði almennings í landinu að ræða. Hann vitnaði þar til Efnahagsstofnunarinnar. Forsenda þeirrar skýrslu er sú, að gert er ráð fyrir því, að beitt verði skattvísitölu 6.5%, og það er á þeim forsendum, sem Efnahagsstofnunin dregur þessa ályktun. Ég kem síðar að því, að hér er gefin forsenda af hálfu stjórnvalda, sem biðja um þennan útreikning, Efnahagsstofnuninni til handa, sem henni er nauðbeygður einn kostur að fylgja. Það er rétt út af fyrir sig, svo langt sem það nær, að sé miðað við þá forsendu, er hægt að fá út, að krónutala skattlagningar eftir gamla kerfinu og hinu nýja yrði álíka há, en þetta er alröng forsenda. Við skulum samt sem áður ganga út frá því í bili, að hún sé rétt, og þá vil ég á þeim grundvelli draga mjög í efa, að skattbyrðin aukist ekki.

Ég bendi á það, að sá munur er á gamla kerfinu og hinu nýja, að samkv. gamla kerfinu eru fleiri skattgjöld frádráttarbær. Til þessa er ekki tekið tillit, þegar sú ályktun er dregin, að skattbyrðin sé álíka. Í öðru lagi eru fleiri gjöld samkv. gamla kerfinu bundin í vísitölunni, þannig að hækkun þeirra kemur fram í hækkuðu kaupi, og auðvitað er það út af fyrir sig ekki aukning á skattbyrði, ef laun hækka svo að samsvarar hækkun skatta. Þegar hvor tveggja þessi atriði eru tekin til greina, aukin og meiri frádráttarhæfni gjalda samkv. gamla kerfinu og frádráttarhæfni nefskatta og ýmissa annarra gjalda, svo og það, að þessi gjöld hafa áhrif á vísitöluna og eru uppi borin eða hækkun þeirra er uppi borin með hækkuðu kaupi, þá er vitaskuld ljóst, að skattbyrðin eykst samkv. nýja kerfinu, þótt aðeins sé byggt á skattvísitölunni 6.5.

Nú er það auðvitað aðeins tilbúningur stjórnarflokkanna sjálfra að byggja á skattvísitölunni 6.5. Það er enginn, sem segir, að það sé eitthvert náttúrunnar lögmál. Í upphafi viðreisnarstjórnarinnar var það markmið sett, að almennar launatekjur væru ekki skattskyldar við ríkissjóð, og þegar rætt var um almennar launatekjur, þá var miðað við dagkaup í ákveðnum flokki samkv. Dagsbrúnarsamningum ásamt með einni stund í eftirvinnu 6 daga vikunnar. Við þetta var persónufrádráttur hjóna ákvarðaður og í hlutfalli við það aðrir persónufrádrættir. Þetta var fyrst gert álagningarárið 1960 og við þessa persónufrádrætti var svo stuðzt við álagningu 1961, 1962 og 1963 óbreytt að krónutölu. Þá hafði auðvitað þróunin orðið sú, að þeir voru minna virði vegna verðbólgu, þannig að álagningarárið 1964 var persónufrádráttur aukinn ásamt með hækkun á tekjuskattsstigum. Árið 1965 var persónufrádrátturinn enn aukinn í samræmi við almennar launatekjur og breytingar gerðar á tekjuskattsstigum, þannig að 10, 20 og 30% tekjuskattsstigum var breytt í 9, 18 og 27%. Sömuleiðis var nýr persónufrádráttur samþykktur af útsvari. Frá álagningarárinu 1965, sem hefur talizt grunnár bæði í tekjuskattsálagningu og tekjuútsvarsálagningu, hefur verið gengið út frá því, að persónufrádrættir og skattstigar breyttust samkv. skattvísitölu. Skattvísitala hefur verið ákveðin þannig, að hún hefur 1966, 1967 og 1968 verið hærri en vísitala almennra launatekna og framfærsluvísitala. Vegna þeirra áfalla, sem við urðum fyrir á árunum 1967 og 1968 og kom fram í skattlagningu 1969 og 1970, tókst ekki að halda í horfinu við ákvörðun skattvísitölu, samanborið við vísitölu almennra launatekna og framfærsluvísitölu, þannig að þá myndaðist nokkurt bil þar

á milli. Við skattlagningu 1971, ákvörðun skattvísitölu í fyrra, var leitazt við að vinna þetta bil upp, eins og fyrrv. fjmrh. hafði lýst yfir að mundi verða gert, þegar batnandi árferði gerði það kleift, og þá var skattvísitalan aukin mun meira en framfærsluvísitalan jókst þá á milli ára, en ekki að fullu eins mikið og vísitala almennra launatekna hafði vaxið.

Ef við lítum á, hvernig dæmið stendur núna, þá þyrfti skattvísitalan að vera 24%, ef hún ætti að ná fullkomlega framfærsluvísitölunni, og 33%, ef hún ætti að ná fullkomlega vísitölu almennra launatekna. Ábending 1. minni hl. heilbr.- og félmn. um skattvísitölu 21.5% er við það miðuð fyrst og fremst, að áætlanir Efnahagsstofnunarinnar gerðu ráð fyrir því, að almennar tekjur milli ára hefðu aukizt um það hlutfall, en auk þess er þessi ábending um skattvísitölu og þessi till. um skattvísitölugildi fyrir álagningarárið 1972 við það miðuð, að unnt væri að ná vísitölu almennra launatekna í áföngum nú í ár og á næsta ári, ef svo heldur fram sem horfir, að góðæri haldist í viðskiptakjörum og aflabrögðum. Hér er þess vegna með fullri aðgát og ábyrgðartilfinningu að farið, og það virðist mjög gagnrýnisvert, að núv. stjórnarflokkar, fyrrv. stjórnarandstaða, sem gagnrýndi það mjög, að skattvísitalan fylgdi ekki framfærsluvísitölunni, skyldi ekki huga að því að ná upp að einu eða neinu leyti því, sem skattvísitalan var orðin á eftir hækkun framfærsluvísitölunnar, þrátt fyrir fyrri gagnrýni sína þar að lútandi.

Ef við hverfum nú aftur að því, hver skattbyrðin er, miðað við skattvísitölu 21.5%, sem er, eins og ég hef frá skýrt, ekki óeðlileg viðmiðun, þá kemur fram í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar, sem dags. er 29. febr., að heildarálagningartölur mundu vera samkv. gamla kerfinu rúmlega 7 milljarðar, en samkv. nýja kerfinu um 7 milljarðar 750 millj. kr. Skattbyrðin samkv. fyrirhuguðum lögum mundi þannig aukast um yfir 750 millj. kr. Hér er þess vegna ekki um það að villast, að um mikla þyngingu skattbyrðarinnar er að ræða. Þegar við erum að tala um samanburð á skattbyrði milli ára, þá er auðvitað sá rétti samanburður að taka skattaálagninguna eins og hún er í raun og veru á árinu 1971 samkv. þeim skattseðlum, sem menn fengu þá, og hins vegar taka skattútreikning samkv. fyrirhuguðum lögum á árinu 1972. Ef hlutfall skattgreiðslna er meira hið síðara ár miðað við heildartekjur skattþegnsins, þá er um aukningu skattbyrðarinnar að ræða. Það hygg ég, að ætti að vera öllum mönnum ljóst. Nú mundu stjórnarsinnar e. t. v. gagnrýna mig fyrir þetta á þeim grundvelli, að ég tæki ekki tillit til hækkaðra útgjalda, sem skattborgurum kæmi að gagni, og vitaskuld er það rétt, að við getum haft ólíkar skoðanir á því, hvort hækkuð opinber gjöld koma skattþegnunum að gagni og hvort réttlætanlegt sé á hverjum tíma að auka skattbyrðina á þeim grundvelli. Það er út af fyrir sig annað mál, en við verðum að gera okkur sjálfstæða grein fyrir því, hvort skattbyrðin þyngist frá einu ári til annars, og við skulum ekki fela það, og það er alla vega vísbending um það, að núv. stjórnarsinnum sýnist ekki vænlegt að segja, að aukin útgjöld komi fólkinu að auknu gagni, ef þeir vilja ekki kannast við þá augljósu staðreynd, sem fram hefur komið í útreikningi á áhrifum frv., að skattbyrðin fer stórlega vaxandi með tilkomu þeirra.

Það er auðvitað mjög mikið álitamál, með hvaða hætti skuli leggja á skatta til hins opinbera. Það er ekki eingöngu e. t. v. tilefni til ágreinings, hve háir skattarnir eigi að vera í heild og samtals, heldur og hvers konar skatta skuli á leggja og í hvaða mynd. Í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. Ed. og 1. minni hl. heilbr.- og félmn. Ed. og 1. minni hl. fjhn. Nd. kemur fram, að það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að það beri fyrst og fremst að leggja skatta á eyðslu fremur en tekjuöflun eða eignamyndun. Við teljum, að það beri að stilla sköttum á tekjuöflun og eignamyndun í hóf til þess að draga ekki úr viðleitni manna til þess að leggja sig fram um að skapa verðmæti fyrir sig og þjóðarbúið í heild. Við teljum það ekki nauðsynlegt, að hærri tekjur einstaklinga eða einstakra hópa þeirra hafi í för með sér lægri tekjur fyrir aðra einstaklinga eða aðra hópa innan sama þjóðfélags. Við álítum þvert á móti, að meira og öflugra framtak einstaklinganna og meiri tekjuöflun, sem fer í kjölfar slíks framtaks, sé til þess fallið að hækka tekjur alls almennings í landinu og bæta lífskjörin og auka kaupmáttinn. Það er af þessum ástæðum, sem við teljum mjög varhugavert að skattleggja tekjuöflun og eignamyndun, svo að ekki sé dregið úr þessum hvata manna ail þess að skapa sér og umhverfi sínu meiri og betri lífskjör, og það er á grundvelli þessarar skoðunar okkar, að við teljum að draga beri úr beinum sköttum, bæði tekju- og eignarsköttum, en fremur eigi að leggja á óbeina skatta.

Það er svo, að við höfum viljað setja það mark, að ekki beri að leggja á hærri skatta en 50% á síðustu krónuna, sem hver einstaklingur vinnur sér inn. Samkv. framlögðu tekjustofnafrv. og tekju- og eignarskattsfrv. er gert ráð fyrir 55% skattlagningu á einstakling. Samkv. gamla kerfinu var hér um að ræða hæst um 50–51% skattlagningu, þegar frádráttarhæfni útsvara var komin inn í myndina. Við teljum líka ákaflega gagnrýnisvert, að mjög fljótt er komið í þennan hámarksskatt samkv. fyrirhuguðum skattafrv. Þannig eru hjón með tvö börn komin í hámarksskatt þegar eftir 355 þús. kr. tekjur. Ég hygg, að það hafi komið fram í áliti Alþýðusambands Íslands um meðaltekjur í landinu, að þær hafi verið á síðasta ári milli 400 og 600 þús. kr. Það þýðir, að menn eru komnir í hámarkstekjuskatt áður en þeir eru komnir upp í meðaltekjur. Þetta tel ég algjörlega óeðlilegt og bera alls ekki vitni um það, að verið sé að taka sérstakt tillit til þeirra, sem meðaltekjur hafa eða lágar tekjur. Þá má og á það benda, að tekjuskattur á félög er ætlaður 53% og var hæstur 43%, ef frádráttarhæfni útsvara kemur inn í myndina, auk þess sem fyrningarreglur voru félögunum hagstæðari samkv. fyrri lögunum. Samkv. þessu teljum við afar varasamt og vafasamt að ætla svona mikla skattlagningu á tekjur manna og félaga. Þá er það og gagnrýnisvert, að eignarskattar hækka. Eignarútsvör falla að vísu niður, en hækkun fasteignaskatta gerir meira en að vega þar upp á móti, og samkv. brtt. meiri hl. n. er enn gert ráð fyrir því, að eignarskattarnir hækki. Samkv. frv. áttu þeir að breytast þannig, að í stað 3 millj. kr. skattfrjálsrar eignar er aðeins 1 millj. kr. skattfrjáls eign, í stað þess að af næstu 3 millj. kr. eign átti að greiða 0.3% á nú af næstu 1 millj. kr. eign að greiða 0.4% samkv. frv., 0.6% samkv. breytingunni og í stað þess að eftir 6 millj. kr. eign átti að greiða 0.6% á nú eftir 2 millj. kr. eign að greiða 1%. Hér er um mikla hækkun að ræða, sem til þess er fallin

að draga úr sparnaðarviðleitni manna. Ég minni á það, að það er ekki nema hófleg íbúð, sem er að fasteignamati húss og lóðar 2 millj. kr., og það er ekki óeðlilegt að ætla miðaldra fólki að eiga þetta skuldlítið ásamt e. t. v. einhverjum öðrum eignum, en þá er þetta ráðdeildarfólk um leið komið í eignarskatt. Og hann er tilfinnanlegur, þegar fasteignaskattarnir koma með í reikninginn, en samkv. frv. er ætlazt til þess, að þeir þrefaldist í krónutölu hér í Reykjavík, ferfaldist í krónutölu úti á landi, en með álagsheimildum er hér um að ræða 4½-földun í Reykjavík og úti á landi sexföldun. Ef hér kemur fram hækkun á fasteignamatsstofni um 10–20%, þá er hér um verulega aukningu á skattbyrði að ræða, sem verkar á móti því stefnumiði, sem flestir forsvarsmenn pólitískra flokka á Alþ., nema e. t. v. Alþb., hafa haldið fram, að stuðla beri að því, að hér á Íslandi, búi menn í eigin íbúðum ekki sízt. En þegar á þetta er bent og á það lögð áherzla, að fremur beri að innheimta gjöld til hins opinbera með óbeinum sköttum en beinum sköttum, þá er að því fundið, að óbeinir skattar komi þyngra niður á tekjulágu fólki og fjölskyldufólki. Ég er þeirrar skoðunar, að unnt sé að koma í veg fyrir það með því að haga svo beinum sköttum, persónufrádrætti og fjölskyldubótum, að þessum fjölskyldum sé bætt slík hækkun óbeinna skatta upp.

Ég bendi og á það, að það er almennt álit skattasérfræðinga, að óbeinir skattar séu langtum tryggari tekjustofnar en beinir skattar, og það sé betra að hafa eftirlit með, að þeir innheimtist samkv. því, sem löggjöfin og stjórnvöld ætlast til, heldur en þegar um beina skatta er að ræða. Það er að vísu svo, að íhugunarefni gæti verið, í hverju hinir óbeinu skattar ættu að vera fólgnir. Við erum starfandi í EFTA og það samstarf ásamt viðleitni okkar til að tengjast með ákveðnum viðskiptasamningum Efnahagsbandalaginu gerir það að verkum, að ólíklegt er að hækka tollana, og þá sýnist hækkun söluskatts einkum koma til greina. En það kann að vera ákveðnum vandkvæðum bundið og því ástæða til þess að rannsaka, hvort ekki sé rétt að breyta söluskattinum í virðisaukaskatt. Hann er að vísu nokkuð flóknari, en hefur tvo meginkosti. Annars vegar þann, að hann er lagður á samkv. verðmætaaukningu á hverju stigi og hvert stig um sig hefur þess vegna eftirlit með því, að rétt sé fram talið af þeim stigum, sem á undan eru komin. Hinn meginkosturinn er sá, að hann örvar útflutningsframleiðsluna, því að útflutningsfyrirtækin fá hann endurgreiddan við útflutning. Þess vegna er það skoðun okkar að kanna beri eða réttara sagt halda beri áfram könnun þeirri, sem fyrrv. fjmrh. hafði látið gera að þessu leyti með það fyrir augum, að unnt verði að koma á slíkum skatti.

Ég hef nefnt þessa möguleika um óbeina skatta, vegna þess að við viljum vera ábyrgir um það, að sanngjörn skattheimta fáist til hins opinbera, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga. Hins vegar vil ég láta það koma skýrt fram, að við teljum okkur ekki bera ábyrgð á þeirri eyðslustefnu, sem núv. ríkisstj. hefur innleitt. Og við teljum það fara í öfuga átt við rétta og heilbrigða þróun, að hlutfall beinna skatta í tekjuöflun hins opinbera fer vaxandi með fyrirhuguðum tekjustofnafrv. og núgildandi fjárlögum frá því, sem verið hefur. Ef við lítum á þróun þessara mála undanfarið, þá vil ég geta þess, að hlutfall beinna skatta fór hækkandi fram til 1968 nokkuð, en hefur frá þeim tíma haldizt óbreytt. Í grófum dráttum hef ég fengið upplýsingar um, að þróunin sé þessi: 1966 voru beinir skattar 18.8%, en óbeinir 80%, 1969 eru beinir skattar 19.3%, óbeinir 80.7%, 1970 eru beinir skattar 18.5% óbeinir 81.5%, 1971 eru beinir skattar 19.2% og óbeinir 80.8%, en 1972 eru líkur til, að beinir skattar verði 25.7%, en óbeinir 74.3%. Hér er um ríkissjóð að ræða, en sé litið á útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta sem hluta beinna skatta í tekjuöflun hins opinbera, verður myndin þessi, að 1968 voru beinir skattar 37.5%, óbeinir 62.5%, 1969 voru beinir skattar 37%, óbeinir 63%, 1970 voru beinir skattar 35.5%, en óbeinir 64.5%. Útlit er fyrir, að 1972 verði beinir skattar 40%, en óbeinir 60%.

Það skal tekið fram, að aðallega eru sambærilegar tölur frá 1968, en þá urðu breytingar á ríkisreikningunum, af því að tekið var tillit til almannatrygginga. Það skal tekið fram, að tölur frá 1969, 1970 og 1971 eru teknar úr fjárlögum og notaðar eru áætlaðar tölur um tekjur sveitarfélaganna. Það skal og tekið fram, að það er vafamál, hvort telja eigi aðstöðugjöld til beinna skatta eða óbeinna, af því að þau eru að mörgu leyti lík söluskatti og að því leyti til lík óbeinum sköttum, en lík beinum sköttum í því, að ekki er heimilt að taka þau inn í verðlagið.

Ef við hverfum nú í bili frá skattheimtunni sem slíkri, þá vildi ég leggja áherzlu á það nú, þegar tekjustofnafrv. er til 2. umr., sem ég reyndar kom að við 1. umr. þessa máls, að grundvöllur þess, að unnt sé að ræða um tekjustofna sveitarfélaga, er, hvaða verkefni þeim skuli falin. Það hefur lengi verið kappsmál Sambands ísl. sveitarfélaga að fá fram endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum, að verksvið sveitarfélaga væri aukið. Þessi endurskoðun hefur ekki orðið sá undanfari þessa tekjustofnafrv. sem nauðsynlegt hefði verið. Þvert á móti má segja, að að svo miklu leyti sem þetta tekjustofnafrv. tekur til verkefna sveitarfélaga, sé það fremur til þess fallið að minnka þau en auka við. Það er þó mjög mikið nauðsynjamál að auka við verkefni sveitarfélaga. Ef við viljum í raun og veru færa fleiri verkefni út til fólksins sjálfs og til staðarvalda, ef við viljum í raun og veru draga úr miðstjórnarvaldi og efla svo kallað jafnvægi í byggð landsins, þá liggur beinast við að auka við verkefni sveitarfélaga. Þetta hefur núverandi ríkisstj. látið sér í léttu rúmi liggja og vanrækt með öllu.

Í þessu sambandi er áberandi, eins og hv. frsm. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. gat um í ræðu sinni hér áðan, sá skortur á samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga, sem fram kemur í undirbúningi þessa tekjustofnafrv. Ég skal ekki endurtaka það, sem hv. frsm. sagði um það, en vil þó benda á, að í nefndarstörfum, eftir að þetta frv. kom til athugunar n., þá hefur aðild Sambands ísl. sveitarfélaga að frv. og skoðun þess ekki verið önnur en sú, að formaður og framkvæmdastjóri samtakanna munu hafa setið á einum fundi nefndar morgunstund. Ef verklag fyrri stjórnar hefði verið við haft, þá hefðu fulltrúi ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúi samtaka sveitarfélaga hins vegar mætzt sem jafnréttháir aðilar og samið sín á milli frv. sem þetta, eftir að hafa haft samráð hvor við sinn umbjóðanda og eftir að vera ábyrgir hvor gagnvart sínum umbjóðanda fyrir og eftir slíkan samning. Þetta var háttur fyrrv.

stjórnar í þessum efnum, að því er tekur til samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga, en núverandi stjórn með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar hefur að þessu leyti, algjörlega gengið fram hjá samtökum sveitarfélaganna í landinu þrátt fyrir loforð í stjórnarsáttmála um að efla þá samvinnu.

Hér er eitt dæmi um það miðstjórnarvald og ég vil næstum því segja það einræðisvald, sem ríkisstj. reynir að efla með sér. Ég vil ekki draga undan, að ég tel það horfa til bóta í frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er til umr., eins og ég raunar gat um við 1. umr. málsins, að í einstaka atriðum eru gerð hreinni skipti að því er sameiginleg útgjöld sveitarfélaga og ríkisins snertir, og á ég þá við, að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði af löggæzlu og í almannatryggingagjöldum er afnumin, þótt nokkur eftirsjá sé í þeim tengslum, sem t. d. þetta kostnaðarhlutfall sveitarfélaga veitti að því er snertir löggæzluna, þótt sveitarfélögum væri ekki veitt bein aðild að stjórn hennar. Hins vegar hefur aðeins hálft skrefið verið stigið að því er snertir hlutdeild sveitarfélaga í sjúkratryggingunum, og er þar þess vegna sama óljósa verkaskipting eða kostnaðarskipting og áður var.

Um leið og bent er á þessi skref til bóta, sem frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur í för með sér, og að því leyti má segja, að frv. leiði til einföldunar, þá er það víðs fjarri, að frv. leiði til einföldunar skattkerfisins að öðru leyti. Þegar þetta frv. er skoðað ásamt með frv. því, er Nd. hefur nú til meðferðar um breytingu á tekju- og eignarskatti, þá kemur fram, að samkv. þessu frv. um tekjustofna sveitarfélaga á að leggja útsvör á samkv. bráttótekjum, en samkv. frv. til breytinga á tekjuskatti á að leggja tekjuskatt á samkv. nettótekjum. Samkv. tekjustofnafrv. á persónufrádráttur að dragast frá eftir álagningu, samkv. tekjuskattsfrv. á persónufrádráttur að dragast frá fyrir álagningu. Hér er bersýnilega um slíkan rugling að ræða, að fjarri er því að leiði til einföldunar skattkerfisins, heldur er allt, að því er virðist, gert til þess að rugla skattþegninn, skattborgarann, sem þó er nauðsynlegt að geti gert sér grein fyrir í hverju tilfelli, hvað af honum verður innheimt af hálfu hins opinbera.

Og þá er ég kominn að því, hvernig þetta frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga sér nú fyrir tekjuþörf þeirra. Ég hef hér fyrir framan mig yfirlit yfir breytingar á tekjum sveitarfélaga vegna endurskoðunar laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem hagrannsóknadeild hinnar nýju Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur útbúið, og kemur fram í því yfirliti, að sveitarfélögin eru, miðað við þetta breytta frv., ef brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. eru teknar með í reikninginn, en án heimildarákvæða frv., 933 milljónum kr. verr stödd heldur en samkv. gamla kerfinu. Til viðbótar þarf svo að taka tillit til, að ef notað er ákvæði í 27. gr. um það, að sveitarfélög hafi heimild til þess að undanþiggja ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega útsvari, þá þarf að koma til tekjulækkun, sem nemur 175 millj. kr. Þá eru sveitarfélögin samkv. þessu 1108 millj. kr. verr stödd samkv. fyrirliggjandi frv., en samkv. gamla kerfinu. Útgjaldalækkun þeirra vegna þeirra ástæðna, sem ég gat um áðan, nemur í heild 850 millj. kr., þ. e. sveitarfélögin eru í heild um 260 millj. kr. verr stödd miðað við gamla kerfið. Nú hef ég í þessu miðað við, að nýja kerfið væri nýtt til fullnustu, þ. e. 10% útsvör í öllum sveitarfélögum landsins, en það er kunnugra en frá þurfi að segja, að sveitarfélögin veita mismunandi þjónustu og hafa beitt álagningarstigum mjög mismunandi samkv. gamla kerfinu. Þannig er áætlað, að í heild hafi sveitarfélögin veitt 5.3% afslátt frá útsvarsstiga samkv. gamla kerfinu á síðastliðnu ári, og þetta getur verið mismunur frá því að vera með 12% álag á útsvarsstiga og til þess að vera með 60–70% afslátt frá útsvarsstiga. Ef við tökum þetta frávik til greina, 5.3% afslátt til jafnaðar samkv. gamla kerfinu, þá nemur það hvorki meira né minna en 160 millj. kr., þannig að í heild sinni má segja, að sveitarfélögin séu 420 millj. kr. verr stödd en samkv. gamla kerfinu. Og ef við svo tökum svigrúmið, sem sveitarfélögin hafa, þá geta þau e.t. v. unnið þessar 450 millj. upp með því að hækka tekjuútsvör einstaklinga úr 10% í 11%, en þó ekki nema náðarsamlegt leyfi ráðh. fáist, og með því unnið upp 310 eða 315 millj. kr., og hv. frsm. heilbr.- og félmn. benti á hækkun fasteignaskattsins um allt að 50%, 40–50%, og það gæti gefið 180–225 millj. kr. Með þessu skrimta sveitarfélögin aðeins í heild sinni. En með því að sum sveitarfélög, eins og ég sagði áðan, geta komizt af án þess að nýta allar heimildir, þá er fjárþörf hinna enn meiri en þessar tölur gefa til kynna. Og fyrir þeirri fjárþörf er með engu móti séð.

Í þessu sambandi vil ég aðeins geta þess, að sé Reykjavík tekin, þá gefa 11%, allar álagsheimildir, og 50% álag á fasteignaskatta þá útkomu, að okkur skortir 303 millj. kr. til að vera jafnsettir tekna megin, en útgjaldalækkunin er 375 millj. kr. Þegar þetta allt saman er haft í huga og það til viðbótar, að samkv. núgildandi kerfi hafa sveitarfélögin aðeins nýtt um 60% af aðstöðugjöldunum og hafa þar 400 millj. kr. upp á að hlaupa, þegar þess er sömuleiðis gætt, að sveitarfélögum er samkv. núgildandi kerfi heimilað að leggja 20% álag á útsvarsstiga og hann nemur yfir 600 millj., þá sést á því, að svigrúm sveitarfélaganna er að engu gert. Sum sveitarfélögin skortir blátt áfram á með fullnýttum öllum álagningarheimildum að geta séð fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Önnur sveitarfélög og fjöldinn er rétt þarna á mörkunum, og auk þess eru þau svipt öllum viðbótartekjuöflunarmöguleikum, sem þau hafa samkv. núgildandi lögum, þannig að það er útilokað fyrir þau að brydda upp á nýjum viðfangsefnum, leysa ný verkefni, sem sífellt koma fram í framfaraþjóðfélagi, eins og við viljum byggja, Íslendingar.

Ég vil leggja áherzlu á það, að með þessum hætti, með því að skerða tekjustofna sveitarfélaga og álagningarheimildir svo mjög sem raun ber vitni um og ég hef nú sýnt fram á, þá er í raun verið að skerða sjálfsákvörðunarrétt þeirra og sjálfstæði. Ef sveitarfélögum er aðeins skömmtuð ákveðin krónutala, þá geta þau ekki hreyft sig neitt umfram þá fjárveitingu og verða að koma betlandi til ríkissjóðs eða opinberra aðila, ef eitthvert það verkefni er, sem þau telja til þjóðnytja fyrir sig og umhverfi sitt. Með þessum hætti er verið að beina sveitarstjórnarvaldinu í þann farveg, að það sé aðeins embættismenn ríkisins. Og úr því að svona stórt skref er stigið í þessa átt, þá skil ég ekki í raun og veru, hver meiningin er með sjálfstæðum sveitarstjórnarkosningum og sérstökum sveitarstjórnum, af hverju ríkisvaldið tekur þetta ekki allt í sínar hendur og gerir

sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga að embættismönnum ríkisins, því að stórt skref í þá átt er verið að stíga með þessum lögum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ef sjálfstæði sveitarfélaga á að vera virkt og ef það er tilgangur stjórnvalda að efla jafnvægi í byggð landsins, þá á sveitarstjórn ekki að þurfa að koma knékrjúpandi fyrir stjórnarherrana í Reykjavík við hvert það verkefni, sem hún hefur áhuga á að leysa.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. vildi gera lítið úr þessari skerðingu á fjárráðum sveitarfélaga. En þau eru samt geigvænleg, eins og ég hef lýst, og skert fjárráð þýða í reynd skert sjálfstæði. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri ekkert óeðlilegt, að sveitarfélögin hefðu eðlilegt aðhald. Ég er út af fyrir sig alveg sammála honum um það. Sveitarfélögin hafa aðhald, því að þau eru sjálfstætt stjórnvald, sem ber sjálfstæða ábyrgð gagnvart kjósendum sínum. Ef þær fara ekki hófsamlega með skattlagningarheimildir sínar, þá verða sveitarstjórnirnar að standa reikningsskap gerða sinna fyrir kjósendum fjórða hvert ár. Og það er það aðhald, sem á að vera nægilegt í þessum sökum. Til viðbótar á ekki að þurfa að koma, að ríkisvaldið taki álagningarheimildir af sveitarfélögum. En það er út af fyrir sig ágætt af stjórnarsinnum að tala um aðhald sveitarfélaga í fjármálum, þegar þeir sjálfir hafa gert sig seka um að hækka fjárlög um 50% milli ára. Það skal vera ríkisvaldinu leyfilegt, sem bersýnilega á að segja, að sveitarfélög megi engu hnika til og horfast í augu við vaxandi verðbólgu í landinu, sem m. a. núv. ríkisstj. á sinn þátt í.

Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að það gæti horft til einföldunar á skattheimtukerfi hins opinbera, ef sveitarfélögum væru fengnir í hendur, annaðhvort að öllu leyti eða að miklu leyti, beinir tekjuskattar. Það er alla vega ljóst, að eðlilegt er, að sveitarfélögin hafi algeran forgang í þessum efnum, þar sem beinir tekjuskattar eru langmesti hlutinn af tekjuöflun sveitarfélaga, en hlutfallslega lítill þáttur í tekjuöflun ríkisins. Og alla vega væri það sanngjarnt, að sveitarfélögin fengju þann forgang í tekjusköttunum, að ríkissjóður hefði eingöngu það hlutverk, er lyti að tekjujöfnun milli þjóðfélagsþegnanna.

Þá vildi ég aðeins geta um það, að útsvörin eru samkv. lögum ákveðin 10% af tekjum næstliðins almanaksárs. Í upphafi var hér ætlunin, að væri um brúttótekjur að ræða. Ýmsar undantekningar hafa verið gerðar í meðförum, þannig að hér er um mjög vandmeðfarinn skattstofn að ræða og óljósan, sem ýmsar deilur eiga áreiðanlega eftir að rísa um. Þess vegna væri í sjálfu sér eðlilegra að leggja á sama skattstofn og tekjuskattur til ríkisins er lagður á, nefnilega nettótekjur, og hefur Efnahagsstofnunin veitt mér þær upplýsingar, að 10% útsvör af brúttótekjum jafngildi um það bil 12.7% útsvörum af nettótekjum. En með því, að hér er í raun og veru ljóst, að ekki er séð fyrir tekjuöflun sveitarfélaga, væri eðlilegt, hvor leiðin sem farin væri, að hækka þetta hlutfall, þannig að útsvörin væru e. t. v. 10% af brúttótekjum, en með heimild til 20% álags sveitarfélögum til handa án þess að áskilið væri samþykki ráðh. Auðvitað segi ég þetta með þeim fyrirvara, að tillit yrði tekið til þess í tekjuskatti til ríkisins og hann lækkaður a. m. k. að sama skapi.

Þá vek ég athygli á því, að engan veginn er ljóst í 25. gr. og brtt. nr. 10 við þá gr., hvernig háttað skuli vanhaldaálagi sveitarfélaga, en eins og kunnugt er hefur útsvarsheimild hingað til verið bundin við ákveðna upphæð plús 5–10% vegna vanhalda. Spurningin er, hvernig hugsað er fyrir því með þessum lögum.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum að fasteignaskattinum og leggja áherzlu á það, að ég tel hámark hans vera ½% og 1% og raunar má segja, að óeðlilegt sé að hafa þarna mismunandi skattprósentur, því að í fasteignamatinu er búið að taka tillit til arðsemi fasteigna. Látum það vera og sættum okkur við þessar mismunandi skattprósentur í fasteignaskatti, ½% og 1%, en þá tel ég samt sem áður vera hér um algert hámark að ræða og útilokað að vísa sveitarfélögum á að nota álagsheimildir nú þegar á fyrsta ári þessarar kerfisbreytingar. Ég gat um það fyrr í minni ræðu, hvílíka margföldun fasteignaskatta hér er um að ræða, bæði í Reykjavík og úti á landi, og að auka við þá margföldun með því að nýta álagsheimildina tel ég vera hreint neyðarúrræði og lýsi ábyrgð á því, ef til kæmi, algerlega á hendur núv. ríkisstj. En í þessu sambandi vaknar sú spurning, hvort rétt sé í 2. brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn., að hún eigi við 3. gr. frv. (**Forseti:** Má ég skjóta inn í. Það er prentvilla, það á að vera 5. gr.) Það er einmitt það, því að ella væri búið að taka álagsheimildina af, og ég mundi ekkert finna að því út af fyrir sig, en vildi þó vekja athygli á því.

En það er annað, sem kemur fram í hugann í sambandi við fasteignaskattana, og það er það, sem hæstv. félmrh. sagði hér við 1. umr. þessa máls og hv. frsm. meiri hl. n. segir hér áðan, að til mála komi 10–20% hækkun á fasteignamatsstofni, sem geti valdið hækkuðum tekjum sveitarfélaga. Í því sambandi vil ég lýsa eftir, hvað líði þeirri lagagerð, sem nauðsynleg er til þess að binda í kerfi reglulega endurskoðun og endurnýjun fasteignamats þess, sem miðað er við 1. jan. 1970. Mér er kunnugt um það, að nýjar eignir hafa í raun og veru ekki verið metnar samkv. nýja fasteignamatinu eða reglum þeim, sem það byggir á, heldur hefur það byggzt á gamla fasteignamatinu. Og það er undir hælinn lagt, hvort þessar eignir eru komnar inn í hið nýja fasteignamat eða ekki. Meðan tíminn er látinn líða svona, eins og gert hefur verið síðasta ár, og tvö ár eru liðin frá því, sem fasteignamatið virðist miðast við, þá er smátt og smátt verið að gera ónýtt það mikla starf, sem var af hendi leyst með hinu gamla fasteignamati.

Ég vildi enn á ný lýsa yfir: Hvað líður ákvörðun og hvað er fyrirhugað um ákvörðun, ef ákvæði til bráðabirgða nr. 4 verður í lög leitt?

Herra forseti. Ég hef nú gerzt alllangorður um þetta frv. og skattafrv. í heild. Ég vil aðeins að lokum segja það, að hér er í fyrsta lagi stefnt að því að skerða tekjustofna sveitarfélaga og þar með sjálfsákvörðunarrétt þeirra og sjálfstæði. Það er verið að draga valdið frá staðarvöldum, sveitarstjórnum, til miðstjórnarvalds í Reykjavík. Það er í öðru lagi með þessum skattafrv. verið að auka opinbera skattheimtu og af því, sem ég sagði áðan, ljóst, að það er ríkisvaldið, miðstjórnarvaldið, sem ætlar sér sífellt stærri hlut af því.

Það er svo í þriðja lagi verið að auka skattbyrði alls almennings, og sú skattbyrði eykst og þyngist á öllum landsmönnum allt frá því að teljast til lágtekjufólks og

þaðan af hærri tekjuflokka. Ég tel því, að mjög mikið óheillaspor sé stigið með samþykkt þeirra frv., sem hér hafa verið sýnd og rædd, óheillaspor, sem núv. ríkisstj. ber ábyrgð á og núv. ríkisstj. verður að standa reikningsskap fyrir gagnvart öllum almenningi í landinu, og ég er í engum vafa um það, að sá reikningur frá almenningi hér á landi mun birtast ríkisstj. innan tíðar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að taka þátt í umr. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér fara fram, ekki aðeins sem einn af meiri hl. heilbr.- og félmn. Ed., heldur miklu fremur sem einn hinna mjög svo gagnrýndu nm., er skipaðir voru 16. ágúst 1971 af hæstv. félmrh. til að endurskoða gildandi löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga og semja lagafrv. þar um.

Eitt af því, sem þessari nefnd er talið til foráttu, er það, að í henni væri ekki fólk, sem hefði reynslu af sveitarstjórnarmálum, jafnvel hættulegt sveitarfélögum, svonefnt huldufólk, ef marka má ummæli málgagna og formælenda stjórnarandstöðunnar. Og í nál. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. er staðhæft, að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við sveitarstjórnasamtökin í landinu og þeim enginn kostur gefinn á að eiga aðild að samningu frv., eins og raunar hefur komið fram í framsöguræðum hér áður. Ég tel nauðsyn á að skýra frá staðreyndum. Í fyrsta lagi átti sæti í þessari nefnd fólk, sem allt er eða hefur verið beinir stjórnendur sveitarfélaga og tekizt á við þau vandamál, sem sveitarstjórnarmenn verða að glíma við, og það hjá ólíkum stærðum og tegundum sveitarfélaga í landinu. Formaður nefndarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, gjörþekkir manna bezt vandamál sveitarfélaga, hefur verið viðriðinn allar lagabreytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og aðrar breytingar á sveitarstjórnarlögum síðustu áratugi. Ég á sæti í fulltrúaráði sveitarfélaga og hef starfað í nefnd á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, er hafði það verkefni að endurskoða verkefnaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins og tekjustofnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í þessari nefnd áttu sæti auk mín: Bjarni Einarsson bæjarstjóri á Akureyri og Sigfinnur Sigurðsson borgarhagfræðingur í Reykjavík, sem var formaður nefndarinnar. Þessi nefnd skilaði áliti um þessi mál í handriti, sem lagt var fyrir allar sveitarstjórnir í landinu, rætt ítarlega á fulltrúaráðsfundum og síðan gefið út sem handrit um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, tillögur og greinargerð. Jóhann Hermannsson á Húsavík er margreyndur í skattamálum, fulltrúi skattstjóra Norðurlands svo og sveitarstjórnarmaður á Húsavík. Ólafur Jónsson í Kópavogi hefur að baki margra ára reynslu sem bæjarstjórnarfulltrúi í Kópavogi og frú Steinunn Finnbogadóttir er borgarstjórnarfulltrúi í Reykjavík. Þetta nægir til að afsanna þær ósmekklegu fullyrðingar, að nm. hafi ekki reynslu eða þekkingu á sveitarstjórnarmálum.

Varðandi þá fullyrðingu, að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við sveitarstjórnarsamtökin í landinu, vil ég lýsa því hér yfir, að þessi fullyrðing 1. minni hl. er ósönn, enda órökstudd. Þegar nefndin hóf störf s. l. haust, lá fyrir viljayfirlýsing hæstv. félmrh. um að nefndin hefði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þessa endurskoðun og gjörð lagafrv. Voru stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga strax kynnt þessi viðhorf og óskað eftir samvinnu í þessu máli. Stjórn sambandsins og fulltrúar hennar mættu á fundum með nefndinni, ekki einum, eins og síðasti ræðumaður vildi halda hér fram áðan, heldur mörgum, og fengu í hendur þau gögn og þær hugmyndir, sem nefndin vann að, til umsagnar og athugunar, enda hafði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sérstaka fundi um þetta mál einvörðungu og boðaði þar til fleiri fulltrúa úr fulltrúaráði sveitarfélaga. Og til enn frekari áréttingar vil ég enn fremur geta þess, að fulltrúar Reykjavíkurborgar, borgarritari og skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, sátu fund með nefndinni, þar sem þeir fengu sem trúnaðarmál upplýsingar um væntanlegar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga, 18.–20. jan. s. l., fjallaði ítarlega um frv., enda gert ráð fyrir því frá hendi ríkisstj., að tóm gæfist réttum aðilum til að fjalla ítarlega um þessi mál. Hefur meiri hl. félmn. tekið að nokkru tillit til ábendinga, er þar komu fram, í nál. á þskj. 389. En í formála að áliti fulltrúaráðsfundarins segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga telur að með frv. því til laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú liggur fyrir Alþ., séu í höfuðatriðum stigin þýðingarmikil spor í rétta átt. Frv. felur í sér mikilvæga einföldun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Stefnt virðist að einfaldara og virkara skattkerfi, tekjustofnar sveitarfélaga eru ekki eins háðir hagsveiflum og verið hefur og ríkið tekur að mestu að sér hina félagslegu þætti skattlagningarinnar. Hins vegar er ljóst, að á frv. eru annmarkar, sem þó má telja víst að unnt sé að bæta úr, án þess að það grundvallarkerfi, sem frv. er byggt á, riðlist." Og á öðrum stað í áliti fulltrúaráðsins segir orðrétt: „Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga telur, að frv. um tekjustofna sveitarfélaga sé þýðingarmikill áfangi í heildarendurskoðun skattkerfisins og í endurskoðun verkefnaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Fulltrúaráðið leggur á það áherzlu, að hér sé um áfanga að ræða og að áfram verði að halda þessari endurskoðun."

Benti fulltrúaráðið á m. a., að fyrirliggjandi skattafrv. eru spor í þá átt að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, sem landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst stuðningi við.

Af framansögðu má öllum ljóst vera, að þær fullyrðingar stjórnarandstöðunnar hér á Alþ. og í málgögnum þeirra um undirbúning, að um ekkert samstarf eða samstöðu sveitarfélaga í landinu sé að ræða, hafa alls ekki við rök að styðjast. Ég vil vekja athygli á tveimur atriðum sérstaklega, sem hafa verið sameiginlegt vandamál sveitarfélaga í landinu, sem þau hafa litlu um ráðið. Annars vegar framlög sveitarfélaga til almannatrygginga og sjúkrasamlaga, sem hafa verið 20–30% af heildarútgjöldum þeirra. Sveitarfélögin hafa aldrei átt aðild að stjórn almannatryggingakerfisins, þrátt fyrir margítrekaðar óskir þar um í áraraðir. Útgjöld þeirra hafa því verið ákveðin án samráðs við þau. Ljóst er, að með hinni stórkostlegu hækkun tryggingabóta á s. l. ári yrðu útgjöld sveitarfélaga til tryggingakerfisins stórhækkuð, sem þýddi nýja hækkaða tekjustofna eða stórhækkuð útsvör. Það hefur ávallt verið krafa sveitarstjórnarmanna, að ríkið sæi algerlega um fjármögnun

tryggingakerfisins, þ. e. tryggingakerfis almannatrygginga, og ég vil undirstrika það hér og taka undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að þetta atriði eitt hefur einmitt á undanförnum árum orðið til þess að draga úr sjálfstæði sveitarfélaganna til ýmiss konar framfara eða verkefna, sem þau gjarnan hefðu viljað vinna að, en hafa ekki getað komið áleiðis vegna þeirrar óvissu í sambandi við þessi útgjöld, sem hafa numið svo miklu af útgjöldum sveitarfélaganna.

Annað atriði, sem ég vil minnast hér á, er löggæzlumálin. Það hefur verið baráttumál sveitarfélaganna í áraraðir að fá af þeim létt þeim álögum, sem af löggæzlunni leiðir. Ég þarf ekki að rökræða það, hversu hér var um augljóst mál að ræða, þótt fyrrv. ríkisstj. væri ófáanleg til að létta því af sveitarfélögunum, þrátt fyrir margítrekaðar óskir þar um, bæði frá landsfundum, fulltrúaráðsfundum og aukafundum sveitarfélaga.

Þessi baráttumál sveitarfélaganna, ákvað nefndin, sem ég var að tala um hér áðan, að leggja til að yrðu leiðrétt. Í fyrsta lagi, að framlög sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði felld niður. Í öðru lagi, að framlög sveitarfélaga til sjúkratrygginga verði lækkuð um allt að helming í fyrsta áfanga. Í þriðja lagi, að kostnaður sveitarfélaga vegna löggæzlu verði felldur niður. Í fjórða lagi, að persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga verði felld niður. Og í fimmta lagi, að iðgjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaga verði felld niður.

Í sambandi við þessi mál rifjast upp fyrir mér nú, að á síðasta fulltrúaráðsfundi sveitarfélaga í jan. s. l. kom fram álit frá þeirri nefnd, sem fjallaði um löggæzlumálin. Álit, sem var sérstök ánægjuyfirlýsing fulltrúaráðsfundar sveitarfélaga um það, að þetta margra ára baráttumál væri nú að komast í höfn. Ég minnist þess einmitt í sambandi við þetta mál, að þá stóðu upp merkir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í dag, sem sæti eiga í fulltrúaráði sveitarfélaga, og töldu það algerlega óþarft og raunar ósæmilegt sem samþykkt fulltrúaráðsfundarins að lýsa yfir sérstakri ánægju með það, að þetta baráttumál væri að komast í höfn. Svo sjálfsagt var málið að þeirra dómi allt í einu, þrátt fyrir það, að á undangengnum árum hefði ekki verið hlustað á þær raddir að fá þessu aflétt af sveitarfélögunum.

Ég vil einnig sérstaklega undirstrika mikilvægi þess, að niður falla persónuskattar, þ. e. almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld, sem hefðu orðið á þessu ári um 23 þús. kr. á hjón og 14 þús. kr. á einstakling. Þessa persónuskatta hafa allir orðið að greiða jafnt til þessa, hvort sem þeir höfðu til þess efni eða ekki. Kom þetta hart niður á námsfólki, ungmennum 16 ára og eldri, sem litlar sem engar tekjur höfðu, sjúklingum og eldra fólki með skerta starfsgetu. Í þetta kerfi hélt fyrrv. ríkisstj. dauðahaldi undir forustu Alþfl. Í nál. hv. 7. þm. Reykv. með skattafrv. nú fagnar hann þessari breytingu að leggja þessa skatta niður og vill leggja til, að lagður verði á sérstakur tryggingaskattur, er nemi a. m. k. 4% af brúttótekjum. Þetta er mjög merkileg till. og má e. t. v. segja, að þessi hv. þm., form. Alþfl., sé hraðfleygur á flestum sviðum.

Ýmsar aðrar breytingar á tekjustofnafrv. eru hér gerðar, sem eru eftir óskum sveitarfélaganna og taldar mikilvægar fyrir stjórnun þeirra, sem ég ætla ekki að ræða hér. Frv. stefnir að því að fækka sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga, gera tekjustofna sveitarfélaganna öruggari og minna háða ytri sveiflum. Frv. á einnig að tryggja, að allir, sem til þessa hafa ekki greitt útsvar til sveitarfélaga, en hafa augljóslega til þess tekjur, greiði útsvar, sbr. heimildarákvæðið, sem áður hefur verið minnzt á í framsögu hér með frv. Fasteignaskattar eru með frv. gerðir að einum aðaltekjustofni sveitarfélaga. Landsþing sveitarfélaga lýsti yfir vilja sínum í þessu máli, svo og fulltrúaráð sveitarfélaga. Og ég minnist þess, að á síðasta landsþingi flutti fyrrv. fjmrh. ræðu, þar sem hann kom inn á fasteignaskattana, þar sem komið var inn á það viðhorf, að greinilega væri eðlilegt að taka upp í þessu þjóðfélagi að gera fasteignasköttun að stærra hagstjórnartæki fyrir ríki eða sveitarfélög.

Í sambandi við fasteignamatið nýja, sem tók gildi 1. jan. s. l., þá er það mín skoðun, að það fasteignamat sé mjög gallað. Það var framkvæmt, eins og hér hefur komið fram áður, 1968–1969. Ég held, að það sé ekki ofsagt, að það er brýn nauðsyn, að þetta fasteignamat verði tekið til rækilegrar endurskoðunar, og ég vil taka undir það hjá síðasta ræðumanni, að það er mjög mikil nauðsyn. Við vitum það, að mat á fasteignum síðan þessari matsgerð lauk hefur verið með gamla forminu, þannig að mikið vantar á, að fjöldi nýbygginga í landinu í hinum ýmsu sveitarfélögum sé kominn inn í matið. Og ég vil leggja höfuðáherzlu á það, að það dragist ekki úr hömlu að koma á fót fasteignamatsstofnun ríkis og sveitarfélaga og sú stofnun taki til starfa sem allra fyrst, til þess að fylgja eftir þessu nýja fasteignamati og halda því stöðugt í eðlilegum tengslum við verðlagið á hverjum tíma. Ég tel, að þetta sé mjög stórt mál, hvað sem verður um fasteignasköttun framtíðarinnar, að þessi stofnun verði sett á fót og hún fái ákveðið verkefni, þannig að þetta mat verði ávallt rétt og hægt verði að byggja á því.

Stjórnarandstaðan hefur blásið í herlúðra vegna þessara mála. Í Morgunblaðinu er því haldið fram dag eftir dag allt frá því í des. s. l., að það sé verið að skattpína almenning meira en nokkru sinni. En jafnhliða er með risafyrirsögnum vakin athygli á því, að borgarstjórinn í Reykjavík fái nú ekki leyfi til að leggja nógu há gjöld á Reykvíkinga. Hvernig er samræmið í svona málflutningi?

Aðstaða sveitarfélaga í landinu er mjög mismunandi. Sveitarfélög í þéttbýli hafa möguleika til að fjármagna framkvæmdir sínar á allt annan hátt en dreifbýlissveitarfélög. Þar koma til há lóðagjöld, gatnagerðargjöld, svo að eitthvað sé nefnt. T. d. tekur Garðahreppur, sem er í mjög hraðri uppbyggingu, 300–370 þús. kr. fyrir fram í slík gjöld af hverjum þeim, sem fær byggingarlóð, og getur þannig fjármagnað vissar framkvæmdir í sveitarfélaginu. Ég leyfi mér að fullyrða, að með þeim tekjustofnum fyrir sveitarfélögin, sem í þessu frv. felast, er fjárhag og framkvæmd þeirra alls ekki stefnt í þann voða, sem hér hefur verið lýst. Ég tel, að reynsla fyrsta gjaldaárs leiði það í ljós. Það er margt, sem hefur verið sagt um þessi mál, og nú fyrir stuttu síðan opnaði ég bréf frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem var sent hingað niður í d., og sem er raunar endurtekning á kafla úr ályktun fulltrúaráðsfundarins í vetur. Þar er tekið eitt lítið dæmi, þar sem því er haldið fram, að búið sé að fella niður úr frv. 50% heimild til hækkunar á fast-

eignaskatti. Og áður en þingfundur hófst hér í dag bárust sérstök mótmæli frá Vestmannaeyjum um það, að þetta mundi rýra þeirra tekjur til viðbótar því, sem þeir höfðu haldið fram áður, um tæpar 3 millj. kr. Ég segi þetta til þess að undirstrika það, að það virðist vera mjög mikil tilhneiging til þess að halda því fram, að ágallarnir á þessu frv. séu svo augljósir og þeir séu sífellt að koma betur og betur í ljós, án þess að rökstuðningur fylgi með.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega leggja áherzlu á þá yfirlýsingu ríkisstj., að áfram verður unnið að endurskoðun tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og verkefnaskiptingu. Og ég tel, að það sé nauðsyn, að í þeirri áframhaldandi endurskoðun verði sveitarfélögum í landinu fengin fleiri ákveðin verkefni, sem eru betur komin í þeirra höndum, og tekjustofnar í samræmi við það. Það hefur aldrei komið fram í stefnumótun ríkisstj. eða stjórnarflokkanna, að það eigi að ganga í berhögg við sjálfstæði sveitarfélaganna, aldrei. Og ég minnist þess, að í þeirri endurskoðun, sem ég minntist á hér í upphafi, sem ég vann að ásamt tveimur ágætum mönnum, vorum við einmitt að reyna að draga fram úr þessum frumskógi af samfléttuðum verkefnum ríkis og sveitarfélaga eðlilega mynd af því, sem ætti við að taka. Og ég tel engum vafa undirorpið, að engum manni dettur í hug að hugsa dæmið þannig að svipta sveitarfélögin sjálfsforræði, eins og hér hefur verið reynt að halda fram.

Ég tel, að í áframhaldandi endurskoðun verði því áfram stefnt að einfaldara og virkara skattkerfi og auknu sjálfstæði sveitarfélaga, sem fyrrv. ríkisstjórnir hafa ekki viljað viðurkenna. Á það vil ég leggja ríka áherzlu, vegna þess að þar eru staðreyndirnar fyrir hendi.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég minnast hér örlítið á tvo þætti í þessu frv., sem ekki hafa komið hér fram áður í þessum umr. Annars vegar er um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það hefur verið, bæði á landsþingum sveitarfélaga á undanförnum árum og fulltrúaráðsfundum, mjög hörð gagnrýni á það ákvæði í lögum um Jöfnunarsjóð, að til þess að geta notið aðstoðar Jöfnunarsjóðs, varð sveitarfélag, sem lenti í vandræðum af ýmsum ástæðum, að leggja á íbúa viðkomandi sveitarfélags áður 20%, síðar 15% aukaútsvar. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er þessu ákvæði breytt þannig, að ekki þarf að leggja á aukaútsvar til þess að fá aðstoð úr Jöfnunarsjóði.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri staðreynd, að Samband ísl. sveitarfélaga, landsfundir og fulltrúaráðsfundir þess hafa s. l. 12 ár barizt fyrir því að fá fram lagfæringar á verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, svo sem vegna óvissra útgjalda í tryggingakerfinu, löggæzlu o. fl., sem hafa bundið möguleika sveitarfélaganna til framkvæmda í auknum mæli vegna stórhækkunar á framlagi til þessara þátta ár frá ári, heft þannig sjálfræði þeirra og umsvif til meiri þjónustu. En þau hafa ávallt fengið synjun hjá stjórnvöldum um úrbætur, líka hvað varðaði löggæzluna. Og hverjir voru það svo, sem stjórnuðu landinu s. l. 12 ár? Það voru einmitt þeir sömu aðilar sem nú halda því fram, að verið sé að ganga gegn hagsmunum og óskum sveitarfélaganna í landinu.

Herra forseti. Þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið til skoðunar í tæpa þrjá mánuði frá því að það var lagt fram. Stjórnarandstaðan og aðrir aðilar hafa því haft góðan tíma til að athuga frv. og áhrif þess. Brtt. stjórnarandstöðunnar bera ekki með sér efnislega gagnrýni á frv., enda er hér um að ræða að stórum hluta til nauðsynlegar breytingar, sem stefna í rétta átt, eins og fulltrúaráðsfundur sveitarfélaga hefur réttilega undirstrikað, sem þeir í stjórnarandstöðu vildu ekki eða treystu sér ekki til að koma fram, þegar þeir réðu málum.

Ég legg áherzlu á, að afgreiðslu frv. verði nú hraðað um leið og ég undirstrika nauðsyn áframhaldandi heildarendurskoðunar tekjustofna- og verkefnaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mitt mál eða hindra það, ef þess er kostur af öðrum ástæðum – það kunna að vísu að vera fleiri, sem óska eftir að taka hér til máls, – að ljúka umr. fyrir kvöldverð. En það voru nokkur atriði, sem mér fannst ég verða að minnast á, ekki sízt eftir þá ræðu, sem hér var flutt áðan af hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Vesturl. (AS), sem sá þörf á því, sem ekki var kannske óskiljanlegt, að gera grein fyrir vinnubrögðum í meðferð þessa máls, og ég skal játa, að það er mjög lofsvert, ef það á annað borð á að teljast lofsvert, að menn skuli yfirleitt taka það í mál að skila frá sér verkefni, eins og hér hefur gerzt, án þess að hafa getað kannað það nokkuð til hlítar.

Það vill svo til, að ég hef um fimm ára bil farið með fjárhagsmálefni sveitarfélaga, og það er þá sennilega fyrst og fremst mitt að svara fyrir það, sem hv. þm. sagði, að ekki hefði fengizt nein úrlausn á óskum sveitarfélaganna, fyrst og fremst í sambandi við starfaskiptingu og tilfærslu gjalda, ásamt mörgu öðru, sem hann taldi, að nú sæi fyrir endann á og þeim hefði, þessum snillingum í nefndinni, sem að þessu hafa unnið, tekizt á örfáum vikum að leysa það verkefni, sem ekki hefði tekizt að leysa á mörgum árum.

Því miður tel ég þessi vinnubrögð á engan hátt lofsverð, og ég tel, að það hefði verið lofsverðara fyrir hv. nm. alla, ef þeir hefðu tilkynnt ríkisstj., að þeir tækju ekki að sér þetta verkefni og létu ekki bjóða sér að eiga að framkvæma endurskoðun á jafnmiklum frumskógi, eins og hv. þm. orðaði það held ég, að ég hafi réttilega tekið eftir, á jafnskömmum tíma. Ég veit, að þessi hv. þm., sem er sveitarstjórnarmaður, það dreg ég ekki í efa, hann gerir sér fulla grein fyrir því, að bæði varðandi tekjustofna sveitarfélaga og skattamál ríkisins er hér um að ræða svo víðtækt og fjölþætt vandamál, svo samtvinnað og stórt viðfangsefni, að því verða ekki gerð nein skil á örfáum vikum. Og ég vil segja, að það er í rauninni vítavert út af fyrir sig að ætla sér að reyna að gera því skil á jafnskömmum tíma, því að það er ekki hægt. Það er auðvitað alltaf hægt að bera fram frv., það er ekkert vandamál, en það er margt, sem bendir til þess, eins og hér hefur raunar verið að vikið, að höfundarnir hafi sjálfir ekki verið allt of ánægðir með það, og það er mjög kynduglega t. d. að orði komizt, sem ég veit, að er ekki alveg út í hött, hjá þeim, sem sömdu tekjuskattsfrv., eða nefndinni þar. Þar er talað um, að haft hafi verið til hliðsjónar álit nefndarinnar. Það er ekki einu sinni svo, að farið hafi verið eftir till. hennar,

heldur hafa einhverjir huldumenn verið hér að verki, sem ég veit ekki, hvort á nú við um tekjustofnafrv., sem hér liggur fyrir, en á við um tekju- og eignarskattslögin. Það hefur ekki fengizt upplýst enn í dag, hverjir í rauninni hafi þar verið höfundar að ýmsum köflum, og flestir frábiðja sér það að hafa þar komið nærri. Þetta sýnir bezt, að hér hefur verið svo flausturslega að unnið, að annar kostur er auðvitað ekki fyrir höndum, ef menn af ábyrgðartilfinningu vilja skoða þessi mál, en sá að fallast á það sjónarmið stjórnarandstöðuflokkanna beggja, að þessu máli beri að vísa frá. Ekki vegna þess að það sé ekki þörf á að endurskoða þessi lög, bæði tekjustofnalög sveitarfélaga og tekju- og eignarskattslögin, heldur vegna hins, að þetta tekur miklu lengri tíma og þessi lög hafa svo víðtæk áhrif á allt efnahagskerfi þjóðarinnar, að það getur haft í för með sér hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir efnahagsþróunina í landinu, ef hér eru stigin víxlspor. Þetta vil ég aðeins leggja áherzlu á. Ég ætla svo ekki að fara um það fleiri orðum, hvernig að undirbúningi þessara mála hefur verið unnið að undanförnu. Það mun gefast kostur á því, þegar tekjuskattsfrv. kemur hér til meðferðar eftir helgina, og mun ég þá leggja sérstaka áherzlu á að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar sjálfstæðismanna í sambandi við það, hvernig þurfi að vinna að undirbúningi skattamála og hvernig ekki eigi að gera það.

Það er algerlega rangt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það hafi ekki fengizt nein úrlausn á þeim málum, sem hann segir, að hafi verið rætt um og gerðar ályktanir um þing eftir þing. Þegar ég var ráðh., fyrir að ég hygg 3–4 árum síðan, eftir fund, sem þá var haldinn hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem mér var sýndur sá heiður, að óskað var eftir, að ég kæmi til að gera grein fyrir þeim verkefnum, sem eru sameiginleg vandamál og samstarfsmál ríkis og sveitarfélaga, komu fram raddir um það, að taka þyrfti þessi mál til heildarendurskoðunar, þegar menn gerðu sér grein fyrir, hversu fjölþætt þessi vandamál væru. Þá var þetta af minni hálfu boðið undir eins, og fól ég ráðuneytisstjóranum í félmrn., sem nú hefur verið formaður þeirrar nefndar, sem hefur undirbúið þetta mál, að hafa um það samband við Samband ísl. sveitarfélaga, hvort þeir væru reiðubúnir að taka upp viðræður um þessi verkefni. Hitt kom auðvitað aldrei til mála að fara að taka einn og einn þátt út úr. Þetta mál þurfti að skoðast í heild og það kom í ljós, að sambandið var ekki þá reiðubúið að taka upp þessar viðræður. Síðan var sett nefnd á vegum sambandsins sjálfs, sem vann að athugun málsins, og samstundis eftir að álit þeirrar nefndar lá fyrir var sambandinu boðið, að settir skyldu menn af hálfu ríkisins með mönnum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að gera nýja athugun á þessu máli og reyna að komast að niðurstöðu um heildarskiptingu verkefna og þá um leið skiptingu tekjustofna. Þetta veit ég, að þessi hv. þm. veit mætavel. Og þess vegna er það ekki rétt eða drengilegt af honum að halda því fram, að ekki hafi verið hlustað á þessar raddir. Hitt er rétt, að ég – og ég segi þá ég, af því að ég tel mig bera ábyrgð á því – vildi ekki fara að taka út úr einstök viðfangsefni, án þess að skoða málið í heild. Enda var í rauninni aldrei af neinni alvöru farið fram á það.

Hitt er svo aftur annað mál og þar ber á milli um vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj., að ég lýsti alltaf þeirri skoðun minni og stóð á henni alla tíð, sem ég fór með fjárhagsmál sveitarfélaga, að ég teldi, að sveitarfélögin væru að því leyti hliðsettir aðilar ríkinu, að ekki kæmi til mála að fara að breyta tekjustofnum sveitarfélaga, án þess að höfð væri um það bein samvinna við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta væri mál, sem væri ekki síður málefni sveitarfélaganna en ríkisins. Og þess vegna tel ég mjög miður farið, þegar sá kostur var valinn nú við undirbúning þessa frv., – hvað sem um það má segja að öðru leyti, – að sett skyldi verða á laggirnar pólitísk nefnd til þess að athuga þetta mál, án þess að gefa Sambandi ísl. sveitarfélaga kost á sem jafnsettum aðila að koma hér til skjalanna og ræða þetta mál á jafnréttisgrundvelli við fulltrúa ríkisstj. Þetta hafði Sambandi ísl. sveitarfélaga verið boðið á s. l. sumri, að skipa menn í skattamálanefndina sem beina aðila að þeirri nefnd til þess einmitt að ræða þennan þátt málsins, annars vegar tekjustofnamál sveitarfélaganna og hins vegar verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En þessi nefnd var sett frá störfum, það mun hafa verið eitt fyrsta verk ríkisstj., og er hún víst eina nefndin, sem spöruð hefur verið, – það hafa að vísu komið 54 í staðinn, þó að þær ynnu nú ekki að þessum verkefnum. Ég held, að fróðlegt væri að heyra upplýsingar um, hve mörgum hefur verið slátrað. Það hefur nú ekki komið fram enn þá, og meira að segja var ekki reynt að tíunda það af hálfu ríkisstj. í fsp. um nefndamálin, sem rædd var í Sþ. fyrir skömmu síðan, og má það teljast undarleg og ég vil segja einstæð hógværð, ef dregið hefur verið undan að draga fram nefndirnar, sem sparaðar hafa verið, þótt ekki væri beint um það spurt. (Gripið fram í.) Já, það hlýtur að vera. Það má þá segja, að þessi ríkisstj. er einstök að mörgu leyti.

En þetta tel ég, að sé mjög miður farið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, eigi sveitarfélögin að koma fram sem jafnrétthár aðili, þegar um er að ræða málefni, sem varða eingöngu þau. Og ég vil segja, að þetta frv., sem hér er um að ræða, um tekjustofna sveitarfélaga er mál, sem miklu meira varðar sveitarfélögin heldur en ríkið. Það þarf að vísu að skipta hér upp kökunni, eins og þar segir, og gera sér grein fyrir bæði verkefnum og hvernig á að skipta þeim álögum, sem á að leggja á landsfólkið. En það er auðvitað fjarri öllu lagi, að það eigi ekki fyrst og fremst að vera sveitarfélögin eða a. m. k. þau séu jafnréttháir aðilar eins og ríkisstj. að þessu leyti.

En sem sagt, ég legg á það áherzlu, að það er ekki rétt með farið, að menn hafi ekki viljað hlusta á óskir um að breyta framlögum sveitarfélaga, breyta skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Það eina, sem var ósk af minni hálfu, þegar ég fór með þessi mál, var, að þetta mál yrði tekið upp sem heildarviðfangsefni, og það er auðvitað ekki neitt vit í öðru en það sé skoðað niður í kjölinn allt. Hér eru ótal, ótal mörg atriði önnur, sem við hv. 1. þm. Vesturl. vitum báðir, að er um að tefla og ekki er vikið hér að. Það er ekki nema góðra gjalda vert, það er alveg rétt, – og það skal segja, sem gott er, – að létta af þessum gjöldum, þessum nefsköttum. Það þarf að létta af miklu fleiri nefsköttum. Og það var hafin athugun á þeim málum fyrir meira en ári síðan og gerð ítarleg skýrsla um það, sem fjhn. d. fengu þá í sínar hendur og fengu að vinna úr á milli þinga, þannig að það var vissulega margt búið að gera til þess að undirbúa þetta mál.

Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram, að ég er sammála þeim flokkssystkinum mínum, sem hér hafa talað, varðandi afstöðu Sjálfstfl. til þessa frv., eins og það liggur fyrir, og þeirrar gjaldheimtu, sem þar er um að ræða.

Það var talað um það hér áðan, að ég hefði í ræðu á sambandsþingi íslenzkra sveitarfélaga talað um, að fasteignaskattar kæmu til greina sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Og ég skal ekki hverfa á neinn hátt frá því, að ég hafi talið, að það væri tekjustofn, sem kæmi mjög til álita. En það breytir hins vegar ekki því, að ég álít, að það verði að fara hófsamlega í fasteignaskatta og gæta þeirrar sérstöðu, sem hv. 2. þm. Reykv. vék hér sérstaklega að, hvernig ástatt er með fasteignir hér á landi, að hér er meira um það en í nokkru öðru landi, sem við þekkjum og athugað hefur verið, að fólk eigi sínar eigin íbúðir. Og þetta er oftast af miklum vanefnum gert, sem fólk kemur sér upp þessum íbúðum og berst í bökkum. Og eiga að fara að borga svo af þeim háa skatta, það er vitanlega mjög vafasamt.

Það skal fúslega játað, að mér skilst, að það sé hér brtt. á ferðinni um, að fyrstu tvö árin, ef ég man rétt, sé heimilt að undanþiggja þessar fasteignir ungs fólks fasteignasköttum, og það er ekki nema góðra gjalda vert. En auðvitað hrekkur það ákaflega skammt til þess að mæta þessu vandamáli.

Ég er sammála því, að það þarf að endurnýja nýja fasteignamatið, og það er mjög varhugavert, ef það dregst lengi. Ég vil taka það fram, að á s. l. ári var samið frv. um framtíð fasteignamatsins. Þetta fasteignamat, sem framkvæmt hefur verið á undanförnum árum og mönnum hefur þótt taka nokkuð langan tíma, er í rauninni eina fasteignamatið, sem hefur verið framkvæmt hér á Íslandi, sem er hægt að kalla raunhæft fasteignamat. Og það væri mjög miður farið, ef það væri látið renna út í sandinn. En til þess þarf nýja löggjöf. Það þarf að festa í lögum, hvernig að þessu skuli staðið, og sjá um það, að þetta úreldist ekki.

Það er hins vegar auðvitað mjög uggvænlegt, ef til viðbótar þeim háu fasteignagjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, má gera ráð fyrir allt að 20% hækkun matsins, sem nú komi til framkvæmda, þannig að gjöldin verða þá miklum mun hærri heldur en ætla mætti eftir frv., eins og þau liggja fyrir, og því fasteignamati, sem fólk veit nú þegar um, að er á þeirra eignum. En hvað sem um það má segja, þá er það jafnnauðsynlegt engu að síður, að fasteignamatinu sé haldið við í því horfi, sem verðlag hverju sinni segir til um. Þetta skal ég taka undir.

Það hefði auðvitað verið margt, sem hefði verið ástæða til þess að ræða, en ég, eins og ég áðan sagði, skal spara mér það. Varðandi sveitarfélögin tek ég undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er mikil nauðsyn að auka sjálfstæði þeirra, og þess vegna þarf að vinna að fjármálum þeirra með öðrum hætti heldur en hér hefur einmitt verið gert. Og ég vonast til þess, að hæstv. félmrh. snúi við á þeirri braut eða a. m. k. varðandi framhaldið á athugun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnamálum þeirra, sem mér skilst, að sé boðað, að verði haldið áfram athugun á. Ekki verði sá háttur hafður á að setja upp einhliða ríkisskipaða pólitíska nefnd til þess að kanna þau mál, heldur verði settir til þess sérfróðir menn og Sambandi ísl. sveitarfélaga sérstaklega gefinn kostur á að eiga beina aðild að slíkri könnun. Þetta tel ég víst, að hæstv. félmrh. muni við nánari athugun sjá, að er eðlileg og sjálfsögð aðferð.

Það er boðað, að haldið verði áfram könnun þessara mála. Um aðstöðugjöldin er sagt, að um sé að ræða bráðabirgðaráðstöfun. Ég skil nú að vísu ekki þýðingu þess að fara að færa það úr bráðabirgðaákvæði og inn í lögin sjálf og skildi ekki rök hv. frsm. meiri hl. fyrir því, hvaða þýðingu þetta hefði fyrir sveitarfélögin, hvort þetta væri í bráðabirgðaákvæði eða í lögunum sjálfum, nema ætlunin væri að halda aðstöðugjöldunum áfram. Þegar gerð var grein fyrir frv., og ég held, að það standi einnig í grg. þess, þá var það tekið fram, að ætlunin væri, að fyrir næsta þing kæmi framhaldsendurskoðun þessara laga og þess vegna skipti það að sjálfsögðu engu máli, ef ætlunin væri að standa við það, hvort þetta stóð í bráðabirgðaákvæði eða ekki. Hins vegar vitum við, að um þetta er ágreiningur. Það mun hafa verið eitt grundvallarágreiningsefnið, sem olli því, að haldnir voru hinir skringilegu fundir í fjhn. þessarar hv. d., ágreiningur innan stjórnarflokkanna um aðstöðugjaldið, sem ég skal ekki út í fara. En skoðun mín er sú, að það þurfi að fara með mikilli varfærni í sambandi við þetta gjald.

Það var minnzt á það hér áðan, að einkennilegt væri, að ekki hefðu verið rædd hér í d. í sambandi við þetta mál skattalögin, sem sett voru í fyrra, og talað um þau hlunnindi, sem hinn almenni borgari hefði þá fengið að njóta samkv. þeim lögum. Ég þykist vita, að öllum hv. þm. er það kunnugt, að þau lög fjölluðu aðallega um skattamál atvinnurekstrar, og það var aldrei farið neitt dult með það. Það voru að vísu ýmis atriði sett í þau lög, sem voru til hagsbóta fyrir almenning, en það var aldrei dult með það farið, að þessi lög voru nauðsynlegur þáttur í sambandi við inngöngu okkar í EFTA, og ég minnist þess, að á sínum tíma deildu þeir, sem þá voru andstæðir aðild okkar að EFTA, einmitt mjög á það, að íslenzkir atvinnuvegir gætu ekki keppt við EFTA-löndin, vegna þess að svo illa væri að atvinnuvegunum búið. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í þá löggjöf. Við teljum okkur ekki þurfa að blygðast okkar fyrir neitt í sambandi við þá löggjöf og það gefist kostur á að ræða það betur í sambandi við tekjuskattslögin. Það á ekki heima hér. Um þetta vildi ég aðeins taka fram, að það er engin ástæða til þess, að það sé rætt í sambandi við þetta frv., vegna þess að það snertir ekki það mál.

Hitt er annað mál, sem er alveg tvímælalaust og mun koma í ljós. Við getum endalaust karpað um það hér í hv. d., hvort hér er um að ræða umbótamál, eins og hv. stjórnarliðar vilja halda fram, eða stórþyngingu á álögum á borgurum í landinu almennt. Við getum endalaust karpað um það hér, en staðreyndirnar munu koma fram, þegar skattseðlarnir koma. Og það er kannske bezt, að við sættum okkur við það að bíða þess úrskurðar. Það verður þá ekki lengur fram hjá því gengið, hver afleiðing þessa frv. varðandi tekjustofnamál sveitarfélaga og ríkisskattanna verður. En ég vildi mjög mega óska þess vegna almennings í landinu, að það reynist ekki verða jafnalvarleg útkoman úr þessum frv. eins og við stjórnarandstæðingar óttumst að verði, því að það væri vissulega geigvænlegt, og horfurnar í þessum efnum miðað við þá útreikninga, sem skoðaðir

hafa verið og sem virðast sennilegir miðað við tekjuaukningu milli ára. Þá er ég hræddur um, að það verði ekki ákaflega skemmtilegir dagar fram undan hjá fólki, þegar skattseðlarnir koma út á þessu vori.

Ég skal svo ekki, herra forseti, þó að ástæða hefði verið til að ræða mörg önnur atriði, fara út í það og ekki gefa neitt sérstakt tilefni til umr. í þessu sambandi. En ég taldi aðeins nauðsynlegt, ekki hvað sízt vegna ræðu hv. 1. þm. Vesturl., að víkja að þessu efni varðandi vinnubrögðin, af því að ég ber að nokkru leyti ábyrgð á þeim vinnubrögðum í þeim efnum, sem viðhöfð hafa verið til þessa.

Frsm. 1. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs fyrst og fremst til þess að svara nokkru af því, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (AS). Ég sé, að hann hefur nú brugðið sér frá í bili, og það er bezt að ég noti þá tækifærið til þess á meðan hann er í burtu að láta þess getið, að mér hefur verið bent á, að þegar ég talaði fyrr sem frsm. fyrir nál. 1. minni hl. heilbr.- og félmn., þá muni mér hafa orðið á nokkur mismæli. Það var í sambandi við stallastigann fræga, hvernig útkoman yrði á framkvæmdinni. Ég býst við, að þm. hafi gert sér grein fyrir því, að þar var um mismæli að ræða. Ég tók þar annars vegar sem dæmi gjaldþegn, sem hefur 450 þús. kr. tekjur, hins vegar gjaldþegn, sem hefði 450 100 kr. og svo gjaldþegn, sem hefði aðeins undir markinu, sem í gr. er miðað við, sem sé 449 900 kr. Útkoman er sem sé sú, að ef þetta ákvæði hefði orðið að lögum, þá hefði gjaldþegn, sem hefði farið þetta 100 kr. yfir 450 þús. kr. markið, hækkað í útsvörum um 1000 kr. Ég gæti kannske bætt því við núna, að ef slíkur gjaldþegn hefði gert sér grein fyrir því, við hvaða ríkisstj. hann býr, þá hefði hann kannske haft vit á því að fara bónarveg að sínum vinnuveitanda og biðja hann um að lækka árstekjurnar um 200 kr., svo að hann þyrfti ekki að borga 800 kr. í viðbót með þeim.

En það, sem aðallega fékk mig til að kveðja mér hljóðs hér, eru orð hv. 1. þm. Vesturl., þar sem hann deildi á okkur í 1. minni hl. heilbr.- og félmn. fyrir það, sem í nál. er sagt, að ekki hafi verið efnd loforð stjórnarsáttmálans um að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í landshlutum við endurskoðun tekjustofnalaganna. Ég held, að engum hafi dottið í hug að skilja áður tilvitnuð orð í stjórnarsáttmálanum öðru vísi en svo, að þegar á annað borð átti að skipa nefnd til þess að endurskoða lögin, ættu Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin að fá aðild að þeirri nefnd. Það stendur hins vegar, að þessi nefnd hefur verið skipuð pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna. Hv. þm. vildi leggja það nokkuð að jöfnu, að í nefndina hefðu valizt sveitarstjórnarmenn. Það er rétt. Ég vil taka það fram, að ég hef nú ekki talað um reynslu eða reynsluleysi þeirra nm. Mér er engin launung á því hins vegar, að a. m. k. um sumt af því fólki má segja, að það muni hafa litla reynslu. En þó að þetta verði nú þaulreynt fólk heima í sínum héruðum og þekki vel til í sínu umhverfi, þá hefur það ekki þá yfirsýn, sem heildarsamtökin hafa. Og einmitt í því, að það hefur verið gengið fram hjá, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, þeim, sem nánasta þekkingu og bezta yfirsýn hafa yfir þarfir og málefni sveitarfélaganna, það er í því, sem mistökin liggja við endurskoðun laganna.

Þá vildi hv. þm. meina það, – og ég vil gjarnan skjóta því hér inn, að mér finnst hv. þm. ekki hafa mikinn metnað fyrir hönd þessara samtaka, sem hann hefur nú lengi starfað í, – að honum þyki ekkert við það að athuga, að gengið sé fram hjá sveitarstjórnarsambandinu við skipun í slíka nefnd.

Þá taldi hv. þm., að það hefði verið haft samráð, og að því er mér skildist að hans dómi alveg fullnægjandi samráð, við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hef nú hér minnisblað um, hvernig slíkum samræðum hefur verið hagað. 16. ágúst var nefndin skipuð, endurskoðunarnefndin. Á stjórnarfundi sambandsins 13. sept. var samþ. að senda félmrh. og fjmrh. bréf varðandi samþykktir sambandsins um breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og leggja þar sérstaka áherzlu á, að ríkissjóður greiddi allan löggæzlukostnað frá ársbyrjun 1972. Þarna er það sveitarstjórnasambandið, sem á frumkvæðið. 30. sept. s. l. áttu formaður og framkvæmdastjóri sambandsins viðtöl við félmrh. og komu á framfæri við hann aths. um skipun endurskoðunarnefndarinnar. Lét ráðh. að því liggja, að fulltrúa sambandsins yrði bætt í nefndina, en af því varð þó ekki. Þarna er það aftur sveitarstjórnasambandið, sem á frumkvæðið.

Svo eru á stjórnarfundi, fundi í stjórn sambandsins 4. okt., lagðar fram til umsagnar stjórnarinnar hugmyndir og till. endurskoðunarnefndarinnar um breytingar á II. kafla tekjustofnalaganna um fasteignaskatt. Stjórnin gerði till. um allmiklar breytingar og sumar þeirra hafa verið teknar upp í frv., eins og það var lagt fram, en aðrar ekki. Í byrjun okt. voru fulltrúar sambandsins svo loks kvaddir á fund endurskoðunarnefndarinnar, og af sambandsins hálfu sóttu þennan fund formaður og framkvæmdastjóri sambandsins og Jón G. Tómasson varastjórnarmaður, svo og Gunnlaugur Pétursson borgarritari. Vegna stutts fyrirvara náðist ekki í fleiri stjórnarmenn. Á þessum fundi voru fulltrúum sambandsins kynntar þá fram komnar hugmyndir í nefndinni um breytingar á tekjustofnalögunum og var þess óskað, að stjórn sambandsins fjallaði um þessar hugmyndir. 16. nóv. hélt svo stjórn sambandsins fund um málið ásamt nokkrum fulltrúaráðsmönnum sambandsins, sem staddir voru í bænum. Á þeim fundi mætti Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Engar ályktanir voru gerðar á þessum fundi, aðeins rætt um málið á breiðum grundvelli og skipzt á upplýsingum, enda voru till. nefndarinnar ekki fullmótaðar þá, og var helztu niðurstöðum umr. þá komið á framfæri við formann nefndarinnar simleiðis. Eftir þetta hefur ekki verið frekar leitað til sambandsins né samráð við það haft um þessi mál.

Ég verð nú að segja, að ég held, að það gætu flestir verið mér samdóma um það, að þetta sé nú heldur rýr framkvæmd á því að hafa samráð við stjórn eða Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin um endurskoðun tekjustofnalaganna.

Þá vék hv. þm. nokkuð að verkefnaskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga. Það er tæpast hægt að kalla það því nafni, að þarna hafi farið fram verkefnaskipting. Það, sem gerzt hefur, er nánast það bara, að létt hefur verið af sveitarfélögum útgjöldum til málaflokka, sem þau hafa engin umráð yfir.

Þá vitnaði hv. þm. í ályktun þá, sem gerð var á full-

trúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga dagana 18.–20. janúar s. l., þar sem að vísu er farið viðurkenningarorðum um frv., en ég verð nú að segja, að þegar áfram er lesið, þá fer að koma annað hljóð í strokkinn. Og þá, eins og ég hef áður minnzt á, er það alvarlegasta ásökunarefnið, að frv. gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar fyrir sveitarfélögin og það vanti talsvert til að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkv. lagafrv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkv. gildandi lögum og álagningarreglum sveitarfélaga á síðasta ári. Og þó tekið fullt tillit til lækkunar útgjalda sveitarfélaga.

Síðan er í ályktuninni vikið að þéttbýlum sveitarfélögum, sem muni lenda í miklum vandræðum, ef frv. verði að lögum. Og ég skal nú ekki endurtaka það, því að bæði er það í nál. okkar 1. minni hl. heilbr.- og félmn. og einnig las ég það upp hér í umr. í dag.

Það er ekki bara þetta. Svo eru talin upp ýmis einstök atriði, þar sem sambandið telur frv. vera ábótavant, og bent svo á breytingar, sem á því þurfi að gera. Nokkrar af þeim hafa svo verið teknar inn í brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. og hefði, eins og ég áður hef sagt, verið óþarfi að láta þær koma fram sem brtt., ef sveitarstjórnasambandinu hefði verið sá sómi sýndur að bjóða því aðild að endurskoðunarnefndinni og það hefði þar getað komið sínum aths. að.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vildi ítreka það, að ég tel það mjög ámælisvert og ég verð að segja mjög óskynsamlegt að ganga þannig fram hjá sveitarstjórnasambandinu við skipun í nefnd, þegar átti að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, og ég býst nú við því jafnvel, að þeir, sem því réðu, séu farnir að sjá, að það hafi ekki verið vel ráðið.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í þeim umr., sem hafa farið fram hér í dag, hygg ég, að flestir hv. þdm. hafi lýst yfir fögnuði sínum og ánægju með þann hluta nefskatta, sem af er numinn eða af mun verða numinn samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, ef það nær gildistöku á þessu þingi, sem að er stefnt af hálfu ríkisstj. Í tilefni af þessum ábendingum, sem ég mun hafa haft yfir eins og aðrir ræðumenn, þá langaði mig til að beina tveimur fsp. til hæstv. félmrh. Ég sé, að hann hefur nú vikið úr salnum. Ef þess væri kostur að ... Hæstv. félmrh. er kominn í salinn. Ég var að lýsa því hér áðan, að flestallir ræðumenn hér í dag hefðu lýst yfir fögnuði sínum eða ánægju, þótt með mismunandi hætti væri, með afnám þeirra nefskatta, sem frv., sem hér er til umr., ef það verður að lögum, gerir ráð fyrir. Í þessu tilefni langar mig til að beina tveimur fsp. til hæstv. ráðh., sem mér er meinfangalaust, að ekki verði svarað fyrr en við 3. umr. málsins, – en það gæti vel staðið svo á, að ráðh. hefði ekki handbærar upplýsingar um þessi efni, og ég get vel skilið það, enda er fsp. ekki borin fram með venjulegum hætti heldur í miðjum umr.

Það er fyrst og fremst löngun mín að vita, hve fjölmennur sá hópur fólks er, sem fyrir gildistöku þessa frv., ef að lögum verður, greiddi ekki umrædda nefskatta. Það er á vitorði allra hv. þdm., að sá hópur er allstór, og um það hefur ekki verið ágreiningur hér í sölum Alþ., að eðlilegt væri, að vegna stöðu þessa fólks, efnalegrar stöðu þess í þjóðfélaginu, greiddi það ekki þá nefskatta, sem hér er verið að afnema, og væri eðlilegt, áður en málið fer úr d., að menn vissu, hve fjölmennur sá hópur er.

Í öðru lagi, hver verða hlunnindi þessa fólks við gildistöku þessa frv. umfram aðra gjaldþegna hliðstæð þeim, sem það hafði áður og voru, eins og ég áðan sagði, af öllum talin sanngirnis- og réttlætismál.

Ég vona, að þessar tvær fsp. séu nokkuð ljósar og óþarft sé að fara um þær frekari orðum. Þetta er til glöggvunar fyrir hv. þdm., svo að þeir viti, hvernig fyrirhugað er að koma til móts við þetta fólk, sem tvímælalaust hefur bágastar efnalegar ástæður í þjóðfélaginu, umfram aðra gjaldþegna í þjóðfélaginu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Vegna þess að sitthvað úr minni ræðu hefur komið hér inn í þessar umr., þá þykir mér rétt að gera hér aðeins stutta aths. Hún er raunar óþörf, ef málið er skoðað nánar, en ég vil undirstrika það, að það hefur alltaf verið skoðun mín, síðan ég fór að fást við sveitarstjórnarmál fyrir nokkuð mörgum árum og síðan ég kom í samtök sveitarfélaga og fór að starfa í þeim samtökum og með stjórnendum þeirra mála, að þar væri réttur vettvangur fyrir bein afskipti af sveitarstjórnarmálum almennt. Þessi skoðun mín hefur ekki breytzt. Hún breyttist ekki, þó að ég tæki sæti í þessari stjórnskipuðu nefnd. Og ég vil undirstrika það, að það var mér mjög mikið fagnaðarefni á fyrsta fundi þessarar nefndar, þegar það lá fyrir, að hæstv. félmrh. hafði gefið nefndinni þau fyrirmæli að hafa bein samskipti við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um það verkefni, sem nefndinni var falið. Og ég vil undirstrika það, að þessi fyrirmæli hæstv. ráðh. notaði nefndin og gerði það, sem í hennar valdi stóð, til þess að ná sem beztum samskiptum við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um meðferð þessara mála í heild. Og út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem talaði hér áðan og virtist vera með einhverja dagbók um þessi samskipti stjórnar sambandsins við þessa umtöluðu nefnd, þá vil ég einmitt undirstrika það, að þessi samskipti fóru mjög formlega fram og í alla staði í fullri vinsemd frá fyrsta degi til hins síðasta. Og þessu til sönnunar vil ég benda á, að ég hef hér ljósrit af bréfi, sem sambandsstjórn skrifaði nefndinni 5. okt. 1971 og er umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um hugmyndir og till. um fasteignaskatt o. fl. Þar eru lögð fram mjög greinargóð rök fyrir fasteignasköttuninni og þeim samþykktum, sem gerðar höfðu verið í þessu máli á vegum sveitarfélaga, bæði landsþinga og fulltrúaráðsfunda, og nefndinni gerð alveg hreinskilnislega grein fyrir afstöðu sveitarstjórna í landinu til þessa mikilvæga þáttar þessa máls. Þar eru lagðar fram ákveðnar till., sem eru í samræmi við óskir sveitarstjórna í landinu, og nefndin tók þessar till. fyllilega til greina og raunverulega eru þær kjarni þess, sem nefndin lagði til í sambandi við þáttinn um fasteignaskattinn. Og í lok þessa bréfs stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mun væntanlega láta endurskoðunarnefndinni í té fyrir 15. þ. m. [þ. e. 15. okt.] tillögur um breytingar á lagaákvæðum um aðra tekjustofna sveitarfélaga en fasteignaskatt."

Undirritað af formanni sambandsins og framkvæmdastjóra. Þetta sýnir svart á hvítu, að það var

ekkert vafamál, að stjórn sambandsins gerði sér fyllilega grein fyrir því, að þessi umtalaða nefnd vildi hafa einlæg og góð samskipti við samtökin um meðferð þessara mála, og þannig var það einmitt til loka þessa verkefnis. Ég ætla ekki að deila um það, hvort það hefði verið heppilegra, að sambandið hefði haft beina aðild að þessari nefnd. Það er ekki mitt verksvið að gera það. Ég vil aðeins undirstrika það hér, til þess að það valdi ekki neinum misskilningi, að sú er ekki mín skoðun á einn eða neinn hátt, að það eigi að draga úr áhrifum samtaka sveitarfélaga í landinu á þennan hátt. En fyrst ég er kominn hér, þá vil ég aðeins undirstrika eitt lítið atriði, sem ég gleymdi í minni tölu hér í kvöld, og það var að lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að það skyldi hafa orðið að veruleika í sambandi við þetta frv., að samtök sveitarfélaga í landinu, landshlutasamtökin, eru með þessu frv. viðurkennd. Enda þótt þau hafi að vísu ekki enn stoð í sveitarstjórnarlögunum formlega, þá eru þau þó viðurkennd sem staðreynd og sem samtök, sem eiga eftir að vinna sameiginlega fyrir sveitarfélög í hverjum landshluta fyrir sig, þar sem í ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því, að þau fái fastan ákveðinn tekjustofn, sem er 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem skiptist jafnt á milli þeirra. Fyrir þetta finnst mér, að sveitasamtökin í landinu og sveitarfélögin í landinu geti lýst mjög mikilli ánægju sinni yfir því, að þetta gerir þeim kleift að vinna meira á þeim vettvangi, sem þau hafa skapað sér með landshlutasamtökunum og mun verða til þess að efla sveitarfélögin í landinu og uppbyggingu þeirra.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í umr. hv. síðasta ræðumanns og hv. 6. þm. Reykv. En ég held, að við, sem vorum hér við 1. umr., ættum að muna það, að þar kom fram, að frv. það, sem hér er til umr., hafi ekki verið lagt fram í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Hygg ég, að það segi nægilegt í þessu efni.

Þessar umr., sem hafa orðið um þetta frv., eru nú orðnar alllangar. Það hefur margt komið fram, en ég hygg, að það sé einkennandi fyrir málflutning stjórnarliða, hæstv. félmrh. og þeirra stuðningsmanna ríkisstj., sem hafa talað við 1. umr. um þetta frv. og nú við 2. umr., að þeir hafi lagt megináherzlu á tvennt. Í fyrsta lagi, að frv. efli sjálfstæði sveitarfélaga, og í öðru lagi, að létt væri skattbyrðum af þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þetta hvort tveggja hefur verið nægilega hrakið og marghrakið í umr. Ég skal því ekki tefja umr. með því að endurtaka það, sem aðrir hafa sagt um þetta efni og ég sjálfur sagði um þetta efni við 1. umr. málsins. En ég get þó ekki stillt mig um að víkja að atriðum, sem sýna sérstaklega vel misræmið á milli þess annars vegar, sem ríkisstj. og lið hennar segist vilja, og hins vegar þess, sem þeir ætla að gera. Ég tek aðeins dæmi. Þau sýna, að hinn langi tími, sem ríkisstj. hefur tekið sér til umhugsunar milli 1. og 2. umr., hefur ekki nægt til þess að samræma orð og gerðir, nema síður sé. Ég sagðist skyldi taka dæmi.

Ég vík að einu atriði í brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 389. 5. liður er á þá leið, að við 10. gr. bætist nýr stafl., sem hljóði: e. Bankar og sparisjóðir. M. ö. o., meiri hl. n. gerir það að till. sinni, að lögð verði landsútsvör á banka og sparisjóði. Við fyrstu sýn kann það að þykja ekki óeðlilegt að hafa bæði banka og sparisjóði undir þessu ákvæði. En þegar betur er að gáð, þá sjá menn, að í þessu sambandi er um gerólíka hluti að ræða. Bankarnir hafa starfsemi, sem dreifist út um allar byggðir landsins, bæði með útibúum, sem þeir hafa, og með lánastarfseminni, sem í mörgum greinum fer eftir almennum reglum og nær til alls landsins.

Þessu er ekki til að dreifa um sparisjóðina. Starfsemi sparisjóðanna er bundin við ákveðin byggðarlög, í flestum tilfellum við ákveðið sveitarfélag. Það er yfirleitt regla þessara lánastofnana, að þær lána ekki út fyrir byggðarlögin. Einmitt vegna þessa séreðlis sparisjóðanna eru þeir ákaflega þýðingarmiklir fyrir hin einstöku byggðarlög og til uppbyggingar víða um landið og stuðla að því, sem við köllum jafnvægi í byggð landsins. Það er ekki óalgengt, að það sé hægt að finna orsakasamband milli vel rekins sparisjóðs og blómlegs byggðarlags. Þetta þekkja allir, sem nokkuð þekkja til landsbyggðarinnar. Með því að hér er um gerólíkt að ræða, banka og sparisjóði, þá á í þessu efni ekki að mínu viti að gilda það sama um hvort tveggja.

Ég hef ekkert á móti því og tel raunar eðlilegt, að lagt sé landsútsvar á bankana. Það mætti spyrja, hver væri ástæðan hins vegar fyrir því, sem lagt er til í brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn., að það verði kveðið svo á, að bankarnir skuli greiða 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka. Ég skal ekki segja, hvað þetta nemur miklum fjárhæðum eða reiknað er með, að þetta nemi miklum fjárhæðum. Mér þykir eðlilegt, að það séu gefnar hér upplýsingar um það. Þær hafa ekki komið. En ég bendi á það, að bankarnir hafa margs konar starfsemi, meiri starfsemi heldur en innlán og útlán gera, og ég varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki komi eins til greina að leggja á nettóhagnað bankanna, en ekki tiltaka þessa skattálagningu með þessum hætti.

En ég vík aftur að sparisjóðunum. Sparisjóðirnir eru ekki einu innlánsstofnanirnar úti á landi. Það eru til innlánsstofnanir víða um land, innlánsdeildir kaupfélaganna. Ég tek eftir því, að það er ekki í till. meiri hl. n. gert ráð fyrir að skattleggja innlánsdeildir kaupfélaganna. Þarna er þó um alveg hliðstæðar stofnanir, ég segi ekki alveg hliðstæðar, en svipaðar stofnanir að ræða. En ég geri það ekki að till. minni, að lagt sé á innlánsdeildir kaupfélaganna. Ég held, að hið sama eigi að gilda um innlánsdeildir kaupfélaganna eins og sparisjóðina og það eigi ekki að leggja landsútsvar á þessa aðila, hvorugan þeirra.

En víkjum nánar að þeirri hugmynd, mér liggur við að segja þeirri fráleitu hugmynd, að ætla að leggja landsútsvör á sparisjóðina. Og þá skulum við athuga, hvaða hugmyndir liggja til grundvallar landsútsvarinu. Í 10. gr. frv. eru ákvæði um það, óbreytt frá gildandi lögum, hverjir skuli greiða landsútsvörin. Það eru ríkisfyrirtæki, sem eiga að gera það og olíufélögin. Það var reiknað með því, þegar þetta var upphaflega sett í lög, að starfsemi olíufélaganna, eignir þeirra og tæki væru um allt landið.

Samkv. þessari grundvallarreglu um landsútsvar eru engar frambærilegar ástæður fyrir því að leggja landsútsvar á sparisjóðina. Þetta hefði mátt ætla, að væri nokkuð augljóst. En það hefur greinilega ekki verið

ljóst þeim, sem gera þessa till., og þeim hefur meira að segja verið það svo óljóst, að ekki er samkv. till. meiri hl. n. gert ráð fyrir, að sama regla gildi um landsútsvar af sparisjóðum og önnur landsútsvör. En sú regla er nú í gildandi lögum um landsútsvör og er tekin upp í 13. gr. þessa frv., að fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess. Hvert einstakt sveitarfélag er þó látið njóta sérstaklega landsútsvarsins að nokkrum hluta. En samkv. þeirri brtt., sem hér er gerð, þá á þetta ekki að gilda um landsútsvar af sparisjóðum. Sjá allir, hvílík fjarstæða slíkt er, og ætti raunar ekki að þurfa að fjölyrða frekar um það.

Ég sagði, að ég ætlaði að láta mér nægja að taka dæmi. En þetta er gott dæmi um það, hvernig stjórnarliðar standa að þeim loforðum sínum að stuðla að því, að efldar verði hinar dreifðu byggðir landsins. Þeir gera till., sem miða algerlega í gagnstæða átt.

Ég skal þá taka annað dæmi, og það eru fasteignaskattarnir. Ég skal ekki ræða um þá hér á sama hátt og ég gerði við 1. umr. En ég minnist á þá hér af alveg sérstöku tilefni. Hv. 6. landsk. þm. ræddi um fasteignaskattana og gerði það með þeim hætti, að ég tel nauðsynlegt að víkja nánar að þeim. Það var helzt að skilja á þessum hv. þm., að fasteignaskattarnir væru mikið heillaráð. Hann lagði ekki sérstaka áherzlu á þá til að efla tekjustofna sveitarfélaganna. Það, sem hann lagði einkum áherzlu á, var, að þeir væru mikið heillaráð til þess að ná til þeirra, sem hefðu getað komizt undan sköttum. Ég hef ekki heyrt þetta sjónarmið fyrr, en hv. þm. lagði mikla áherzlu á þetta sjónarmið. Það má kannske mikið vera, að það sé ekki þetta sjónarmið, sem mestu ráði um það, að hæstv. ríkisstj. gerir það að stefnu sinni að hækka stórkostlega fasteignaskattana.

En lítum þá nánar á fasteignaskattana og eðli þeirra. Fasteignaskatturinn þýðir það, að verið er að skattleggja eina tegund fjármunamyndunar umfram aðra. Hvaða ástæður eru til þess? Ég spyr. Er ekki hæpið að gera slíkt? Það hlýtur að vera tilgangur með þessu eða ætti að vera það eða a. m. k., að þetta ætti að hafa einhverjar afleiðingar. Það liggur beinast við að álykta sem svo, að skattur sérstaklega á þessum eignum dragi úr fjármunamyndun á þessu sviði. Er það þá gert til þess að örva fjármunamyndun á einhverjum öðrum sviðum, til þess t. d. að örva menn til þess að kaupa verðbréf eða kaupa hlutabréf? Og það má þá spyrja: er ástæða til þess að leggja meira á það fjármagn, sem er bundið við jörðina, heldur en það fjármagn, sem er geymt í bankahólfum eða peningaskápum?

Þá er önnur veigamikil spurning í þessu efni. Hvaða áhrif hefur fasteignaskattur á sparnaðinn í landinu? Og ef á að draga úr sparnaði í fasteignum, er þá ekki nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að örva annan sparnað, eða ætlast menn til, að eyðslan verði aukin? Það hefði t. d. mátt ætla, að um leið og ríkisstj. vildi draga úr þessum sparnaði, þá setti hún beina reglu til þess að örva sparnað t. d. í formi hlutabréfakaupa eða verðbréfakaupa. En þetta er greinilega ekki ætlun ríkisstj., sbr. að í frv. um tekju- og eignarskatt, sem liggur fyrir hv. Nd., er lagt til að fella niður ákvæði um skattfrjálsan arð af hlutafé að ákveðnu marki.

En hvernig kemur svo fasteignaskatturinn niður? Það á að leggja fasteignaskatt á atvinnurekstur. Það kemur ákaflega mismunandi niður, því að það er mjög mismunandi, hvað atvinnurekstur þarf á fasteignum að halda. Sá atvinnurekstur, sem við venjulega köllum framleiðsluatvinnuvegina, þarf á mestum fasteignum að halda. Það er sama, hvort það er sjávarútvegur, frystihús, landbúnaður eða sláturhús. Fasteignaskattur beinist fyrst og fremst að þeim atvinnuvegum, sem verða að leggja mest í fasteignir. Og innan einstakra atvinnuvega er þetta einnig mjög mismunandi, t. d. í verzlun. Sú verzlun, sem fæst mest við nauðsynjavörur, þarf alla jafna mestar fasteignir. En það er hægt að reka heildsölur með munaðarvörur án þess að eiga nokkrar fasteignir.

Ég hygg, að ef það er meiningin hjá ríkisstj. að ná sérstaklega til þeirra, sem betur eru settir í þjóðfélaginu, þá sé þetta ekki leiðin til þess. Þeim er í lófa lagið að festa fé sitt í öðrum eignum, sem ekki eru skattlagðar til jafns við fasteignir. En það á að auka stórlega fasteignaskatta á öllu íbúðarhúsnæði í landinu, og menn komast ekki hjá því að búa í húsum. Þessi skattur kemur ekki sérlega hart niður á þeim, sem hafa háar tekjur eða eiga miklar eignir. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði kemur harðast niður á þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Ég sagðist ætla að taka dæmi. Þetta var dæmi um það, að þegar stjórnarliðar segja, að þeir séu að leggja til málanna að bæta hag þeirra verst settu, þá eru þeir að gera þveröfugt. Svona mætti halda áfram að taka dæmi. En ég lofaði því, að ég skyldi ekki lengja þessar umr. um of. Mér þykir nægilegt að benda á þessi dæmi til þess að sýna fram á vinnubrögð stjórnarinnar í þessu máli.

Ég sagði í upphafi, að það hafi margir bent á annmarka þessa frv., og það hefur ekki verið dregið úr ádeilum og ábendingum við 2. umr. En svo er að sjá, kannske rætist úr því, að hæstv. félmrh. sé hættur að halda uppi vörnum fyrir þetta frv., því að það hefur ekki heyrzt eitt orð frá honum í þessum umr. Ég geri mér nú ekki mikla von um, að þar sé um hugarfarsbreytingu að ræða. En segja mætti mér, að bæði hann og ýmsir aðrir í stjórnarliðinu sjái nú betur en áður, að hyggilegra hefði verið að fara með gát í skattamálunum og undirbúa frv. og till. um þau af meiri kostgæfni og meiri fyrirhyggju en gert hefur verið.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 399 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, ÞK, AuA, GH, JónÁ, MJ, OÓ.

nei: TÁ, RA, StH, AS, HK, BFB, EÁ, GeirG, HFS, JÁH, MÓ, BJ.

EggÞ greiddi ekki atkv.

Till. á þskj. 402 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 11:9 atkv.

Brtt. 389,1 samþ. með 11:7 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 219 felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, RA.

nei: HK, BFB, EÁ, GH, JónÁ, MJ, MÓ, OÓ, TÁ, StH, SteinG, ÞK, AuA, AS, BJ.

Brtt. 389,2 samþ. með 11:7 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,3.a samþ. með 19 shlj. atkv.
– 389,3.b samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 403,1 felld með 18:2 atkv.
– 389,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
14.–22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,8.a–c samþ. með 17 shlj. atkv.
– 403,2.a felld með 11:2 atkv.
– 389,8.d–e samþ. með 12 shlj. atkv.
– 403,2.b felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG.

nei: AS, HK, BFB, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, TÁ, RA, StH, BJ.

Brtt. 403,2c.a–c felld með 11:9 atkv.
– 403,2.c.d felld með 11:4 atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,9 samþ. með 16 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,10 (ný 25. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
– 389,11 (ný 26. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
– 389,12 samþ. með 19 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,13 samþ. með 17 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 389,14 samþ. með 20 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
31.–35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,15–16 (ný kaflafyrirsögn og ný gr., verður 36. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
36.–40. gr. (verða 37.–41. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 389,17 (ný 41. gr., verður 42. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
– 416 samþ. með 11 shlj. atkv.
– 389,18 samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 419).

Frsm. 1. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. þd. var það boðað af okkur, sem skipum 1. minni hl. heilbr.- og félmn., að við mundum, ef felld yrði frávísunartillaga okkar, flytja við frv. brtt. við 3. umr. Frávísunartillagan hefur nú verið felld og frv. með áorðnum breyt. meiri hl. n. afgreitt til 3. umr. gegn atkv. allra þm. stjórnarandstöðunnar.

Af mörgum göllum þessa frv. er sá verstur og alvarlegastur, að með því er þrengt svo kosti sveitarfélaganna í tekjuöflun til að mæta nauðsynlegum útgjöldum, að til vandræða mun horfa fyrir ýmis sveitarfélög. Hefur líka Samband ísl. sveitarfélaga lagt megináherzlu á það, hvílík hætta stafar af slíku, en um leið er ríkinu ætlað, samkv. stjfrv. um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir hv. Nd., að taka í sinn hlut stórkostlega aukna beina skatta af gjaldþegnunum. Þessari öfugþróun viljum við snúa við, og það er í samræmi við þá stefnu okkar sjálfstæðismanna, að beinir skattar falli að miklu eða öllu leyti í hlut sveitarfélaganna, en ríkið afli sinna tekna með óbeinum sköttum.

Meginbrtt. okkar á þskj. 431 ganga í þá átt, að ríkið skili sveitarfélögunum hluta af þeim feng, sem því er nú ætlaður með tekjuskattsfrv. ríkisstj. Ég segi skila aftur, því að það er ekki ætlunin að þyngja beina skatta á gjaldþegnunum. Sjálfstæðismenn í Nd. flytja jafnframt brtt. við skattafrv. ríkisstj. þess efnis, að tekjuskattar á einstaklinga og félög lækki að sama skapi. Áætla má, að tekjustofnafrv. án álagsheimildar gefi sveitarfélögunum um 260 millj. kr. minna en núgildandi tekjustofnalög gæfu sveitarfélögunum með sömu nýtingu á álagningarreglum og sveitarfélögin höfðu á síðastliðnu ári, en eins og allir vita voru álagningarheimildir þá ekki líkt því notaðar til fulls. Í þeim brtt., sem við flytjum nú við frv., má áætla, að fyrsta brtt., sem er um framlög úr ríkissjóði, sem nemi 5% af skattgjaldstekjum einstaklinga til tekjuskatts, gefi 455 millj., en önnur mgr. í 11. brtt., þ. e. 23% af skattgjaldstekjum félaga, gefi 227 millj., eða samtals gefi þetta um það bil 680 millj. kr. Hins vegar rýrir niðurfelling álagsheimildarinnar á fasteignaskatt tekjur sveitarfélaga, en við leggjum til, að hún falli burtu. Niðurfelling þeirrar álagsheimildar mundi rýra tekjur sveitarfélaganna um 225 millj. og hækkun á útsvarsfrádrætti samkv. 12. brtt. okkar mundi rýra tekjurnar um um það bil 268 millj. Samtals yrði þetta í kringum 490 millj., og mismunur þessa mundi þá þýða það, að eitthvað innan við 200 millj. meira kæmi í hlut sveitarfélaganna en samkv. frv., eins og það nú er.

Ég skal nú gera grein fyrir einstökum brtt. Fyrsta brtt. okkar er við 1. gr. frv., en í þeirri gr. segir, hverjir séu tekjustofnar sveitarfélaga. Er lagt til, að við bætist framlag úr ríkissjóði, sem nemi 5% af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr. tekju- og eignarskattslaga nr. 68 frá 1971, en hér er um að ræða tekjuskatt einstaklinga.

Ég skal þegar í framhaldi af þessari brtt. víkja að 16. brtt. okkar á þskj. 431, en hún er um þetta sama efni. Þar segir, að slík framlög ríkissjóðs skuli renna til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkv. ákvæðum tekju- og eignarskattslaga nr. 68/1971.

Önnur brtt. okkar er við 3. gr. frv., þar sem fjallað er um fasteignaskatta. Í a-lið brtt. er lagt til, að í stað þess, að samkv. frv., eins og það liggur fyrir, er skylt að leggja á fasteignaskatt, komi heimild sveitarstjórnar til slíkrar skattheimtu, sem hver einstök sveitarstjórn metur þá sjálf, hvort hún vill nota. En misjafnlega rík þörf getur verið í hinum einstöku sveitarfélögum til þess að leggja

á slíkan skatt. Í c-lið brtt. er lagt til, að 3. mgr. frvgr., þ. e. heimildin til 50% álags á fasteignaskatt, falli niður. Þó að fasteignaskattur sé eftir atvikum eðlilegur tekjustofn sveitarfélaga, þá verður vissulega að gæta hófs í álagningu skattsins. Hann leggst með sama þunga á fasteignir, hvort sem á þeim hvíla miklar skuldir eða e. t. v. engar, og getur orðið tilfinnanlegur fyrir þá, sem eru að brjótast í að eignast fyrir sig og fjölskyldu sína húsnæði, sem er e. t. v. að mestu leyti í skuld, en í þeim hópi er, eins og menn vita, mikill fjöldi af ungu fólki. Auk þess er samkv. þessari gr. frv. um að ræða svo mikla hækkun fasteignaskatts, frá því sem verið hefur, að við teljum, að lengra beri ekki að ganga og heimild til álags á skattinum eigi þess vegna að fella úr frv.

Þriðja brtt. er við 4. mgr. 4. gr. frv. Ég ætla, að þessi brtt. skýri sig sjálf. Það er eðlilegt, að sveitarfélögin ákveði sjálf, hvenær þau innheimta skattinn. Það getur t. d. verið til hagræðis fyrir gjaldendur að hafa gjalddaga fleiri en tvo, eins og gert er hér ráð fyrir í frv. að þeir geti verið mest.

Þá er 4. brtt. okkar við 5. gr. frv. A-liður er við 1. mgr. Þessi mgr. í frv. er óljós, eins og hún er orðuð. Með þeirri breyt., sem hér er lögð til, ætti orðalag hennar ekki að verða misskilið og ég vil taka það fram, að þessi brtt. er í samræmi við ábendingu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. B-liður brtt. er við 3. mgr. Hér er lagt til, að heimild til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts sé við það bundinn, að þeir gjaldendur, sem hér er um að ræða, noti húsnæðið til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína. Þessi brtt. er einnig í samræmi við ábendingu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og einnig liggur nú fyrir hv. Nd. Alþ. þáltill., sem gengur í þessa átt.

Þá er það 5. brtt. okkar og hún er við 10. gr. frv., þar sem upp eru taldir þeir, sem landsútsvör eiga að greiða. Við 2. umr. var gerð sú breyt. á frv., að við 10. gr. bættist nýr liður, e-liður, bankar og sparisjóðir. Brtt. okkar gengur í þá átt, að sparisjóðir verði þarna niður felldir. Það hefur verið vikið að því fyrr í þessum umr., að sparisjóðirnir hafa þá sérstöðu að þjóna yfirleitt afmörkuðum svæðum, þ. e. þeim byggðarlögum, sem þeir eru staðsettir í. Það er þess vegna ekki sanngjarnt, að þeim sé gert að greiða landsútsvör og þau gangi meira að segja óskipt í Jöfnunarsjóð, eins og í frv. segir. Við leggjum þess vegna til, að þeir verði felldir niður úr e-lið 10. gr., og orðist hún þá eins og brtt. okkar hljóðar.

Sjötta brtt. er við 11. gr. frv., og hún er raunar í beinu framhaldi af 5. brtt., eins og hv. þm. verður sjálfsagt ljóst.

Sjöunda brtt., sem við flytjum, er varatillaga við 13. gr. frv. Fari svo, að 5. brtt. okkar verði felld og að sparisjóðirnir verði áfram í e-lið 10. gr., þá teljum við það alla vega lágmarkskröfu, að ¼ hluti landsútsvars þeirra renni til þess sveitarfélags, sem þeir eru staðsettir í, og sú mundi verða reyndin, ef brtt. okkar yrði samþykkt.

Þá er það 8. brtt. okkar. Hún er í samræmi við b-lið 10. brtt., þar sem ræðir um útsvör á félög, og sama er um að segja um 9. brtt.

Þá kem ég að 10. brtt., sem er við 23. gr. frv. A-liður er við 1. mgr. Hún orðist svo sem þar segir. Hér er í raun aðeins um orðalagsbreytingu að ræða til samræmis við 8. brtt. okkar. B-liður brtt. er á þá leið, að ný mgr. komi inn í frv., sem verði 4. mgr. 23. gr., og í þessari brtt. segir, á hvaða tekjur annarra aðila, þ. e. félaga og stofnana, skuli leggja útsvar. Í c-lið er lagt til, að tekin verði ný mgr. inn í 23. gr., og með þessari brtt. okkar er lagt til, að gjaldanda sé ávallt gefinn kostur á að gæta réttar síns, ef sveitarstjórn hyggst breyta framtali hans honum í óhag, og það gildir, hvort sem um er að ræða breytingu samkv. heimild í 4. mgr. 23. gr. eða aðrar breytingar. Niðurlag þessarar brtt. tel ég, að skýri sig sjálft.

Þá kem ég að 11. brtt., sem er við 25. gr. frv. Hún orðist svo sem þar segir. Fyrri mgr. þessarar brtt. er efnislega samhljóða 1. mgr. 25. gr. í frv., nema hvað vitnað er til 4. mgr. í 10. brtt. okkar, sem er við 26. gr. og ég mun síðar koma að. Síðari mgr. í þessari brtt. fjallar svo um útsvör félaga, sem skuli vera 23% af skattgjaldstekjum þeirra, og í þeirri mgr. er einnig vitnað í 4. mgr. 10. brtt. við 23. gr. frv.

Þá er komið að 12. brtt. okkar og í 1. mgr. þeirrar brtt. er lagt til, að útsvarsfrádráttur hækki úr 7 000 kr. í 10 000 hjá hjónum og einstæðum foreldrum, úr 5 000 í 7 000 hjá einstaklingum. Útsvarsfrádráttur hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, sé 5 000 hjá hvoru og frádráttur vegna barns hækki úr 1 000 í 1 500 kr. Niðurlag þessarar mgr. brtt. er samhljóða því, sem er í frv. 2. og 3. mgr. þessarar brtt. eru samhljóða frv. og í 4. mgr. eru ákvæði um það, að ef útsvör reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um, þá megi hækka eða lækka hundraðshluta þá, sem um ræðir í 25. gr., að réttri tiltölu, þangað til áætlunarupphæð er náð að viðbættum 5–10%. Hækkun hundraðshlutanna má þó aldrei fara fram úr 10%.

Þrettánda brtt. er við 29. gr. frv., þar sem 1. mgr. a-liðar ræðir um fyrirframinnheimtu útsvara. Í frv. er gert ráð fyrir 50%. Við leggjum til með þessari brtt., að það verði 60%, sem heimilt verði að innheimta fyrir fram á þennan hátt. Þá er b-liðurinn í 13. brtt. okkar um breytingu á gjalddaga, bæði á fyrirframinnheimtu útsvari og álögðu útsvari, þ. e. eins og tvær brtt., sem ég hef áður um getið. Þetta er gert í samræmi við ábendingu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og þá haft í huga, að innheimta 1. des. kemur nokkuð harkalega við gjaldendur. Eins og allir vita, er desember gjaldahæsti mánuður ársins, það mun víst vera óhætt að segja að öllum jafnaði hjá hverjum og einum, og þessi breyting á gjalddögum mundi þýða það, að þeir færðust til, þannig að ekki kæmi til innheimtu í desembermánuði.

Þá er ég komin að 14. brtt. okkar, sem er við 30. gr. frv., að aftan við m-lið komi svo hljóðandi viðbót: „enda hafi verið haldið eftir af kaupi hans í samræmi við kröfur sveitarstjórnar.“ Þetta er, hygg ég, mjög eðlileg brtt., og hún satt að segja gæti komið í veg fyrir misnotkun í þessu sambandi. Það mætti hugsa sér jafnvel, að aðili, sem sér fyrir gjaldþrot, notaði sér að halda eftir af kaupi launþega síns meiru en honum raunverulega hefði borið að gera og gæti gert það í fullu trausti þess, að launþeginn yrði ekki fyrir neinum skakkaföllum þar af.

Þá kem ég að 15. brtt., þar sem ræðir um aðstöðugjöld. Við 2. umr. málsins voru ákvæði, sem áður voru til bráðabirgða, færð inn í lagafrumvarpið sjálft, og það var satt að segja erfitt að skilja öðru vísi en svo, að með því væri ætlunin að halda aðstöðugjöldunum áfram, þrátt fyrir þá stefnuyfirlýsingu, sem gefin er í aths. með

frv., að að því skuli stefnt, að þau falli niður, þegar þetta ár er liðið. Í þessari brtt. felst það, að gagnstætt því, sem nú er í frv., að notkun heimildarinnar sé bundin við það, að einstök sveitarfélög hafi nýtt hana á síðastliðnu ári, þá er hér lagt til, að heimild til að leggja á aðstöðugjöld verði slík, að ekki megi það vera hærra en allt að helmingi þess hámarks, sem leyft var á síðastliðnu ári. Hins vegar sé ekki dyrunum lokað fyrir sveitarfélögunum, sem einhverra hluta vegna kynnu ekki að hafa notað sér álagningarheimildina á síðastliðnu ári, og eins og ég sagði, þá er heimildin lægri í okkar till., sem sé að nota helming af álögðu aðstöðugjaldi í stað þess, að samkv. frv., eins og það nú er, er heimilt að innheimta 65%.

Um 16. brtt. hef ég áður rætt.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessum brtt. og ég hef gert í upphafi máls míns nokkra grein fyrir, hvað það mundi þýða í auknum tekjumöguleikum fyrir sveitarfélögin, og ég vil bæta því við, að þegar ég þar miðaði við nýtingu núgildandi laga, nýtingu ákvæða þeirra, eins og hún varð hjá sveitarfélögum á síðastliðnu ári, þá auðvitað höfðu þau miklu meiri möguleika, sem þau ekki hafa nýtt sér, því að það hlýtur eðli sínu samkvæmt að vera mjög misjafnt, hver tekjuþörf sveitarfélaganna er. Þessar brtt., sem við flytjum, miða að því að draga úr þeirri skerðingu á sjálfsforræði sveitarfélaganna, sem þetta frv. felur í sér.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa fleiri orð um frv. eða brtt. að svo stöddu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 421, 431 og 432, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins geta þess til að vekja athygli hv. dm. á því, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur á fundi sínum í fyrradag samþykkt enn á ný áskorun til Alþ., og með því að hv. 1. þm. Vesturl. vitnaði annars vegar sérstaklega í fyrri samþykkt sambandsins og fulltrúaráðsfundar þess í janúarmánuði s. l. og hins vegar, að því er ég einnig hygg, í þessa nýju yfirlýsingu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga að nokkru leyti, þá tel ég ástæðu til þess, að hv. dm. sé kunnugt, hvað í þessari ályktun felst.

Það hefur verið spurt um það og nokkuð rætt og jafnvel um það deilt, hvort Samband ísl. sveitarfélaga telji fram komið tekjustofnafrv. fullnægjandi. Það er alveg rétt, að fram hefur komið í ályktun fulltrúaráðsfundar, að að mörgu leyti telji sambandið frv. stefna í rétta átt og horfa til einföldunar. Ég er að vísu ekki sammála seinni liðnum, en get tekið undir það, að í nokkrum atriðum horfir frv. sem slíkt í rétta átt, en að meginstefnu til, nefnilega þeirri að sjá sveitarfélögunum fyrir nægilegum tekjustofnum, er frv. mjög gallað, eins og ég hef þegar rakið og skal ekki endurtaka nema þá að litlu leyti.

En þessi ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga gerir það alveg ljóst, hvaða augum samtökin líta frv. eftir að brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. eru komnar fram. Og í þessari yfirlýsingu segir stjórnin, með leyfi forseta: „Stjórn sambandsins telur, að enn sem komið er skorti mjög á, að þau meginsjónarmið, sem fram komi í þeirri ályktun fulltrúaráðsfundarins [frá því í janúar] hafi verið tekin til greina af meiri hluta n. Stjórnin beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþ., að gerðar verði breyt. á frv. í samræmi við ályktun fulltrúaráðsins. Stjórnin ítrekar það, sem segir í ályktun fulltrúaráðsins ...“ Síðan er tekinn mjög mikill kafli úr þeirri ályktun en sá kafli er tekinn upp í nál. 1. minni hl. heilbr.- og félmn., svo að ég skal ekki endurtaka hann, nema að þar segir, „að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar.“ Og vitnað er til skýrslu Efnahagsstofnunarinnar og fleiri aðila, að það vanti talsvert til að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkv. lagafrv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkv. gildandi lögum og álagningarreglum sveitarfélaga á síðasta ári, og er þó tekið fullt tillit til lækkunar útgjalda sveitarfélaga.

Þá er bent á nokkur atriði, sem lagfæra þarf. Síðan er rétt að það komi fram, sem stjórnin segir: „Stjórn sambandsins er þó ljóst, að sitthvað af ábendingum fulltrúaráðsins hefur verið tekið til greina og metur það fyllilega, en meginatriðum í ályktun fulltrúaráðsins hefur þó ekki verið sinnt, svo sem vonir stóðu til, og áréttar stjórn sambandsins eindregnar óskir um, að frv. verði breytt í samræmi við ályktanir fulltrúaráðsfundarins. Ef svo verður ekki gert, telur stjórnin, að töluvert sé gengið nærri sjálfstæði sveitarfélaganna, en slíkt virðist henni vera gagnstætt yfirlýstri stefnu allra þingflokka.“

Ég vildi láta þetta koma hér fram, því að þetta álit stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga styður að meginefni til það, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram í umr. um þetta tekjustofnafrv.

Ég vil svo aðeins ítreka það, að brtt. þær, sem 1. minni hl. heilbr.- og félmn. hefur hér flutt, horfa mjög til bóta í þá átt, að sveitarfélögin fái aukinn þátt og hlut í beinum tekjusköttum, og bætir úr því, sem óbreytt tekjustofnafrv. mundi leiða til, nefnilega til þess, að slitið væri á tengsl milli atvinnurekstrar og sveitarfélaga. Með því að sveitarfélögin haldi áfram sínum óbreytta hlut í tekjuskatti félaga, eða í raun 23% af hreinum tekjum félaga atvinnurekstrarins, þegar á heildina er litið, þá er stórt skref stigið í átt til þess, að þessum tengslum sé við haldið. En það er hvorum tveggja, atvinnurekstrinum og sveitarfélögunum mjög mikilvægt og er til þess fallið, að sveitarfélögin kosti fremur kapps um það, að skapa atvinnurekstri í sveitarfélögum sínum viðunandi skilyrði og geri þau skilyrði aðlaðandi fyrir atvinnuvegina.

Þá tel ég rétt að minna á, að auknir persónufrádrættir samkv. brtt. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. eru réttlætismál, annars vegar gagnvart skattþegnunum og hins vegar einnig gagnvart sveitarfélögunum. Gagnvart skattþegnunum er það til að taka, að réttilega hefur verið hér haldið fram ágæti þess, að afnumdir eru persónuskattar eða svo kallaðir nefskattar. Bent hefur verið á, að margir tekjulitlir námsmenn og aðrir lágtekjumenn hafi þurft að borga slíka skatta og þeir hafi numið 10 þús. kr. eða um það bil á síðasta ári. Með hinum lágu persónufrádráttum, sem tekjustofnafrv. gerir ráð fyrir, eins og það liggur nú fyrir í d., er fyrirsjáanlegt, að margir námsmenn með nokkrar sumartekjur mundu þurfa að greiða útsvar til sveitarfélags. Sömuleiðis liggur það beint við, að ýmsir lágtekjumenn

og lágtekjuhópar yrðu útsvarsskyldir til sveitarfélags. Hér er um að ræða óréttláta skattheimtu gagnvart skattþegnunum, en einnig og um leið mjög ótraustan tekjustofn fyrir sveitarfélögin í landinu, sem eiga að sækja þessa fjármuni til þessa tekjulága fólks. Og í þessu kemur einnig fram skýringin, af hverju ýmis þau sveitarfélög, sem hingað til hafa verið á flæðiskeri stödd og þurft að nota álag á útsvarsstigann, auka mjög tekjur sínar með hinu nýja fyrirkomulagi, sveitarfélög eins og Siglufjörður og aðrir kaupstaðir landsins, þar sem fólk hefur haft lágar tekjur. Þetta lágtekjufólk lendir í útsvarsgreiðslum samkv. hinu nýja frv.

Ég vil svo árétta þá skoðun mína, að þótt rétt sé og að vísu eðlilegt, að fasteignaskattar hækki nokkuð, þá er nauðsynlegt, að þeir séu hóflegir og á þá sé litið sem þjónustuskatta fyrir þjónustu, sem sveitarfélögin inna af hendi. Fasteignaskattar mega því ekki hækka og alla vega alls ekki í einum áfanga svo mikið sem ráð er fyrir gert, en það gæti orðið, samkv. því, sem formælendur frv. hafa hér sagt, um þreföld eða sjöföld eða jafnvel upp undir áttföld hækkun, sem þar er á ferðinni. Það er óviðunandi og þess vegna ástæðulaust að benda sveitarfélögum á álagsheimild 50% hækkunar þessara skatta, og raunar tæpast raunhæfur tekjustofn fyrir sveitarfélögin, heldur verður annað til að koma, eins og á er bent í till. 1. minni hl. félmn.

Ég vil svo aðeins að lokum enn á ný aðvara hæstv. ríkisstj. að gera nú ekki alvöru úr þeirri fyrirætlun sinni að fá þetta tekjustofnafrv. samþ. óbreytt. Ég tel nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. horfist í augu við þá þörf sveitarfélaganna fyrir trausta tekjustofna, sem sannanlega er fyrir hendi, ef þeir eiga að sinna þeim verkefnum, sem þeim eru falin nú í lögum og sem eðlilegt er, að íbúar sveitarfélaganna geri kröfu um. Ég ítreka það, að með óbreyttum tekjustofnalögum er gengið nærri sjálfstæði sveitarfélaganna, sjálfsákvörðunarréttur þeirra er skertur og í þessu felst þróun, sem ég vænti, að við öll í hv. þd. séum andstæð.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mjög. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hvort sem ég hef hér fleiri orð eða færri, þá hafi það afgerandi áhrif fyrir afgreiðslu þessa máls, eins og nú er komið málum. Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í hv. þd., þá gerði ég að umræðuefni, hversu mér virtist það vera mikil árás á sjálfstæði sveitarfélaganna og ganga í berhögg við þær viljayfirlýsingar, sem allir þingflokkar höfðu gert á fyrra þingi og ýmsir þeirra endurtekið á þessu þingi nú. Í meðförum deildarinnar virðist ekki hafa orðið breyting á þessu í frv. sjálfu, og þó að mér sé það ljóst, og mér er það kappsmál, að einmitt sveitarfélögin verði virkari í stjórnunarkerfi í landinu heldur en þau eru nú, þá er ég því mjög andvígur að standa að lagasetningu, sem gengur í þá átt, sem þetta frv. gerir. Ég ætla ekki að gera það frekar að umræðuefni, heldur lýsa yfir óánægju minni með það, að þetta skuli ekki hafa gengið í aðra átt í þessu frv. heldur en séð verður.

Það er einn hlutur, sem hér hefur að sjálfsögðu komið til umr., en ég vildi aðeins koma inn á einnig, og það er um fasteignaskattana. Eins og kom fram hér áðan í ræðum þeirra tveggja alþm., sem talað hafa á undan mér, þá er gert ráð fyrir því, að fasteignaskattar séu þyngdir mjög frá því, sem verið hefur. Ég er ekki að andmæla því, að fasteignaskattar séu auknir frá því, sem undanfarið hefur verið, því að segja má, að það, að þeir hafa ekki verið þyngdir áður, stafi að nokkru af því millibilsástandi, sem skapaðist, á meðan unnið var að nýju fasteignamati. Nú er komið til nýtt fasteignamat. Að vísu er það orðið það gamalt, að heimild er til þess í því frv., sem við ræðum hér um, að hækka það til samræmis við verðlagið um síðustu áramót. Ef að því yrði horfið, þá má jafnvel reikna með, að það gæti hækkað um 10–20%. Ég skal ekki fullyrða um það. Alla vega yrði þar um töluverða hækkun að ræða, og þess vegna yrðu þær áætlanir, sem gerðar eru um útkomu af fasteignaskatti, nokkru hærri heldur en áætlað er. Þess vegna er ég ákveðið þeirrar skoðunar, að það beri að fella niður þá heimild, sem sveitarstjórnunum er ætlað með álag á fasteignaskatt. Ég álít, að ef sú heimild er notuð, þá sé komið inn á óhóflega háar greiðslur af fasteignunum. Ég segi þetta sérstaklega með kunnugleika af því sveitarfélagi, sem ég á heima í, fyrir augum. Þar mundi þetta valda alvarlegri röskun. Fasteignir eru þar í mjög háu verði miðað við þá veltu, sem er í atvinnurekstrinum, og því er það a. m. k. mjög hættulegt að stíga þarna stórt skref í einu.

Þá er einn hlutur þarna, sem ég ætla, að ýmsir mundu halda, að ég mundi fagna, að væri kominn í lög, en það er sú breyting, sem gerð var við 2. umr. hér í d., þar sem samþ. var, að heimilt væri að leggja aukafasteignaskatt á þau hlunnindi, sem væru í eigu utansveitarmanna. Þetta lítur töluvert fallega út, og ég ber ekki á móti því og mun heldur undirstrika það, að einmitt þessi hlutur er vandamál í ýmsum sveitarfélögum. En ég held, að þarna sé farið svo óhóflega langt út í vitleysu, að það verði að snúa við. Ef menn vilja átta sig á því, hvernig hlunnindamatið er upp byggt í því fasteignamati, sem nú er í gildi, þá er það þannig, að þær árlegu tekjur, sem af hlunnindunum eru, eru tífaldaðar og úr því fæst eignarmatið á hlunnindunum, fasteignamatið. Ég lít svo til, og ég vil, að menn geri sér það ljóst, að nú getur verið, að á þeirri jörð, sem hlunnindi eru í eigu utansveitarmanns, sé búrekstur. Það er hvort tveggja til í því efni. En miðað við, að það væri ekki, þá mundi sá, sem þessar tekjur hefði af hlunnindunum, þurfa að greiða í fyrsta lagi í fasteignaskatt í þeirri sveit, sem hlunnindin eru í, ½% eða 5 þús. kr., ef ég miða við það, að hann hefði 100 þús. kr. tekjur og 1 millj. kr. eign. Þegar hann ætti að borga auk þess 4% af virðingarverði hlunnindanna, þá reiknast mér til, að það mundi verða um 40 þús. kr. Sá maður, sem ætti þessi hlunnindi, yrði e. t. v. í það háum tekjum, að hann lenti í 44% skatti, og 44% skattur af 100 þús. kr. tekjum, – ja, er það ekki um 44 þús. kr. Mér reiknast þá til, að þarna væri búið að taka í skatta af þeim, sem fengi þessar 100 þús. kr. tekjur, 89 þús. kr. Ég vil halda því fram, að þetta sé allt of mikil skattheimta. Og þetta er naumast skattheimta. Þetta er eignaupptaka.

Ég sagði það áðan, að það mætti ætla það, að ég sem sveitarstjórnarmaður í sveitarhrepp mundi fagna slíkum ákvæðum sem þessum, en mér sýnist, að hér sé allt of langt gengið. Ef þetta er ekki allt of langt gengið, þá er það af því að ég hef reiknað þetta dæmi rangt, og það verður þá leiðrétt, ef svo er.

Ég ætla nú ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. En ég benti á það við 1. umr. um þetta frv. hér á þingi fyrr í

vetur, að það væri látið að því liggja í grg. með frv., að með setningu þess væri stefnt að meiri einföldun í skattheimtu heldur en áður hefði verið. Ég verð að viðurkenna það, að að einu leyti hefur orðið um einföldun að ræða frá því, sem var, þegar frv. var lagt hér fram, þar sem horfið er frá því í frv. að vera með 27 skattstiga. En að öðru leyti er ekki um einföldun að ræða, þar sem til eru komnir ýmsir frádráttarliðir frá bruttótekjunum, sem annars var gert ráð fyrir, að væru hér gjaldstofninn. Og í annan stað vil ég benda á það, fyrst þarna var farið að fara millileið, þá virðist mér, að eðlilegra hefði verið að vera með sama stofninn við báðar álögurnar í tekjuskatti og útsvörum, einkum hefðu þeir menn átt að leggja það til, sem töldu það sjálfsagðast, að skattstjórarnir legðu hvort tveggja á, tekjuskattinn og útsvörin.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að því er varðar samskipti um þessi mál við Samband ísl. sveitarfélaga og varðandi þær brtt., sem 1. minni hl. hefur lagt hér fram, sem mér þótti ástæða til að koma hér og benda á skýra afstöðu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga til fasteignaskatta, svo og samþykkta fulltrúaráðs sveitarfélaga. Í svörum sínum til þeirrar nefndar, sem samdi upprunalega frv. um tekjustofna sveitarfélaga, tekur stjórn sambandsins svo til orða, með leyfi hv. forseta:

„Stjórn sambandsins hefur eftirfarandi umsagnir og aths. fram að færa:

1. Stjórnin leggur til, að 3. gr. orðist svo: Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati samkv. 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélaga, þar sem fasteign er: a. ½%, þ. e. íbúðarhúsnæði o. s. frv. b. 1% af öllum öðrum fasteignum o. s. frv.

Í grg. segir: Heimilt er sveitarstjórn að innheimta fasteignaskatt með allt að 50% álagi, enda hafi sveitarstjórn gert um það sérstaka samþykkt, sem félmrn. hefur staðfest. Stjórnin telur, að æskilegra sé að miða við fasta fasteignaskattsprósentu með heimild til álags, heldur en ákveða svigrúm með ákveðnu lágmarki og hámarki."

Enn fremur lagði stjórnin til, að ákvæði 5. gr. frv. verði fellt niður, þ. e. að í lögunum verði engar undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, nema að því er varðar hús erlendra sendimanna. Í samþykktum fulltrúaráðsfundar sveitarfélaga frá því í jan. s. l. leggur fulltrúaráðið til, að í stað 1% á aðrar fasteignir, eins og er í frv., komi: 1–2%. Fulltrúaráðið taldi eðlilegra að hafa þetta ákvæði rýmra til fasteignasköttunar heldur en er í frv. sjálfu, að ganga lengra. Ég tel ástæðu til að benda á þetta hér, þar sem þetta virðist vera nokkur þungamiðja í þeim breytingum, sem 1. minni hl. hefur hér lagt fram, og í bréfinu, sem var vitnað hér til áðan, er einmitt að finna sérstaka aths. stjórnar sambandsins nú fyrir stuttu. Vegna prentvillunnar í nál. meiri hl. n., þá benda þeir á til leiðréttingar, að það virðist hafa fallið niður heimildin um að leggja 50% álag á fasteignaskattinn. Og í framhaldi af þessu kom ábending frá Vestmannaeyjum, sérstök ábending um, að það mundi rýra hlut Vestmanneyinga um tæpar 3 millj., ef þetta félli nú út úr frv.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál meira, en þó get ég ekki stillt mig um að vitna til Morgunblaðsins. Þegar þetta tekjustofnafrv. kom fram í vetur, birtust viðtöl við mæta forustumenn bæjarfélaga og þ. á m. viðtal við borgarstjórann í Reykjavík. Og í þessu viðtali telur hann, að fasteignaskattar séu eðlilegir sem tekjustofnar sveitarfélaganna og enn fremur álagning útsvara á bruttótekjur. Þetta er í þessu viðtali, ég var einmitt að lesa það mér til upprifjunar í gærkvöld. Ég held, að það væri rétt í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði hér áðan um aukafasteignaskatt, heimild til álagningar aukafasteignaskatts á hlunnindi, að hann athugi það, hvernig fasteignamatið er byggt upp. Fasteignamatið t. d. á eignum í sveitum er jarðamat, það er húsamat og það er hlunnindamat. Og hlunnindamatið er í fasteignamatsreglunum algerlega sérstætt, því að það á ekki við nema vissar jarðir eða eignir í sama sveitarfélagi. Og þetta getur verið mjög mismunandi. Ég hef kynnt mér það, að í mörgum sveitarfélögum er hlunnindamatið, jafnvel þó að um nokkur hlunnindi sé að ræða, aðeins lítið brot af jarðamatinu sjálfu eða húsamati jarðarinnar. Þetta tel ég, að sé rétt, að komi fram. (Gripið fram í.) En kjarna málsins tel ég vera þann í sambandi við tekjustofnafrv. eins og raunar skattafrv. í heild, að það liggur fyrir yfirlýsing um það, að áframhaldandi endurskoðun þessara tekjustofnamála fari fram og þá verður væntanlega hægt að sjá betur, hvaða agnúar kunna að vera í sambandi við þessi mál í heild. Ég er á þeirri skoðun, að þrátt fyrir þær tölur, sem við fáum um þessi mál, þá sé talsvert mikil óvissa um gildi þeirra, þar til búið er að sjá, hvaða raunverulegar tölur liggja fyrir, þegar búið er að vinna úr skattframtölum, sem nú liggja fyrir í úrvinnslu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins hér í hv. d. taldi ég enga ástæðu til að taka þátt í umr., einkanlega sökum þess í fyrsta lagi, hversu hógværar þær voru af hendi stjórnarandstæðinga, og í annan stað sökum þess, að eins og málið lá þá fyrir, höfðu stjórnarandstöðuflokkarnir í raun og veru ekki tekið efnislega afstöðu til málsins, heldur vildu aðeins freista þess, hvort þeir í heild gætu vikið málinu frá, án þess að taka efnislega afstöðu til einstakra efnisatriða þess. Um afstöðu þeirra til einstakra mála var því í raun og veru allt í þoku. Og mér var ljóst, að þetta mundi ekki skýrast, fyrr en þeir legðu fram sínar efnislegu brtt. við frv. Það hafa þeir nú gert.

Þeir höfðu um það mörg orð, hvernig til frv. hefði verið stofnað, hvað lítið samband hefði verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga o. s. frv. o. s. frv., töldu, að mikill dráttur hefði orðið á afgreiðslu málsins o. fl., sem þeir vildu frekar ræða um heldur en efni málsins sjálft. En að svo miklu leyti sem þeir helguðu sig efni frv., þá var á þeim að heyra, að versti agnúi og galli frv. væri sá, að ekki væri gengið nógu langt í skattlagningu á þegnana vegna þarfa sveitarfélaganna og frv. mundi sjá illa fyrir fullum þörfum sveitarfélaganna, a. m. k. sumra hverra. Af þessu er mér ljóst, að ef sjálfstæðismenn mættu ráða, þá mundu þeir ganga lengra en núv. stjórn ætlar sér að gera, ganga lengra í skattlagningu að því er snertir sveitarfélögin, og má vel vera, að þeir hefðu staðið við það, ef þeir hefðu borið ábyrgðina. Þó efa ég það.

Ég er þeirrar skoðunar, að frv. með þeim breyting-

um, sem nú hafa á því orðið, muni sjá á forsvaranlegan hátt fyrir þörfum sveitarfélaganna og það þurfi áreiðanlega ekkert, – a. m. k. *ef heimildir frv., bæði í frv.* sjálfu og í bráðabirgðaákvæðum þess, eru notaðar, – þá þurfi ekkert sveitarfélag að vera í vandræðum fremur samkv. þessu nýja kerfi heldur en hinu gamla. Ef hér er naumar skammtað en samkv. gildandi lögum, þá er því til að svara, að sum sveitarfélög notfærðu sér alls ekki tekjuöflunarmöguleika samkv. gamla kerfinu, höfðu bara ekki brúk fyrir það, og mætti því svo fara, að það reyndist þannig, að þau væru ekki í neinum vanda, þó að þau að fullnýttum ákvæðum hins nýja kerfis næðu ekki sömu upphæðum og þau hefðu getað náð samkv. hinu gamla kerfi, sem þau ekki notuðu. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að hafa rammann svo rúman, að þau þyrftu ekki að fullnýta lagaákvæðin til skattlagningar, enda hamlar það þeim ekkert í starfi, svo framarlega sem þau geta lagt á skatta í svipuðum mæli og þau gerðu samkv. gamla kerfinu, þó að þau hefðu þá rýmra um og notfærðu sér það ekki.

Það var svona lauslega talað um margvíslega galla og agnúa í frv. og nú sjáum við með brtt. hv. sjálfstæðismanna á þskj. 431, hverjir gallarnir eru að þeirra hyggju og hvernig þeir ætla að sniða þá af. Og ég verð nú að segja það, að þetta er svona fjaðrafok, þetta er svona reytingur og tíningur úr ýmsum áttum, sem ég sé nú ekki, að sé nein heildarumbót á frv., a. m. k. yrði það ekki heillegri löggjöf eftir þær breytingar heldur en að þeim ógerðum.

Ein till. er um það að færa um 5% af skattgjaldstekjum einstaklinga frá ríkinu og yfir til sveitarfélaganna, 5%. Þetta er auðvitað tekjuaukning til sveitarfélaganna. En flestallar hinar till. eru gjaldabyrði fyrir sveitarfélögin, og mér er nær að halda, að þetta mundi, ef allar till. væru samþ., heldur verða til tekjurýrnunar fyrir sveitarfélögin en tekjuaukningar og mundi þess vegna gera þeirra hlut hæpnari þrátt fyrir allt talið um, að skattlagningin sé ekki nógu mikil til þess að hlut sveitarfélaganna verði borgið.

Ég hef á þeirri stuttu stund, sem liðin er síðan þessu þskj., brtt. sjálfstæðismanna, var útbýtt, ekki séð, að nein þeirra sé þess eðlis, að ég treysti mér til að mæla með henni til samþykktar, nema þá helzt einni smátill., sem er um það, að orðið „sparisjóðir" falli niður. Ég gæti vel fallizt á það efnislega, tel það ekki þjóna neinum tilgangi að taka þar sparisjóði með bönkunum, enda er það áreiðanlegt, að menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi skattlagning á banka og sparisjóði mundi gefa frekar lítið fé. Menn hafa jafnvel nefnt 5–6 millj. kr. í heild. Þar af getur maður nú ályktað, að ekki kæmi stór fúlga á sparisjóðina, hina mörgu og smáu sparisjóði í landinu. Töluglöggur maður sagðist hafa slegið á það mati hér áðan, að sparisjóður með 15 millj. kr. umsetningu, að vísu smásparisjóður, mundi kannske þurfa að greiða svona 5–7 þús. kr. vegna þessa. Ég játa, að þetta er óþörf skattlagning og skilar engum arði og hefði þess vegna vel getað fellt mig við það, að þessi brtt. sjálfstæðismanna yrði samþ. að fella sparisjóðina niður. En ég held, að þetta verði þeim engum að fótakefli og þarna verði kannske frekar um hundraða heldur en þúsunda eða a. m. k. þúsunda heldur en tugþúsunda álögur á þá að ræða.

Nei, meginefni málsins er þetta, hvort frv. stefni í rétta átt eða ekki. Það liggja nú fyrir yfirlýsingar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um það, að í meginefnum telji þau samtök frv. stefna í rétta átt. Og þó að sumir sjálfstæðismenn hafi mótmælt hér skattlagningu á fasteignir og virtust vera andstæðingar þeirrar skattlagningar, þá liggja hins vegar fyrir sterkir vitnisburðir annarra sjálfstæðismanna um það, að þeir hafi á opinberum vettvangi mælt með aukinni skattlagningu á fasteignir og sagt, að það hlyti að vera alveg á næstu grösum, að slíkt kæmi. Og viðkomandi sjálfstæðismenn hafa verið þeir drengir að gangast við þessu, sem og sjálfsagt og rétt er. Þannig virðast sjálfstæðismenn bara vera sjálfum sér sundurþykkir um það, hvort aukin skattlagning á fasteignir sé rétt stefna eða ekki. Þeir um það. Það verða þeir að gera upp sín á milli. En sameiginlega heildarafstöðu til þessa máls hafa þeir greinilega ekki.

Hv. 6. þm. Reykv., sem var frsm. 1. minni hl., viðurkenndi það í gær í sinni framsöguræðu, að að sumu leyti yrði að játa, að skattkerfið yrði einfaldara við þessa nýju lagasetningu, og tók ekki meira upp í sig um það, að sveitarfélögin kæmu illa út samkv. þessu, heldur en svo, að hún sagði: Sum sveitarfélögin ná jafnvel ekki endum saman. En hún fortók það þó ekki, að þau næðu endum saman öll. Sum ná jafnvel ekki endum saman. Þetta er ekki af mikilli sannfæringu mælt um það, að sveitarfélögunum sé stefnt í vanda vegna teknaskorts, ef þetta frv. verði að lögum. Ég held, að það sé með miklu ákveðnari hætti hægt að segja: Allar líkur benda til þess og allir útreikningar benda til þess, að hag og afkomu sveitarfélaganna allra sé sæmilega borgið með ákvæðum frv., að ég nú ekki taki til, þegar heimildarákvæði þess verði hagnýtt til fulls.

Um þær brtt., sem samþ. voru hér í gær á frv., liggja fyrir vitnisburðir bæði frá talsmönnum Sjálfstfl. og Alþfl., eða báðum stjórnarandstöðuflokkunum, um það, að breytingarnar séu til bóta, og talsmaður Alþfl. sagði, að þess bæri að geta, að nokkuð af brtt. væri í bótaátt frá frv. sjálfu og honum þætti þó ekki nóg að gert, og hann segir í lok nál. síns, að til enn frekari breytinga í bótaátt vilji hann bæta við nokkrum brtt. Það eru bæði breytingar til bóta og svo till. enn frekar í bótaátt við frv., sem hér hafa legið fyrir og verið til meðferðar. Þetta fer nú líklega að verða nokkuð gott um það leyti sem við stöndum upp. (Gripið fram í.) Sem voru til enn frekari bóta, já, það þótti nóg komið. (Gripið fram í.) Voru nokkrar upplýsingar gefnar um það, hvað framkvæmd þeirra kostaði og hvort hag sveitarfélaganna væri þá betur borgið, eftir að þær væru samþykktar, eða ekki? Ég hygg, að þetta mundi kosta nokkra tugi, kannske hundruð milljóna. Það hefði a. m. k. ekki leyst þann vanda, sem aðallega hefur verið gagnrýndur hér varðandi þetta frv. Ef það hefði verið samþ., þá hefði áreiðanlega verið búið að stofna sveitarfélögunum og fjárhagslegri afkomu þeirra í nokkuð aukinn vanda, því að eitthvað kostar framkvæmdin á þeim.

Eitt atriði var gert hér mjög að umtalsefni í gær af hv. 6. þm. Reykv. Það voru ágætar till., ágætt frv., sem á sínum tíma hefði verið borið fram af Jóhanni Hafstein og Magnúsi Jónssyni um að skipta tekjum hjóna til helminga og skattleggja hvort þeirra um sig. Er þetta frv. ekki orðið fyrir löngu að lögum, þar sem bæði

Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson hafa verið í ráðherrastóli í áratug eða svo? En nú er þetta orðið svo ágætt frv. aftur, að það þarf að lögfesta það. Mikill misgáningur er nú þetta að hafa ekki lögfest þetta á 10 ára ráðherraferli þessara tveggja flm. Ég harma þetta.

Hér var af hv. 6. þm. Sunnl. áður varað mjög við einu ákvæði, sem var samþ. hér í gær í brtt. um skattlagningu hlunninda. Ég vek athygli hv. þm. á því, að ef þetta er metið mjög háskalegt ákvæði í einhverju sveitarfélagi, þá er þarna aðeins um heimild að ræða og þá lætur sú sveitarstjórn það vafalaust vera að nota heimildina. Þetta er eingöngu heimild. Aðrar sveitarstjórnir, sem teldu þetta réttláta skattlagningu, hafa hins vegar möguleika á því að notfæra sér þetta og má vera, að þarna sé um nokkra gróðaskattlagningu að ræða, ef heimildin er notuð til fulls. Um það er að ræða hins vegar að nota hana alls ekki, að nota hana að hluta til og allt upp að því hámarki, sem þarna er nefnt í frv. núna.

Ég tel, að umr. í dag gefi ekki tilefni til langra ræðuhalda af minni hendi eða stjórnarflokkanna. Það hefur verið gerð grein fyrir brtt. Sjálfstfl., og mín skoðun á þeim er sú, að þær séu ekki til bóta og það bæti þessa löggjöf ekki að samþykkja þær, og ég mun því reynast andstæður þeim öllum að öðru leyti en því, sem ég gat um áðan um sparisjóðina. Ég held, að samþykkt þessara tillagna yrði til þess að skerða tekjur sveitarfélaganna, þegar dæmið væri gert upp í heild, en ég heyrði ekki hv. frsm. koma með neitt heildaruppgjör um það, hvort þetta mundi verða til tekjuauka fyrir sveitarfélögin eða útgjaldaauka. (Gripið fram í.) Fór það fram hjá mér, að það væri aukning fyrir sveitarfélögin? Jæja. Mér koma tillögurnar hins vegar þannig fyrir sjónir, að ef þetta væri vandlega uppgert, þá væri mjög hæpið, að þetta yrði þeim til tekjuauka. Hér hefur ekki verið tekið dýpra í árinni varðandi þetta frv. en svo að segja, að þegar tekið væri tillit til frv. um tekju- og eignarskatt, þá væri um aukna skattlagningu að ræða. En hér hefur enginn tekið það upp í sig, að með samþykkt þessa frv. sé um aukna skattlagningu að ræða. Miklu fremur hafa áhyggjurnar allar snúizt um það, að skattlagningin væri það minni samkv. þessu frv. heldur en samkv. gamla kerfinu, að hag sveitarfélaganna væri ekki nægilega borgið. En umsögn Efnahagsstofnunarinnar um tekjuöflun ríkissjóðs samkv. frv. um tekjuskatt og eignarskatt er hins vegar sú, að þar sé um mjög óverulega aukna skattlagningu að ræða, varla umtalsverða. Og verður þó að taka þar tillit til þeirra auknu verkefna, sem færð eru yfir á ríkið. Heildarskattlagningin, þegar tekið er hvort tveggja saman, sveitarfélögin og ríkið, virðist því, ef treysta má niðurstöðu þessarar merku stofnunar, vera þannig, að það sé nokkuð minnkuð skattlagning á sveitarfélögin frá því, sem var eftir gamla kerfinu, aðeins aukning á skattlagningu hjá ríkinu, þegar það er gert upp. Og hins vegar verður að viðurkenna, að í krónutölu mun skattlagningin áreiðanlega skila fleiri krónum samkv. hinu nýja kerfi heldur en hinu gamla á árinu 1972, miðað við tekjur 1971 og hins vegar miðað við tekjur fólks á árinu 1970. Krónutalan hefur aukizt, hækkað mikið. Menn tala jafnvel um, að það sé nálægt 30% aukning að krónutölu, sem þar geti orðið um að ræða í skattheimtunni, en það mundi þá alveg eins hafa komið fram, þó að gamla kerfið hefði verið gildandi áfram. Og það er ekki breyting á skattlagningu, þó að auknar tekjur leiði til hærri skatta í krónutölu.

Hér bar hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, í gær fram tvær fsp. til mín, sem ég vona, að ég hafi náð niður nokkurn veginn efnislega réttum. Fyrri spurning hans var sú, hve fjölmennur væri sá hópur, sem fyrir gildistöku laganna greiddi ekki þá nefskatta, sem nú verður af létt. Heldurðu ekki, að þetta sé efnislega rétt? Það var leitazt við að fá svör við þessari spurningu, og varðandi hana var leitað til Tryggingastofnunar ríkisins. Forstjóri Tryggingastofnunarinnar, Sigurður Ingimundarson, gaf eftirfarandi svar við spurningunni:

„Samkv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins greiddi stofnunin sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir 19 200 einstaklinga á árinu 1970. Á sama ári voru einstaklingar 67 ára og eldri 15 444, sem allir voru undanþegnir iðgjaldagreiðslu til almannatrygginganna. En þar við bætast þeir, sem nutu örorkulífeyris, ekkjulífeyris og ekki höfðu útsvarsskyldar tekjur. Sennilega er tala þeirra, sem ekki voru gjaldskyldir til almannatrygginganna, alls ekki hærri samtals en þeirra, sem greidd voru fyrir sjúkrasamlagsiðgjöld."

Það er nú í svarinu þarna „sennilega", svoleiðis að ekki er borin ábyrgð á þessum upplýsingum, en þetta eru þær upplýsingar, sem þeir í Tryggingastofnuninni gátu veitt við spurningunni við fljótlega athugun.

Þá var það hin spurningin: Hver verða þá hlunnindi þessa fólks eftir gildistöku laganna umfram aðra gjaldþegna? Svar við þessari spurningu er á þessa leið:

1. Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða, sbr. 3. mgr. 5. gr. frv.

2. Sveitarstjórn er heimilt að lækka útsvör þeirra gjaldenda, sem njóta elli- og örorkulífeyris, sbr. 27. gr. frv.

Þetta eru þau svör, sem ég get gefið við þessum fsp.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira. Ég þakka hinar hógværu og ágætu umr. um þetta mál og tel einsýnt, að við gerum góðan hlut fyrir sveitarfélögin með einföldun á kerfi, stefnum í meginatriðum í þá átt, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur markað á undanförnum árum, þó að ekki hafi tekizt að verða við öllum þeirra óskum, og teljum, að það sé stefnt líka í rétta átt að því leyti, að það er létt á skattbyrði tekjulægra fólks og fólks með miðlungstekjur, og kostar það þá auðvitað, að til þess að ná svipaðri skattbyrði í heild verður að leggja eitthvað auknar, þyngdar byrðar á þá, sem tekjuhæstir eru í þjóðfélaginu. Verður þetta hvort tveggja og allt saman að teljast í réttlætisátt.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hafði nú vænzt þess, að hæstv. félmrh. yrði við framhaldsumr. Ætli það séu ekki líkur á, að svo verði? (**Forseti:** Ég skal athuga, hvort hægt er að ná sambandi við hann.)

Hæstv. félmrh. er nú viðstaddur. Mér leiðist að tala á bak gamalla samherja, þegar ég þarf að svara þeim, kann betur við hitt og þakka hæstv. ráðh. fyrir að mæta hér í salnum á ný. Ég vil enn fremur nota tækifærið til þess að þakka honum fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. mínum frá 2. umr. þess máls. Sannast sagna var ég orðinn úrkula vonar um, að hæstv. ráðh. ætlaði að láta

til sín heyra í umr., og hefur þó margt annað fremur verið borið honum á brýn um dagana en að hann teldi það eftir sér að ganga í ræðustól.

En upplýsingar hans varðandi fsp. minar, sem ég skal víkja að fyrst, sýna það, sem mig grunaði, að nálægt 20 þús. manns í landinu hafi ekki lengur sömu tryggingu eftir gildistöku laganna eða þess frv., sem hér er áformað að gera að lögum, eins og fyrir þau. Og afrek ríkisstj. í þágu þessa fólks, þessa hóps, sem er samansettur af fólki, sem velflest hefur látið af störfum, 67 ára og eldri, öryrkjum og ungu fólki, sem stundar nám meginhluta ársins, eru þau, að því er ætlað að eiga það undir heimildarákvæðum einstakra sveitarstjórna í landinu. Þetta er hér með borðfast af hálfu hæstv. ríkisstj. sem hennar skerfur til þessa fólks, og hefur þó hæstv. ráðh. ekki verið spar á stóryrði sín, bæði innan ríkisstjórna á undanförnum áratugum og utan þeirra, um nauðsyn þess að tryggja afkomu þessa fólks. Og ég hygg, að um það hafi heldur ekki verið ágreiningur meðal okkar hér á hv. Alþ., að svo skyldi vera sem hefur verið í lögum til þessa. En þessa tryggingu á með frv. að afnema. Það liggur nú fyrir.

Sú trygging, sem verið hefur fyrir því, að hið opinbera greiddi þessi gjöld, er ekki lengur fyrir hendi. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, þetta er framvegis í heimildarformi. Þá spyr ég ... (**Utanrrh.:** Gjöldin eru fallin niður.) Hæstv. utanrrh. grípur fram í og segir, að gjöldin séu fallin niður. Ég ætlaði að fá að ljúka máli mínu. Ráðherrar hafa forgangsrétt á að tala og fá áreiðanlega tíma til þess, ef þeir vilja. En það hefur mikið verið gumað af því undanfarna mánuði, að til móts við þetta fólk hafi verið komið gegnum tryggingarnar. Ég spyr nú, þegar þetta afnám liggur fyrir, þær tilfæringar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert á vísitölugrundvellinum. Hvað er þá eftir af þeim bótum? Ef það er rétt, sem nýjustu fregnir herma, að sú tilfærsla, sem átt hefur sér stað á vísitölugrundvellinum, nemi um sex vísitölustigum, þá spyr ég: Hvað er eftir af þeim bótum, sem af hefur verið gumað undanfarna mánuði? Læt ég svo þetta nægja varðandi fsp. minar frá 2. umr. málsins.

Í upphafi máls síns sagði hæstv. ráðh., að honum kæmi það spánskt fyrir sjónir, taldi það reyndar vera yfirlýsingu okkar Alþfl.-manna, að við teldum frv. allt til bóta, en vildum aðeins gera á því frekari endurbætur eða till. til enn frekari bóta, sem rétt er eftir mér haft. En hann virtist í þessu forspjalli sínu að meginefni sinnar ræðu rugla því saman, að það voru tveir minni hl. í hv. n., og hann talaði jöfnum höndum um till. sjálfstæðismanna og till. okkar Alþfl.-manna. Og hann sagði, að ef till. okkar Alþfl.-manna hefðu verið samþ., þá þýddi það hundruð millj. kr., svona frítt út sagt, svo sem hans er von og vandi í sambandi við tölur. Þessi hundruð millj. kr., sem áttu að koma gjaldþegnum til góða, skulu sem sagt af þeim höfð með því að fella till. okkar Alþfl.-manna og þá m. a. fyrir forgöngu hæstv. ráðh. og hvatningu hans til stjórnarliðsins þar um. Þetta liggur þá einnig fyrir. Ég skildi reyndar ekki, þegar frá eru talin þau svör, sem hæstv. ráðh. gaf við minum fsp., hvert erindi ráðh. átti upp í ræðustólinn annað en það að sannfæra okkur um það, að þetta frv. í heild væri allt til bóta. Ráðh. ruglar því nefnilega saman, að við töldum sjálfsgagnrýnistillögur ríkisstjórnarliðsins sjálfs til bóta á frv. frá því, sem það var í upphafi. Og það skal ég endurtaka hér og viðurkenna, að flestar till. stjórnarliðsins um þess eigið frv., sem það var knúið til að gera undir lok umr. í hv. heilbr.- og félmn., voru til bóta. Ein af þeim till. var till. min í n., sem ég fagna mjög, að hv. stjórnarlið tók þar upp og gerði að sinni. Aðalatriðið er ekki það, hver flytur málið, heldur hitt, að menn horfi með sanngirni á þær till., sem verið er að gera hverju sinni, og þær komi réttum aðilum til bóta.

En ég vil ekki verða þess valdandi, að umr. um þetta lengist úr hófi fram, úr því sem komið er. Það virðist augljóst að sniðganga á, velflestar a. m. k., till. stjórnarandstæðinga og nánast allar till. okkar Alþfl.-manna aðrar en þessa einu, sem ég áðan nefndi og upp var tekin í n. En mér þykir hlutur ríkisstj. heldur lélegur í garð þess fólks, sem mest hefur átt að gera fyrir á 7 eða 8 mánaða valdaferli núv. ríkisstj., eldra fólksins, öryrkjanna og námsfólksins.

Ég skal svo ítreka það, sem ég sagði í minni frumræðu við 2. umr. Svo mikil sem ólga landsmanna er í dag í garð þessara frv., þá mun sú ólga enn aukast, þegar staðreyndirnar blasa við hverjum landsmanni, þegar skattskráin kemur út næsta sumar. Og ég öfunda ekki hæstv. ríkisstj. né einstaka ráðh., sem ábyrgð bera á þeirri bók.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kemur fram í grg. með frv. og það hefur verið undirstrikað mjög rækilega af hæstv. ráðh., að forsvaranlega sé séð fyrir tekjustofnum sveitarfélaganna í frv. Við höfum þó hvorki séð útreikninga um þetta nákvæmlega í tölum, a. m. k. ekki einstakir þm., né hef ég heyrt þess getið rækilega í umr. Menn deila nokkuð um það, hve þessar tölur eru háar, en ég ætla þó, að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að forsvaranlega sé séð fyrir tekjustofnum sveitarfélaganna. Ég ætla þó aðeins að fjalla um vissan þátt í þessu, vegna þess að skattafrv. sem slík snerta hvert mannsbarn í landinu, og það, sem ég ræði um, snertir að sumu leyti tekjuskattsfrv. líka. Ég vil vegna þeirra svara, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, ræða nokkuð um stefnu ríkisstj. í kjaramálum. En það var nú sú tíð hér áður, að bæði hæstv. forseti þessarar d. og hæstv. ráðh. létu okkur hafa það óþvegið hér í sölum Alþ., Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn, vegna vitlausrar kjaramálastefnu á undanförnum árum.

Það er ekki svo lítill hópur og um það hefði verið talað fyrir kosningar, ef um 15–19 þús. manns hefðu með einu pennastriki sætt jafnmikilli kjararýrnun og þessi frv. gera ráð fyrir og stefna ríkisstj. í kjaramálum, því að það er staðreynd, að með niðurfellingu á nefsköttunum, sem við höfum lýst okkur fylgjandi allir þingflokkar, breytist vísitalan í sjálfu sér rúmlega um þrjú stig bara vegna þessa þáttar. En til þess nú að vísitalan lækki ekki sem slík, þá eru landbúnaðarvörurnar hækkaðar á móti, þannig að kaupgjaldið í landinu haldist í jafnvægi. En þetta fólk greiddi bara ekki þessa skatta, sem er verið að fella niður, þessi 15–18 þús. manns. Það greiddi ekki þessi gjöld. Hvað þýðir þetta raunverulega? Það þýðir auðvitað það, að framfærslukostnaður þessa fólks hlýtur að vaxa. Vísitalan lækkar vegna niðurfellingar á nefsköttum um rúmlega þrjú stig, það er ómótmælanleg staðreynd, og get ég lesið nóg upp um það, ef við vildum eyða tíma í það, en

ég ætla ekki að gera það nema tilneyddur. Það hefur oft verið viðurkennt hér í sölum Alþ. og er hægt að fá um það nógar tölur og staðreyndir.

Þetta fólk verður að fá eitthvað á móti, og hlunnindin, sem það fær á móti í gegnum þetta frv. hæstv. ríkisstj., eru, eins og ráðh. sagði, lækkun eða að felld eru niður fasteignagjöld og fellt niður útsvarið. Þessar heimildir eru fyrir hendi, og þetta er það, sem á að leggja áherzlu á núna. Þetta hefði nú ekki verið talið stórmannlegt af okkur. Svo vel þekki ég til málflutnings þessara manna hér undanfarin fjögur ár, að þetta hefði nú ekki verið talið gera stórt strik í reikninginn hjá okkur. En aðeins til þess að minna á bliðu þeirra ríkisstj.-manna, þá segir þar, með leyfi forseta: „að leggja ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir háskalega verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti."

Ég ætla rétt að lofa hv. dm. að heyra nokkrar verðbreytingar, sem hafa átt sér stað undanfarið tímabil. Rúgbrauð kostaði 1. febr. 1971 26 kr., en núna 29 kr. Franskbrauð 18.50 kr., núna 21 kr. Vínarbrauð 4.60 kr., núna 5.50. Heilir skrokkar 101.50 kr. kg, núna í dag 138.50. Súpukjöt 124.50 kr., núna 165.50 kr. Dilkakjöt í heilum lærum 1 kg 130 kr., núna 171.60. Þetta snýr að þessu gamla fólki, og mætti hér margt lengur upp telja, en ég vil ekki tefja tíma enn þá meira en mér þótti nauðsynlegt að gera til þess að gera aths. við ummæli ráðh. hér áðan, þegar hann hafði ekki annað fram að færa handa þessu fólki en heimild til að lækka eða fella niður fasteignagjöld. Það er staðreynd, að framfærslukostnaður þessa fólks vex. Hið almenna launafólk í landinu fær sitt uppi borið að mestu leyti, og vil ég ekki vefengja útreikninga hæstv. fjmrh. og annarra aðila, sem fjölluðu um það mál. En þetta er alveg sérflokkur, þetta fólk í landinu, alveg sérflokkur. Og hagsmunir þess eru ekki tryggðir í frv., í hvorugu frv. Og ég skora á hæstv. ráðh. að hugleiða þessi mál, af því að ég trúi því ekki, að hann vilji ekki hag þessa fólks betri og meiri en frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að of mikil fljótaskrift hafi verið á samningu frv., eins og hefur verið gagnrýnt hér í umr. Það er þess vegna, sem þau hafa siglt fram hjá þessum stóra hópi, gamla fólkinu, sem er 15—18 þús. manns, jafnvel upp undir 19 þús. manns, eins og kom fram í svari hæstv. ráðh. Það verður miklu verra fyrir þetta fólk að komast af bara á venjulegu lífsframfæri, þrátt fyrir það, að það fái auknar tryggingar, og þrátt fyrir það, að heimild sé í lögum til að lækka vissa skatta, fasteignaskatta. Nú á allt þetta fólk auðvitað ekki fasteignir, alls ekki. Við vorum svo ægilegir á s. l. vori, páv. stuðningsmenn ríkisstj., að miða gjöldin við hærri tölu, allt að þrem millj. kr., varðandi skattinn í hreinni eign húsa, ef ég man rétt. Ég man ekki, hver viðmiðunin er núna, af því að ég hef ekki frv. við höndina, en mig minnir, að það sé 1 millj., þannig að hér er nú farið aftur á bak líka í þessu sambandi.

Þá er það hækkunin um daginn á búvörunum. Í plöggum frá Hagstofu Íslands stendur orðrétt, ég tók vissa þætti hér út áðan: „Af áætlaðri heildarhækkun koma væntanlega aðeins 0.32 stig fram í kaupgreiðsluvísitölu." Þetta á við hinn almenna launþega í landinu, sem hefur beinar tekjur af vinnu sinni, þ. e. launþegar eiga ekki samkv. gildandi ákvæðum að fá 1.2 vísitölustig. Samt verða þeir að taka þetta á sig, þ. e. a. s. hinn almenni launþegi, sem getur unnið, hvað þá um hina, sem hafa engar tekjur aðrar en þær, sem eru tryggðar með lögunum núna, 120 þús. kr. sem lágmarkslífsframfæri. Einhvern tíma hefði nú hæstv. ráðh. látið hér harðari orð falla.

Og um till. okkar Alþfl.-manna, og reyndar sjálfstæðismanna líka, sagði hann, að þær væru reytingur einn. Reytingur á vestfirzku hefur nú alltaf þótt heldur lélegur afli, og þess vegna hafa þeir fellt allt nema eitt atriði, sem við stöndum báðir að núna, þ. e. að fella sparisjóðina niður varðandi landsútsvarið. Og það vil ég þakka, því að það er ástæðulaust að vera að eltast við sparisjóði, sem eru jafnvel bundnir við örlítil svæði og eru gamlar, þægilegar og hjálpsamar stofnanir fyrir það fólk, sem er á þessum svæðum, og jafnvel gæti útreikningurinn einn við að eltast við þessi gjöld miðað við þá upphæð, sem hæstv. ráðh. gat um, verið meiri en væntanlegri tekjuöflun nemur, og þá hlýtur að vera rökrétt að vera ekki að eltast við sparisjóðina. En látum bankana eiga sig, þeir geta sjálfsagt borið þær byrðar, sem á þá eru lagðar.

Ég vil þá ekki tefja tímann meira, en vil aðeins undirstrika það, að hæstv. félmrh. og fyrrv. forseti ASÍ virðist vera ánægður með þessa þróun varðandi gamla fólkið. Má hann muna sinn fífil fegri í því sambandi.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi hér minnast á. Það er ekki hvað sízt af því, að hæstv. félmrh. vék að frv., sem ég flutti á sínum tíma, og lét í ljós undrun yfir, að þeim umbótamálum hefði ekki verið komið fram, sem ég tel ástæðu til þess að segja hér nokkur orð. Það er að vísu naumur tími, en úr því að talinn var tími til þess að fresta fundi ætti ekki að saka, þótt nokkrar mín, væru teknar til þess að ræða þetta svolítið betur.

Hæstv. félmrh. hélt því fram, að þær væru harla ósamstæðar brtt., sem fluttar væru af hálfu stjórnarandstöðunnar við þetta frv., og þá fyrst og fremst brtt. okkar sjálfstæðismanna. Við lýstum því yfir við 2. umr. málsins, sem honum er harla kunnugt um að voru aðalrök fyrir frávísunartillögu okkar, að hér væri um svo víðtækt mál að ræða og fjölþætt, að það hefði þurft að rannsaka miklu betur áður en það var lagt fyrir þingið. Það gegndi mikilli furðu, ef við værum þá reiðubúin til þess nú að bera fram heilsteyptar till. um skipan tekjustofnamála sveitarfélaga. Það veit ég, að hæstv. ráðh. skilur, að er útilokað að gera. Ég held hins vegar, að miðað við frv. eins og það er, sé fullt samhengi í þessum till. okkar og að þær sýni alveg vissa stefnumörkun, sem er annars vegar í þá átt að reyna að tryggja hag sveitarfélaganna betur en gert er og hins vegar að reyna að tryggja, að skattþungi almennings gangi ekki úr hófi fram. Og þessar till. okkar ber, eins og frsm. hv. minni hl. heilbr.- og félmn. gat um, að skoða í samhengi við þær till., sem gerðar eru af okkar hálfu við breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem nú er til meðferðar í Nd.

Ég skal ekki fara að rekja þessar till. okkar hér, það

var mjög skilmerkilega gert af frsm., en það vakti nokkra undrun mína að heyra, að hæstv. ráðh., sem sat hér allan tímann, hafði ekki tekið eftir mjög greinargóðu yfirliti, sem flutt var um hvaða áhrif þessar till. hefðu á tekjur sveitarfélaganna, því að hér er náð allverulegum árangri í þá átt að bæta aðstöðu þeirra. Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út í sínu máli, sem mér finnst ekki réttlátt af honum að gera, því að hann veit, að það er rangt, að þetta sýndi, að við vildum frekar auka skattþungann en hitt. Það er algjör misskilningur. Og till. fela það í sér, að við ætlum okkur að létta skattþungann og hér er um að ræða millifærslu frá ríkissjóði yfir til sveitarsjóðanna eins og við gerum ráð fyrir í okkar till., og það verður svo aftur í sambandi við till. okkar við tekjuskattinn, sem það kemur til álita, hvort gengið er þar óhæfilega á hlut ríkissjóðs. Það er annað mál, en ég held sannast sagna, að frekar megi telja það furðulegt, að við höfum þá komið saman á skömmum tíma till., sem eru það heilsteyptar eins og þessar till. eru, til breyt. á þessu frv. Það skal hins vegar tekið fram, að þessar brtt. fela ekki í sér það, sem við helzt vildum gert hafa, vegna þess að við vorum bundin við frv. og gátum að sjálfsögðu ekki á þessu stigi farið að flytja nýtt frv., umskapa málið í heild.

Við teljum, eins og gerð var grein fyrir í nál. 1. minni hl. n., að það sé mjög óheppilegt, að verið sé að gera skattkerfið flóknara, sem þó virðist alls ekki vera tilgangur eða ætlun hæstv. ríkisstj., heldur að gera það einfaldara, en það er verið að gera það flóknara með ýmsum atriðum í þessum nýju lögum. Sumt stefnir að vísu í rétta átt, það skal fúslega játað. Það er ýmislegt í þessu frv., sem stefnir í rétta átt, og því dettur manni ekki í hug að neita. En það stefnir t. d. í ranga átt að miða í þessu frv. við bruttótekjur, en í tekjuskattsfrv. við nettótekjur, og það er mjög slæmt, að þetta skuli vera gert, vegna þess að mér skilst, að hugsunin í skattalagabreytingum undanfarin ár hafi í rauninni hjá öllum flokkum verið sú, að við ættum að reyna að gera skattkerfið einfaldara, m. a. með það í huga að gera mögulegt að innleiða staðgreiðslukerfi skatta. En þetta mun mjög torvelda, – sem er alveg öfugt við það, sem ég hygg, að hafi verið tilgangurinn, – að hægt sé að innleiða það kerfi, að miða við mismunandi aðferðir við álagningu útsvara og tekjuskatts.

Sem betur fer hefur hv. meiri hl. n. gert þær lagfæringar á þessu frv. að afnema hið dæmalausa atriði að hafa 26 skattstiga, sem var auðvitað með eindæmum. Og satt að segja gegnir furðu, að mönnum skuli hafa hugkvæmzt að setja saman slíka till., enda hefur það verið afnumið og það ber vissulega að viðurkenna það.

Það er eitt atriði í þessu máli, sem hér hefur verið vikið að og hv. 6. þm. Sunnl. vék sérstaklega að og ég satt að segja furða mig á, að hv. n. og hæstv. ráðh. skuli ekki hafa skoðað betur niður í kjölinn. Það er svo kallaður aukahlunnindaskattur. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að það sé mjög hæpið, að þessi skattur fái staðizt að lögum og sé ekki brot á stjórnarskránni, þar sem mismunað er þannig í skattheimtu eins og hér er gert ráð fyrir að gera. Það er ekkert að segja við þeirri hugsun, sem hér er að baki, að sveitarfélög vilji gjarnan ná til þeirra, sem eiga hlunnindi innan sveitarfélaga. Ég býst við, að það sé átt við laxveiðihlunnindi og eitt og annað af slíku tagi, og sveitarfélögin telja óhagstætt, að það séu utansveitarmenn að eignast þetta og sveitarfélögin fái ekki skatta. En það er alveg ný hugsun, sem ég vara mjög alvarlega hæstv. ríkisstj. við og tel, að hún þurfi að láta sína sérfræðinga athuga, hvort fái staðizt, *að leggja aukaskatta á menn eftir því, hvar þeir* eiga eignir. Kann að vera rétt að reyna að ná þessum tilgangi, að ná einhverjum meiri hluta til sveitarsjóðanna, en það verður þá vitanlega að gerast með því að veita þessum tilteknu aðilum einhver skattfríðindi á annan hátt, annaðhvort með skiptingu útsvara eða með einhverjum öðrum hætti. Auðvitað er skipting útsvara vandræðafyrirbrigði. En það verður að gerast á þann hátt, að tveir menn borgi ekki mismunandi háa skatta eftir því, hvað þeir eigi í eignum á landinu, að svo miklu leyti sem þeir gera það ekki í því fasteignamati, sem er afgerandi um gjaldsákvörðunina. Það er önnur saga, ef eignin er dýrmætari, þar sem hún liggur, eins og á sér stað, við skulum segja húseign hérna í Rvík eða norður á Skagaströnd. Það er ekkert við því að segja, að menn borgi mismunandi af slíkum eignum. En að tveir menn, sem eiga nákvæmlega jafnverðmæt hlunnindi, borgi mismunandi háa skatta, vil ég fullyrða, að a. m. k. sé full ástæða til að álíta að fái ekki staðizt og láti nærri, eins og hv. 6. þm. Sunnl. orðaði það, að hér væri um eignarnám að ræða. Ég er ákaflega hræddur um, að það eigi eftir ýmislegt á að ganga, áður en þetta verður látið gott heita, ef það er ætlun hæstv. ráðh., sem auðvitað ræður þessu máli, að láta þetta ganga til enda með þessum hætti. Ég vil beina því mjög alvarlega til hans, af því að ég veit, að hann vill ekki gera neitt það, sem fær ekki staðizt, að hann láti athuga það af fullri gaumgæfni, áður en frv. endanlega er komið í gegnum þingið, hvort þetta ákvæði fái staðizt og hvort ekki sé nauðsynlegt að reyna að ná því fram, sem þarna er hugsunin að ná fram, með einhverjum öðrum hætti.

Heildarskattbyrðina eftir þessu frv. og tekjuskattslögin skal ég ekki fara að ræða mörgum orðum hér, það er eðlilegra að gera það, þegar tekjuskattsfrv. kemur hér til meðferðar, sem verður eftir helgina, og þá munu vissulega verða gerðir að umtalsefni þeir furðulegu útreikningar, sem birtir hafa verið í því sambandi. Og ég verð að telja það mjög miður farið, sem einnig hæstv. félmrh. gerði hér, að bera Efnahagsstofnunina eða hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, sem það heitir nú, fyrir sig til þess að sanna, eins og það er orðað í grg. þeirrar stofnunar, að það sé óverulegur skattþungi, sem hér sé um að ræða. Þetta er vegna þess, að þar er ekki um að ræða raunhæft mat á því, hvort hér er um skattbyrði að ræða eða ekki, heldur mat, sem er byggt á því sem óraunhæft er. Og það kemur þá svipað út eins og þegar verið er að tala um og vitna til þess, að ekki geti reikniheilinn Háskólans hafa gefið rangar upplýsingar. Útkoman fer nefnilega eftir því, hvernig þessir heilar eru mataðir, hvaða forsendur eru gefnar. *Forstöðumaður hagrannsóknadeildarinnar, hagrann*sóknarstjóri upplýsti í fjhn. aðspurður, að vitanlega væri þetta ekki rétt, ef gengið væri út frá réttum forsendum, en hann hefði ekki haft annað að miða við en það, sem ákveðið var í fjárlögum, að skattvísitalan hefði að öllu óbreyttu átt að vera 6.5 stig. En þessi vísitala er alröng. Það veit hver einasti maður, að hún er alröng. Skattvísitalan ætti að vera 21.5 stig og raunar hærri. Og ég trúi því ekki, að hæstv. félmrh. hafi skipt

þannig um skoðun, að hann sé ekki sömu skoðunar og hann áður hefur verið um það, að skattvísitöluna eigi að nota til þess að auka ekki skattþunga milli ára, þannig að menn borgi ekki hlutfallslega hærra af sínum tekjum, þó að tekjurnar vaxi. En miðað við taxtabreytingar og það, sem vitað var og Efnahagsstofnunin vissi, þegar við báðum hana um þessar upplýsingar, gaf hagrannsóknarstjóri upp vísitöluna 21.5 stig. Samkv. henni vex skattbyrðin um rúml. 700 millj. kr. við breytinguna á þessum kerfum. Þetta vildi ég biðja hæstv. ráðh. að kynna sér, af því að ég trúi því ekki, að hann vilji ekki hafa það, sem réttara er í þessu efni, og gera sér grein fyrir því, að það er ekki hagrannsóknadeildinni að kenna, þó að hún komist að þessari niðurstöðu, vegna þess að henni er gefin röng forsenda af hæstv. fjmrh. til þess að gera þessa útreikninga. Þess vegna fæst þessi niðurstaða. Það er hægt að fá alls konar niðurstöður, ef maður bara hagræðir forsendunum, það vitum við öll.

Þá kem ég að hinu mikla umbótafrv. okkar hv. 1. þm. Reykv., sem frsm. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. mun eitthvað hafa minnzt á við 2. umr. og hæstv. félmrh. taldi, að hefði nú heldur slaklega verið að unnið í tíð okkar sjálfstæðismanna í ríkisstj., úr því að ekki væri búið að koma þessu hugsjónamáli í framkvæmd. Það má e. t. v. til sanns vegar færa. En því fer víðs fjarri, að ekki hafi mörgu verið komið í framkvæmd af því, sem var í því ágæta frv. Þar var t. d. talað um að afnema skatta, að skattar til ríkisins skyldu ekki vera krafðir af lágtekjum, þ. e. þurftartekjum eða almennum launatekjum, eins og það mun hafa verið orðað. Þetta var sú stefna, sem mörkuð var 1960 með skattalagabreytingum, sem þá voru gerðar og þá var tekinn hinn almenni taxti Dagsbrúnar að viðbættum 1 klst. eftirvinnutíma og það notað sem persónufrádráttur. Það hefur að vísu gengið á ýmsu síðan um það, að skattvísitala hafi haldið þessu við, og fyrstu árin dró nokkuð úr þessum hlunnindum. Síðan hefur verið reynt að stefna, einmitt á síðasta ári, að þessu marki á nýjan leik með hækkun skattvísitölu meira en nam bæði framfærslukostnaði og almennum hækkunum launastiga og því hefur verið yfir lýst, að það hafi verið ætlunin, ef við hefðum mátt ráða. En það er sýnilegt, að það er ekki skoðun núv. hæstv. ríkisstj. að nota velgengnisárin til þess að ná aftur upp því, sem varð að slaka á í þessum efnum á erfiðleikaárunum og ég fór þá aldrei neitt dult með og játaði hér fúslega á hinu háa Alþ., að rétt væri, að skattarnir hefðu verið þyngdir og persónufrádrátturinn hefði ekki verið eins og hann hefði átt að vera, en það stafaði eingöngu af þessum ástæðum, einkum vegna hagsmuna sveitarfélaganna. Síðan þetta gerðist hafa vissulega líka verið aukin fríðindi giftra kvenna, viss hóps þeirra, þeirra kvenna, sem úti vinna, að 50% af launum þeirra hafa verið undanþegin skatti. Það gerðist eftir að þetta frv. okkar var flutt. Hins vegar er það rétt, að ekki hefur tekizt hingað til að ná fram því meginstefnumiði, sem við höfum enn í dag og höfum lýst yfir í sambandi við meðferð skattalaga nú, að við töldum eiga að stefna að, algerri sérsköttun hjóna. En það stafaði einfaldlega af því 1960, svo að ég upplýsi það mál, að vegna þess hvað hefðu verið auknir persónufrádrættir í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga, lögðust sveitarfélögin mjög eindregið gegn því, að farið væri út á þessa braut, vegna þess að það mundi enn þá draga úr möguleikum þeirra til tekjuöflunar að fara þessa leið. Og þess vegna var þetta ekki gert. Ég lýsti því hins vegar yfir á síðasta þingi í sambandi við heildarendurskoðun skattalaga, sem þá var hafin, að stefnt væri að því nú við þá heildarendurskoðun, að þetta yrði gert. Því fer því víðs fjarri, að þetta hafi gleymzt. Það á sínar orsakir, að ekki tókst að framkvæma þetta að fullu, en meginatriði þessa frv., sem vitnað var til, hefur orðið að raunveruleika í tíð síðustu ríkisstj.

Herra forseti. Ég skal nú ekki þreyta langlundargeð manna. Ég býst við, að þeir séu að komast í aðra stemmningu en þá að hlusta mikið á umr. um skatta, og það er gott að geta gleymt þeim svona um stundarsakir. Ég er hræddur um, að þeir rifjist hins vegar upp illilega, menn vakni með alvarlega timburmenn, vonandi kannske ekki á morgun, en þeir timburmenn, sem verða kannske ekki minnstir hjá hæstv. ríkisstj., verði þegar skattskráin kemur út í vor. Jú, vafalaust verða menn að hafa þá. Ég veit, að hæstv. félmrh. er hraustur maður og hann hefur ýmislegt á sig tekið og gengið í gegnum margt um dagana, en ég hygg líka, að hæstv. ráðh. veiti ekkert af að safna kröftum þangað til, til að standa af sér þá flóðbylgju óánægju, og þeim, sem hafa trúað hæstv. ríkisstj. Að vísu hef ég nú engan enn þá hitt, sem gerir það varðandi þessi skattalög, en hafi einhver verið svo fávís, held ég, að það verði nánast skelfing, sem sá maður vaknar upp við, eftir að hafa séð skattseðilinn í vor. En þetta kemur kannske ekki svo mjög að sök, landsmenn eru undir þetta búnir að því leyti til, að þeir vita alveg, að það er verið að boða þeim rangan boðskap, sem tjóar ekkert að halda fram, og ég er hissa á, að greindir menn eins og hæstv. ráðherrar og talsmenn þeirra skuli halda fram, að þúsundir milljóna í auknum álögum merki bara einfaldlega það, að þetta sé tekið úr loftinu og ekkert þurfi að sjá fyrir þessu. Það væru meiri töframennirnir, sem það gætu, og það væri sannarlega þess virði, að hafa slíka menn varanlega í ríkisstj., það skal ég fúslega játa, ef þeir gætu hækkað fjárlög um á sjötta milljarð á einu ári, án þess að þess sæi stað og að þetta væru ekki auknar álögur á nokkurn þjóðfélagsborgara, og ekki aðeins það, heldur fái bara meginhlutinn af fólki aukin hlunnindi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði, sem mig langaði til að minnast á hér.

Stjórnarsinnar gera mikið úr því, að það sé tvennt, sem þeir vinni að með þessu frv. Í fyrsta lagi öryggi sveitarfélaganna og í öðru lagi lækkaðir skattar á láglaunafólki. Í raun og veru telja þeir, að þær brtt., þær 18 eða 19 brtt., sem þeir hafa komið fram með, hafi ráðið úrslitum, að nú væri þetta komið í bezta lag. Mig langar aðeins til að geta þess, að varðandi þá lægst launuðu hafa þau undur skeð, að t. d. útsvar hjá einstaklingi, sem er með 200 þús. kr. árstekjur, sem verður að telja þá lægst launuðu í landinu, hækkar um 50% við brtt. Ég held, að það fari heldur ekki á milli mála, að á hjónum með 400 þús. kr. árstekjur, þar sem konan vinnur jafnmikið inn eins og eiginmaðurinn, sem er ekkert óalgengt t. d. í frystihúsum og heldur ekkert óalgengt í sveitum, hækki útsvarið einnig um 50% frá hinum gildandi lögum. Ef við tökum þá atvinnustétt, sem er

talin sú lægst launaða í landinu, bændurna, fæ ég ekki betur séð en að þetta komi mjög illa við þá. 23. gr. hefur að vísu verið lagfærð nokkuð, þ. e. a. s. það er lagt í vald sveitarstjórna, hvort þær áætli þeim tekjur. En það þarf líka að taka það til athugunar, að bændur eru elzta stétt landsins, að þar eru fleiri 67 ára og eldri en í nokkurri annarri stétt. Þegar þetta kemur til viðbótar, er auðsjáanlegt, að fjöldi af bændaheimilum fer mjög illa út úr þessu frv., ef að *lögum verður*. Eins og öllum er kunnugt, fengu þeir aðilar í lög á s. l. ári, að mikill aukafrádráttur er veittur til tekjuskatts hjá þeim, sem eru 67 ára og eldri. Þetta mundi hafa komið sér einkar vel fyrir bændaheimili, en nú er sýnilegt, að þetta verður afnumið. Ég held, að sveitarstjórnir lendi í miklum örðugleikum með að ákvarða, hvort þær eigi að nota heimildarákvæði 23. gr. eða ekki, vegna þess að vinnuálag á bændaheimilin er mest, þegar árferði er slæmt, og þá er líka slæmur hagur hjá sveitarfélögunum. Þá verða þau að gera það upp við sig, hvort þau eigi að sleppa þessum tekjumöguleikum og láta þá börnin og unglingana eða aðra, sem þurfa á bættri aðstöðu að halda, gjalda þess, eða hvort þau eigi að notfæra sér þessa heimild beinlínis til þess að áætla *sjálf* tekjur þessara heimila, og þá er það augljóst, að því verra sem árferðið hefur verið, þeim mun meiri hefur vinnan verið og heimilisfólkið orðið að leggja meira að sér og hafa sveitarstjórnir heimild til þess að áætla því tekjur eins og það hefði unnið hjá öðrum fyrir fullu kaupi.

Loks vil ég geta þess, að í þessu frv., eins og það er í dag, er óvenjumikið um heimildarákvæði. Þetta hlýtur að skapa tvennt, það skapar mikið öryggisleysi í tekjuöflun og það skapar líka mikið öryggisleysi fyrir þegnana. Ég held því, að eitt af því bezta, sem sagt hefur verið hér, sé það, þegar l. þm. Vesturl. taldi það einn af höfuðkostunum, að halda skyldi áfram að endurskoða frv.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hv. l. þm. Vesturl. Í sambandi við afstöðu mína til fasteignaskatta og álagningu á bráttótekjur, sem hann vitnaði til, þá þurfti ekki að vitna í nein blaðaviðtöl, vegna þess að ég hafði nýlokið máli mínu, þegar hann sté í ræðustólinn, og lýst því yfir, að ég teldi fasteignaskatta eðlilegan tekjustofn fyrir sveitarfélögin, þar sem það væri gjald fyrir þjónustu sveitarfélaganna. En hóflega þyrfti að nýta þennan tekjustofn og að okkar áliti, sjálfstæðismanna, *væri um* það að ræða, að með álagsheimildum væri þessi skattur hækkaður umfram það, sem eðlilegt mætti teljast eða 5½-faldaður og allt að sjöfaldaður. Þetta er þeim mun varhugaverðara, þegar á það er litið, að fasteignamatið er nýlega úr garði gert. Það hefur verið vanrækt í tvö ár að halda því við, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið því í verk að bera hér fram á Alþ. frv. um viðhald og endurnýjun og framtíðarskipulag þeirra mála, er að fasteignamati lúta. Þess vegna er hér um mjög óvissan tekjustofn að ræða og mjög erfitt að byggja á því fasteignamati, sem í bókum liggur, nema það sé yfirfarið á ný, sem vanrækt hefur verið síðustu mánuði eða frá því að fasteignamatsnefndir almennt hættu störfum. Að því er lýtur að álagningu á *bráttótekjur*, þá er það út af fyrir sig ekkert óeðlilegur tekjustofn, ef um lágan skatt á bráttótekjur er að ræða. En í meðförum hefur bráttótekjuhugtakið tekið miklum breytingum, þannig að hafi það verið óljóst að vissu marki í upphafi, sem það var, þá er það nú mjög óvisst hugtak og skattstofninn liggur einhvers staðar á milli bráttótekna í raun og nettótekna. Þess vegna er verið að flækja skattkerfið umfram það, sem nauðsynlegt er, með því að leggja á tvo mismunandi skattstofna, annars vegar til sveitarfélaga og hins vegar til ríkisins, þegar búið er alla vega að gera þessar breytingar á bráttótekjuhugtakinu samkv. tekjustofnalögum sveitarfélaga. Það var annars athyglisvert hjá hv. l. þm. Vesturl., að hann sagði að lokum: Það er ekkert víst nema þetta tekjustofnafrv. nægi sveitarfélögum og útvegi þeim nægilegar tekjur í sveitarsjóði. Við vitum það ekki fyrr en búið er að vinna úr tölum í skattframtölum. Og þetta er orð að sönnu. Ég hygg, að þetta upplýsi töluvert um vinnubrögð þeirrar nefndar, sem undirbjó þetta frv. og hv. l. þm. Vesturl. var einn meðlimur í, að óvissan er svo mikil í huga nm., að þeir gera sér ekki grein fyrir því, hvort frv. nægir sveitarfélögunum, og treysta sér ekki til að svara þeirri spurningu, fyrr en búið er að vinna úr framtölum.

Nú sýnist jafnvel vera svo, ef marka má tölvu hv. l. þm. Vesturl. og hæstv. félmrh., að þeir geri sér helzt þær vonir, að brúa megi það bil, sem óneitanlega er búið að sýna fram á, að er fyrir hendi, að því er snertir fjárvöntun sveitarfélaga samkv. þessu tekjustofnafrv., með því að framtölin leiði í ljós meiri tekjuaukningu gjaldþegna á milli ára en útreikningar Efnahagsstofnunarinnar hafa hingað til gengið út frá. Það er sem sagt þessi von, sem réttlætir það í huga þessara forvígismanna frv., að það gefi sveitarsjóðum fullnægjandi tekjur til þess að sinna verkefnum sveitarfélaga. Ég hygg, að fátt sýni betur, hve óvönduð vinnubrögð hafa verið viðhöfð við undirbúning þessa frv., en þetta hálmstrá þessara formælenda frv. Ég vona, að það verði svo, að tekjur manna hafi aukizt umfram það sem Efnahagsstofnunin hefur gengið út frá. Að einhverju leyti megi með þeim hætti brúa það bil, sem allar skýrslur sýna fram á, að er fyrir hendi í fjárvöntun sveitarfélaga, þegar litið er á verkefni þeirra hins vegar.

Hæstv. félmrh. hóf mál sitt með langri útskýringu á því, af hverju hann hefði ekki tekið til máls við 2. umr. frv. Ég saknaði þess að vísu þá, að hæstv. félmrh. tók ekki til máls, en ég sakna þess nú eiginlega ekki lengur, vegna þess að það var ákaflega lítið efnislega á ræðu hæstv. félmrh. að græða. Hann lét í raun og veru ósvarað þeirri gagnrýni, sem hér hefur verið borin fram vegna þessa frv., og talaði raunar eins og hann hefði ekki hlustað á umr. í d. um frv., þótt hann hafi setið hér. Þetta kom berlega í ljós, þegar hann ræddi um brtt. l. minni hl. heilbr.- og félmn. og taldi þær mundu leiða til þess, að sveitarfélögin fengju minni tekjur, lægri tekjur í sinn hlut en samkv. frv. Nú gerði hv. frsm. skýra grein fyrir, hvernig þær tilfærslur yrðu í sambandi við þessar brtt., en ég skal gjarnan endurtaka það. Það er talið, að 5% tekjuskattur einstaklinga muni nema 455 millj. kr., sem er tekjuaukning í sveitarsjóði. Hér er gert ráð fyrir 9.1 millj. kr. skattgrunni.

Herra forseti. Ég mun gera hlé á máli mínu, þar sem félmrh. lýsti eftir þessum upplýsingum í sinni ræðu. (*Gripið fram í.*) Hann er í atkvgr. í Nd., svo það getur orðið nokkur bið. Nú, að þeim upplýsingum fengnum

og með tilliti til þess, sem fram undan er, held ég máli mínu áfram.

Í öðru lagi er um það að ræða, að 20% tekjuskattur félaga reiknast af 990 millj. kr. skattgrunni og gefur þá 227,7 millj. kr. í sveitarsjóði. Hér er um tekjuaukningu fyrir sveitarsjóði að ræða, sem nemur 682 millj. kr. Til lækkunar á tekjum sveitarsjóða samkv. brtt. okkar sjálfstæðismanna eru auknir persónufrádrættir samkv. brtt., sem nema lauslega áætlað, en þó nokkuð áreiðanlega, fyrir hjón 120 millj., – breytingin fyrir hjón er úr 7 þús. kr. í 10 þús. kr. og nemur í heild 120 millj. kr. Fyrir einstaklinga er breytingin úr 5 þús. í 7 þús. kr. og nemur í heild 114 millj. kr. og fyrir börn úr 1 þús. í 1 500, nemur 34 millj. kr., eða samtals 268 millj. kr. Þá er sem sagt eftir 414 millj. kr. tekjuaukning fyrir sveitarsjóði. Afnám álagsheimildar fasteignaskatta nemur 225 millj. kr. Þessa álagsheimild tel ég algjöra nauðvörn fyrir sveitarfélög að nýta, en ef út frá því er gengið, að þau mundu almennt nýta hana, þá nemur þessi tilfærsla, sem brtt. okkar sjálfstæðismanna hafa í för með sér, í heild tæplega 200 millj. kr. tekjuauka fyrir sveitarsjóði.

Þegar á þetta er litið, þá er ljóst, að það er heldur bót frá því sem verið hefur. Hæstv. ráðh. og ýmsir þeir, sem hér hafa talað, m. a. hv. 5. þm. Reykn., hafa vitnað í þau orð, að algjörlega forsvaranlega væri fyrir tekjuþörf sveitarfélaga séð. (Gripið fram í.) Mér þykir vænt um það, að hv. 5. þm. Reykn. grípur fram í og segist aðeins hafa vitnað í orð ráðh., því að sannleikurinn er sá, að samkv. þeim gögnum, sem hér hefur verið vitnað í við umr., og samkv. þeim gögnum, sem hæstv. ráðh. á fyrst og fremst að hafa undir höndum og hafa kynnt sér áður en frv. var lagt fyrir eða í það minnsta tekið til umr., þá segir Efnahagsstofnunin hreint út, að tekjulækkun sveitarfélaga á landinu í heild, miðað við hið gamla tekkustofnakerfi sveitarfélaga annars vegar og breytt frv. án heimildarákvæða hins vegar, tekjumissir sveitarfélaganna sé 1 108 millj. kr. Á móti þessu kemur útgjaldalækkun að upphæð 850 millj., þannig að í heild standa sveitarfélögin 260 millj. verr á grundvelli þessa tekjustofnafrv. en hins fyrra og til viðbótar má þess geta, að sveitarfélög í landinu hafa mismunandi tekjuþarfir í samræmi við þá mismunandi þjónustu, sem þau inna af höndum. Þetta gerir það að verkum, að samkv. gamla kerfinu hafa afslættir og álag verið í hinum mismunandi sveitarfélögum, sem að meðaltali nema 5.3% afslætti frá útsvarsstiga, sem nú gildir. Ef það er tekið til greina, þá nemur þessi 5.3% afsláttur rúmum 160 millj. kr. og þá má segja, að sveitarfélögin í landinu standi 420 millj. kr. verr á grundvelli þessa frv. miðað við gamla kerfið. Þá eru í hvorugu tilvikinu tekin inn í myndina heimildarákvæði til hækkunar, þau eru samkv. gamla kerfinu yfir 1 000 millj., þau eru samkv. nýja kerfinu aðeins rétt rúmar 400 millj. kr. Þess vegna hygg ég, að það sé alveg ljóst, að sveitarfélögin standa mun verr. Það er merkilegt, að yfirmaður sveitarfélaganna í landinu, hæstv. félmrh., skuli ekki gera sér grein fyrir því, að vegna þess að sveitarfélögin hafa mismunandi verkefni og inna af höndum mismunandi þjónustu eðli málsins samkv., hvort um er að ræða strjálbýl sveitarfélög, kauptún, kaupstaði eða höfuðborgina, að hann skuli ekki gera sér grein fyrir því, að það skapar mismunandi fjárþörf, og að formælendur stjórnarinnar skuli ekki gera sér grein fyrir því, að þessi mismunandi fjárþörf kallar á mismunandi tekjustofna. Atvinnuhættir eru mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum og það gerir einnig kröfu til þess, að nokkur sveigjanleiki sé í tekjustofnum sveitarfélaga. Þessi sveigjanleiki og þetta svigrúm, sem sveitarfélögin hafa samkv. núgildandi löggjöf, er ekki fyrir hendi í því tekjustofnafrv., sem núv. stjórn ætlar að leiða í lög. Þess vegna er um það að ræða, að nærri sveitarfélögunum er gengið og sjálfsákvörðunarréttur þeirra skertur.

Hæstv. ráðh. sagði, að við gagnrýnendur þessa frv. hefðum minna rætt um aukna skattbyrði samkv. þessu tekjustofnafrv., en eingöngu talað um fjárvöntun sveitarfélaganna. Þetta er engan veginn rétt. Það verður auðvitað að líta á tekjustofnafrv. og tekjuskattsfrv. sem eina heild, þegar rætt er um skattbyrðina og hvernig þessi skattalög koma fram gagnvart skattgreiðendum í landinu. Þótt tekjustofnafrv. hafi ekki í för með sér í heild aukningu á sköttum, sem til sveitarfélaga fara, miðað við fyrra frv., og það er augsýnilegt af þeim orðum, sem ég sagði hér áðan, þar sem tekjustofnar sveitarfélaga eru rýrðir, þá er það alvarlega í málinu, að tekjuskattsfrv. gera ekki eingöngu ráð fyrir því, að til ríkisins falli það, sem af sveitarfélögunum er tekið, heldur eru og til ríkisins teknar enn hærri upphæðir, sem leiða til þess, að skattbyrðar alls almennings í landinu eru stórlega þyngdar. Ef við lítum á tekjustofnafrv. eitt út af fyrir sig, þá hefur það líka í för með sér, eins og hv. 3. þm. Reykn. gerði skilmerkilega grein fyrir, þyngingu skattbyrða ýmissa hópa í sveitarfélögunum, þyngingu á skattbyrði þeirra hópa, sem sízt skyldi, eins og láglaunafólks.

Við skulum nú aðeins líta á það nokkru nánar, m. a. í framhaldi af fsp. hv. 1. landsk. þm. og orðræðum hans og 5. þm. Reykn., fsp. um áhrif þessa frv. og þessara frv. á hag þeirra, sem þiggja bætur almannatrygginga, hvaða áhrif hefur afnám nefskattanna svo kölluðu. Þegar skattbyrði er tekin til meðferðar og reynt að gera sér grein fyrir, hvernig henni er varið miðað við tvö mismunandi kerfi, þá hafa formælendur stjórnarinnar miðað gamla kerfið við skattvísitölu 6.5. Hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði þeirri vísvitandi fölsun rækileg skil, svo að ég skal ekki fara nánar út í það, en í samanburðinum er einnig gert ráð fyrir því, að nefskattarnir kæmu með fullum þunga inn í gamla kerfið, þannig að væntanleg hækkun þeirra er tekin inn í dæmið og sagt t. d., að almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald hjóna mundu hafa orðið 22 þús. kr. á þessu ári með óbreyttu skattkerfi. Það er alls ekki rétt að taka þessi gjöld inn í þennan samanburð, þegar af þeim ástæðum, að þessi gjöld voru inni í vísitölunni og með hækkun þeirra mundi skattgreiðandinn fá hærri laun til þess að greiða hækkunina, þannig að skattbyrði hans mundi alls ekki hafa aukizt að einu eða neinu leyti. Það er talið, að nefskattar, sem felldir eru niður með ráðstöfunum ríkisstj., vegi í kaupgreiðsluvísitölunni 3.7 stig nettó, en 4.2 stig brúttó. Þegar reiknað er með þeirri hækkun nefskattanna, sem orðið hefði, ef þeim hefði verið haldið áfram, vegur fráhvarf nefskattanna í kaupgreiðsluvísitölunni 5.5 stig nettó en 6 stig brúttó. Það verður í launum, miðað við 6 stiga missi í kaupgreiðsluvísitölu, sem hér segir, ef mánaðarlaunin eru 25 þús. kr., þá tapar viðkomandi 1 500 kr. á mánuði eða 18

þús. kr. á ársgrundvelli. Ef mánaðarlaunin eru 30 þús. kr., þá er tap á mánuði 1 800 kr. og tap á ársgrundvelli 21 600 kr. Ef mánaðarlaunin eru 40 þús. kr., þá er tapið á mánuði 2 400 kr., en á ársgrundvelli 28 800 kr., þ. e. að vegna þess að þessir nefskattar eru afnumdir og launahækkanir vegna þeirra felldar úr gildi þá er það svo, að allir, sem hafa 30 þús. kr. mánaðarlaun, tapa í launahækkunum álíka upphæð og nefskattar hjóna mundu samanlagt hafa numið á þessu ári. Ekkert sýnir betur en þetta, að það er algjörlega óraunhæft og úr lausu lofti gripið að taka nefskattana inn í þennan samanburð, eins og hv. formælendur ríkisstj. hafa viljað vera láta. Á það hefur verið bent í þessum umr., að ef réttlátur samanburður er gerður, þó þannig, og ég segi það með þeim fyrirvara, að nefskattar séu líka í þeim samanburði, sem þeir eiga ekki að vera samkv. því, sem ég hef nú rakið, en ef miðað er við skattvísitölu 21.5 stig og gamla kerfið, þá þýðir heildarskattþyngingin 700 millj. kr., en til viðbótar má svo gera ráð fyrir því, að sveitarfélögin verði að fullnýta álagsheimildir sínar, þ. e. a. s. álag á fasteignaskatta og hækkun útsvara úr 10 upp í 11% og þá mundi það þýða 540 millj. til viðbótar. Þá erum við komin í 1 240 millj. kr. þyngingu skattbyrðar. Ef við síðan tökum nefskattana, sem talið er að muni hafa verið um 1 200 millj. kr., þá sjá allir, að hér getur verið um 2 400 millj. kr. að ræða, sem í raun og veru skattbyrði alls almennings í landinu þyngist um. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að hver og einn skattgreiðandi dæmi fyrir sig, þegar hann fær skattreikninginn, og þá e. t. v. opnast augu formælenda stjórnarinnar og þeir sjá, inn á hvaða braut þeir hafa lagt með framlagningu þessara skattafrv.

Frsm. 1. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég skal lofa því að vera afar stuttorð, enda er hæstv. félmrh. ekki hér í d. Ég hefði e. t. v. freistazt til að svara nokkrum orðum, sem hann beindi til mín í sinni ræðu. En ástæðan til þess, að ég er komin hér upp í ræðustól, er sú, að flytja tvær örstuttar brtt. Það mun hafa fallið niður úr handriti brtt. okkar 1. minni hl. heilbr.- og félmn. um, að niður féllu orðin „álags á fasteignaskatt" á einum stað í frv. Síðan er komin fram brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. við sömu mgr. í sömu frvgr. og þessi brtt. meiri hl. er á þskj. 432. Brtt. frá okkur í 1. minni hl. heilbr.- og félmn. við þessa brtt. er sú, að orðin „innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr." falli niður. Þetta er til samræmis við þá brtt., sem við flytjum um að álagsheimildin verði afnumin. Fari svo, að þessi brtt. verði felld, þá er hér varatillaga við frvgr. sjálfa, 15. gr., að síðari málsliður 1. mgr. falli niður, en þar segir, að rn. sé heimilt að krefjast þess, að sveitarfélög, sem aðstoðar njóta, innheimti fasteignaskatt með álagi samkv. 3. mgr. 3. gr.

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt. með ósk um að leitað verði afbrigða, svo að þær megi koma til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 435, 436) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 431,1 felld með 11:9 atkv.

– 431,2 felld með 11:9 atkv.

Brtt. 431,3 felld með 11:8 atkv.

– 431,4 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG.

nei: AS, HK, BFB, EÁ, GeirG, StJ, MÓ, TÁ, RA, StH, BJ.

Brtt. 431,5 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG, ÞK, AuA, EggÞ, GH.

nei: StJ, MÓ, TÁ, RA, StH, AS, HK, BFB, EÁ, GeirG, BJ.

Brtt. 431,6 tekin aftur.

– 431,7 felld með 11:9 atkv.

– 435 felld með 11:9 atkv.

– 431,8 felld með 11:9 atkv.

– 431,9 felld með 11:9 atkv.

– 431,10.a-b felld með 11:7 atkv.

– 431,10.c felld með 11:9 atkv.

– 431,11 felld með 11:9 atkv.

– 431,12 felld með 11:9 atkv.

– 431,13 felld með 11:9 atkv.

– 431,14 felld með 11:9 atkv.

– 431,15 felld með 11:8 atkv.

– 431,16 tekin aftur.

– 436 felld með 11:9 atkv.

– 432 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, BFB, EÁ, GeirG, StJ, MÓ, TÁ, RA, StH, AS, BJ.

nei: EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG, ÞK, AuA.

Frv. afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 13. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 437).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur nú hlotið afgreiðslu í hv. Ed. Á því hafa orðið nokkrar breytingar, flestar þó minni háttar, og voru þær nálega allar samþ. mótatkvæðalaust í Ed. Það skal fúslega játað, að það veldur sveitarfélögunum að sjálfsögðu nokkrum baga, hversu seint málið er til lokaafgreiðslu. En sé með sanngirni á málið litið, þarf það engan að undra, þótt málið sé nokkuð seint á ferð. Hér er um grundvallarbreytingar skattalaga að ræða. Endurskoðunarstarfið gat af góðum og gildum ástæðum ekki hafizt fyrr en síðsumars, og skattamál eru fjölþætt, flókin og vandasöm mál, og má því fullyrða, að þær nefndir, sem unnu að endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um tekjustofna sveitarfélaga, höfðu vissulega unnið rösklega og skilað miklu og góðu starfi, þegar það kom í ljós, að þær gátu lagt fram frv. að endurskoðaðri skattalöggjöf í nóv. Þegar stjórnin svo lagði frv. fram á fyrri hluta þingsins, var um tvennt að velja: Að hraða afgreiðslu þeirra og ljúka henni áður en þingið færi í

jólaleyfi, t. d. með því að skella á nokkrum næturfundum, eða þá fresta afgreiðslu þeirra og senda frv. til umsagnar öllum þeim aðilum, sem mest eiga undir framkvæmd þeirra. Síðari kosturinn var valinn og hygg ég, að flestir, þegar þeir líta á málið í ró og næði, telji, að það hafi verið rétt ráðið.

Þegar þingið kom svo saman að loknu jólaleyfi, var þn. gefið gott svigrúm til að vinna að afgreiðslu málsins og grandskoða ábendingar, aths. og till. til breytinga, sem að sjálfsögðu höfðu borizt frá ýmsum aðilum. Með þessum sjálfsögðu vinnubrögðum var stjórnarandstæðingum að vísu gefið gullið tækifæri til að afflytja skattafrv. í sínum útbreiddu og áhrifamiklu málgögnum, og það tækifæri var auðvitað að fullu notað og kom raunar engum á óvart. Þess eru að vísu heldur engin dæmi, að skattalög hafi verið afgreidd ágreiningslaust af stjórnarmeirihluta og stjórnarandstöðu. Fá mál eru sjálfsagðari og eðlilegri ágreiningsmál milli flokka en einmitt skattamálin. Svo hefur löngum verið og svo mun lengstum verða. Þó að vissulega væri æskilegt að hraða afgreiðslu skattafrv., varð stjórnin tvisvar við óskum stjórnarandstöðunnar um að bíða nokkuð með afgreiðslu þeirra. Fyrra sinnið var afgreiðslu frestað um skeið að ósk stjórnarandstæðinga, meðan á þingi Norðurlandaráðs stóð, og hið síðara skiptið til þess að stjórnarandstaðan fengi aukið svigrúm til að ganga frá brtt. sínum, eftir að frv. komu frá þn. Vil ég því halda því fram, að stjórnarandstöðunni hafi verið sýnd fyllsta tillitssemi og sanngirni við afgreiðslu málsins.

Samkv. frv. nú, eins og það kemur frá hv. Ed., eru aðaltekjustofnar sveitarfélaganna fjórir, nefnilega fasteignaskattar, framlög úr Jöfnunarsjóði, útsvör og aðstöðugjöld. Auk þessa skulu svo sveitarfélögin að sjálfsögðu hafa tekjur eins og verið hefur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. þ. h.

Helztu ákvæði um fasteignaskattana eru nú sem hér segir: Árlega skal leggja fasteignaskatt á fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, og fella hann til þess sveitarfélags, þar sem fasteignin er. Þessi fasteignaskattur skal vera ½% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði. Þetta fellur allt undir ½%-skalann af fasteignaskattinum. Í annan stað skal svo fasteignaskatturinn vera 1% af öllum öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati. Þá er í þriðja lagi heimilt að leggja allt að 4% skatt á hlunnindi utansveitarmanna.

Frá álagningu fasteignaskattsins eru þó allmargar undanþágur, og hefur menn nokkuð greint á um, hversu víðtækar þær skyldu vera eða yfirleitt, hvort nokkrar undanþágur skyldi veita. Ofan á varð þó, að undanþegin fasteignaskatti skyldu vera sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í gróðaskyni, enn fremur elliheimili og heilsuhæli, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir og um lóðir slíkra húsa.

Þá vek ég sérstaka athygli á því, að sveitarstjórnum er heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama skal gilda um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri. Með tilliti til mikilla erfiðleika fólks oft og einatt við það að eignast þak yfir höfuðið, má sveitarstjórn undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot slíkra húsa hefjast. Þá er þess enn að geta um fasteignaskattinn, að sveitarstjórn er heimilt að innheimta álag á hann, og má það þó aldrei hærra vera en 50%. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu fasteignaskatts og er gjalddagi hans 15. jan. Þó er sveitarstjórnum heimilt að ákveða, að helmingur skattsins greiðist síðar á árinu.

Ákvæði frv. um hlutverk Jöfnunarsjóðs eru að mestu óbreytt frá gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga og framfærslulaga. Ákvæðin um aukaframlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga eru hins vegar nokkru rýmri en í gildandi lögum. Samkv. frv. skal greiða aukaframlag því sveitarfélagi, sem að dómi félmrn. skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða til óhjákvæmilegra útgjalda, enda hafi sveitarstjórn lagt á fullt útsvar. Það er sem sé skilyrði fyrir aukaframlagi. En hins vegar er rn. heimilt að krefjast þess, að þau sveitarfélög, sem slíkrar aðstoðar njóta, skuli innheimta fasteignaskatt með álagi. Ákvæði frv. um fólksfækkunarframlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga er á þessa leið:

„Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðalútsvar á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni."

En í gildandi lögum hefur þetta aukaframlag verið miðað við meðalútsvar í viðkomandi héraði. Sú viðurkenning á samtökum sveitarfélaga er nú veitt, að Jöfnunarsjóður skal greiða Sambandi ísl. sveitarfélaga 1% af tekjum sínum og landshlutasamtökum sveitarfélaga einnig 1%, sem skal skiptast jafnt á milli þeirra. Þá skal Jöfnunarsjóður greiða lánasjóði sveitarfélaga árlega 15 millj. kr. framlag. Tekjur Jöfnunarsjóðs eru mjög þær sömu og verið hafa, þ. e. 8% af söluskatti, 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs og landsútsvör. Landsútsvör skulu greiða: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins, Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, olíufélögin, svo og bankar og sparisjóðir, og er þeim síðast nefndu ætlað að borga 1% af mismun heildarútlánsvaxta og innlánsvaxta.

Fjórðungur landsútsvars, sem til fellur í hverju sveitarfélagi, kemur að jafnaði í hlut þess. Öðru úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs er skipt milli sveitarfélaga í réttu hlutfalli við íbúatölu, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins.

Þá er komið að meginbreytingu frv. frá gildandi lögum, en það er um útsvörin. Útsvarið skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs og má hann þó aldrei hærri vera en 10%. Sami hundraðshluti skal lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.

Sveitarstjórn skal ákveða í sambandi við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár, hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur gjaldenda á því ári og ber að tilkynna skattstjóra þá ákvörðun. Skal skattstjórinn annast álagningu útsvara, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að annast sjálf álagninguna eða falið sérstakri nefnd að gera það. Í raun og veru er því málið alveg í höndum hreppsnefndar eða sveitarstjórnar, að hennar eigin vild.

Komi það í ljós, að hámarksupphæð útsvaranna, 10%, hrökkvi ekki fyrir áætluðum útgjöldum, hefur sveitarstjórn heimild til að hækka útsvörin um 10%, að fengnu samþykki ráðh. Þannig geta útsvörin þá orðið 11%, að fenginni þeirri heimild. Persónufrádráttur til útsvars samkv. frv. er sem hér segir: Útsvar hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 þús. kr., dregst af útsvarsupphæð. Útsvar einstaklings skal lækka um 5 þús. kr. Fyrir hvert barn 16 ára eða yngra, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 þús. kr., en hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er umfram þrjú. Útsvör, sem lægri eru en 1 þús. kr., falla niður og skal útsvar ávallt lagt á í heilum hundruðum króna, þannig að lægri upphæð en 100 kr. er sleppt í útsvarsupphæð. Sveitarstjórnir hafa heimildir til að lækka útsvör gjaldenda, sem njóta bóta skv. 2. kafla almannatryggingalaga, og einnig námsfólks, sem nám stundar sex mánuði eða lengur á ári.

Þá er komið að fjórða og síðasta tekjustofni sveitarfélaganna samkv. frv. eins og það er nú, en það er aðstöðugjaldið. Ákvæðið um það er þannig orðað:

„Leggja má á aðstöðugjald, samkv. III. kafla laga nr. 51/1964, þó þannig, að það skal ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971."

Þessi heimild til álagningar aðstöðugjalds mun veita sveitarfélögunum um 100 millj. kr. tekjuauka frá upphaflega frv.

Að lokum skal fram tekið, að dráttarvöxtum er beitt til að herða á aðstöðu til innheimtu og hefur sú aðferð þótt allharður refsivöndur varðandi innheimtu söluskattsins. Ákvæði frv. um dráttarvextina er á þessa leið:

„Ef gjöld samkv. lögum þessum eru ekki greidd, áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt."

Með því, sem ég nú hef sagt, tel ég mig hafa gert grein fyrir meginefni frv. um tekjustofna sveitarfélaga, eins og hv. Ed. afgreiddi það nú fyrir helgina. Með því tel ég tekjuöflun sveitarfélaganna vera stillt í hóf, en tekjuþörf þeirra þó borgið á forsvaranlegan hátt. Það skal játað, að erfitt er um vik að gera nákvæman samanburð á tekjuöfluninni í heild miðað við gamla kerfið, og hafa niðurstöður þess samanburðar mjög orðið eftir þeim forsendum, sem menn hafa gefið sér, og útkoman því orðið nokkurn veginn eftir vild reiknimeistaranna sjálfra. Útkomurnar nálega eins margar og þeir eru, sem hafa verið að reikna dæmið.

Að ýmsu leyti er um gjörbreytt skattkerfi að ræða. Niðurfelling nefskatta er stórfelld og merk stefnubreyting í skattamálum, og er hún tvímælalaust hinum tekjuminni í þjóðfélaginu í hag. Sveitarfélögin fá með frv. þessu sveifluminni og öruggari tekjugrundvöll. Þungum gjaldabyrðum, svo sem vegna löggæzlu og tryggingа, er létt af sveitarfélögunum og munu flestir viðurkenna, að það sé til bóta, þar sem ríkið eitt var ákvörðunaraðili um þau mál áður. Ég tel, að hlutlaus rannsókn mundi leiða það í ljós, að í heild sé ekki um þyngda skattbyrði að ræða, en tilfærsla á skattbyrðinni er auðsæ, hún verður léttari samkv. hinu nýja kerfi á lágtekjum og miðlungstekjum, en kemur vafalaust þyngra niður á þeim, sem breiðustu bökin hafa, og það álít ég líka stefna í réttlætisátt.

Mest var um það deilt í hv. Ed., hvort nægilega örugglega mundi vera séð fyrir tekjuþörf allra sveitarfélaganna eða ekki lakar en samkv. hinu gamla kerfi. Vissulega tel ég, að allar hlutlausar athuganir hafi leitt í ljós, að svo sé, þetta muni sleppa, en hitt játa ég, að það skilar ekki miklum afgangi frá því. En færi svo, að þetta reyndist ekki rétt, er bráðabirgðaákvæði frv. ætlað að veita sveitarfélögunum fullt öryggi í þessu tilfelli, en þar segir:

„Á árinu 1972 er félmrn. heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag," – það er annað aukaframlag en það sem nefnt var hér áðan í frv. – „ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggi á útsvar án afsláttar samkv. 26. gr. og fullt aðstöðugjald."

Þá getur sveitarfélagið fengið þetta sérstaka aukaframlag til að ná fullu jafnvægi við þá tekjumöguleika, sem sveitarfélagið hefði haft samkv. gamla kerfinu.

Þetta ákvæði er að mínu áliti fullkominn öryggisventill fyrir sveitarfélögin, þ. e. það gefur fulla tryggingu fyrir ekki minni tekjuöflun en gamla kerfið hefði veitt þeim.

Ég hef þá, herra forseti, lokið máli mínu. Ég vil svo vænta skjótrar afgreiðslu málsins hér í hv. d. N. beggja d. hafa þegar unnið saman að báðum skattafrv. og bæði hafa þau að nokkru leyti verið rædd sameiginlega í báðum d.

Að lokum lýsi ég því yfir, að endurskoðun skattamálanna mun halda áfram og niðurstöður hennar verða lagðar fyrir næsta þing.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er annar þáttur þeirrar gagngeru breytingar á íslenzkri skattalöggjöf, sem hæstv. ríkisstjórn beitir sér nú fyrir. Breytinguna verður að skoða sem eina heild, enda frv. nátengd hvort öðru og grundvallast sumpart á nokkuð breyttri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, án þess þó, að nokkur heildarathugun hafi farið fram á því, hvernig skynsamlegast sé að haga þeirri verkaskiptingu. En þegar jafngagnger breyting er gerð á skattalögum og hér er um að ræða, þá er nauðsynlegt, að það sé íhugað vandlega, hvert eigi að vera markmið slíkrar breytingar, hver stefnan eigi að vera í skattamálunum. Ég er þeirrar skoðunar, að meginstefna hverrar gagngerrar breytingar á skattalögum eigi að felast í þessu tvennu: Annars vegar eigi að vinna að því,

að launafólk greiði ekki skatt af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til venjulegs lífsframfæris. Og í öðru lagi, að skattkerfið verði einfaldara en áður var. Um þessi tvö atriði langar mig nú til að fara nokkrum orðum.

Um fyrra atriðið er það að segja, að þar er meginspurningin sú, hvort skattbyrði sé að þyngjast, ef þessi tvö frv. verða að lögum, eða ekki. Hæstv. félmrh. sagði í framsöguræðu sinni áðan, að frv. hefðu í för með sér flutning á skattbyrði milli aðila í þjóðfélaginu. Skattbyrði mundi léttast á fólki með mjög lágar tekjur, en hins vegar þyngjast hjá þeim, sem breiðust hefðu bökin, eins og hann tók til orða, eða eitthvað því um líkt. Þetta er því miður mjög mikill misskilningur. Ég vildi óska þess, að skoðun hæstv. félmrh. væri rétt, – þá gæti ég stutt hana, – en hún er því miður alröng. Og það skal ég nú sýna fram á í einföldu máli.

Vilji menn bera saman skattbyrði almennings samkv. þeim lögum, sem í gildi hafa verið, og frv. ríkisstj., þá má aðallega gera það á tvennan hátt. Annars vegar má bera saman skattana, eins og þeir hefðu orðið samkv. gömlu lögunum, og miða þá við einhverja skynsamlega ákveðna skattvísitölu og svo skattana, eins og þeir yrðu samkv. frv.

Hin aðferðin er svo sú, að bera má saman raunverulega skattgreiðslu af ákveðnum tekjum í fyrra, en þá voru gömlu lögin í gildi, og væntanlega skattgreiðslu í sumar samkv. frv. Yrði þá að miða við áætlun um tekjur í fyrra, sem nú yrði lagt á í ár, en slíkar áætlanir hafa þegar verið gerðar. Ríkisstj. og málgögn hennar hafa einkum notað fyrri aðferðina, þ. e. að bera saman skattgreiðslu samkv. gömlu lögunum annars vegar og væntanlega skattgreiðslu samkv. frv. hins vegar. En hæstv. ríkisstjórn og málgögn hennar hafa í því sambandi alltaf undantekningarlaust miðað við algjörlega óraunhæfa skattvísitölu, þannig að bein skattbyrði samkv. útreikningum hæstv. ríkisstjórnar og málgagna hennar er sýnd miklu þyngri en hún hefði nokkru sinni orðið, ef gömlu lögunum hefði verið beitt.

Ég hika ekki við að fullyrða, að ef gömlu lögin hefðu áfram verið í gildi, hefði engin ríkisstj., hvorki núv. ríkisstjórn né heldur nokkur önnur, látið sér detta í hug að miða við skattvísitöluna 106.5, sem reikningstölur fjárlaga voru byggðar á. Ekki einu sinni núverandi ríkisstj. hefði látið sér koma slíkt til hugar, og þarf þá ekki annað en að minnast þess, að síðasta ríkisstj., ríkisstj., sem sat í fyrra, þegar skattvísitalan var síðast ákveðin, hækkaði skattvísitöluna um 20%. Og hverjum dettur í hug, að í öðru eins góðæri og nú er mundi nokkur ríkisstjórn hafa látið sér detta í hug að hækka skattvísitöluna í ár aðeins um 6.5%? Að ég nú ekki tali um þá staðreynd, að nokkrir hv. núverandi stjórnarsinnar ásamt hæstv. núv. fjmrh. hafi mörg undanfarin ár flutt frv. um það, hvernig skattvísitala skuli ákveðin. Ef það frv. hefði verið samþ. í fyrra og skattvísitala ákveðin samkv. því núna, þá hefði skattvísitalan átt að hækka í ár um það bil 20%. Og dettur nokkrum lifandi manni í hug, að ef ríkisstj. hefði horfið frá heildarendurskoðun skattalaga og orðið að búa við gömlu lögin, kannske neyðzt til að búa við þau samkv. hennar eigin skoðun, dettur þá nokkrum í hug, að þeir hefðu haft hækkun skattvísitölunnar minni en síðasti fjmrh. og haft hana minni en þeirra eigið frv. sagði til um, en þar er um að ræða rúmlega 20% hækkun? Það er því algjörlega augljóst, að allir útreikningar á skattbyrði, sem miðaðir eru við jafnlága skattvísitölu og 106.5, eru vægast sagt út í bláinn. Þeir eru algjörlega óraunhæfir.

Eðlilegast er að miða skattvísitölu við þá breytingu, sem verður á tekjum milli ára, þannig að hækkun tekna í krónutölu verði ekki til þess að flytja menn, tekjulaunþega, í hærri skattstiga. Þetta er grundvallarhugsunin, sem liggur að baki hugtakinu skattvísitala, að þótt tekjur manna hækki í krónum, þá skuli hlutfall í skattgreiðslu manna ekki aukast. M. ö. o., þótt verðbólga sé, ef tekjur manna hækka af einhverjum ástæðum, þá eigi það ekki að þýða hærri skattstiga fyrir tekjuhafa. Þetta er grundvallarhugsun sú, sem liggur að baki skattvísitölunnar. Ef henni yrði breytt núna, þá ætti skattvísitalan að vera alls ekki lægri en 121.5%, því að þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar á breytingu tekna milli áranna 1970 og 1971, sýna, að tekjubreytingin, tekjuaukningin hefur a. m. k. orðið 21.5% og hún mun, að því er sérfræðingar segja, eflaust reynast meiri. 21.5% er algjört lágmark tekjubreytingar, sem orðið hefur milli skattáranna 1970 og 1971, og þess vegna hika ég ekki við að fullyrða, að ef gömlu lögin hefðu verið í gildi og þurft hefði að ákveða skattvísitölu, sem ekki þarf núna vegna nýrrar lagasetningar, þá hefði engin ríkisstjórn, hver sem hún hefði verið, látið sér til hugar koma að ákveða skattvísitöluna lægri en 121.5%.

Vegna þessara staðreynda falla allir útreikningar, sem birtir hafa verið í málgögnum ríkisstj. um samanburð á skattbyrði eftir gömlu lögunum og þessum nýju frv., algjörlega um sjálfa sig. Þeir eru ekki byggðir á réttum eða raunhæfum forsendum. Ef lagt hefði verið á nú á þessu ári eftir gildandi lögum og miðað við skattvísitöluna 121.5, sem ég er, að ég tel, búinn að færa skynsamleg rök fyrir, að mundi hafa orðið 121.5 a. m. k., þá hefðu heildarskattgreiðslur skattgreiðenda orðið 7 040 millj. kr. Ef skattafrv. ríkisstj. hefðu verið samþykkt, eins og þau voru lögð fram upphaflega, hefðu fjárhæðir þeirra heildarskatta, sem breytingarnar taka til, orðið 7 750 millj. kr., eða 710 millj. kr. hærri en álagningar eftir gömlu lögunum, miðað við þá skattvísitölu, sem ég hef verið að gera að umtalsefni.

Sem betur fer hafa frv. tekið nokkrum breytingum í meðförð Alþ., sem mun draga úr aukningu skattbyrðarinnar, og því ber sannarlega að fagna. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan breytingarnar voru samþykktar, hefur ekki reynzt unnt að athuga nákvæmlega, hversu miklu sú lækkun nemur, sem breyting Alþ. á frv. hefur í för með sér. En það er óhætt að fullyrða, að hún nemur hvergi nærri 710 millj. kr., svo að enn á það við, að almenningur mun þurfa að greiða hærri heildarskatta á þessu ári en í fyrra, og það er meginstaðreynd málsins, að almenningur mun þurfa á þessu ári að greiða hærri heildarskatta en hann greiddi í fyrra.

Ég sagði áðan, að þetta væri önnur aðferðin, sem nota mætti til að bera saman breytingar á skattbyrðinni. Hin er í raun og veru miklu einfaldari, vegna þess að þar kemur ekkert þex um skattvísitölu til skjalanna, það má alveg sleppa allri deilu um það atriði. Hin aðferðin, sem er í raun og veru mun einfaldari, er fólgin í því að athuga raunverulega skattgreiðslu ákveðinna manna eða tiltekinna stétta í fyrra, – það liggur fyrir í opinberum heimildum, um það getur enginn maður deilt,

hvað menn raunverulega greiddu í skatta í fyrrasumar, – og bera það saman við það, sem menn munu koma til með að greiða í skatt í sumar samkv. frv., eins og þau eru núna. Það eina, sem þarf að áætla í því sambandi, er það, hverjar tekjurnar hafi orðið í fyrra, 1971, sem lagt verður á nú í sumar.

Sérfræðingar hafa þegar gert vissar áætlanir um þetta og menn þekkja breytingarnar á tekjutöxtum, sem orðið hafa á milli þessara tveggja ára, þannig að þetta er hægt að áætla með nokkurri vissu. Ég hef aflað mér áætlana um þetta varðandi nokkrar helztu launastéttir landsins og hika ekki við að fullyrða, að þær eru mjög varlegar og eru byggðar á þeirri vitneskju, sem er um ca. 21% heildartekjubreytinga, tekjuhækkun á milli áranna 1970 og 1971 og síðan eru breytingar á tekjum einstakra stétta miðaðar við það, sem vitað er um taxtabreytingar og kaupbreytingar á tekjum stéttanna á þessu tímabili.

Þessi athugun, sem ég hef gert með aðstoð sérfróðra manna, tekur til nokkurra helztu launþegastétta í landinu. Hún tekur til verkamanna, iðnaðarmanna, afgreiðslumanna í verzlunum, skrifstofumanna, ríkisstarfsmanna, starfsmanna sveitarfélaga, undirmanna á fiskiskipum og yfirmanna á fiskiskipum. Og eins og menn sjá á þessari upptalningu, þá er hér um að ræða meginþorra alls launafólks í landinu. Ég hef athugað annars vegar, hvað þessar stéttir greiddu í tekjuskatt og útsvar í fyrra, greiddu í reynd í fyrra í tekjuskatt og útsvar af meðaltekjum hverrar stéttar þá. Og hins vegar hef ég athugað, hvað þessar sömu stéttir mundu greiða í tekjuskatt og útsvar samtals í sumar, miðað við áætlaðar meðaltekjur þessara sömu stétta á árinu 1971, í fyrra. Þetta er í raun og veru einfaldasti og óumdeilanlegasti samanburðurinn, sem hægt er að gera á því, hvort skattbyrðin er að léttast eða þyngjast.

Ég kaus þann kostinn að miða við hjón með tvö börn, það er algengasta fjölskyldustærðin. Ég kaus líka þann kostinn til að hafa óvissuþættina sem allra minnsta að blanda fasteigna- og eignarskattsgreiðslum ekki inn í dæmið, því að eignaaðstaða fólks er svo gerólík, að það mætti vefengja niðurstöður, ef verið væri að taka það þar inn í, og enn fremur taldi ég rétt að miða við 10.5% útsvarsálagningu. Það hefði ekki verið rétt að miða við 10% útsvarsálagningu, vegna þess að Samband ísl. sveitarfélaga hefur lýst því yfir, að sá tekjustofn muni hvergi nærri reynast nægilegur og var þetta viðurkennt af hv. Ed. á þann hátt, að heimilað var að leggja á allt að 11%, með leyfi hæstv. félmrh. Og mér er tjáð af fróðum sveitarstjórnarmönnum, að það sé öldungis víst, að mjög verulegur ef ekki meiri hluti sveitarfélaga, einkum þau stærstu, muni fara fram á það við hæstv. félmrh. að fá að nota 11% heimildina. Hins vegar munu ýmis minni sveitarfélög, einkum sveitarfélög í dreifbýli, ekki nota heimildina að fullu og jafnvel veita afslátt. En til þess að ég verði ekki vændur um að nota hæstu hugsanlega tölu, taldi ég ekki rétt að miða útreikningana við, að 11% heimildin væri alls staðar notuð, heldur fór meðalveginn og niðurstöðurnar eru byggðar á því, að útsvarsálagning verði yfirleitt á þessu ári 10.5% að meðaltali, og getur enginn haldið því fram, að þar sé um að ræða tilraun til þess að stækka eða ýkja dæmið. En niðurstaðan af þessum útreikningum er þessi:

Í fyrra greiddu verkamenn að meðaltali af sínum tekjum 52 þús. kr. samtals í tekju- og eignarskatt. Þeir koma til með að greiða í sumar af sínum meðaltekjum í fyrra 48 þús. kr. Skattur verkamanna lækkar beinlínis í krónum og þá auðvitað einnig í hlutfalli af tekjunum. Þeir eru eina stéttin, sem mun njóta skattlækkunar, og því ber sannarlega að fagna. Það var það eina, sem var rétt í ummælum hæstv. félmrh. um þetta efni, að skattur verkamanna, heildarskattbyrði verkamanna mun léttast, og því fagna ég. En skattbyrðar allra annarra launastétta í þjóðfélaginu munu þyngjast og sumra meira að segja mjög verulega.

Iðnaðarmenn greiddu í fyrra að meðaltali af sínum tekjum 75 þús. kr. Þeir munu í sumar verða að greiða 87 þús. kr. að meðaltali af sínum meðaltekjum. Afgreiðslumenn í verzlunum greiddu í fyrra 62 þús. kr. Þeir munu greiða 69 þús. kr. núna og eru þó hrein láglaunastétt. (**BP:** Hvernig á að reikna þetta út?) (**Gripið fram í:** Hann gefur sér allar forsendur.) Ég gef mér ekki forsendurnar. Ég er búinn að skýra, hvernig forsendurnar eru fengnar. Ég skal gjarnan enn endurtaka það fyrir bæði ráðh. og hv. þm.

Forsendurnar eru þannig fengnar, að vitað er, hvað heildartekjur milli áranna 1970 og 1971 hafa hækkað. Þær eru taldar hafa hækkað um a. m. k. 21.5%. Síðan eru þetta taxtabreytingar hjá öllum þeim launastéttum, sem ég hef hér nefnt. Þær liggja auðvitað fyrir, og það er eingöngu miðað við taxtabreytingarnar. Þess vegna sagði ég áðan, að sú tekjuhækkun, sem er miðað við, er í algeru lágmarki. Það vita allir, sem vilja vita það, að raunverulegar tekjur manna hafa hækkað meira en sem nemur taxtabreytingunum. Ég reikna samt ekki með meiru en því, sem verkalýðsfélög hlutaðeigandi stétta hafa samið um fyrir félagsmenn sína. Öll tekjuaukning, sem er umfram það, er ekki reiknuð hér með. Hér er um algerar lágmarkstölur að ræða. (Gripið fram í.) Þeir eru auðvitað fallnir burtu, eins og gefur að skilja. (Gripið fram í.) Má ég halda áfram að lesa? Ég sé það, að stjórnarsinnar gerast mjög órólegir, sem er hins vegar alveg ástæðulaust, og mér finnst vera alveg óhætt fyrir þá að hlusta rólega á þetta. Ég get vel skilið, vegna þess, sem fram kemur, að þeim muni ekki líða allt of vel hið innra með sjálfum sér, en það er óþarfi að auglýsa það svona í látbragði út á við.

Um skrifstofumenn er það að segja, að í fyrra greiddu skrifstofumenn af sínum meðaltekjum 73 þús. kr., en þeir munu í sumar greiða 87 þús. kr. Hækkun úr 73 þús. kr. Ríkisstarfsmenn greiddu í fyrra af meðaltekjum sínum 99 þús. kr., en þeir munu greiða í sumar 146 þús. kr. Starfsmenn sveitarfélaga greiddu í fyrra 83 þús. kr. af sínum meðaltekjum, en munu í sumar greiða 122 þús. kr. Undirmenn á fiskiskipum greiddu í fyrra af sínum meðaltekjum 56 þús. kr., en munu greiða í sumar 90 þús. kr., hækkun úr 56 þús. kr. í 90 þús. kr. Og yfirmenn á fiskiskipum greiddu í fyrra 106 þús. kr., en munu í sumar greiða af sínum meðaltekjum 169 þús. kr. Hér er um að ræða samanburð á krónutölu heildarskattgreiðslu í fyrra og væntanlegri heildarskattgreiðslu í ár. Nú ber auðvitað að taka tillit til þess, að krónutekjur hækka milli áranna, þannig að í sjálfu sér er ekki óeðlilegt, að skattar manna hækki í krónutölu, og auknar skattbyrðar ber að sjálfsögðu ekki að mæla í hækkun krónutölu skatta á milli ára, heldur í hinu, eins og ég sagði áðan, hvort menn borga hlutfallslega meira

af tekjum sínum í skatt á einu ári heldur en öðru. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með meiri talnalestri, en ef athuguð er hlutfallsleg skattgreiðsla þessara stétta af tekjum sínum í fyrra og væntanleg hlutfallsleg skattgreiðsla þeirra í ár, þá kemur í ljós, að hlutfallsleg skattgreiðsla tveggja stétta mun lækka eilítið, verkamanna að sjálfsögðu, þar sem beinlínis krónutala þeirra í skatti lækkar, og afgreiðslumanna í verzlunum, sem lækkar eilítið. En hlutfallsleg skattgreiðsla allra annarra launastétta í landinu mun aukast. M. ö. o., í sumar munu allar launastéttir í landinu nema verkamenn og afgreiðslumenn í verzlunum borga hærri prósentu, hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt heldur en þeir gerðu í fyrrasumar. Og í sumum dæmum er þessi hækkun svo mikil, að hreint ranglæti verður að telja. Um ríkisstarfsmenn gildir það t. d., að þeir borguðu í fyrra af sínum tekjum 18.8%, en munu borga 22.1% af tekjum sínum í sumar samkv. frv. Og um undirmenn á fiskiskipum gildir það, að þeir borguðu í fyrra 13.1% af sínum tekjum í skatt, en munu í sumar samkv. frv. borga 16.8% í skatt og útsvar, hækkun úr 13.1 í 16.8%. Það er því engum blöðum um það að fletta, að skattbyrði almennings mun þyngjast mjög verulega í kjölfar samþykkta þessara frv. Er þetta í raun og veru staðreynd, sem er svo augljós, að mig hefur furðað mjög á þeim málflutningi hæstv. ríkisstj. og málgagna hennar, að halda því fram, að skattbyrði almennings muni nokkurn veginn verða hin sama í ár og áður, það sé ekki um umtalsverða breytingu að ræða, og eins og hæstv. félmrh. sagði áðan, að vekja þær vonir hjá láglaunafólki, að skattbyrði muni léttast í sumar, en bara hækka á einhverju fólki með breið bök. Ég satt að segja skil ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur getað talið heppilegt fyrir sig að beita slíkum málflutningi, af því að hún hlýtur að vita rétt eins og við hinir vitum það, að þegar skattseðlarnir koma í sumar, þá verður niðurstaðan allt, allt, allt önnur. Ég hefði getað skilið ríkisstj., ef hún hefði beitt málflutningi eins og þeim að segja: Við erum með ný verkefni. Við höfum aukið almannatryggingar og við erum að gera og ætlum að gera þetta og hitt. Þess vegna er nauðsynlegt, að menn borgi meira í skatt en menn borguðu í fyrra. Þetta hefði verið heiðarlegur og drengilegur málflutningur, sem hefði vakið virðingu margra, sem annars eru ekki allt of hrifnir af hæstv. ríkisstj. En að beita hinum málflutningnum, sem hún hefur beitt, að reyna að telja almenningi trú um, að skattbyrðin muni ekki þyngjast og vita það, að dómurinn kemur eftir nokkra mánuði á skattseðlunum sjálfum, það er málflutningur, sem ég ekki skil.

Ég sagði, að annað atriði, sem jafnan ætti að athuga, þegar gagngerðar breytingar á skattalögum væru á döfinni, væri þetta, sem ég hef nú verið að gera að umtalsefni, hvort launafólki sé ætlað að borga óeðlilega mikla skatta, og þó einkum, hvort skattbyrðin sé að þyngjast miðað við það, sem áður var. Hitt atriðið, sem ég sagði, að jafnan ætti að keppa að, væri það að reyna að gera skattkerfið einfaldara en það var áður. Ég hygg, að almennt samkomulag sé um það, að skattkerfi íslenzku þjóðarinnar hafi í áratugi verið allt of flókið og það hafi verið vanrækt langa lengi að reyna að gera það einfaldara og stefna að því að gera það sem einfaldast. Mér er ljóst, að nokkur atriði í þessum frv. ganga einmitt í þá átt að gera skattkerfið einfaldara en það áður var, og þeim ákvörðunum fagna ég að sjálfsögðu. En eitt mjög stórt spor er þó stigið aftur á bak á þessu sviði að því er snertir einföldun skattkerfisins, og það einmitt í þessu frv., sem hér er nú til 1. umr. Í þessu frv. er nefnilega gert ráð fyrir því, að útsvör séu lögð á annan tekjugrundvöll en tekjuskattur, þar eð útsvörin eiga að verða bráttóskattur, en tekjuskatturinn að halda áfram að vera nettóskattur. Og þessi breyting er gerð, án þess að hugtakið bráttóskattur hafi verið vandlega skilgreint eða sýnt fram á, að það sé sanngjarn álagningargrundvöllur. Það hefur ekki heldur verið gerð nein tilraun til þess að bæta úr ágöllum nettótekjuhugtaksins í gildandi lögum, en þeir eru verulegir, þó að ég sjái ekki ástæðu til þess að fara út í það hér. Hið nýja skattkerfi, sem nú er boðað, gerir hér ráð fyrir tvenns konar grundvelli við álagningu opinberra gjalda, sem miðað er við tekjur, og verður skattkerfið við það auðvitað flóknara en það var áður, en ekki einfaldara.

Með hliðsjón af þessu mun það í n. verða aðaltill. mín, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar. Verði það ekki niðurstaðan, þá mun ég í n., sem ég á sæti í, heilbr.- og félmn., gera grein fyrir nokkrum breytingum, sem ég tel nauðsynlegt að gera á frv., en þær lúta fyrst og fremst að því að halda ýmsum frádráttarliðum, sem eru í gildandi útsvarslögum varðandi sjómenn og námsmenn, og mun ég að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir því að fluttum till. við 2. umr. Þá tel ég einnig nauðsynlegt, að fallið sé frá þeirri fyrirætlun að afnema þau skatthlunnindi, sem gift kona, sem vinnur utan heimilis, hefur notið í því formi, að heimilt hefur verið að draga frá 50% af þeim tekjum, sem hún aflar sér við vinnu utan heimilis, því að enginn vafi er á því, að ef þetta ákvæði verður fellt niður úr útsvarslögum, þá mun útsvarsbyrði giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, þyngjast mjög verulega og hætta verður á því, að atvinnuvegir þjóðarinnar missi mikilsvert vinnuafl. En það er að sjálfsögðu mjög skaðlegt. Raunar er ég þeirrar skoðunar, að þau ákvæði, sem í gildandi lögum eru til þess að ívilna giftum konum, sem vinna utan heimilis, séu ekki nægileg. Og í sambandi við tekju- og eignarskattsfrv., í sambandi við áskorun til ríkisstj. um að halda áfram endurskoðun skattalaga, þá setti ég fram hugmynd um það, að það yrði athugað af hálfu hæstv. ríkisstj., – slík athugun á þar heima, – hvort ekki væri unnt að bæta úr ágöllum, sem jafnvel nú eru á skattamálum hjóna, með því að gera hvort hjóna um sig að sjálfstæðum skattþegni, og flutti um þetta brtt.

Nú gerðist sá leiðinlegi atburður, að þegar þeirri till. var fyrst útbýtt, þá var henni útbýtt algerlega brenglaðri, því að í prentun hafði efni hennar farið algerlega í handaskolum. Af því að mér er sagt, að þetta hafi verið gert að umtalsefni á kvöldfundi hér s. l. þriðjudag, þá þykir mér rétt í örfáum orðum að skýra frá, hvernig slíkt og annað eins og þvílíkt gat gerzt. Skýringin er sú, að ég hafði samið brtt. í samráði við lögfræðing, sem er sérfróður um skattamál, brtt. allar og þ. á m. þessa. Við höfðum í upphafi hugsað okkur að hafa till. mun ítarlegri en okkur sýndist svo seinna ráðlegt að hafa hana. Með því móti yrði málið of flókið og of torskilið, svo að við styttum till. mjög í handriti með útstrikunum á mörgum setningum. Mér er alveg ljóst, að það handrit var ekki nógu gott. Ég afhenti það fyrir hádegi á laug-

ardag inn til skrifstofunnar, en okkur kom saman um, að það væri öruggara, vegna þess að bæði væri málið flókið og hins vegar handritið ekki gott vegna útstrikana, að ég læsi yfir próförk af brtt. En þá gerist það um helgina, að ég veikist af inflúensu og las því ekki próförkina og satt að segja hugsaði ekki heldur út í það, hreinlega gleymdi því að biðja einhvern annan um að gera það í staðinn fyrir mig, þannig að það gerist, að þessari brtt. er útbýtt þannig, að hún var auðvitað hverjum viti bornum manni gersamlega óskiljanleg, og á því hlaut hver einasti maður að átta sig, vegna þess að gerð var grein fyrir efni till. í nál. mínu og þar var till. skýrð. Þar hafði handritið verið fullkomlega vélritað og gott, þannig að það átti engum góðviljuðum manni með fullu viti að geta blandazt hugur um, að hér væri um að ræða prentvillu, rugling í prentun. Enda fór það svo, að skrifstofan leiðrétti þetta sjálf og till. var réttri útbýtt, áður en til atkvgr. kom við 2. umr. Ég man ekki eftir því áður, að prentvillur, jafnvel þótt meinlegar séu, hafi verið gerðar að uppistöðu í ræðum. Ég fjölyrði ekki um þetta meir, en hefði mér verið sagt það áður, að það gæti komið fyrir, að þm., jafnvel ráðh., gerði sér leik að því að snúa, auðvitað vitandi vits, út úr augljósum prentvillum, þá hefði ég sagt fyrir fram, að slíkt væri óhugsandi á Alþingi Íslendinga. En maður verður reynslunni ríkari. Og þar með er þetta mál útrætt af minni hálfu.

Ég skal að síðustu fallast á þau tilmæli hæstv. félmrh. fyrir hönd míns flokks að hraða þessu máli í gegnum þessa hv. d., hraða störfum í n., sem ég á sæti í, og sjá til þess, að málið verði ekki fyrir neinum óeðlilegum töfum. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að málið er þrautrætt í samvinnu beggja n., bæði fjhn. og heilbr.- og félmn., og hef ég enga trú á öðru en að n. geti lokið málinu á mjög skömmum tíma. A. m. k. skal ég stuðla að því, að svo geti orðið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í þingsölunum í dag er að hefjast annar þáttur í skattamálasjónarspili, ef svo mætti segja, sem eiga mun eftir sinn sögulega lokaþátt. Skattafrv. stjórnarinnar hafa nú farið á milli deilda og við hér í Nd. tökum til meðferðar frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaganna, en Ed. frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem við höfum áður fjallað um.

Ég held, að það geti verið til góðs að rifja nokkuð upp málatilbúnað hæstv. ríkisstj. í skattamálum á þessu þingi. Rétt fyrir jólin er hent inn sínu skattafrv. í hvora d., skattafrv., sem þegar í öndverðu hlutu að vekja mikla furðu og gerðu það, ekki aðeins hér á Alþ., heldur og meðal alls almennings. Það eru engar ýkjur, þótt sagt sé, að þeir þm., sem setið hafa á Alþ. um aldarfjórðung eða lengur, hafi aldrei augum litið slík flaustursverk sem þessi frv., í jafn afdrifaríkum málum og skattamálin eru. Það hefur verið spurt, hverjir sömdu frv. Enn er yfir því hula leyndardóma og efasemda, þótt getið sé aðstoðarmanna í grg. þessa frv. Og hverjar voru svo áætlanirnar í grg. um þá fjáröflun til þess opinbera, sem samþykkt frv. skyldi leiða til? Slíkar áætlanir fyrirfundust ekki, og er það út af fyrir sig einsdæmi, að ég hygg, í slíkum málatilbúnaði. Fjárlög ársins 1972, sem áttu þó varðandi tekjuöflun að hvíla á þessum virðulegu hornsteinum, voru svo afgreidd fyrir áramótin í slíkri þoku. Okkur sjálfstæðismönnum var þegar ljóst, hversu mikil mistök var hér um að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Við beindum því þá þegar til ríkisstj. þeim tilmælum að kippa þessum óheillafrv. til baka og nota þinghléið til nýs málatilbúnaðar. Auðvitað fannst hæstv. ráðh. slíkt of mikil smán. En hefur smán þeirra orðið minni miðað við það, sem á eftir hefur gengið, eins og afgreiðsla málanna hefur gengið?

Talað var um, að þinghléið yrði notað til þess að athuga málin vel í þn. og síðan tekið til hendinni til nauðsynlegra leiðréttinga strax og þingfundir hæfust að nýju í jan., og hæstv. fjmrh. hafði góð orð um það hér fyrir jólin, að að sjálfsögðu væri rétt að gera allar þær breytingar, sem skynsamlegar og eðlilegar væru, og það mundi ekki standa á því. Það fennti fljótt yfir þessi fyrirheit.

Engir þn.-fundir voru haldnir í þinghléinu, en síðan hófust þeir með semingi og einstæðum hætti. N. Nd. og Ed. voru boðaðar til funda, svo var fundunum aflýst. Svipað þessu gekk koll af kolli. Stundum var ekki beint aflýst fundi, en stjórnarandstæðingar látnir bíða 1–2 tíma, meðan höfuðkempurnar, þm. stjórnarliðsins, voru að karpa um málin á næsta leiti. Engum duldist, að innan stjórnarliðsins var margháttaður ágreiningur, ekki aðeins milli stjórnarflokkanna, heldur og innan þeirra sjálfra. Kom nú á daginn, að betur hefði stjórnarliðið fylgt ráðum stjórnarandstöðu að draga frv. til baka fyrir jól og prjóna alveg upp að nýju, því að það reyndist enginn hægðarleikur að umsmíða þessi vansköpuðu frv. Þótt þm. stjórnarliðsins vildu gjarnan gera hina eða þessa umbót, þá rakst hvað á annað í öðru hvoru hinna tveggja stjfrv. Fátæklegar og ófrjóar brtt. urðu svo framlag stjórnarliðsins eftir fálm og mikla óvissu. Það verður að segjast, að réttar reyndust þær grunsemdir, að fæstir ef nokkrir þm. stjórnarliðsins höfðu gert sér nokkra grein fyrir því, hvað í skattafrv. fólst, þegar þau voru lögð fram á Alþ.

Þótt stjórnarliðið sýndi enga tilburði til þess að vinna í þn. að þessum mikilvægu málum í þinghléinu um áramótin, varð raunin allt önnur hjá þm. Sjálfstfl. Nm. flokksins í fjhn. og heilbr.- og félmn. unnu af kappi að rannsókn málanna með aðstoð sérfræðinga og m. a. í samráði við fulltrúa sveitarstjórna. Þrátt fyrir gefin loforð hafði ríkisstj. algerlega svikizt um að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga eða hlutasamtök þeirra. Hin frámunalega fávíslegu vinnubrögð ríkisstj. við undirbúning þessara mála hlutu að hefna sín og koma stjórnarliðinu í koll.

Fyrst var hlaupið upp til handa og fóta, og ásjónur ráðherra birtust á sjónvarpsskermi samdægurs og óskapnaðurinn leit dagsins ljós og sagt var eitthvað á þessa leið: Sjá, við boðum yður mikinn fögnuð, við leggjum fram ný skattafrv. til þess að afla fjárvana ríkissjóði nýrra tekna, en skattbyrðin á öllum þorra manna verður miklu léttari en áður. Eldri maður og reyndur mun hafa sagt nokkuð á þessa leið: Hvílíkir snillingar. Útgjöld fjárlaga 1972 frá árinu áður aukast um 50%, og til þess að mæta þessum auknu útgjöldum þarf að afla nýrra tekna með nýjum skattalögum, en enginn á samt að þurfa að borga þyngri skatta. Seint munu aðrir eins snillingar fæðast í framtíðinni, sagði sami maður.

Nú er vissulega tilgangslaust að endurtaka deilur við stjórnarherrana um hina gífurlegu skattpíningu, sem í

stjfrv. felst. Lokaþáttur sjónarspilsins, þegar skattborgararnir fá rukkanirnar, skattseðlana senda heim, mun leiða sannleikann í ljós.

Aðeins tvö atriði vil ég árétta nú. Mér kom hið fyrra í hug, þegar bæði hæstv. fjmrh. og þó einkum hæstv. viðskrh. kepptust við að fullyrða hér í hv. d. við lokaumr. um frv. um tekjuskatt og eignarskatt, að allur þorri manna mundi greiða miklu lægri skatta eftir ríkisstj.-kerfinu nýja, jafnvel þeir, sem höfðu allt að 750 þús. kr., minnir mig, að viðskrh. hafi m. a. sagt. Þá minntist ég þess, að dr. Guðmundur Magnússon prófessor í viðskiptadeild Háskólans hafði skrifað mjög athyglisverða grein, sem birtist í Morgunblaðinu 8. jan. Þar kemst prófessorinn að þeirri niðurstöðu, að hjón með tvö börn með 550 þús. kr. brúttótekjur muni hafa 22 þús. kr. minni ráðstöfunartekjur eftir vinstristjórnarkerfinu en gildandi lögum. Í nefndri grein segir prófessorinn m. a.: Mér sýnist, að í heild sé skattbreytingin til bóta aðeins fyrir þá, sem verða með minni brúttótekjur en 375–400 þús. kr. Og eins og áður er sagt, eyðist 4% kjarabótin við 550 þús. kr. brúttótekjur og við hærri tekjur er nettótap. Búast má við því, að yfir 85% allra kvæntra karla á aldrinum 25–66 ára muni hafa 375 þús. kr. brúttótekjur eða meira á árinu 1972 eða í framtölum þess árs, þannig að ætla má, að þessi atriði varði allan þorra vinnandi manna í landinu, þótt allir hafi ekki vísitölubundna kjarasamninga.

Eitthvað lítur dæmið skár út eftir litlar breytingar, sem stjórnarherrarnir hafa viljað gera á frv. En það gæti verið skýring á því, hvers vegna prófessorar, sem komast að slíkum niðurstöðum samkv. hlutlægu mati þrátt fyrir fullyrðingar ráðh., eru taldir óhæfir í útvarpsráði lágkúrulegra aftaníossa að meiri hluta.

Hitt atriðið er svo um breiðu bökin, sem einnig var talað um hér nú og sem sagt er, að eigi að bera byrðarnar. Ef sá er viljinn, hvers vegna er þá aukafrádráttur aldraða fólksins, sem lögleiddur var í fyrra, úr gildi numinn? Hvers vegna er sjómannafrádrátturinn skertur? Hvers vegna er frádráttur vegna atvinnutekna eiginkonu utan heimilis skertur? Halda má áfram að spyrja, hvers vegna. Þó vil ég ekki ætla stjórnarliðinu, að það hafi verið ásetningur þess að hækka skattbyrði aldraðra hjóna, sem bæði taka ellilaun, um 100–130% í lægstu launaflokkunum, eins og gert verður, en þó ekki nema 34% í hærri launaflokkum. Ég ætla stjórnarflokkunum heldur ekki þann ásetning að hafa viljað hækka skattbyrði ekkjunnar, sem fær ellilaun og 50% makabætur, um meira en 100% í lægstu launaflokkum, en það verður gert, og þó ekki nema um 46% í þeim hæstu. En því er þetta ekki leiðrétt af hálfu stjórnarherranna? Vilja menn virkilega ganga frá málinu svona með þessar útkomur?

Dæmi ósómans í skattafrv. ríkisstj. eru svo mörg, að ekki tekur tali. Um afstöðu þm. Sjálfstfl. liggur það fyrir, að þeir hafa lagt sig alla fram við athugun þessara mála í málflutningi og tillöguflutningi. Núv. stjórnarherrar telja sig þess umkomna að hundsa alla tillögugerð af okkar hálfu. Gamalt máltæki segir, að dramb sé falli næst. Þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga er jafnbágt og hið fyrra, sem við höfðum til meðferðar í þessari hv. d. um tekjuskatt og eignarskatt. Við þm. Sjálfstfl. höfum því lagt til, að hinu fyrra sé vísað frá, og munum einnig leggja til, að þessu sé vísað frá, en endurskoðun skattalaga síðan haldið áfram af hyggindum og yfirsýn. Munum við við meðferð frv. gera nánari grein fyrir stefnumörkun okkar, sem er ótvíræð í þessum málum.

Meginókostur þessa frv. er sá, að aðstaða sveitarfélaganna verður mjög misjöfn. Þeim er skorinn yfirleitt of þröngur stakkur til tekjuöflunar og sjálfræði þeirra þar með fremur rýrt en aukið. Og segja má, að ný tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga, sem af sveitarfélaganna hálfu hefur verið lögð svo mikil áherzla á, sé látin liggja á milli hluta að mestu leyti. Ég minni á samþykkt fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga á fundinum 18.–20. jan. Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga ályktaði á fundinum, með leyfi hæstv. forseta, „að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar. Miðað við svipaða nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og á síðasta ári virðist – samkv. upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri aðila – vanta talsvert til, að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkv. frv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkv. gildandi lögum og álagningarreglum sveitarfélaga á síðasta ári, og er þó fullt tillit tekið til lækkunar útgjalda sveitarfélaga.“

Þá bendir fulltrúaráð einnig á, „að hinir ýmsu tekjustofnar hafi misjafna þýðingu í hinum ýmsu sveitarfélögum, og að einnig þess vegna er meiri sveigjanleiki í notkun tekjustofnanna nauðsynlegur en gert er ráð fyrir í frv.“, til að vegið verði á móti mismunandi afrakstri hinna ýmsu tekjustofna í sveitarfélögunum.

„Eigi sveitarfélögin að geta haldið þeim framkvæmdahraða, sem þau hafa haft að undanförnu“, segir í ályktuninni, „hvað þá aukið hann, sem víðast hvar virðist nauðsynlegt, er fullljóst, að ákvæði frv. gefa alls ekki nægilega möguleika til tekjuöflunar. Auknar framkvæmdir á vegum sveitarfélaga hafa almennt mun meiri áhrif til aukinnar velferðar stærsta hluta þjóðarinnar heldur en framkvæmdir ríkisins, þar sem sveitarfélagið skapar einstaklingum hið nánasta umhverfi, sem hann lifir og hrærist í. Aukning framkvæmda sveitarfélaga hefur því mikil velferðaráhrif og getur meira en flest annað stuðlað að betra lífi almennings. Þetta eru röksemdir fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaganna í ráðstöfun þjóðartekna og þar með auknu ráðstöfunarfé þeirra.“

Þannig lýkur þessari ályktun og þessari mjög svo ákveðnu gagnrýni frá þessum fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga.

Herra forseti. Af hálfu Sjálfstfl. eða hálfu sjálfstæðisþm. verður gerð nánari grein fyrir þeim einstöku atriðum þessa frv., sem við teljum, að mættu betur fara. Eftir athugun málsins í n. munum við svo bera fram einstakar brtt., fari svo, að megintillögu okkar um frávísun málsins verði hafnað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Loks er frv. um tekjustofna sveitarfélaga komið til umr. í hv. Nd., nær þremur mánuðum eftir að það var lagt fram. Hæstv. félmrh. nefndi hér áðan tvær ástæður, sem væru þess valdandi, að þessi dráttur hefði orðið. Í fyrsta lagi var það fundur Norðurlandaráðs. Það hefði verið fyrir tilmæli stjórnarandstöðunnar, að á meðan hann stæði væri ekki hreyft við þessu máli. Sá fundur stóð í viku og

ég vil benda á, að í þeirri viku var haldinn fundur í heilbr.- og félmn. d., þar sem kynntar voru í fyrsta skipti brtt. ríkisstj., þær fyrstu, sem komu. Í öðru lagi minntist hann á, að það hefði verið farið fram á frest til þess að ganga frá brtt. Jú, það mun rétt vera, og það var einn dagur. Þetta eru þess vegna ekki þær höfuðástæður, sem liggja til þess, að afgreiðsla þessara mála hefur dregizt svo mjög sem raun hefur orðið á. Það mætti ætla, að einhverjar verulegar breytingar hefðu verið gerðar á frv. þennan meðgöngutíma, en því er reyndar ekki að heilsa. Það verður þó að segjast eins og er, að sumir verstu vankantarnir hafa verið sniðnir af, en samtímis hefur verið bætt inn í miklum vitleysum, og ég skal koma að því nokkru síðar. Strax og frv. hafði verið lagt fram var farið að tala um stefnubreytinguna, sem í því fælist. Útvarpsviðtal við hæstv. félmrh. hófst með hinni klassísku spurningu: Felst að yðar dómi stefnubreyting í frv.? Svarið var svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Já, það felst í þessu frv. stefnubreyting um skattheimtu sveitarfélaganna. Tekjustofnarnir, sem sveitarfélögunum er ætlað að byggja á samkv. frv., eru fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði og útsvör, en auk þessara tekna, þessara föstu tekjustofna, hafa sveitarfélögin einnig tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, t. d. vatnsveitum, rafveitum, hitaveitum o. s. frv., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir annars mæla fyrir um."

Þarna er stefnubreytingin. Ég held, að þetta hafi allt verið í gildandi lögum. Þarna er að vísu einu sleppt, það eru aðstöðugjöldin, en þau eru nú komin inn aftur, eins og ég kem að seinna. Hæstv. ráðh. taldi upp fleira, að í stað stighækkandi tekjuútsvars kæmi ákveðinn hundraðshluti af tekjum, 10% hámark, því hefur að vísu verið breytt í 11%, frávik sé gert til lækkunar á lægri tekjum en 450 þús. kr., en útsvarsprósentan þó aldrei lægri en 5%, þessu er reyndar búið að breyta líka, og svona mætti nú lengur telja, en ég ætla ekki að fara nánar út í þessa upptalningu á stefnubreytingunni. En það er eitt enn, sem mjög hefur verið gumað af, það er hin gagngera endurskoðun á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem hér hafi verið gerð. Þar hafi verið gengið til móts við margítrekaðar óskir sveitarfélaganna. Ég held, að allir nema e. t. v. ríkisstj. skilji, að slík endurskoðun hefur engin farið fram. Það er ekki endurskoðun á verkaskiptingu, þótt útgjöldum vegna almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjalda og löggæzlu sé af sveitarfélögunum létt. Hér er um að ræða þætti, sem sveitarfélögin hafa ráðið lítið sem ekkert yfir, en þurft hins vegar að fjármagna að nokkru leyti. Sveitarfélögin hafa óskað eftir, að þessum byrðum yrði af þeim létt, og það var orðið við þeim óskum. Slíkt ber vissulega að þakka, en ég held, að engir nema stjórnarliðar geti fallið fram í tilbeiðslu yfir þeirri gagngeru endurskoðun, sem á að hafa verið gerð á verkaskiptingunni almennt. Það hefur nefnilega ekkert verið gert, þótt hver maður hljóti að sjá, að slíkt sé óhjákvæmilegur undanfari skiptingar beinna tekjuskatta milli ríkis og sveitarfélaga. Ég ætla ekki hér að rekja, hverjar óskir sveitarfélaganna eru um þetta veigamikla atriði, en í stuttu máli eru þær þess efnis, að stefnt verði að fækkun hinna sameiginlegu verkefna og sjálfstjórn hinna ýmsu byggðarlaga verði aukin. Í líkingu við þetta er raunar eitt ákvæði í málefnasamningi stjórnarflokkanna, að því viðbættu, að haft verði samráð við sveitarstjórnarsamtökin um þessa endurskoðun. Með því litla, sem gert hefur verið nú, er hins vegar stefnt að auknu miðstjórnarvaldi, auðvitað í fullu samræmi við stefnu vinstri flokkanna, þótt annað sé sett fram á loforðalistanum, og ekkert samráð er haft við sveitarfélögin.

Löggæzlan var eitt af hinum sameiginlegu verkefnum, sem sveitarfélögin höfðu óskað eftir að ríkið yfirtæki að öllu leyti. Það hefur verið gert í orði, en ekki á borði. Lögreglumenn eru enn þá starfsmenn sveitarfélaga, allt er í óvissu um yfirtöku ríkisins á þeim eignum, sem varða löggæzluna og sveitarfélögin hafa komið upp. Helzt hefur heyrzt, að ríkisstj. ætlist til, að sveitarfélögin afhendi ríkinu án endurgjalds þessar eignir og þakki bara fyrir að þurfa ekki að greiða áfram til þessa málaflokks. Hvenær má búast við, að ríkisstj. komist að niðurstöðu um, hvernig eigi að leysa þær ýmsu spurningar, sem þarna hafa vaknað?

Í sambandi við endurskoðun verkaskiptingarinnar vísa ég til grg., sem Samband ísl. sveitarfélaga lét gera og gefin var út í jan. 1970 og send öllum alþm. Þar voru settar fram í skýru máli till. sveitarfélaganna. Niðurstaða þeirra er í stuttu máli þessi: Ríkisvaldið annist eitt þau verkefni, sem varða flesta eða alla þjóðfélagsborgara nokkurn veginn jafnt og ekki þarf staðbundna þekkingu til að leysa, en sveitarfélögin hafi með höndum staðbundin verkefni og þjónustu, sem telja má að hlutfallslega jöfn þörf sé fyrir í hverju sveitarfélagi og krefst meiri beinna tengsla við borgarana en þjónusta ríkisins. Jafnframt verði stefnt að fækkun sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Við verkefnaskiptinguna verði að því stefnt, að framkvæmd og fjármálaleg ábyrgð tiltekins verkefnis verði í höndum sama aðila. Tekjustofnakerfi ríkis og sveitarfélaga verði tekið til heildarendurskoðunar og sveitarfélögin fái tekjustofna, sem samsvari verkefnum þeirra.

Þetta er í mjög stuttu máli það, sem sveitarfélögin hafa óskað eftir. Og hvað hefur svo gerzt? Af sameiginlegum verkefnum er löggæzlan það eina, sem nú er fært alveg yfir á ríkið, og sveitarfélögin losna við að fjármagna tryggingakerfið, sem þau hafa aldrei ráðið neitt yfir, og sjúkrasamlögin að hálfu. Engin ný verkefni eru færð til sveitarfélaganna. Tekjustofnar þeirra eru rýrðir, miðstjórnarvaldið aukið. Svo er stjórnin að guma af því, að endurskoðuð hafi verið verkefnaskipting samkvæmt ítrekuðum óskum sveitarfélaganna.

Eins og bent hefur verið á, bæði hér á hv. Alþ. og í blöðum, hefur ekkert samráð verið haft við sveitarstjórnarsamtökin við samningu þessa frv. Þeim var ekki gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í endurskoðunarnefndina, og þegar stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fann að þessu, var reynt að bæta úr því með því að kalla fulltrúa frá sambandsstjórninni á fundi nefndarinnar til þess að kynna þær hugmyndir, sem uppi voru þar. Mun það hafa gerzt eitthvað þrisvar eða fjórum sinnum. Auk þess kom ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem var formaður nefndarinnar, sem endurskoðaði tekju- og eignarskattslögin, á fund um miðjan nóv. s. l., þar sem mættir voru stjórnarmenn sambandsins og nokkrir menn úr fulltrúaráði þess, auk fulltrúa Reykjavíkurborgar. Voru

þar enn kynntar ýmsar hugmyndir, sem uppi voru hjá nefndinni, en daginn eftir fékk ríkisstj. kærkomið tækifæri til að höggva á þau litlu tengsl, sem þarna höfðu myndazt, þegar frétt birtist í Morgunblaðinu um það, sem þarna var að gerast. Trúnaðarbrot hafði verið framið og fyrir það skyldi hefnt. Hér átti nefnilega ekkert að kvisast út. Frv. skyldu koma öllum að óvörum. Engan tíma átti að gefa þeim, sem málið raunverulega varðaði, þ. e. sveitarfélögunum og skattborgaranum almennt, til þess að átta sig á, hvað hér væri í rauninni á ferðinni. Hver var svo sökudólgurinn, sem framdi trúnaðarbrotið? Í fyrstu var ekkert fullyrt, aðeins farið með löndum. En í blaði hæstv. félmrh., þann 13. jan. s. l., í annars ágætri kynningargrein um mig, þá er sagt, að það hafi verið ég, sem kom fréttinni á framfæri við Morgunblaðið. Í tillögum endurskoðunarnefndarinnar hafi nefnilega verið ákvæði, sem mundu koma illa við ýmsa borgara í mínu sveitarfélagi, þá, sem búa í stórum húsum og greiða lítið til sveitarfélagsins. Ég hef nú að vísu fengið orð fyrir annað í mínu sveitarfélagi en það, að vilja gæta sérstaklega hagsmuna þessa hóps, en ég get náttúrlega ekki annað en þakkað fyrir, að svo drengilega er hlaupið undir bagga og reynt að hressa við fylgi mitt í mínu sveitarfélagi hjá þessu fólki. Að öðru leyti vísa ég á bug þeim ásökunum, að ég hafi framið trúnaðarbrotið, og ég vil biðja sessunaut minn, hv. 3. landsk. þm., að taka eftir því, en af málflutningi sínum sýnist mér hann hafa skrifað greinina, og alla vega ber hann ábyrgð á henni sem ábyrgðarmaður blaðsins.

En hvernig verður svo hag hinna ýmsu sveitarfélaga borgið við lögfestingu þessa frv.? Hæstv. ráðh. taldi hér áðan, að þetta mundi allt saman sleppa. Það hefur verið sýnt fram á með rökum, sem ekki hafa verið hrakin, að tekjuskerðing sumra sveitarsjóða verður gífurleg. Ég hef ekki í höndunum útreikninga, sem sýna niðurstöður eftir þær breytingar, sem ríkisstj. hefur gert frá upphaflegu frv., og ég dreg reyndar í efa, að ríkisstj. hafi þá útreikninga heldur, en fróðlegt væri að fá það upplýst. Hins vegar fullyrði ég, að með breytingunum hefur ekki verið bættur hagur þeirra sveitarfélaga, sem nefnd hafa verið sem dæmi um þau, er verst fara út úr þessu.

Samband ísl. sveitarfélaga lét reikna út um áramótin tekjur allra sveitarfélaga í landinu, eins og ætla mætti að þær yrðu samkv. frv. Þessir útreikningar sýndu, að tekjur sveitarfélaganna í heild yrðu nær því hinar sömu og þær voru árið 1971. Hækkun milli ára tapaðist, en var að nokkru bætt upp með því, að ríkissjóður tæki að sér greiðslur, sem áður hvíldu á sveitarfélögunum og sem ég nefndi hér áðan. Þessar áætlanir sýndu hins vegar svo stórfelldar sveiflur í tekjuöflun hinna einstöku sveitarfélaga miðað við síðasta ár, að sérstaka furðu vakti, að ríkisstj. skyldi leggja frv. svona fram. Eina skýringin er raunar sú, að stjórnin hafi ekki gert sér nokkra grein fyrir þessu fremur en ýmsu öðru í sambandi við skattamálin. Nú skyldi maður ætla, að úr þessu hafi verið bætt, en því er bara ekki að heilsa, engin tilraun hefur verið gerð til þess. Það hefur ekki verið hrakið, að ýmsir þéttbýlisstaðir verða fyrir teknatapi, sem nemur frá 10 og allt upp í 50% miðað við síðasta ár. Hér er einkum um að ræða ýmsa útgerðarstaði, staði þar sem mikil og margvísleg verkefni bíða úrlausnar. Þetta hlýtur að leiða af sér stöðvun hinna nauðsynlegustu framkvæmda, svo sem við gatna- og frárennslisgerð, umhverfi fiskvinnslustöðva og ýmislegt það, sem gera þarf til þess að búa atvinnurekstrinum nauðsynlega rekstraraðstöðu og íbúunum mannsæmandi umhverfi. Þetta telur svo hæstv. félmrh. að sé fullnægjandi fyrir sveitarfélögin. Ýmsir dreifbýlisstaðir fá hins vegar allverulega hækkun útsvara, en þeim er það flestum sameiginlegt, að ýmist er þjónusta við íbúana þar í lágmarki, eins og er í sveitahreppum ýmsum af eðlilegum ástæðum, eða þá að meðaltekjur í þessum sveitarfélögum eru lágar. Ég fullyrði, að á ýmsum þessara staða verður verulegur hluti útsvara óinnheimtanlegur, þ. e. sá hluti, sem lagður er á hinar lægstu tekjur. Þar sem tekjur, útsvarstekjur lækka, er ein höfuðorsökin annars sú, að viðkomandi sveitarfélög hafa haft verulegar tekjur af atvinnurekstrinum, en nú eiga tekjuútsvör atvinnurekstrarins að falla niður eða öllu heldur, félög eiga að greiða tekjuskatt eingöngu til ríkisins. Hér er um mjög alvarlegt ákvæði í frv. að ræða, þar sem skorið verður á hin æskilegu tengsl milli atvinnurekstrarins og sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eru svipt mikilvægum tekjustofni. Áhugi sveitarstjórnar fyrir því, að vel rekin fyrirtæki starfi innan þeirra marka, minnkar. Þau mörgu sveitarfélög, sem hafa sýnt lofsverðan áhuga á uppbyggingu atvinnulífsins undanfarin ár, fá ekki að njóta arðsins af verkum sínum, en afskipti ríkisins af atvinnurekstrinum hljóta að fara vaxandi. Þetta er auðvitað líka í samræmi við hugsjónir vinstri manna, en það er í ósamræmi við óskir meiri hl. þjóðarinnar og staðaryfirvalda. Hin mikla tekjuskerðing, sem viða mun eiga sér stað, stuðlar ekki að auknu sjálfstæði sveitarfélaganna, þvert á móti gerir hún þau háðari ríkisvaldinu, veldur stöðnun í framkvæmdum og óánægju íbúanna. Er þetta stefna stjórnarinnar eða er hér enn eitt dæmið um, að stjórnin geri sér enga grein fyrir afleiðingum gerða sinna?

Með auknum krafti reyna nú stjórnarflokkarnir að koma því inn hjá almenningi, að verið sé að lækka skatta hjá öllum almenningi, einkum þó á þeim, sem lægri hafa tekjurnar. Hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, sagði hér í umr. í síðustu viku um tekju- og eignarskatt, að ekki yrði ljóst fyrr en í vor, hvernig til hefði tekizt. Hæstv. viðskrh. var þó ekki á því, að það þyrfti að bíða til vors til að sjá það. Það lægi þegar ljóst fyrir, og því til áréttingar birti svo Þjóðviljinn í gær nokkur dæmi og mikið mál, þar sem reynt er að sanna enn einu sinni, að verið sé að lækka skattana. Ég verð að segja, að það þarf mikinn kjark til að halda þessum blekkingum áfram, eftir að allur almenningur getur hjálparlaust gert sér grein fyrir því, sem er að gerast. En áfram skal þó halda við þá þokkalegu iðju að blekkja. Það verður fróðlegt að heyra röksemdir stjórnarliða, þegar skattskrárnar koma út í vor.

Annars þarf ég ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, það hefur hv. 7. þm. Reykv. þegar gert, en ég ítreka aðeins, að það eru enn þá notaðar sömu aðferðirnar til þess að fá hagstæða útkomu, þegar borin er saman skattbyrði eftir eldra kerfi og hinu nýja. Allar hækkanir eru komnar inn í samanburðargrundvöllinn. Það er reiknað með skattvísitölu 106.5 stig, fasteigna- og eignarsköttum er sleppt, frádráttur greiddra útsvara ekki lengur með í dæminu, nefskattar reiknaðir í eldra kerfi í algjöru hámarki, þótt upphæð sjúkrasamlagsgjalda, svo

að dæmi sé nefnt, sé mjög mismunandi, og að sjálfsögðu er ekkert tillit tekið til frádráttarhæfni nefskattanna í samanburðinum. Svo þegar reynt er að koma hæstv. ráðh. og stjórnarliðum í skilning um það, hvernig á að reikna breytingu á skattbyrði, þá sitja þeir hér undir slíkum lestri flissandi og grípa fram í. Hér er alvarlegt mál á ferðinni, og fyrir því munu þeir vafalaust finna fljótlega.

Að þessu sinni mun ég ekki fara ítarlega út í umr. um einstök ákvæði þessa frv. Þó vil ég aðeins nefna nokkur atriði og þá einkum þær breytingar, sem á frv. hafa verið gerðar frá því sem var, þegar það var lagt fram.

Í 1. gr. frv. eru nú aðstöðugjöld tekin inn í d-lið sem einn af tekjustofnum sveitarfélaga, en áður var heimild í bráðabirgðaákvæði um 50% innheimtu þeirra miðað við síðasta ár. Með þessu er að sjálfsögðu verið að fullnægja kröfum Alþb., sem séð hefur fram á, að verið væri að létta óréttlátum skattbyrðum af atvinnurekstrinum. Ég geng út frá því, að framsóknarmenn hafi viljað þóknast Sambandi ísl. samvinnufélaga með því að fella aðstöðugjöldin niður og gera þannig Sambandið og kaupfélögin endanlega skattlaus. Í bréfi Sambandsins til heilbr.- og félmn. Ed. frá 26. jan. s. l. kemur fram viss ótti um, að bráðabirgðaákvæðunum verði breytt, en í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá viljum vér leggja áherzlu á, að 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í frv." – það er um aðstöðugjöldin – „verði ekki breytt í meðförum Alþ., en þar er gert ráð fyrir fullri niðurfellingu aðstöðugjalds, þó þannig, að sveitarfélögum er heimilt að leggja á aðstöðugjald 1972, er nemi helmingi þess hundraðshluta, er á var lagður 1971. Að vorum dómi eru aðstöðugjöld óheppilegt form skattlagningar á atvinnurekstur. Það leggst með jöfnum þunga á fyrirtæki, hvort sem afkoma þeirra og greiðslugeta er góð eða slæm. Auk þess eru vandséð nokkur veruleg tengsl milli gjaldstofnsins og þeirrar þjónustu, sem sveitarfélögin veita atvinnurekstrinum. Að vísu hafa fasteignaskattar einnig ýmsa vankanta sem réttlát skattlagning á atvinnurekstur, en þó ekki í jafnríkum mæli og aðstöðugjaldið. Mörg dæmi má nefna um það, hversu óraunhæft er að leggja skatta á rekstrarútgjöld, svo sem gert er með aðstöðugjaldinu. Leyfum vér oss að benda á jafnfráleitt dæmi og það, að aðstöðugjald er lagt á tjónabætur vátryggingafélaga. Sú mikla hækkun fasteignaskatts, sem gert er ráð fyrir í b-lið 3. gr. frv., teljum vér að sé í hámarki og megi ekki þyngri vera, sérstaklega þegar gætt er að heimild sveitarstjórnar til þess að innheimta skattinn með 50% álagi. Forsendur fyrir jafnmikilli hækkun fasteignaskatta og hér greinir teljum vér vera fulla niðurfellingu aðstöðugjaldsins, eins og frv. gerir ráð fyrir."

Undir þessar skoðanir, sem hér koma fram, get ég flestar tekið, en ég tek jafnframt fram, að samtímis niðurfellingu aðstöðugjalda þarf að koma sú regla, að hinum mismunandi formum atvinnurekstrar sé ekki mismunað í skattlagningu, og sveitarfélögin fái hluta af beinum tekjusköttum félaga. Varðandi þetta atriði annars, breytingar á aðstöðugjaldinu frá frv., þá er það nú sérstakur kafli út af fyrir sig, hvernig þær gr. eru úr garði gerðar. Í 36. gr. frv. segir svo:

„Leggja má á aðstöðugjald, samkv. III. kafla l. nr. 51/1964, þó þannig, að það skal ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971."

Þetta er 36. gr., en svo í 42. gr., – það eru ekki margar gr. á milli, – þar eru þessi lög felld úr gildi, lögin, sem þarna er verið að vísa til. Svona vinnubrögð eru náttúrlega ekki til fyrirmyndar. Efnislega séð er þetta náttúrlega líka hrein vitleysa. Ég vil benda á, hversu fráleitt það er að lögfesta aðstöðugjald, 65% af þeirri upphæð, sem lögð var á í hverju sveitarfélagi 1971, en þetta er gert með 36. gr., sem ég var að lesa áðan. Hérna er enn eitt dæmið um það handahóf, sem er á öllum undirbúningi þessa máls. Þau sveitarfélög, sem ekki lögðu á aðstöðugjald 1971, mega aldrei gera það, þótt þau kunni að vera í brýnni þörf fyrir að nota þá tekjustofna, sem öðrum leyfist að nota, ekki síst eftir þá kerfisbreytingu, sem nú er gerð.

Annar kafli frv. fjallar um fasteignaskatta. Þar hefur verið bætt inn í 3. gr. fádæma heimskulegu ákvæði, svo ekki sé meira sagt, þar sem heimilað er að leggja sérstakan skatt á hlunnindi, sem eru í eigu utansveitarmanna, og þessi aukaskattur getur orðið allt að 4% eða á að vera 4% af virðingarverði. Hér sýnist mér, að verið sé að ganga til móts við raddir, sem oft hafa komið upp í ýmsum sveitarhreppum, og þarna er sérstaklega átt við laxveiðihlunnindin. Hugmynd Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er gleypt alveg hrá og ekkert athugað, hvað þetta raunverulega þýðir. Í fyrsta lagi er hér verið að mismuna mönnum í skattlagningu eftir búsetu, en slíkt getur ekki staðizt, og það mun sannast síðar. Hvernig ætli bóndanum líki, þegar hann af einhverjum ástæðum þarf að bregða búi og flytja brott úr sveit sinni, en ætlar ekki að selja jörðina? Þá hækkar fasteignaskattur hans stórlega, aðeins vegna þess að hann flyzt í annað sveitarfélag. Hvað þýðir þetta raunverulega í skatti? Grundvöllur hlunnindamats er tíföldun arðsins, sem menn hafa af hlunnindum. Ef við tökum lítið dæmi um þetta, að veiðiréttur sé leigður á 100 þús. kr., þá er matið á þessum hlunnindum komið upp í 1 millj. kr. Fasteignaskattur yrði 4.5% eða 45 þús. kr. Auk þess mundi eigandinn væntanlega, eigandi þessara hlunninda, greiða tekjuskatt og útsvar af þessum 100 þús. kr. Og þegar við höfum reiknað þetta dæmi til enda, þá sé ég ekki betur en það sé nákvæmlega ekki neitt eftir af þessari hlunnindaeign. Svona ákvæði geta náttúrlega ekki staðizt, ef menn hugleiða málið dálítið nánar.

23. gr. frv. hefur orðið mönnum talsvert umhugsunarefni og þá einkum 4. mgr., sem hefur að vísu tekið lítillega breytingu frá upphaflega frv., þar sem hér er orðið um heimildarákvæði að ræða. Með þessu ákvæði er beinlínis að því stefnt að gera menn algerlega varnarlausa, ef skattyfirvöldum dettur í hug að breyta framtölum gjaldenda þeim í óhag. Að sjálfsögðu var felld till. sjálfstæðismanna í hv. Ed. um það, að framteljanda yrði gefinn kostur á að gæta réttar síns, ef breytingar væru fyrirhugaðar af hálfu sveitarstjórnar á framtali gjaldanda. Hér er það enn þá hið opinbera vald, sem á að ráða. Það á meira að segja að ákveða, hverjar tekjur gjaldandans hefðu átt að verða. Um raunverulegar tekjur þarf ekkert að spyrja. Réttur einstaklingsins er enginn. Það er í raun alveg furðulegt, að sæmilega viti bornir menn skuli fást til að rétta upp

hönd með svona vitleysu. Vonandi hittir þetta ákvæði ekki þá fyrir sjálfa.

Þá er eitt dæmið enn, sem ég held að verði að flokkast undir hroðvirkni í undirbúningi þessa máls, og það er að finna í 26. gr. í frv., eins og það er nú orðið. Samkv. 2. málsl. þeirrar greinar skal veita persónufrádrátt fyrir börn, sem orðin eru sjálfstæðir framteljendur. Þar með er ákvörðun um persónufrádrátt í útsvari orðin önnur en í tekjuskatti og það þarf að fara að leita uppi 16 ára ómaga vegna útsvarsálagningar. Er þetta gert til að einfalda kerfið eða eru þetta bara mistök? Í næsta málsl. í sömu grein er svo aftur komin önnur regla. Þar er talað um börn innan 16 ára. Það væri fróðlegt að vita, hver er meiningin raunverulega með þessu, hvort þetta á að vera svona eða hvort þetta eru mistök.

Með niðurfellingu 1. málsgr. 26. gr., eins og hún var í upphaflega frv., sýnist mér að eitthvað einkennilegt sé á ferðinni. Samkv. 25. gr. frv., eins og það er nú, verða sveitarfélög að ákveða fyrir fram útsvarsprósentu við samningu fjárhagsáætlunar. Samkv. þessu sýnist mér, að engin leiðrétting eða frávik sé heimilt á eftir, þegar kunn er útkoma útsvarsálagningarinnar. Ef t. d. sveitarstjórn áætlar að nýta þurfi heimild til að leggja á 11% útsvar, en við álagningu kemur í ljós, að útsvör reynist 5% hærri en fjárhagsáætlun, þá er engin heimild til þess að lækka. Skyldi þetta líka hafa verið meiningin? Svona mætti lengur telja, en ég ætla að láta þetta nægja að sinni um einstakar greinar frv.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu og ítreka það, að hér hefur ekki nægilega vel verið að verki staðið. Fjölmörg sveitarfélög verða hart úti við lögfestingu þessa frv. Skattbyrði hinna einstöku gjaldenda þyngist, þegar litið er til allra þeirra skatta, sem nú eru boðaðir. Það stendur enn, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér í umr. fyrir jól, að ríkisstj. væri meiri sæmd í því að draga bæði skattafrv. til baka og athuga betur sinn gang.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. auglýsti víst eftir mér í ræðu um daginn og óskaði eftir að eiga orðastað við mig, þegar rætt var um frv. um tekjuskatt og eignarskatt hér í d. á dögunum. Það hefur ekki gefizt tækifæri til þess fyrir mig að svara því, sem hæstv. ráðh. sagði þá, fyrr en nú, en hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði rokið til að skrifa grein í Morgunblaðið um sérstakar árásir núverandi ríkisstj. á gamla fólkið í landinu. Ráðh. sagði orðrétt, að auðvitað hefði ekki þurft annað en að blaka við þessum manni, þá hefði hann verið búinn að vera með vitleysu sína. Annar rökstuðningur kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðh., að því er mér bezt er kunnugt. Þar sem hæstv. ráðh. og raunar fleiri hv. þm. hafa rætt tekjustofnamál sveitarfélaga, skattafrv. og tryggingalöggjöfina hér í samhengi við þessar umræður, þá vona ég, að mér leyfist það líka, og vil þá til upprifjunar út af þessu máli fyrir hæstv. viðskrh. og hv. stjórnarsinna rifja upp það, sem ég sagði í umræddri grein, í stuttu máli.

Það, sem ég benti á, var það, að svo nefnt afnám nefskatta létti ekki byrðum af gamla fólkinu, þar sem það hefði ekki greitt þessa nefskatta áður. Ég benti á, að hagræðing vísitölunnar, sem kemur fram í því, að sú formbreyting verður, að í stað nefskatta verða nú innheimt til trygginganna gjöld með öðrum hætti, sú formbreyting leiðir af sér lækkun vísitölunnar, sem verður til þess, að ellilífeyrisþegar fá ekki hækkaðan lífeyri sinn sem skyldi. Ég benti líka á það, að sérstakur persónufrádráttur ellilífeyrisþega, sem er í gildandi skattalögum, hafði verið numinn úr gildi eða verið stefnt að því að nema hann úr gildi með frv. ríkisstj. nú. Ég held, að þetta þrennt sé ómótmælanlega til að þyngja kjör ellilífeyrisþega. En ég ræddi líka sérstaklega um svo kallað tekjutryggingarákvæði almannatryggingalaga og benti á, að það væri stórgallað að mörgu leyti, þótt á bak við það lægi merk félagsleg hugsun. Ég benti á, að menn, sem vinna sér fyrir lítils háttar tekjum, verði fyrir skerðingu vegna þessa ákvæðis, og ég skal nefna dæmi um þetta. Nefna má einstakling, sem vinnur sér fyrir 2–3 þús. kr. á mánuði, t. d. öryrkja. Hann fær ekki sína tekjutryggingu, hann fær einungis 10 þús. kr. eins og sá, sem ekkert vinnur, bæði fyrir vinnu sína og út úr tryggingunum. Þetta leiðir til þess, að menn mótmæla því óréttlæti, sem þeir eru beittir með þessum hætti, með því að láta vera að vinna, eða a. m. k. er mikil hætta á því.

Einnig er það svo, að þeir, sem eru óvinnufærir, en eru lífeyrisþegar, geta fengið 50–100% hækkun á sinn almenna lífeyri, þannig að ég lít svo á, að gallar á þessu tekjutryggingaákvæði séu það miklir og það verði svo fáum til gagns, að það vegi hvergi nærri á móti þeirri kjaraskerðingu, sem ellilífeyrisþegar hafa orðið fyrir af öðrum ráðstöfunum, sem ég hef talið hér að framan.

Ég vil benda hæstv. viðskrh. á það, að ég er ekki einn um þessa skoðun. Hæstv. trmrh. ræddi þetta mál sérstaklega við umr. hér, þegar almannatryggingafrv. var til umr., og þá benti hann á þessa sérstöku galla og taldi, að þeir væru svo veigamiklir að finna þyrfti á þeim ákveðna lausn. Sú lausn hefur ekki komið fram hér frá hæstv. ríkisstj., þannig að ég lít svo á, að orð mín fái fyllilega staðizt í þessari grein. Annars vil ég spyrja hæstv. ráðh., í hverju ég hef hallað réttu máli í þessari ágætu grein, sem ráðh. taldi ástæðu til að gera hér að umtalsefni, þótt hann rökstyddi ekki sitt mál.

Í því frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er fyrst og fremst til umr., eru margir veigamiklir gallar. Margir ræðumenn hafa rætt þá galla hér á undan og ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það, sem þeir hafa sagt. Því vil ég þó bæta við, að ég tel einn þýðingarmikinn galla á þessu frv. vera svo kallað brúttótekjuhugtak, þ. e. hvað við sé átt með brúttótekjum. Er átt við það, að lagt verði 10% útsvar á tekjur barna innan 16 ára, sem koma til tekna, teknamegin á framtali foreldra? Er átt við að lagt verði á hlunnindi brúttó, bílastyrki, símakostnað? Er átt við að lagt verði á vexti hjá skattþegn, sem hefur tekjur af skuldabréfi, sem hann á, vegna þess að hann hefur selt íbúð, en greiðir síðan vexti af skuldabréfi, sem hann skuldar vegna íbúðar, sem hann býr í? Er átt við, að 10% útsvar verði lagt á þessar tekjur, sem eru allar þess eðlis, að í raun og veru er hér ekki um að ræða neinar hreinar tekjur?

Annars er höfuðgalli þessa frv., eins og hér hefur raunar komið fram, sá, að með því er stefnt að skerðingu á svigrúmi sveitarfélaganna. Það hefur verið sýnt fram á það hér af hv. stjórnarsinnum, bæði ráðh. og öðrum, og það hefur verið talað um það af þeim, að með þessum skattafrumvörpum báðum aukist ekki skattbyrði í heild, það sé ætlað að afla skatta með hliðstæðum hætti og áður, en það hefur verið sýnt fram á

það með óyggjandi rökum, að í hlut sveitarfélaganna kemur minna út úr dæminu en áður, þótt tekið sé tillit til þeirrar tilfærslu, sem verður á milli sveitarfélaganna og ríkisins, að því er varðar ýmis útgjöld. Þetta er óvefengjanlegt og þess vegna er niðurstaðan sú, að bróðurparturinn af aukinni skattbyrði lendir í ríkiskassanum og svigrúm sveitarfélaganna skerðist að sama skapi. Hér er því um að ræða augljósa stefnu í þá átt að auka miðstjórnarvald, en draga úr sjálfsforræði sveitarfélaganna.

Í sambandi við þær miklu umr., sem hér hafa farið fram um skattbyrðina, og röksemdir hv. stjórnarsinna í því efni, hvort hún standi í stað eða lækki, að mér skilst. Mér skilst, að þeir séu helzt á því, að það sé minni skattbyrði eftir en áður, og bera þeir fyrir sig álit Efnahagsstofnunarinnar í því efni. Þá væri fróðlegt að spyrja þá, hvort þeim í raun og veru fyndist, ef gömlu lögin, eins og þau voru, hefðu verið notuð og skattvísitala 106 hefði verið notuð til að hækka persónufrádrátt og aðra frádráttarliði, eins og ætlað er, ef þessi lög hefðu verið notuð með þessum hætti, hefði þeim þá fundizt að um skatthækkun væri að ræða? Ég held, að þeir hafi svarað þeirri spurningu 100 sinnum, ef ekki 1000 sinnum, í umr. um skattamál hér undanfarin þing. Þá hafa þeir alltaf hamast, þegar skattvísitalan hefur hækkað minna en þeir hafa talið eðlilegt. En að skattvísitala hækki um 6% á sama tíma og tekjur manna hækka um 25%, að talið er, – það er nýjasta áætlunin, – það held ég að engum manni geti dottið í hug að kalla ekki skatthækkun og þess vegna hafa hv. stjórnarsinnar með þessu orðagjálfri sínu öllu í raun og veru sannað það, að um stórfellda skattahækkun er að ræða, jafnvel þótt þessi samanburður þeirra sé réttur á gamla kerfinu og nýja kerfinu, eins og þeir eru alltaf að bera á borð hér fyrir okkur. Þeir hafa í raun og veru sannað með því, að skattbyrði þjóðarinnar hækkar að miklum mun. Það sem stendur óhaggað í þessu öllu saman og það sem verður alvarlegasta afleiðingin við lögfestingu þessara frv. er það, að hver og einn einstaklingur veit það, að eftir að hann hefur fengið um 230 þús. kr. tekjur, fara 54–55 kr. af hverjum 100 af tekjum hans í ríkis- og bæjarkassann. Eftir að hver einstaklingur hefur náð þessu tekjumarki og eftir að heimili með þrjú börn hefur náð um 400 þús. kr. tekjuupphæð, þá veit hver fyrirvinna það, að 54–55 kr. af þeim, sem bætast við, fara beint í ríkiskassann og til viðkomandi sveitarfélags. Þetta er alvarlegasti ágalli þessa frv., þetta hlýtur að draga úr framtaki hvers og eins einstaklings, vilja hans til þess að vinna. Við þekkjum þetta mætavel, vegna þess að sumar stéttir hafa lent í þessu áður, ekki svona hrikalegu, en hliðstæðu áður, og þær hafa sagt og segja enn: Við leggjum ekki á okkur mikið erfiði til að draga fisk úr sjó fyrir ríki og bæ. En þetta gerir allur almenningur eftir lögfestingu þessara frv. og þetta er í samræmi við svo margt annað, margar aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem miða að því, að það verður samdráttur í þjóðarframleiðslunni á sama tíma sem verðbólga stórvex, og þetta þýðir auðvitað stórkostlega skert kjör, raunkjör alls almennings í landinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eftir að ég lauk ræðu minni áðan var mér bent á það, að þm. hafi spurt annan, hvort ég hafi reiknað með greiðslu nefskatta í fyrra, þ. e. í þeirri skattupphæð, sem ég sagði, að menn hefðu raunverulega greitt í fyrra, og bar saman við þá skattupphæð, sem menn koma til með að greiða í ár. Að sjálfsögðu voru nefskattarnir meðtaldir í skattgreiðslunni í fyrra, að öðrum kosti hefði allur samanburðurinn verið algjörlega rangur. Greiðsla nefskatta, eins og þeir voru í reynd, var meðtalin í skattgreiðslutölunni í fyrra, en var að sjálfsögðu ekki talin með í skattgreiðslutölunni, eins og hún verður í sumar, enda hafa þeir verið felldir niður.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. með því að endurtaka þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þetta frv. eða skattamálastefnu þessarar ríkisstj., að þessu sinni. En ég hef kvatt mér hljóðs til að vekja athygli á og gera að umtalsefni eitt atriði í þessu frv., sem mér finnst nokkuð á skorta að hafi verið fjallað um hér, en þar á ég við fasteignaskatta.

Þess var getið hér fyrr í þessari umr., að hæstv. félmrh. hefði, þegar frv. var upphaflega kynnt, lagt á það áherzlu, að ein helzta stefnubreytingin, sem í þessum frv. fælist, væri sú, að nú væri gert ráð fyrir því, að fasteignaskattar væru stærri og veigameiri tekjustofn hjá sveitarfélögum en verið hefði áður. Ég tel eðlilegt, þegar svo stór ákvörðun er tekin og svo afgerandi stefnubreyting hvað snertir fasteignaskatta, þá tel ég eðlilegt, að menn átti sig betur á, hvaða ákvörðun er raunverulega verið að taka og hvaða stefnu er verið að marka. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að minna á það, að hæstv. félmrh. ásamt ýmsum öðrum ágætum þm. gaf ágæta, skelegga yfirlýsingu um það hér í þinginu af öðru tilefni fyrir nokkrum vikum síðan, yfirlýsingu þess efnis, að efla bæri séreignarrétt einstaklinga og að því bæri að stefna með ótvíræðum hætti, að hver einstaklingur gæti komið sér upp sinni eigin íbúð. Þessum yfirlýsingum fagnaði ég að sjálfsögðu, ég tel þetta vera rétta stefnu og rétta skoðun og tel enga ástæðu til að rengja þessi ummæli eða efast um, að þau séu mælt af heilum hug. En því undarlegra er, að á sama tíma og slíkar yfirlýsingar eru gefnar eru lögð fram frv. hér í þinginu, sem stefna í þveröfuga átt.

Það sjá allir, að það er ekki til að stuðla að því eða hvetja fólk til að koma sér upp eigin íbúðum, þegar eru lagðar fram till. um stórkostlega hækkaða fasteignaskatta, sem veikja möguleika fólks til að geta staðið undir þeim byrðum, sem fylgja slíkum eignum. Nú hefur því verið haldið fram og fullyrt hér í umr. á Alþ., að fasteignaskattar eða þessi frv. ættu að þrefalda eða jafnvel fjórfalda fasteignaskatta frá því sem nú er eða núgildandi lög gera ráð fyrir, og með álagsheimildum er ætlazt til, að fasteignaskattar hækki 4½-falt og hvað atvinnuhúsnæði snertir sexfalt. Þarna er náttúrlega um gríðarlega miklar hækkanir á skattbyrði og mikla hækkun á tekjuöflun sveitarfélaga að ræða. Í sjálfu sér skiptir ekki máli, hvort þessar tekjur renna í sjóð sveitarfélaga eða ríkissjóð, það, sem skiptir máli, er, hvað snýr að almenningi, eigendum fasteignanna. Það liggur ljóst fyrir, að þarna er gert ráð fyrir því, að fasteignaskattar hækki mjög verulega. Þetta er gert á sama tíma sem aðstöðugjöld eru að verulegum hluta lögð til hliðar sem afgerandi tekjustofn fyrir sveitarfé-

lögin, og a. m. k. upphaflega var gert ráð fyrir því, að aðstöðugjöldin væru lögð niður og því lýst yfir, að fasteignaskattar ættu að verulegum hluta að bæta upp þann tekjumissi, sem hlytist af niðurfellingu aðstöðugjaldanna. Út af fyrir sig er það athyglisvert, að þessi ríkisstj. skuli með þessum hætti leggja til að lögð séu niður gjöld á atvinnurekstri og setja þessi gjöld yfir á bak hins almenna borgara, því að vitaskuld er það rétt, að fasteignaeigendur á Íslandi eru hinn almenni borgari, allur almenningur, og er þar ekki um að ræða, eins og kannske víða erlendis, einhverja sérstaka stétt auðmanna eða eignarmanna. Hér á Íslandi er það óvenjulega, og ég vildi segja ánægjulega ástand, að hér er allur almenningur eigandi að fasteignum og því lendir þessi skattbyrði með auknum þunga á öllum almenningi.

Að vísu er gert ráð fyrir því í þessum frv., að hægt sé að veita undanþágur hvað snertir fólk, sem hefur ellieða örorkustyrki, svo og annað efnalítið fólk. En þarna er eingöngu um heimildarákvæði að ræða, sem ólíklegt er að hægt sé að beita í ríkum mæli, og vitaskuld er sömuleiðis um mjög takmarkaðan hóp fólks að ræða, sem fellur undir slík heimildarákvæði. Enn fremur er það takmarkað ákvæði, sem veitir heimildir til að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús fasteignaskatti í allt að tvö ár eftir að afnot hefjast. Þó að þetta sé í rétta átt, þá er það mjög óverulegt ákvæði og hefur lítið að segja, þegar maður hefur yfirsýn yfir alla myndina og gerir sér grein fyrir því, að þessi skattbyrði leggst með auknum þunga á allan þorra landsmanna.

Ég hef reyndar ekki orðið var við það, að í útreikningum þeim, sem fram hafa komið af hálfu ríkisstj., og reyndar ekki af hálfu stjórnarandstæðinga heldur, sé yfirleitt ekki gert ráð fyrir fasteignasköttum, en ég vildi meina, að það væri a. m. k. um verulega blekkingu að ræða, þegar menn eru að reyna að gera sér grein fyrir skattbyrði fólks og hvort skattar hafa hækkað eða lækkað, ef sleppt er úr svo veigamiklum pósti eins og fasteignasköttunum, sér í lagi þegar gert er ráð fyrir því, að þeir hækki, eins og ég sagði áðan, fjórfaldast eða sexfaldast. Og ég vil beinlínis spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé ekki rétt ályktað hjá mér og rétt niðurstaða hjá mér, að í útreikningum ríkisstj., þegar hún er að sýna fram á skattbyrði og skattaálagninguna, sé ekki gert ráð fyrir fasteignasköttum og þessari hækkun, sem hér er um að ræða.

Nú er því haldið fram með nokkuð gildum rökum, að mjög sé skert svigrúm sveitarfélaga og reyndar tekjustofnar sveitarfélaga á þann veg, að jafnvel fari svo, að það geti ekki mætt fjárþörf sveitarfélaganna strax á yfirstandandi ári, hvað þá þegar lengra líður og reikna má með að aðstöðugjöld verði lögð niður. Þá er reyndar búið að viðurkenna þann möguleika, að sveitarfélögin verði í erfiðleikum að afla tekna og láta enda ná saman. Það er reyndar búið að viðurkenna þennan möguleika í frv. sjálfu, þar sem sagt er í ákvæði til bráðabirgða, ef ég skil það rétt, að á árinu 1972 er félmrn. heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt framlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi samkv. 3. mgr. 3. gr., leggi útsvar á án afsláttar samkv. 26. gr. og fullt aðstöðugjald samkv. ákvæðum 36. gr.

Um leið og þetta er viðurkennt, að sveitarfélögin geti lent í erfiðleikum með að láta enda ná saman, þá er þarna um að ræða heimildarákvæði um að veita sveitarfélögunum sérstakt aukaframlag, en þó því aðeins, að þau séu búin að notfæra sér þá hækkunarheimild, sem felst í 3. mgr. 3. gr., þ. e. um 50% aukaálag á fasteignaskatta. Þetta þýðir raunverulega það, ef að líkum lætur, að á mjög mörgum stöðum á landinu má búast við því, að sveitarfélögin neyðist til að notfæra sér ekki eingöngu fasteignaskattana að fullu, heldur líka heimildarákvæðið um 50% álag, sbr. 3. mgr. 3. gr. Og þá er enn spurt: Hvaða áhrif hefur þetta á skattbyrðina? Hvaða áhrif hefur þetta til hækkunar fyrir sveitarfélögin í þeirra tekjuöflun? Ég vil leyfa mér að efast um, að þetta dæmi hafi raunverulega verið hugsað til enda, og menn hafi ekki áttað sig á því, hversu geysilega mikla hækkun er um að ræða á nýjum vettvangi skattinnheimtu. Þegar fasteignaskattar eru orðnir svona verulegir póstar eða verulegur tekjuliður, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að það sé kannað, hver sé álagsstofninn og hvort hann sé þá fyrir hendi í fyrsta lagi, og í öðru lagi, hvort hægt sé að nýta hann.

Nú er það svo, að nýlega er lokið nýju fasteignamati, svo kölluðu aðalmati, sem reyndar hófst fyrir rétt tæpum áratug og tók gildi 1. jan. 1970. Þetta fasteignamat hefur legið niðri að meira eða minna leyti óhreyft síðan, rúmlega tvö ár, og gefur það auga leið, að mjög hefur það gengið úr sér hvað snertir verðlag. Það er reyndar líka viðurkennt með nýju heimildarákvæði, sem sett er hér inn til bráðabirgða, þar sem fjmrh. er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að spyrja, hvað slík breyting mundi hafa í för með sér til hækkunar í fasteignasköttum, vegna þess að ég tel engan vafa á því, að verðlag hafi í útreikningum hækkað mjög verulega frá 1. jan. 1970 og til ársloka 1971, og þarna kemur enn mjög veruleg upphæð inn til hækkunar, sem áreiðanlega hefur ekki verið gert ráð fyrir í öllum þeim útreikningum, sem fram hafa farið að undanförnu. Og ég vil sem sagt beina þessari spurningu til hæstv. félmrh. eða hæstv. fjmrh., hvort þeir hafi útreikninga um það, hvað þessi breyting mundi hafa mikla hækkun í för með sér.

Þá hefur verið vakin athygli á því í umr. hér á þingi, að þetta fasteignamat er gengið úr sér að ýmsum öðrum hætti, er beinlínis að verða aftur úr öllu verðlagi, og ég hef leyft mér að leggja fram þáltill. hér á hinu háa Alþ., þar sem skorað er á ríkisstj. að leggja fram nú þegar nýtt frv. til l. um fasteignamat og fasteignaskráningu og mun ég þá væntanlega fá betra tækifæri til þess að útskýra tilefni þess frv., en ég tel þó fyllilega ástæðu til þess að vekja athygli á því hér, þar sem við erum að ræða fasteignaskatta og skattafrv., vegna þess að þetta fléttast svo mjög inn í það og er að mínu mati um algjört neyðarástand að ræða.

Þannig er mál með vexti, eins og ég hef getið um, að ýmsar eignir eru teknar til mats strax á árinu 1965. Síðan hafa orðið miklar breytingar, þótt ég noti ekki ártalið 1965, en eingöngu ártalið 1970, þegar matið gekk í gildi, þó að allir hljóti að sjá, að þegar mat er tekið í gildi, þá er löngu búið að meta upp eignirnar og nokkur tími liðinn þar á milli. Frá því að þessi möt fara fram, þá er að sjálfsögðu bæði um verulegar breytingar á ýmsum

fasteignum að ræða, viðbótarbyggingar, endurbyggingar og endurbætur, og enn fremur hefur að sjálfsögðu mikill hluti fasteigna risið og verið byggður á þessu tímabili. Fasteignamat hefur að vísu ekki alveg legið niðri frá því í jan. 1970, en allar eignir hafa verið metnar með allt öðrum hætti á þessum tíma, þessum rúmlega tveim árum, og allt önnur viðmiðun, þ. e. a. s. gömul viðmiðun notuð og að nokkru leyti úrelt, sem leiðir það af sér, að þau hús, sem hafa verið metin á þessum s. l. tveim árum, eru metin mun lægra heldur en meginþorri allra fasteigna. Þetta misræmi er svo augljóst, í fyrsta lagi, að það skuli vera mismunandi mat á fasteignum og enn fremur það, að mörg hundruð og þúsundir íbúða og fasteigna í landinu skuli vera vanmetnar eða ekki metnar. Því vildi ég leyfa mér að benda á það og leyfa mér að efast um, að þessi álagningarstofn komi að nægilegum notum, ef þarna á að nota fasteignaskatt sem verulegan tekjustofn, og ég vil líka leyfa mér að halda því fram, að þetta særi svo mjög réttarvitund alls almennings, að ekki verði við það unað eða á því stætt um langan tíma.

Jafnhliða þessum frv. og algjörlega án tillits til þess, hvort maður geti tekið undir þessar till., sem felast í þessum frv., þá er þarna um mjög brýnt mál að ræða, sem algjörlega hefur verið vanrækt að taka föstum tökum og lendir í hreinu óefni, ef ekki er þegar gripið til róttækra aðgerða. Ég vildi því beina þeim fyrirspurnum til ráðh. í þessari umr., hvort hæstv. ríkisstj. hafi hugleitt þetta vandamál, hvort hún hafi nú þegar haft uppi einhverjar ráðagerðir um að breyta lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu og færa þau til betri vegar.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta mál frekar, en leyfi mér að bíða eftir svörum og vænti svara við þessum fsp., sem ég hef borið hér fram.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. félmrh. benti á það réttilega í framsöguræðu sinni, að hér væri um verulegar grundvallarbreytingar að ræða varðandi lög um tekjuöflun sveitarfélaga. Það er því eðlilegt, að þeir, sem við sveitarstjórnarmál fást, reyni að gera sér grein fyrir, hvernig þessar breytingar koma út í stórum dráttum. Það þarf því ekki að vera óeðlilegt, þó að ég hafi farið þá leið að afla mér fyrst og fremst upplýsinga frá því sveitarfélagi, sem ég er búsettur í, og þar sem ég hef um nokkuð langt árabil verið öllum hnútum kunnugur, til þess að reyna að sjá og gera mér grein fyrir, hvernig breytingarnar verka þar.

Varðandi þá höfuðbreytingu að hverfa frá stighækkandi útsvarsálögum á nettótekjur og yfir til einnar ákveðinnar prósentu á brúttótekjur synist mér, að fyrir einstaklinga í þessu sveitarfélagi í heild skipti það litlu máli. Brúttótekjur voru þar árið 1971 720 millj. kr. og álögð tekjuútsvör einstaklinga 67.3 millj. og hafði þá verið dreginn frá 6% afsláttur, sem sveitarfélagið var bundið af að gefa vegna fyrirmæla í lögum um stöðvun verðlags. Ég hygg þó, að það eigi eftir að sýna sig, að innbyrðis milli einstaklinga verður þarna veruleg breyting á. Ég þykist sjá það í hendi mér, að gjaldendum muni fjölga verulega í þessu sveitarfélagi, sem þar með þýðir það, að nú greiði ýmsir útsvar, sem ekki hafa greitt útsvar þar áður, þ. e. a. s. að þarna komi inn lægstu tekjurnar, sem verða útsvarsskyldar nú, þó að ekki hafi verið lögð útsvör á þær áður.

Þetta hefur auðsýnilega einnig í för með sér skerðingu fyrir tvo starfshópa, en það eru sjómenn og giftar konur. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. sjútvrh. vilji halda því fram, að 8% hækkun á sjómannafrádrættinum vegi þarna á móti. Ég tel, að svo sé ekki, því að mér er kunnugt um það eins og honum, að hann gaf um það ákveðið loforð, þegar verið var að leysa sjómannadeilurnar, að sjómannafrádráttur skyldi hækka allverulega, eins og hann mun hafa orðað það við þá aðila, sem það loforð fengu hjá honum. Ég tel því, að þarna verði um að ræða beina hækkun útsvara á sjómannastéttinni, og tel ég það mjög illa farið og stefna í alveg öfuga átt. Ég tel einnig, að stefnt sé í öfuga átt með því að skerða þau hlunnindi, sem giftar konur hafa haft, sem unnið hafa úti, með því að fá einnig við álagningu útsvara frádregin 50% af tekjum sínum.

Ég hygg, að rétt sé fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir, hvað er að gerast í þjóðfélaginu einmitt varðandi framleiðslustéttirnar. Það hefur aldrei borið meira á því en einmitt núna eða á vetrarvertíðinni 1972, að það er að verða erfiðara að fá fólk til starfa í þessari atvinnugrein heldur en nokkurn tíma hefur verið áður. Ég hef beinlínis orðið var við gremju þess fólks, sem áður naut þessara hlunninda. Giftar konur, sem hafa unnið úti, hafa sagt, að þeim dytti bara ekki í hug að vera að leggja þetta á sig, ef starf þeirra væri ekki metið meira en svo, að þegar til skattlagabreytinga kæmi væru þær þar alveg sniðgengnar og þeirra álögur hækkaðar í staðinn fyrir það, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram, að það sé verið að lækka skattana. Það þarf ekkert að vera með neinar rökræður um það, hvernig fara muni, ef verulegur samdráttur verður hjá þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, vegna þess að fólk fæst í minnkandi mæli til starfa við þessar atvinnugreinar. Þetta er undirstaðan, eins og allir vita, og mundi það hafa mjög uggvænlegar afleiðingar í för með sér fyrir þjóðarheildina, ef samdráttur yrði.

Þá er það ein breyting, sem þarna á sér stað í sambandi við niðurjöfnun útsvara, en hún er sú, að nú er fellt niður að leggja útsvar til sveitarfélags á félög og ýmsa aðra aðila. Í 28. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga er það sundurliðað í fimm liðum, á hverja beri að leggja útsvar. Það er fyrst og fremst á alla, sem lögheimili eiga hér á landi samkv. lögum nr. 35/1960, um lögheimili. Þessi liður er einnig látinn halda sér í því tekjufrv., sem nú er lagt hér fyrir. B-liðurinn er um hlutafélög og önnur félög. C-liðurinn í þessari gr. er um sjóði og stofnanir, sem reka atvinnu, svo og dánarbú og þrotabú. D-liðurinn er um útlendinga, útsvarsskyldu útlendinga, sem stunda atvinnu hér vissan tíma árs, og e-liðurinn er um aðra aðila, sem ekki hafa lögheimili eða aðsetur hér á landi, en reka hér atvinnu eða eiga hér arðbærar eignir. Mér sýnist þetta muni geta komið hálf ankannalega út hjá sveitarfélögunum. Við skulum hugsa okkur tvo kaupmenn, sem reka verzlun hlið við hlið. Annar rekur verzlunina á sínu eigin nafni, hinn hefur sett á hlutafélagsform með sér og sinni fjölskyldu. Öðrum ber að greiða tekjuútsvar til sveitarfélagsins, hinum ber að greiða aðeins tekjuskatt til ríkisins. Það má hugsa sér stærri atvinnurekstur, fiskvinnslustöð, þar sem eigandinn er sjálfur talinn fyrir atvinnufyrirtæk-

inu, en önnur stöð er við hliðina, sem er í hlutafélagsformi. Það er nákvæmlega sama þar, að annarri stöðinni ber að greiða útsvar, tekjuútsvar til sveitarfélagsins, en hinni ber aðeins að greiða tekjuskatt til ríkisins. Ég hygg, að þetta muni valda óþarfa deilum innbyrðis og vera síður en svo til bóta í sambandi við þá breytingu, sem nú er fyrirhugað að gera, og vildi ég benda þeirri hv. n., sem þetta frv. fær til meðferðar, á að skoða þessi atriði sérstaklega.

Mér sýnist eftir frv., að t. d. útlendingar, sem hér koma og vinna og fram að þessu hafa verið útsvarsskyldir og eru samkv. gildandi lögum, séu ekki lengur skyldaðir til þess að borga útsvar til sveitarsjóðs, þar sem frv. gerir aðeins ráð fyrir, — 21. gr. þess — að hver maður skuli greiða útsvar til þess sveitarfélags, sem hann átti lögheimili í næstliðinn 1. des. samkv. þjóðskrá, eftir því sem nánar er ákveðið í lögunum, en ekki er talað um aðra aðila en þá, sem lögheimili eiga 1. des. Þó að þetta skipti kannske ekki miklu máli, þá er það þó svo, að fyrir sum sveitarfélög hefur þetta þýtt nokkrar tekjur, og víst er það, að Íslendingar, sem vinna erlendis, verða að greiða útsvar til þeirra sveitarfélaga, sem þeir starfa í, það er mér alveg kunnugt um, þannig að þá fá útlendingar, sem hér vinna, aðra aðstöðu en Íslendingar, sem erlendis vinna. Það má vel vera, að þetta verði til þess að laða að okkur vinnukraft, sem okkur vantar, og ef það yrði til þess, þá má segja, að eitt hefur það þó gott í för með sér.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að aðstöðugjaldinu. Það er vitað, að þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru lögfest 1954, ef ég man rétt, var það í gildi hér á landi, hvort sem það studdist nú við lög eða ekki, að ýmis sveitarfélög lögðu á hið svo kallaða veltuútsvar. Var það mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og má segja, að sums staðar hafi þetta verið komið kannske út í nokkrar öfgar, þar sem ég minnist þess, að í einstaka tilfellum var lagt allt upp í 4% á brúttótekjur nokkurra tiltekinna aðila, sem talið var að væru þess umkomnir að bera það hátt veltuútsvar af atvinnurekstri sínum. Með lögunum 1954 var hið svo kallaða aðstöðugjald lögfest, sem kom í staðinn fyrir veltuútsvörin. Þetta var þá þegar nokkuð umdeildur tekjustofn fyrir sveitarfélögin en sú nefnd, sem þau lög samdi, gat ekki orðið sammála og gat ekki fundið annan tekjustofn, sem talinn var eðlilegri eða heppilegri. Eins og frv. var lagt fram nú og hér hefur verið bent á, var hugmynd þeirra aðila, sem það sömdu, að stefna að því að afnema veltuútsvarið og taka þá gjöld af atvinnurekstrinum í fasteignasköttum. Það má segja, að þetta er sjónarmið út af fyrir sig, þó að að sjálfsögðu sé mjög um það hægt að deila, hvort sé eðlilegra eða hvort sé heppilegra og hvort sé betra fyrir atvinnureksturinn, þegar á reynir.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um aðstöðugjaldið, en eitt vildi ég mjög undirstrika, sem hér kom fram hjá einum hv. ræðumanni, og það er það, að ég ætla að vonast til þess, að Alþ. láti það ekki henda sig að fara að lögfesta hámarksheimild til handa sveitaryfirvöldum til þess að leggja á aðstöðugjöld mismunandi í hverju sveitarfélagi. Það er vitað, að sveitarfélögin hafa ekki öll notfært sér þá heimild, sem nú er í lögum til hámarksálagningar, en það hefur verið þeirra mat, hvað mikið þau hafa talið sig þurfa að nota af þeirri heimild, sem þeim er gefin í sambandi við álagningu aðstöðugjaldanna. En ef Alþ. ætlar að lögfesta það, að það skuli vera misjöfn aðstöðugjöld í sveitarfélögunum, tel ég það vera alranga stefnu og ekki geta samrýmzt þeirri þróun, sem eðlilega er að verða í skattamálum, að þar skuli aðstaða allra aðila vera sem jöfnust.

Þessi hugmynd, að draga úr aðstöðugjöldunum og taka í staðinn upp fasteignaskatta af atvinnurekstrinum, hefur að sjálfsögðu verið rædd og verður án efa til umr. frekar bæði nú og síðar. Þetta er gamalt mál sveitarfélaga og þeirra, sem þar ráða, hvernig hagkvæmt sé að taka inn tekjur handa sveitarfélögunum. En þarna hygg ég, að muni gæta mjög mikils misræmis, einnig í sambandi við álögur þessa skatts. Ég skal sleppa því, sem hér hefur verið bent á, en hefur þó alltaf í mínum augum verið mjög mikill ókostur við að leggja á háa fasteignaskatta, en það er það, að þetta hittir tvær stéttir þjóðfélagsins mjög illa. Það er í fyrsta lagi unga fólkið, sem á hverjum tíma er að byggja, er ávallt með íbúðir, sem eru hátt virtar til fasteignaskatts, skuldar mikið í þeim, eins og í flestum tilfellum mun vera, og á yfir höfði sér ofan á hið háa fasteignamat að fá mjög háan fasteignaskatt, þannig að þetta er ákaflega þungur baggi og dregur úr mönnum að ráðast í byggingu íbúða kannske af þeirri stærð og þeim dýrleika, sem þeir annars hefðu óskað eftir. Hins vegar hittir þetta einnig mjög illa margt eldra fólk, sem hefur kannske alla sína ævi búið í sæmilega góðum íbúðum, eins og hér hefur verið bent á, verið með nokkuð stóra fjölskyldu og eignazt íbúð í samræmi við það. En eftir að hjón, eldri hjón eru kannske orðin tvö ein í íbúðinni er þeim sárt, sem eðlilegt er, að þurfa að losa sig við þetta heimili sitt og flytja í aðra minni íbúð, kýs heldur að hafa rúmt um sig. Og margt af þessu fólki er þegar kannske orðið tekjulítið, lifir á ellilaunum eða tekjur þess hafa dregizt saman af eðlilegum ástæðum vegna minnkandi vinnu, og þess vegna hittir hækkandi fasteignaskattur þessa aðila einnig mjög illa.

Þetta er að mínum dómi mesti gallinn við það að innheimta stóran hluta af tekjum sveitarsjóðs í fasteignasköttum, að þessir tveir aðilar verða fyrst og fremst fyrir barðinu á þeirri tekjuinnheimtu.

Ég fór að gera mér grein fyrir, hvernig þessi breyting, hækkun fasteignaskatta, lækkun aðstöðugjalda, mundi verka fyrir fiskiðnaðinn, því að hann er sá höfuðatvinnuvegur, sem þjóðin byggir afkomu sína á, og þess vegna er eðlilegt, að maður reyni að gera sér grein fyrir, hvernig opinberar álögur verka á hann. Mér sýnist, miðað t. d. við fasteignamat á fiskvinnslustöðvunum í Vestmannaeyjum, sem eru í stærri flokknum af fiskvinnslustöðvum hér á landi, að þá skipti þetta í sjálfu sér engu máli, hvort hækkun fasteignaskattanna vegi upp lækkun aðstöðugjaldsins. Ef heimildin er notuð að fullu, eins og ég hygg, að muni verða gert, þá komi út í krónutölu nokkurn veginn svipað og áður var, meðan gamli fasteignaskatturinn var í gildi og aðstöðugjöldin eins og þau voru áður. En það er alveg auðséð, að margir aðrir aðilar, sem kannske hafa verulega veltu í húsnæði, sem er lágt að fasteignamati, eða eru í leiguhúsnæði, þar sem leigan hækkar ekki í samræmi við hækkun fasteignamatsins, þeir náttúrlega péna á þessu. Og þar sem það er, þar á sér auðvitað stað tilfærsla á útgjöldum til sveitarfélagsins milli launþega og atvinnu-

reksturs. Það má vel vera, að þetta sé eðlilegt og nauðsynlegt, og ætla ég ekki að fjölyrða um það, enda hef ég ekki kynnt mér svo náið, hvernig það annars kemur út, en mér finnst þetta þó liggja í augum uppi.

En það er eitt atriði í sambandi við fasteignaskattinn, sem kemur upp í mínum huga og ég vildi biðja þá hv. n., sem fær frv. til athugunar, að skoða nokkuð. Við skulum segja, að ein fiskvinnslustöð af meðalstærð muni í dag vera metin á um 50 millj. kr. – ég hef þær upplýsingar í þessu sambandi, að það muni vera eðlilegt fasteignamat á meðalstóru hraðfrystihúsi. – Ef heimildin er notuð til hækkunar fasteignaskattsins, eins og ég hygg að flest sveitarfélög muni fara inn á að gera, a. m. k. af atvinnurekstrinum, þá þýðir það, að þessi stöð á að borga 750 þús. kr. á ári í fasteignaskatt. Hvernig lítur þetta út t. d. fyrir lánastofnanir, þá sem þurfa að lána þessu fyrirtæki fé? Samkv. frv. eins og það er í dag er lögveð í eignunum til innheimtu á skattinum. Og hvernig lítur þetta þá út fyrir lánastofnanir, þegar það liggur alveg ljóst fyrir, að ef þetta fyrirtæki lendir í rekstrarörðugleikum og þar með greiðsluörðugleikum, geta sveitarfélögin komið og innheimt við skulum segja tveggja ára fasteignaskatt, 1½ millj. kr. af þessu fyrirtæki og það er lögveð í eigninni? Auðvitað hljóta þeir, sem eiga veð í eigninni, að vera í hættu með að tapa sínu fé, ef illa fer, enda hljóta þeir kannske að meta það og gera það upp við sig, hvort þeir ekki verða að innleysa sín veð og yfirtaka eignina. Þeir eru þá í þessu tilfelli að byrja á því að leysa út 1.5 millj. kr. í lögveðsfasteignaskatti af fyrirtækinu.

Ég vil biðja þá n., sem fær þetta mál til athugunar, að skoða þetta atriði, hvort þetta getur ekki verið mjög neikvætt fyrir atvinnurekstrinn, ef þessi kvöð verður sett á. En auðvitað verður ekki komizt hjá því með hækkuðum fasteignagjöldum, að þá hlýtur fasteignagjaldi að fylgja lögveðsréttur, og hefur alltaf verið og það er gert ráð fyrir því í frv., en þetta geta orðið afleiðingarnar, að ef fyrirtækið lendir í rekstrarörðugleikum og greiðsluörðugleikum, verða lánveitendur að gera það upp við sig, annaðhvort að tapa sínum lánum eða leysa inn fyrirtækið til sín með þessari upphæð, sem ég hef hér bent á.

Mér kæmi ekki á óvart, þó að þetta mundi skerða aðstöðu þessara atvinnufyrirtækja í sambandi við lánafyrirgreiðslu, sérstaklega þegar komið er niður fyrir 1. og 2. veðrétt.

Það er ein grein í frv., sem ég hefði viljað biðja hæstv. félmrh. að gera nánari grein fyrir. Það getur vel verið, að þetta sé misskilningur hjá mér, en það er 34. gr. Hvernig ber að skilja hana? Ég verð að viðurkenna, að mér er ekki almennilega ljóst, hvernig ber að skilja þá grein. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli. Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr."

En 25. gr. er um það, að hvaða hámarki beri að leggja útsvörin á. Það, sem mér er ekki ljóst, er, hvað átt er við með því, að ef innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, hafi sveitarstjórn heimild til þess að ákveða hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þó innan þess ramma, sem um getur í 2. málsgr. Mér finnst þetta stangast á, en það má vel vera, að þetta sé misskilningur hjá mér. Geri ég þá ráð fyrir, að hæstv. ráðh. geti leiðrétt það eða gert grein fyrir því, og væri mér það kærkomið.

Ég skal nú láta staðar numið. Þetta frv. kemur til umr., eftir að það hefur fengið skoðun í n., og gefst þá tækifæri til frekari umr. um það, ef tilefni sýnist til þess.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu hafa stjórnarandstæðingar nú rætt frv. um tekjustofna sveitarfélaga og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri óburðar hinn mesti, ekki í húsum hæfur og væri hægt að finna því allt til foráttu, þ. á m. það tvennt, að þetta væri skattpíningarfrv. af fyrstu gráðu, og jafnframt, að það veitti samt ófullnægjandi tekjur handa sveitarfélögunum. En þá kem ég nú ekki endunum saman þrátt fyrir allar góðar útskýringar á málflutningnum.

Það er, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, fjöldi manns, sem fæst við að reikna dæmið, gefur sér ákveðna forsendu og fær þá útkomu, sem hver vill, og síðan er ekki svo auðvelt að fá sameiginlegar niðurstöður. Menn tala nú mjög mikið, og það gerði hv. 7. þm. Reykv., um skattvísitöluna, sem væri allt of lágt áætluð. Á undanförnum árum var það höfuðdeiluefnið milli Sjálfstfl. og Framsfl. og raunar Alþfl. líka, að skattvísitalan væri ekki rétt, hún mældi ekki þær verðlagshækkanir, sem yrðu, og væri röng. Nú er því sama haldið fram, skattvísitalan röng, en nú eru það aftur stjórnarsinnarnir gömlu, fulltrúar fyrrv. ríkisstj., sem komast að þeirri niðurstöðu, að hún eigi ekki að vera lág, hún eigi að hækka, taka risaskref, hún eigi að fara a. m. k. upp í 121.5 í staðinn fyrir 106.5, sem nú er miðað við. Svona veldur það miklu, hver á heldur.

Það var ekki mjög auðvelt að fá Sjálfstfl. og Alþfl. inn á röksemdir framsóknarmanna varðandi skattvísitölu meðan fyrrv. stjórn sat að völdum. En nú virðist hv. 7. þm. Reykv. vera búinn að tileinka sér fyrri kenningar framsóknarmanna um þetta töfralyf, skattvísitöluna. Ég er alveg sannfærður um það, að hún er enginn kínalífselexír, skattvísitalan, eða hvernig hún er ákveðin. Hitt er mér ljóst, að mikil hækkun skattvísitölu mundi verða til þess að vernda mjög hina stærri skattborgara, og þar liggur hundurinn grafinn. Það vilja menn fá. Það, sem þyrfti aftur til þess að vernda betur hina lægst launuðu, það er að hækka persónufrádrátt í skattalöggjöfinni, og það kostar ríkið miklu minna að gera það, léttir á þeim, sem mest þurfa á létti að halda, en veður ekki upp í gegnum allt skattkerfið með skattalækkanir.

Hv. 7. þm. Reykv. var með tvær aðferðir til þess að komast að sannleikanum um galla þessa frv. Og hann sagði, að sú síðari væri einfaldari og auðskildari. Það má vel vera, að hún sé það. Hún var í því fólgin, sú aðferðin, að menn skyldu bara sjá, hversu miklu hærra útsvar þeir fengju í ár heldur en í fyrra. Þá verða menn auðvitað líka að taka tillit til þess, hversu miklu hærri tekjur manna eru í ár heldur en í fyrra og láta þá reikna tekjurnar í ár út eftir gamla kerfinu og því nýja. Þá er ég alveg með á nótunum, ef það á að gera það þannig. En bezt held ég, að sé fyrir okkur alla að bíða bara eftir því, sem út kemur, og láta reynsluna skera úr.

Líka fór hv. 7. þm. Reykv. að reikna út, hvernig þetta kæmi út að því er snertir sveitarfélögin. Og þá komst hann að þeirri niðurstöðu, að ef hann reiknaði með því, að meðaltalið yrði 10.5%, útsvarsupphæðin 10.5%, – ekki alveg í toppi, hann ætlaði að vera svo sanngjarn, ekki 11%, en 10.5, það væri við hæfi, – og þá fékk hann það út, að verkamenn eða fólk með verkamannatekjur mundi lækka í sköttum, en allar aðrar stéttir mundu hækka. Ríkisstarfsmenn gat hann tekið alveg í einni visk, svo ósamstæðir sem þeir eru, og komst að þeirri niðurstöðu, að þeir mundu verða grálega leiknir. Ég held, að bókstaflega sé ekkert að marka þessar bollaleggingar, þó að þær séu fram settar í tölum. Og styrkist ég þá enn í þeirri trú, sem ég hef lengi haft, og hún er sú, að séra Guðmundur Guðmundsson frá Gufudal, sá spaki maður, hafi haft rétt fyrir sér, þegar hann sagði fyrir mörgum áratugum síðan: „Ekkert er eins auðvelt og að ljúga með tölum.“ Og það kunna þeir hér ekkert síður en annars staðar.

Einu er ég alveg sammála hv. 7. þm. Reykv. í, og það er það, að það er ekki heppilegt fyrir okkur í stjórnarflokkunum að gera lítið úr þeim sköttum, sem fólk verður látið bera samkv. hinni væntanlegu löggjöf. Það vil ég heldur ekki gera. Ég segi, það verður ekki hér um neinar skattalækkanir að ræða. En þeir færast til, þeir verða lægri á hinum tekjuminni, þeir verða þyngri á hinum tekjumeiri. Og ég vil bara draga upp rétta mynd af þessu, því að það er rétt, að það gæti verið óheppilegt fyrir stjórnina að fá þann skell á sig að vera búin að gylla þetta fyrir fólki og svo blasir veruleikinn við eftir nokkra mánuði og væri þá miklu óhagstæðari og verri heldur en við hefðum sagt. Þetta væru því óskynsamleg vinnubrögð af hendi stjórnarinnar. En ég er afskaplega ánægður með þau vinnubrögð stjórnarandstöðunnar, að þeir ýki sem allra mest hina væntanlegu skattbyrði, máli djöfulinn á veggi í öllum áttum og hræði fólk sem allra mest, því að það leiðir til þess, að fólk segir, þegar skattseðillinn kemur: Nú, það er þó ekki verra en þetta. Þeir voru búnir að segja okkur jafnvel, að það yrði miklu verra. Þetta er ágætur stuðningur við stjórnina, og ég þakka fyrir það.

Það var talið til kosta skattkerfinu, ef það yrði einfaldara, og hv. 7. þm. Reykv. viðurkenndi, að að nokkru leyti væri það svo, að með skattafrv. stjórnarinnar væri skattkerfið í einstökum atriðum nokkru einfaldara.

Hinn formaður stjórnarandstöðunnar, hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, ræddi líka um þetta frv. og hafði um það mörg ófögur orð, taldi þetta vera mikið flaustursverk, væri stjórninni til smánar, það þyrfti að umsmíða þetta o. s. frv. Ég vænti þess þá, að þeir, sem sjá þessi feiknamissmíði á frv., láti það sjást í sínum till., að þeir vilji smíða þennan grip upp á nýtt og endurbæta hann. Ekki sá ég mikið af þeim tilburðum í till. sjálfstæðismanna í hv. Ed. Það var hið mesta fjaðrafok, þær till., sem þeir komu með, eftir að þeir höfðu fengið sólarhringsfrest til undirbúnings að búa út till. Það var reytingur sitt úr hvorri áttinni, og hefði áreiðanlega ekki orðið til þess að umbæta frv. í heild, ef það tillögusafn hefði fengizt samþ., sem reyndar varð nú ekki.

Í stað þess að ræða um missmíðin á frv., fór hv. 1. þm. Reykv. síðan að tala um vinnubrögðin í sambandi við frv., sagði m. a., að stjórnarflokkarnir hefðu svikizt um að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og þar fram eftir götunum. Þetta er þó ekki rétt. Það voru menn fengnir til þess að semja frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem voru mjög nákomnir Sambandi ísl. sveitarfélaga, fulltrúi úr fulltrúaráði þess átti þar sæti og einn hv. þm. hér játaði það áðan, að það hefðu a. m. k. verið haldnir einir fjórir sameiginlegir fundir með Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að ræða málin við fulltrúa sambandsins á ýmsum stigum þess. Og þetta var sannarlega gert svona. Það var unnið að undirbúningi málsins í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, sem einnig voru til kvaddir.

Hv. 1. þm. Reykv. komst að sömu niðurstöðu og hv. 7. þm. Reykv., að hér væri um gífurlega skattpíningu að ræða, og það orðalag notaði hann einmitt. Hann sá fleira, sem honum þótti mjög miður fara, eins og það, að sjómannafrádráttur væri skertur. Mér þætti nú afar fróðlegt að heyra það, með hvaða hætti það er gert í þessu frv. eða frv. um tekju- og eignarskatt. Þar eru skattfríðindi sjómanna aukin stórlega og ekki haggað við neinum þeim réttindum sem sjómenn hafa, svo að þetta er hreint öfugmæli. Þessi hv. þm. komst líka að því, að það væri verið að níðast á ekkjum og að manni skildist líka helzt munaðarleysingjum, en Gylfi Þ. Gíslason, hv. 7. þm. Reykv., hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það yrði skattaléttir á venjulegum verkamannatekjum. Það yrðu þá a. m. k. að vera nokkuð auðugar ekkjur, sem yrðu þunglega fyrir barðinu á þessu frv., og má vera, að hv. þm. hafi einhverjar slíkar í huga.

Eitt sagði hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, sem ég er honum nokkurn veginn sammála um. Aðstaða sveitarfélaga verður mjög misjöfn. Þetta er rétt. Aðstaða sveitarfélaganna hefur verið, er og verður mjög misjöfn, og það verður ekki lagað með einu eða neinu skattafrv. Það getur vel verið, að það verði örfá sveitarfélög, sem fá engan afgang, þó að þau fái allar þær heimildir til skattpíningar, sem menn hér nefna svo, og leggi á alveg eftir ýtrustu ákvæðum frv. En það verða líka mörg, mjög mörg sveitarfélög, sem ekkert hafa að gera með heimildir frv. og þurfa vafalaust ekki að leggja meira á en 5, 6 eða 7%, þurfa alls ekki að fara neitt í námunda við 10%. Þetta byggist á því, að þetta er allt saman heimilt í frv., að byrja hvar sem er á þessum stiga upp að 10. Sum þurfa áreiðanlega ekki meira en 5, 6 eða 7%. En önnur þurfa vafalaust að nota 10% heimildina og jafnvel álagsheimildina líka. En þetta frv. er það rúmt, að þarna á að vera nóg rúm fyrir öll sveitarfélögin. En þar sem þessi hv. þm. hafði fyrst og fremst haft stór orð um skattpíninguna og fullyrðir síðan, að það vanti á hjá sumum sveitarfélögunum og þau verði hart leikin, þá segi ég, ekki verður þó hægt að bæta úr því með því að draga úr skattpíningunni. Ef bæta á úr þörfum einstakra sveitarfélaga, sem ekki fá nægar tekjur, þá verður að auka skattpíninguna, svo að þessu kem ég ekki saman.

Hv. 1. þm. Reykv. las upp úr samþykkt fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég gæti líka mætt hér með annað plagg frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem var niðurstaðan af ráðstefnu, sem Samband ísl. sveitarfélaga hélt um þetta frv., um tekjustofna sveitarfélaganna. Og sú niðurstaða frá þeirri ráðstefnu var jákvæð.

Þessi ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti því yfir, að hún teldi frv. í meginatriðum stefna í rétta átt, enda eru mörg atriði í þessu frv., sem beint eru jákvætt svar við eldri og nýrri óskum Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi skattalög. Þ. á m. er ákvörðunin um útsvörin. Það er að óskum Sambands ísl. sveitarfélaga, að létt er af sveitarfélögunum gjaldaliðum, sem sveitarfélögin eru ekki ákvarðandi aðili um, eins og t. d. löggæzlukostnaðinum og tryggingunum, og við þessum óskum er orðið. Að vísu hefur Samband ísl. sveitarfélaga látið uppi margar aðrar óskir, sem ekki er fullnægt með þessu frv., en sem sannarlega er ekki útilokað, að litið verði á við framhaldsendurskoðun málsins, eins og t. d. að ætla sveitarfélögunum einhver þau verkefni, sem nú eru á höndum ríkisins, en þætti betur fara, að sveitarfélögin hefðu sjálf með að gera. Það getur vel komið til mála.

Þá er komið að því, sem hv. 11. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson, vék að. Hann taldi einmitt, að það þyrfti að framkvæma gagngera endurskoðun á verkefnaskiptingunni í þá átt, sem sveitarfélögin hefðu áður óskað, og það er áreiðanlegt, að á það verkefni verður litið, þó að það sé alls ekki auðvelt að koma því eingöngu í verk í sambandi við skattalög. En hv. 11. landsk. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að það bæri miklu fremur að hafa áhyggjur af því, hvernig hagsmunum sveitarfélaganna yrði borgið með þessari löggjöf. Þar er ég honum sammála. Það er miklu meiri ástæða til þess að óttast það, að teflt sé á tæpasta vað í einstökum tilfellum varðandi það atriði að sjá hag sveitarfélaganna nægilega vel borgið, heldur en hins að vera að staglast á skattníðslunni, sem ætti þá að gefa gífurlegar tekjur, þannig að sveitarfélögin böðuðu í rósum. Því er ekki til að dreifa. Skattníðslubrigzlunum vísa ég alveg á bug.

Þessi hv. þm. fullyrti, að tekjuskerðing sveitarfélaganna yrði gífurleg og sum þeirra yrðu mjög hart úti. Hvernig skyldi vera hægt að koma þessum fullyrðingum hans saman við fullyrðingar forustumanna bæði Sjálfstfl. og Alþfl. um skattníðsluna? Þarna er það eins og þjóðskáldið Jón Þorlákssson á Bægisá sagði:

„Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn."

Hv. 5. þm. Norðurl. e. bar fram spurningar um skilgreiningu frv. á brúttótekjum, sem útsvörin skulu leggjast á eftir. Það er nú ekki mikið nýjabragð að þessari lagasetningu, því að að því er þetta snertir er í IV. kafla frv. vitnað í gildandi lagaákvæði. Um þetta er fjallað í 21.–23. gr. frv. og vitnað í eldri lagaákvæði. Og ef þau hafa skilizt fram til þessa, þá vænti ég, að einhverjum takist að skilja þau nú og framvegis, því að þau eru óbreytt. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, það er IV. kaflinn um útsvör:

„Hver maður skal greiða útsvar til þess sveitarfélags, sem hann átti lögheimili í næstliðinn 1. des. samkv. þjóðskrá, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum."

Næsta gr.: „Útsvarsskyldir eru þeir, sem um ræðir í 1.–4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og lög nr. 22 frá 9. marz 1956, um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi o. fl."

Og 23. gr.: „Útsvar skal leggja á þær tekjur, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga. Frá tekjum þessum skal draga gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. A-lið, B-lið 1. mgr. og C-lið, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, hjá þeim, sem atvinnu reka eða sjálfstæða starfsemi í eigin nafni, þó ekki útleigu íbúðarhúsnæðis. Frádráttur skal þó aldrei hærri vera hjá gjaldanda en tekjur hans af atvinnurekstri og starfsemi. Enn fremur skal draga frá tekjunum eigin húsaleigu og skyldusparnað, sbr. 11. gr. laga nr. 30/1970."

Hér er eingöngu vitnað til eldri laga, sem verið hafa í gildi, að því einu undanskildu, að hér er ákveðið, að tekjur af eigin húsaleigu og skyldusparnaði skuli dragast frá. Það er nýtt ákvæði, sem kom inn núna í meðferð hv. heilbr.- og félmn. Ed.

Ég endurtek það, að hafi þessi ákvæði skilizt áður, þá ætti að vera möguleiki á að skilja þau enn. (Gripið fram í.) Ja, það er samkv. tilvitnunum hér í hin eldri lög og tekið fram, að skuli dragast frá. Það á a. m. k. að vera alveg á hreinu. Svo kemur 10% gjaldið, þegar búið er að gera þennan frádrátt. Ég held, að það verði ekki neinn vandi, hvorki hjá skattstjórunum né sveitarstjórnunum að komast að niðurstöðu um það, hvernig eigi að leggja útsvörin á og hvaða atriði koma þar til frádráttar, áður en álagningin fer fram.

Mér skildist á hv. 9. landsk. þm., að hann væri yfirleitt á móti fasteignasköttum og teldi, að þetta verkaði á móti einkaeign á íbúðarhúsnæði. Ég get nú ekki séð, að það sé rétt röksemd. Auðvitað er fasteignaskattur nothæfur skattstofn, af því að það eru svo margir á Íslandi, sem eiga húseignir, eiga fasteignir. Og við verðum að leggja skatta á eignir og tekjur. Það væri ranglátari skattstofn, sem félli aðeins á örfáa einstaklinga, og svo yrði, ef húseignir á Íslandi væru í fárra höndum. En þetta er yfirleitt almennt í okkar þjóðfélagi, og þess vegna er þetta breiður, jafn og réttlátur skattstofn. Hann er líka stöðugur frá ári til árs og kemur í veg fyrir sveiflur miklu frekar en skattlagning á tekjur hjá sveitarfélögunum og þau vita betur fótum sínum forráð frá ári til árs. Eignir og tekjur verða að vera grundvöllur skattálagningar, því að á hina eignalausu og tekjulausu er ekki um að ræða að leggja skatta. Ég er því ekki sammála hv. þm. um það, að forðast beri fasteignaskattana, af því að fasteignir séu svo almennt í eigu manna, að þetta verði skattlagning á hinn almenna borgara. Það er rétt, það verður skattlagning á hinn almenna borgara.

Hv. sami þm. minntist á þetta ákvæði, sem komið er nú inn í frv., að fólk, sem er að eignast þak yfir höfuðið, nýtur samkv. frv. skattfrelsis næstu tvö árin eftir að húseign er tekin í notkun. Um þetta hafði hann ekki annað að segja en það, að þetta væri óverulegt. En þarna er þó tillit tekið til unga fólksins, sem er að brjótast í því að eignast húsnæði og stendur í mestu erfiðleikunum fyrstu tvö árin, meðan það er að komast yfir íbúðina. Það má vel vera, að mönnum sýnist, að þarna ætti að hafa lengra tímabil, en þá koma menn með till. um það. En þetta er vissulega í áttina. Þetta er til þess að mæta miklum erfiðleikum, sem fólk á oft við að stríða, þegar það er að komast yfir íbúð. Ég álít, að þetta ákvæði sé til bóta.

Þá vék hv. 9. landsk. þm. að því, að í raun og veru væri í bráðabirgðaákvæði með frv. næstum viðurkenn-

ing á því, að svo gæti farið, að tekjur sveitarfélaganna samkv. hinni nýju löggjöf yrðu ekki eins drjúgar sveitarfélögunum og samkv. gömlu löggjöfinni. Það er rétt. Það er ekki fullyrt, að ekki geti komið fyrir, að eitthvert sveitarfélag þurfi á öllum álagsheimildum að halda, og jafnvel tekið í mál, að svo kynni að fara, að eitthvert sveitarfélag næði samt ekki endum saman. Og þá er þetta öryggisákvæði, að á árinu 1972 megi félmrn. veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kæmi, að ákvæði laga þessara reyndust þeim óhagstæðari en lög nr. 51 frá 1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimti fasteignaskatt með fullu álagi, leggi á útsvar án afsláttar og fullt aðstöðugjald samkv. ákvæðum 36. gr. Vitanlega ber ekki að heimila neinu sveitarfélagi þetta aukaframlag nema því aðeins, að sveitarfélagið sé búið að nota aðrar heimildir laganna. Fyrr er þess ekki þörf. En það gefur fulla tryggingu fyrir því, að sveitarfélag lendi ekki í vanda, að það geti alveg verið öruggt um það, að það fái eins miklar tekjur og eftir gamla kerfinu með þessu aukaframlagi, ef á þarf að halda.

Hv. þm. hafði þó hugboð um það, að það gætu nú aðeins orðið drýgri tekjurnar hjá sveitarfélögunum heldur en lægi fyrir á pappír nú, því að fasteignamatið nýja væri miðað við árið 1970, 1969 eða 1970. Og það er alveg rétt. Þarna er dálítill varasjóður vafalaust fyrir sveitarfélögin, þær fasteignir, sem hafa orðið til á árinu 1970–1971, og verðmæti þeirra verður auðvitað skattlagt eins og eldri fasteignir. Þetta hefur vafalaust ekki verið tekið inn í útreikningsdæmin, og er þarna sem eins konar varasjóður. Og hann spurði, hvort þetta hefði verið athugað. Þetta hefur vissulega verið athugað og er tekið með hér í bráðabirgðaákvæði frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971."

Það má sem sé færa fasteignamatið frá 1970 til samræmis við verðlag í árslok 1971, og undir það kæmu líka þær byggingar, sem orðið hafa til síðan frá fasteignamatinu var gengið. Þarna er dálítill varasjóður, sem vafalaust mundi tryggja það nokkurn veginn, að sveitarfélögin yrðu ekki fyrir þungum skakkaföllum, hart úti, eins og hér hefur verið orðað, sem ég er þó hræddari um, að yrði niðurstaðan heldur en hitt, að skattpíningin sé svo svívirðileg, að öll sveitarfélögin vaði í tekjum. En það hlýtur að vera afleiðingin af því.

Ég bað Framkvæmdastofnun ríkisins að gefa mér upp, hvaða heildartekjur sveitarfélögin mundu hafa fengið á árinu 1972 eftir gamla kerfinu. Og svar Framkvæmdastofnunarinnar er þetta: Samkv. gildandi lögum eru heildartekjur sveitarfélaga á árinu 1972 áætlaðar 4 295 millj. kr. Heildartekjur sveitarfélaga á árinu 1972 eru áætlaðar 3 187 millj. kr., eins og frv. er nú. En þá verður að taka eitt með í reikninginn og það er það, að það eru færð frá sveitarfélögunum verkefni, sem hefðu kostað um 850 millj. kr., ef það hefði verið óbreytt. Spurði ég því líka um það, hvað útgjaldalækkun sveitarfélaganna vegna afnáms framlags til almannatrygginga og löggæzlu svo og lækkunar framlags til sjúkratrygginga um helming væri áætluð á árinu 1972, og er svarið það, að hún mundi vera um 850 millj. kr. á árinu 1972. Ef ég því geng út frá óbreyttum verkefnum, þá blasir þetta við, að samkv. gamla skattkerfinu hefðu skatttekjur sveitarfélaganna í heild orðið 4 295 millj. kr. á árinu 1972, en 4 037 millj. kr. á þessu sama ári, 1972, miðað við óbreytt verkefni, aðeins lægra. Með því rjúka alveg um koll öll brigzlin um skattpíninguna, því að það er tæpast, að frv. gefi þær tekjur, sem gamla kerfið hefði gefið að óbreyttum verkefnum. En álagsheimildirnar eru áætlaðar samkv. frv., eins og það er nú, á fasteignaskattinn 180 millj. kr. og á útsvörin 310 millj. kr. eða samtals um 490 millj. kr. Það saxast dálítið á þessar álagsheimildir, þannig að þær verða ekki afgangs hjá sveitarfélögunum, en þegar búið er að athuga það, hvað þá verði eftir af álagsheimildunum, þá eru það 232 millj. kr., sem þá væru eftir, en gæti þó orðið meira, ef heimildin er notuð til þess að færa fasteignamatið til samræmis við verðlag í árslok 1971. En það hafa reikningsfróðir menn talið að mundi geta gefið 15–20% hækkun á fasteignaskattinum. Ég held því, að það sé nokkurn veginn eins nálægt því komizt og hægt var að ætlast til, að tekjurnar, sem nýja kerfið gefur, eins og frv. er nú, séu nokkurn veginn samsvarandi þeim tekjum, sem gamla kerfið hefði gefið á árinu 1972, ef niðurstaða Framkvæmdastofnunar ríkisins er rétt, eða röskir 4 milljarðar kr.

Hv. 3. þm. Sunnl. staldraði í ræðu sinni við 34. gr. frv. og var ekki alveg viss um, hvernig ætti að skilja þá gr. Ég játa, að það er kannske ekki ástæðulaust, en þetta á sér alveg góða og gilda skýringu. Greinin er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli. Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr."

Með öðrum orðum, þau mega ekki fara yfir 10%. Hér er átt við það, að sveitarfélögin, sem eru með 5, 6, 7, 8 eða 9% og komast að þeirri niðurstöðu, að þau nái ekki endum saman, hafa heimildir til þess að hækka um sama hundraðshluta yfir alla línuna, þangað til þau hafa náð endum saman. En hin, sem eru í hámarki, geta ekki notað sér þessa gr. Þau verða að nota viðbótarákvæðið, bráðabirgðaákvæðið um aukaframlag, sérstakt aukaframlag. Þessi gr. er varðandi þau sveitarfélög, sem eru þarna neðar á skalanum, en það verður yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaganna á landinu, sem verður ekki með álagsheimildina í toppi. Það er margbúið að athuga það. Það voru nokkur, sérstaklega sjávarútvegsþorp og kaupstaðir, sem byggja mikið á útgerð og höfðu notað álagsheimild aðstöðugjaldsins alveg í toppi, sem virtust koma illa út, eins og frv. var lagt fram upphaflega. En þá var ekki það ákvæði, sem nú er í frv. um aðstöðugjaldið. Með því að mega nota 65% af aðstöðugjaldinu, eins og það var á lagt samkv. gamla kerfinu, batnar hagur þessara bæjarfélaga verulega, og veit ég ekki til, að neinir útreikningar hafi sýnt það, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem aðallega byggja á útgerð og notuðu aðstöðugjaldsheimildina til fulls, verði neitt harðar úti heldur en önnur. En það var svo í fyrstu, eins og frv. var lagt fram. En úr því hefur verið bætt með heimildinni um álagningu aðstöðugjaldsins.

Hv. 3. þm. Sunnl. lýsti þeirri skoðun sinni, að honum þætti það óheppilegt, að sveitarfélögin fengju mismunandi heimild til aðstöðugjaldsins. Þarna er bara

byggt á reynslunni. Sum sveitarfélögin, eins og Reykjavíkurborg, höfðu ekki notað aðstöðugjalds-álagningarheimildina, aldrei notað hana til fulls, og það þótti því eðlilegt, að þeir staðir, sem ekki hefðu þurft á henni að halda, fengju ekki nú endilega lagaheimild til þess að nota hana í toppi. Þessi bæjarfélög verða engum rétti svipt. Þau verða með svipaða heimild og þau höfðu áður haft, aðeins skerta, enda er líka ætlunin að víkja heldur frá þessum tekjustofni að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga og margra annarra, ef annar tekjustofn fengist, sem heppilegri þætti. Það hefur um langan tíma verið mikið deiluefni, hvort ætti að nota aðstöðugjöldin sem skattstofn. Það er hvergi hægt að nota heimildirnar eins og þær voru áður í lögum eða eru nú í lögum, heldur aðeins 65% af þeirri álagsheimild, sem notuð var í viðkomandi sveitarfélagi. Og þannig er dregið úr notkun þessa gjaldstofns.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. Ég held, að það sé hvorki sannleikur, að hér sé um gífurlega skattníðslu að ræða samkv. þessu frv., né heldur hitt, að sveitarfélögin séu svipt gífurlegum möguleikum til þess að afla sér nauðsynlegra tekna miðað við gamla skattakerfið. Þær tölur, sem ég hef hér lesið sem niðurstöður Framkvæmdastofnunar ríkisins, benda til þess, að tekjuöflunin sé mjög álíka samkv. frv., eins og það nú er, eins og þær mundu hafa orðið eftir gamla kerfinu á árinu 1972, sem sé röskir 4 milljarðar kr. í báðum tilfellunum að óbreyttum verkefnum. En heimildirnar þó þar að auki þannig, að nokkur hundruð millj. standa út af og einkanlega gæti það orðið aðeins meira, þegar búið væri að framreikna fasteignaskattinn fram til ársloka 1971.

Ég vil svo aðeins að síðustu láta það í ljós, að mér þætti mjög vænt um það, ef hv. n., sem nú tekur við málinu, gæti starfað á morgun og helzt lokið sínu starfi sem fyrst, svo að ekki þyrfti að verða töf á afgreiðslu málsins.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en í fyrri ræðu minni að hefja hér almennar umr. um þessi skattafrv. í heild sinni, en vík beint að því máli, sem ég gerði einkum að umtalsefni hér fyrr í dag, fasteignasköttunum. Ég beindi örfáum spurningum til hæstv. ráðh. varðandi álagningu fasteignaskattanna, og hvernig þeir hygðust notfæra sér þau fasteignamöt, sem nú lægju fyrir, þegar ljóst væri, að lögin, sem í gildi eru um fasteignamat og skráningu, eru allsendis ófullnægjandi og engin stofnun, engin aðstaða, enginn mannskapur er fyrir hendi til þess að veita þær upplýsingar, sem að því er virðist er gert ráð fyrir samkv. þessu frv. Ég reyndi að vekja athygli á því ófremdarástandi, því öngþveiti, sem ríkir nú, eftir að aðalmatinu lauk, og það tók gildi í ársbyrjun 1970, með tilliti til þess, að þá þegar voru ýmsar eignir vanmetnar. Frá því að þetta mat var tekið í gildi, hafa að sjálfsögðu ýmsar byggingar risið. Þær eru sömuleiðis vanmetnar og sumar jafnvel ómetnar. Þess vegna var spurning mín tvíþætt. Ráðh. svaraði henni eingöngu að öðru leyti, þ. e. hann staðfesti, að verðlag yrði fært til dagsins í dag eða til ársloka 1971 á hinu nýja fasteignamati, en hann gerði hins vegar ekki grein fyrir því, hvernig ríkisstj. ætlaði að leysa úr því augljósa vandamáli, sem fyrir lægi hvað snertir þessar vanmetnu eða ómetnu eignir, sem skipta mjög verulegum fjölda nú þegar. Ég spurðist fyrir um það, hvernig ríkisstj. hygðist grípa á þessu vandamáli, hvort hún hefði nú á prjónunum ráðagerðir um að leggja fram frv. um fasteignamat og fasteignaskráningu, um nýja stofnun, en ég fékk ekki svar við þessum spurningum mínum.

Ráðh. gerði tilraun til að snúa út úr þeim ummælum mínum varðandi 3. mgr. 3. gr. varðandi heimild sveitarstjórna til að innheimta álag á fasteignasköttum, ef eins og í bráðabirgðaákvæði segir, í ljós kemur, að framlög eða tekjuöflun sveitarfélaga reynist ekki næg, eins og gert er ráð fyrir í þessum frv. Ég vildi meina, að þarna væri komin fram viðurkenning ríkisstj. á því, að sá möguleiki mundi geta komið upp, að þessi tekjustofnafrv. og þessar till. reyndust ekki nægilegar fyrir sveitarfélögin og þá væri gripið til þess ráðs að heimila frekari álagningu og síðan frekara framlag frá rn., en þó ekki fyrr en álagningin samkv. 3. mgr. 3. gr. væri nýtt að fullu. Mín hugsun og mín orð voru þau, að það ætti ekki að gera kröfu til þessarar nýtingar á álagsheimildinni í 3. mgr. 3. gr., ætti ekki að gera kröfu til þess, áður en til aukaframlags kæmi af hálfu félmrn., vegna þess að ég tel það óeðlilegan og ranglátan skatt, fasteignaskattinn, og þá sérstaklega með tilliti til þess, hvað hann kemur niður á hinum dreifða fjölda, á öllum almenningi.

Ég segi þetta líka vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að fasteignasköttum á að vera mjög í hóf stillt. Þeir eiga að vera í algeru lágmarki og á jafnvel að leggja þá alveg niður, þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði til eigin afnota af ákveðinni lágmarksstærð með tilliti til fjölskyldustærðar. Ráðh. vék nokkuð að þessum sjónarmiðum og taldi, að það væru ekki aðrir möguleikar til en að leggja skatta á eignir og tekjur manna í þessu þjóðfélagi eins og öðrum, og undir það „prinsip"-sjónarmið má að sjálfsögðu taka. En því er haldið fram, bæði af stjórnarsinnum og öðrum, að það eigi ekki að leggja skatta á lágmarksþarfir borgaranna. Það eigi ekki að leggja skatta á þær tekjur, sem eru nauðsynlegar til lífsviðurværis og lágmarkskrafna. Á sama hátt hef ég þá skoðun, að eigin íbúðarhúsnæði sé það mikið takmark í sjálfu sér, að það eigi að vera eitt af keppikeflum þjóðfélagsins að koma því svo fyrir, að allir einstaklingar eigi sínar eigin íbúðir, að ég tel það til þessara lágmarksþarfa, tel það vera einn af hornsteinum lífsviðurværis hvers og eins. Þess vegna tel ég það vera æskilegt markmið í framtíðinni, að hægt sé að losa sig við almenna fasteignaskatta á íbúðum til eigin afnota af ákveðinni lágmarksstærð.

Ég veit ekki, hvort ég á að tefja þessar umr. frekar með að tíunda það, hversu augljós vandkvæði og öngþveiti er komið á varðandi fasteignamötin og álagningu fasteignaskatta. En ég vil vekja athygli á því, að samkv. lögum er gert ráð fyrir því, að hægt sé að byggja á mati, sem á nú þegar að vera fyrir hendi, og enn fremur mati, sem á að framkvæmast í náinni framtíð. Það er engin aðstaða til þess að framkvæma þessa hluti nú þegar í dag, ekki einu sinni gefa almennar upplýsingar, hvað þá að halda þessu mati áfram í eðlilegu horfi. Og því hef ég lagt á það mikla áherzlu, að þessi mál yrðu gripin föstum tökum, ef ríkisstj. hyggst láta á það reyna, að tekjuskattar séu innheimtir og vill að sveitarfélögin hafi af því raunverulegan hag að nota þennan skatt sem tekjustofn á þessu ári og í framtíðinni. Mín skoðun liggur ljóst fyrir varðandi fasteignir og fasteignaskatta.

Ég segi hér aftur: Fólk greiðir skatta af sínum almennu tekjum í þjóðfélaginu. Það fær lán og greiðir sín lán með vísitöluálagi, þegar það ræðst í fasteignakaup eða byggingar. Það greiðir almenn gjöld til sveitarfélaga og ríkis, gatnagerðargjöld, skipulagsgjöld, lóðagjöld. Og það greiðir jafnvel lóðaleigugjöld til sveitarfélaga. Svo á í þokkabót ofan á þetta allt saman að leggja mun hærri og erfiðari fasteignaskatta á þetta sama fólk, sem er náttúrlega, eins og sjá má, löngu búið að borga eðlilega skatta og sinn hlut til ríkisins af þessum tilraunum sínum til þess að koma sér upp eigin húsnæði.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Það er nú í fyrsta lagi það, sem ég vil leiðrétta hjá hæstv. félmrh., að því hafi verið haldið fram hér, að þetta frv. væri skattþíningarfrv. af fyrstu gráðu, en samt ófullnægjandi fyrir sveitarfélögin. Ég hef ekki haldið því fram og ég held enginn, að þetta frv. væri eitthvert skattþíningarfrv. En þegar við höfum verið að bera saman breytinguna á skattbyrðinni frá því, sem var 1971, og til þess, sem verður nú 1972, þá höfum við rætt um bæði frv., bæði tekjustofnafrv. og frv. um tekju- og eignarskatt, og það er þá, sem þetta kemur í ljós, en ekki sérstaklega, að útsvör séu að hækka eftir þessu frv., og þá jafnframt að þetta sé ófullnægjandi fyrir sveitarfélögin. Hvernig sé svo hægt að koma þessu saman? Það held ég, að hafi nú verið nokkuð rökstutt. Það, hvernig sé hægt að segja, að þetta frv. sé ófullnægjandi fyrir sveitarfélögin, þegar sýnt hefur verið fram á, að tekjuöflun þeirra verði nánast sú sama og hún var 1971. Það er vegna þess, eins og ég held að hafi verið tekið fram, að það hefur verið breytt um kerfi, það hefur verið kollvarpað því kerfi, sem hefur þróazt gegnum árin, og það hefur ekki verið athugað, hvernig þetta nýja kerfi kemur út fyrir hin einstöku sveitarfélög.

Ég var að opna hér bréf, sem mér barst rétt áðan, og ég býst við, að hafi verið sent öðrum alþm. Það er frá bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum. Við höfum áður fengið bréf frá honum, þar sem hann sýnir fram á, hvernig bæjarsjóður Vestmannaeyja fer út úr þessum breytingum. Nú hefur hann kannað, hvaða áhrif breytingarnar, sem gerðar hafa verið frá upphaflegu frv., hafa á bæjarsjóð, og hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Í áætluninni kemur fram, að tekjumöguleikar bæjarsjóðs minnka um liðlega 10 millj. kr. þrátt fyrir áhrif umræddra brtt., og er þá reiknað með að nýta tekjumöguleika laganna til hins ýtrasta gagnstætt því, sem gert hefur verið undanfarin ár."

Og svo er því enn haldið fram hér í hv. þd., að það séu nánast engin sveitarfélög, sem fari illa út úr þessum breytingum. (**Gripið fram í:** Eru nefskattar reiknaðir?) Já, að sjálfsögðu. Það er hér ítarlega rakið, hver áhrifin verða. Breytingin t. d. við það, að nú er heimilt að innheimta aðstöðugjöld 65% frá í fyrra, hækkar tekjur bæjarsjóðs um 4 millj. 250 þús., en lækkun t. d. útsvara vegna persónufrádráttarins og þeirra breytinga, sem þar verða, er 15 millj. 280 þús., en hækkun útsvara í 10% af öllum tekjum eru rúmar 11 millj. Mismunurinn verður þarna 4.8 millj., en þrátt fyrir það er heildartap bæjarsjóðs á breytingum tekjustofnalaganna 10 millj. 349 þús. Svo segja menn, að ekkert sveitarfélag eigi að fara illa út úr þessum breytingum.

Varðandi skattbyrðina, þá held ég, að sé nú bezt, úr því sem komið er, að fara að ráðum hæstv. ráðh. og bíða þar þangað til í vor. Ég sé, að það er alveg tilgangslaust að ræða lengur um það, hvernig á að finna þennan mismun. A. m. k. er málið útrætt af minni hálfu.

Það er vafalaust rétt hjá hæstv. ráðh., að það sé stuðningur fyrir stjórnina, að við stjórnarandstæðingar séum að mála hér skrattann á vegginn. Sennilega eru þetta bara klókindi hjá stjórninni að haga sínum málflutningi eins og þeir gera og reyna að koma okkur til, þannig að fólki finnist þetta ekki svo voðalegt, þegar þetta kemur í vor. Kannske eru þetta klókindi hjá stjórninni.

Hæstv. ráðh. sagði, að till. sjálfstæðismanna, sem lagðar voru fram í Ed., væru áreiðanlega ekki til þess að bæta frv. í heild. Þessu leyfi ég mér nú að mótmæla, en ég ætla ekki að tefja tímann með því að ræða þær till. hér. Við fáum tækifæri, sjálfstæðismenn, til þess að flytja brtt. hér í hv. Nd. og þá sjáum við, hvernig verður tekið í þær.

Varðandi sambandið við sveitarstjórnarsamtökin, þá stendur það óhaggað, sem ég sagði, að það var ekkert samband haft við Samband ísl. sveitarfélaga. Því var ekki gefinn kostur á að eiga aðild að samningu frv. Hins vegar er það alveg rétt, að það var einn maður úr fulltrúaráði sambandsins í nefndinni, en það er bara allt annað mál, – ágætur maður vissulega. Hæstv. ráðh. sagðist vera sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að aðstaða sveitarfélaganna verði mjög misjöfn, og þannig hlyti hún að verða, eins og hún hafi alltaf verið. Ég held, að ég sé búinn að koma að þessum þætti, að aðstaðan verði ákaflega misjöfn og fjöldi sveitarfélaga verður fyrir verulegri tekjuskerðingu, og ég hef nefnt hér dæmið um Vestmannaeyjar. Það má nefna mörg fleiri dæmi, en hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði mátt til sanns vegar færa miðað við upphaflegt frv., en núna væri úr þessu bætt, þessu hefði verið kippt í lag. Þetta hefur alls ekki verið sannað fyrir mér, og ég óska eindregið eftir því, að það verði lagðir fram útreikningar, sem sýna það, hverjar verði útsvarstekjur hinna einstöku sveitarfélaga eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv.

Mér þykir vænt um að heyra þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að það verði litið á það, áreiðanlega litið á það að endurskoða verkefnaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga, sem ég lagði nokkra áherzlu á í ræðu minni í dag, og fyrir það vil ég þakka. En ég legg hins vegar áherzlu á það, að þetta hefði átt að gera fyrr, áður en tekjustofnalögunum er gerbreytt, eins og hér er gert.

Ég held, að það séu ekki fleiri atriði, sem mér sýnist ástæða til að nefna, en vek aðeins athygli á því, að fáu eða engu af því, sem ég spurðist fyrir um í dag, hefur verið svarað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins hér örfá atriði, sem ég vildi gera stutta aths. við, áður en mál þetta fer í n. Ég spurðist fyrir um það hjá hæstv. félmrh., hvernig hann liti á ákvæði frv. varðandi útsvarsskyldu, t. d. af tekjum barna, sem væru undir 16 ára aldri, útsvarsskyldu af tekjum, sem raunar eru ekki tekjur, en eru fram taldar teknamegin, greiðslur fyrir bifreiðir og síma og slíkt, og vaxtatekjur, sem eru sambærilegar við

vaxtagjöld. Hæstv. ráðh. virtist ekki hafa skilið þessa spurningu mína nægilega vel. Ég tel mig hafa lesið 23. gr. frv. rækilega og komizt að raun um það, að í henni sé ekkert að finna, sem hægt sé að fóta sig á í þessu efni annað en það, að t. d. tekjur barna, sem eru á framfæri foreldra og eru innan 16 ára, séu útsvarsskyldar um 10%. – Nú vinna t. d. tvö börn, 13 og 15 ára, fyrir um 70 þús. kr. tekjum, sem taldar eru fram teknamegin á framtali foreldra. Þá eru foreldrar útsvarsskyldir um 7 þús. kr. fyrir þessar tekjur umræddra barna. Þannig skil ég 23. gr. Ég skil hana einnig þannig, að greiðslur fyrir síma og fyrir bifreið, sem eru raunar greiðslur fyrir útlagðan kostnað, þessar greiðslur, sem eru taldar teknamegin á framtali, séu útsvarsskyldar um 10%, þannig að ef einhver maður fær 10 þús. kr. bílastyrk, þá fái hann 1000 kr. útsvar vegna þessa. Eins skil ég þetta þannig, að nú á maður skuldabréf, vegna þess að hann hefur selt húseign sína upp á 500 þús. kr. og fær af því 10% vexti, 50 þús. kr. í vexti. Ef hann hefur selt sína eign og er fluttur í aðra íbúð og skuldar þar 500 þús. kr. í þeirri íbúð og borgar 50 þús. kr. í vexti vegna þeirrar íbúðar, þá fær hann 5 þús. kr. í útsvar af þessu einu saman, að hann er ekki í upphaflega húsinu. Hann hefur selt það og á skuldabréf upp á 500 þús. kr. og hefur af því 50 þús. kr. vaxtatekjur, en greiðir síðan 50 þús. kr. í vaxtagjöld vegna síðara húsnæðisins. Þetta eru hlutir, sem ég vildi í allri vinsemd benda hv. heilbr.- og félmn. Nd. á að kanna, hvort eru réttir og hvort hægt er að finna lausn á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 448, 450 og 451, 452, 453).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. beggja d. ræddu sameiginlega um þetta mál, sem hér liggur nú fyrir, og tók n. hv. Nd. þátt í þeim störfum alveg fram að því, að n. í hv. Ed. klofnaði. En heilbr.- og félmn. Nd. varð sammála um, eftir að málið kom til hennar, að flytja nokkrar brtt., og er það í fullu samráði við hæstv. félmrh. Hér er ekki um neinar efnisbreytingar í raun og veru að ræða. Það er þó við 10. gr., að orðin „og sparisjóðir" falli niður. Þar var gert ráð fyrir, að lagt væri landsútsvar á banka og sparisjóði, en orðin „og sparisjóðir" falla niður. Og í 26. gr., eins og hún kom frá hv. Ed., er dálítið ósamræmi. Eins og gr. var þar, er hún svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Útsvar samkv. 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 þús. kr. og útsvar einstaklinga um 5 þús. kr. Fyrir hvert barn 16 ára eða yngra, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára" o. s. frv.

Það er þetta atriði, að orðalagið: „fyrir hvert barn 16 ára eða yngra", í 2. málsl., það breytist og verði í samræmi við hitt, enda eru 16 ára börn að jafnaði, eða eftir lögum, sérstakir framteljendur.

3. brtt. er svo sú, að eins og þetta var í 36. gr., var vísað í lögin frá 1964, í þann kafla um aðstöðugjöldin, en heilbr.- og félmn. varð sammála um það að taka heldur kaflann inn eins og hann var, með þeim breytingum þó, sem var búið að gera og felast í 36. gr. laganna. En þar sem ekki er um neina efnisbreytingu að ræða, þá ræði ég ekki það frekar. Þetta, eins og ég sagði áðan, er sameiginleg till. allrar n.

Að öðru leyti, eins og sést hér á þskj., skiluðu bæði 1. og 2. minni hl. sérstökum nál. Og 1. minni hl., fulltrúi Alþfl. í n., hv. 7. þm. Reykv., kemur hér með nokkrar till., en 2. minni hl. leggur til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og er það í samræmi við þann tillögutilbúning, sem var hafður í Ed.

Áður en ég ræði þetta frekar, langar mig til þess aðeins að athuga till. hæstv. 7. þm. Reykv., þar sem hann leggur til, að frá tekjum gjaldanda skuli draga, áður en útsvar er lagt á:

a. 50% af launatekjum giftrar konu samkv. reglum 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68 frá 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Við 1. umr. ræddi hv. þm. um þetta atriði og taldi, að stjórnarflokkarnir færu mjög illa með giftar konur með þessu nýja ákvæði, að þær mættu ekki draga frá, áður en lagt er á útsvar. En með gildandi lögum er ákveðið, að draga megi frá 50% af tekjum, áður en útsvar er lagt á. Ég vona, að hv. þm. og ég getum verið sammála um það, að í flestum – ég segi ekki öllum, en í flestum – tilvikum komi tekjur eiginkonu á hæsta álagningarskala, eins og lögin hafa verið, ef eiginmaður er í nokkurn veginn eða alveg fullri vinnu, í fullan álagningarskala, allt upp í 30%. Við skulum segja, að eiginmaðurinn hafi 400 þús. kr. tekjur, en konan 200. Eftir þeim álagningarreglum, sem gilda, mundi aðeins vera lagt á 100 þús. af tekjum þessarar konu, en hún fengi 30 þús. kr. útsvar á þessar 100 þús. kr., ef tekjuupphæð hjónanna er þetta há, sem ég tiltek. En miðað við þær reglur, sem við leggjum til, þá geta það þó aldrei orðið nema 11%, þó að full álagningarheimild sé notuð, þessi kona gæti ekki fengið nema 22 þús. á sínar tekjur. Þannig leikum við þessa konu.

Ég er hér með útreikninga, sem eru gerðir af kunnáttumönnum. Hv. þm. kom hér með útreikninga, sem hann sagði, að hefðu verið gerðir af kunnáttumönnum, og ég efast ekkert um það. En hér er ég einnig með slíka útreikninga. Og það kemur í ljós, að þó að allt sé tekið inn í dæmið, þ. e. a. s. fullur frádráttur á útsvari, og þarna eru tekin dæmi alveg af ákveðnum hjónum, tekjur eiginmanns í öðru tilfellinu eru miðaðar við 140 þús. og eiginkonunnar 190 þús. Miðað við það, að þau búi í íbúð, sem er metin á 1 millj. 429 þús., þá mundi lækkun verða um 7 600 kr. á þessum hjónum. Þessi hjón eru með tvö börn. Ég get lánað hv. þm. þennan útreikning, ef hann bara vill.

Þegar ég var að fá þetta, þá kom inn á skrifstofuna til þessa manns einn af forustumönnum Sjálfstfl. hér í Reykjavík. Hann kom með Morgunblaðið með sér til þess að láta þennan endurskoðanda reikna út skattana sína miðað við þau laun, sem hann hefur. Og hann var með tölu í Morgunblaðinu, sem einmitt passaði fyrir

hann. Ég var svo lánsamur að vera þarna í næsta herbergi og heyrði, hvað fór fram. Og þessi maður var nú ekki tekjulágur. En miðað við niðurstöðu þessa endurskoðanda reiknaði Morgunblaðið honum rúmlega 100 þús. kr. meira í heildartekjur heldur en þessi endurskoðandi taldi, að hann mundi fá í alla skatta, þannig að það eru nú ýmsir útreikningar, sem eru harla einkennilegir.

Hér er ég með annað dæmi, sem ég get líka lofað hv. þm. að skoða, reiknað af þessum kunnáttumanni. Það eru hjón með tvö börn, eiginmaðurinn hefur 400 þús. og eiginkonan 100 þús. kr. Niðurstaða hans er sú, að miðað við þau frv., sem nú eru til afgreiðslu hér, og miðað við gildandi lög mundu þessi hjón fá um 12 700 kr. lægri skatta. (**PS**: Ellilífeyrisþegar?) Einhver var að tala um ellilífeyrisþega, – það er víst hv. þm. Pétur Sigurðsson. Og ein af þeim till., sem hv. 7. þm. Reykv. er með hér, er í sambandi við það, að á bætur frá tryggingunum, ellilífeyri, séu undantekningarlaust ekki lagðir skattar. En ég vil spyrja þennan hv. þm. og aðra hv. þm. hér, hvort það sé réttlæti, að menn, sem hafa kannske allt upp í millj. kr. laun, en til munu vera þeir menn, sem það hafa og ellilaun, þurfi ekki að borga skatt af þessum ellilífeyri. Er það réttlæti? Er það í samræmi við aðra skattlagningu? Ég er alveg sammála hv. þm. að því leyti, að það eigi hver og einn, án tillits til aldurs, að borga skatt miðað við þær tekjur, sem hann hefur, en að gamla fólkið eigi algerlega, hvað háar tekjur sem það hefur, að hafa slík fríðindi, það get ég ekki samþykkt.

Annars er dálítið merkilegur málatilbúnaður í sambandi við þessi mál hér á hv. Alþ. Við erum skammaðir fyrir, hvað þetta gangi hægt, þessi frv. séu búin að vera mjög lengi hér í þinginu. Þegar þetta frv. var til 1. umr. í hv. Ed., þá sagði varaformaður Sjálfstfl., að hann teldi, að þetta frv. mundi aldrei verða afgreitt fyrir lok febrúarmánaðar. Það er nú að vísu komið fram yfir 10. marz, en þetta var hans álit á fyrsta stigi þessa máls, að það yrði aldrei fyrr. En nú eru aftur á móti ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar mjög átaldir fyrir seinagang í þessu máli. Þannig heyrist nú svona sitt á hvað úr þessum herbúðum. (Gripið fram í.) Annars er það eiginlega merkilegt, að hér við 1. umr. þessa máls talaði einn hv. þm. um það, að engin stefnumörkun væri í þessum frv. Þau stefndu sem sagt ekki að neinu sérstöku marki. En ef maður fer svo að athuga aftur á móti Morgunblaðið, þar sem verið er að segja frá ræðu fyrrv. fjmrh., þá leynir sér ekki, að hann álítur, að um stefnumörkun sé að ræða, og það mikið breytta, því að hann segir, með leyfi hæstv. forseta, að þetta muni hafa aukna skattbyrði í för með sér, og það sé ljóst, að það dragi úr eignamynduninni. Enda segir hann á öðrum stað í þessari ræðu, að Sjálfstfl. hafi lagt það til, að lagt yrði á með óbeinum sköttum það sem þurfi að leggja á. En hvað þýðir þetta? Það þýðir, að í raun og veru er kjarni málsins sá, að stjórnarandstaðan vill að það séu einmitt þeir tekjuminni, sem verði að axla stærri hluta þessara byrða en stefnt var að með þessum frv., byrða, sem óhjákvæmilegar eru og við hljótum að vera sammála um, að þurfi á að leggja til að fá tekjur í ríkissjóð á móti útgjöldum. Það er í raun og veru það, sem okkur greinir á um.

Annars segir fyrrv. fjmrh. einnig í sinni ræðu, með leyfi forseta, að hann undirstriki það sérstaklega í sambandi við tekjuþörf ríkissjóðs, að sjálfstæðismenn beri ekki ábyrgð á 5.5 milljarða hækkun fjárlaga. Við skulum nú athuga þessa hækkun fjárlaga. Ég skal ekkert segja um það, hverju Sjálfstfl. vill í raun og veru bera ábyrgð á, en það væri kannske hægt að athuga, hvernig á þessum hækkunum stendur. Hækkanirnar eru þessar: Samkv. samningum við opinbera starfsmenn, miðað við fjárlög 1971, er hækkunin 963.5 millj. Framlög til tryggingganna samkv. frv., sem fyrrv. ríkisstj. stóð að að samþykkja, eru 573 millj. og markaðir tekjustofnar samkv. lögum fyrrv. ríkisstj. eru 620 millj., eða samtals 2 milljarðar 156 millj. Tilflutningurinn á milli, frá sveitarfélögunum til ríkissjóðs, er tæpar 1 300 millj. Ég man ekki betur en stjórnarandstaðan greiddi atkvæði með hækkun tryggginganna á síðastliðnu ári. Það er því ekki mikið eftir af þeirri hækkun, sem varð, sem sjálfstæðismenn hafa ekki beint og óbeint haft áhrif á eða stjórnarandstaðan í heild. Svona er nú málflutningurinn, og það getur vel verið, að einhverjum, sem les Morgunblaðið, þyki þetta góður málflutningur og sannleikanum samkvæmur, en það væri mjög æskilegt, að Morgunblaðið vildi birta það, hvernig þessar hækkanir hafa orðið til.

Eitt af því, sem rætt hefur verið um og deilt um, er, hvaða skattvísitala ætti að gilda, hver hún væri í raun og veru, við hvað ætti að miða, svo að það væri réttlátt gagnvart þeim, sem eiga að borga skatta, gagnvart almenningi í landinu. Og hv. stjórnarandstaðan hefur sagt, að hún ætti að fylgja í raun og veru kauphækkuninni, en ekki framfærsluvísitölunni. Þetta er alveg ný speki hjá þeim, miðað við a. m. k. þeirra vinnubrögð og viðhorf á undanförnum árum. Hvað hefur komið yfir mennina? Þeir, hv. stjórnarandstæðingar, fóru ekki einu sinni eftir því fyrr á árum, að skattvísitalan væri sú sama og framfærsluvísitalan eða hækkaði hlutfallslega miðað við hana. Nú á aftur á móti að fara eftir því, hver tekjuaukinn hefur orðið í þjóðfélaginu á þessu síðastliðna ári.

Við fyrri umr. þessa máls held ég það hafi verið hv. 9. landsk. þm., sem ræddi um fasteignaskattana og taldi, að þessi gjaldstofn væri ekki í því lagi, að það væri í raun og veru hægt að nota hann sem gjaldstofn öðruvísi en þetta væri allt endurskoðað, og hann deildi ekkert lítið á fyrrv. fjmrh. og fyrrv. ríkisstj. með þessari ræðu sinni. En sannleikurinn er sá, að Fasteignamatið hefur verið og er að vinna að þessum málum, hefur gert það alla tíð. Og það er alveg rétt, ef það er það, sem hann átti við, að allt millimatið utan af landsbyggðinni er ekki komið inn á spjöldin, en það kemur bara aldrei fyrr en nokkuð löngu seinna, því að þetta er nokkuð lengi að koma inn. (Gripið fram í.) Millimatið? Það er verið að vinna í því. Ég hafði samband við Fasteignamatið síðast í morgun og þeir sögðu mér þar, að það hefði verið í fullum gangi allan þennan tíma. Það er líka misskilningur hjá hv. ræðumanni, að matið hafi tekið gildi í árslok 1970 eins og hann sagði, það var núna um síðustu áramót, sem það tók gildi. Það var lögfest á síðastliðnu sumri og var þá miðað við, að það kæmi til framkvæmda 1. ágúst, en það tók ekki gildi fyrr en nú um síðustu áramót og ég held, að alveg sé ástæðulaust að álíta, að fasteignamatið sé ekki í því góða lagi, sem var a. m. k. 1970. Það hefur skánað síðan, miðað við

þær upplýsingar, sem ég hef fengið, og þess vegna er engin ástæða til þess að óttast þennan tekjustofn.

Ég hef ýmsa útreikninga í sambandi við skattana og ætla nú ekki að fara að lesa þá upp að þessu sinni, enda held ég, að það verði bezt að bíða og sjá til, hvernig skattseðlarnir líta út á næsta sumri. En auðvitað hljóta þær að verða fleiri krónurnar, sem hver og einn þarf að borga nú, vegna þess að það er enginn vafi á því, að tekjur manna hækka og það töluvert meira en gert er hér ráð fyrir, a. m. k. miðað við þær upplýsingar, sem ég hef fengið. Ég tel ástæðulaust að óttast það, að sveitarfélögin fái ekki, a. m. k. flest, það sem þau þurfa. Það er fyrst og fremst vegna þess, að tekjurnar eru miklu meiri, og miðað við hverja eina prósentu, sem tekjurnar hækka, þá mun það gefa um það bil rúmar 30 millj. kr. í heild.

Ég spurði tvo endurskoðendur að því, sem telja fram fyrir stóran hóp manna hér í Reykjavík, hvað þeir álitu um tekjuauka manna. Að vísu er ekki hægt að taka mið af þessu, því að búast má við því, að þeir, sem koma til slíkra manna, séu þeir, sem hafa yfirleitt töluvert háar tekjur, a. m. k. miðað við allan almenning. En það hefur komið í ljós, að tekjuauki þessa hóps hefur orðið miklu meiri en 21%.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða miklu meira um þetta mál. Ýmsu mun sjálfsagt vera ábótavant í þessum frv., og það mun koma í ljós, þegar verður farið að leggja á eftir þeim, að þau þurfa breytinga við, enda er stefnt að því og því yfir lýst, að haldið verði áfram að endurskoða bæði þessi lög, sem við fjöllum um, og eins lögin um tekju- og eignarskatt, en ég er líka sannfærður um það, að það væri sama, hvað lengi við hefðum verið að fjalla um þessi mál, það hefði komið í ljós, að einhverjir hnökrar mundu reynast á þeim. En ég er alveg viss um, að heildarstefnan er alveg rétt, þessi stefna, sem felst ekki einungis í þessum frv., heldur í því að breyta tryggingakerfinu, að tryggja þeim, sem hafa ekki aðrar tekjur en eingöngu elli- og örorkulífeyri og slíkar greiðslur, að tryggja þeim mun meira en áður var. Þetta verður auðvitað ekki gert með öðru móti en taka peningana einhvers staðar annars staðar. Við getum auðvitað deilt um það, hvernig á að taka þessa peninga, en ég er sannfærður um, að það er rétt stefna, sem hér er farin, að þeir, sem betur mega sín í þjóðfélaginu, þeir eignameiri og þeir tekjumeiri, taki hlutfallslega meira á sínar herðar en hefur verið á undanförnum árum.

Í sambandi við aðstöðugjaldið er það mín skoðun, að það sé gjaldstofn, sem eigi að hverfa, og það er eiginlega dálítið fróðlegt að athuga það, sem í Morgunblaðinu er haft eftir fyrrv. fjmrh. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Alþm. vék síðan að því, að jafnvel ekki á erfiðleikaárunum hefði skattbyrðin á Íslandi verið ákaflega há, miðað við þjóðartekjur og nálæg lönd, og mun lægri en í ýmsum löndum, þar sem ætla mætti, að skattar væru lægri. Hann gat þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hefði farið fram hlutlaus athugun á skattkerfinu, sem sérfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefðu annazt, og hefði þeim verið ætlað að kanna, hvernig skattheimtunni væri hér háttað og hvort skattbyrðin væri hér óeðlilega þung. Þeir hefðu ekki talið skattheimtuna óeðlilega, en hins vegar bent á ýmis atriði, eins og aðstöðugjöldin, jafnframt því sem þeir töldu fasteignaskattana óeðlilega lága, og sagði þm., að það væri í samræmi við skoðun ýmissa innlendra sérfræðinga í efnahagsmálum. Sjálfur kvaðst þm. hafa verið því andvígur, að gengið yrði í hækkun fasteignaskatta, og hefði Sjálfstfl. það sem stefnumark."

Þá veit maður þetta. Þetta stendur hér á síðum Morgunblaðsins og er haft eftir fyrrv. fjmrh., en þetta er nefnilega það, sem okkur greinir á um.

Ég vona, að það markmið, sem ríkisstj. hefur sett sér og stuðningsflokkar hennar, að hægt verði að lögfesta þetta frv. og þessi frv. fyrir næstu helgi, geti staðizt, og til þess að tefja ekki tímann ætla ég að láta staðar numið í bili.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við 1. umr. málsins ræddi ég frv. almennt. Við þessa 2. umr. mun ég aðeins ræða eitt atriði, þ. e. brtt., sem ég flyt af hálfu Alþfl. varðandi skattamál hjóna, og geri ég það einnig að gefnu tilefni frá frsm. hv. meiri hl. n. Brtt. okkar Alþfl.-manna er um það, að sú heimild, sem verið hefur í lögum allar götur frá 1957, um rétt til þess að draga helming frá þeim tekjum eiginkonu, sem hún aflar utan heimilis, sá réttur haldist. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessum rétti er haldið eingöngu í tekjuskattslögunum, en á að fella hann niður í útsvarslögunum, og þarf ekki að fjölyrða um það, að við þetta munu heildarskattgreiðslur giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, aukast. Skattbyrði giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, mun þyngjast og það mun án efa draga úr tilhneigingu giftra kvenna til þess að afla sér tekna utan heimilis. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vinnuafl giftra kvenna, einkum og sér í lagi í þágu sjávarútvegs, hefur verið mjög mikilvægt og það væri að því þjóðarskaði, ef konur hættu að hafa áhuga á því að láta vinnuafl sitt í té í þágu íslenzkra atvinnuvega, ekki þá sízt sjávarútvegsins, þar sem nú er beinlínis skortur á vinnuafli.

Þessi heimild til helmingsfrádráttar við skattgreiðslu af tekjum giftrar konu var lögtekin af ríkisstjórn Hermanns Jónassonar, ef ég man rétt, árið 1957. Ég átti sæti í þeirri stjórn og ég taldi þá þessa lausn á skattamálum hjóna ekki vera fullnægjandi. Ég hef allar götur síðan verið þeirrar skoðunar, að hún sé ekki fullnægjandi lausn á því vandamáli, sem þarna er um að ræða. Vandamálið, sem rétt var að ráðast gegn 1957, var alveg augljóst. Fram til þess tíma höfðu tekjur, sem gift kona aflaði utan heimilis, verið lagðar við tekjur eiginmannsins, þannig að heildartekjur heimilisins fluttust gjarnan í hærri skattstiga en ef eiginmaðurinn einn hefði aflað teknanna. M. ö. o., það var munur á því, að eiginmaðurinn jók tekjur sínar, og hinu, að tekjur heimilisins jukust vegna þess að eiginkonan tók að vinna utan heimilisins. Þetta var alveg augljóst misrétti. Með þessu móti var greiddur miklu hærri hundraðshluti af tekjum giftrar konu, sem vann utan heimilis, en af tekjum konu, sem vann sama starf, en var ekki gift. Hjón, sem bjuggu saman án þess að vera gift, greiddu mun lægri skatta en gift hjón, sem unnu nákvæmlega sams konar störf og ógiftu hjónin. Þetta var svo augljóst ranglæti, það hafði lengi verið svo augljóst ranglæti, að úr þessu var reynt að bæta með þeim ákvæðum, sem ríkisstjórn Hermanns Jónassonar lögtók og hafa verið í gildi allar götur síðan, bæði að því er snertir tekjuskatt

og útsvar. Nú er hins vegar ætlunin að fella þetta niður að því er útsvarsgreiðsluna snertir, svo að gamla ranglætið kemur upp aftur. Gagnvart sveitarfélögum verður áberandi munur á því, hve há gjöld kona, sem er gift, verður að greiða af tekjum sínum og hins vegar hvað ógift kona, sem e. t. v. býr með manni, rekur sameiginlega heimili með manni og vinnur nákvæmlega sama starf og gifta konan, greiðir, þ. e. a. s. annað og lægra útsvar. Að því er útsvörin snertir er því ranglætið frá því fyrir 1957 vakið upp aftur, og þetta ber auðvitað að harma. Að sjálfsögðu skil ég ástæðuna fyrir því, að ríkisstj. telur sig nauðbeygða til að gera þetta. Hún er auðvitað sú, að það er horfið frá því að innheimta útsvör sem nettóskatta og þarf að innheimta þá sem bráttóskatta, svo að það skapast við það tækniörðugleikar á því að halda frádrætti, eins og þeim, sem hérna er um að ræða. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að ég tel, að ekki hefði átt að hraða endurskoðun skattalaganna jafnmikið og gert hefur verið, heldur athuga allt málið miklu betur til næsta hausts, og er það ein af röksemdunum fyrir því, að við í Alþfl. leggjum til, að málinu verði vísað í heild til ríkisstj.

En ég sagði áðan, að strax 1957 og allar götur síðan hefi ég verið þeirrar skoðunar, og það er skoðun Alþfl., að sú lausn, sem þá var fundin, hafi vissulega verið mikil bót frá því, sem áður hafði verið, þó að hún sé ekki fullnægjandi. Af hverju teljum við hana ekki fullnægjandi? Hvað er enn ranglátt í kerfinu, þó að giftri konu sé leyft að draga frá helming tekna sinna við álagningu tekjuskatts, að ég nú ekki tali um, þegar ekkert má draga frá, eins og vera á gagnvart útsvarsgreiðslu? Ranglætið, sem helzt, sem er óleyst, ranglætið, sem ekki er bætt úr, er það, að starf giftra kvenna á heimili er vanmetið. Sú kona ein nýtur skattfríðinda og naut útsvarsfríðinda, sem vinnur utan heimilisins, en sú kona, sem vinnur á heimili og stuðlar auðvitað með því að tekjuöflun mannsins, nýtur engra skatthlunninda. Hér er um að ræða vandamál, að vísu mjög flókið vandamál, sem alveg nauðsynlegt er að finna einhverja bót á. Við þm. Alþfl. höfum sett fram þá hugmynd, að það verði athugað að gera allar konur að sjálfstæðum skattþegnum, ekki aðeins þær, sem vinna utan heimilis, heldur einnig þá giftu konu, sem vinnur á heimilinu. En þá þarf auðvitað að ætla henni einhvern tiltekinn hluta af tekjum heimilisins, tekjum eiginmannsins, sem áætluð laun fyrir það starf, sem hún vinnur á heimilinu. Það þarf að áætla, hvað sá hluti á að vera hár, og í sjálfu sér þyrfti þá að endurskoða alla skattstiga í framhaldi af því. Þetta er flókið mál og þess vegna ekki auðvelt að bera fram till. um endanlega lausn á því, endanlega skipun á málinu, nema að undangenginni mjög rækilegri athugun. Ég hef rætt þetta mál við hæstv. fjmrh., og eins og ég hef getið í nál. mínu, þá hefur hæstv. fjmrh. sýnt þessu sjónarmiði fyllsta skilning og hann hefur heitið því, að við þessa umr. muni hann lýsa því yfir, að þessi hugmynd, að allar konur, hvort sem þær vinna utan heimilis eða á heimili, skuli verða sjálfstæðir skattþegnar, verði athuguð í sumar í sambandi við þá almennu endurskoðun, sem á skattalögunum á að fara fram, og til hennar verði tekið tillit við endanlega tillögugerð ríkisstj. á næsta Alþ., að sjálfsögðu eftir því hver niðurstaða athugunarinnar verður. Fyrir þennan skilning vil ég færa hæstv. fjmrh. sérstakar þakkir.

Einn hv. þm., hv. 4. landsk. þm., frú Svava Jakobsdóttir, hefur í till. og í ræðu sett fram aðra hugmynd um þetta mál. Hugmynd hennar er sú, að aðeins giftar konur, sem vinna utan heimilis, eigi að vera sjálfstæðir skattþegnar. Hún virðist sem sagt vilja hverfa frá frádráttarreglunni, en taka upp þann hluta hugmyndar Alþfl., að gera eingöngu þær giftar konur, sem vinna utan heimilis, að sjálfstæðum skattþegnum. Ef dæma má af frásögn blaðs hennar, Þjóðviljans, af umr. hér á hinu háa Alþ., hefur frúin verið býsna stórorð. Hún kenndi hugmyndir Alþfl. um þetta mál við miðaldasjónarmið, og einhver fleiri stóryrði viðhafði hún. Ég vildi hennar vegna óska þess, að hún hefði ekki látið sér nein stór orð um munn fara, vegna þess að það kemur í ljós við skoðun málsins, að hún veit augsjáanlega ekki nokkurn skapaðan hlut, um hvað hún var að tala, né heldur, hvað í hugmynd hennar einni saman fólst, og skal ég víkja svolítið nánar að því á eftir. Það er e. t. v. ekki ætlazt til þess, það er e. t. v. ósanngjarnt að ætlast til þess, að ágætur rithöfundur hafi eitthvert vit á skattamálum, en hún ætti þá að hafa vit á því að tala ekki mjög mikið um þau. A. m. k. ekki að hafa mjög stór orð um þau. Til þess finnst mér mega ætlast af jafngáfaðri konu og frú Svava Jakobsdóttir er. Það sem á milli ber þeirra sjónarmiða, sem hún hefur gerzt málsvari fyrir, og sjónarmiða okkar Alþfl.-manna, er einmitt þetta, að konan, sem vinnur heima, hún á líka skilið, – þetta undirstrika ég sérstaklega, – hún á líka skilið að njóta hagræðis af því að vera sjálfstæður skattgreiðandi. Það má ekki eingöngu hugsa um þær konur, – þó að auðvitað sé ég líka að hugsa um þær og gæta hagsmuna þeirra, – sem vinna utan heimilisins, það má ekki gleyma þeim, sem vinna á heimilinu, af því að þær beinlínis stuðla að tekjuöflun eiginmannsins. Í flestum tilfellum gæti hann ekki aflað sér þeirra tekna, sem hann aflar, ef konan starfaði ekki á heimilinu. Hún á því í raun og veru hluta af tekjum mannsins. Að hafna þessu, að hafna því að telja störf konu á heimili jafneðlileg og jafnrétthá í skattatilliti og störf konu, sem vinnur utan heimilis, það er miðaldasjónarmið, ef á annað borð á að blanda slíkum orðum inn í umr. eins og þessar.

Nú skal ég taka mjög einfalt dæmi, sem öllum ætti að vera auðvelt að skilja, áreiðanlega hv. 4. landsk. þm., frú Svövu Jakobsdóttur, líka. Ég harma það mjög, að hún skuli ekki vera í d. til þess að fylgjast með þessu. Málið er í raun og veru mjög einfalt. Við skulum gera ráð fyrir því, að hjón taki sameiginlega að sér starf, vinni það að hálfu leyti hvort og jafnframt að jöfnu að heimilisstörfum. Það er m. ö. o. algert jafnræði milli hjónanna. Það ætti að vera sjónarmið, sem hv. 4. landsk. þm. og aðrir skoðendur ættu að geta viðurkennt alveg fúslega sem réttmæta og sanngjarna forsendu. Hjón taka að sér verk sameiginlega; þau gætu verið blaðamenn, þau gætu unnið að ritstörfum, þau geta unnið að þýðingum eða einhverju því um líku. Það mætti nefna ótal mörg dæmi um það, að hjón gætu unnið sameiginlega að einu starfi og skipt svo á milli sín heimilisverkunum, eins og mér skilst nú, að sé farið að tíðkast hjá ungu fólki hér í Reykjavík, ekki sízt því, sem tilheyrir tiltekinni hreyfingu, sem kennd er við rauða sokka. Þetta er í raun og veru því máli og þeirri hreyfingu alveg óskylt. Sem sagt forsendurnar eru þessar:

Bæði hjónin vinna utan heimilis, helming af einu starfi, og bæði hjónin vinna á heimilinu og þau afla sér hvort um sig fyrir starf sitt utan heimilisins 250 þús. kr. tekna. Heimilið hefur 500 þús. kr. í tekjur, – sem er nokkuð óraunsætt dæmi miðað við rithöfunda, blaðamenn og annað slíkt ágætisfólk. Samkv. reglum þeim, sem gilt hafa síðan 1957 og eiga að gilda enn varðandi tekjuskattinn, þá eru 50% af tekjum eiginkonunnar frádráttarbærar. Tekjuskattur þessara hjóna, tekjuskattur eiginmannsins yrði 56 450 kr. Af ½ millj. kr. tekjum heimilisins, 250 þús. tekjum hvors aðilans fyrir sig, ætti að greiða í tekjuskatt 56 450 kr. Nú skulum við taka till. hv. 4. landsk. þm., frú Svövu Jakobsdóttur, og gera ráð fyrir því, að hvort hjónanna fyrir sig yrði gert sjálfstæður skattaðili, þannig að lagt yrði sérstaklega á tekjur hjónanna hvors um sig. Þau hefðu jafnar tekjur og borguðu því jafnan tekjuskatt 34 450 kr. hvort eða samtals 68 900 kr. Hvað kemur í ljós? Haldið þið, að frúin hafi reiknað með þessu? Samkv. hennar till. mundi tekjuskatturinn hækka á hjónunum, en einungis, ef hvort um sig yrði gert sjálfstæður skattaðili. M. ö. o., samkv. gildandi reglum, eins og ég sagði áðan, þá hefði tekjuskattur orðið 56 450 kr., en samkvæmt hugmynd frú Svövu yrði hann 68 900 kr. Þetta gæti t. d. endurskoðandi hv. frsm. n. án efa staðfest, að rétt er reiknað, og þarf ekki að vera í næsta herbergi til að sannfærast um það. M. ö. o. er skattahækkunin ... (Gripið fram í.) Já, já, það er velkomið og má margfara yfir það. (Gripið fram í.) Það gerir endurskoðandinn. Ef það er hv. þm. einhver hugarléttir, þá var það reiknað á skattstofunni fyrir mig, — þeir ættu að kunna að reikna þetta, — af ágætum lögfræðingi þar, einum bezta starfsmanni skattstofunnar, sem ég veit, að sumum hv. þm. er vel kunnugur. M. ö. o. hugmyndir frú Svövu mundu leiða til 12 450 kr. hækkunar á sköttum þessara hjóna, sem fullkomið jafnræði er á milli. Það er af þessum sökum, sem ég held, að ef hún hefði vitað, hvað hún var að segja, ef hún hefði vitað, hvað hún var að leggja til, þá hefði hún hagað orðum sínum ofboð lítið hóflegar en mér skilst á Þjóðviljanum, að hún hafi gert.

En nú skulum við koma að kjarna málsins. Gerum ráð fyrir, að konan vilji vinna öll heimilisstörfin og maðurinn taki að sér allt starf utan heimilisins, ef t. d. þau eru blaðamenn, að hann vinni fulla vinnu sem blaðamaður, en konan vinni þá fulla vinnu á heimilinu, sem getur verið full þörf fyrir, ef þau eiga börn og af ýmsum ástæðum. Tekjurnar haldast óbreyttar, það sér hver maður. Tekjurnar haldast óbreyttar, ½ millj. kr., starfið utan heimilisins er nákvæmlega það sama og áður og verkefnin á heimilinu hafa í engu breytzt. Nú hefur aðeins orðið önnur verkaskipting á milli hjónanna, þau hafa komið sér saman um aðra verkaskiptingu sín á milli heldur en áður var. Ekkert hefur breytzt annað en verkaskiptingin á milli hjónanna. En hver skyldi nú tekjuskattur heimilisins verða? Hann verður 111 450 kr. Í þessu tilfelli hækkar hann um 42 550 kr. Vegna hvers? Einungis vegna breyttrar verkaskiptingar hjónanna. Einungis vegna þess, að í staðinn fyrir, að hvort um sig vinni helming starfsins úti og helming verkefnisins heima fyrir, maðurinn vinnur úti og konan vinnur heima, þá hækkar tekjuskatturinn um hvorki meira né minna en 42 550 kr. Það er þetta ranglæti, sem við Alþfl.-menn erum að benda á. Þetta ranglæti erum við að benda á, í þessu felst stórkostlegt vanmat. Það er ekki hægt að sanna með einfaldari hætti. Ég hef velt því fyrir mér, hvernig ég gæti haft dæmið sem allra, allra einfaldast, þannig að jafnvel þeir, sem annars ekki skilja allt of mikið í þessu, þeir raunverulega skildu það, og ég vona, að mér hafi tekizt það með þessu móti, þetta sé alveg augljóst. Vanmat á störfum giftu konunnar heima fyrir kemur fram í þessu, að eingöngu breytt verkaskipting veldur 42 550 kr. tekjuskattshækkun á þessu heimili. Ég vona, að enginn ágreiningur geti verið um það, að þetta er ranglátt. Úr þessu þarf að bæta. Hitt skal ég fúslega játa, að ég hef ekki, og við í Alþfl. höfum ekki á þessari stundu á reiðum höndum till. um það í einstökum atriðum, hvernig úr þessu megi bæta, því að dæmið er mjög flókið. Þess vegna bar ég fram till. um það við tekjuskattsfrv. í hv. Nd., þegar það var hér, – hún er endurflutt í hv. Ed. núna, – að við framhaldsendurskoðun skattalaganna skyldi ríkisstj. taka þetta vandamál til sérstakrar athugunar og finna á því lausn.

Það, sem þarf að athuga í þessu sambandi, er, hverjar eru eðlilegar tekjur giftrar konu, hvaða tekjur á að áætla giftri konu með eðlilegum hætti. Það væri eðlilegt að finna út meðaltal af tekjum allra kvenna á landinu og ætla giftri konu fyrir heimilisstörfin eitthvað því líkt og það þarf auðvitað að umreikna alla tekjuskattsskala, vegna þess að skattgreiðendum fjölgar stórkostlega, og persónufrádrætti þyrfti hugsanlega að breyta með einhverjum hætti. Dæmið er mjög flókið. Þess vegna fluttum við ekki till. um endanlega lausn, heldur hugmynd um athugun á málinu. Og þeim mun vænna þykir mér um það, að hæstv. fjmrh. skuli hafa sýnt málinu þann skilning að játa, að hér sé um raunverulegt vandamál að ræða, sem skoða þurfi ofan í kjölinn, og ég tel hugmynd okkar í Alþfl. að þessu leyti hafa fengið algjörlega jákvæða og fullnægjandi afgreiðslu, sem ég er þakklátur fyrir.

Till. hv. minni hl. í Ed. um þetta efni mun verða dregin til baka með hliðsjón af þessum vinsamlegu undirtektum hæstv. fjmrh. Ég flyt nokkrar aðrar brtt., sem eru augljósar, og ég tel ekki ástæðu til að vera að tefja dýrmætan tíma hv. d. með að útskýra þær, því að minn flokkur mun stuðla að því, að þetta mál geti hlotið afgreiðslu hér í dag, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um hluti, sem ekki þurfa skýringar við. En þetta þótti mér nauðsynlegt að kæmist á framfæri í sambandi við skattamál hjóna um leið og ég að síðustu endurtek þakklæti mitt til hæstv. fjmrh. fyrir skilning á þeirri hugmynd, sem við höfum sett fram um skattamál hjóna.

Frsm. 2. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. Nd. höfum gefið út nál. á þskj. 450. Við leggjum til, að frv. um tekjustofna sveitarfélaga verði vísað frá með rökstuddri dagskrá og vísum til nál. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. Ed.

Það verður ekki sagt, að hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. hafi haft mikið fyrir þessu frv. Fyrir utan hina sameiginlegu fundi, sem n. beggja deilda áttu, þar sem fulltrúar þessarar d. fóru af eðlilegum ástæðum með aukahlutverk, voru í gær haldnir tveir fundir í n., að

vísu, að því er ég held, einum meira en ætlað var. Á fundinum í gærmorgun komu að eigin ósk fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda, Verzlunarráðsins, Vinnuveitendasambandsins og LÍÚ. Á þessa fulltrúa var hlustað með sæmilegri kurteisi, en að sjálfsögðu ekkert tillit tekið til ábendinga þessara aðila um það, sem betur mætti fara í frv.

Á þessum sama fundi bentum við fulltrúar Sjálfstfl. á nokkur atriði í frv., sem hlytu að flokkast undir hrein mistök og ástæða væri því til að leiðrétta. Sumt af þeim ábendingum hefur verið tekið til greina, og n. flytur brtt. á þskj. 452 og n. stendur sameiginlega að þeim tillöguflutningi. Hefur frsm. meiri hl. gert hér grein fyrir þeim. Ég vil þakka fulltrúum stjórnarflokkanna fyrir að hafa brotið odd af oflæti sínu með því að ganga í þessum atriðum til móts við ábendingar okkar. Þeirra hlutur er að þessu leyti snöggt um betri en flokksbræðra þeirra í heilbr.- og félmn. Ed., sem hlustuðu ekki á neitt. En það eru mörg fleiri atriði í frv. þessu, sem auðvitað er þörf á að færa til betri vegar.

Verði till. okkar um frávísun felld, þá munum við við 3. umr. flytja brtt. til að reyna að koma frv. í betra horf. Eins og ég sagði áðan, þá styðjum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 452. Ég tek þó fram, að við erum í grundvallaratriðum á móti því, að ákvæðin um aðstöðugjaldið séu tekin inn í lögin, en við höfðum hins vegar sætt okkur við að hafa þau í ákvæði til bráðabirgða. Hins vegar hljótum við að standa með því, að mistök verði leiðrétt, eins og hér er gert, en eins og ég benti á við 1. umr. um þetta frv. á mánudaginn var, þá er í 36. gr. frv. ákvæði um að leggja megi á aðstöðugjald samkv. III. kafla laga nr. 51 frá 1964. En í 42. gr. eru þau lög numin úr gildi.

Ég ræddi hér á mánudaginn var um nokkrar gr. frv. og hef ekki miklu við það að bæta. Ég hef tjáð mig um 3. gr., sem fjallar um fasteignaskatt, og skal ekki endurtaka það. Ég ræddi þá sérstaklega um viðbótartillögu, sem komin var fram frá stjórninni um þennan 4% aukaskatt af hlunnindum, ef þau væru í eigu utansveitarmanna. Þessa gr. hefði nú kannske verið ástæða til að lagfæra, því að satt að segja geri ég mér ekki alveg ljóst, hvort á að greiða skattinn af hlunnindunum eða utansveitarmönnunum, sem eiga þau. Eftir orðanna hljóðan sýnist mér það vera af mönnunum, en ég veit bara ekki, hvernig á að meta þá til verðs. Þetta hefði náttúrlega verið ástæða til að laga.

Það hefði einnig verið ástæða til að lagfæra 5. gr., 1. mgr., sem fjallar um undanþágur frá fasteignaskatti. Um það fluttu fulltrúar Sjálfstfl. í Ed. brtt., sem var felld. Ég innti eftir því á nefndarfundi í gær, hver væri skilningur stjórnarflokkanna á því, hvaða eignir væru undanþegnar fasteignaskatti samkv. ákvæðum gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.“ Auk þess er svo áframhaldandi upptalning.

Það, sem ég vildi fá að vita, var það, hvort þetta „sem“ ætti eingöngu við samkomuhús eða það, sem á undan væri talið, margt af þeim eignum er að sjálfsögðu aldrei rekið í ágóðaskyni, en það mun vera skilningur stjórnarflokkanna, að þetta eigi eingöngu við samkomuhús, og er út af fyrir sig gott að vita það.

Um 23. gr. frv. ræddi ég einnig nokkuð hér um daginn, en vegna umr., sem hér urðu í fyrradag, fyrirspurnar frá hv. 5. þm. Norðurl. e. og svars hæstv. félmrh., þá langar mig að fara nokkrum orðum um það og greina frá þeim skilningi, sem ég hef á þessu, og ég verð þá leiðréttur, ef hann er rangur.

Í 23. gr. frv. er talað um, á hvaða tekjur skuli lagt, og þar er vísað til 7. gr. laga nr. 68/1971, um tekju- og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. skattalaga, sem fjallar um ákveðnar tekjur, sem ekki teljast með. Síðan er um ákveðnar heimildir til frádráttar frá tekjum samkv. 11. gr. og sbr. 15. gr. skattalaganna. Enn fremur um frádrátt eigin húsaleigu frá tekjum og skyldusparnað, þ. e. a. s. upp eru þarna taldar allar heimildir til frávika frá hugtakinu tekjur samkv. 7. gr., sbr. þó 10. gr. Samkv. þessu sýnist mér verða að álíta í fyrsta lagi, að námsfrádrátt samkv. 16. gr. skattalaga skuli ekki veita til frádráttar tekjum til útsvars. Það, sem styður þá skoðun mína, er sérákvæði í 27. gr. tekjustofnafrv.

Í öðru lagi, að aukafrádráttur einstæðs foreldris samkv. 16. gr. skattalaga sé ekki frádráttarbær frá tekjum til útsvars, og það, sem rennir stoðum undir þá skoðun, er, að einstætt foreldri fær annan persónufrádrátt í útsvari en aðrir einhleypingar samkv. 26. gr. tekjustofnafrv.

Í þriðja lagi, að skipting persónufrádráttar barna milli foreldra, sbr. 16. gr. skattalaga, sé ekki heimil við útsvarsálagningu, heldur renni hann óskiptur til þess gjaldanda, sem hefur barnið á framfæri sínu.

Í fjórða lagi, að undanþága 16. gr. skattalaga um, að meðlagsgreiðslur teljist ekki til tekna hjá móttakanda þeirra, undanþiggur þær ekki tekjum til útsvars.

Hér verður því um aukinn tekjustofn til útsvars að ræða umfram tekjustofn til tekjuskatts. Þetta snertir nær eingöngu einstæðar mæður og hjón, þar sem eiginkonan er móðir barnsins, en eiginmaður ekki faðir þess. Meðlagsgreiðslur fyrir hvert barn, 30 þús. kr., reiknast til tekna til útsvars, en persónufrádrátturinn 1000 kr. frá útsvarsfjárhæðinni. Í tekjuskatti reiknast það ekki til tekna, en einstæð móðir eða hjónin fá hálfan persónufrádrátt, 15 þús. kr. frá tekjum fyrir hvert barn.

Það sem gefur mér sérstakt tilefni til að nefna þetta, er dæmi sem birtist í Þjóðviljanum þann 12. þ. m., á sunnudaginn var. Ég hafði nú víst heitið því hér við 1. umr., að ræða ekki meira þessi dæmi, mér þykir það svo tilgangslaust að ræða við stjórnarliða um það, hvernig eigi að reikna skattana, en í Þjóðviljanum er dæmi um einstæðar mæður. Þá er reiknað með fullum persónufrádrætti barnsins hjá móðurinni, en hins vegar einnig með því, að útsvar greiðist ekki af meðlagsgreiðslunum. Þessi dæmi eru nokkuð sérstæð og það er brugðið út af fyrri dæmum, sem birzt hafa, þannig að tekjur einstæðra mæðra eru tekjur að meðtöldum meðlögum. En síðan eru þessi meðlög dregin út úr tekjumyndinni við útreikning skatta og útsvars. Þetta gefur að sjálfsögðu miklu snyrtilegri mynd og er kannske skiljanlegt, að svona dæmi skuli vera birt í Þjóðviljanum.

200 þús. kr. tekjur einstæðrar móður og aðrar tekjutölur eru því ekki skattskyldar brúttótekjur, og þess vegna ekki sambærilegar við 200 þús. kr. tekjur annarra fjölskyldustærða, þar sem þar er í öllum tilfellum um að

ræða skattskyldar brúttótekjur. Þessi dæmi um einstæðar mæður í þessu blaði eru því hrein markleysa.

Ég ætla ekki að orðlengja fremur um 4. mgr. 23. gr., þótt vissulega væri ástæða til að tala frekar um hana. Þetta er sá kafli í lögunum, sem mun verða þess valdandi, að réttur einstaklingsins er algjörlega fyrir borð borinn gagnvart skattyfirvöldum. Hann á bókstaflega enga leið, ef skattyfirvöldum dettur í hug að breyta framtali hans honum í óhag. Fulltrúar Sjálfstfl. höfðu lagt til í Ed., að þarna yrði bætt inn ákvæði hliðstæðu því, sem er í gildandi tekjustofnalögum, þess efnis, að gjaldanda yrði gefinn kostur á að gæta réttar síns, ef breyta ætti framtali hans honum í óhag. Þetta var að sjálfsögðu fellt eins og aðrar brtt. þar.

Þá hefði ég einnig óskað, að tekið hefði verið upp í brtt. heilbr.- og félmn. nú viðbót við 30. gr. m-lið, sem á að vera til tryggingar sveitarstjórnum, en það ákvæði fjallar um rétt útsvarsgjaldanda til endurgreiðslu á ofgreiddu útsvari beint frá sveitarsjóði, ef of miklu hefur verið haldið eftir af hans launum hjá kaupgreiðanda, sem verður gjaldþrota.

Við þessu hefði mátt sjá, ef bætt hefði verið aftan við gr., sem hljóðar svo: „Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari gr., á rétt á endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.“ Þarna hefði þurft að bætast við: Enda hafi verið haldið eftir af kaupi hans í samræmi við kröfur sveitarstjórnar.

Það er augljóst, að það getur verið nokkur freisting fyrir mann, sem sér fyrir gjaldþrot sitt, að greiða laun með útsvars- eða skattakvittunum, og þess vegna hefði mátt tryggja þetta með því að bæta þessu ákvæði við, að þessi endurgreiðsla væri ekki heimil, nema haldið hefði verið eftir af kaupi launþegans samkv. kröfu sveitarstjórnar.

Vissulega mætti nefna mörg fleiri dæmi um hina augljósu annmarka, sem á frv. þessu eru, en ég læt þetta nægja að sinni til viðbótar því, sem komið hefur fram hér áður í umr.

Við leggjum til, eins og ég áður sagði, fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn., að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Þar sem allur undirbúningur þessa frv. er ónógur og lögfesting þess hefði hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir einstök sveitarfélög og vissa hópa gjaldenda, telur d. nauðsynlegt, að ætlaður verði meiri tími til endurskoðunar laga um tekjustofna sveitarfélaga, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Það hefur verið sýnt fram á það í umr., að undirbúningur frv. er ónógur. Afleiðingar þess eru hinar alvarlegustu fyrir einstök sveitarfélög og vissa hópa gjaldenda, og því þarf meiri tíma til endurskoðunarinnar. Við leggjum til, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Við ætlumst til, að þingnefndum verði gefinn kostur á að fylgjast með endurskoðuninni og að endurskoðun tekjustofnalaganna fari fram samtímis endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt og störf þessara nefnda, sem að endurskoðun vinna, verði samræmd.

Við endurskoðunina verði þessi meginatriði höfð í huga: Skattlagningunni verði þannig hagað, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og auki áhuga hans á þátttöku í atvinnurekstrinum. Þetta mark næst m. a. með því, og bezt með því, að skattleggja fremur eyðslu en sparnað. Við viljum að dregið verði úr beinum tekjusköttum og lög um söluskatt verði tekin til heildarendurskoðunar og kannað um leið, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenzkum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi.

Í samræmi við það, að dregið verði úr beinum tekjusköttum, verði að því stefnt, að sveitarfélögin ein fái umráð þeirra, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu. Við teljum rétt, að á tekjur einstaklinga og félaga verði lagt tekjuútsvar á grundvelli nettótekna. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð frá grunni og heimild sveitarfélaga til álagningar útsvara verði miðuð við fjárþörf þeirra vegna aukinna verkefna, sem þeim á að fela að leysa.

Stefnt verði að frekari lækkun aðstöðugjalda og afnámi þeirra helzt. Samfara því verði sveitarfélögunum séð fyrir réttlátari tekjustofnum vegna þjónustu þeirra við fyrirtæki. Við teljum, að fasteignaskatti eigi að stilla í hóf og það eigi að líta á hann sem þjónustuskatt til sveitarfélaga og hámark hans ákveðið í samræmi við það. Jafnframt verði sveitarfélögunum ekki gert að skyldu að leggja á fasteignaskatt, heldur verði hér um að ræða heimildarákvæði. Og að lokum vil ég nefna það, sem mjög hefur komið til umr. hér, og það er, að tekjum hjóna verði skipt til helminga og útsvar reiknað af hvorum helmingi um sig.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Í gær lýsti hæstv. menntmrh. því hér yfir á hinu háa Alþingi, að ríkisstj. hefði ákveðið að taka á ný til vandlegrar athugunar frv. um grunnskóla og almenna fræðsluskyldu, enda þótt þau hefðu verið lögð fram á Alþ. í fyrra, eftir langa og kostgæfilega samningu í nefnd. Það, sem lengi ætti að standa, þyrfti vel að vanda, var inntak yfirlýsingar ráðh., en ekki virðist hæstv. ríkisstj. alltaf hugsa þannig, þegar til annarra mála kemur, og eru frv. um tekjustofna sveitarfélaga og tekju- og eignarskatt þar gott dæmi um. Enda þótt þau fjalli um málefni, sem snerta efnahagslega afkomu svo að segja hvers einstaklings þjóðfélagsins, þá telur hæstv. ríkisstj. sér stætt á þeim vinnubrögðum að fljótsmíða frv. í nefnd, skella skollaeyrum við öllum eða nær öllum ábendingum samherja sem andstæðinga og virðist einráðin í að keyra þau í gegn á Alþ. með handjárn hringlandi upp á vasann. Heyra má ég boðskap yðvarn, virðist hún hugsa gagnvart gagnrýnendum, en ráðin er ég í að hafa hann að engu.

Hin varúðarfulla afstaða hæstv. menntmrh. gagnvart breytingum á fræðslulöggjöfinni gleymist með öllu gagnvart breytingum á skattalöggjöfinni. Nú skal það strax tekið fram, að ég tel ýmislegt horfa til bóta í till. hæstv. ríkisstj. frá gildandi lögum. Jafnvel að það gæti verið vel nothæfur stofn að réttlátari og hagfelldari skattalöggjöf en nú gildir. En svo augljósir og varhugaverðir eru gallar enn á, að umtalslaust er skynsamlegast að beita varhygð hæstv. menntmrh. enn frekar við skattafrv. en skólafrv., sem ég drap á í upphafi, og því gerir Alþfl. það að höfuðtillögu sinni, að ríkisstj. taki sér umhugsunar- og endursmíðatíma á

skattafrv. Slíkt væri henni, að menn ekki tali um þegnana, fyrir beztu.

Samkv. gildandi löggjöf eru bein opinber gjöld aðallega þessi: Ýmsir svo nefndir nefskattar, útsvar, tekju- og eignarskattur, fasteignagjöld. Samkv. skattafrv. nýju eigi nefskattarnir að færast inn í tekju- og eignarskattana, útsvörin að leggjast á bruttótekjur og ýmsir frádráttarliðir að falla niður í álagningu.

Hv. ríkisstj. hefur lagt á það þunga áherzlu í sókn sinni og vörn fyrir skattafrv. sínum, að afnám nefskattanna væri mikil réttarbót fyrir efnaminni þegna þjóðfélagsins og raunar óhjákvæmileg ráðstöfun, þar eð almannatryggingaiðgjöld og sjúkrasamlagsiðgjöld hefðu annars orðið óbærileg, og hafa talsmenn frv. nefnt í því sambandi, að þau hefðu sem nefskattur orðið að vera þetta ár um 22 þús. kr. á hjón, 15 þús. kr. á einhleypa karlmenn og 14 þús. kr. á einhleypar konur.

Ekki veit ég, hvort hér er um nákvæman útreikning að ræða, en hvað um það. Ég tek undir það, að fjármögnun almannatrygginga og sjúkratrygginga með nefsköttum að hluta var orðið úrelt kerfi, og því fráleitara sem við höfum sífellt meir og meir litið á og túlkað almannatryggingar fremur sem þjóðfélagslega samhjálp en keypt persónuleg réttindi. Ég tel þannig þá einföldun skattheimtunnar að fella nefskattana niður samkv. frv. til bóta. Hins vegar finnst mér varhugavert að færa þá aðgreiningarlaust inn í tekju- og eignarskattskerfið. Í fyrsta lagi tel ég, að svo mikilvæg samhjálp sem lífeyris- og sjúkratryggingar eru verði að hafa sinn sérgreinda fastmarkaða tekjustofn, annars verði hún um of háð náð ríkisvaldsins hverju sinni um framlög.

Í öðru lagi tel ég, að eðlilegt væri, að lífeyris- og sjúkratryggingakerfi ríkisins sé að ákveðnum hluta fjármagnað eftir sama kerfi og aðrar lífeyris- og sjúkratryggingar, þ. e. með tilteknum hundraðshluta af tekjum manna. Þetta leggur Alþfl. líka til í nál. sínu við skattafrv. og býður ríkisstj. að standa með henni að slíkri lagagerð.

Í þriðja lagi tel ég, að ríkisstj. hafi beitt almenning efnahagslegum rangindum, þegar hún lætur ekki tilsvarandi útgjöld almannatryggingagjalda og sjúkrasamlagsgjalda telja áfram í vísitölu. Þessi gjöld eru nefnilega alls ekki felld niður á almenningi, heldur aðeins færð til í skattbyrðinni. Sömu hagræðingu hafði ríkisstj. um hönd varðandi ábyrgðartryggingar bifreiða og nemur hagræðing vísitölunnar launþegum í óhag á þessum tveimur atriðum um fjórum vísitölustigum. Svo þegar við þetta bætist, að hækkanir á búvörum skila sér ekki í vísitölu, svo að nær nemur tveim stigum, verða launþegar nú að þola bótalaust útgjaldahækkanir, sem nema um sex vísitölustigum, en það gerir um 14 400 kr. á ársgrundvelli fyrir mann með 20 000 kr. mánaðarlaun. Fer þá að fara glansinn af nefskattaniðurfellingunni. Þegar svo er íhugað, að allir 68 ára og eldri sem og öryrkjar greiða hvort eð er ekki almannatryggingagjöld samkv. gildandi álagningarreglum, né 67 ára og eldri svo og öryrkjar sjúkrasamlagsiðgjöld, en þetta mun vera um 19 000 manns og þeir verða að þola sex vísitölustig í verðhækkunum á matvörum bótalaust, þá hljóta allir að sjá, að hér hefur verið unnið fljótfærnislega að, því að engum dettur í hug, að ríkisstj. hafi vísvitandi ætlað að níðast á þessum hópi þjóðfélagsþegnanna. Hún hugsaði aðeins málið ekki til botns. Enn kemur hið sama að nokkru leyti fram gagnvart tekjulitlum námsmönnum. Ríkisstj. hampar því, að þeim sé mikill fengur í afnámi nefskattanna, en virðist ekki taka eftir, að nú nær samkv. frv. útsvarsálagningin til margra þeirra, sem sleppa eftir gildandi álagningarreglum. Þá áttu þeir margir hverjir rétt á því eftir almannatryggingalögunum, eins og þau hafa verið, að viðkomandi sveitarfélög greiddu almannatryggingagjöld þeirra og til þeirra nær – sem kauplækkun – „vísitöluhagræðingin“, þannig að þegar á þennan námsmannahóp er litið sem heild, er ekki víst, að fyrirhugaðar breytingar verði þeim til léttis. Hitt er skylt að viðurkenna, að greiðsluskyldu sveitarfélaga á almannatryggingagjöldum gagnvart tekju- og eignalitlum námsmönnum og raunar fleira nota sér alls ekki allir, sem geta. Sumir vegna þess, að þeir þekkja ekki þann rétt sinn, sumir vegna þess, að þeim finnst niðurlægjandi að nota sér hann. En þegar sumir sleppa við gjöld sín, en aðrir ekki, skapar það að sjálfsögðu misrétti. Hvað þennan þátt snertir er því algjör niðurfelling nefskattanna réttarbót, en að hún komi jafnstórum hópi námsmanna til útgjaldalækkunar og ríkisstj. vill vera láta, dreg ég í efa, sbr. framansagt.

Málsvarar umræddra skattafrv. halda því mjög fram þeim til ágætis, að þau boði aukið réttlæti í álagningu skattbyrðarinnar. Ég hef þegar sýnt fram á haldleysi þeirra raka gagnvart öldruðu fólki og öryrkjum, einnig í vissum tilfellum hvað námsmenn snertir, og hér í umræðum hefur hv. 10. þm. Reykv. bent á, að hið sama á sér stað varðandi meginþorra sjómanna. Svo er líka um iðnnema. Ég finn heldur ekkert í frv., sem hindrar það fremur en gildandi álagningarreglur, að skattbyrðin haldi áfram að hvíla að meginþunga á launafólki, sem enga krónu getur falið af tekjum sínum og verður áfram að bera drjúga byrði fyrir hina, sem feluleikinn kunna og geta leikið.

En lítum nánar á frv. um tekjustofna sveitarfélaga út af fyrir sig. Ríkisstj. telur því til ágætis, að með því sé létt byrðum af sveitarfélögum, svo sem kostnaði við löggæzlu og almannatryggingar og sjúkratryggingar að hluta. Ég er einn í þeim hópi, sem tel rétt, að ríkisvaldið beri fullan kostnað af löggæzlunni, þar eð það stjórnar henni að öllu. Samt sem áður get ég ekki annað en fundið að því, hvernig að þessu er staðið. Ríkisvaldið segir allt í einu, svona skal þetta vera, og með einu pennastriki eru allir löggæzlumenn gerðir ríkisstarfsmenn, án þess að þeir séu spurðir um samninga þá, sem þeir hafa haft við sveitarfélög sín, eða látnir á nokkurn hátt vita, upp á hver býti þeir verði ríkisstarfsmenn. Þeir eru einfaldlega reknir milli dilka eins og kindur. Hefði ekki hér verið sjálfsögð kurteisi að hafa við þá viðræður og samráð um millifærsluna, svo að ekki kæmi til misskilnings og óþarfa leiðinda? Sú kurteisi hefði varla kostað peninga.

Ég tel einnig til mikils léttis fyrir sveitarfélögin, að af þeim er færð greiðslubyrði almannatrygginga og sjúkratrygginga að hluta, en þó dreg ég mjög í efa, að rétt hafi verið að færa með öllu úr höndum sveitarfélaga aðgæzluskylduna varðandi hækkaðan lífeyri fram yfir hinn almenna. Þar er kunnugleikanum á aðstæðunum alveg hafnað. Stærsta yfirsjón ríkisstj. í þessu frv. varðandi sveitarfélögin tel ég hins vegar þá, að augljóst

er, að lítið samráð hefur verið haft við samtök þeirra um gerð þess. Engin ný heildarstefna er mörkuð um skiptingu verkefna ríkis og sveitarfélaga, svo mjög sem þau mál hafa verið á dagskrá, og þó að byrðar séu teknar af herðum sveitarfélaga að hluta, þá eru tekjumöguleikar þeirra skertir stórlega, hvað félög og stofnanir snertir, hvað verst kemur niður á sveitarfélögum í vexti og uppbyggingu, en engum dettur í hug, að slíkt hafi verið ætlun ríkisstj. Frv. er hins vegar einfaldlega ekki nógu vel unnið.

Ríkisstj. telur frv. sínum það til ágætis, að þau einfaldi álagningarreglur. Mun hún þar fyrst og fremst hafa í huga niðurfellingu nefskatta og að útsvör verði tiltekinn hundraðshluti af brúttótekjum. Þar stendur hins vegar á móti, eins og hér hefur verið bent á í umr., að nú verða álagningarkerfin tvö, sitt með hvorum hætti, fyrir útsvör og fyrir tekjuskatt. Varla telst það einföldun. Þá get ég ekki varist því að lýsa yfir kvíða mínum, hve hart það muni koma niður á ungu fólki, sem er að byggja sér eða kaupa sér íbúðir, að skuldavextir reiknist ekki frá við útsvarsálagningu. Ég þykist vita, að þetta sé hugsað sem lækning á þeim grunaða kvilla í núgildandi kerfi, að margur vaxtafrádrátturinn sé tilbúinn. En er ekki eitthvað bogið við þá lagfæringu, sem hittir fjölda manns saklausa með óbærilegum þunga? Enn sýnist mér hér bera að þeim brunni, að frv. séu vanhugsuð og fljótsmíðuð. Nú munu stjórnarliðar segja, að inn í frv. sé komið ákvæði, sem heimili að undanskilja nýjar íbúðir fasteignagjöldum í tvö ár. Þetta er rétt og verður ugglaust ýmsum til léttis, en getur þetta ákvæði ekki orðið býsna erfitt í framkvæmd? Hvað t. d. um íbúðir í blokkum, sem eru 2–3 ár í smíðum og teknar misfljótt í notkun og er ekki hægt við, að heimildin verði sums staðar notuð og annars staðar ekki, svo að misræmi og misrétti skapist? Og hvers eiga þeir að gjalda, sem brjótast í því að kaupa sér gamlar íbúðir, kannske af minni getu en þeir, sem byggja sér nýjar? Ekki virðist fasteignagjaldaívilnunin ná til þeirra. Hér virðist enn vanhugsun á ferðinni.

Ekki er um það deilt, að fasteignagjöld munu stórhækka á gjaldendum. Flestir virðast líta á fasteignir sem sjálfsagðan og eðlilegan skattstofn og vegna verðhækkana fasteigna sé sanngjarnt, að fasteignagjöldin hækki. Hjá flestum er álagningarprósentan aðeins ágreiningsefnið. En eru fasteignagjöld á einkaíbúðum manna, meðan þær eru aðeins af nauðsynlegri stærð fyrir viðkomandi fjölskyldu, eru þau að öllu leyti réttlátur gjaldstofn? Í fjölmörgum tilfellum er þar lagt á eign, sem að miklum hluta er aðeins til á pappírnum, þar sem svo mikið er skuldað í þeim. Þegar svo skuldavextir fást ekki til frádráttar í útsvari, getur komið út hrópandi skattaníðsla. Skoðum svo aðstöðu margra aldraðra hjóna, sem eiga sína íbúð, segjum skuldlausa eða a. m. k. skuldlitla, en íbúðin viðhaldsfrek vegna aldurs, tekjur dvínandi, en fasteignagjöld stórhækkandi. Er hér ekki verið að vinna að því, að gamla fólkið neyðist í vaxandi mæli til að selja íbúðir sínar, sem svo aftur kallar á síaukin útgjöld sveitarfélaga og ríkis til byggingar elliheimila? Mér er tjáð, að Danir setji m. a. undir þennan leka þannig, að fasteignagjöld aldraðs fólks megi skulda sem veðskuld á íbúðir þess, og þær veðskuldir gerist þá fyrst upp, þegar dánarbúin koma til uppgjörs.

Það hefur mjög verið deilt um það í þessum umr., hvort frv., ef samþ. verða, þyngi skattbyrðir almennings eða ekki. Ég ætla ekki að hætta mér út í þá talnaorustu. Þar verður skattseðillinn í vor sá, er síðasta orðið hefur. En þetta sýnist mér augljóst:

1. Fasteignagjöld stórhækka og sú hækkun leggst þungt á ungt fólk, sem hefur nýbyggt eða nýkeypt sér íbúðir, svo og tekjulágt aldrað fólk, sem íbúðir á.

2. Niðurfelling skuldavaxtafrádráttar við útsvarsálagningu kemur afar þungt niður á nýbyggjendur og nýkaupendur íbúða.

3. Hagræðing vísitölunnar vegna niðurfellingar nefskatta og fleiri atriða hittir aldrað fólk, öryrkja, sjómenn og sumt námsfólk í stórhækkuðum framfærslukostnaði, án þess að þessi hópur þegnanna hafi nokkurt hagræði af niðurfellingu nefskattanna.

4. Við rýrnun aðstöðugjalda sem tekjustofns fyrir sveitarfélög er stórlega skertur möguleiki þeirra til að ná gjöldum af félögum og stofnunum, sem sveitarfélögin hafa margvíslegan beinan kostnað af.

5. Tekjuskattsálagningin hittir allan meginþorra almennings með mjög vaxandi þunga fram yfir afnám nefskatta og hugsanlega léttingu útsvara.

Að öllu þessu athuguðu finnst Alþfl. fortakslaust rétt, að ríkisstj. dragi skattafrv. til baka til endursamningar. Hún hagi sér ekki eftir kenningunni: Heyra má ég boðskap yðar, en ráðin er ég í að hafa hann að engu, heldur skuli hún fara að einkunnarorðum hins vara menntmrh. gagnvart grunnskóla- og fræðsluskyldufrv.: „Það skal vel vanda, sem lengi á að standa.“

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., 4. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, kvaðst vera alveg viss um, að heildarstefna þessara skattafrv. væri rétt. Ég vissi áður og fyrr, að hv. þm. er pólitískt trúgjarn maður, en hann var sakleysið sjálft, þegar hann sagði þetta hér, og fékk ég þá nýja staðfestingu á því. Ég vil minna þennan hv. þm. og stjórnarliða á það, að skattar eru einkum lagðir á í tvennum tilgangi. Þeir eru í fyrsta lagi lagðir á til þess að afla ríkissjóði og sveitarfélögum tekna og í öðru lagi til þess að hafa áhrif á hegðun borgaranna.

Með sköttum er auðvelt að hvetja almenning til mikillar öflunar tekna og sparnaðar eða takmarka tekjuöflun þeirra og hvetja til eyðslu. Sú stefna, sem hverju sinni er uppi í skattamálum, hefur því einna afdrifaríkust áhrif á efnahagslega velferð einstakra borgara og þjóðarbúsins í heild. Mér er til efs, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarsinnar hafi gert sér næga grein fyrir þessu, enda margupplýst hér á hinu háa Alþ., að fáir eða engir sérfróðir menn í skatta- og efnahagsmálum hafi komið nálægt því að móta þessi skattafrv., sem nú eru til umr. í báðum deildum Alþ., með tilliti til þeirra heildaráhrifa, sem þau kynnu að hafa á efnahagskerfið. Vera má, að einhverjir sérfróðir menn hafi fjallað um einstök atriði þessara frv. hver í sínu horni, en áreiðanlega án allrar heildaryfirsýnar um þær afleiðingar, sem þau kynnu að hafa í næstu framtíð á velferð einstakra borgara og þjóðarheildarinnar.

Frv. munu hafa eftirfarandi stefnuatriði í för með sér, sem ég mun fyrst og fremst ræða að þessu sinni: Stórhækkun tekjuskatta af almennum launatekjum, marg-

földun eignarskatta og fasteignaskatta, skerðingu á fjárhagslegu svigrúmi sveitarfélaga, afnám takmarkaðra skattfríðinda við beina þátttöku almennings í atvinnurekstri auk verulegrar íþyngingar í sköttum atvinnufyrirtækja, og síðast en ekki sízt fela frv. í sér breytingar á hinum svo nefndu nefsköttum í tekju- og eignarskatta. Frv. var einnig ætlað, eins og þau voru fyrst lögð fram hér á Alþ., að skerða verulega skattkjör aldraðra og sjómanna, svo og fleiri aðila, en vegna megnrar óánægju alls almennings og fyrir þrýsting frá stjórnarandstöðunni hafa verið gerðar leiðréttingar á hluta af ýmsum þeim aðförum í meðförum þingsins. Sú meginstefna í skattamálum, sem fram kemur í þessu frv. og sem hæstv. ríkisstj. virðist staðráðin í að framkvæma, kemur mér á eftirfarandi hátt fyrir sjónir að því er varðar efnahagslega velferð borgaranna og þjóðarbúsins:

1. Einstaklingum með venjulegan skattfrádrátt og 230 þús. kr. brúttótekjur og hjónum með þrjú börn og venjulegan frádrátt með 420 þús. kr. í brúttótekjur mun verða gert að greiða 54–55 kr. af hverjum 100, sem þessir þjóðfélagsþegnar afla fram yfir það í viðbótartekjur. Þetta merkir, að nær allir fullfrískir launþegar á Íslandi, sem eru að vinna að þjóðarframleiðslunni, lenda í hátekjuskatti, sem svo hefur verið nefndur, samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um tekjur manna á s. l. ári og hæstv. ráðh. og stjórnarsinnum hljóta að vera kunnar. Reynslan hefur sýnt, hvað gerzt hefur hjá þeim starfsstéttum, sem hafa á undanförnum árum komizt í að greiða hæstu tekjuskatta, en fóru þó í raun aldrei yfir 50% af síðustu krónunum, sem viðkomandi vann sér inn. Ég fæ ekki betur séð en það hafi sannazt í skóla reynslunnar, hvað muni gerast, þegar allur þorri launþega í landinu stendur frammi fyrir þeirri staðreynd um skattlagningu, sem hér blasir við. Þegar frá líður, mun þessi skattstefna draga úr vilja borgaranna til þess að afla sér verulegra umframtekna fram yfir nauðþurftir og þar með draga úr þjóðarframleiðslunni, skerða kjör launþega og jafnframt að sjálfsögðu ekki verða sá tekjustofn fyrir ríkissjóð, sem fyrirhugað var.

2. Ljóst er, að margföldun eignar- og fasteignaskatta mun draga verulega úr áhuga alls almennings og þá einkum og sér í lagi ungs fólks á því að spara fé og varðveita fjármuni sína í varanlegum eignum. Það er einnig vandséð, hvernig ungt fólk á að geta eignazt fjármuni til þess að geta komið þaki yfir höfuðið, þegar tekjur þess, sem fara fram yfir það lága mark, sem ég áður greindi frá, eru skattlagðar með 55 kr. af hverjum 100, sem það vinnur sér inn. Afleiðingin af þessari stefnu verður augljóslega sú, að fólk gerir auknar kröfur til þess, að hið opinbera byggi íbúðarhúsnæði og leigi því með viðráðanlegum kjörum, eins og víða tíðkast erlendis. Þá geta menn eytt þeim litlu tekjum, sem menn fá að hafa, án þess að borga af þeim hátekjuskatt. Hér er því verið að hvetja til eyðslu almennings og kröfugerðar á hendur hins opinbera, sem þarf enn þá aukna skatta til þess að fullnægja.

3. Það er upplýst og viðurkennt af ráðh. hér á Alþ., að tekjustofnafrv. sveitarfélaganna, sem við ræðum hér nú í hv. d., mun óbreytt ekki sjá þeim fyrir eðlilegu fjármagni til þjónustu og framkvæmda, enda þótt af þeim sé létt nokkrum útgjaldapóstum. Sá varnagli, sem stjórnarliðið hefur seint og um síðir slegið með ákvæðum til bráðabirgða í frv., bendir ótvírætt til þess, að menn viðurkenna þá útreikninga, sem sýna þetta svart á hvítu. En þessi varnagli um eins konar ríkisframfærslu þessara sveitarfélaga, sem ekki ná saman endum í fjárhagsáætlun með þeim tekjum, sem felast í frv., dugir skammt. Víst er, að mörg sveitarfélög verða treg til þess að sæta þeim afarkostum að leggja 50% á fasteignaskatta, sem margfaldast fyrir, áður en álagið er lagt á þá, og leggja 1% hærra útsvar á brúttótekjur gjaldenda sinna en önnur sveitarfélög til þess að hljóta þessa náðargjöf úr ríkissjóði, sem heitið er með þessu ákvæði. Það er því alveg ljóst, að sum sveitarfélög munu heldur taka þann kostinn að skera niður þjónustu við borgarana og framkvæmdir, enda er það sýnilega ætlun ríkisstj. Hér er vegið að sjálfstæði sveitarstjórna, sem eru í miklu beinni tengslum við borgarana en ríkisvaldið, en samtímis er hlaðið undir miðstjórnarvald í Reykjavík. Þetta gerist þrátt fyrir stóraukna heildarskattbyrði almennings í landinu og sýnir það út af fyrir sig, að ríkissjóður hyggist hirða af þeirri skattahækkun bróðurpartinn, en nota löggjafarvaldið til þess að þrengja kost sveitarfélaganna.

Með frv. er í fjórða lagi stefnt að því að afnema þau mjög svo takmörkuðu fríðindi til handa almenningi, sem taka vilja beinan þátt í atvinnurekstri. Samkv. gildandi lögum átti arður af hlutafjáreign einstaklings, sem nam 30 þús. kr., að vera skattfrjáls, þó ekki hærri en 10%. Þetta merkir, að hluthafi t. d. í almenningshlutafélagi gat fengið að hámarki 3 þús. kr. arðgreiðslu skattfrjálsa vegna þessa ákvæðis. Þetta er auðvitað til þess gert að hvetja fólk til þess að leggja sparnað sinn beint í atvinnufyrirtæki fremur en leggja hann allan inn í banka og fá hann skattfrjálsan þar með ákvæðunum um skattívilnanir af vöxtum. Auðvitað er það þyrnir í augum ýmissa pólitískra afla, að almenningur gerist þátttakandi í atvinnurekstrinum. Þá þykir þeim voðinn vís. Þetta ákvæði var því afnumið á þeim forsendum, að það væri til að hygla þeim ríku, rétt eins og það skipti þá höfuðmáli að fá 3 þús. kr. undanþegnar skatti. Þetta er gott og lýsandi dæmi um þann rökstuðning, sem beitt er fyrir skattstefnunni í þessum frv. Hann er allur annar en sá, sem raunverulega býr þar að baki.

5. Með frv. er stefnt að því að stórauka álögur á atvinnufyrirtæki, og jafnframt er þeim verulega mismunað eftir rekstrarformi. Nú kann svo að vera, að hæstv. ríkisstj. hafi látið fara fram gagngera athugun á afkomu íslenzkra fyrirtækja, eins og hún gerði að sögn hæstv. forsrh., áður en málefnasamningurinn var gerður, og því þá um leið, að með þessum álögum sé hún ekki að ofbjóða gjaldþoli atvinnuveganna. Einhvern veginn grunar mig þó, að rennt sé blint í sjóinn með þetta eins og flest annað og stjórnarherrarnir ætli að kanna það eftir á, hvað þeir séu í raun að gera.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að atvinnufyrirtæki borga ekki laun með sömu krónum og þau borga skatta. Þau kaupa ekki vélar eða hagræða rekstri sínum með sömu krónum og þau borga í skatta. Það er vitað mál, að íslenzk atvinnufyrirtæki þurfa á næstunni mjög að auka samkeppnishæfni sína gagnvart erlendum keppinautum og þau þurfa almennt að auka mjög rekstrarhæfni sína til þess að geta staðið undir síhækkuðum launagreiðslum, t. d. 20% rauntekjuhækkun, sem

ríkisstj. hefur lofað, styttingu vinnutíma og lengingu orlofs, sem orðin er. Þetta gera þau ekki með sömu krónunum og hið opinbera gerir þeim að greiða í skatta. Meðal annarra orða, ætli iðnrh. hafi látið kanna, hvað þessi skattafrv. koma til með að íþyngja íslenzkum iðnfyrirtækjum, sem eru að hasla sér völl á erlendum mörkuðum í harðri samkeppni? Kannske er hér farið að á hliðstæðan hátt og þegar iðnrh. staðhæfir, að hann ætli að reisa 145 mw. virkjun við Sigöldu til þess fyrst og fremst að framleiða raforku til húshitunar, en fjmrh. innheimtir söluskatt af þeim eina orkugjafa til húshitunar, en ekki olíu eða hitaveitu.

Þá kem ég að skrautfjöðrinni í þessu frv., breytingunni á nefsköttum í tekju- og eignarskatta. Hæstv. iðnrh. lét þau orð falla í umr. fyrir nokkru hér á hinu háa Alþ., að um sé að ræða, orðrétt: „langsamlega þýðingarmestu breytinguna á fyrrv. og núverandi skattkerfi", og taldi þessa breytingu frá nefsköttum og yfir í tekju- og eignarskatta vera stórkostlega skattívilnun fyrir hina lægst launuðu. Þetta tel ég meira en hæpna fullyrðingu, þegar hafðar eru í huga heildarráðstafanir hæstv. ríkisstj. í skatta- og efnahagsmálum. Ráðh. sagði, að hér væri um að ræða, að nú yrðu 1 220 millj. kr. innheimtar af þeim, sem hefðu tekjur og ættu eignir, í stað þess að þessi upphæð hefði að óbreyttu verið innheimt í jöfnum iðgjöldum til tryggingakerfisins. Það er út af fyrir sig mikil viðurkenning, sem felst í þessum orðum ráðh. Bæði er viðurkennt, að ekki er um afnám þessara nefskatta að ræða, eins og stjórnarsinnar nefna fyrirbrigðið af ásettu ráði, og í þessu felst viðurkenning ráðh. á stórhækkun tekju- og eignarskatta. En málið er ekki eins einfalt og ráðh. vill vera láta. Auðvitað þarf að bera saman núv. skattkerfi í heild og fyrirhugað skattkerfi, ef samanburður á að fást á þýðingu breytingarinnar frá nefsköttum í tekju- og eignarskatta. Ég skal nefna tvö dæmi, sem sýna þetta svart á hvítu.

Samkv. tekjustofnafrv. ber einstaklingi, sem hefur einungis rúmar 50 þús. kr. í bráttótekjur, að greiða útsvar. Á yfirstandandi ári munu þannig bæði einstaklingar og hjón borga hærra útsvar af lágum tekjum en áður og komast fyrr í útsvarsskyldar tekjur en áður. Þetta ásamt stórhækkun fasteignaskatta, sem lendir auðvitað bæði á fólki, sem á íbúðir eða leigir, merkir, að jafnvel hinir allra lægst launuðu borga nú nefskatta sína í formi útsvars og fasteignaskatta að verulegu eða öllu leyti. Líklegt er, að einn hópur manna geti talizt hagnast á þessari formbreytingu, eins og að henni er staðið af hálfu stjórnarliðsins, en það er skólafólk, sem er lengur en 6 mánuði í skóla ár hvert. Sveitarstjórnir hafa heimild til að lækka útsvör þeirra, og þetta fólk borgar sennilega óveruleg fasteignagjöld í einu eða öðru formi. Ástæða væri til að fagna þessu, ef málið væri svona einfalt, en þess mætti þó geta í leiðinni, að almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald hefði orðið, að því er talið er, um 14—15 þús. kr. á yfirstandandi ári fyrir einn einstakling. Þær verðhækkanir, sem orðið hafa vegna hagræðingar vísitölunnar og afnáms niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og sem voru bein orsök þessarar formbreytingar, munu þó þyngja framfærslukostnað námsmanna um svipaða upphæð yfir árið, ef að líkum lætur. Í framangreindu ljósi tel ég, að menn verði að virða fyrir sér það, sem hæstv. viðskrh. kallaði langsamlega þýðingarmestu breytingu á skattkerfinu. Það er nefnilega ekki nóg að líta á hana eina, heldur í tengslum við aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj.

Við 1. umr. um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú er til meðferðar í hv. Nd., gerði ég nokkrar aths. ásamt fleiri þm., sem ég held, að hefði verið ómaksins vert fyrir hv. heilbr.- og félmn. að taka til athugunar. Þetta var ekki gert. Ég gerði aðallega bráttótekjuhugtakið að umtalsefni og spurði m. a. hæstv. félmrh., hvort hann teldi, að tekjur barna innan 16 ára aldurs kæmu til tekna hjá foreldrum við álagningu útsvars, án skólafrádráttar. Ég spurði einnig um, hvort greiðsla bifreiðastyrkja eða fyrir síma o. s. frv. kæmi til tekna og útsvarsálagningar hjá þeim, sem við tekur, án frádráttar á kostnaði, sem viðkomandi hefði, svo og spurði ég, hvort maður, sem fær vaxtatekjur af skuldabréfi íbúðar, sem hann hefur selt, fái 10% útsvar af þeim vaxtatekjum, en engan frádrátt vegna vaxtabyrða af þeirri íbúð, sem hann býr í, ef hann skuldar í henni. Ég sé, að hæstv. félmrh. er ekki hér, en ég vil þá spyrja hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hvort hann skilji efni frv. þannig, eins og ég hef bent á, að hægt er að skilja það, skilja efni þeirra.

Eitt atriði enn, sem gott væri, að einhver ráðh. eða stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. gæti upplýst mig um. Eins og menn muna eflaust, er í lögum um almannatryggingar ákvæði um lágmarkstekjutryggingu lífeyrisþega. Samkv. því eru einstaklingi tryggðar 120 þús. kr. í framfærslulífeyri á ári, og samkv. ummælum hæstv. trmrh. mun ekki af veita. Þetta skal ekki dregið í efa. Á hinn bóginn fengi einstaklingur, sem vinnur sér inn 120 þús. kr. í bráttótekjur, 7 þús. kr. í útsvar samkv. þessu frv. eða hefði einungis 113 þús. kr. tekjur til að lifa af yfir árið. Á hverju byggist það að dómi hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar, að þessi einstaklingur geti lifað á minni tekjum en lífeyrisþegar? Vantar hér ekki markvissa heildarskipulagningu í samræmingu vinnubragða, eins og þeir, sem mest nota þessi hugtök, gætu hafa sagt?

Herra forseti. Ég hef hér fært rök að því, að heildarstefna núv. ríkisstj. í skattamálum sé röng og óskynsamleg. Hún miðar m. a. að því að leggja 55% hátekjuskatt á meginþorra launþega í landinu og stórhækka eignar- og fasteignaskatt. Þetta dregur úr vilja fólks til þess að afla sér tekna umfram brýnustu nauðþurftir og vilja fólks til þess að spara og koma sér upp eigin húsnæði. Stefnan leiðir því til samdráttar í þjóðarframleiðslu og kjaraskerðingar alls almennings á tímum óðaverðbólgu. Hér á að stefna þveröfugt, létta tekjusköttum af almennum launatekjum og sem mest af miðlungstekjum og örva með því almenning til að afla sér og þjóðarbúinu aukinna tekna. Það á að forðast sem mest að skattleggja fólk, þegar það er að framleiða verðmætin, sem verða til skipta. Í stað þess á að skattleggja eyðsluna og beita tryggingakerfinu um leið þannig, að stórar fjölskyldur greiði í raun hliðstæða neyzluskatta og hinar minni. Skattkerfið á að ýta undir sparnað, hvetja til beinnar þátttöku almennings í atvinnulífinu, auk þess sem það á að miðast við, að atvinnufyrirtækin geti bætt samkeppnis- og rekstrarhæfni sína, þannig að þau geti risið undir kjarabótum til starfsmanna sinna. Því miður er það frv., sem hér er til umr., ekki liður í slíkri jákvæðri heildarstefnu í

skattamálum, auk þess sem á því eru veigamiklir tæknilegir gallar. Ég styð því þá till., að málinu verði vísað frá með fram kominni rökstuddri dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. ræddi dálítið áðan um það misrétti, sem við stefndum að í þessu frv. með álagningu útsvars á gifta konu og ógifta. Ég get nú ekki séð þetta misrétti. Það er að vísu rétt, að frádrag fyrir hjón er 7 þús., en fyrir einstakling 5 þús., þannig að það er þessi munur, sem hægt er að segja, að sé á þessu tvennu. En kona, sem er gift og vinnur fyrir 200 þús. kr., borgar að öðru leyti eins í sveitarsjóðinn miðað við það frv., sem við stefnum hér að að lögfesta. Ef þessi gifta kona hefði fengið helmings frádrátt, þá hefði þetta útsvar ekki verið mikið, ekki hennar gjöld. Ég held, að miðað við að leggja á brúttótekjur, þá sé mjög óeðlilegt að breyta þessari reglu, sem hefur gilt, enda byggist þessi breyting okkar á því, að prósentuálagningin er tiltölulega mjög lág. Það er ekki hægt að segja annað.

Þm. ræddi töluvert um þá hugmynd, að allar konur telji fram sér, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar. Ég kannast nú ekki við, að þetta sé beint hugmynd Alþfl., en ég veit auðvitað ekki, hver á hugmyndina, ég skal ekkert segja um það. Ég hreyfði þessu máli hér fyrir rúmu ári, en ég tel ekki, að ég hafi átt hugmyndina, dettur það ekki í hug. Þetta er bara gömul hugmynd. Og í sambandi við það, þegar ég ræddi þetta mál, þá var ég að tala um vanmat á heimilisstörfunum, og til þess að öðruvísi væri litið á störf þeirrar konu, sem hugsar um börn og bú, heldur en virtist vera í þjóðfélaginu, þá væri þessi breyting m. a. nauðsynleg að mínu mati. Annars ætla ég ekkert að fara að þrátta við hv. þm. um það, hver á þessa hugmynd. Ég geri ráð fyrir því, að hvorki ég né Alþfl. eigi hana, hún sé miklu eldri.

Hv. 11. landsk. þm. gat um það, að ástæða hefði verið til þess að orða öðruvísi eða breyta till. um að skattleggja hlunnindi jarða. Ég verð að játa, að ég er honum sammála í raun og veru. Ég hefði óskað eftir því, að orðalagið væri öðruvísi á þessari gr. en það er, og ég get vel tekið undir það. En okkar stefna var sú að gera ekki till. um breytingar, nema sem við gætum tryggt, að færu strax í gegn, vegna þess að það er yfirlýst stefna, að endurskoðuninni verði haldið áfram á þessum hvorum tveggja lögum, bæði um tekjustofna sveitarfélaga og um tekju- og eignarskatt, og þó að við hefðum óskað eftir í vissum tilvikum, að hefði verið annað orðalag á sumum þessum lagagr. eða frvgr., þá vildum við ekki vera að fara ofan í það á þessu stigi málsins og töldum það raunar ekki fært.

Hv. 8. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, flutti hér langa ræðu, og hann taldi, að fasteignaskattur væri mjög óréttlátur í mörgum tilvikum. Ég lít á fasteignaskatt í raun og veru þannig, að menn séu að borga yfirleitt fyrir þá þjónustu, sem þeir fá vegna sinnar fasteignar af sveitarfélaginu, og mér finnst það eðlilegt, að hver og einn, sem á fasteign, borgi fyrir slíka þjónustu með slíku gjaldi. Það er alveg rétt, að það verður að stilla þessu í hóf. Og í sambandi við það, að það er horfið að því, að t. d. landbúnaður borgar minna fasteignagjald en annar atvinnurekstur, það byggist fyrst og fremst á þessu, að í sveitahreppunum er það tiltölulega svo lítil þjónusta, sem sveitarhrepparnir veita þeim, sem eiga þar fasteignir, miðað við það, sem er í þéttbýlinu. Það er auðvitað lengi hægt að deila um aðferðir til þess að ná þeim tekjum, sem þjóðfélagið þarf nauðsynlega að fá og sveitarfélögin, en einhvern veginn verður að fá þetta og ég held, að fasteignaskatturinn sé síður en svo óréttlátari skattur en ýmsir aðrir skattar. Ég verð að segja það, að ég tel aðstöðugjaldið óréttlátari skattheimtu. T. d. ef atvinnurekstur verður fyrir stórfelldu tjóni, þá verður hann að borga aðstöðugjald af þessu tjóni. Og það tel ég vera miklu hæpnari aðferð.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að þeir færu illa út úr þessari breytingu, sem við ætlum að gera, þeir, sem fá sinn lífeyri úr almannatryggingakerfinu. Ég held, að við verðum að líta á þetta ekki eingöngu frá þessum lagafrv., heldur einnig frá þeirri breytingu, sem var gerð á tryggingagreiðslunum um s. l. áramót. Ég held, að við eigum að líta á þetta, ekki einungis þessi frv., heldur verðum við að líta á allt málið, hvernig þessi ríkisstj. býr að þessu fólki miðað við það, sem áður var, líta á það í heild. Og ég held, að ef það er gert, sé ekki hægt að segja, að þessi ríkisstj. og þingmeirihluti fari illa með þetta fólk, þvert á móti.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, byrjaði sína ræðu á því að segja, að ég hefði sagt það, – og þótti það firn mikil – að þessi stefna ríkisstj., þessi skattheimta, eins og hún er fyrirhuguð, stefndi í rétta átt. Ég er ekki óánægður með það, þó að hv. þm. og yfirleitt hv. sjálfstæðismenn séu á þessari skoðun, því að það kemur í ljós af hans ræðu, fyrir hvaða hóp manna hann talar hér. Það er ekki fyrir þá, sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu, það er fyrir hina. Og ég sætti mig mjög vel við það að fá slíkan dóm. (**LárJ:** Þú sagðir, að þú værir viss um, að hún væri rétt.) Ég er alveg viss um, að hún er rétt, og ég get vel unnað hv. þm. Lárusi Jónssyni þess að vera málsvari fyrir þá, sem eru efnameiri í þjóðfélaginu. Ég kæri mig ekki um að skipta hlutverkum við hann.

Hann gat um það, að stefnt væri að því, að þetta yrðu hátekjuskattar á venjulegar launatekjur. Séu þetta og verði þetta hátekjuskattar, þá mundi það hafa orðið svo eftir því kerfi, sem enn er í lögum. Ég er hér fyrir framan mig með álit, sem hefur verið gert af hagrannsóknarstjóra. Það eru niðurstöður, yfirlit um heildarskatta, beina skatta eða sem sagt alla skatta miðað við gamla kerfið og miðað við það kerfi, sem við stefnum að að lögsetja. Og niðurstaða hagrannsóknarstjóra er sú, að ef farið hefði verið eftir gamla kerfinu, ef nefskattarnir hefðu verið teknir og lagt hefði verið á miðað við þau lög, sem nú gilda, þá hefði heildarskattheimtan af almenningi í landinu orðið á bilinu frá 5 milljörðum 915 millj. til 5 milljarða 993 millj. En eftir því kerfi, sem við stefnum nú að að innheimta eftir, þá mundi þetta verða frá 5 milljörðum 827 millj. til 5 milljarða 876 millj. Og þá geta menn séð, – þetta er álit hagrannsóknarstjóra, – að munurinn er sem sagt ákaflega lítill. Hitt er svo alveg rétt, að verið er að breyta um og þeir, sem eru verr settir í þjóðfélaginu, bera minna. Það er rétt. Og þeir, sem hafa meiri tekjur, bera meira miðað við þessa breytingu, og það er það, sem hv. þm. er að kveinka sér undan.

Eitt af því, sem hann sagði, var, að niðurfelling beinu skattanna væri mjög vafasöm. Vafasamt væri, að hún

væri mikið spor í rétta átt eða réttlátari leið. Hvernig er það t. d. með foreldra, sem eru með marga unglinga í skólum, eins og er víða í landinu, foreldra, sem verða að styrkja þessa unglinga við námið og borga svo fyrir þá alla nefskattana? Það verður að gera það. (**LárJ:** Hvað hækkar framfærslukostnaðurinn?) Hækkar framfærslukostnaðurinn? Hann hækkar a. m. k. lítið á móts við það. Ég þekki margar fjölskyldur, marga foreldra, sem losna nú við að borga 60–70 þús. í nefskatta, sem þeir hefðu orðið að greiða miðað við það kerfi, sem hv. þm. Lárus Jónsson harmar, að nú er horfið frá.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða hér fleiri atriði, sem hafa komið fram í ræðum hv. ræðumanna. Ég vil endurtaka það, að við vitum, að það muni koma fram, að ýmsir hnökrar eru á þessum frv. Það hefði verið sama, hvernig hefði verið unnið að þeim. Það er yfirlýst stefna, að það eigi að halda áfram að endurskoða þessi lög, bæði um tekju- og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga. Ég segi það enn og aftur, að ég er viss um, að sú heildarstefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið í þessum málum miðað við breytinguna á tryggingakerfinu, miðað við þær breytingar, sem nú er verið að leitast við að lögfesta, er í rétta átt. Við erum að færa þjóðfélagið til meiri jafnaðar en áður var. Því ber að fagna. Og ég er viss um, að þegar skattseðlarnir koma í sumar, þá munu a. m. k. þeir, sem eru með miðlungstekjur og neðan við það, fagna þeirri breytingu, sem hefur orðið á í sambandi við þessa lögfestingu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég tek undir orð hv. seinasta ræðumanns, að það má nú segja, að ýmsir hnökrar eru á þessu máli, og voru þeir þó fleiri í upphafi en nú er orðið. Ég er fyrir hönd stjórnarandstöðunnar þakklát fyrir það, að margar ábendingar stjórnarandstæðinga, sem fram komu strax frá upphafi meðferðar þessa máls, hafa verið teknar til greina, svo að útkoman lítur ekki út fyrir að verða eins slæm og ætla mátti í fyrstu, þótt sannarlega sé hún engan veginn fullkomin, fjarri því. Eins og orð hv. seinasta ræðumanns bentu til, þá má eiginlega segja, að þetta mál sé með algerum eindæmum að því leyti, að ég hef ekki orðið þess vör, að nokkur einasti stjórnarsinni sé ánægður með þetta frv. Ég held, að þeir séu allir óánægðir með það, þeir, sem að því standa. Það mætti kannske þá búast við, að ástæðan fyrir því, að þetta er afgreitt af þvílíku ofurkappi, væri sú, að menn ætluðu, að skattborgararnir yrðu þessum frv. ákaflega fegnir. Ég verð að segja það, að ég hef ekki mikla trú á því, að margir skattborgarar segi eins og einn heiðursmaður í Reykjavíkurborg sagði fyrir röskum 40 árum: enga peninga greiði ég með eins mikilli gleði og útsvarið mitt. Ég tek fram, að þessi orð eru höfð eftir þáverandi borgarstjóra í Reykjavíkurborg. Það verður kannske líka þannig, þegar öll kurl koma til grafar og ætlunin er að fara að leggja á skatta eftir þessum frv., að þá verði skattstjórarnir ekki í neinum vandræðum, þeir verði það ekki hér eftir fremur en hingað til, eða svo sagði hæstv. félmrh. hér við 1. umr. þessa máls, að engin ástæða væri til að óttast, að nokkur atriði í þessum frv. væru torskilin eða erfitt að átta sig á, hvernig framkvæma ætti. Vafalaust yrðu skattstjórarnir ekki í neinum vandræðum með þetta fremur en áður.

Undanfarnar vikur hafa málgögn ríkisstj. keppzt við að raun réttri að biðja afsökunar á því, að þetta frv. og fylgifrv. þess, sem nú er til umr. í hv. Ed., skuli vera lögð fram og ætlunin sé að afgreiða þau nú á næstunni. Ástæðan sé sem sé hækkun fjárlaga og samþykkt tryggingalaganna nú í vetur. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. nefndi hér í framsöguræðu sinni, að ekki ættum við þm. Sjálfstfl. að vera þessum framgangi mála mótfallnir, þar eð við hefðum nú tekið þátt í samþykkt hækkunar almannatrygginga, og enn fremur hefðum við samþykkt ýmsar till. fjárlaga. Ég vil rifja það upp, að við lögðum til, að fjárlög yrðu ekki afgreidd að svo komnum málum, eins og þá var gert. Og í sambandi við afgreiðslu tryggingalaga lögðum við til, að sett væri sérstakt bráðabirgðaákvæði þess efnis, að fyrirkomulag fjárhagsgrundvallar tryggingarnna yrði ekki ákveðið fyrr en síðar á þinginu á þeim tíma, sem við ætluðum, að þessi mál, sem nú eru til umr., væru einnig rædd, þannig að mál þessi væru öll skoðuð í samhengi og ekki væri unnt að segja, að með samþykkt eins máls væru menn að binda sig við allt annað mál, sem alls ekki var búið að skoða. En einhvern veginn finnst mér nú samt, að þessi afstaða hv. stjórnarsinna sé mannlega skiljanleg. Þeir hafa þegar sagt svo mikið, að eftirleikurinn verður örðugur, ef ekki verður áfram haldið, en gallinn á þessu er bara sá, að svo greinilega kemur fram, að þeim þykir í þessu máli svo miklu betra að veifa röngu tré en öngu. Ég held, að jafnvel þótt þeir hafi lýst því yfir í margnefndum málefnasamningi, sem ég var svo óforsjál að hafa ekki við hliðina á mér og ekki í minni skúffu og verð að biðja afsökunar á, að ég er kannske ein þm., sem frem þá synd að hafa ekki málefnasamninginn meðferðis, en ef ég man rétt, þá mun eitthvað hafa verið í honum minnzt á endurskoðun tekjuöflunarleiða hins opinbera og þess vegna telja hv. stjórnarsinnar sig nú bundna við að ganga frá þessum meingölluðu frv., sem hér eru til umr. En ég held, að almenningur á Íslandi hefði nú jafnvel fyrirgefið hæstv. ríkisstj., þótt framkvæmd þessa ákvæðis væri nokkuð frestað. Svo mikill skemmtilestur sem honum hefur nú verið í té látinn með þessum málefnasamningi, þá held ég, að fólki hafi algerlega verið ljóst, að þrátt fyrir stór orð væri nú ástæða fyrir þessa ríkisstj. jafnvel að skoða málin vel ekkert síður en aðrar ríkisstj. Enda er það það, sem við þm. Sjálfstfl. leggjum til, að þessum málum verði nú vísað frá og þau skoðuð betur. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. er þessu algerlega mótfallin. Nú við 1. umr. málsins hér í dag sagði hæstv. ráðh., sá, sem nú hefur tekið sér frí frá þingstörfum, vegna anna við stjórnarstörf væntanlega, að þessi till. sjálfstæðismanna um að vísa málinu frá væri algerlega með eindæmum. Öllu vill þetta fólk fresta, sagði hæstv. ráðh. En það er ekki einungis það. Ég játa það, að svo ill þykja mér þessi frv., að mér sýndist frestur á þeim beztur, eins og jafnan flestum finnst frestur á illu beztur. En ástæða okkar er sú, að hér er um svo viðamikil mál að ræða, mál, sem snerta svo mjög ýmiss konar atriði í einkalífi fólks, afkomu þess, að við teljum sjálfsagt og almenning á Íslandi eiga kröfu á því, að málum sem þessum sé ekki hent hálfunnum inn í þingið, aðeins til að geta sagt á eftir, að svona og svona mörg stórmál hafi verið afgreidd og ekki svo minnzt á, með hvílíkum eindæmum það er gert.

Ég hafði nú sannast sagna ekki ætlað mér að hafa

svona mörg orð um frv. þetta almennt, en ástæðan er sú, að till. okkar nú við þessa umr. er einmitt sú að vísa málinu frá af þessum ástæðum, sem ég nú hef gert grein fyrir. Við viljum, að vandlega sé að málunum staðið, og ég held nú jafnvel, að margir stjórnarsinnar séu þess sinnis hið innra a. m. k. og gæti trúað, að helzt vildu þeir fylgja okkur í þessu máli og sæju, að þá væru þeir öruggari um sinn sóma heldur en með þeirri afgreiðslu, sem nú stendur fyrir dyrum.

Mig langar þá að víkja aðeins að litlu atriði í frv., sem varðar málefni aldraðra. Ég veit, að hver einasti hv. þm. ber málefni aldraðra mjög fyrir brjósti, það höfum við heyrt. Hins vegar hefur svo borið við í seinni tíð, að menn sjá allt að því ofsjónum að ofvelgja sé kannske við aldrað fólk, sem hafi eignazt einhverjar eignir, sem hefur e. t. v. lagt hart að sér, safnað einhverju fé fyrir til elliára, og því skuli að sjálfsögðu ekki ívilnað umfram aðra þjóðfélagsþegna. Sú skoðun hefur að vísu nokkuð til síns máls, að það sé ekki aldur fólks, sem máli skiptir í þessu sambandi, en ég verð að játa, að mér finnst hinir öldruðu borgarar í þjóðfélaginu eiga talsvert inni hjá okkur hinum, sérstaklega hjá þeim kynslóðum, sem hafa svo búið um hnútana, að sparifé þess hefur rýrnað. E. t. v. hefur það af ástæðum, sem við eigum kannske að einhverju leyti sök á, ekki getað búið eins vel í haginn fyrir sig um sín elliár og ella hefði verið. Þess vegna finnst mér, að aldraða fólkið eigi nokkuð inni hjá okkur, líka vegna þess að það er það, sem með sínu starfi hefur byggt upp þetta land, sem við nú búum í, og búið að flestu leyti í haginn fyrir okkur. Með þessi sjónarmið í huga flutti ég ásamt hv. 11. landsk. þm. nú fyrr í vetur till. til þál. hér í hv. Nd. um að sveitarstjórnir skyldu hafa heimild til að fella niður fasteignaskatt af íbúðum aldraðra, sem þeir byggju sjálfir í og ættu. Tilgangurinn með þeim tillöguflutningi var einmitt að fá ákvæði þess efnis tekið inn í tekjustofnafrv., sem við vissum, að þá var á undirbúningsstigi, og ég vil þakka það, að gengið hefur verið til móts við þessa till., þó að hún að sumu leyti nái ekki eins langt og við lögðum til, en sé að öðru leyti viðtækari. Í frvgr., sem um þetta fjallar, er ekki sérstaklega tekið fram, að átt sé við þær íbúðir, sem aldraða fólkið býr sjálft í. Okkar till. miðaðist við það. Hins vegar er tekið fram, að þessi ívilnun megi koma til góða efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Við höfðum ekki sérstaklega tekið það fram. Við gengum út frá, að svo mundi vera, um lítil efni mundi vera að ræða í ákaflega mörgum og velflestum tilfellum með slíkt fólk, og jafnvel þótt um einhver sæmileg efni þessa fólks væri að ræða, sýndist okkur ekki ástæða til þess að innheimta fasteignaskatt af íbúðum þess, sem það hefði greitt af alla skatta og skyldur árum saman allan sinn starfsaldur. Þá fannst mér þjóðfélagið jafnvel gæti veitt þessu aldraða fólki það að sleppa þessum sköttum í ellinni.

Við munum væntanlega flytja brtt. þess efnis, að þessi heimild miðist aðeins við þær íbúðir, sem hinir öldruðu búa sjálfir í, enda hygg ég, að það muni hafa verið meiningin hjá þeim, sem sömdu þetta frv., að þetta sé aðeins ein af þessum flýtisvillum, sem e. t. v. hafa komið þarna inn í, og mér þykir líklegt, að þetta verði einnig framkvæmt þannig. En það er vel hægt að hugsa sér, að tekjulítill maður eigi e. t. v. fasteignir fleiri en eina, sem hann láti annan búa í gegn vægu gjaldi eða jafnvel engu. En okkar till. hafði sem sagt miðazt einungis við þær íbúðir, sem hið aldraða fólk byggi sjálft í.

Ég mun aðeins víkja að skattamálum hjóna, sem hér hafa verið nokkuð til umr. Sjálfstæðismenn hafa markað sína stefnu í sambandi við það og lagt fram og orðað í nál. í sambandi við tekjuskattsfrv., sem hér var til umr. fyrir nokkrum dögum og fjallar um það, að tekjur hjóna skuli lagðar saman og því, sem út kemur, síðan skipt til helminga og þeim, hvoru hjóna um sig ætlaður skattur af helmingi þeirra samanlögðu tekna. Þetta er okkar skilningur á því, hvernig eigi að meta hlutdeild þeirrar konu, sem vinnur algerlega inni á heimili sínu og á þannig hlut í öflun teknanna. Við ætlumst ekki til, að þeirri konu sé ætlaður einhver ákveðinn hluti tekna eða einhver ákveðin upphæð sem laun. Það er ekki okkar hugsun að líta þannig á konuna sem launþega á heimili sínu, heldur einmitt, að hún sé framfærandi heimilisins alveg á sama hátt og maðurinn, og á þennan hátt ætlumst við til, að meginreglur hjúskaparlaga séu teknar til greina í skattalögum. Okkur er ljóst, að slík till. mundi kalla á ýmsar aðrar breytingar í skattalögum, hvort heldur varðandi tekjuskatt eða útsvar, og þess vegna þykir okkur ekki fært að gera sérstaka till. um það í sambandi við þetta mál né heldur tekjuskattsfrv. En við munum leggja til við 3. umr. málsins, ef okkar frávísunartillaga verður felld, að að svo stöddu verði leyft að halda þeim frádrætti á tekjum giftrar konu, sem nú tíðkast, ef sveitarstjórn óskar þess og félmrn. samþykkir, að það verði gert. Það getur vel staðið víða svo á í ýmsum stöðum, að um mikla tímabundna atvinnu sé að ræða, fólksekla sé á staðnum, og þá þykir okkur eðlilegt, að sveitarstjórn geti gripið til þessa ráðs til þess að hvetja þann vinnukraft til starfa við það starf, sem fólk skortir til vinnu við, að veita allt að 50% frádrátt frá tekjum giftrar konu, áður en til útsvarsálagningar kemur. Okkar till. mun miðast við það, að þessi heimild fái að standa, þar til heildarendurskoðun hefur farið fram á skattamálum hjóna, en hv. þm. hafa nú heyrt, að slík endurskoðun muni standa fyrir dyrum, ríkisstj. muni hafa vilja til að stefna að henni. Og í sambandi við það mál langar mig til að benda á eitt atriði sérstaklega. Og það er, að við þá endurskoðun verði höfð náin samvinna við sérfræðinga í sifjarétti. Ég held, að það, sem hefur valdið hvað mestri deilu um þessi mál, hafi einmitt verið það, hve örðuglega hefur gengið að fá sjónarmið sifjaréttar viðurkennd í skattarétti. Og með allri virðingu fyrir sérfræðingum í skattarétti, þá sýnist mér nauðsynlegt, að sérfræðingar í sifjarétti séu þarna hafðir með í ráðum til þess að eðlileg niðurstaða fáist á þessum málum og þær meginhugmyndir, sem nútíminn viðurkennir um sifjarétt, séu viðurkenndar í þessum lögum.

Ég vil loks taka fram í sambandi við eina brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur sameiginlega, að efnislega er ég henni ekki sammála. Formlega er hún leiðrétting, efnislega er ég henni ekki sammála. Fyrstu till. á því þskj., þar sem brtt. heilbr.- og félmn. eru prentaðar, eru þess eðlis, að við erum öll í n. efnislega sammála um þær. En seinasta till. fjallar um aðstöðugjald og ég vil taka það fram, að mér finnst það vera óeðlilegur tekjustofn, sérstaklega þegar ýmiss konar önnur gjöld, sem íþyngjandi eru fyrir atvinnuvegina, eru nýlögð á samtímis, fasteignaskattur stórhækkaður, þá finnst mér óeðlilegt að

halda þessu gjaldi áfram, eins og þarna er lagt til. Öðruvísi hefði horft við, ef aðeins hefði verið um að ræða heimild, sem átti að gilda þetta ár, eins og upphaflega stóð í frv., en þá hefði einnig þurft að miða við það aðstöðugjald, sem hvert sveitarfélag hafði heimild til að leggja á í fyrra, en ekki þá upphæð, sem raunverulega var lögð á í fyrra, vegna þess að allur grundvöllurinn raskast svo mjög við samþykkt þessa frv., að ómögulegt er að sjá, hvaða heildarniðurstöðu, hver heildaráhrif það hefur á afkomu hvers sveitarfélags, ómögulegt er að sjá, hvort ekki yrði nauðsynlegt ýmsum sveitarfélögum að nota þær heimildir, sem þau framast hafa eftir þessum lögum, vegna þess hve tekjustofnar þeirra eru skertir.

Nú veit ég, að við þessu, sem ég er að segja núna, – eða mér þykir það raunar líklegt, of mikið er að segja, að ég viti það, – muni hæstv. ráðh. segja, að enn komi hér þessi rök sjálfstæðismanna um, að tekjustofnar ýmissa sveitarfélaga séu skertir, og líklegt þykir mér, að hæstv. ráðh. segi, að meira en helmingur allra sveitarfélaga á landinu fái auknar tekjur með samþykkt þessa frv. En það langar mig til að segja strax og fyrir fram, að þau eru æðimörg, sveitarfélögin í landinu, sem hafa samanlagt miklu færri íbúa heldur en þau sveitarfélög, sem bera skarðan hlut frá borði við afgreiðslu þessa máls. Þess vegna mun nú fleiri sveitarfélögum vera nauðsynlegt að nota ýmsar heimildir, sem frv. veitir, og jafnvel mætti benda á það, að mörg þessara sveitarfélaga eru þannig sett núna, að þar er mikil velmegun, mikil atvinna og mikill uppgangur. Ýmsum þessara sveitarfélaga er stjórnað af stjórnarandstæðingum. Það er væntanlega tilviljun og raunar hlýtur það að vera, miðað við allan flýti í undirbúningi þessa máls, að útkoman úr þessu verður sú, að fjölmenn sveitarfélög, sem stjórnarandstæðingar stjórna, munu neyðast til þess að nota ýmsar heimildir til hækkunar gjalda á gjaldþegnum sínum, þannig að ekki mundi til neinnar sérstakrar gleði horfa hjá gjaldþegnum þeirra sveitarfélaga. Það skaðar ekki, að á þetta sé bent nú strax, en væntanlega mun þessi útkoma vera tilviljun.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar eð ég vil ekki verða til þess að lengja þessar umr., þannig að hægt verði að afgreiða málið nú í dag. Hv. frsm. meiri hl. andmælti þeim ummælum mínum, að niðurfelling helmingsfrádráttar vegna tekna giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, rýrði kjör eða hag þeirrar giftrar konu, sem aflar sér tekna utan heimilis, vegna þess að nú væri gert ráð fyrir því í því frv., sem hér er um að ræða, að um brúttóskatt yrði að ræða og greiddu allir jafnt hlutfall af tekjum, bæði gift kona, sem ynni utan heimilis, og eiginmaður hennar, þannig að nú væri fullkomið jafnrétti á milli skattgreiðslu einhleyps manns, gifts eiginmanns og konu, sem vinnur utan heimilis. Þetta er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. En hann gleymir því, að nú nýtur gift kona, sem vinnur utan heimilis, sérstakra forréttinda, sem eru fólgin í því, að frá tekjum heimilisföðurins er dreginn helmingur af hennar tekjum, áður en skattur eða útsvar er lagt á. Ég geri mér algjörlega ljóst, að það er erfitt að framkvæma frádráttarreglur, þegar um brúttóskatt er að ræða, en það, sem ég var að benda á með mínum orðum, var sú staðreynd, að sérstök hlunnindi, sem gift kona, sem vinnur utan heimilis, hefur hingað til notið, bæði að því er varðar greiðslu tekjuskatts og útsvars, eru nú felld niður í útsvarsgreiðslunni, vegna þess að breytt er um skattakerfi, tekinn upp brúttóskattur. Ég hygg, að við hv. þm. skiljum hvor annan algjörlega í þessu efni. Um efni málsins er enginn ágreiningur.

Svo aðeins örfá orð um það, að ég telji Alþfl. eiga hugmyndina að því að gera allar konur, hvort sem þær afla sér sjálfstæðra tekna utan heimilis eða vinna á heimili, að sjálfstæðum skattþegnum, að ég vilji eigna þessa hugmynd Alþfl. Mér hefur aldrei dottið það í hug. Mér er það ljóst, að þetta er gömul hugmynd, sem mikið hefur verið rætt um á Norðurlöndum og víða í löndum, sem búa við tekjuskattskerfi. Það er mér algerlega ljóst. Ég var fylgjandi þessari hugmynd þegar á árinu 1957, þegar núgildandi hlunnindaákvæði voru lögtekin af stjórn Hermanns Jónassonar á sínum tíma, og hef verið henni fylgjandi alla tíð síðan, þó að hún hafi ekki átt stuðningi að fagna í þeim ríkisstj., sem síðar hafa setið. Og þeim mun meir fagna ég því, að hugmyndin um þetta skuli nú fá a. m. k. loforð um jákvæða athugun í sumar fram að hausti komanda. Ég veit satt að segja ekkert, hverjum fyrst hefur dottið þetta í hug, og skiptir raunar ekki nokkru minnsta máli. Ég orðaði þetta við Alþfl. af því einu, að Alþfl. er eini flokkurinn, sem nú gerist talsmaður þessarar hugmyndar opinberlega hér á hinu háa Alþ. Og þann heiður vona ég, að hv. frsm. vilji ekki taka af Alþfl.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Mig langar í upphafi aðeins að gera ummæli hv. 7. þm. Reykv., þau, sem hann hafði um hjón og sköttun þeirra, að umræðuefni. Ég skildi ekki betur á hans máli í dag en hann væri andvígur þeirri skerðingu, sem frv. hæstv. ríkisstj. hafa í för með sér í sambandi við skattlagningu á tekjum giftrar konu, sem vinnur úti. Er það ekki rétt skilið? (Gripið fram í.) Já, að halda því. Það er nefnilega það. En þá verð ég að segja það við hv. þm., að sú brtt., sem hann flutti um þetta efni, er enn óskiljanlegri mér heldur en er hún var þó flutt hér í upphaflegri mynd sinni, því að það er útilokað að breyta skattreglum á sköttun hjóna á þann veg, að þau séu skattlögð sitt í hvoru lagi, án þess að þessi réttindi verði í einhverju skert. Það er útilokað. Og ég skora á hv. þm. að gera þá grein fyrir því hér, hvernig hægt er að skattleggja hjón sitt í hvoru lagi, án þess að það hækki skatta giftrar konu, sem vinnur úti, frá því sem nú er, og án þess að það hafi í för með sér misrétti milli giftra kvenna og þá ógiftra kvenna, sem vinna úti. Það er útilokað frá mínum sjónarhóli að gera þetta tvennt í einu.

Aðallega stend ég þó hérna upp til þess að gera málflutning þessa hv. þm. að umtalsefni. Ég minntist nokkuð á útreikninga hans hér í hv. d., þegar hann var fjarstaddur vegna veikinda, en það voru m. a. útreikningar hans á skattvísitölu, sem urðu mér þá tilefni til þess að koma hér á ræðustól. Nú hefur þessi hv. þm. enn í nál. sínu við þetta frv., sem hér er til afgreiðslu, byggt málflutning sinn svo til einvörðungu á því, að réttmætt sé, að skattvísitala hækki í samanburðarútreikningum við gamla kerfið og hið nýja, svo að ég haldi mig við það orðalag, um 21.5%. Og hv. þm. flytur

þessa tölu og sína útreikninga án þess að blikna eða blána, og í því sambandi kemur mér í hug, að Cato hinn gamli endaði allar sínar ræður á því, að auk þess legði hann til, að Karþagóborg yrði lögð í eyði. En mér finnst – (Gripið fram í.) Það er rétt, ekki mótmæli ég því, að hann sagði það. En mér kom í hug, að það gæti farið vel á því, að þessi hv. þm., núna eftir endurhæfinguna í Kaupmannahöfn, byrjaði allar sínar ræður á því, sem Nóbelsskáldið sagði í sínu kvæði: „Héðan í frá er fortíð mín í ösku.“ Ég legg ekki til, að hann breyti næstu ljóðlínu eitthvað í þá átt að segja: framtíð mín er vinstri stjórnar ljóð, en hins vegar verð ég að segja það, að þessi hv. þm. talar alveg eins og hann hafi aldrei setið í ráðherrastól á Íslandi og aldrei haft nein afskipti af efnahags- og skattamálum hér í landi. Og vegna þessa er ekki hægt að komast hjá því að minna svolítið á það, sem þessi hv. þm. stóð að s. l. þrjú kjörtímabil í sambandi við framkvæmd skattkerfisins og í sambandi við ákvörðun skattvísitölu og leiðréttingu á persónufrádráttum og skattstigum milli ára.

Þegar þessi hv. þm. myndaði ásamt Sjálfstfl. ríkisstj. á árinu 1959, stóð hann að því að breyta skattalögum. Þá var samband milli skattvísitölu og nýrra skattalaga algerlega rofið. Og það stóð svo frá árinu 1960 fram til ársins 1965. Áður hafði verið í gildi skattvísitala, sem fylgdi kaupgjaldsvísitölu. Það var í fjmrh.-tíð hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, sem þessi skattvísitala var ákveðin, og henni var fylgt í hans tíð. En afleiðingin af því, að þarna var rofið sambandið á milli framfærslukostnaðar og skattalaga, afleiðingin varð sú, að skattbyrðin þyngdist sífellt ár frá ári 1960–1964. Og skattbyrðin á nauðþurftatekjum varð sífellt þyngri og þyngri. Þetta endaði með sprengingu sumarið 1964, þegar menn fengu skattseðla sína. Og það er okkur sérstaklega minnisstætt, vegna þess að þá sló málgagn þáv. fjmrh. því upp á forsíðu, þegar skattseðlarnir birtust, að nú væru allir menn ánægðir með skattana sína. En þegar farið var að kanna viðhorf almennings til skattanna nokkru nánar og þegar menn komust að raun um það, að skattbyrðin þyngdist svo mikið, að meðallaunamaður fékk ekkert nema skattakvittanir í launaumslög sín síðustu sex mánuði ársins, þá lögðu efnahagssérfræðingar hæstv. þáv. ríkisstj. það til, að þessu fólki yrðu veitt opinber lán, svo að það gæti staðið ríkissjóði og sveitarsjóði skil á sköttum sínum. Þetta leiddi til þess, að það var gerð bragarbót 1965 og skattvísitala og skattstigar leiðréttir nokkuð. En það var ekki tekið upp beint samband milli framfærsluvísitölu og skattalaga, heldur hafði ráðh. ákvörðunarvald á hverju ári að ákveða skattvísitölu. En í framkvæmd ákvað þessi ráðh., samráðh. hv. 7. þm. Reykv., – á þann veg og sjálfsagt með hans samþykki, annað hefur ekki komið fram, – að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði á árunum 1966–1971 um 96 stig, en skattvísitalan var ekki hækkuð nema um 68 stig á þessu sama tímabili, þannig að menn fengu ekki einu sinni leiðréttingu í samræmi við hækkun framfærslukostnaðar, þannig að skattbyrðin jókst sem þessum mismun nam, mismuninum á skattvísitölunni og vísitölu framfærslukostnaðar, og þetta er óhrekjandi. En svo var gerð bragarbót á síðasta þingi og skattvísitalan hækkuð verulega, um 20%, enda átti þá að fara að kjósa.

Þessir hv. þm. geta ekki gengið fram hjá þessum staðreyndum, þegar þeir ræða þessi mál hér, og þeir geta ekki á grundvelli sinnar fortíðar og sinnar ábyrgðar á landsstjórn undanfarin þrjú kjörtímabil látið eins og þetta sé ekki til. Og þeir geta ekki komið núna og slegið sér á brjóst: Hvaða vitleysa er þetta, þetta á að hækka um 21.5%, ekki 6.5% í þessum samanburði, eins og hæstv. ríkisstj. leggur til, því að það hefur alltaf verið skoðun stuðningsflokka ríkisstj., að skattvísitala ætti að fylgja vísitölu framfærslukostnaðar. Og vísitala framfærslukostnaðar hækkaði á árinu 1971, meðan þær tekjur féllu til, sem skattleggja á á þessu ári, um 6.5%. Og þess vegna er sá samanburður, sem gerður hefur verið, hárréttur. Og allt þetta tal um það, að það skattkerfi, gamla kerfið, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. ber ábyrgð á, sé skárra en það, sem hér er verið að afgreiða, er því út í hött. Sannleikurinn er sá, ástæðan til þess að þeir velja þessa tölu er einungis sú, að með því einu móti geta þeir fengið í útreikningum sínum, að gamla kerfið hafi verið eitthvað skárra en það, sem nú er verið að lögfesta. En þó ekki skárra en það, þrátt fyrir þessa tölu, 21.5%, að hv. 7. þm. Reykv. viðurkennir í sínu nál., að þrátt fyrir þá miklu hækkun, þessi 21.5%, þá mundi gamla kerfið ekki verða hagstæðara verkamönnum og afgreiðslufólki. En ég hélt einmitt, að það væri fólk, sem Alþfl. bæri sérstaklega fyrir brjósti, a. m. k. var það í eina tíð.

En það eru fleiri gögn, sem lögð hafa verið hér fram, svo sem útreikningar hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar, áður Efnahagsstofnunar, – þó er það sami starfsmaður, – og þessi hv. þm. hefur ekkert gert til þess að hrekja þær tölur, sem þar hafa verið lagðar fram. En þær fela í sér allt annað heldur en hv. þm. hefur hér verið að halda fram. Og svona málflutningi er ekki hægt að láta ómótmælt. Ef við hefðum í þessum samanburðarútreikningi milli gamla kerfisins og hins nýja verið fullkomlega sanngjörn gagnvart hæstv. fyrrv. ríkisstj. miðað við reynsluna á framkvæmd hennar á skattvísitölu, framkvæmd hennar á skattalögum, þá hefðum við ekki átt í þeim samanburðarútreikningum að reikna með skattvísitölunni 6.5%. Við hefðum getað tekið t. d. meðaltal á hækkun milli ára 1966–1971, sem hefði verið það rétta, og þá hefði hún ekki hækkað um 6.5% heldur þriðjungi minna, eða um 4%, þannig að allt tal hv. stjórnarandstæðinga í sambandi við samanburð á gömlu kerfi og hinu nýja er út í hött.

Vegna þess að hér í þskj. hefur verið vitnað til einhvers tillöguflutnings hv. formanns þingflokks Framsfl., Þórarins Þórarinssonar, sem ég á sæti fyrir nú hér á Alþ., og ég bað við 2. umr. um frv. ríkisstj. um tekjuskatt og eignarskatt hér í hv. d., að sýnt yrði fram á, að ekki væri bara dylgjur, heldur hefði við einhver rök að styðjast, en það var ekki gert, þá auglýsi ég eftir því enn, hvort hv. stjórnarandstæðingar geta fært sönnur á mál sitt, að hann hafi verið með einhvern tillöguflutning í sambandi við skattvísitölu, sem leyfi þeim að grundvalla þennan útreikning sinn, 21.5%, á. En ég þóttist hafa sýnt fram á það þá, – það voru ákaflega fáir hv. dm. þá í d., enda langt liðið á nótt, – að hann hefur ætíð lagt áherzlu á, að fylgt yrði vísitölu framfærslukostnaðar við ákvörðun á skattvísitölu, og svo verður enn gert, ríkisstj. miðar sinn samanburð við gamla kerfið og hið nýja á vísitölu framfærslukostnaðar og hún mun í

framtíðinni starfa eftir því og leiðrétta skattalögin hverju sinni í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég bið um orðið vegna þess, að það hefur fallið niður af einhverjum ástæðum, að í þeim brtt., sem heilbr.- og félmn. bar fram, er vitnað í vitlausa gr. Það hefur fallið einhvern veginn niður og þess vegna verð ég að koma hér fram í nafni n. með þá breyt. við ákvæði til bráðabirgða, að í stað 36. gr. í 1. tölul. komi: 38. gr. Þar sem þessi till. er of seint fram borin og skriflega flutt, þá verð ég að óska eftir, að forseti leiti afbrigða fyrir henni.

En af því að ég er kominn hingað upp á annað borð, langar mig til að segja örfá orð vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram. Hv. 12. þm. Reykv. komst þannig að orði, að það væri enginn þm. ánægður með þessi frv. og það væru því eðlilegustu viðbrögðin að vísa málinu frá, eins og hv. sjálfstæðismenn hafa lagt til að gert yrði. En ég vil bara minna hv. þm. á það, að þessi breyting varð að fara fram, vegna þess að eftir gildandi lögum var ekki hægt að fara, miðað við þá breytingu, sem við erum búnir að gera og vildum gera í sambandi við almannatryggingakerfið. Það var ekki hægt. Það er því auðvitað alveg út í hött að leggja til að vísa málinu frá. Hins vegar erum við menn til þess að játa það, að við hefðum viljað hafa ýmislegt á annan veg en í frv. er. Samt sem áður hefði eiginlega verið sama, hvernig þau hefðu verið, sjálfsagt hefðu einhverjir verið óánægðir með sum atriðin, og þannig er þetta oft.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, að ég mundi ekki geta tekið frá Alþfl. það, að þeir hefðu tekið það upp sem sitt baráttumál að berjast fyrir þeirri breytingu, að hjón telji nú hér eftir fram í tvennu lagi. Ég vil nú segja: Batnandi manni er bezt að lifa. Þegar ég var að ræða um þetta í fyrra, tók hv. þm. ekki undir það. Nú er hann ekki lengur maðurinn sem ræður, og þess vegna er hægt að fara að berjast fyrir góðum málefnum. En það hefði bara átt að gera það fyrr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hafði því miður ekki aðstöðu til að vera hér viðstödd, þegar hv. 7. þm. Reykv. flutti fyrri ræðu sína í dag, en hún fjallaði víst áreiðanlega um giftar konur.

Hann mun hafa sagt, að ég sem rithöfundur ætti ekki að vera að skipta mér af skattamálum. Ég veit ekki, hvort hann er að ráða mér heilt með eigin reynslu sína af tónsmíðum í huga, hvort þær rökleysur, sem hann hefur borið hér á borð, standa í einhverju sambandi við tónskáldaiðju hans. Ég hélt nú frekar, að ástæðunnar væri að leita í forustugreinum Alþýðublaðsins, sem hafa tönnlazt á því að undanförnu, að hugmyndin um sérsköttun hjóna væri mjög nýstárleg. Flestum kemur sú staðhæfing á óvart, en þetta er nú hin eina afsökun fyrir hinni furðulegu framkomu þm. Alþfl. í þessu máli, að sérsköttun sé í þeirra augum slíkt nývirki, að þeir hafi ekki áttað sig á því enn þá.

Athugasemdir hv. 7. þm. Reykv. í minn garð munu eiga rót að rekja til þeirrar till., sem ég flutti hér um að hver maður, sem aflaði skattskyldra tekna eða ætti skattskyldar eignir, væri sjálfstæður skattþegn.

Ég verð að segja það, að allt í sambandi við afgreiðslu þessa máls kom mér mjög á óvart. Ég vil þá gera hér að nokkru umræðuefni framkomu hv. þm. Braga Sigurjónssonar, þegar þessi till. kom hér til gerviatkvgr. í síðustu viku. Þá stóð þessi hv. þm. upp til þess að lýsa því yfir, að till. mín næði ekki til húsmæðra, hún næði einungis til þeirra kvenna, sem öfluðu tekna utan heimilis. Það er svo búið að rugla hv. þm. Alþfl. í ríminu, að þeir gera ekki lengur ráð fyrir því, að húsmóðir geti átt eignir. Nú vita flestir, að þessu var svo háttað, þegar húsmóðir og gift kona var algjörlega ófjárráða, en þetta er nú breytt og þykir mér hálf-furðulegt að þurfa að vera að segja hv. þm. Alþfl. það hér, en ég tel það svo sem ekkert eftir mér, ef það gæti hjálpað þeim til að endurhæfa sig eitthvað.

Þá er það annað atriði, sem ég vil leggja áherzlu á í sambandi við þessa athugasemd hv. þm. Braga Sigurjónssonar. Ég vil biðja hv. þm. um að líta á báðar till. saman. Þeir Alþfl.-menn leggja til, að maðurinn greiði konunni laun, en ef gagnrýni þeirra á mína till. stenzt, þ. e. að hún taki ekki til húsmóður á heimili, þá reikna þeir ekki með, að þeir peningar verði skattskyldar tekjur. Maðurinn borgar launin, en samt eru það ekki tekjur, þegar það er komið í hendur konunni. Hvers konar peningar eru þetta þá? Er þetta þjórfé, eða vilja kannske hv. alþm. svara því?

Ég hef nú tekið þetta dæmi til að sýna, hversu gjörsamlega ruglaðir þeir eru í þessum málum, og það kemur mér mjög á óvart að heyra það, að hv. 7. þm. Reykv. skuli hafa vitað, a. m. k. allt frá árinu 1957, að hugmyndin um sérsköttun hjóna hefur verið á döfinni á Norðurlöndum.

Mitt ráð til hv. þm. Alþfl., úr því að hv. 7. þm. Reykv. var nú að gefa mér það ráð hér áðan að skipta mér ekki af skattamálum, mitt ráð er það, að þeir hætti að hugsa um konur, a. m. k. í bili, í þeirri von að þeir tækju sönsum.

Ég ætla ekki að halda langar orðræður hér um, hvernig því skuli hagað, að hver maður greiði skatta af eigin tekjum. Að þessu hefur lengi verið unnið á Norðurlöndum og helmingsreglan, sú sem hv. þingflokkur sjálfstæðismanna leggur til að verði tekin upp, hefur alls staðar á Norðurlöndum strandað, vegna þess að hún er í andstöðu við hjúskaparlöggjöfina. Þetta þýðir það í reynd, að við erum að gera aðila skattskyldan fyrir eignum eða tekjum, sem hann á ekki.

Í Svíþjóð og í Noregi hafa menn farið út á þá braut að gera hvort hjónanna um sig skattskylt fyrir eigin tekjum og eigin eignum. Í Noregi er meira að segja sá varnagli sleginn, að hafi annar aðili hjónabandsins ekki aflað tekna á árinu, þá sé hann ekki skattskyldur. Þetta kemur alls ekki neinu máli við það, hvort við metum húsnæði til verðmæta eða ekki. Ef við ætlum að meta húsnæði til verðmæta, þá verður að taka til greina barnafjölda, það verður að taka til greina, hvers konar heimili þetta er. Hv. 7. þm. Alþfl. gerir ráð fyrir því, að vinna eiginkonu hátekjumannsins verði hærra metin en sú vinna, sem eiginkona lágtekjumannsins innir af hendi.

Ég vil aðeins í lokin leggja áherzlu á það, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, að ef þessi mál eiga að komast áfram, þá verður að taka fullt tillit til sifjaréttarlaga og fara í því að fordæmi nágrannaþjóða.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í almennar umr. um skattmálin. Það er eitt atriði, sem ég vildi gjarnan minnast á. Það fjallar um 5. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, í kaflanum um fasteignaskatt.

Í upphafi þeirrar gr. eru taldar upp fasteignir, sem undanþegnar eru skattinum. Ég stóð í þeirri meiningu, að í þessari upptalningu væri einnig orlofsheimili launþegasamtakanna, og hafði ástæðu til að halda, að svo væri. Ég gat því miður ekki verið við 1. umr. hér í þessari hv. d. og verð því að biðjast afsökunar á því, að ég kem hér með brtt., sem fer í þessa átt og sem n. gat því miður ekki fengið tækifæri til að fjalla um milli umr. En erindið er einvörðungu það hér í ræðustólinn að flytja brtt. við 5. gr. á þann veg, að á eftir orðinu „barnaheimili" í 1. mgr. komi: orlofsheimili launþegasamtaka.

Ég tel, að það sé mjög við hæfi, að þessi orlofsheimili séu undanþegin fasteignaskatti. Þau eru yfirleitt þannig í sveit sett, að sveitarfélögin hafa ekki kostnað af þeim. Sjálf hafa samtökin orðið að sjá um allar vegalagnir, öll frárennsli og allt slíkt, og ef eitthvað væri, þá væri frekar að sveitarfélögin hefðu ábata heldur en hitt, og þess vegna tel ég ekki rök fyrir því, þegar undanþágur á annað borð eru hafðar í lögum, að orlofsheimili launþegasamtakanna séu ekki einnig í þeim hópi.

Það er sjálfsagt vitað mál, að það er ákaflega fjarri því, að þessi fyrirtæki séu neinn gróðavegur, það er alveg öfugt. Þau samtök, sem hafa komið sér upp þessum orlofsheimilum, verða að reka þau með allmiklum fjárframlögum umfram það, sem hægt er að taka fyrir afnotarétt af þessum heimilum, þannig að ég sé ekki, að nein ástæða sé til að skattleggja þau sérstaklega nú, þegar mjög svipaðar stofnanir eru undanþegnar skattinum.

Ég vil, herra forseti, óska eftir, að afbrigða verði leitað um þessa till., sem er skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 463) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Það hafa orðið miklar umr. hér á hinu háa Alþ. um skattamál, og þá hefur staða giftrar konu verið mjög í brennidepli, staða hennar inni á heimili sínu og úti í atvinnulífinu, staða hennar sem sjálfstæðs skattþegns eða ekki.

Sjálfstfl. hefur mótað stefnu í skattamálum hjóna. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti því hér fyrir okkur, hver væri stefna Sjálfstfl. Það er það, sem mér hefur alltaf þótt gott við Sjálfstfl. og stefnu hans, að mér hefur alltaf gengið vel að skilja hana. Hún sagði þetta ákaflega skýrt, en samt ætla ég að leyfa mér að endurtaka þetta og kannske leyfa mér að spyrja örlítið nánar út í það.

Hún segir: Sjálfstfl. hefur mótað stefnu í skattamálum hjóna. Tekjum skal skipt til helminga. Meta skal hlutdeild eiginkonu inni á heimili eftir launum eiginmanns hennar. Hún skal ekki skattleggjast sem launþegi. Svo mörg voru þau orð hins hv. þm. En hvað er þá konan? Er hún atvinnutæki? Og á þá kannske að greiða af henni aðstöðugjöld? Nú eru sjálfstæðismenn á móti aðstöðugjaldi. Ég gat ekki skilið þetta á annan veg. En ef ég lít nú á þetta samt, þá finnst mér þetta líta þannig út: Ef konan yrði metin inni á heimili sínu eftir þessari reglu, þá væri kona hátekjumannsins mest metin, og kannske er hún það líka í þjóðfélaginu. En hvað um konu lágtekjumannsins? Störf hennar inni á heimili yrðu, þegar það kæmi á skattseðlinum, á núlli, vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir því með þessu nýja skattafrv., að maður, sem tekur laun eftir Dagsbrúnartaxta og er kannske með 3, 4 eða 5 börn, beri nokkra skatta. Hún yrði þá einnig tekjulaus.

Alþfl., sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason telur, að hafi átt fyrstu hugmyndina um sérsköttun hjóna, er nú ekki alveg búinn að móta stefnuna og er enn þá svolítið á sveimi gagnvart því, hvar hlutur giftrar konu muni nú vera beztur. Dæmið, sem hann gaf okkur upp áðan, leit þannig út, að þegar dregið var frá 50% til tekjuskatts, þá var dæmið þó bezt, en þegar hjón voru sérsköttuð, sem hann hefur áhuga fyrir, þá leit dæmið ekki mjög vel út, og verst af öllu leit þetta út, þegar konan var bara inni á heimili sínu. Enda virðist mér, að hann í sínum ræðuflutningi sé einmitt farinn að hafa mestar áhyggjur af því, hvernig eigi að meta tekjur konu inni á heimili. Ég vona bara, að hann lendi ekki í því sama og var stefna sjálfstæðismanna, að hann vilji ekki að við séum launþegar, og kannske leggi þá líka til eða hugsi sér, að af okkur verði greitt aðstöðugjald.

Það er skoðun mín, að ef meta eigi störf konu inni á heimili, þá verði að gera það í ljósi þeirra starfa, sem hún raunverulega innir af hendi sem uppalandi komandi kynslóðar. Þá fer það eftir því, hvað hún er með mörg börn inni á heimili sínu, en ekki, að hún sé tekjuhæst, þótt ekki væri um nein börn að ræða, ef hún er gift manni, sem hefur miklar tekjur.

Ég tel sérsköttun hjóna æskilega, en ég vona, að þá verði litið á okkur sem raunverulega launþega, sem eiginmenn okkar þurfa þá ekki að greiða af eitthvert aðstöðugjald.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins örstutt ath. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessa 2. umr. málsins, þannig að málið komist ekki til 3. umr. nú fyrir kvöldmat, þó að að ýmsu leyti væri freistandi að gera það. En fyrir þeirri freistni skal ég ekki falla, – það verður nægur tími til að ræða skattamálin almennt og þau grundvallaratriði, sem hér er um að ræða, – ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa máls með því.

Það var augljóst af stuttri ræðu hv. 4. landsk. þm., frú Svövu Jakobsdóttur, að hún hafði ekki heyrt ræðu mína í dag. Ég sagði það aldrei, að frúin ætti ekki að skipta sér af skattamálum, það munu allir hv. þdm. hafa heyrt, ég sagði hins vegar, að tillöguflutningur hennar hefði annan árangur, hann þýddi annað en hún sjálf hefði eflaust ætlazt til, vegna þess að ef hennar till. væri framkvæmd, þá mundi skattgreiðsla, eins og ég sýndi fram á, þá mundi skattgreiðsla giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, þyngjast frá því, sem verið hefur undanfarinn hálfan annan áratug, og til þess hefur hún án efa ekki ætlazt. Og þess vegna ... (Gripið fram í.) Já, þetta er dæmi frá skattstofunni, reiknað af skattstofunni, sem ég nefndi í dag og þm. getur kynnt sér í handriti ræðu minnar hvenær sem er, þegar það mun liggja fyrir. Það, sem ég sagði, var, að það væri eflaust ekki hægt að

ætlast til þess, að ágætur rithöfundur væri sérfróður um skattamál, við það hefði ég ekkert að athuga, en þá fyndist mér, að hún ætti ekki að vera eins stóryrt og hennar blað hafði sagt hana vera í ræðu sinni hér um daginn. Þetta var það, sem ég sagði og endurtek hér til að fyrirbyggja allan frekari misskilning varðandi þetta mál.

Það er líka algjör misskilningur hjá hv. þm., að í þeirri hugmynd, sem við höfum hreyft hér, þm. Alþfl., felist það, að maðurinn eigi að greiða konunni laun. Í henni felst það, að konu, þó hún vinni heima, skuli reiknaður tiltekinn hluti af tekjum heimilisins, sem er auðvitað allt annar hlutur. Það kom því miður fram í þessari ræðu hv. 4. landsk. þm., að hún hefur ekki enn áttað sig á því fyllilega, um hvað hér er raunverulega að ræða, og er ekkert við því að segja, það getur tekið tíma, að menn átti sig á jafnflóknum málum og þessi mál eru. Það er ekkert gagnrýnisefni af minni hálfu. En að hún hafi ekki fullkomlega áttað sig á því, um hvað fræðilegt vandamál er hér að ræða, segi ég af því, hvernig hún talar um sérsköttun, hvernig hún notar það hugtak. Hún notar það í þeirri merkingu, sem það hefur yfirleitt verið notað á Norðurlöndum og Vesturlöndum í skattamálaumr. Það, sem þar hefur verið um að ræða, er, að konan, sem vinnur utan heimilisins, greiði gjöld af sínum tekjum. Þetta er það vandamál, sem hefur verið rætt fram og til baka, kostir þess og gallar, á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu. Þetta er það, sem menn hér eiga við, þegar menn tala um sérsköttun hjóna. Að hvort hjónanna um sig greiði tekjuskatt og útsvar af sínum eigin tekjum. En það er mér nýmæli í þeirri hugmynd, sem ég og við fleiri höfum hér verið að mæla fyrir og ég er enginn höfundur að, heldur hefur líka verið rædd, og þó miklu minna, á öðrum Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu yfir höfuð að tala, að láta ekki eingöngu konur, sem vinna utan heimilis, njóta skattfríðinda, heldur láta skattfríðindin einnig taka til kvenna, sem vinna á heimili. Ekki að maðurinn greiði þeim laun, heldur að þeim yrði reiknaður tiltekinn hluti af tekjum heimilisins.

M. ö. o., hér er um þrjár reglur varðandi skattamál hjóna að ræða. Í fyrsta lagi þá reglu, sem hér hefur verið í gildi í næstum hálfan annan áratug, að veita sérstakan frádrátt vegna tekna, sem gift kona aflar utan heimilis. Það er sú regla, sem við höfum fylgt og ýmsar aðrar þjóðir hafa tekið upp.

Í öðru lagi er reglan um sérsköttun hjóna, sem hv. þm. gerði hér áðan að umtalsefni. Sem sagt, ef hjón afla sér bæði tekna hvort um sig, þá skuli þau hvort um sig vera sjálfstæður skattaðili. Þetta er sérsköttunin.

Þriðja hugmyndin er svo sú, að reikna giftri konu ákveðinn hluta af tekjum heimilisins vegna heimilisstarfanna, jafnvel þótt hún afli sér ekki sjálfstæðra tekna utan heimilisins. Þetta er sú hugmynd, sem er róttækust og erfiðast að framkvæma, en hún hefur engu að síður verið þrautrædd af skattafræðingum á Norðurlöndum og víðar í Vestur-Evrópu. Það er þessi hugmynd, sem við höfum leyft okkur að hreyfa hér, ekki í tillöguformi, vegna þess hve vandfarið er með hana og hversu margar hliðar eru á henni. Þess vegna höfum við beint því til hæstv. ríkisstj., að hún athugi einnig þessa þriðju hugmynd, ef svo mætti segja, þessa þriðju leið í skattamálum hjóna, og fyrir því hefur fengizt vilyrði af hálfu hæstv. fjmrh., að það skuli gert, og fyrir það er ég þakklátur, eins og ég tók skýrt fram í ræðu minni í eftirmiðdag.

Auðvitað þarf að taka tillit til mismunandi barnafjölda, eins og hv. þm. tók fram, og til fjölmargra annarra atriða. Það er verkefni þeirra sérfræðinga, sem fá þessa hugmynd til nánari athugunar. En það bar og vott um, að hv. þm. hafði ekki heyrt ræðu mína, að hún gerði mér upp þá skoðun, að ég gerði ráð fyrir því, að vinna konu hátekjumannsins væri meira metin en vinna konu lágtekjumannsins. Það er algjör misskilningur. Ég tók það þvert á móti skýrt fram, að einn meginvandinn í sambandi við þessa þriðju hugmynd er sá að finna út skynsamlega, hversu mikinn hluta af tekjum heimilisins á að áætla konunni sem tekjur fyrir hennar heimilisstörf. Auðvitað á það að vera jafnt, auðvitað eiga allar konur að sitja við sama borð, allar heimavinnandi konur að sitja við sama borð.

Að því er snertir þá hugmynd, sem hreyft hefur verið af hálfu þm. Sjálfstfl., að leysa þetta vandamál með heimavinnandi konurnar þannig, að skipta skattskyldum tekjum til helminga, þá erum við í Alþfl. algjörlega andvígir þeirri hugmynd, vegna þess að við getum ekki fellt okkur við þá hugmynd, að málið verði leyst þannig, að t. d. tekjum manns, sem hefur 1 millj. kr. tekjur, verði skipt í tvennar ½ millj. kr. tekjur. Með því móti mundi vera dregið með óeðlilegum hætti úr stighækkun tekjuskattsins og það teljum við ekki vera réttlátt.

Það voru heldur harðir kostir, sem okkur þm. Alþfl. voru settir, að við ættum að hætta að hugsa um konur. Ég verð að segja, að af tvennu illu vil ég heldur að frú Svava viðhafi órökstudd stóryrði um skattamál en að við þurfum að hætta að hugsa um konur.

Að síðustu vil ég aðeins segja örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Tómasar Karlssonar. Ég endurtek, að ég vil ekki efna til neinna almennra umr. um skattamál við hann á þessu stigi, það gefst nóg tilefni til þess seinna. Það kom raunar ekkert nýtt fram í ræðu hans, aðeins þetta vildi ég segja, af því að hann beindi til mín um það beinni fsp. Hann spurði, hvernig má koma því heim og saman, að við skulum flytja till. um að halda núgildandi frádráttarheimildum í lögum annars vegar og svo hins vegar að varpa fram hugmyndinni um þessa þriðju leið, ef ég svo mætti taka til orða til að gera mál mitt sem stytzt. Það er vegna þess, að þegar um 50% frádráttarheimild er að ræða, er um að ræða ákveðin lagaákvæði, sem í gildi hafa verið undanfarin ár. Ákvæði, sem meiningin er að halda í tekjuskattslögunum, en fella niður í útsvarslögunum. Og það er ósköp einföld afstaða, að segja: þetta á að vera eins og það hefur verið síðan 1957, þangað til ný og skynsamlegri skipan er fundin upp.

Ég er ekki reiðubúinn til að gera till. um það á þessari stundu, hvernig þessi nýskipan á skattamálum hjóna eigi að vera í einstökum atriðum, vegna þess hve gífurlega flókið mál þetta er. En þangað til athugun á því hefur farið fram og fundin er skynsamleg lausn, þá tel ég, að sú skipan eigi að haldast, sem verið hefur síðan 1957 og var mikil bót frá því sem áður var fram að þeim tíma, því að það var hróplegt ranglæti ríkjandi í þessum efnum. En það hef ég viljað benda á, að sú leið, sem hv. 4. landsk. þm. hreyfði, að ætla að leysa málið allt saman eingöngu á grundvelli sérsköttunar hjóna, þ. e. að láta

hvort hjóna um sig greiða tekjur og útsvar af þeim tekjum, sem þau afla sér utan heimilisins, það leysir ekki málið, og það sýndi ég fram á með mjög einföldu dæmi hér í dag, sem ég held, að allir hv. þm. hafi skilið. Og ég er sannfærður um, að frú Svava Jakobsdóttir hefði skilið það líka, ef hún hefði bara heyrt það. Ég vona, að hún eigi eftir að lesa þetta í handriti ræðunnar, þá verður það áreiðanlega algjörlega ljóst, í hverju vandinn raunverulega er fólginn. Hann er þar skýrður og það á grundvelli mjög einfalds dæmis. En það er flókið að leysa þann vanda. Enginn skal játa það fúslegar en ég, að lausn vandans er ekki auðfundin. Hún er þvert á móti mjög torfundin. Ég hef lesið það mikið af umr. frá það mörgum löndum, að ég geri mér það algjörlega ljóst, að málið er torleyst. En það er ekkert ósamræmi í þessari afstöðu okkar að vilja annars vegar halda því, sem verið hefur, sem var þó bót frá því, sem áður var, en vilja jafnframt láta leita að skynsamlegri lausn á miklu vandamáli, sem er það, að koma á fullkomnu jafnrétti í skattgreiðslumálum kvenna, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar, hvort sem þær vinna utan heimilisins eða á heimili. Þetta er kjarni málsins.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður og lengja þessar umr. ekki úr hófi fram. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs er sú, að hv. 4. þm. Norðurl. e., frsm. meiri hl. n., svaraði ekki fsp. mínum um brúttótekjuhugtakið frekar en hæstv. félmrh. í gær við 1. umr. málsins. Ég vakti þá athygli á því, að þetta hugtak, brúttótekjuhugtakið, væri þokukennt og það mundi vefjast fyrir ýmsum að skilja það, og reyndi að rekja nokkur dæmi um þetta og spurði um skilning þessara manna á þessu hugtaki.

Ég skal taka eitt mjög skýrt dæmi um þetta, sem ég tek bara út úr fjölmörgum. Nú eru börn á framfæri foreldra innan við 16 ára aldur og hafa tekjur. Við skulum segja, að þetta séu 13 og 15 ára strákar, tveir, sem hefðu um 50 þús. kr. tekjur. Nú hefur þetta verið þannig áður, að þeir hafa fengið skólafrádrátt á móti, þannig að foreldrar þeirra hafa ekki verið skattlagðir af þessum tekjum þessara barna. En samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, skil ég það svo, að þessir foreldrar fái 5 þús. kr. útsvar vegna þessara barna. Ég vil fá úr þessu skorið. Er þetta skilningur hv. 4. þm. Norðurl. e., er þetta skilningur hæstv. félmrh., að svona verði farið að þessu? Mér sýnist vera nokkuð ótvírætt samkv. frv., að þetta verði gert svona. En ég vil spyrja um þeirra skilning á málinu.

Og úr því að ég er kominn hér, þá vil ég aðeins bæta nokkrum orðum við um margumtalaða greiðslubyrði skatta og samanburð á gamla og nýja kerfinu. Þá vil ég rifja það upp, að hæstv. viðskrh. benti á það, að Efnahagsstofnunin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að samanburður á báðum tekjuöflunarkerfunum samkv. þeim yfirlitstöflum, sem hann hafði, hefðu í heild ekki neinar umtalsverðar breytingar í för með sér á milli skattkerfa. Mér er kunnugt um það, að þetta er skoðun hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, en ekki það, sem kemur fram á nál. meiri hl. fjhn., sem birtist hér á þingbekkjum í dag, að þar væri um minni skattbyrði að ræða. En þetta er miðað við, að gamla kerfið sé framkvæmt með 6.5% skattvísitöluhækkun á sama tíma sem launatekjur í landinu hækka um 25%.

Gamla kerfið, við getum held ég allir orðið sammála um það, hefði því þýtt með þessari framkvæmd stórkostlega aukningu greiðslubyrðar skattþegna í landinu. Þetta er alveg ljóst, og hæstv. ráðh. tók dæmi um þetta, sem leiðir þetta alveg ótvírætt í ljós. Hann sagði: Efnahagsstofnun reiknaði út, hvað útsvör mundu hækka við 23% tekjuhækkun milli ára. Útsvör hækka ekki um 23%, heldur hækka þau um 34%, þannig að gamla kerfið með því lagi, sem samanburðurinn er byggður á, hefði þýtt stórkostlega aukningu greiðslubyrðar allra skattþegna í landinu og þess vegna hefur Efnahagsstofnunin eða hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar einfaldlega reiknað út, að nýja kerfið gerir það líka.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að lokum þessarar umr. Í heild get ég verið harla ánægður með þessar umr. Ég gat aldrei við öðru búizt en stjórnarandstaðan hefði uppi einhver andmæli gegn skattafrv., sem felur í sér grundvallarbreytingar frá fyrra kerfi. Það var því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir kæmu með margs konar aths., sínar hugmyndir, sem að sjálfsögðu eru mjög háðar hinni gömlu skattalöggjöf, sem þeir höfðu í gildi alla sína stjórnartíð.

Svo að vikið sé að þeim brtt., sem hv. heilbr.- og félmn. flutti, eru þær til smálagfæringa. Í þeim felast tvær smáefnisbreytingar, þ. e. að samræma orðalag í tveimur gr., fella niður orðið „sparisjóð“ í 10. og 11. gr. og samræma orðalag þannig, að tvisvar í sömu gr. sé sama orðalagið, „innan 16 ára“. Síðan það formsatriði, sem er fjarri því að vera nokkur efnisbreyting, að taka inn í staðinn fyrir 36. gr. kaflann úr lögum um aðstöðugjald, þannig að það verði sjálfstæður kafli, V. kafli, en að vitna til þess í 42. gr., eins og gert var. Það var engin nauðsyn að gera þessa breytingu, en það fer betur á því óneitanlega og þess vegna taldi ég sjálfsagt að gera það. Það var vitnað í lög, sem skyldi fella niður, en svo stóð: sbr. 36. gr. þessara laga, þ. e. a. s. sú grein átti að hafa áframhaldandi gildi, og það nægði, þó að það væri formlega ekki eins áferðarfallegt að vitna til þess í lögum, sem að öðru leyti voru felld niður. Greinin átti að standa og þetta hefði algjörlega staðizt, en ég fellst á það, að það er betra form að taka kaflann upp eins og hann á að vera í frv. Á þessa formsbreytingu hafa líka allir nm. heilbr.- og félmn. fallizt, og ég er þeim sem sagt þakklátur fyrir það. Hins vegar höfðu þeir gert efnislegar aths. við þessa breytingu og gert grein fyrir þeim. Þá vil ég taka það fram, að ég mæli með þeirri till., sem hv. 8. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, flutti hér áðan, vegna þess að orlofsheimili launþegasamtaka eru ekki höfð með í upptalningunni. Það eru mistök, það er misgáningur, það hafði verið gengið út frá því, að orlofsheimili launþegasamtaka væru þarna með í upptalningunni, og vænti ég, að menn fallist ágreiningslaust á þá breytingu.

Hin gagnrýnin, sem fram hefur komið, hefur auðvitað gengið í þá átt að undanþiggja hina og þessa í þjóðfélaginu sköttum og skyldum, sem er bara afleiðing af góðu hjartalagi þeirra, sem ekki þurfa að bera ábyrgð á því, að endar nái saman í skattalögum. Þeir hafa viljað undanþiggja gamalt fólk, ekkjur, munaðarleysingja og ungt fólk og svo giftar konur alveg sérstaklega, og kannske hafa þeir tínt fleira til. Ég álít,

að það sé gott, að menn sýni sitt góða hjartalag. Og þeim er sannarlega þörf á því að komast í stjórnarandstöðu, – það virðist vera nokkuð mannbætandi, – af því að annars hefðum við bara ekki vitað um, hversu góðir menn þetta eru og hversu hjörtu þeirra slá fyrir öllum þeim, sem bágt eiga. En nú er það komið í ljós og skjalfest og þess vegna er mjög gott, að þessir menn skyldu komast í stjórnarandstöðu.

Alþfl. segir, að hann sé fylgjandi ýmsu í þessu frv. M. a. er hann mjög ánægður með niðurfellingu nefskattanna og honum nægir ekki, að heimilað sé að fella niður skatta eða sýna tilhliðrun á sköttun varðandi aldrað fólk, eldra en 67 ára gamalt, það eigi að vera skylda, það skuli fella niður útsvör hjá því fólki. Ég verð að segja það, að áratalan ein finnst mér ekki eigi að ráða þarna. Ég er yfir 67 ára aldrinum og er með hæstu tekjur lífs míns. Ég hef ekki talið nokkra sanngirni í því að fara að undanþiggja mín ellilaun, þegar svo stendur á fyrir mér, bara af því að ég sé orðinn 67 ára gamall. Ég hefði haft ógeð á því að standa að slíkri lagasetningu í mínum sporum og ég tel, að það sé í raun og veru alveg sjálfsagt, að það af öldruðu fólki, sem hefur háar tekjur, borgi skatta og skyldur eins og aðrir, en heimildirnar séu hins vegar notaðar gagnvart því fólki, sem ekki hefur annað en lífeyristekjur sínar frá tryggingunum að sjálfsögðu, og til þess eru fullar heimildir í frv. Mér finnst þess vegna, að góðsemin og hjartagæzkan gangi jafnvel of langt hjá þessu fólki. Það er eingöngu afleiðingin af því, að þeir þurfa ekki að bera ábyrgð á að ná tekjuendum skattafrv. saman. Við, sem erum í stjórnaraðstöðu núna, þurfum hins vegar að sjá því nokkurn veginn borgið, að sveitarfélögin fái með þessari nýju lagasetningu svipaðar tekjur og þau hefðu fengið á árinu 1972, ef gamla kerfið hefði gilt áfram, og það er mín sannfæring, að með þeim heimildum, sem í frv. eru, þá sé þessu takmarki nokkurn veginn náð. Hins vegar hefði þetta alls ekki náðst, ef maður hefði orðið við öllum þeim óskum og beiðnum um undanþágur hinum og þessum til handa, sem stjórnarandstaðan hefur verið að gera sig góða með að flytja.

Fleira er það held ég ekki, sem ástæða er til að segja. Ég vil þó að lokum segja það, að hér var fullyrt í dag, að engir menn, sem vit hefðu á skattamálum, hefðu komið nálægt samningu þessara frv. Þetta er algjörlega ómaklegt í garð þeirra manna, sem stóðu að samningu frv. Þar unnu að margir af okkar færustu mönnum í skattamálum. Það er alveg ástæðulaust að kasta að þeim steini og brigzla þeim um þekkingarleysi. Það er gert af þm., sem ekki hafa þekkingu í skattamálum á við þessa menn marga hverja. (Gripið fram í.) Ég nefndi engan. Nefndi lamb og leit á mig, sagði maðurinn. (**Gripið fram í:** Það hefur enginn komið nálægt þessu, sem hefur haft heildaryfirsýn.) Ég leit ekki einu sinni á þig. Ég fagna því svo, að það tekst að ljúka umr. um kvöldmatarleytið, en hef fallizt á það, að atkvgr. sé frestað til morguns.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 437, n. 448, 450 og 451, 452, 453, 463).

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 450 felld með 21:15 atkv.

Till. á þskj. 448 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 21:18 atkv.

1. gr. samþ. með 21:16 atkv.
2. gr. samþ. með 21:16 atkv.
3.–4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 463 samþ. með 32 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452,1 samþ. með 34:2 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452,2 samþ. með 31:1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
12.–20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.–22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 453 felld með 21:18 atkv.
23. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
24.–25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452,3 samþ. með 36 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
27.–35. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452,4 (7 nýjar gr. í nýjum kafla, verða 36.—42. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
– 452,5 (breytt kaflatala) samþ. án atkvgr.
– 452,6 (36. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
37.–41. gr. (verða 43.–47. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt (verður 48. gr.), samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:19 atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 464, 465, 466, 467).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. – Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun leyfa mér að mæla hér örlítið fyrir nokkrum brtt., raunar 15 talsins, sem við í 2. minni hl. heilbr.- og félmn. þessarar d. flytjum á þskj. 466. Ég get um margar þessar brtt. vísað til þess, sem þegar er komið fram í málflutningi okkar. Ég mun aðeins nefna nokkur aðalatriði og þá fyrst 1. brtt. okkar um það, að tekjustofnum sveitarfélaga verði fjölgað frá því, sem þetta frv. leggur til, þannig að til sveitarfélaga falli einnig framlög úr ríkissjóði, sem nema 5% af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, eins og þær eru greindar í 25. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi brtt. er tilkomin vegna þess, að samþykkt okkar till. að öðru leyti mundi hafa í för með sér nokkra tekjuskerðingu sveitarfélaga frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og einnig vegna þess, að okkur finnst það eðlileg stefna, að í hlut sveitarfélaganna falli meiri hluti en nú er af beinum tekjuskattstekjum. Raunar gengur okkar stefna enn lengra. Hún er, að við viljum, að beinir tekjuskattar falli að öllu til sveitarfélaga, en ríkissjóður sitji síðan að öðrum tekjustofnum. Fasteignaskattar yrðu aðeins þjónustuskattar í samræmi við þá þjónustu, sem sveitarfélagi er nauðsynlegt að veita þeim fasteignum, sem þar eru.

Þetta er að mínu viti mjög eðlileg stefna, þar eð

hingað til hefur fallið í hlut sveitarfélaga að sinna þeim verkefnum, sem standa í nánara og ef svo mætti segja persónulegra sambandi við hina einstöku skattborgara heldur en þau verkefni, sem ríkið sinnir. Þessa verkaskiptingu hefði að sönnu þurft að gera mun skýrari og standa að því leyti við ákvæðið í margnefndum málefnasamningi, sem ég hef nú aldrei meðferðis, en man þó, að þar er nefnt sem stefnumið að skuli gera, marka þessa tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga enn skýrara með það fyrir augum að gera sveitarfélögin sjálfstæðari. Undir þessa stefnu tökum við sjálfstæðismenn heils hugar og hörmum, að ekki skuli hafa verið neitt í því máli gert annað en taka viss verkefni frá sveitarfélögum, sem segja má raunar, að með eðlilegum hætti mættu gjarnan undir þau falla, en þetta breytir því í engu, að við stefnum að því, að slík endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fari fram og henni verði lokið svo fljótt sem verða má.

2. brtt. okkar fjallar um fasteignaskatt. Við leggjum til, að í stað þess, að skylt sé sveitarfélögum að leggja skatt á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, verði þeim það aðeins heimilt. Sveitarfélögum verði það í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti þau nota heimild til álagningar fasteignaskatts. Í samræmi við það leggjum við til, að 3. mgr. 3. gr. frv. falli niður, og enn fremur leggjum við til, að 4. mgr. þeirrar gr., sem inn kom í frv. við meðferð þess hér á Alþ., falli niður þegar af þeirri ástæðu, að við teljum mjög ósanngjarnt og algerlega óeðlilegt að miða skattlagningu fasteigna við það, hvar eigendur þeirra eru búsettir. Enn fremur má nefna það, að mat á hlunnindum, sem þarna eru nefnd, mun vera miðað við þær tekjur, sem af þessum hlunnindum verða, og er fyllilega óeðlilegt að leggja skatt á það bæði í þeirri sveit, þar sem fasteignin er, og einnig á þær tekjur, sem þessi hlunnindi gefa af sér og eru svo skattlagðar í heimasveit gjaldandans.

Nokkrar brtt., sem við flytjum, eru aðeins til samræmis við aðrar brtt. okkar og sumar til að gera orðalag frv. skýrara. Svo er um brtt. okkar við 5. gr. Hún er einungis til þess að gera skýrara það ákvæði, sem hún felur í sér. Veigamikil brtt. er við 21. gr. um það, að þeir, sem útsvarsskyldir eru, séu ekki aðeins þeir einstaklingar, sem þar eru nefndir, heldur einnig fyrirtæki og félög, sem reka starfsemi í sveitarfélaginu. Þetta er í samræmi við ábendingar samtaka atvinnuveganna, þar sem þau samtök benda á, að tekjuútsvar fyrirtækja mundi stuðla að og auka áhuga sveitarfélags á að búa vel að sínum atvinnurekstri.

Næstu brtt. á eftir eru í samræmi við þessa meginstefnu, og við þessa sömu gr. er brtt., sem hér er merkt c í 7. brtt. okkar, sem fjallar um það, að hags einstaklingsins, réttar einstaklingsins, skattborgarans skuli vera betur gætt heldur en þetta frv. virðist stefna að. Eftir frv. eins og það er, hefur sveitarstjórn heimild til þess að hækka útsvör gjaldanda algerlega án hans vitundar eða án nokkurrar skýringar gagnvart gjaldanda og við leggjum til þá lágmarksleiðréttingu, að ef svo er gert, að framtali sé breytt gjaldanda í óhag, þá sé skylt að tilkynna honum þá fyrirætlan og gefa honum kost á því að gæta réttar síns. Þetta er einungis sjálfsagt mannréttindaatriði, sem mig furðar á, að ekki skuli enn þá hafa verið tekið til greina.

Við 25. gr. gerum við brtt. um það, að útsvar skuli ekki nema hærri hundraðshluta af tekjum en 10%, og höfum við þá í huga, að tekjuútsvar beri einnig aðrir aðilar, eins og ég nefndi áðan, að við gerðum brtt. um í sambandi við 21. gr., þ. e. a. s. félögin og fyrirtækin. Við 26. gr. gerum við þá brtt., að persónufrádráttur verði nokkru hærri heldur en frv. gerir ráð fyrir og einnig feli hún í sér nokkra ívilnun og raunar algera breytingu að því er varðar einstæða foreldra frá því, sem er í frv. Við leggjum til, að útsvar hjóna og einstæðra foreldra, sem halda heimili og framfæra þar börn sín innan 16 ára, lækki um 10 þús. kr., um 7 þús. kr. útsvar einstaklinga og um 5 þús. kr. hjá hvoru hjóna, ef þau telja fram sitt í hvoru lagi, og um 1500 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, og 2 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, ef þau eru fleiri en þrjú. Þessa brtt. leggjum við mikla áherzlu á, sérstaklega að því er varðar frádrátt einstæðs foreldris, en ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum frádrætti einstæðra foreldra í þessu frv., sem við erum nú að ræða.

Þá gerum við tillögu til efnisbreytingar um álagningu aðstöðugjalds, breytingu á frv. eins og það er eftir 2. umr. hér í þessari d. í gær. Við gerðum við 2. umr. grein fyrir því, að þeirri breytingu, sem þá var gerð á frv., værum við ekki efnislega sammála, heldur teldum við það aðeins vera formlega leiðréttingu á frv., eins og það lá fyrir þá. Það er vitanlega með eindæmum, að það sé vísað í einni gr. í lög, sem síðan eru afnumin í þeirri næstu, eins og er í frv. Á þetta benti hv. 11. landsk. þm. í heilbr.- og félmn. og stjórnarsinnar sáu, að það mundi nokkru bjarga, að taka þessa ábendingu til greina. Þetta þýddi hins vegar alls ekki, að við værum þessari breytingu efnislega sammála, enda flytjum við brtt., sem ganga í aðra átt. Við í 2. minni hl. leggjum til, að aðstöðugjald megi leggja á á árinu 1972, en að hér verði ekki um að ræða ótakmarkaða heimild fram í tímann og aðstöðugjald megi ekki verða hærra í hverju sveitarfélagi en nemi helmingi þess hámarks, sem leyfilegt var á árinu 1971. Ég vísa um þetta atriði til þess rökstuðnings, sem við fluttum fyrir þessari skoðun okkar í gær, og viljum við að þessu leyti koma til móts við þær óskir samtaka atvinnuveganna, að þeim verði ekki íþyngt svo mjög sem nú er að stefnt með báðum þeim skattafrv., sem fyrir liggja hér á Alþ.

14. brtt. okkar er aðeins til samræmis eða leiðir af 1. brtt. okkar. Hún er aðeins um það, hvernig eigi að koma því fyrir, að framlög úr ríkissjóði, sem við nefnum þar, skuli renna til sveitarfélags, eftir hvaða reglum það skuli gert.

15. brtt. varðar loks atriði, sem hér var talsvert rætt í gær og að misjafnlega vel athuguðu máli að mér virtist. En okkar brtt. hljóðar svo:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður: Sveitarstjórnum er heimilt með samþykki rn. að veita allt að 50% frádrátt frá tekjum giftrar konu, áður en útsvar er á þær lagt, þar til heildarendurskoðun á skattamálum hjóna hefur farið fram."

Þetta er í samræmi við þá stefnu, sem okkar flokkur hefur markað, að heildarendurskoðun fari fram á skattamálum hjóna með það fyrir augum, að tekið sé tillit til þeirrar konu, sem vinnur alfarið á sínu heimili, eins og þeirrar konu, sem aflar tekna utan heimilis. Við viljum, að það sé gert á þann hátt, að við skattlagningu sé henni ætlaður til skattlagningar helmingur af tekjum

heimilisins, hvort sem það er bóndinn, sem aflar þeirra tekna utan heimilis, konan, sem aflar þeirra, eða þau bæði til samans, þá séu alla vega þessar tekjur samanlagðar og þeim síðan skipt til helminga, áður en skattur er lagður á. Menn finna það þessari skoðun til foráttu, að þarna muni eiginkonu hátekjumanns verða óþarflega mikið ívilnað, eins og sagt er. Ég vil líka benda á það, að eiginmaður hátekjukonu, sem e. t. v. væri bundinn við störf á sínu heimili á meðan konan ynni úti allan daginn, nyti sams konar ívilnunar, ef það væri mönnum einhver huggun. Mín skoðun er sem sagt sú og ég er ófeimin við að segja það, að þótt tekjur heimilisins séu háar, hvort hjónanna sem aflar þeirra, þá tel ég, að hitt hjónanna eigi svo sannarlega sinn þátt í því, að þeirra tekna sé aflað, og finnst þessi röksemd, sem fram hefur verið borin gegn þessu, algerlega óhaldbær til að hagga þessari skoðun. Ég held einnig, að þessi stefna okkar sé mun nær meginreglum íslenzks sifjaréttar heldur en aðrar skoðanir, sem fram hafa komið um þetta efni.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í þær röksemdir, sem hv. 5. þm. Vesturl. nefndi í sambandi við þessi mál. Hún virtist hafa talsverða tilhneigingu til að blanda þessari stefnu saman við aðstöðugjaldshugleiðingar. Ég vil aðeins benda á, að það fyrirkomulag, sem hún lagði til að upp væri tekið, að athuga störf á hverju heimili, hversu mismunandi þau eru, og meta þau síðan á mismunandi hátt og þá væntanlega til mismunandi hárra launa, þessi hugmynd er einmitt um það, að konan sé launþegi hjá manninum, m. ö. o. maðurinn atvinnurekandi, konan launþegi, heimilið fyrirtæki og maðurinn greiði aðstöðugjald. Ég sé ekki annað en þetta lægi í augum uppi, ef þessi leið væri farin. Þess vegna held ég, að það sé alveg einsýnt, að hún fylgi okkar till., ef hún er mótfallin því, að hjónin greiði aðstöðugjald af heimili sínu.

Ég legg enn áherzlu á það, að við endurskoðun á skattamálum hjóna verði haft samráð við sérfræðinga í sifjarétti, og vona og treysti því, að hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, hlutist til um, að svo verði gert.

Ég hef nú lokið við að mæla fyrir þessum till. í einstökum atriðum, vil aðeins við þetta bæta einu atriði, vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði á það áherzlu hér í sínum málflutningi í gær, sem æ ofan í æ hefur komið fram sem röksemd eða ég vil segja afsökun stjórnarsinna fyrir því að standa hér að því að samþykkja þessi frv. Þeir segja sem sé, að þetta sé algerlega nauðsynlegt, vegna þess að við höfum samþ. hækkanir tryggingalaganna nú í vetur. Það er enginn mér vitanlega, – ekki a. m. k. í þeim þingflokki, sem ég starfa í, – sem heldur því fram, að þetta sé eina leiðin til að fjármagna kerfi almannatrygginganna.

Því fer svo fjarri. Það má hugsa sér þar ýmsar leiðir, og margar þjóðir hafa reynt aðrar leiðir í þessu efni. Það skaðar ekki, að í því sambandi bendi ég á, svona rétt til að stytta mál mitt um þetta efni, grg. hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir till. um endurskoðun tryggingamála, sem hann flutti hér nú fyrir nokkrum dögum. Þar bendir hann einmitt á ýmis atriði í fjármögnun trygginga, sem kæmu til greina.

Sú niðurfelling nefskatta til tryggingakerfisins, sem stjórnarliðið hefur verið svo barnalega glatt yfir, allt frá því er þessi frv. voru lögð fram, er að mínu viti ekki að öllu leyti jafnánægjuleg og þeir vilja vera láta. Vera má, að ekki sé að öllu leyti rétt að kalla tekjuöflunarkerfi tryggginganna, eins og það var, nefskatta, þar eð það voru í raun og veru svo mörg nef, sem ekki þurftu að standa straum af þessum skatti. Ég vil benda á, að tæp 18% gjaldenda á landinu árið 1970 voru elli- og örorkulífeyrisþegar, allt saman fólk, sem ekki þurfti að greiða nefskatta. Þetta fólk, 18% gjaldenda, var lögum samkv. undanþegið greiðslu þessara margumræddu nefskatta og naut sérstaks ellilífeyrisfrádráttar frá skattalögum. Þá má hafa það í huga, að á aldrinum 16–21 árs voru tæp 23% gjaldenda. Í mörgum sveitarfélögum tíðkaðist það að greiða tryggingagjöld fyrir fólk á þessum aldri, sem að miklum hluta til er námsfólk, sérstaklega þeir, sem eru innan við 18 ára, vegna þess að þeir voru innan við það tekjumark, sem ætlazt var til, að menn greiddu skatt af, voru á svonefndri skattleysingjaskrá. Enn má nefna, að talsverður hluti námsmanna greiddi ekki heldur nefskatta, bæði vegna sinna kjarasamninga og vegna lagaákvæða, en það voru iðnnemar. Ég hef því miður ekki tölur um, hvað þetta hefur verið margt fólk, en það sér hver maður, sem um þetta vill hugsa, að þetta er talsverður fjöldi. Enn bætist við, að fjöldi þeirra námsmanna, sem áður var gert að greiða tryggingagjald, fékk að vísu skattseðilinn sinn, þar sem þetta gjald var á lagt, en ég er hrædd um og geri ráð fyrir, að margir hv. þm. kannist við það, að það hafi verið í æðimörgum tilfellum, sem það féll í hlut foreldranna að greiða þetta gjald. Það, sem núna hefur gerzt, er, að þetta gjald hverfur af skattseðli unglinganna á heimilunum og er bætt við á skattseðil foreldranna, þó með misjöfnum þunga sé. Gjöld þessi hvíla eftir sem áður á heimilum unglinga. Ég held því, að þessi margumrædda niðurfelling nefskatta hafi ekki eins geysimikla þýðingu og oft er látið í veðri vaka.

Jafnvel má einnig benda á, að við fjármögnun tryggingakerfis finnst mér a. m. k. persónulega það vera skynsamlegt, að fólkið viti hvað það er að kaupa fyrir þá peninga, sem það greiðir til hins opinbera. Ég tel, að það væri sem sé ekkert á móti því, að sá hluti tekjuskatts, – ef fjármögnunin fer fram í því formi, – sá hluti tekjuskatts, sem gengur til tryggingakerfisins, sé tilgreindur, til þess að fólk átti sig á því, hvað það er, sem fer til þess að fjármagna tryggingarnar. Þá eru þær einnig nær því að vera raunverulegar tryggingar heldur en ef þær aðeins ganga inn í almennt tekjuöflunarkerfi ríkisins að ótilgreindum hluta. Það verður til þess, að talsvert dregur úr því tryggingasjónarmiði, sem ég tel, að eigi að ríkja á bak við fyrirkomulag almannatrygginga og ég held, að raunverulega hafi verið ætlunin í upphafi. Aðstoð við framfærslu á hins vegar að mínu viti fremur að tilheyra sveitarfélögunum og höldum við okkur þá við þá gömlu hugsjón, sem upphaflega stóð að margra áliti á bak við hina fornu hreppaskiptingu í landinu. Ég efast um, að það sé skynsamlegt að færa þau mál æ meir á ríkisins herðar. Þetta, vildi ég sérstaklega benda á, vegna þess hve mjög því er haldið á loft, að tryggingakerfið sé orsök þess, að við séum að samþykkja þetta undarlega skattkerfi, sem nú stendur til að gera hér í báðum deildum Alþingis. Ég held, að hv. stjórnarsinnar verði að finna til þess einhverja

haldbetri afsökun heldur en þá, að tryggingar þurfi að vera í landinu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 465 ásamt hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, brtt. við 23. gr. frv., þar sem lagt er til, að til frádráttar komi, áður en útsvar er lagt á, ekki einasta það, sem tilgreint er í gr., eigin húsaleiga og skyldusparnaður heldur einnig, eins og till. segir, vextir af lánum úr lífeyrissjóðum og/eða Byggingarsjóði ríkisins, sem áhvílandi eru á íbúðarhúsnæði gjaldanda, sem nýtt er til eigin afnota. Ég tel, að hér sé farið eins hógværlega í sakirnar og frekast er unnt, þar sem tilgreindir eru aðeins þessir tveir lánaaðilar, sem allir eða flestallir húsbyggjendur þurfa að taka lán hjá og aðeins gert ráð fyrir, að þetta nái til þeirra aðila, sem búa í eigin íbúðum eða þeim íbúðum, sem nýttar eru af eigandanda sjálfum. Við höfðum þetta í því formi í þeirri von, að þetta þætti eitthvað aðgengilegra heldur en ef hefði verið tekinn sá kostur t. d., eins og vel kom til greina, að vextir af áhvílandi veðskuldum á íbúðum almennt yrðu dregnir frá, áður en til útsvarsálagningar kæmi. En eins og ég sagði, við gerðum það í þeirri von, að þetta mætti þó verða frekar til þess að finna náð fyrir augum þeirra manna, sem nú ráða, hvort slíkar breytingar eru teknar inn eða ekki.

Ég skal svo ekki hafa um till. fleiri orð. Hún er ljós og skýr, þarf ekki neinnar sérstakrar grg. með, og almennt ætla ég ekki að fara að þreyta hv. þm. á umr. um málið. Það er búið að tala það mikið hér um tölur og útreikninga og annað slíkt, að ég ætla ekki að fara inn á það. En ég vildi aðeins leiðrétta eitt, sem kom fram hjá frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann var að reyna að sannfæra þm. um það, að giftar konur, sem afla sér tekna utan heimilis, færu betur út úr þessum lögum heldur en áður hefði verið. Það er svo með þetta atriði eins og í mörgum tilfellum öðrum, að hægt er að blekkja með því að segja aðeins hálfan sannleikann, eins og þessi hv. þm. gerði. Þegar tekjustofnalögin eru rædd, þá hljóta í þessu tilfelli, eins og almennt er í mörgum öðrum tilfellum í sambandi við lögin, að tengjast við þær umræður ákvæði þeirra skattalaga, sem hafa verið til umr. og eru hér til umr. í hv. Ed. Það hlýtur því að verða svo, að ef á að meta þessa aðstöðu, meta þessi hlunnindi giftra kvenna, sem aflað hafa sér tekna utan heimilis, meta þá aðstöðu eins og hún raunverulega er við þá breytingu, sem gerð er á þessum tvennum lögum, þá verður að taka hvort tveggja þetta til greina.

Hann tók tiltekið dæmi, þar sem maður hefði 400 þús. kr. tekjur og konan aflaði sér 200 þús. kr. tekna, og fékk út úr því, að útsvar yrði þá aðeins 20 þús. kr. eða 22 þús. kr., ef ákvæðið um 10% álag yrði notað, í staðinn fyrir að útsvarið hefði orðið 30 þús. kr. miðað við gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaga. Þó að aðeins sé litið á þetta atriði, þá er það náttúrlega rangt að taka töluna þannig, því að ef kona hefur greitt 30 þús. kr. útsvar árið áður, þá fær hún það dregið frá sínum 100 þús. kr., sem eftir verða. Hún mundi því aðeins greiða 30% af 70 þús. kr. eða 21 þús. kr., miðað við tekjustofnalögin eins og þau eru í dag, þannig að aðeins þetta er ekki rétt með farið. Það er ekki tekið tillit til þess, sem allir vita, að útsvör eru frádráttarbær og kona, sem hefði greitt árið áður 30 þús. kr., hefði fengið það frádregið sínum 100 þús. kr. tekjum, sem komu til skattlagningar við útsvarsálagningu, og þess vegna ekki greitt nema 21 þús. kr. af þessum 100 þús. kr. Hitt er annað atriði, sem ég nefndi, að blekkja mætti með því að segja ekki nema hálfan sannleikann. Ef tekin eru samanlagt skattar og útsvar giftra kvenna, sem afla sér tekna utan heimilis, þá er þar um verulega hækkun að ræða. Og í þessu tilfelli hefði hún miðað við gildandi lög átt að greiða 48 900 kr. samanlagt í útsvar og skatta af þessum 100 þús. kr. eða 57 þús. kr., ef hún hefði ekki greitt útsvar árið áður, svo að ef hún greiddi full 30% af 100 þús. kr., þá hefði hún átt að greiða 57 þús., annars 48 900 kr., ef hún hefði greitt útsvar árið áður. En miðað við það frv., sem við erum hér að ræða, þá á hún fyrst að greiða 20 þús. kr. eða 22 þús. kr., ef hækkunarheimildin er notuð, og auk þess, eins og hann sagði réttilega, þar sem þarna er orðið um samanlagðar hátekjur að ræða, 600 þús., þá ætti eiginmaðurinn hennar vegna að greiða 44% af þessum 100 þús. kr. eða 44 þús. í skatt. Samanlagt gerir þetta 64 eða 66 þús. kr. og aðstaða þessara aðila, giftra kvenna, sem afla tekna utan heimilis, versnar því þarna verulega, og þarna er um það stóra upphæð að ræða, að ég er sannfærður um, að þetta dregur úr áhuga giftra kvenna á að afla sér tekna utan heimilis, þegar þær sjá, að þannig er þeirra starf metið, sem allir vita, að er þjóðfélagsnauðsyn í dag. Það er ekki einasta í fiskiðnaðinum, það er í ýmsum fleiri tilfellum. Það er orðin þjóðfélagsnauðsyn, að giftar konur afli sér tekna og taki þátt í atvinnulífinu. En með því að ganga á þeirra rétt, sem verið hefur, þá er ég sannfærður um, að það mun draga úr áhuga á að gera þetta eftirleiðis.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Grundvöllur þess frv., sem liggur hér fyrir um tekjustofna sveitarfélaga, er auðvitað sá, hvaða verkefni sveitarfélögin hafa með höndum og hversu mikið fé þau þurfa til þess að sinna þeim störfum. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er mikið vandamál og ég ætla, að allir séu á einu máli um það, að á því máli þarf að fara fram gagnger og rækileg endurskoðun. Það er á því enginn vafi, að æskilegt er að greina betur sundur ýmis þau verkefni, sem nú hvíla sameiginlega á ríki og sveitarfélögum. Um sum verkefni er í raun og veru alveg óljóst eftir íslenzkum lögum, hvor aðilinn á að hafa frumkvæði. Ég get nefnt sem dæmi atvinnumálin, ef atvinnuleysi er yfirvofandi eða á skollið að sumu leyti, húsnæðismálin, og þannig mætti nefna marga fleiri málaflokka, sem í rauninni er ekki ljóst um eftir íslenzkri löggjöf, á hvorum aðila frumkvæðið og meginskyldurnar hvíla.

Í öðru lagi er mjög æskilegt að greina betur sundur ábyrgð og framkvæmdir og fjáröflun um ýmislegt, sem nú er á höndum beggja aðila. En einnig er það víst, að mörg mál, sem nú eru ýmist að öllu leyti eða einhverju leyti á höndum ríkisins, eru betur komin í höndum sveitarfélaganna einna. Ég nefni þar m. a. skólamál og fræðslumál, íþróttamál og mannvirki, félagsmál ýmis, barnaheimili, barnavernd, velferðarmál aldraðra og margt og margt fleira mætti hér tiltaka. Þetta er allt að sjálfsögðu til athugunar og ég veit, að hæstv. ríkisstj.

hefur í hyggju að gefa þessu málefni verulegan gaum. Hingað til liggja ekki fyrir neinar till. í þessu efni frá ríkisstj., fyrir utan það, sem ég mun nefna hér á eftir, tryggingar og löggæzlu, en mér dettur ekki í hug að álasa hæstv. ríkisstj. fyrir það. Þvert á móti, ég tel einmitt, að slík athugun þurfi mjög gaumgæfilega skoðun og krefjist síns tíma.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, byggist á því m. a., að tveir málaflokkar séu að öllu leyti á kostnað ríkisins, sem sveitarfélögin hafa greitt til áður, það eru tryggingarnar og það er löggæzlan. Um þetta er ekki nema gott eitt að segja og í samræmi við óskir og till. sveitarstjórnasambandsins fyrr og síðar. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að Samband ísl. sveitarfélaga þakki fyrir sig og hafi á ráðstefnu sinni nú ekki alls fyrir löngu þakkað ríkisstj. fyrir þessar góðu gjafir.

En í sambandi við framkvæmd þessa máls er þó ekki hægt hjá því að komast að minnast á það, sem aflaga fer. Nú er það svo, að löggæzlumenn eru yfirleitt eða að verulegu leyti starfsmenn sveitarfélaganna og á nú að gera þá að starfsmönnum ríkisins og ríkið hafi allan tilkostnað við löggæzluna. Hér í Reykjavík eru að ég ætla 164 lögreglumenn, sem allir eru skipaðir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Með þessum fyrirætlunum ríkisstj. er ætlunin að flytja þennan hóp manna þegjandi og hljóðalaust frá Reykjavíkurborg yfir á hendur ríkisins. Fyrir þessu er gert ráð í grg. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og margyfirlýst af ríkisstj. Nú skildi maður ætla, að það hefði þó verið frumskylda hæstv. ríkisstj. að ræða við þessa starfsmenn og samtök þeirra, sem eru löggildur aðili að kjarasamningum, áður heldur en slíkar ráðstafanir eru tilkynntar og ákveðnar. En svo er mál með vexti, að þótt nú séu liðnir röskir þrír mánuðir frá því að þetta frv. er lagt fyrir og tilkynnt var opinberlega um þessar ákvarðanir ríkisstj. og þingmeirihluta, þá hefur ekkert verið af hálfu ríkisstj. rætt við þessa starfsmenn, sem þannig á að þeim forspurðum að því er virðist að flytja frá borg yfir til ríkis.

Nú skal ég undirstrika það og endurtaka, að það hefur verið ósk sveitarstjórnarmanna, að sveitarfélögin losnuðu við þennan kostnað, en vinnubrögðin í þessu efni eru óafsakanleg. Og svo hefur þessum vinnubrögðum verið tekið, að 12. febr. s. l. hélt Lögreglufélag Reykjavíkur, sem er lögmætur samningsaðili um þetta mál, aðalfund sinn og voru þar lagðir fram undirskriftalistar frá 114 lögreglumönnum, þar sem þeir mótmæla því, að borgarlögreglan í Reykjavík verði gerð að ríkislögreglu, nema því aðeins, að tryggt verði með fyrirfram gerðum samningum milli ríkisstj. og Lögreglufélags Reykjavíkur, að í engu verði skert starfskjör, sem borgarlögreglumenn njóta nú, en þau eru í ýmsu betri en starfskjör ríkislögreglumanna. Við teljum það fráleitt, að Reykjavíkurborg sé látin afhenda ríkinu 164 starfsmenn sína, án þess að neitt sé um það rætt við stjórn stéttarfélags þeirra eða á annan hátt leitað þeirra álits. Í framhaldi af þessu gerði svo Lögreglufélag Reykjavíkur ályktun um þessi mótmæli, sem send var dóms- og kirkjumrn., en það virðist koma fyrir ekki, engar viðræður hafa enn í dag átt sér stað við þennan aðila. Nú er það svo, að eins og kemur fram í þessum undirskriftum og álitsgerðum, þá njóta borgarlögreglumenn að ýmsu leyti betri kjara heldur en ríkislögreglumenn, og eitt er það, sem ég ætlast beinlínis til, að hæstv. ríkisstj. gefi yfirlýsingar um, um leið og hún hefur ákveðið, að þessi hópur manna skuli þannig flytjast yfir til ríkisins, yfirlýsingu um það, að þessir opinberir starfsmenn skuli einskis missa í varðandi sín kjör.

Í öðru lagi er æskilegt að fá það upplýst, hvernig hugsuð er samningsaðild þessara starfsmanna gagnvart ríkinu, eftir að þessi flutningur hefur átt sér stað. Hingað til hefur Lögreglufélag Reykjavíkur verið beinn samningsaðili við hlið Starfsmannafélags Reykjavíkur við borgaryfirvöld, og nú er spurningin, er það ætlun ríkisstj., að þetta félag renni þá inn í Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og að það verði samið um þess mál ekki beint, eins og verið hefur, heldur fyrir milligöngu þess bandalags. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði í sambandi við flutning á þessum starfsmönnum, því að ég tel, að hér sé um vinnubrögð að ræða, sem ekki er hægt að þegja yfir og sem ekki er hægt að bjóða stórum hóp starfsmanna hins opinbera. Og þetta er að vísu furðulegt. Það er eins og það ætli að verða árátta hæstv. ríkisstj. hinna vinnandi stétta að storka opinberum starfsmönnum með vinnubrögðum, sem að dómi formanns BSRB minna helzt á aðfarir útlendra atvinnurekenda gegn íslenzkum launþegum fyrir rúmlega hálfri öld. Þegar þetta bætist ofan á þá stórstyrjöld, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið í mánuðum saman við BSRB, þá er vissulega ástæða til þess að hreyfa þessu og óska skýrra svara frá hæstv. ríkisstj.

Þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því, hverra tekjustofna sveitarfélögin þurfi með til að sinna sínum verkefnum, þá er það upp talið í 1. gr. þessa frv., hverjir þeir tekjustofnar séu, og er það að verulegu leyti í samræmi við það, sem gildandi er nú, útsvör, aðstöðugjöld, framlög úr Jöfnunarsjóði og fasteignaskattur. Nú er það svo, að langsamlega mikilvægasta sporið, sem stigið hefur verið til umbóta fyrir sveitarfélögin, var stigið 1960, þegar sveitarfélögunum var fenginn hluti af söluskatti. Það hafði löngum verið baráttumál sveitarfélaganna, að þau þyrftu ekki að mestu leyti að byggja á útsvörunum, sem auðvitað eru miðað við stopula og breytilega atvinnuafkomu nokkuð breytileg frá ári til árs, og óskuðu eftir því að fá fleiri stoðir að standa á. Þetta var gert 1960 með þessari mikilvægu ákvörðun Alþ. þá að veita sveitarfélögunum um hendur Jöfnunarsjóðs 1/5 söluskattsins. Þetta helzt áfram óbreytt, þó þannig, að nú eru aðrar prósentur heldur en upphaflega voru ákveðnar, viss hundraðshluti af aðflutningsgjöldum og viss hundraðshluti af söluskatti, en í meginatriðum er þessu haldið enn, og er ætlað að gera það með frv. En í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár munu það vera um 614 millj. kr., sem sveitarfélögin eiga með þessu móti að fá. Að þessu leyti er því gert ráð fyrir að halda áfram því, sem gert var réttilega 1960, og er það vel. Þó hefði ég talið æskilegt fyrir mitt leyti, að hlutur sveitarfélaganna af þessum tekjustofnum, hinum óbeinu sköttum, væri gerður stærri heldur en nú er.

Ég nefndi það, að sveitarfélögin hefðu með eðlilegum hætti þakkað fyrir sig á þeim fulltrúaráðsfundi, sem haldinn var ekki alls fyrir löngu, og hefur því mjög verið á lofti haldið af stjórnarsinnum og málgögnum þeirra. Og þá er alltaf vitnað í örlítinn hluta, hinn almenna inngang í þessari yfirlýsingu, en sleppt því, sem kannske er ekki alveg eins hagstætt fyrir hæstv. ríkisstj.

Fulltrúaráðsfundurinn lýsti því yfir, að hann teldi frv. fela í sér mikilvæga einföldun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga og stefnt virtist að einfaldara og virkara skattkerfi, – það er nú að vísu sagt „virðist", það er ekki alveg fullyrt, að svo sé, að tekjustofnar sveitarfélaga eru ekki eins háðir hagsveiflum og verið hefur og ríkið tekur að mestu að sér hina félagslegu þætti skattlagningar. Þetta, að ríkið tekur að sér löggæzlukostnað og almannatryggingar, er eðlilegt og allir sammála um það.

Varðandi það, að sveitarfélögin verði ekki eins háð hagsveiflum, þá er auðvitað átt við fasteignaskattana, sem allir vita, að er mjög traustur tekjustofn og breytist ekki svo ýkjamikið frá ári til árs, þótt aðrir tekjustofnar kynnu að breytast. Það er ekkert óeðlilegt, að sveitarfélögin fagni þessu, en um leið og ég nefni fasteignaskattana, þá vil ég taka það fram, að þótt þeir séu sjálfsagðir tekjustofnar sveitarfélaga, þá tel ég, að of langt sé gegnið og fasteignaskattarnir ætlaðir of háir með þessu frv., sem hér liggur fyrir. En það segir fleira en þetta í ályktun sveitarstjórnasambandsins. Þar segir í fyrsta lagi, að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar. Það sé ljóst, að mörg þéttbýlissveitarfélög verði að nýta alla tekjuöflunarmöguleika með öllum álagsheimildum frv. og nokkur sveitarfélög virðist alls ekki ná saman endum. Meiri sveigjanleiki í notkun tekjustofna sé nauðsynlegur en gert er ráð fyrir í frv. Enn fremur segja sveitarfélögin: Eigi sveitarfélögin að geta haldið þeim framkvæmdahraða, sem þau hafa haft að undanförnu, hvað þá aukið hann, sem víða virðist nauðsynlegt, er fullljóst, að ákvæði frv. gefa alls ekki nægilega möguleika til tekjuöflunar. Þess vegna er niðurstaða þessa fundar m. a. sú, að það þurfi að gera þær breytingar að veita meiri möguleika til tekjuöflunar og sveitarfélögin þurfi á meiri valkostum að halda í nýtingu tekjustofna.

Á margt fleira er bent, sem æskilegt væri að breyta í þessum frv. Þetta er nauðsynlegt, að við höfum í huga. Og í stað þess að stefna markvisst að auknu sjálfsforræði sveitarfélaganna, gefa þeim sæmilega rúmar hendur til þess að sinna sínum mikilvægu verkefnum, þá er með þessu frv. fremur þrengt að þeim og þau fá ekki það svigrúm, sem þau óska eftir og þurfa á að halda. Nú veit ég ósköp vel, að hæstv. ráðh. munu svara þessu, að sveitarfélögin þurfi meira svigrúm og meiri tekjumöguleika, með því, að þetta stangist alveg á við það, sem hér hafi verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að heildarupphæð skattanna samkv. þessum frv. sé allt of há. Og hér rekist eitt á annars horn, eins og hæstv. félmrh. vitnaði hér í eftir þjóðskáldið. En við þetta er margt að athuga.

Í fyrsta lagi er það, að við, sem höfum gagnrýnt, að heildarupphæð skattanna til hins opinbera samkv. þessum frv. geti orðið og verði líklega allt of há, byggjum gagnrýni okkar að þessu leyti fyrst og fremst á því, að ríkissjóður ætli að taka miklu meira til sinna þarfa en æskilegt er, en ekki sveitarfélögin. Og þegar við lítum á það, sem ég aðeins minntist á við 3. umr. um tekjuskattsfrv., þegar við athugum, að útgjöld ríkisins hækka á einu ári um sem næst 50%, þá hljóta menn að sjá, að hér er eitthvað bogið við og verður að staldra við. Ég skal út af ummælum hv. frsm. meiri hl. taka það fram, að ég er ekki að ásaka núv. hæstv. ríkisstj. fyrir þessa útgjaldaaukningu alla saman. Því fer fjarri. Það er alveg réttilega á bent af honum, að margt af þessu stafaði af eldri ákvörðunum eins og launasamningum opinberra starfsmanna frá 1970, af því að ríkissjóður tekur tryggingamálin o. s. frv. Þetta er sjálfsagt að viðurkenna. En engu að síður hljóta allir alþm., hvar í flokki sem þeir standa, hvort sem þeir eru stuðningsmenn eða andstæðingar núv. ríkisstj., að staldra við og hugleiða: Er það mögulegt fyrir hið íslenzka þjóðfélag að halda áfram á þessari braut að hækka svona stórkostlega útgjöld ríkisins og álögur hins opinbera á einu ári og taka jafnmikinn hluta þjóðarteknanna eins og gert er með þessu?

Það er líka margt, sem bendir til þess, að ríkið ætli sér nokkru stærri hlut nú af tekjum hins opinbera heldur en ástæða er til. Og það leikur grunur á því, að sá mikli tekjuauki, sem ríkissjóður muni fá með tekjuskattslögunum nýju, verði meiri heldur en nemur þeim útgjaldaauka, sem hann tekur nú á sig frá sveitarfélögunum, þannig að okkur segir svo hugur um, að ríkissjóður muni nú heldur hagnast á þessu um leið og hann þrengir kosti sveitarfélaganna.

En um leið og við tölum um það að gefa sveitarfélögunum nægilegt svigrúm og sæmilega frjálsar hendur, þá vil ég líka minna á það, að sveitarfélögin hafa á undanförnum árum og áratug ekki notað til fulls allar þær álagsheimildir, sem þau hafa haft. Ef litið er t. d. á útsvarsálagninguna s. l. áratug, þá ætla ég, að muni hafa á skort frá 6% og upp í 24%, þegar tekin eru öll sveitarfélög landsins, að þau hafi í heild notað ýtrustu möguleika til útsvarsálagningar. Ég held líka, að sveitarfélögunum sé treystandi til þess að hafa sæmilega rúmar hendur um tekjuöflun, vegna þess að sveitarfélögin bera vissulega sína pólitísku ábyrgð ekki síður heldur en Alþ. og ríkisstj. Hver sveitarstjórn er ábyrg sinna gerða, bæði náttúrlega gagnvart sinni eigin samvizku og auk þess gagnvart kjósendum, sem þær þurfa að bera sín mál undir á fjögurra ára fresti. Og kem ég nú að atriði, sem ég bið sérstaklega hæstv. félmrh. að leggja vel eyru við.

Svo hefur nefnilega verið í okkar skattamálum undanfarin ár, ég vil segja allan áratuginn, að flestir hafa verið sammála um það að miða skattalög, hvort sem er til ríkis eða sveitarfélags, við það að taka í vaxandi mæli tillit til félagslegra ástæðna, mannúðarástæðna, líknarsjónarmiða, menningarsjónarmiða. Ef menn athuga skattalög síðustu áratugi, þá gætir þessara sjónarmiða í vaxandi mæli við skattalagabreytingar hér á hv. Alþ. Nú er því ekki að neita, að við athugun á þessu frv. virðist að mörgu leyti stefnt hér í öfuga átt og brott frá þeirri mannúðar- og félagsmálastefnu, sem verið hefur ríkjandi að undanförnu. Og ég veit, að hæstv. núv. félmrh. hefur mikinn og einlægan áhuga á þessum efnum, en ég er hræddur um, að honum hafi bara orðið á í messunni að þessu leyti með flutningi frv., og vonast til þess, að þegar hann stígur í stólinn næst, þá verði betra hljóð í honum varðandi þetta efni. Þetta skal ég nú aðeins rökstyðja í fáeinum orðum.

Með þessu frv. er gerð sú grundvallarbreyting á útsvarsálagningu, að í stað þess að leggja á nettótekjur, eftir að alls konar frádrættir hafa verið leyfðir af mannúðar- og menningarástæðum, þá á nú að leggja útsvar á brúttótekjur og þar með svipta gjaldanda

margvíslegum frádrætti, sem hann af þessum ástæðum hefur getað leyft sér. Og ef við lítum t. d. á það, sem leyft hefur verið hingað til og er í gildandi lögum, en á nú að banna, þá eru það t. d. þær undanþágur, sem greinir bæði í 12. og 13. gr. núgildandi tekjuskattslaga. Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á lagður, segir í upphafi þessara gr. beggja, og þetta átti bæði við tekjuskatt og útsvar. Þessum frádráttarheimildum er haldið í verulegum atriðum varðandi tekjuskatt, en þær eiga að falla niður varðandi útsvör. Og hvað er hér um að ræða? Það er í fyrsta lagi samkv. 12. gr. vexti af skuldum gjaldanda. Nú er það svo, að vafalaust er það rétt, að þessi heimild hefur verið misnotuð og það er æskilegt að takmarka hana. Og á það var hins vegar réttilega bent af hv. 8. landsk. þm., Braga Sigurjónssyni, í ágætri ræðu hans í gær, að vitanlega eru það fráleit vinnubrögð að ætla þá að láta saklausa gjaldendur, sem vissulega þurfa á þessum frádrætti að halda, gjalda fyrir einhver mistök einhverra annarra eða misnotkun. Og vegna þess að margir hér á landi og fleiri en þekkist í öðrum löndum eiga sjálfir sínar íbúðir og byggja yfir sig, þá er það svo, að vaxtabyrði er væntanlega nokkru almennari og þyngri á hinum almenna gjaldanda og ekki sízt á unga fólkinu heldur en annars staðar. Hingað til hefur verið eftir gildandi lögum heimild fyrir t. d. ungt fólk, sem hefur komið sér upp íbúð, að draga frá vaxtagreiðslur, sem vel geta verið undir eða yfir 100 þús. Það er ekki gott að vita. Ef menn skulda í nýrri íbúð eina millj., sem ég býst við, að sé ekki ákaflega óalgengt, eru vextir af því 100 þús. kr. Þetta á að koma til frádráttar tekjum manna. Nú er bannað samkv. frv. að draga þetta frá útsvarstekjum, því að það á að leggja á tekjurnar brúttó.

Glöggt dæmi um furðulega útkomu í þessu efni var dregið hér fram tvívegis af hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárusi Jónssyni, og óskað svara. En þau svör hafa ekki fengizt. Og það er þetta, að ef fjölskylda hefur af nauðsyn vegna stækkunar hennar selt sína íbúð og keypt aðra í staðinn, þá sem sagt fær sá aðili væntanlega vaxtatekjur af þeirri íbúð, sem hann seldi. Það telst honum til tekna og verður lagt á það útsvar, en hann fær engan frádrátt fyrir þeim vöxtum, sem hann þarf að greiða af hinni nýju íbúð. Þetta er óréttlæti og fráleit niðurstaða, sem er ekki viðunandi. Í rauninni hjálpar það ekki ýkjamikið, þó að sett sé nú inn ákvæði varðandi fasteignaskatta í 5. gr. 4. mgr. þessa frv. um, að sveitarstjórn sé heimilt að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast, því að þetta ákvæði er líka ranglátt. Það getur auðvitað hjálpað mörgum, en ef tvær fjölskyldur, ungar fjölskyldur með nýstofnað heimili, kaupa sér íbúð, önnur nýja íbúð og hin notaða íbúð, þá nýtur önnur þessara fríðinda, en hin ekki. Þetta er ekki réttlátt.

Ef við lítum frekar á 12. og 13. gr. tekjuskattslaga um heimild til undanþága, þá eru m. a. í e-lið 12. gr. undanþegnar tekjuskatti einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi o. s. frv. innan vissra marka. Þetta ákvæði hefur haft mjög mikla þýðingu fyrir þau líknar-, menningar- og vísindasamtök, sem hér er um að ræða. Þessu er nú kippt burt að því er útsvörin snertir. Og í f-lið þessarar 12. gr. segir, að draga megi frá tekjum kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa o. s. frv. Nú verður útsvar lagt á allt þetta, og er það ekki beinlínis til framdráttar vísindastarfsemi og rannsóknum í landinu.

Ef við lítum svo á 13. gr., þá kemur fyrst, að draga skal frá eftir gildandi lögum kostnað við stofnun heimilis og skal sá frádráttur nema 55 þús. kr. Þetta er fellt niður. Það má ekki draga þetta frá við útsvarsálagninguna. Í öðru lagi helming af björgunarlaunum, er áhafnir skulu hljóta. Þetta má ekki lengur draga frá við útsvarsálagninguna. Iðgjöld launþega til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða má ekki heldur draga frá. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur samkv. lögum að tryggja sér eða maka sínum og börnum sínum, og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu.

Þetta voru nokkur dæmi þess, sem nú skal draga frá tekjum, áður en útsvar er á lagt. Þetta er ekki heimilt eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Enn eitt dæmi skal ég nefna. Meðlagsgreiðslur með börnum, t. d. til einstæðra mæðra, hvort sem það eru ógiftar mæður eða ekkjur, eru núna frádráttarbærar. Það segir í 16. gr. núgildandi tekjuskattslaga: „Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur.“ M. ö. o. það er ekki lagt útsvar á það. Ég hef ekki komið auga á – það má vera, að hægt væri að benda manni á það, en ég hef ekki komið auga á heimild til þess í þessu frv. um tekjustofna sveitarfélaga – heimild til þess að undanþiggja meðlagsgreiðslur með börnum útsvari. Ef við nú athugum það, að meðlagsgreiðsla á s. l. ári var að ég ætla 30 þús. með hverju barni, þá má sjá, hversu miklu máli þetta skiptir. Við skulum taka ekkju eða einstæða móður með þrjú börn, 90 þús. kr. Þetta er skattfrjálst í dag eftir gildandi lögum, en útsvar virðist eiga að leggja á það að fullu eftir þessu frv. Ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. geti bent á eitthvað í frv., sem veiti þarna undanþágu, og mundi auðvitað fagna því, en ég hef ekki komið auga á það. Og þó að í 26. gr. þessa frv. sé heimild til þess eða þar segi nú, að fyrir hvert barn 16 ára eða yngra, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1000 kr., þá hjálpar þetta ákaflega lítið í þessu dæmi, sem ég var að nefna, því að heimildin, sem kemur þar næst á eftir, heimild til að lækka um 2 þús. kr. fyrir hvert barn, gildir því aðeins, að gjaldandi hafi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, er ein af mörgum óheillavænlegum afleiðingum þess að fara inn á brúttóálagningu útsvara. Ég fyrir mitt leyti er andvígur þeirri leið og ég tel, að hér sé ranglega að farið og ríkisstj. hefði átt að halda áfram nettóteknaleiðinni og nota hana bæði við álagningu tekjuskatts og útsvars, eins og verið hefur.

En það er fleira, sem hér kemur til greina. Nú höfum við heyrt það hvað eftir annað, að þessar breytingar og sérstaklega breytingin varðandi útsvörin, 1%, 10% í stað 10%, 20% og 30% nú, sé mikil einföldun og verði til þess að greiða fyrir því, að staðgreiðslukerfið verði upp tekið. Þetta er nú ekki nema hálfur sannleikur. Að vísu greiðir það fyrir staðgreiðslukerfi að fækka þrepunum eða tekjuskattsstigunum. En á hinn bóginn er það spor í öfuga átt og málið gert flóknara og erfiðara fyrir staðgreiðslukerfi, að nú er tvenns konar grundvöllur, nettó

varðandi tekjuskattinn og brúttó varðandi útsvörin. Það er vissulega í framkvæmd til mikils trafala.

En varðandi staðgreiðslukerfið, þá vil ég aðeins undirstrika það enn þá einu sinni, að ég tel brýna þörf á, að hraðað sé að koma því á. Það er rétt, án þess að ég ætli að fara út í almennan rökstuðning fyrir því máli eða rekja sögu þess, að minna á það, að það eru liðin um það bil tíu ár síðan undirbúningur hófst að þessu máli. Og fyrir réttum níu árum eða í marz 1963 gerði hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, fsp. hér í Alþ. um það, hvað liði rannsókn og athugun á því, að opinber gjöld verði innheimt af launum jafnóðum og þau eru greidd. Það féll í minn hlut að gera grein fyrir þessu, og skýrði ég þá m. a. frá því, að haustið áður, 1962, hefði verið hafinn undirbúningur og öflun gagna um þetta mál. Síðan hefur þetta mál verið á döfinni í áratug og verið lögð í það mjög mikil vinna. Árið 1967 var kosin mþn. í málið. Hún skilaði áliti snemma árs 1970, sem hæstv. ríkisstj. þáv. lét leggja fyrir Alþ. og er þar mjög ýtarleg grein gerð fyrir málinu. Og niðurstöður þeirrar nefndar, sem hafði unnið að málinu í nær þrjú ár, var þessi, að hún var sammála um að leggja til, að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á hér á landi. Varðandi framkvæmdina er aðeins eitt atriði, sem ég vildi hér drepa á. Og það er það, að nefndin lagði til, að stigar tekjuskatts og útsvars eða þrep stiganna yrðu gerð tvö í stað þriggja. Með þeim hætti, að tvö þrep yrðu varðandi hvorn skattinn sem væri, þá mætti vel framkvæma staðgreiðslukerfið. Ekki var talið nauðsynlegt og er ekki talið nauðsynlegt, að það sé aðeins eitt. Að vísu mundi það verða enn þá auðveldara og einfaldara í framkvæmd. Nú er það þannig samkv. þeim frv., sem ríkisstj. leggur fyrir, að tekjuskattsstigarnir eru, eins og nú er orðið, þrír eða þrepin þrjú, en hins vegar eitt stig varðandi útsvörin. Það fáránlega eða furðulega ákvæði, sem var í frv. upphaflega um alls konar lækkanir, þýddi það, að raunverulega voru útsvarsþrepin 27, en ekki eitt. En sem betur fer hefur það verið afnumið í meðförum þingsins.

Ég vil undirstrika, að það er alger misskilningur, að brúttókerfið eða brúttóálagning sé nokkurt skilyrði fyrir staðgreiðslu. Ég tel einmitt, að það torveldi, vegna þess að tekjuskatturinn er lagður á nettó. Hitt er svo annað mál, að æskilegust í sambandi við staðgreiðslukerfið væri sú leið, sem bent hefur verið á í nál. sjálfstæðismanna hér í sambandi við þessi mál, að álagning tekjuskatts yrði í rauninni í einu lagi, sem sagt, það yrði sameinaður tekjuskattur og tekjuútsvar, lagt á í einu lagi og sveitarfélögin fengju þann tekjustofn. Jafnvel þó að menn vildu ekki ganga svo langt, að sveitarfélögin fengju þann tekjustofn allan, þá tel ég mjög æskilegt, að að því verði stefnt, að hvort tveggja verði lagt á í einu lagi og þá helzt ekki með meira en tveim skattþrepum. Með þeim hætti ætti að vera orðinn góður grundvöllur fyrir staðgreiðslukerfi, sem ég tel mjög æskilegt að komist á hið fyrsta.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál að sinni, en vil að lokum minnast þó á eitt mál, vegna þess hve mjög það hefur verið rætt hér í þessum umr., og það er varðandi sköttun hjóna. Hér liggja fyrir ýmsar till. í því efni og skal ég ekki fara út í þær. Ég gerði það nokkuð í sambandi við umr. um tekjuskattsfrv. hér um daginn. Ég tel fyrir mitt leyti, að æskilegust lausn sé sú, sem sjálfstæðismenn hafa gert að till. sinni hér í þingi og raunar oft áður, þ. e. að tekjum hjóna verði skipt til helminga eða að samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, verði skipt til helminga og reiknaður skattur af hvorum helmingi fyrir sig.

Hins vegar er þetta mál allt saman ákaflega flókið. Bæði koma hér inn reglur gildandi laga um fjármál hjóna, um hjúskapareign og hjúskaparrétt, um séreign, og ekki síst það ákvæði, sem er í lögum og m. a. í þessu frv. um tekjustofna nú, að hjón bera fulla ábyrgð hvort á annars sköttum. Þetta hefur komið ákaflega illa út oft og tíðum, þegar t. d. eiginkona hefur helgað heimilinu alla starfskrafta sína og alls ekki unnið úti, og eftir margra ára hjúskap skilja hjónin og það er kannske skattskuld á heimilinu, sem nemur stórkostlegum fjárhæðum, kannske nokkur hundruð þúsundum eða ½ millj., eins og ég ætla, að hafi komið fyrir ekki alls fyrir löngu. Konan, sem aldrei hefur haft út úr þessu neinar tekjur, sama sagan eins og um venjulegar húsmæður, hún er svo, þegar hjónin skilja, ábyrg fyrir þessari skattgreiðslu. Þetta er auðvitað alveg fráleit niðurstaða og er eitt af mörgum dæmum, sem styður það, að hér þarf gagngerðrar endurskoðunar við. Nú hefur því verið yfir lýst af hæstv. ríkisstj., að áfram verði haldið endurskoðun á skatta- og útsvarsmálum, enda er auðvitað full þörf á því, og m. a. hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir, að þetta mál varðandi tekjur hjóna verði tekið alveg sérstaklega til athugunar. Hv. 12. þm. Reykv. benti á það hér núna áðan í sinni ræðu, að æskilegt væri, að sérfræðingar á sviði sifjaréttar væru þar til fengnir. Ég vil í þessu sambandi benda sérstaklega á eitt og beina því til bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., sem báðir munu að sjálfsögðu hafa hönd í bagga um þessa endurskoðun. Nýlega hefur verið stofnuð við Háskóla Íslands sérstök rannsóknastofnun um fjölskyldurétt og fjölskyldumálefni. Sú rannsóknastofnun er á vegum lagadeildar Háskólans, en skal hafa samvinnu við aðrar háskóladeildir og hliðstæðar stofnanir erlendis. Nú vildi ég beina því til hæstv. ráðh., að ég teldi mjög æskilegt, að það yrði kannað, hvort þessi rannsóknastofnun vildi ekki taka að sér að kanna þetta mál rækilega, um skattamál hjóna, afla gagna um það frá öðrum löndum, bæði um löggjöf og greiðslu og sem sagt kanna málið til hlítar, þannig að slík hlutlaus könnun lægi fyrir, þegar Alþ. næst þarf um þetta mál að fjalla.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í hinar almennu umr. um þetta frv. Mig langar aðeins til að segja fáein orð út af brtt., sem ég hef lagt til við 3. gr. frv., á þskj. 467, og sem ég er svona satt að segja hálfpartinn að gera mér vonir um, að kynnu kannske að verða samþ. af hv. stjórnarsinnum.

Fyrir jól lagði hv. 4. þm. Reykv., Tómas Karlsson, sem þá sat í Ed., fram till. þess efnis, að leggja skyldi 3% af fasteignamati íbúðar sem fasteignaskatt á það, sem væri umfram 3 millj. kr. Og með þetta var ég ákaflega ánægður. Ég sá það, að hér var í reynd farið að leggja á breiðu bökin, sem rætt hafði verið um, og gott ef það var ekki nefnt í kverinu, og taldi nú alveg sjálfsagt að fylgja svo ágætri till., þegar hún kæmi hér til hv. Nd. En eitthvað hefur gerzt í Ed., till. var þar felld, og trúlega hafa einhverjir stjórnarsinnar ekki lesið kverið nógu vel

þann daginn. Ég hafði vonað, að þessi till. yrði kannske tekin upp við 2. umr. eða í hv. n. og að þetta mundi koma við 2. umr. En þegar það gerðist ekki, þá leyfði ég mér að flytja brtt. við 3. gr., sem er þó aðeins heimildartillaga, og miklu ómerkilegri í raun og veru heldur en hin till., sem flutt var. Hér er aðeins um heimild að ræða og er talað um í minni till. að heimila sveitarstjórn að leggja á 2% af fasteignamati íbúðarhúsanna, sem er umfram 4 millj. Og nú er ég að gera mér vonir um, að hæstv. stjórnarsinnar verði mér sammála um það, að það séu aðeins allra breiðustu bökin, sem hér er verið að leggja á, og mundu kannske geta fallizt á að samþykkja þessa till.

Í annan stað hef ég leyft mér að vekja athygli á því og flytja heimildartillögu um það, að heimilt sé sveitarstjórn, að fengnu samþykki fjmrh., að fella niður fasteignaskatt af fasteignum, – það hefði átt að standa „atvinnurekstrar", – sem eru ekki notaðar í þágu atvinnurekstrar. Rökin fyrir þessari till. eru auðvitað alveg augljós. Mér finnst, að það sé fráleitt að leggja fasteignaskatt á fyrirtæki, atvinnufyrirtæki, sem eiga einhverjar fasteignir, en þar sem enginn rekstur á sér stað. Og mér er kunnugt um, að þetta er reynd á mörgum stöðum úti um land. Við skulum nefna síldarvinnslustöðvar. Þær kannske eiga einhverjar fasteignir og svo á að leggja 1% gjald eða svo á þessar fasteignir, en alls enginn rekstur er fyrir hendi. Og með hverju á eiginlega að borga þetta? Sum þessi fyrirtæki eiga kannske fullt í fangi með að borga afborganir og vexti, þó að þau eigi svo ekki að fara að borga fasteignagjöld til viðbótar. Mér finnst þetta eiginlega nálgast eignaupptöku, og ég bara skil ekki, með hverju slíkir aðilar ættu að borga í raun og veru. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að hafa slíka heimild inni í lögum. Fyrirtækin mundu sækja um til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn mundi meta það, hvort þetta sé rétt, og sækja væntanlega um heimild fjmrh. og ég treysti því, að þetta yrði ekki gert nema í þeim tilvikum, þar sem þetta væri álitið réttlætismál.

Þetta eru afskaplega saklausar og eiginlega litlar till. Önnur hefur tvímælalaust a. m. k. eitthvert fylgi í stjórnarflokkunum. Hin finnst mér vera réttlætismál, og því vildi ég leyfa mér að vona, að þær hljóti nú þrátt fyrir allt og á elleftu stundu stuðning hv. stjórnarsinna.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hin svo kölluðu skattafrv. ríkisstj. eru nú orðin svo margrædd, að mörgum mun finnast næsta nóg komið. Skal ég ekki löngu máli bæta við þessar umr. En vissulega hefur ýmislegt fróðlegt borið á góma. Ég held, að varla verði sagt, að stjórnarandstaðan hafi tafið mál þessi eða haldið uppi málþófi fram yfir hið allra nauðsynlegasta. Á hinn bóginn vakti það nokkra athygli við meðferð hins fyrra frv. um tekju- og eignarskatt hér í hv. d., hversu málglaðir stjórnarsinnar voru og þó einkum tveir hæstv. ráðh. Létu þeir gamminn geisa í löngum ræðum hvað eftir annað, unzt svo var komið, að tími gerðist naumur, svo að jafnvel stjórnarandstæðingar styttu mál sitt eða féllu frá orðinu til að greiða fyrir för frv. á þinginu.

Það mun hafa verið búið að þæfa það mál talsvert mikið á stjórnarheimilinu og reyna að sníða af því verstu agnúana, þó að ekki yrði árangur sem erfiði. Varð því að vonum, að frv. væri orðið eins konar „smertens barn", – eins og danskurinn segir, – á sínu eigin stjórnarheimili.

Þá er og svo komið, að þingsæti gerast svo hverful um þessar mundir, að daglega má sjá nýja menn í gömlum sætum. M. a. hafa horfið að tjaldabaki nú um sinn tveir menn, sem hvað mest ræddu skattamálin fyrir stuttu síðan, hv. 5. þm. Austf. og hæstv. viðskrh. Á það var minnzt hér um daginn, að stjórnarandstaðan hefði haldið uppi allkynlegri fræðslustarfsemi um skattafrv. margnefndu síðan fyrir jól. Það er nú svo, að þessi málefni snerta allan þorra landsmanna. Margs hefur því verið spurt og margt skrifað og skrafað um, hvers vænta mætti í þessum efnum. Fæstir þm. eru sérfræðingar í skattamálum. Þeir verða því að spyrja og spá eins og hverjir aðrir um ýmsa þætti þeirra mála og áhrif einstakra breytinga. Það er vafalaust nokkuð rétt, sem hæstv. félmrh. sagði og hafði eftir þekktum Vestfirðingi: „Ekkert er eins auðvelt og að ljúga með tölum." Þetta kann að hafa hent einhvern við þessar umr. Það er t. d. býsna fróðlegt að sjá fyrirsögn á forsíðu Tímans 8. þ. m., þar sem stendur með stærsta letri: „Skattar lækka á þorra gjaldenda." Það er enginn viðvaningsbragur á slíkum skrifum.

Því hefur verið haldið fram, að skattkerfið væri allt of flókið, nauðsyn bæri til að gera það einfaldara. Vissulega er þetta rétt. Lítið miðar í rétta átt hvað þetta snertir nema síður sé við þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar.

Rætt hefur verið um að endurskoða þurfi verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta verk er að mestu óunnið enn. Þó er nú ætlað að létta af sveitarfélögum framlagi til lífeyristrygginga, hálfu framlagi til sjúkratrygginga og öllum löggæzlukostnaði. Að því er löggæzluna varðar, mun þó óráðið enn, hvenær sú breytta skipan kemur til framkvæmda eða hvernig málum verður hagað í einstökum atriðum, t. d. hvað snertir lögreglustöðvar, fangageymslur, aðrar eignir og útbúnað löggæzlu í hinum einstöku sveitarfélögum. Og ekki er mér kunnugt um, að lögreglumenn eða samtök þeirra hafi verið innt einu einasta orði eftir skoðun þeirra á þessu atriði, sem hefði þó ekki verið úr vegi, en að því var vikið mjög rækilega hér áðan af hv. 5. þm. Reykv.

Aðstöðugjaldið er gjaldstofn, sem á að hverfa, sagði hv. 4. þm. Norðurl. e. hér í gær, og margir eru sama sinnis. Satt er það, að þessi gjaldstofn hvarf um stund úr 1. gr. tekjustofnafrv., en er nú aftur kominn á sinn stað. Það er hægara að leggja gjöldin á en losna við þau aftur. Sveitarfélögin eru hyrningarsteinar þjóðfélagsins. Allir eru sammála um, að sjá þurfi þeim fyrir nægum tekjustofnum, svo að þau geti sinnt sínum veigamiklu hlutverkum. En við setningu slíkrar löggjafar þarf vel að vanda undirbúning allan, svo sem bent hefur verið á. Sveitarfélögin þurfa að vera öflug og sjálfstæð, en ekki algerlega klafabundin einu allsherjar miðstjórnarafli, sem allt sogar til sín og ekkert fær staðizt. Hv. stjórnarsinnar hafa staðið þéttan vörð um frv. sín og hafa þau litlum breytingum tekið. Þó hafa óhjákvæmilegir gallar verið sniðnir af tekjustofnafrv. nú síðustu dagana, og ekki minna en heilum kafla hefur verið bætt inn í frv., V. kafla um aðstöðugjöld. Nokkrum brtt. hefur verið hreyft af hálfu stjórnarandstöðu við tekjustofnafrv., m.

a. hér við 3. umr. Verða þær vafalítið leiddar undir högg og felldar við atkvgr. hér á eftir. Um þær skal ekki fjölyrt meira en orðið er. Það er að sjálfsögðu brýn nauðsyn, að allir séu jafnir fyrir skattalögum sem og öðrum lögum. Þar verður þó vissulega að hafa hliðsjón af ríkum hagsmunum þjóðfélagsins alls og einstakra byggðarlaga. Það er nauðsynlegt að fiska og vinna afla þann, sem dreginn er á land. Eins og nú horfir, hygg ég, að alveg sé óhjákvæmilegt að hafa í skattalöggjöf allvíðtækar reglur um skattfríðindi sjómanna. Þá virðist og mjög aðkallandi að hafa einhverjar slíkar heimildir tiltækar í lögum að því er varðar fólk það, sem starfar að fiskvinnslunni í landi. Það er oft gífurlegt vinnuálag á því fólki langt umfram óskir þess og jafnvel getu. En þetta er breytilegt eftir aflabrögðum frá ári til árs á hinum ýmsu stöðum. Það verður þó að viðurkenna, að erfitt er að koma slíkum reglum við, en ég bendi þó á eina, sem horfir í þessa átt. Það er 15. till. á þskj. 466, sem hér var rædd nokkuð áðan og skýrð.

Hag sveitarfélaganna ber að efla, án þess að réttur einstaklinga sé fyrir borð borinn. Ég vek enn athygli á 4. mgr. 23. gr. frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er mjög víðtæk heimild til að áætla tekjur manna til útsvars, án þess að því er virðist að þeir fái hið minnsta tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér. Hin gamla regla, sem áður fyrr var viðhöfð, að jafna niður á gjaldendur eftir efnum og ástæðum, þótti ekki til frambúðar, þó að henni væri löngum beitt af mikilli réttsýni og samvizkusemi af þaulkunnugum mönnum.

Fjölmörg fleiri atriði mætti nefna, sem nánar og betur þyrfti um að fjalla. En þetta er aðeins fyrsti áfanginn. Skattalöggjöfin verður áfram í endurskoðun, segir hæstv. ríkisstj., og þá á stjórnarandstaðan að fá að vera með í ráðum. Það er vissulega full þörf á því að ráðfæra sig við hina færustu og hyggnustu menn, sem völ er á í þessum fræðum, sem svo mjög varða hag og heill þjóðfélagsþegnanna og allt efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er nú væntanlega komið að lokum þessara umr. um hin nýju skattafrv. ríkisstj. og skammt í það, að þessi frv. verði að lögum. Miklar deilur hafa orðið um áhrif þeirra og sýnist sitt hverjum. Skal ég ekki orðlengja þær deilur frekar hér að sinni og sýnist mér, að skattseðillinn verði sá dómari, sem einn geti kveðið upp hinn endanlega dóm í því máli og í þeim ágreiningi, hvort skattar hækki eða lækki. Frá því að frv. komu fyrst fram, hafa litlar breytingar orðið á þeim, en þó hefur það verið viðurkennt af hæstv. ráðh., að ekkert væri óeðlilegt við það, þó að viss gagnrýni kæmi fram og tillit væri tekið til hennar, enda sjást þess a. m. k. einhver merki á þessum frv., því að breytingar hafa átt sér stað í meðförum og a. m. k. að óverulegu leyti tekið tillit til ýmissa þeirra aths., sem fram hafa komið hjá stjórnarandstöðu.

Í því sambandi var í fyrstu gert ráð fyrir því, að útsvar yrði lagt á bráttótekjur án nokkurra undanþága, og var sú regla algerlega fortakslaus í upphafi, en í meðförum hefur síðan verið hliðrað til, væntanlega þá vegna réttmætrar gagnrýni og ábendinga, og af sanngirnisástæðum tekin nú inn í frv. heimild til þess að draga frá útsvari eða frá tekjum, áður en útsvar er lagt á, skyldusparnað og eigin húsaleigu. Hvor tveggja þessi atriði sýnast vera mjög sanngjörn undanþáguákvæði, sem ég tek vissulega undir. Þetta var gert, það var fallizt á þessar breytingar, án þess að mér vitanlega miklir útreikningar hafi farið fram á því, hversu mikið tekjur sveitarfélaga minnkuðu við það, að þessir frádrættir væru teknir til greina.

Nú hefur verið lögð fram till. hér, brtt., á lokastigi þessa máls frá hv. 3. þm. Sunnl. og mér um eina frádráttartillögu til viðbótar eða frádráttarpóst, þ. e. vexti af lánum til fasteigna. Fram til þessa og í núgildandi lögum er mögulegt að draga frá, áður en lagt er á útsvar og tekjuskatt, draga frá vexti af skuldum, ótiltekið vexti af skuldum, og þá er það ekki bundið við það, að þeir vextir séu af lánum, sem tekin eru til fasteigna eða fasteignakaupa. Þessi regla hefur oft og tíðum verið gagnrýnd og sú gagnrýni hefur átt rétt á sér af þeim sökum, að ýmsir þeir, sem hafa lagt út í byggingar og reist sér stór hús eða keypt sér miklar eignir, hafa getað sett á þessar eignir miklar skuldir og þar af leiðandi mikla vaxtabyrði, sem aftur hefur leitt af sér, að þeir hafa sloppið við að greiða nema mjög litla, jafnvel stundum enga skatta til hins opinbera. Stundum er sagt, að þeir, sem jafnvel eru efnaðastir í þjóðfélaginu, sleppi með þessum hætti, því að þeir hafi þá gjarnan um leið beztan aðgang að lánastofnunum, og skal ég ekki leggja neinn dóm á það, en vissulega er ástæða til þess að taka undir þessi sjónarmið. Staðreyndin er tvímælalaust sú, að menn hafa of oft sloppið við opinber gjöld í skjóli þessa ákvæðis. Þess vegna fannst mér eðlilegt nú, þegar verið er að skoða og endurskoða skattalög og útsvör, að einmitt þessi frádráttarliður væri tekinn til athugunar og reynt einhvern veginn að festa hann betur og skerða þessa möguleika. Kom mér alls ekki á óvart, þó að honum yrði breytt. Hins vegar verð ég að játa það, að mér urðu það mikil vonbrigði, þegar í þessum frv. er algerlega skorið á þennan möguleika og ekki tekið tillit til vaxtagreiðslna eða vaxtabyrði einstaklinga að einu eða neinu leyti. Staðreyndin er auðvitað sú, að þó að einstakir menn og einstaklingar hafi getað notið góðs af þessu frádráttarákvæði í núgildandi lögum, þá er allur þorri fólks, sem hefur á sér vissa vaxtabyrði, stærri eða smærri, hann hefur ekki getað skotið sér undan því að greiða skatta og er mjög eðlilegt, að þetta fólk fái frádrátt vegna slíkra vaxtagreiðslna. Á það var bent hér í ágætri ræðu hv. 5. þm. Reykv., að þetta lenti einkum og sér í lagi á ungu fólki, ungu fólki, sem er að stofna heimili, kaupa íbúðir eða reisa sér hús oft af vanefnum, og þá hefur það verið opinbert leyndarmál og öllum ljóst, að þetta unga fólk hefur í og með einmitt treyst sér til þess að ráðast í slíkar fjárfestingar vegna þeirra möguleika að geta dregið frá sínum opinberu gjöldum vaxtagreiðslur. Nú er með þessu frv. algerlega skorið á þennan möguleika, og þykir mér það mjög miður.

Í þessum umr. hafa menn lagt mikið upp úr því að greiða fyrir einstökum hópum í þessu þjóðfélagi. Menn hafa borið fyrir brjósti hér hag launþega, öryrkja, gamals fólks og yfirleitt allra þeirra, sem njóta t. d. bóta hjá almannatryggingum, og jafnvel sjómenn hafa fengið hér samþ. sérstök ákvæði sér til hagsbóta. En hvað um unga fólkið? Hefur enginn séð ástæðu til þess að taka upp hanzkann fyrir þetta unga fólk, sem er að stofna heimili, og er engin ástæða til þess að reyna að

greiða götu þess í baráttu þess í þjóðfélaginu og í lífinu? Er ekki vissulega fullt tilefni til þess að taka tillit til ... (**Gripið fram í:** Æ, það er að koma matur bráðum, Ellert, hættu þessu.) Já, það er stundum, sem menn hugsa meira um sitt magamál heldur en hagsmuni unga fólksins, og kemur mér það ekki á óvart, þótt það komi einmitt úr þessari átt, en því miður held ég, að hv. þm. verði að líðast það að sitja undir þessum umr. örstutta stund áfram, og ég held, að það sé ekkert of gott þessari ágætu d. að hlýða hér á nokkur orð, sem eru til þess að taka upp hanzkann fyrir unga fólkið í þessu þjóðfélagi. Það væri maklegt fyrir þm. og þessa d. og væri henni til sóma, að hún tæki tillit til þeirrar till., sem hér er lögð fram og samþykkti hana. Og ég hef staðið hér upp í lok þessara umr. til þess að leggja áherzlu einmitt á þetta sjónarmið, og vildi nú skora á þessa d. að sýna lit á því að samþykkja þessa mjög hóflegu till. Í henni er gert ráð fyrir því, að hægt sé að draga frá tekjum, áður en lagt er á útsvar, vexti, sem fólk þarf að greiða, vexti af lánum úr lífeyrissjóðum eða Byggingarsjóði ríkisins. En það eru þessi lán, sem fólk yfirleitt og nánast alltaf tekur, þegar það ræðst í byggingar eða húsakaup. Þetta eru þau lágmarkslán, sem hver maður þarf á að halda, og þarna er komið í veg fyrir, að menn séu að hleypa sér í frekari skuldir eða búa sér jafnvel til skuldir til þess að geta dregið ótakmarkað vexti af lánum frá sínum tekjum.

Það er líka gert ráð fyrir því, að þessi lán hvíli á íbúðarhúsnæði viðkomandi gjaldanda, íbúðarhúsnæði, sem hann notar til eigin afnota. Með því er fyrirbyggt líka, að þarna sé um einstakling, gjaldanda að ræða, sem á fleiri en eitt íbúðarhúsnæði, jafnvel notar það ekki, leigir það út, og slíkir aðilar geta ekki skotið sér á bak við þessa reglu.

Mér sýnist einsýnt og ég er sannfærður um, að allir geta tekið undir þessa till. og eru í hjarta sínu áreiðanlega sammála um það, að hún sé nauðsynleg. Þetta er ekki neitt nýmæli. Þetta hefur verið í lögum og þarna er eingöngu um að ræða takmörkun á ákvæði, sem fyrir er í lögum.

Ég vil að lokum segja það, að þegar við stjórnarandstæðingar vorum að deila á of há fjárlög hér fyrr í vetur, þá sögðu stjórnarsinnar: Ja, hvað viljið þið skera niður? Hvað er það í þessum frv., sem ykkur finnst vera of mikið gert af? Og ég t. d. sjálfur svaraði því svo, að vitaskuld er kúnstin við að stjórna að velja og hafna og taka ákvarðanir um, hversu langt megi ganga hverju sinni, því að vitaskuld er það svo, að flestar till. eiga rétt á sér og eru sanngjarnar, ef þær eru skoðaðar einar sér. Á sama hátt get ég sagt núna, vil segja við stjórnarsinna, hér er komin fram sanngirnistillaga, og ég beini þeirri samvizkuspurningu til þeirra: Vilja þeir sitja undir því að fella slíka till., sem er til réttlætis og sanngirni fyrir unga fólkið sérstaklega í þessu þjóðfélagi?

ATKVGR.
Brtt. 466,1 felld með 21:17 atkv.
– 466,2.a felld með 21:17 atkv.
– 467,1 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, PP, StefG, TK, BrS, BGuðn.
nei: HES, HV, IG, JSk, BL, KP, SBl, MK, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, RH, SV, SvJ, SvH, KI, KGS, HÞ, BP, EðS, EystJ, IT, GuðlG, GTh, GunnG.
JóhH, ÁS, MÁM, EBS, FÞ, GS greiddu ekki atkv.
2 þm. (IngJ, LárJ) fjarstaddir.
Brtt. 466,2.b-c felld með 21:17 atkv.
– 467,2 felld með 20:17 atkv.
– 466,2.d-e felld með 22:13 atkv.
– 466,3 felld með 21:13 atkv.
– 466,4 felld með 21:17 atkv.
– 466,5 felld með 21:14 atkv.
– 466,6 felld með 21:14 atkv.
– 466,7.a felld með 21:16 atkv.
– 465 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrS, EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, JóhH, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SvH, GunnG.
nei: HÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, IT, HES, HV, IG, JSk, BL, KP, SBl, MK, ÓlJ, SV, SvJ, KI, TK, KGS.
2 þm. (IngJ, LárJ) fjarstaddir.
Brtt. 466,7.b-c felld með 21:16 atkv.
– 466,8 tekin aftur.
– 466,9 felld með 21:17 atkv.
– 466,10 felld með 21:15 atkv.
– 466,11 felld með 21:14 atkv.
– 466,12 felld með 21:15 atkv.
– 466,13 felld með 21:13 atkv.
– 466,14 tekin aftur.
– 466,15 felld með 21:16 atkv.
Frv. samþ. með 20:17 atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

---

19. Innflutningur búfjár.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hinn 9. okt. 1969 skipaði fyrrv. landbrh. þriggja manna nefnd til þess að endurskoða lög um innflutning búfjár. Í nefndina voru skipaðir Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri og Ólafur E. Stefánsson ráðunautur.

Áður en ég vík að þessu frv., sem hér liggur nú fyrir á þskj. 20 og er breyting á lögum nr. 74/1962, um innflutning búfjár, ætla ég í nokkrum orðum að drepa á sögu þessa þáttar í landbúnaði íslenzku þjóðarinnar. Á Alþ. 1933 kom fyrst fram frv. um innflutning nautgripa

af brezku holdakyni. Það varð að lögum í júlí 1933, og komu fimm nautgripir frá Skotlandi inn samkv. þeim. Hér var um fjögur mismunandi kyn að ræða, en meðal þeirra var Galloway-kyn. Gripir þessir voru einangraðir í Þerney, en fljótlega kom í ljós sjúkdómur í þeim, hringskyrfi. Gripirnir voru síðan allir felldir, en einum kálfi var þó komið í land, og út af þeim kálfi er sá holdanautastofn, sem til er í landinu. Hann er ekki hreinn og sakir skyldleikaræktar þykir hann ekki hafa nægan vaxtarhraða. Meginið af stofninum er, sem kunnugt er, í Gunnarsholti, en fyrir fáum árum var hafin sérstök stofnræktun á gripunum úr Gunnarsholtshjörðinni, fyrst á Bessastöðum, en síðan voru þeir fluttir að Hvanneyri. Nokkuð hefur verið notað af þessum blendingum til einblendingsræktar á sláturkálfum undan íslenzkum mjólkurkúm. Þetta hefur bæði verið meðal einstakra bænda, sem hafa fengið naut frá Gunnarsholti, og svo hafa holdanaut verið á sæðingarstöðvum upp á síðkastið. Bændur hafa af þessu góða reynslu, og hefur það ýtt undir kröfur um hreinni stofn holdanauta. Tilraunir, sem voru gerðar til samanburðar á vaxtarhraða hálfblendinga og gripa af íslenzkum stofni, voru gerðar í Laugardælum fyrir nokkrum árum, og þær sýndu, að vaxtarhraði blendinganna var töluvert meiri en samsvarandi íslenzkra gripa. Kjötgæði þykja og meiri af blendingunum. Þetta hefur lengi verið baráttumál bænda, sem vilja leggja inn á nýjar brautir og auka fjölbreytni búskaparins. Þau miklu áföll, sem við urðum fyrir af innflutningi búfjár, þó að ekki væru þau í sambandi við innflutning nautgripa, leiða eðlilega til þess, að við hljótum að vera varkárir hér. Ný tækni opnar hér nýja möguleika án verulegrar áhættu.

Höfuðbreytingarnar, sem er að finna í þessu frv. frá gildandi lögum, eru þær, að II. kafla laganna er breytt, og fjallar hann um innflutning á sæði úr nautum af Galloway-kyni. Veigamestu breytingarnar eru í 11. gr. frv. Nú á aðeins að leyfa að flytja inn djúpfryst sæði. Áður mátti flytja inn venjulegt sæði, sem ekki er hægt að geyma nema í fáa daga. Þetta stafar að sjálfsögðu af hinni nýju tækni, sem tekin hefur verið upp, m. a. hér á landi í djúpfrystingarstöðinni á Hvanneyri. Þetta gefur allt aðra og meiri möguleika til innflutnings á sæði en áður hefur verið. Flytja má inn mikið magn í einu og nota það lengi, eftir að fullreynt er, að það flytur ekki með sér sjúkdóma. Þannig yrði sennilega flutt inn sæði úr sex völdum nautum, sem gæti enzt í 10 ár til þess að sæða stofnræktarkýr á einangrunarstöðinni. Ætlazt er til þess, að sæðið verði flutt inn sem sjaldnast og í nægilegu magni í hvert skipti, þannig að það nægi til kynblöndunarinnar.

Annað mjög mikilvægt atriði í 11. gr. frv. er það, að hún gefur ráðh. heimild til innflutnings, ef stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður tilraunastöðvarinnar á Keldum mæla með því. Í núgildandi lögum er það þannig, að fyrir þarf að liggja umsögn forstöðumanns tilraunastöðvarinnar á Keldum og meðmæli stjórnar Búnaðarfélags Íslands, en samþykkið er hjá yfirdýralækni. Nú hafa þessir þrír aðilar úrslitaáhrif um það, hvort leyft er eða ekki. Með þessu móti var ábyrgðin eingöngu á yfirdýralækni, en nú er hún færð yfir á þessa þrjá aðila.

Með þessu frv. eru settar strangari reglur um innflutning sæðis en þekkjast annars staðar í heiminum. Þar sem strangastar kröfur eru gerðar um heilbrigðiseftirlit á nautum, sem sæði er tekið úr til innflutnings, eins og t. d. í Ástralíu og Nýja-Sjálandi, er miðað við, að sæðið sé djúpfryst, en notað beint til kynblöndunar á stofni viðkomandi lands. Hér verður innflutt sæði aldrei notað beint, heldur aðeins notað á einangrunarstöð, þar sem hreinrækta á holdanautasæði við síendurtekna notkun djúpfrysts sæðis. Aldrei má flytja gripi út frá sóttvarnarstöðinni. Þar verður aðeins um djúpfryst sæði að ræða. Færi svo, að upp kæmi alvarlegur smitsjúkdómur í stöðinni, óþekktur hér, skal hafa á henni strangar gætur og jafnvel fella gripina. Ákvæði um gerð sóttvarnarstöðvarinnar, val á kynbótastöðvum erlendis, er sæðið er tekið frá, umsjón og eftirlit með stöðinni er að finna í 13. og 14. gr. frv., og eru þau öll miðuð við fyllsta öryggi.

Hér er eingöngu gert ráð fyrir því að flytja inn eitt kyn, Galloway-kyn, og er það valið vegna þess, að það er fengin góð reynsla af því hér og ekki vandkvæði á því að blanda því í íslenzka kynið. Það er harðgert og nægjusamt og gengur mjög vel á beit og nýtir vel beitiland og fóður, sem aðrar búfjártegundir nýta tæpast. Það hefur ekki þótt bráðþroska, en hefur farið fram á því sviði á síðari árum. Hefur það staðið framarlega síðustu árin á búfjársýningum í heimalandi sínu. Það mundi fylgja því tvöfaldur kostnaður að flytja inn tvö kyn. Eins og frv. gerir ráð fyrir, er bent á Bessastaði, enda er það sá staður, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum fyrir slíka búfjárræktarstöð, sem hér er áformað að koma upp. Hins vegar er því ekki slegið föstu í frv., að Bessastaðir verði valdir, heldur verður það mál athugað nánar, áður en ákvörðun verður tekin. Það, sem verður haft til hliðsjónar í sambandi við staðarvalið, er hvort tveggja í senn, kostnaður við að koma stöðinni upp og möguleikar til að einangra gripina, sem þar eru.

Gert er ráð fyrir því, að framkvæmdin verði með þeim hætti, að upphaflega verði keyptar 12 íslenzkar kýr og settar í þessa einangrunarstöð. Sæði verði tekið úr sex nautum og hafi þau verið í tvö ár í einangrun á viðurkenndri heilbrigðiskynbótastöð, og eingöngu er flutt inn sæði frá slíkum stöðvum. Og eins og áður segir, er helzt fyrirhugað að flytja inn mikið magn af sæðinu í upphafi. Afkvæmi kúnna verða öll látin lifa fyrsta kastið, og að fjórum árum liðnum yrðu komnir í stöðina um 60 gripir og þar af 50 Galloway-blendingar, þriggja ára og yngri. Ekki er gert ráð fyrir, að hjörðin þurfi að verða stærri, en haldið verður áfram að æxla saman hreint Galloway-kyn með djúpfrystu sæði og blendinga, þannig að við þá blöndun fáist stöðugt kynhreinni holdanaut.

Eftir 10—12 ár má ætla, ef allt gengur vel, að kominn verði allhreinn stofn. Sæði til innanlandsnotkunar fengist fyrst eftir þrjú ár, og það yrðu hálfblóðs holdanaut, sem gæfu sláturgripi með holdablóð ¼. Margir búfróðir menn og bændur álita, að slík blendingsrækt sláturgripa undan íslenzkum mjólkurkúm eigi hér mjög vel við. Hún gæfi betri nýtingu á bústofni, fóðri og ekki sízt á beitilandi. Á landsvæðum, þar sem afréttarlönd eru ýmist ofsetin eða þola enga viðbót, en hafa góð skilyrði til hagabóta á láglendi, mundu skapast auknir möguleikar til kjötframleiðslu og bættrar landnýtingar. Búnaðarþing og bændasamtök hafa lengi og hvað eftir

annað ýtt á í þessu máli og talið það eitt af framfaramálum landbúnaðarins.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja fleira um þetta frv., en legg til, herra forseti, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 380).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. var eitt af fyrstu frv., sem voru lögð fyrir þetta þing, og hefur það því verið alllengi í landbn. Málið var sent til umsagnar eftirtöldum aðilum: Búnaðarsambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði og Dýralæknafélagi Íslands. Umsagnir þessara aðila voru allar jákvæðar, en Dýralæknafélagið gerði till. um eina breytingu, sem landbn. tók til greina.

En eftir að þessar umsagnir höfðu borizt og málið var komið á afgreiðslustig, bárust n. mjög eindregin tilmæli um að senda Búnaðarþingi þetta frv. til umsagnar, og n. bárust ýmis gögn um það, að e. t. v. væri álitamál, hvort binda ætti þennan innflutning við það kyn, sem er tiltekið í frv., þ. e. a. s. Galloway-kynið. Þar sem landbn. taldi mikilvægt, að um þetta mál næðist samstaða, var ákveðið að bíða með afgreiðslu málsins eftir Búnaðarþingi, og frv. var sent til þeirra. Búnaðarþing mælti svo samhljóða með því, að frv. yrði samþ. í því formi, sem það var upphaflega samið.

Eins og kemur fram á þskj. 380, mælir landbn. einróma með því, að frv. verði samþ., en gerir þó till. um þrjár breytingar. Hin fyrsta er, að í stað orðanna í 1. mgr. 11. gr., „að Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir", komi: er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar og önnur aðstaða ákjósanleg að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Önnur tillagan er um sama efni, að í stað orðanna í 1. mgr. 13. gr., „á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir", komi: er verði staðsett í samráði við yfirdýralækni og stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ástæður fyrir þessum breytingum eru þær, að landbn. leit svo á, að þessi staður væri alls ekki vel valinn til þess að hafa þar slíka stöð, og a. m. k. væri ekki rétt að hafa Bessastaði þarna í lögunum.

Þriðja brtt. er svo við 20. gr., að í stað síðasta málsl. fyrri mgr. og síðari mgr. komi: Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðir eins og ákveði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ítarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum. En þessi gr. er í frv. þannig: „Gripi stöðvarinnar má því aðeins flytja burt þaðan lifandi, að eigi hafi verið notað innflutt sæði s. l. tvö ár í stöðinni og að tryggt sé talið að dómi yfirdýralæknis, að slíkum flutningi fylgi ekki smithætta." Í 19. gr. segir þó: „Aldrei má flytja búfé úr sóttvarnarstöð ríkisins", og í grg. er einmitt sagt hér, með leyfi forseta: „Lagt er til, að eingöngu verði leyft að flytja inn djúpfryst sæði og eingöngu til notkunar í gripi, sem geymdir verði ævilangt á sóttvarnastöð ríkisins." Okkur þótti því rétt að breyta 20. gr. í samræmi við það, sem stóð í grg. og í upphafi 19. gr., eins og ég hef lesið, enda er þetta einmitt það atriði, sem Dýralæknafélag Íslands benti á, að nauðsynlegt væri að breyta í frv.

Það eru nú liðin um 40 ár, síðan gerð var tilraun með að flytja inn nautgripi af holdanautakyni hingað til landsins. Þessi innflutningur átti sér stað 1933, en þá var flutt frá Skotlandi ein kýr og naut af Galloway-kyni og sitt nautið af hverju kyni, Skorthorn, Aberdeen-Angus og Highland. Gripirnir voru hafðir í sóttkví í Þerney. Hringskyrfi kom upp í nautgripunum, sem tókst ekki að lækna. Var þeim öllum lógað í ársbyrjun 1934, en Galloway-kýrin kom hingað með fangi og var nýborin, þegar þessum gripum var slátrað, og átti nautkálf. Hann var hafður í Þerney fyrsta mánuðinn, en Magnús Þorlákssón á Blikastöðum tók kálfinn í sína vörzlu með samþykki atvmrh. og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og hafði hann í sóttkví, svo lengi sem læknar töldu þörf á. Um þetta má sjá í Búnaðarritinu frá 1935 á bls. 16. Naut þetta, sem hlaut nafnið Brjánn, var selt Búnaðarsambandi Suðurlands og flutt á bú þess að Gunnarsholti. Síðan var það flutt að Sámsstöðum og kvígur undan því bornar saman við íslenzkar. Loks var nautið flutt að Hvanneyri og var þar í nokkur ár. Þar voru skyldleikaræktaðir gripir undan því. Eru allir holdanautablendingar í landinu komnir út af þessu eina nauti. Engin áætlun um skipulega notkun nautsins virðist hafa verið gerð, og gegnir það furðu, þar sem innflutningurinn fór fram á vegum ríkisins. Frá Hvanneyri dreifðust gripirnir síðan, og hætt var að blanda þeim saman við mjólkurkúastofninn. Voru blendingar til á nokkrum stöðum við sunnanverðan Faxaflóa og að Geldingalæk. Þegar Runólfur heitinn Sveinsson tók við starfi sandgræðslustjóra, safnaði hann saman þeim gripum, sem falir voru, m. a. frá Hvanneyri, og flutti á bú sandgræðslunnar í Gunnarsholti. Síðan bættust þar við gripir frá Geldingalæk. Síðan hefur Gunnarsholt verið miðstöð þessarar búgreinar og hlotið styrk frá Alþ. til þess, en það holdanautabú hefur aldrei verið undir umsjá Búnaðarfélags Íslands.

Innflutningur holdanautgripa hefur lengi verið áhugamál margra bænda, og hefur málið oft verið á dagskrá á Búnaðarþingi síðustu tvo áratugina. Það er þó ekki fyrr en 1955, að stærstu búnaðarsamböndin gerast málsvarar þess, að Búnaðarþing mæli með því, að sóttvarnastöð verði komið upp, og ekki er það fyrr en 1960, að meiri hluti Búnaðarþings mælir með slíkum innflutningi. Þessi tregða stafaði af ótta við sýkingarhættu, og talið var tilgangslaust að hreyfa málinu á Alþ., fyrr en Búnaðarþing mælti með innflutningi. Búnaðarþing 1960 kaus þriggja manna nefnd til þess að kynna sér holdanautamálið í heild, bæði innanlands, tilraunir í Laugardælum og búið í Gunnarsholti, og reynslu Norðmanna af innflutningi. Stóð rn. einnig að þessari nefndarkosningu. Nefndin ferðaðist til Bretlands og Noregs og skilaði sameiginlegu áliti árið eftir, enda þótt hún kæmi sér ekki saman um grg. Í ályktun til Búnaðarþings mælir nefndin með innflutningi djúpfrysts sæðis til hreinræktunar Galloway-kynstofnsins í landinu og í öðru lagi, að athugaðir verði möguleikar á að koma hér upp fleiri hreinræktuðum holdanautastofnum með innflutningi nýfæddra kálfa, svo sem af

Aberdeen-Angus-kyni, og féllst Búnaðarþing á þá ályktun.

Nefnd var skipuð af rn. til endurskoðunar laga um innflutning búfjár. Hún skilaði frv., þar sem kveðið var á um almenna sóttvarnastöð. Rn. lét endurskoða frv. með tilliti til þess, að hægt væri að framkvæma innflutning holdanauta á ódýrari hátt, án þess að slakað væri á sóttvarnaráðstöfunum. Þetta varð til þess, að settur var sérstakur kafli um þennan innflutning. Var hann miðaður við, að sóttvarnastöðin væri á Bessastöðum, þar sem opinber búrekstur átti sér stað og nokkrar byggingar voru fyrir hendi. Þá var og aðeins gert ráð fyrir einu kyni, þar sem kostnaður yrði minni. Frv. var samþ. á Alþ. 1962. Fljótlega eftir þetta fór Búnaðarþing fram á það við landbrh., að hafizt yrði handa um innflutning, og þá tók rn. því vel, en úr engu varð, þar sem yfirdýralæknir synjaði um innflutninginn.

Eftir holdanautatilraunina í Laugardælum 1958 og 1960, sem ég ætla aðeins að minnast á síðar, jókst áhugi einstakra bænda á framleiðslu á holdanautablendingum til kjötframleiðslu, t. d. á Austurlandi og á nokkrum búum á Suðurlandi. Voru settar reglur um notkun þessara nauta samkv. ákvæðum búfjárræktarlaga. Má í þessu sambandi nefna Egilsstaðabúið á Völlum og Miklaholtshellisbúið í Flóa. Þá voru einnig fengin naut frá Gunnarsholti á sæðingarstöðvarnar í Laugardælum, Lundi og Hvanneyri. Hefur notkun þeirra aukizt á síðustu árum, enda hafa nú tvö síðustu árin verið settir á mun fleiri kálfar til kjötframleiðslu en áður var. Með tilkomu djúpfrystistöðvarinnar á Hvanneyri 1969 var kleift að hefja nautgripasæðingar í ýmsum héruðum, sem áður höfðu ekki haft bolmagn til þess að koma upp sæðingarstöðvum, og hafa þær breiðzt út hraðar en hægt var að búast við. Ýtir þetta undir nautakjötsframleiðslu í landinu.

Þegar ekkert varð úr innflutningi þrátt fyrir lagabreytinguna 1962, þótti ýmsum nauðsynlegt að hefja skipulega ræktun á úrvali úr Galloway-nautblendingum frá Gunnarsholti, og var ákvæðum þar að lútandi komið í búfjárræktarlög 1965. Eru þau á þann veg, að landbrh. er skylt, meðan lög um innflutning koma ekki til framkvæmda, að koma upp sérstöku búi til ræktunar á þeim Galloway-blendingum, sem til eru í landinu. Sé ræktunin í umsjá og undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Varð að samkomulagi milli landbrn. og forsrn. á árinu 1965, að ræktun þessi færi fram á Bessastaðabúi, og voru 20 gripir valdir í Gunnarsholti og fluttir að Bessastöðum í janúar 1966.

Nokkru síðar tók forsrn. alhliða ákvörðun þess efnis, að á Bessastöðum yrði venjulegur holdanautabúskapur, án þess að þar færi fram sérstök ræktun. Holdanautastofninn var hins vegar talinn verðmætur með tilliti til ræktunarinnar, og óskaði Búnaðarfélag Íslands eftir því, að landbrn. útvegaði annan stað fyrir þessa gripi og ræktun á þeim.

Í ársbyrjun 1968 var ákveðið að leggja niður allan búskap á Bessastöðum frá 1. maí það ár. Útvegaði landbrn. samastað fyrir holdanautabú á Hvanneyri, og voru gripirnir fluttir þangað sumarið 1968. Hefur verið gerður samningur milli Búnaðarfélags Íslands og skólabúsins um tilhögun búsins, þar sem gert er ráð fyrir, að 30 holdakýr séu þar jafnaðarlega auk geldneyta. Þessi ræktun miðar í áttina, en ekki hefur verið hægt að dreifa nautum þaðan, þar sem haustið 1970 kom upp garnaveiki í kind á Hvanneyri, og hafa sauðfjárveikivarnir ekki viljað leyfa flutning á gripum þaðan. Er búið því óvirkt að því leyti, eins og er. Jafnframt ræktun stofnsins hafa verið gerðar athuganir á því, á hvaða aldri geldneyti henti bezt hótelmarkaði og hvernig þau taka fóðri, t. d. mismunandi miklu kjarnfóðri, til kjötframleiðslu. Nú eru alls 48 gripir á ýmsum aldri af þessum stofni á Hvanneyri.

Árin 1958-1960 var gerð merkileg tilraun í Laugardælum. Það voru teknir 32 kálfar, 16 Galloway-blendingar, þ. e. þeir voru af Galloway-kyni aðeins að ¼, þar sem nautið var að hálfu leyti talið af Galloway-kyni, og 16 alíslenzkir kálfar voru teknir í þessa tilraun. Þetta voru 8 blendingsnautkálfar og 8 nautkálfar af íslenzkum stofni og svo 8 kvígur af íslenzkum blendingum. Þessir kálfar voru aldir alveg eins, fengu alveg sömu meðferð. En það, sem er eftirtektarvert í þessum tilraunum, er það, að blendingarnir þyngjast um 90 g meira á dag að meðaltali. Þeim var slátrað rétt tæplega tveggja ára, og þá var fallþungi að meðaltali af blendingunum 197 kg, en af íslenzku nautgripunum 152 kg eða munurinn var 45 kg. Bolakálfarnir voru allir geltir fjögurra mánaða, og voru Galloway-uxarnir að meðaltali 203 kg, en kvígurnar 190 kg, en íslenzku uxarnir 158 kg og kvígurnar 146 kg. Þetta er í raun og veru merkileg tilraun og gefur til kynna, að íslenzkir bændur mundu hafa töluverðan ávinning af því, ef þeir fengju svona stofn inn í landið, sem væri hægt að sæða íslenzku mjólkurkýrnar með.

Ég vildi aðeins rifja upp, hvernig þetta hefur gengið til á undanförnum árum, til þess að hv. þm. áttuðu sig betur á því, hvernig þetta hefur horft við íslenzku bændastéttinni og hvers vegna þeir keppa nú að því að fá þennan stofn inn í landið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv., sem hv. landbn. mælir með að verði samþ. með örlitlum breytingum. – Það er ekki ástæða til að rifja það upp, hvers vegna það er ekki fyrr en nú, sem líklegt þykir, að í það verði ráðizt að flytja inn holdanautasæði þrátt fyrir það að lögin um það hafi verið samþ. 28. apríl 1962. Með þeim lögum var landbrh. heimilað að veita innflutningsleyfi á holdanautasæði að fengnum tillögum yfirdýralæknis og forstöðumanns tilraunastöðvarinnar að Keldum og einnig, ef þeir vildu mæla með að flytja inn holdanaut. En ástæðan til þess, eins og hv. frsm. n. sagði, að ekki var leyft að flytja inn, var sú að yfirdýralæknir þorði ekki að mæla með þessum innflutningi, og ég held, að það sé nú ekki sanngjarnt að álasa yfirdýralækni, þótt hann væri hikandi í þessu máli, eins og ástandið var, vegna þess að það var ekki unnt að gera aðrar eins öryggisráðstafanir þá og unnt er að framkvæma nú. Yfirdýralæknir og margir mundu vel, hvílíkt afhroð landbúnaðurinn varð að gjalda fyrir það að hafa áður flutt inn útlenda gripi með lítilli fyrirhyggju. Og það má ekki endurtaka sig, að þetta verði að tjóni, að byrja á þessu að nýju. En eins og ég sagði eru nú fyrir hendi ýmsar öryggisráðstafanir, sem unnt er að gera og beita, sem áður var ekki um að ræða.

Ég ræddi oft við yfirdýralækni um þessi mál, og það var ekki fyrr en haustið 1969, sem okkur fannst ómaksins vert að fara að endurskoða gildandi lög með það fyrir augum að láta af því verða að flytja inn sæði. Og það var þá, sem ég skipaði þriggja manna nefnd, yfirdýralækni, Guðmund Jónsson skólastjóra á Hvanneyri og Ólaf Stefánsson ráðunaut til þess að gera till. um breytingar á gildandi lögum með það fyrir augum, að í það yrði ráðizt að flytja inn holdanautasæði, sérstaklega með tilliti til þess, að nú var mögulegt að djúpfrysta sæði hérlendis, eftir að djúpfrystistöðin kom að Hvanneyri.

Það er með tilliti til þessa, sem þetta frv. var samið, og menn eru nú bjartsýnir um, að takast megi að flytja inn djúpfryst sæði, án þess að það verði þjóðinni til tjóns. Og enginn vafi er á því, að ef þetta tekst, og það eru næstum því 100% líkur fyrir því, að það geti tekizt, ef allrar aðgæzlu er gætt, þá getur það orðið landbúnaðinum og þjóðinni allri til gagns. Það er enginn vafi á því, að afurðir af þessum holdanautum eru miklu meiri og framleiðslan þar af leiðandi ódýrari í því formi en að búa eingöngu við íslenzka kynið. Þess vegna ber að þessu að keppa og hafa fulla gát á, og ég held, að það sé enginn vafi á því, að ef yfirdýralæknir mælir með því, að þetta verði gert, þá verði allar öryggisráðstafanir, sem hugsanlegar og tiltækar eru, notaðar.

Eins og segir í grg. frv., eru líkurnar fyrir því, að hægt sé að sneiða hjá því að sjúkdómar berist með djúpfrystu sæði, nú ólíkt meiri en áður var, þegar nota þurfti sæðið ferskt eða fáum dögum eftir að það var tekið. Það er fleira hér í grg., sem rennir stoðum undir það, að þetta ætti nú að geta orðið nokkurn veginn öruggt, enda þótt yfirdýralæknir hafi sagt nýlega við mig, að jafnvel þó að við notum öll tiltæk ráð, þá sé í rauninni aldrei hægt að segja, að það sé hægt að skapa 100% öryggi. En bændur vilja hætta á þetta, þar sem nú er miklu minni áhætta en áður var. Ég fyrir mitt leyti tel, að með þessu frv. og þeim öryggisráðstöfunum, sem ætlað er að beita, sé áhættan orðin svo lítil, að það sé nú sjálfsagt að gera þessa tilraun, og hafandi það í huga, að ef einhver öryggishlekkur bregzt, getur það valdið óbætanlegu tjóni, og þá held ég, að það hljóti að leiða til þess, að alls öryggis verði gætt. Við skulum minnast þess, að það eru margar þjóðir, sem flytja dýrasæði á milli landa djúpfryst og hafa djúpfrystistöðvar heima, og þetta hefur verið gert árum saman, án þess að það hafi valdið nokkru tjóni. Við verðum að nota þær aðferðir, sem eru þekktar og hafa dugað hjá öðrum þjóðum, og þá ætti það að geta orðið til árangurs og góðs fyrir íslenzkan landbúnað og ekki aðeins fyrir íslenzkan landbúnað, heldur fyrir þjóðina alla.

ATKVGR.
Brtt. 380 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 414).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 54. og 55. fundi í Ed., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 20, var flutt í Nd. og hefur hlotið afgreiðslu þar með lítils háttar breyt., sem allir voru sammála um. Efni þessa frv. er að leyfa innflutning á sæði nautgripa til þess að koma hér á hreinræktun holdanautakyns, en það hefur mjög skort á, að það væri framkvæmanlegt hér á landi, því að sá stofn, sem fluttur var inn fyrir all löngu, er nú orðinn svo blandaður, að ekki er talið, að hægt sé að halda svo áfram án þess að ná í frumstofninn á nýjan leik.

Þetta mál var um tíma mikið deilumál, en hefur nú breytzt þannig, að yfirleitt hefur það fengið mikið fylgi og þar á meðal samtaka bænda, bæði á Búnaðarþingi og annars staðar, sem það hefur komið upp. Í sambandi við þetta er gert ráð fyrir, að hér verði eingöngu flutt inn sæði frá holdanautum. Sett verði upp hér stöð til þess að einangra stofninn, meðan verið er að fá um það fullkomið öryggi, að ekki geti komið hér upp sjúkdómur í sambandi við þennan innflutning. Það er mál manna, að sá stofn, sem ætlað er að flytja inn, sé þekktur sem gæðavara á kjötmarkaðinum, og það er talið hagkvæmara í alla staði að hafa aðeins eina stofntegund í sambandi við þennan innflutning.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að segja fleira um þetta að þessu sinni, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 414, n. 489).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir hv. Alþ. í byrjun þessa þings, og hefur það lengst af verið í Nd. Var það sent til umsagnar mörgum aðilum, sem talið var, að hefðu þekkingu og reynslu í þessum málum, og mæltu allir þeir aðilar með samþykkt frv.

Í hv. Nd. bar landbn. d. fram nokkrar brtt., sem allar voru samþ., en till. þessar eru á þskj. 380. Þær fjalla einkum um það að fella út úr frv. staðsetningu sóttvarnastöðvar ríkisins að Bessastöðum. Sóttvarnastöðinni skal valinn staður, þar sem skilyrði eru góð til einangrunar að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Önnur breyting, sem var gerð á frv., er sú, að fara skuli með afurðir af gripum stöðvarinnar eins og segir í 17. gr. frv. Að öðru leyti er frv. þetta óbreytt, eins og það kom fyrir Alþ. og undirbúningsnefndin, er samdi frv., gekk frá því. En í þeirri nefnd

áttu sæti þeir Ólafur E. Stefánsson nautgriparæktarráðunautur, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir og Guðmundur Jónsson skólastjóri að Hvanneyri.

Aðalefni frv. felst í 1. gr. þess, þar sem segir, að landbrh. sé heimilt að láta flytja inn djúpfryst holdanautasæði af Galloway-kyni, og skal það eingöngu notað í sóttvarnastöð ríkisins. Heimild þessa má ráðh. því aðeins nota, að þrír aðilar mæli með innflutningi á sæði þessu hverju sinni, en þeir eru stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði á Keldum.

Ástæðan fyrir því, að frv. þetta er eingöngu bundið við holdanaut af Galloway-kyni, er sú, að þessi holdanautastofn er þegar fyrir hér á landi, og það hefur sýnt sig, að hann þrífst hér vel, er nægjusamur, bæði hvað húsakynni og fóður snertir. Það er því auðvelt, ef menn vilja, að ná stofni þessum hreinræktuðum á mun skemmri tíma en ef inn yrði flutt sæði úr öðrum holdanautastofnum. Galloway-kynið hefur reynzt vel erlendis. Það gefur gott og mikið kjöt, og kálfarnir eru bráðþroska.

Í frv. þessu er svo ráð fyrir gert, að þeir gripir, sem verða í sóttvarnastöð ríkisins, verði þar ævilangt, en ekki fluttir lifandi burtu. Þegar það hefur sýnt sig, að smitandi sjúkdómar hafa ekki borizt með sæðinu til landsins, þá verður leyft að flytja sæði úr nautum sóttvarnastöðvarinnar til þeirra, er þess óska innanlands. Ef allt gengur vel, þá er hugsanlegt að fá sæði frá stöðinni, eftir að hún hefur starfað í þrjú ár, og þegar tímar líða, fæst sæði úr nokkurn veginn hreinræktuðum nautum, en það tekur mun lengri tíma.

Í frv. þessu er lögð á það rík áherzla, að hið djúpfrysta sæði, sem inn verður flutt, sé úr nautum, sem geymd eru á sæðingarstöðvum erlendis, þar sem opinbert eftirlit er með öllu hreinlæti og heilbrigði gripanna. Þess vil ég geta, að það Búnaðarþing, sem kom saman í vetur, samþykkti einróma frv. það, sem hér liggur fyrir, og óskaði þess, að það næði fram að ganga. Þess má geta, að mál þetta, innflutningur búfjár, hefur oft verið til umræðu á Búnaðarþingi og stéttarsambandsfundum bænda og víðs vegar á fundum bænda á landinu. Hér er því um einn af mörgum óskadraumum bændanna að ræða, sem vonandi rætist nú á þessu þingi með samþykkt þessa frv.

Ísland er þegar orðið mikið ferðamannaland, og verður það sjálfsagt meir í framtíðinni en þegar er orðið. Þeir, sem hótelin reka, segja, að erlendir ferðamenn spyrji mikið eftir nautakjöti, sem því miður er ekki alltaf til og stundum misjafnt að gæðum. Ég vona, að með aukinni nautakjötsframleiðslu verði landbúnaður okkar efldur og bændastéttin standi þar með styrkari fótum og geti því betur búið að sínu í framtíðinni.

Þess má geta, að á fjárlögum þessa árs eru veittar 2 millj. kr. til byggingar sóttvarnastöðvar ríkisins. Það eru því miklar líkur á, að hafizt verði handa í þessum efnum á yfirstandandi ári, og mun samþykkt þessa frv. flýta fyrir framgangi þessa máls.

Eins og fram kemur á þskj. 489, þá mælir landbn. með, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 508).

---

20. Bann við losun hættulegra efna í sjó.

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um bann við losun hættulegra efna í sjó [74. mál] (stjfrv., A. 82).

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er um það að banna öllum íslenzkum skipum að losa í sjó hættuleg efni, sem gætu valdið mengun sjávar. Tiltekið er í 1. gr. frv., að þetta bann eigi að ná til, í fyrsta lagi torleysanlegra, lífrænna efna eða efnasambanda, sem leysast hægt í sundur, hvort sem er í lifandi verum eða við efnabreytingar, og í öðru lagi til úrgangs, sem hefur að geyma ofangreind efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, þungra málma eða eitraðra málma. Síðan er ákveðið í frv., að sett skuli reglugerð, þar sem talið sé upp á tæmandi veg, til hvaða efna bannið nær, en hér er að sjálfsögðu um mjög þýðingarmikið mál að ræða fyrir okkur Íslendinga, sem látum okkur það miklu skipta að reyna að koma í veg fyrir mengun sjávar og þær hættur, sem af slíkri mengun gætu leitt, einmitt fyrir fiskistofnana við landið.

Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðlegar samþykktir, sem varða þessi mál, enda verði slíkar reglugerðir gefnar út í C-deild Stjórnartíðinda.

Tildrög þess, að þetta mál er hér flutt á þann veg, sem hér er gert, eru þau, að samkomulag hefur orðið um það með Norðurlandaþjóðum, að þær settu lög í þessa átt hver hjá sér, þar sem þær bönnuðu sínum þegnum að valda slíkri mengun á hafsvæðum, sem hér er rætt um. Það er að vísu alveg augljóst, að þótt Norðurlandaþjóðir komi sér saman um að banna sínum þegnum að losa hættuleg eiturefni í sjó, þá nær það ekki nema takmörkuðum tilgangi. Því var það, að samkomulag Norðurlandaþjóðanna varð einnig um það, að þær skyldu jafnframt beita sér fyrir því að fá aðrar þjóðir til þess að fallast á að setja slík lög fyrir sig eða verða aðilar að eins víðtæku samkomulagi eða samþykktum varðandi þessi mál og tök væru á. Norðmenn hafa þegar fyrir nokkru sett lög í þessa átt hjá sér, og hér er aðeins um það að ræða, að við Íslendingar stígum hliðstætt skref í þá átt, eins og Norðmenn hafa þegar gert, að við bönnum okkar þegnum að losa í hafið þessi hættulegu eiturefni eða mengunarefni.

Það, sem hefur síðan gerzt í þessum málum, er það, að haldin var í Osló, dagana 19.—22. okt. s. l., ráðstefna, sem þátt tóku í ekki aðeins fulltrúar frá Norðurlöndum, heldur einnig frá allmörgum öðrum löndum, sem hagsmuna eiga að gæta á því hafsvæði, sem við eigum mestra hagsmuna að gæta á. Þar var lagður grundvöllur að samþykkt milli þessara þjóða varðandi þessi efni, og er því áfram unnið að því að reyna að fá sem víðtækust samtök um að koma í veg fyrir mengun sjávar af völdum þess, að skip láti frá sér í hafið hættuleg úrgangsefni. En þessi samþykkt hefur auðvitað ekki enn verið staðfest. Vantar þar samþykkt margra aðila, sem miklu máli skipta, en unnið er að því að reyna að fá þarna sem víðtækasta samvinnu. Einnig er síðan stefnt að því, að þetta mál verði tekið upp á fundum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, og það mun verða gert á næsta fundi hennar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mál fleiri orð að þessu sinni. Ég tel sjálfsagt, að við stígum það skref að banna okkar þegnum það, sem þetta frv. fjallar um, banna þeim að losa í sjó frá skipum hættuleg úrgangsefni, sem geta valdið mengun. Þar með höfum við sýnt á ótvíræðan hátt okkar vilja til þátttöku í þessum efnum. Okkar vald nær að sjálfsögðu ekki lengra en banna okkar þegnum þetta á þessu stigi málsins, en síðan getum við unnið áfram að því með öðrum að reyna að fá sem flesta til þess að fallast á það að banna sínum þegnum að halda þannig á málum, að sjórinn verði hættulega mengaður vegna úrgangsefna, sem skip losa sig við á höfum úti.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til athugunar.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég fagna því, að frv. til l. um bann við losun hættulegra efna í sjó skuli hér lagt fram á hinu háa Alþ. og að samkomulag virðist hafa náðst um sameiginlegar aðgerðir ríkja, sem liggja að Norðaustur-Atlantshafi, sem talið er, að muni stuðla að því að fyrirbyggja mengun sjávar. Ég hygg, að erfitt sé að meta réttilega, hversu mikill ógnvaldur hugsanleg mengun frá ýmiss konar efnum og efnasamböndum í úrgangi frá verksmiðjum nú til dags geti verið öllu sjávarlífi og jafnvel heilsu manna. Alla vega getur hér verið um að ræða mikla og alvarlega ógnun, sem nauðsynlegt er að vera vel á varðbergi gagnvart. Löggjöf í anda þess frv., sem hér liggur fyrir, er því nauðsynleg til þess að mæta þessum vanda.

Í aths. með frv. kemur fram, að á ráðstefnu, sem haldin var í Osló 19.—22. okt. 1971 og hæstv. ráðh. minntist hér á í sinni ræðu áðan og fjallaði um þessi mál, og þar voru mættir fulltrúar frá Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Vestur-Þýzkalandi, Íslandi, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni og Svíþjóð, kom það fram, að þar hafi verið gengið frá uppkasti að alþjóðasamþykkt, sem feli í sér miklar takmarkanir og eftirlit með losun úrgangsefna í sjó úr skipum og flugvélum og nái til alls þess svæðis, sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðisamþykktin tekur til. Það er vel, að slík alþjóðasamþykkt verður væntanlega gerð, en í því sambandi skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli, hvernig eftirliti verður háttað og það tryggt, að eftir væntanlegri alþjóðasamþykkt verði farið. Það væri vissulega fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvernig fyrirhugað sé að tryggja af hálfu opinberra aðila, að svo verði gert, ef hæstv. ráðh. gæti á þessu stigi málsins eitthvað um það sagt.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get því miður litlar upplýsingar gefið um það á þessu stigi málsins, hvernig háttað yrði eftirliti, ef sú samþykkt næði fullgildingu, sem minnzt er á, að lögð voru drög að á Oslóarfundinum. Það kom fram á þeim fundi, að nokkur vandkvæði eru á því að ná samkomulagi um það, með hvaða hætti eftirlitið skuli framkvæmt. Því er þannig farið, þegar um það er að ræða, að margar þjóðir standi að því að setja reglur um að banna, að úrgangsefnum sé fleygt í hafið frá skipum á mjög víðáttumiklu hafsvæði, að það getur verið býsna flókið að koma því þannig fyrir, að allar viðkomandi þjóðir sætti sig við, að fullnægjandi eftirlit með þessu fari fram, og það liggur því engan veginn fyrir á þessu stigi málsins, að hægt sé að segja um það, hvernig þetta eftirlit yrði. En aðalatriði málsins eru þau, að þær þjóðir, sem sóttu ráðstefnuna í Osló, urðu ásáttar um að gera drög að alþjóðlegri samþykkt varðandi þessi mál, en það kom þó greinilega fram á þeim fundi, að enn telja þær, að allmikið sé óunnið í þessum efnum, bæði í sambandi við eftirlitsmálin og einnig að því leyti til, að talið er, að þarna þurfi að bætast í hópinn enn þá fleiri lönd en að þessum fundi stóðu. En það er enginn vafi á því, að með þessari ráðstefnu var stigið mjög þýðingarmikið og merkilegt skref í þessa átt. Út af fyrir sig er þetta frv., sem hér liggur fyrir, að miklu leyti óháð fundinum, sem haldinn var í Osló. Það er í framhaldi af áður gerðu samkomulagi á milli Norðurlandaþjóða og flutt hér, til þess að við gerum það fyrir okkar leyti, sem Norðurlandaþjóðirnar höfðu ákveðið að beita sér fyrir hver um sig, að setja hjá sér löggjöf, sem bannaði þegnum viðkomandi landa að sleppa í hafið hættulegum úrgangsefnum, sem gætu valdið mengun hafsins.

Ég vænti þess, að þegar þessum málum vindur nú nokkuð fram, þá komi það betur í ljós síðar, hvernig sú samþykkt kann að verða að fullu og öllu leyti, sem hér er minnzt á, að samkomulag hafi orðið um í meginatriðum á Oslóarfundinum, og þar með liggi það þá fyrir einnig, hvernig ætlað er að reyna að tryggja framkvæmdina á þessari samþykkt. En það er rétt að gera sér alveg grein fyrir því, að það eru margvísleg vandkvæði við það að tryggja framkvæmd á slíkum samþykktum. En um þetta mál get ég, því miður, ekki gefið frekari upplýsingar á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 82., n. 415).

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir til 2. umr. frv. til l. um bann við losun hættulegra efna í sjó, 74. mál d. á þskj. 82. Sjútvn. d. fékk málið til meðferðar. Hefur hún rætt það á fundum sínum og sent

það til umsagnar eftirtöldum aðilum: Siglingamálastjóra, Hafrannsóknastofnuninni og Raunvísindastofnun Háskólans. Mun ég geta um nokkur atriði úr þessum umsögnum í sömu röð og ég nefndi hér áðan.

Siglingamálastjóri segir í sambandi við 2. gr. frv., að mengunarmálin heyri nú undir þrjú rn., og telur í því sambandi æskilegt, að öðru skipulagi verði komið á í þessum málum hið fyrsta til að hindra tvíverknað og sjá um, að mengunarmálunum verði gerð sem bezt skil. Að lokum segir siglingamálastjóri:

„Ég er því þannig að sjálfsögðu hlynntur, að lög verði sett um heimild ríkisstj. til að staðfesta umræddan alþjóðasamning, sem er liður í viðtækari aðgerðum til varnar gegn mengun umhverfis mannsins, og verði almenna heimildin veitt ríkisstj., eins og segir í 5. gr. frv., þá mundi það flýta afgreiðslu síðari alþjóðasamþykkta, þegar ekki þarf lengur að leita til Alþ. til heimildar til að staðfesta alþjóðasamþykktir um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða. Einnig vil ég leggja á það áherzlu, að mjög aðkallandi er orðið, að skipulagningu og yfirstjórn mengunarmála hér á landi verði komið í fastari skorður en nú er, þar eð flest öll rn. virðast hafa eitthvert það verksvið, er snertir varnir gegn mengun umhverfisins, en málefnin oft mjög hvert öðru tengd."

Þetta segir siglingamálastjóri. Ég vil leyfa mér að lesa einnig umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eins og yður er kunnugt, hefur Hafrannsóknastofnunin þegar hafið mengunarrannsóknir hér við land, og má því telja eðlilegt, að í 2. gr. bætist við ákvæði um, að reglugerðin um hin bönnuðu efni sé sett í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Yrði þá haft samráð við stofnunina, hvað snertir þessa mengunarvalda, á sama hátt og haft er samráð við Siglingamálastofnunina, hvað varðar olíumengun. Það væri einnig í samræmi við upphaf aths. með frv., þar sem frv. er ætlað að vera þáttur í aðgerðum gegn þeirri miklu ógnun, sem mengun er öllu sjávarlífi."

Okkur nm. fannst svo sjálfsagt mál, að samráð yrði haft við Hafrannsóknastofnunina við samningu reglugerðar samkv. 2. gr., að óþarft væri að binda það í lögum, en hins vegar nægjanlegt að leggja á það áherzlu í framsögu með málinu, þar sem Hafrannsóknastofnun hefur þegar með höndum mengunarrannsóknir í sjó hér við land og er þar með sjálfkjörinn samráðsaðili að þessum málum.

Þá vil ég einnig leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa umsögn Raunvísindastofnunarinnar:

„Líffræðiskoðarar eru sammála um, að þetta frv. sé æskilegt, svo langt sem það nær. Tvennt má benda á, sem getur orsakað mengun hafsins, en ekki verið getið um í frv. þessu: Hættuleg efni frá verksmiðjum, sem leidd eru út í sjó án þess að skip sé milliliður. Sama má segja um skolplagnir frá borgum og kaupstöðum. Ákvæði þyrftu að vera í lögum um, hvaða efni má fara í skolpleiðslur, sem leiða til sjávar eða vatns. Þetta væri e. t. v. efni í önnur lög.

Yfirgefin veiðarfæri fiskiskipa geta orðið alvarleg mengun í hafinu. E. t. v. verða líka samin önnur lög um það efni, þar sem fiskiskipum er gert að skyldu að slæða slík veiðarfæri upp, og verði með því strangt eftirlit.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. segir:

„Bann þetta nær yfir: 1. Torleysanleg lífræn efni eða lífræn efnasambönd, sem leysast hægt í sundur, hvort sem er í lifandi verum eða við efnabreytingar. 2. Úrgang, sem hefur að geyma ofangreind efni eða efnasambönd (lífræn eða ólífræn) þungra málma eða eitraðra málma."

Bann þetta nær aðeins til torleysanlegra lífrænna efna og eitraðra málmsambanda. Ástæða er til að hafa bannið mun víðtækara, og mætti orða 2. mgr. 1. gr. þannig:

Bann þetta nær yfir: 1. Öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja. 2. Geislavirk efni. 3. Sprengiefni."

Það sést á þessu, sem ég las nú síðast, að n. hefur orðið sammála um að gera brtt. við 1. gr., þannig að upptalningin er gerð víðtækari en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu. Við urðum sammála um, að rétt væri að fara að ráðum sérfræðinga varðandi þetta atriði, en mér þykir rétt, að menn láti í ljós álit sitt á þessu viðhorfi. Það er deginum ljósara, að mengun af völdum hvers kyns úrgangsefna er alvarlegasta vandamálið, sem mannkynið á nú við að etja. Það er álit heimsfrægra haffræðinga og líffræðinga, að með þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum á undanförnum árum, verði allt líf dautt í sjónum eftir tiltölulega stuttan tíma, sumir nefna 50 ár, aðrir ekki nema 25, ef ekki verður snúið við blaðinu í þessum efnum. Allar þjóðir verði að leggjast á eitt að koma í veg fyrir frekari mengun en orðin er. Um þetta sjálfsagða mál mætti halda mikinn fyrirlestur. En ég vil aðeins nefna, að við Íslendingar getum a. m. k. lagt okkar lóð á vogarskálina, þótt ekki sé stórt í samanburði við þau, sem hinar stóru, iðnvæddu þjóðir gætu lagt þar á, þær þjóðir, sem valda og hafa valdið mestri mengun. Þar þyrfti að koma til stórkostleg hugarfarsbreyting til hins betra, ef ekki á illa að fara. Þetta frv. er spor í rétta átt af okkar hálfu, og mælir sjútvn. með samþykkt þess.

ATKVGR.
Brtt. 415 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 526).

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti.

Allshn. hefur rætt það frv., sem hér er til umr., og mælir með samþykkt þess, eins og frv. var afgr. frá Nd., sbr. þskj. 483.

Aðalefni þessa frv. kemur fram í 1. gr., svo og í 5. gr. frv. Í 1. gr. er íslenzkum skipum bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna. Bann þetta nær til allra eiturefna, lífrænna og ólífrænna, auðleysanlegra og torleysanlegra sambanda málma og málmleysingja, geislavirkra efna og sprengiefna. Í 2. gr. frv. er ákvæði, sem heimilar ráðh. að setja reglugerð um þetta bann, sem greinir í 1. gr. Í 3. gr. frv. er tekið fram, að íslenzkum ríkisborgurum eða fyrirtækjum sé einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna. Og í 4. gr. segir, að ákvæði í 1.–3. gr. eigi einnig að ná til losunar þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningatækjum en skipum.

Eins og ég sagði áðan, þá er annað meginefni þessa frv. að finna í 5. gr., en þar segir, að ríkisstj. sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykkta birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

Þetta frv. á sér þá forsögu, að á síðasta ári komu saman til nokkurra funda fulltrúar frá sjútvrn. og utanrrn. Norðurlanda til þess að ræða mengun hafsins og hugsanlegar aðgerðir gegn þeirri miklu ógnun, sem mengun er öllu sjávarlífi. Niðurstöður þessara viðræðufunda urðu þær, að á fundi utanrrh. Norðurlanda 26. apríl á s. l. ári var ákveðið, að Norðurlönd skyldu stíga sitt fyrsta sameiginlega skref í baráttunni gegn mengun sjávar með því að koma á í þessum löndum banni við losun hættulegra efna í sjó á þann veg, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Á þessum fundi utanrrh. í apríl í fyrra var einnig samþykkt, að Norðurlöndin skyldu reyna að vinna þátttökuríki í Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni til fylgis við sams konar bann, og hinn 4. maí s. l. var Bretum og Hollendingum afhent orðsending í þessu tilefni.

Á s. l. hausti, í október, var svo efnt til ráðstefnu í Osló, sem Norðmenn boðuðu til, til þess að ræða þessi mál. Á þessari ráðstefnu tókst að ganga frá í öllum meginatriðum uppkasti að alþjóðasamþykkt, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. þessa frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja ítarlega þessa forsögu málsins. Þessi mál, mengunarmálin almennt, eru mjög á dagskrá um þessar mundir, mjög til umræðu víða um lönd og á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu. Þannig er nú fram undan ráðstefna, sem Sameinuðu þjóðirnar efna til í Stokkhólmi á næsta sumri um umhverfismálin og mengunarmálin.

Þessi mál eru margháttuð. Einn þáttur þeirra er viðleitni til að koma í veg fyrir mengun hafsins, og þessi viðleitni hefur verið tekin upp sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er fyrir frumkvæði Íslendinga árið 1969, sem þetta hefur verið gert. Þá lögðu Íslendingar til, að þessi vandi í sambandi við mengun hafsins yrði lagður fyrir æðstu stofnun Sameinuðu þjóðanna, allsherjarþingið.

Ég vék að umhverfisráðstefnunni í Stokkhólmi. Fyrir þá ráðstefnu hafa verið haldnir ýmsir fundir til undirbúnings, m. a. í Ottawa í nóv. s. l. Einn liður í þessum undirbúningi er ráðstefna sú um mengun hafsins, sem nú stendur yfir hér í Reykjavík.

Það er mjög ánægjulegt, að það skuli verið haldið áfram þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp 1969, með því að beita áhrifum Íslands á þessum vettvangi. Það hefur aldrei verið ágreiningur um þetta mál, hvorki í tíð fyrrv. ríkisstj. eða núv. En um leið og við beitum okkur á alþjóðavettvangi í þessum efnum, þá er að sjálfsögðu eðlilegt og sjálfsagt, að okkar hlutur liggi ekki eftir, hvað varðar okkar eigin löggjöf. Þetta frv. er einn liður í því, að svo verði ekki. Það mun vera áhugi fyrir, og mér sýnist fara vel á því, að Alþ. afgreiði þetta frv. áður en lokið er þeirri ráðstefnu, sem nú stendur yfir hér í Reykjavík um varnir gegn mengun hafsins. Ég vil því mælast til þess, að hv. deild hafi hraða afgreiðslu á þessu máli, og ég vildi jafnframt mælast til þess, að það yrði leitazt við að ljúka einnig 3. umr. í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 541).

---

21. Skipan dómsvalds í héraði.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. [137. mál] (stjfrv., A. 200).

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 200 fjallar um skipun dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. Í grg. með frv. er að finna allglöggar upplýsingar um það, hverjar breytingar eru í því gerðar á gildandi lögum um þetta efni. En mér þykir viðeigandi að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Sjálfstæðir og óháðir dómstólar eru ein bezta tryggingin fyrir réttaröryggi. Dómstólar fara með mikilvægt þjóðfélagsvald. Ákvarðanir þeirra geta verið örlagaríkar fyrir þá einstaklinga, sem í hlut eiga. Sérhver einstaklingur getur lent í þeirri aðstöðu einhvern tíma á lífsleiðinni, að hann eigi sæmd sína, frjálsræði sitt og fjármuni undir úrskurði dómstóla. Það er því mikið undir því komið, að sem bezt sé búið að dómstólum, að sjálfstæði dómenda, réttarstaða og óhlutdrægni þeirra sé sem bezt tryggð. Í flestum lýðræðisríkjum eru sérstök ákvæði um dómstóla í sjálfri stjórnarskránni. Eiga þau

stjórnarskrárákvæði að tryggja dómurum þá réttarstöðu og starfsaðstöðu, að þeir geti gegnt hlutverki sínu á viðunandi hátt. Þess háttar ákvæði er einnig að finna í okkar stjórnarskrá. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar eru dómarar settir á bekk með löggjafa og æðstu handhöfum framkvæmdavalds, sagt, að þeir fari með eina af aðalgreinum ríkisvaldsins, dómsvaldið. Stjórnarskrá okkar hefur þó miklu færri ákvæði og ófullkomnari um dómstóla en um aðra þá handhafa ríkisvaldsins, sem nefndir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórnarskrárgjafinn eftirlætur almenna löggjafanum að langmestu leyti að setja ákvæði um dómstóla. Þess vegna er ekki hægt að segja, að stjórnarskrárgjafinn hafi búið svo að dómstólunum sem skyldi, ekki tryggt þeim í stjórnarskrá það sjálfstæði og það öryggi, sem þeir þurfa að njóta. M. a. þess vegna verður að játa, að sumt í skipun og meðferð dómsmála hér hjá okkur er ekki í því horfi, sem æskilegast væri. Þar væru ýmsar breytingar æskilegar að mínum dómi, bæði að því er varðar skipun sjálfra dómstólanna eða dómstólakerfið og um meðferð dómsmála. Ég vil þó taka það fram, að ég hygg, að það sé ekki nein sérstök ástæða til að kvarta yfir störfum dómara hér á landi. Ég hygg, að þeir hafi eftir atvikum innt sín störf mjög sómasamlega af hendi. En ég held samt, að það sé í raun og veru þörf á gagngerðri endurskoðun þessara mála.

Þar er þó margs að gæta og síður en svo um einfalt mál að ræða. M. a. er umdæmaskipunin að sumu leyti orðin úrelt. Dómarar hafa með höndum velflestir umfangsmikil stjórnsýslustörf. Meðferð dómsmála vill oft því miður taka lengri tíma en æskilegt er. En umbætur í þessum efnum hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir hið opinbera. Umdæmaskiptingin hvílir á sögulegri hefð, sem menn eiga erfitt með að sætta sig við, að vikið sé frá. Þannig mætti lengi telja.

Ein er sú þróun, sem átt hefur sér stað á þessu sviði, sem með réttu má nokkuð gagnrýna. Það er sá háttur, sem á hefur komizt við ýmis embætti, að fulltrúar hafa í æ ríkara mæli í reyndinni orðið dómarar, jafnvel við sum embættin aðaldómarar. Þessi orð má ekki skilja sem gagnrýni á störf fulltrúanna, og persónulega verð ég að segja það, að ég held, að þessi skipan, sem þannig hefur á komizt, hafi gefizt sæmilega miðað við allar aðstæður, og það mun ekki hægt að benda á neinar sérstakar misfellur, sem af henni hafi hlotizt. En hitt verður að játa, að hún er tæplega í samræmi við hugmyndir manna um sjálfstæða og óháða dómara.

Í þessu frv., sem hér er lagt fram, er ekki um að ræða neina gagngera allsherjarendurskoðun á skipan dómstóla. Að henni má að sjálfsögðu ekki hrapa, og hún verður ekki gerð nema að undangenginni mjög ítarlegri athugun á mörgum atriðum. Þetta frv. varðar aðeins þann þátt, sem ég nefndi nú síðast, og er í raun og veru um það að breyta nokkrum fulltrúastörfum í fullgildar dómarastöður. Er með því stefnt að nokkurri lagfæringu á því sviði, og ég tel, að þar sé um umtalsverða endurbót að ræða. Ég held, að með þeirri breytingu sé stigið spor í rétta átt, og ég held, að það torveldi á engan hátt þá allsherjarendurskoðun í þessum efnum, sem margir telja, að stefna eigi að, og mjög er æskileg að margra dómi. Mér er ljóst, að sumir munu segja, að hér sé um að ræða bót á gamalt fat, en ég held samt, að hún eigi rétt á sér og geti orðið að gagni. Þess vegna hefur það verið mín skoðun, að það væri ekki rétt að láta hana bíða eftir neinni allsherjarendurskoðun þessara mála, sem enn kann nokkuð að dragast á langinn. Auk þess er því ekki að neita, að óánægja dómarafulltrúa með sína réttarstöðu á sinn þátt í því, að ekki þykir fært að skjóta lagfæringu á þessu sviði á frest.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur fyrst og fremst í sér þá breytingu frá gildandi lögum, eins og sagt hefur verið, að það er gert ráð fyrir því, að það verði skipaðir dómarar við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta, og að þeir dómarar leysi að því leyti til fulltrúa af hólmi. Alls eru það fimm dómaraembætti eða sýslumannsembætti og bæjarfógeta, sem hér koma til greina. Utan Reykjavíkur hafa sýslumenn og bæjarfógetar einir farið með dómsvald í héraði, en hér er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að dómarar þessir, sem hér verða skipaðir, fari með slíkt vald. Með þessu er ekki gert ráð fyrir, að valdsvið sýslumanna og bæjarfógeta út af fyrir sig breytist að öðru leyti en því, að mál þau, er fulltrúar þeirra hafa hingað til dæmt á þeirra ábyrgð, fá þeir nú dómurum til meðferðar, er dæma þau á eigin ábyrgð. Á síðustu árum hefur orðið ör fólksfjölgun í nágrenni Reykjavíkur og sérstaklega í Reykjaneskjördæmi. Og einnig annars staðar utan Reykjavíkur hefur á einstaka stað orðið nokkur fólksfjölgun. Sem eðlileg afleiðing þessarar fólksfjölgunar hefur dómsmálafjöldi aukizt að mun hjá viðkomandi héraðsdómaraembætti, enda er nú svo komið, að hinir reglulegu héraðsdómarar við umfangsmestu embættin komast engan veginn yfir að dæma nema mjög óverulegan hluta af þeim dómsmálum, er koma til meðferðar hjá þessum embættum. Af þessu hefur svo leitt, að sífellt fleiri og fleiri mál eru dæmd af fulltrúum dómara. Það verður samkv. því, sem áður var lítillega rakið, að teljast óheppileg þróun, þegar svo er komið, að langflestir dómar eru kveðnir upp af dómarafulltrúum, þótt slíkt sé ekki beinlínis andstætt lögum, þar sem í lögum er heimild til þess að löggilda fulltrúa héraðsdómara til þess að framkvæma hvers konar dómsathafnir, og hefur verið óhjákvæmilegt í framkvæmd að hafa þann hátt á. Það hlýtur að teljast æskilegra, að dómarar fari með og dæmi mál á eigin ábyrgð heldur en fulltrúar dæmi á ábyrgð yfirmanns síns. Slík skipan hlýtur að tryggja fremur réttaröryggi.

Þróun mála í þessum efnum hefur orðið allt önnur í Reykjavík en utan. Með lögum nr. 26 frá 1917 var páv. bæjarfógetaembætti í Reykjavík skipt í tvö embætti, þ. e. bæjarfógetaembætti, er annaðist dómsmál, og lögreglustjóraembætti, er hafði með höndum lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu. Með lögum nr. 67 frá 1928 var aftur gerð sú breyting, að stofnuð voru þrjú embætti í stað tveggja áður, lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Enn er svo með lögum nr. 67 frá 1939 páv. lögreglustjóraembætti skipt í lögreglustjóraembætti og sakadómaraembætti, en með lögum nr. 65 frá 1943 var lögmannsembættinu skipt í embætti borgardómara og borgarfógetaembætti, og er þessi skipting óbreytt nú, þannig að nú eru fimm embætti eða embættisstofnanir í Reykjavík, er annast sömu mál og heyra undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur. Með lögum nr. 98 frá 1961 var sú breyting gerð, að dómurum við dómaraembættin í Reykjavík var fjölgað. Síðan hefur ekki verið gerð

breyting á því nema þó sú, að fulltrúum hefur verið fjölgað mjög verulega við þessi embætti á þessum tíma.

Það má segja, að þetta frv. sé framhald á því, sem þegar hefur verið gert, að því er Reykjavík varðar. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að fjölgað verði enn dómurum við tvö embættin hér í Reykjavík, borgardómaraembættið og sakadómaraembættið. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sakadómarar verði 5–7 eftir ákvörðun dómsmrh. í stað 3–5 samkv. gildandi lögum. En þeir eru nú í reyndinni í hámarki og eru 5. Það er gert ráð fyrir, að borgardómurum fjölgi í 8–10 eftir ákvörðun dómsmrh., en samkv. gildandi lögum eru þeir nú 5–7 og eru líka eins og sakadómararnir í hámarki. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að borgarfógetum verði ekki fjölgað og verði tala þeirra áfram 5–7.

Þróunin utan Reykjavíkur hefur hins vegar orðið sú, að eftir því sem dómsmálum hefur fjölgað, hefur verið gripið til þess ráðs að fjölga fulltrúum, sem hafa fengið löggildingu til þess að fara með og dæma á ábyrgð yfirmanns síns hvers konar dómsmál. Við umfangsmesta dómaraembættið utan Reykjavíkur, embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, starfa nú t. d. 7 löggiltir fulltrúar. Við embætti bæjarfógetans í Kópavogi starfa nú 4 löggiltir fulltrúar, og við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri starfa nú 4 löggiltir fulltrúar. Við önnur dómaraembætti utan Reykjavíkur starfa færri fulltrúar. Dómarafulltrúar hafa knúið á um að fá þessari skipan breytt og hafa lagt til, að gildandi ákvæði um löggildingu fulltrúa verði numin úr lögum og dómurum einum verði heimilað að kveða upp dóma í héraði, en fulltrúar starfi þó áfram við þessi embætti, en annist aðeins minni háttar dómsmál.

Í frv. þessu er við nokkur umfangsmestu embættin utan Reykjavíkur lagt til eða gert ráð fyrir, að haldið verði inn á svipaða braut í þessu efni og við dómaraembættin í Reykjavík, þannig að við hvert embætti starfi fleiri en einn dómari. En eftir sem áður verði óbreytt sú skipan, eins og líka hér er í Reykjavík og hefur verið, að aðeins einn dómari dæmi í hverju máli í héraði. Um þetta eru fyrirmæli í 7. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skuli auk þess dómara starfa 1–3 dómarar eftir ákvörðun dómsmrh. Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, getur dómsmrh. heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvort þessara embætta. Við embætti bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum getur dómsmrh. heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn dómari við hvort þessara embætta.

Þau rök, sem lágu til grundvallar fjölgun dómara í Reykjavík, sem átti sér stað með þeim lögum, sem áðan voru nefnd, frá 1961, ættu nú einnig að gilda hér við þessi embætti utan Reykjavíkur og styðja þá meginbreytingu, sem felst í þessu frv. Það er sem sagt um það að ræða, að það er að vísu alveg óskilyrt gert ráð fyrir því, að dómurum verði fjölgað hér í Reykjavík og Hafnarfirði, um tvo í Reykjavík og Hafnarfirði frá því, sem nú er, en síðan er svo heimild til þess að fjölga dómurum nokkuð, og að því er ég ætla, eru það um 12 stöður, sem þar gæti verið um að tefla, ef farið væri í hámark.

Það má að sjálfsögðu deila um það, hvort hér sé fundin fullnægjandi lausn á þessu vandamáli, og það er nú ekki að mínum dómi, eins og ég hef tekið fram. Það væri vafalaust æskilegt að taka allt dómstólakerfi landsins til endurskoðunar, eins og hugmyndir hafa komið fram um, og þá einkanlega með tilliti til þess að gera dómsvaldið óháðara framkvæmdavaldinu. Slík breyting yrði hins vegar ekki framkvæmanleg nema með því að breyta núverandi umdæmaskipan verulega, bæði á sviði dómsýslu og stjórnsýslu, og um það efni eru uppi ýmsar skoðanir, að ég hygg, og skoðanir um það nokkuð skiptar. En hvað sem því líður, er það alveg ljóst, að til slíkrar allsherjarbreytingar þyrfti að vanda mjög vel, og væri ógerlegt að koma henni á fyrr en eftir könnun á fjöldamörgum atriðum, sem snerta þetta mál, bæði beinlínis og óbeinlínis. Það verður ekki séð, að sú breyting, sem frv. þetta felur í sér, verði á nokkurn hátt því til hindrunar, að allsherjarbreyting geti síðar átt sér stað á dómsmálakerfi landsins, ef mönnum þykir rétt að hverfa að því.

Á s. l. sumri var af hálfu dómsmrn. gerð könnun á fjölda dómsmála hjá meiri hluta dómaraembætta landsins fyrir árin 1969 og 1970. Sú fjölgun dómara, sem frv. gerir ráð fyrir, miðast m. a. við þá könnun, svo og dómsmálaskýrslur Hagstofunnar. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að lesa þessar skýrslur upp hér, og þær eru ekki prentaðar með frv., en að sjálfsögðu getur sú n., sem frv. þetta fær til meðferðar, kvatt til þá starfsmenn rn., sem að þessari skýrslusöfnun unnu og unnið hafa að samningu þessa frv., og getur þá n. kynnt sér niðurstöður könnunarinnar rækilega. Auðvitað er það alltaf matsatriði, hvar á að draga línurnar, einnig þó að sú könnun liggi fyrir, en ég held fyrir mitt leyti, að sú leið, sem hér hefur verið valin, verði mjög nærri lagi.

Ég sé enga ástæðu til þess að draga fjöður yfir það, að óánægja dómarafulltrúanna með sína réttarstöðu á sinn ríka þátt í, að þetta frv. er flutt. Það er öllum hv. þm. vafalaust kunnugt, að dómarafulltrúar sögðu upp störfum sínum á s. l. ári, og var gert ráð fyrir því, að samkv. þeim uppsögnum ættu þeir að hætta eða mundu þeir hætta 1. sept. s. l. Það er augljóst mál, að af því hefðu skapazt veruleg vandkvæði. En fulltrúarnir frestuðu þessum uppsögnum í trausti þess, að frv. um þetta efni yrði lagt fyrir Alþ. og næði fram að ganga. Og í þessu frv. er gengið nokkuð til móts við þær óskir, sem komið hafa fram af hálfu dómarafulltrúa í þessu efni, en þó er það svo, að þetta frv. gengur ekki nándar nærri eins langt og dómarafulltrúarnir höfðu þó uppi óskir um. En ég hef ástæðu til þess að ætla, að þeir sætti sig þó eftir atvikum við þá skipan, sem hér er ráðgerð.

Hér á hv. Alþ. var í gær rædd þáltill. um skipan dómsmála og lögreglumála í Reykjaneskjördæmi eða á Suðurnesjum, þar sem gert er ráð fyrir því, að embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði verði skipt, þannig að nánast verði Kjósarsýsla í öðru umdæminu og svo Hafnarfjörður, en svo Gullbringusýsla, þó með nokkrum breytingum, í öðru, sem mundi þá lúta undir bæjarfógetann í Keflavík. Ég held, að á engan hátt sé óeðlileg sú skipting, sem þar er gert ráð fyrir, og ég held, að það sé engin ástæða til þess að leggja stein í götu fyrir

skiptingu á einstökum umdæmum, þó að það sé ekki hægt eða því verði ekki við komið að framkvæma allsherjarendurskoðun í þessu efni. En ég vil aðeins segja það í þessu sambandi, að ég held, að með þessu frv., þó að það verði að lögum, sé ekki lagður neinn steinn í götu þess, að sú skipting eigi sér stað, sem sú þáltill. gerir ráð fyrir.

Í þessu frv. er eða getur verið um nokkra fjölgun á dómarastöðum að tefla, og því er eðlilegt, að menn spyrji um það, hvort þá sé ekki hér um starfsmannafjölgun að ræða, en því er þar til að svara, að eftir frv. er gert ráð fyrir því, að það verði ekki. Þar eru sett ákvæði til bráðabirgða, sem segja, að við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkv. lögum þessum, skuli jafn margar fulltrúastöður falla niður. Það á því ekki af þessu frv. út af fyrir sig að leiða starfsmannafjölgun, heldur hitt, eins og ég hef þegar sagt, að fulltrúastöðum verði þegar breytt í dómarastöður, og sá kostnaðarauki, sem af því á að stafa, á ekki að vera nema mismunurinn á launum þeim, sem fulltrúar hafa og dómarar, og ég held, að það sé ekki umtalsverð útgjaldaaukning í þessu tilfelli.

Þó að þetta sé sagt hér í frv., þá vil ég taka það fram til þess að enginn vafi leiki á því, að það er auðvitað ekki gert ráð fyrir því, að þeir fulltrúar, sem starfa við þessi embætti nú, eigi neinn skilorðslausan rétt á því að fá þau dómaraembætti, sem stofnuð verða. Þær dómarastöður verða auðvitað auglýstar eins og hverjar aðrar opinberar stöður. Ennfremur er þess að geta, að það er gert ráð fyrir því eftir sem áður, að það verði sams konar heimild eins og er nú í gildandi lögum til þess að löggilda sérstaka fulltrúa við þessi embætti og önnur til þess að fara með dómsmál. Hjá því verður ekki komizt, og auðvitað er ekki hægt að gefa nein fyrirheit um, að það geti ekki átt sér stað einhver fjölgun á fulltrúum síðar meir þrátt fyrir þessa dómarafjölgun. Þar verður auðvitað að fara eftir því, hvernig aðstæðurnar verða.

Herra forseti. Hér eru nú auk þessa frv. á þskj. 200 frv. á þskj. 201, sem fjallar um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, og frv. á þskj. 202, sem fjallar um breytingu á meðferð einkamála í héraði. Þessi frv. eru aðeins fylgifiskar þessa aðalfrv., ef svo má segja, og afleiðing af þeim breytingum, sem gerðar eru með því, og hafa að geyma það sjálfsagða efni, að þeir dómarar, sem verða skipaðir samkv. þessum lögum, fara á eftir með dómsmál í héraði, bæði í opinberum málum og einkamálum. Og ég held, að það sé nú ekki ástæða til þess, að ég fari að hafa sérstaka framsögu fyrir þeim frv., heldur leyfi ég mér þá að vísa til þess, sem ég hef hér um þetta sagt.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., og ég mundi, herra forseti, ef ég mætti hafa þann hátt á, gera þá till. í leiðinni, að þessum tveimur fylgifrv. verði einnig vísað til allshn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Dómaskipunin á Íslandi þarfnast endurskoðunar. Það er raunar vikið að því í grg. þessa frv., að samþykkt þess þurfi ekki að tefja eða trufla slíka allsherjarendurskoðun. En slík endurskoðun dómaskipunar er nauðsynleg af mörgum ástæðum. Ein er sú, að það þarf að kanna það til hlítar, hvort sé æskileg skipan til frambúðar, að margir dómendur í landinu hafi önnur störf að aðalstarfi, eins og er með flesta bæjarfógeta og sýslumenn og hefur löngum verið. Það er mjög til athugunar, hvort ætti að taka dómsmálin þar frá og skipa sérstaka dómara, sem hefðu dómsstörfin að aðalstarfi og þá að sjálfsögðu með miklu stærri umdæmi en sýslurnar og kaupstaðirnir eru nú. Í öðru lagi er gerbreyting orðin hin síðustu ár á málafjölda og tegundum mála, og eru þar sérstaklega umferðarmálin, umferðarslysin, bóta- og tjónamál, sem þarfnast endurskoðunar, hvernig þeim yrði bezt fyrir komið. Þannig mætti nefna fjölmörg önnur rök fyrir því, að allsherjarendurskoðun á dómaskipun landsins er aðkallandi. En þetta frv. út af fyrir sig þyrfti ekki að tefja eða trufla neitt slíka endurskoðun.

Það, sem þetta frv. fer fram á eða felur í sér, er að ýmsu leyti til bóta, en þó þarfnast þar ýmis ákvæði nánari athugunar. Það er kunnugt mál, að sum dómaraembætti hér á landi eru ofhlaðin störfum, þannig að þau hafa ekki möguleika til þess að afgreiða mörg mál frá sér með þeim hraða, sem æskilegt væri. M. a. eru tvær dómsstofnanir hér í Reykjavík, sem kunnugt er, að vantar mannafla til þess að anna þeim mikla málafjölda, sem þangað berst. Þetta frv. bætir ekki úr þessum vanda, en hér á ég sérstaklega við embætti yfirborgardómara og yfirsakadómara. Hér er að vísu gert ráð fyrir að fjölga borgardómurum og sakadómurum, en fækka fulltrúum að sama skapi, þannig að starfskraftar aukast ekki, starfsmönnum fjölgar ekki. Út af fyrir sig yrði því engin breyting til bóta að því leyti, að embættin gætu skjótar og betur annað þeim miklu verkefnum, sem á þeim hvíla.

Þetta frv. felur það í sér, að í stað löggiltra dómarafulltrúa, sem nú eru, komi bæði í Reykjavík við þau embætti, sem hér eru, og utan Reykjavíkur dómarar, héraðsdómarar. Þetta er að vissu leyti spor í rétta átt, og það er kunnugt, eins og ég ætla, að hafi komið fram í ræðu hæstv. forsrh., að dómarafulltrúar hafa verið ákaflega óánægðir um langt skeið með sitt hlutskipti. Og óánægja þeirra beinist að tvennu, annars vegar því, að þeir eru löggiltir til að hafa dómsstörf með höndum, en hafa ekki sjálfstæða tilveru, heldur gera þetta á ábyrgð héraðsdómarans, og í annan stað er og hefur verið mikil óánægja með starfskjör og þeirra launakjör. Þetta hvort tveggja mundi náttúrlega lagast að vissu leyti með þessari breytingu, sem hér er á gerð. En þó er hér athugandi, að um leið og þetta frv. er, að mér skilst, flutt til þess að verða að einhverju leyti við óskum dómarafulltrúanna, sem ég tel mjög réttmætar, þá finnst mér þeir að sumu leyti hart leiknir. Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að þar sem héraðsdómurum verður fjölgað samkv. lögum, skuli jafn margar fulltrúastöður lagðar niður. Það er ætlunin, eins og sjálfsagt er, að auglýsa þessi nýju dómarastörf. Og það er tekið fram í grg., sem einnig leiðir af eðli málsins, að þeir fulltrúar, sem nú starfa í þessum fulltrúaembættum, hafa að sjálfsögðu engan forgang að þeim. Útkoman getur því orðið þessi: Fulltrúi, sem kannske um nokkurra ára skeið hefur starfað með prýði við dómaraembætti, sækir að sjálfsögðu um þetta nýja héraðsdómaraembætti þar. Það sækja fleiri og aðrir, sem kannske eftir eðlilegum reglum hafa meiri starfsreynslu og -aldur, og annar maður fær þetta nýja embætti. Það er því ekki aðeins, að fulltrúinn missi af þessari kjarabót að fá hið nýja embætti, heldur missir hann stöðuna líka, því að

það á að leggja niður fulltrúastöðuna hans. Þetta finnast mér harðir kostir og óviðunandi með öllu. Ég vil benda á þetta til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, og ég vil ítreka það, að ég tel, að sem fyrst þyrfti að stofna til allsherjarendurskoðunar á dómaskipan landsins. Ég tel, að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta, en þó séu ákvæði þar, sem þurfi mjög miklu nánari athugunar við. Og ég vil undirstrika það, að ég er því mjög hlynntur, að reynt verði að verða við óskum dómarafulltrúanna, sem þeir hafa borið fram að undanförnu og sem eiga að mínu áliti mjög mikinn rétt á sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 200, n. 440).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., hefur dómsmrh. lýst yfir því, að hann hafi hug á því að láta fara fram allsherjarendurskoðun á skipan dómsmála í landinu. Hver þróun þessara mála verður, er ekki hægt að sjá fyrir nú, en skynsamlegt er að gera ekki neitt, er hamlað gæti gegn eðlilegri breytingu á dómstólaskipan landsins. Í trausti þess, að lagabreyting sú, er hér liggur fyrir, sé ekki því til fyrirstöðu, að slík breyting geti orðið með eðlilegum hætti, er n. í meginatriðum sammála um lagafrv. þetta með þeim breytingum, sem fram koma í áliti n. og eru hér á sérstöku þskj.

Sú breyting, sem gerð er á frv., felur í sér heimild til þess að fjölga dómurum í sakadómi Reykjavíkur, borgardómi Reykjavíkur og við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði um tvo dómara. Heimild fyrir fjölda dómara við embætti bæjarfógetans á Akureyri, bæjarfógetans í Kópavogi, bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum er hækkuð um einn dómara á hverjum stað. Tvær meginástæður lágu að baki breytingum þessum. Í fyrsta lagi virtist n. í sumum tilfellum, að dómarar væru of fáir miðað við núverandi dómsmálafjölda, ef stefna ætti að því, að dómarar einir kvæðu upp dóma og fjölluðu að öðru leyti eingöngu um hin vandasamari dómsmál. Í öðru lagi var talið, að rétt væri að miða eigi eingöngu við núverandi ástand. Skynsamlegt var talið að gera þær breytingar, er duga mættu nokkur ár. En eins og frv. er nú, er fjöldi dómara að mestu leyti undir ákvörðun dómsmrh. kominn, og þær breytingar, sem n. gerir nú till. um, að gerðar verði á frv., eru allar í heimildarformi.

Meðal þeirra aðila, er n. fékk álit frá, var Félag dómarafulltrúa, Dómarafélag Íslands og Dómarafélag Reykjavíkur, sem er deild innan Dómarafélags Íslands. Stjórn dómarafulltrúafélagsins lýsti þeirri skoðun sinni, að breyta bæri núv. löggjöf um dómstóla landsins á þann veg að leggja núv. dómarafulltrúakerfi niður. Stefna bæri að því, að dómarar dæmdu mál, en fulltrúum dómara væri aðeins heimilað að fara með vissa minni háttar þætti dómsmála. Í því frv., sem hér liggur fyrir, eru ekki ákvæði um takmörkun á þeim verkefnum, sem fulltrúa dómara er heimilað að vinna að. N. taldi ekki ástæðu til þess að ganga svo langt sem dómarafulltrúar vildu, en taldi hins vegar, að breyting sú, sem n. gerði á frv. gengi þó í sömu átt. Það yrði því á valdi forstöðumanns hvers dómaraembættis að haga svo verkaskiptingu, að öll hin meiri háttar og vandasamari dómsmál kæmu í hlut dómara að dæma.

Innan Dómarafélags Íslands eru skiptar skoðanir varðandi frv. þetta. Það eru einkum dómarar í Reykjavík, sem hafa lýst nokkurri andstöðu við frv. Meginástæðan fyrir andstöðu þessari er sú, að dómarar þessir telja, að réttara hefði verið að stefna að því að aðskilja sem mest dómsvaldið og framkvæmdavaldið. Í því sambandi er eingöngu átt við embætti utan Reykjavíkur. Slík skipting milli framkvæmdavalds og dómsvalds, sem hér er talað um, hefur átt sér stað í Reykjavík. Undir dómaraembætti utan Reykjavíkur, bæjarfógeta- og sýslumannsembættin, heyra fjölmargir þættir stjórnsýslulegs eðlis, svo sem skattheimta, umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins, sýslustjórn o. fl. Þróun þessara mála hefur orðið allt önnur í Reykjavík en utan. Fram til ársins 1917 var skipan þessara mála með svipuðum hætti í Reykjavík sem annars staðar í landinu. Með lögum, sem sett voru það ár, var bæjarfógetaembættinu skipt í tvö embætti, bæjarfógetaembætti og lögreglustjóraembætti. Árið 1928 var síðan gerð breyting á þessum embættum og stofnuð þrjú í stað tveggja áður. Aftur var gerð breyting á þessum embættum 1939 og síðan 1943, er upp var tekin sú skipun, sem í höfuðatriðum gildir nú, þ. e. þrjú dómaraembætti: borgardómaraembætti, sakadómaraembætti og borgarfógetaembætti auk tveggja annarra embætta: lögreglustjóraembættisins og tollstjóraembættisins. Árið 1961 var gerð sú breyting á lögunum frá 1943, að dómurum var fjölgað, en áður starfaði aðeins einn dómari við hvert dómaraembætti auk fulltrúa.

Heyrzt hafa raddir um, að nauðsyn beri til að endurskoða sveitarstjórnarskipan landsins. Slíkar breytingar geta snert sýsluskipunina einnig. Einnig væri vafalaust tímabært að endurskoða innheimtudæmi landsins, en slíkar breytingar, ef gerðar verða, mega ekki verða til þess að heildarkostnaður hækki óhæfilega. Lögum um almannatryggingar hefur verið breytt og ýmsu í sambandi við sjúkrasamlögin, og er því líklegt, að varðandi umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar utan Reykjavíkur geti orðið einhver breyting á. Það er því augljóst, að heildarendurskoðun í núv. sýslumanns- og bæjarfógetaembættum verður að framkvæma með tilliti til allra þeirra þátta, sem undir þessi embætti heyra, og er sennilegt, að þessi mál verði lengi að þróast og það verði langt þangað til, að tímabært verði talið að skipta dóms- og framkvæmdavaldi í öllum umdæmum landsins, þó að slík skipan eigi nú þegar fullan rétt á sér á öðrum stöðum. Hér kemur svo margt til greina og þá fyrst og fremst íbúafjöldi og stærð og lega umdæmanna. Því tel ég, að rétt og skynsamlegt sé að breyta ákvæðum dómsmála utan Reykjavíkur, svo sem frv. gerir ráð fyrir, og bíða eigi eftir heildarendurskoðun, sem væntanlega fer fram á dómssýslu- og stjórnsýslukerfi landsins á næstu árum.

Þær brtt., sem n. varð sammála um að flytja, eru þannig: Við 2. gr. Í stað orðanna „8–10“ í 2. mgr. komi:

8–12. Við 4. gr. Í stað orðanna „5–7“ í 2. mgr. komi: 5–9. Við 7. gr. a. Í stað orðanna „1–3“ í 2. mgr. komi: 1–5. b. Í stað orðanna „1 eða 2“ í 3. mgr. komi: 1–3. c. Í stað orðanna „einn dómari“ í 4. mgr. komi: einn eða tveir dómarar.

N. stendur einhuga að flutningi þessara brtt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Eins og fram kom hjá hv. frsm. og eins og sést á þeim brtt., sem hér liggja fyrir, þá hefur n. lagt til nokkra rýmkun á þeim heimildum, sem upphaflega fólust í þessu frv. Ég get að sjálfsögðu ekki verið á móti því að fá rýmkaðar heimildir í þessu efni, þó að ég telji það að vísu ekki þá æskilegustu skipan á dómsmálum, að fjöldi dómara sé háður vilja dómsmrh. En ég vil lýsa yfir því, eins og ég gat um reyndar við 1. umr. þessa máls, að ég tel þá lausn, sem í þessu frv. felst, enga fullnægjandi lausn í þessum málum, og ég mun við fyrstu hentugleika efna til allsherjarendurskoðunar á skipan dómsmála og dómsmálakerfinu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég sit í allshn. og er því einn þeirra nm., sem skrifa undir það álit n., sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hef ég engar aths. fram að færa við það, sem hv. frsm. gerði grein fyrir með áliti n., en vildi aðeins þó bæta hér við nokkrum orðum til að undirstrika ástæður eða forsendur þess, að ég tjáði mig fúsan til þess að fylgja þessu nál.

Eins og fram kom hjá frsm., var frv. vísað til nokkurra aðila, þ. á m. Dómarafélags Reykjavíkur og félags héraðsdómara, sem er Félag dómarafulltrúa, og kom fram í álitum beggja þessara aðila, að þeir voru mjög óánægðir með frv. og töldu það hvergi fullnægjandi. Mismunandi ástæður lágu hins vegar fyrir þeirri óánægju, sem fram kom hjá þessum aðilum, og frsm. gerði að nokkru leyti grein fyrir því. Vegna mjög ákveðinna ummæla frá Dómarafélagi Reykjavíkur um þetta frv. og sterkra skoðana, að því er virðist, í hópi dómara, sem eru í andstöðu við þetta frv., þá tel ég rétt að lesa upp hluta úr áliti Dómarafélags Reykjavíkur, sem dags. er 14. marz s. l. og undirritað af stjórn Dómarafélags Reykjavíkur og barst n., þegar um það var beðið. En í þessari álitsgerð segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Dómstólakerfi það, er við nú búum við, einkennist af því, að með dómsvald í héraði a. m. k. utan Reykjavíkur fara embættismenn, sem að aðalstarfi hafa með höndum stjórnsýslu. Héraðsdómararnir sjálfir, sýslumenn og bæjarfógetar, fara að litlu leyti sjálfir með þetta dómsvald, heldur fulltrúar, sem taldir eru starfa á þeirra ábyrgð. Þetta fyrirkomulag er í algeru ósamræmi við hugmyndir manna um réttarríki nú á tímum og við þær kenningar um þrískiptingu ríkisvalds, sem stjórnskipun okkar byggist á. Lítum við svo á, að stefna beri að því, að kerfi þessu verði breytt og dómsvaldið verði í höndum manna, sem hafa einungis dómsstörf á hendi. Hitt er svo annað mál, hvenær talið verður unnt að koma slíkri breytingu í framkvæmd, en allar breytingar, sem gerðar verða á dómaskipan og réttarfari, teljum við, að gera verði með ofangreint framtíðarskipulag fyrir augum og varast að gera nokkrar þær breytingar, sem séu í ósamræmi við það og geti beinlínis orðið til að seinka fyrir því. Dómsvald og framkvæmdavald hafa að miklu leyti verið greind í sundur í Reykjavík frá árinu 1940, og voru þá komnir á fót tveir héraðsdómstólar þar, sakadómaraembætti og lögmannsembætti. En hinu síðarnefnda var nokkru síðar skipt. Þegar svo var komið, var ekkert að vanbúnaði að gera dómstóla þessa að fjölskipuðum dómum, þar sem væru sjálfstæðir dómarar og dómstjórar, er veittu stofnunum forstöðu. Komst þessi breyting á á árunum 1961–1962.

Við þær hugmyndir, sem fram hafa komið um breytingar á núverandi dómaskipan, teljum við þetta að athuga:

a. Gert er ráð fyrir verulegri fjölgun dómara í Reykjavík. Hér í borg eru þegar 19 héraðsdómarar, og er það mjög há tala miðað við það, sem nokkurs staðar þekkist í öðrum löndum. Vaknar þá sú spurning, hvort Íslendingar séu svo miklum mun meiri málaþrætumenn eða afbrotamenn en menn af öðrum þjóðum eða hvort eitthvað sé bogið við réttarfarsreglur okkar. Við erum ekki andvígir því, að dómurum verði fjölgað í Reykjavík, en áður en það yrði gert, þarf að kanna, hvort álag mála sé raunar svo komið, að þörf sé á því og hvort ekki megi auka afköst núverandi dómara með öðrum hætti, svo sem með því að bæta undirbúning mála, og er þá einkum átt við opinber mál, eða þá með umbótum í starfsaðstöðu. Við fáum ekki séð, að bæta þurfi við dómurum til þess að annast stjórnsýslustörf.

b. Utan Reykjavíkur er í sumum umdæmum mikið um dómsmál, og sumir dómarafulltrúar munu starfa þar einvörðungu sem dómarar. Réttarstaða manna þessara, status, er vissulega óviðunandi. Þeir hafa dómsstörf að aðalstarfi, meira að segja meiri háttar dómsstörf, og er skiljanlegt, að þeir vilji fá viðurkenningu á þessum störfum sínum. Sú hugmynd virðist hafa komið fram, að skipaðir yrðu allmargir dómarar utan Reykjavíkur, sem kvæðu upp dóma sjálfstætt og á eigin ábyrgð, en yrðu að öðru leyti starfsmenn eða aðstoðarmenn núverandi héraðsdómara. Er vægast sagt undrunarefni, að slíkar hugmyndir um skipan dómsvaldsins skuli ræddar í fullri alvöru. Eru þess áreiðanlega hvergi nein dæmi í veröldinni, að dómsvaldi sé svo skipað, að lögreglustjórar hafi á hverjum stað í þjónustu sinni dómara, sem teljast eiga sjálfstæðir í dómsstörfum, en séu jafnframt aðstoðarmenn lögreglustjórans í stjórnsýslustörfum. E. t. v. kann því að verða borið við sem andmælum gegn þessu, að núverandi skipan sé framkvæmd einmitt þannig, og er það rétt, en annað er það að búa við úrelta skipan, er byggist á eldri reglum, en að festa hana í sessi með nýrri löggjöf.“

Eins og heyra má, þá er þarna um stór orð að ræða, og kemur reyndar fram sama álit málað svo sterkum litum í fleiri umsögnum frá dómurum, sem n. barst, og fer ekki á milli mála, að þarna virðist þessum aðilum vera mikið niðri fyrir og þeir telja, að þetta frv. gangi í þveröfuga átt og festi sem sagt í sessi þá löggjöf og það fyrirkomulag, sem brýtur í bága við þá þrískiptingu, sem stjórnskipun okkar byggist á. Vegna þessara stóru ummæla tel ég rétt, að þau komi hér fram við umr. um þetta mál. Enn fremur vil ég vitna til aths., sem félag héraðsdómara hefur lagt fram, þar sem þeir leggja áherzlu á, að þetta frv. sé ekki heildarlausn á þessum málum, heldur sé einungis um skammvinna bráðabirgðalausn að ræða. Undir þessar aths. vil ég taka. Í

aðalatriðum er ég sömu skoðunar og báðir þessir aðilar, að núverandi fyrirkomulag sé óviðunandi og nauðsynlegt sé, að heildarendurskoðun fari fram og till. lagðar fram í framhaldi af henni.

Ég var hins vegar fylgjandi því, að þetta frv. næði fram að ganga með þeim breytingum, sem það gerir ráð fyrir, vegna þess að ljóst var, að í fullt óefni var komið, ef ekki væri eitthvað reynt að ganga til móts við þá fjölmörgu dómarafulltrúa, sem sett hafa fram mjög ákveðna gagnrýni á núverandi skipan og sett fram vissar kröfur. Þær kröfur fela það aðallega í sér, að enginn eigi að dæma í máli, nema hann sé sjálfur dómari. Sú meginregla er þarna fest í lög og gert ráð fyrir því, að þeir dómarafulltrúar, sem nú dæma ásamt dómurum verði skipaðir dómarar, og í framhaldi af þessu dæmi enginn í máli óöruvísi en hann sé ábyrgur fyrir þeim dómi, sem hann kveður upp. Þessa meginbreytingu styð ég, og þess vegna fylgi ég frv., en það er líka gert með þeim fyrirvara, að hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir mjög ákveðið, að heildarendurskoðun fari fram og nýtt frv. með tilliti til þeirrar endurskoðunar verði lagt fram hið allra fyrsta. Þessar yfirlýsingar hefur hæstv. ráðh. endurtekið hér nú við þessar umr., og fagna ég þeim, og ég vil taka fram, að einmitt þessi yfirlýsing er forsenda þess, að ég er samþykkur þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 440,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 440,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 440,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8.–17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 484).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar, þó með þeirri breytingu, að nokkuð var rýmkuð sú heimild, sem í frv. felst, um það að breyta fulltrúastöðum í fullgildar dómarastöður. En eins og nafn frv. ber með sér, þá fjallar það um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., og það eru nú nokkuð glöggar upplýsingar um það í grg. með frv., hverjar breytingar í því er að finna á gildandi lögum. Ég skal nú fara um það nokkrum orðum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það hér, að sjálfstæðir og óháðir dómstólar eru ein bezta tryggingin fyrir réttaröryggi. Það er því mikið komið undir því, að sem bezt sé búið að dómstólum, að sjálfstæði dómenda, réttarstaða og óhlutdrægni þeirra sé sem bezt tryggð. Í flestum lýðræðisríkjum eru sérstök ákvæði um dómstóla í sjálfri stjórnarskránni. Eiga þau stjórnarskrárákvæði að tryggja dómurum þá réttarstöðu og þá starfsaðstöðu, að þeir geti gegnt hlutverki sínu á viðunandi hátt. Þess háttar ákvæði er einnig að finna í stjórnarskrá okkar. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar eru dómarar settir á bekk með löggjafa og æðstu handhöfum framkvæmdavalds. Sagt er, að þeir fari með eina af aðalgreinum ríkisvaldsins, dómsvaldið. Okkar stjórnarskrá er þó miklu ófullkomnari og hefur færri ákvæði um dómstóla en um aðra þá handhafa ríkisvaldsins, sem nefndir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórnarskrárgjafinn eftirlætur almenna löggjafanum að langmestu leyti að setja ákvæði um dómstóla. Þess vegna er ekki hægt að segja, að stjórnarskrárgjafinn hafi búið svo að dómstólunum sem skyldi, ekki tryggt þeim í stjórnarskrá það sjálfstæði og það öryggi, sem þeir þurfa að njóta. Þess vegna verður m. a. að játa það, að sumt í skipan dómstóla og meðferð dómstóla hér hjá okkur er ekki í því horfi, sem æskilegast væri. Það eru ýmsar breytingar æskilegar að mínum dómi, bæði að því er varðar skipan dómstólanna eða dómstólakerfið og meðferð dómsmála. Þar er þó margs að gæta og síður en svo um einfalt mál að ræða. M. a. er það svo, að umdæmaskipunin er að sumu leyti orðin úrelt. Dómarar hafa með höndum velflestir umfangsmikil stjórnsýslustörf, og meðferð dómsmála vill oft taka lengri tíma en æskilegt er. Í öllum þessum greinum væri þörf endurbóta, en umbætur í þessum efnum hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir hið opinbera, og einnig er þess að gæta, að sjálf umdæmaskiptingin er orðin rótgróin og á að baki sér sögulega hefð, sem menn eiga erfitt með að sætta sig við, að vikið sé frá.

Þannig mætti út af fyrir sig lengi telja, og ein er sú þróun, sem átt hefur sér stað á þessu sviði, sem með réttu má nokkuð gagnrýna, en það er sá háttur, sem á hefur komizt við ýmis embætti, að fulltrúar hafa í æ ríkara mæli í reyndinni orðið dómarar, jafnvel við sum embættin aðaldómarar. Þó að ekki sé hægt að segja, að neinar misfellur hafi hlotizt af þessu, þá verður þó að játa, að þessi skipan er tæplega í samræmi við hugmyndir manna um sjálfstæða, óháða dómara.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki um að ræða neina gagngera allsherjarendurskoðun á skipan dómstóla, enda verður þar að huga að mörgum atriðum, og má ekki hrapa að neinu í því sambandi. Þetta frv. varðar aðeins þann þátt, sem ég nefndi nú síðast, og er í raun og veru um það að breyta nokkrum fulltrúastöðum í fullgildar dómarastöður. Með því er stefnt að nokkurri lagfæringu á þessu sviði, og ég tel, að þar sé um umtalsverða endurbót að ræða. Ég held, að með þeirri breytingu sé stigið spor í rétta átt, og ég held, að það torveldi á engan hátt þá allsherjarendurskoðun, sem fram þarf að fara að mínum dómi í þessum efnum.

Ég hef fallizt á og talið rétt, að ekki væri hægt að bíða með þessa endurbót eftir neinni allsherjarendurskoðun þessara mála, sem e. t. v. getur dregizt eitthvað, þó að til hennar kunni að verða stofnað fljótlega. Enn fremur er það ekkert leyndarmál, að óánægja dómarafulltrúanna

með sína réttarstöðu á sinn þátt í því, að ekki þykir fært að skjóta lagfæringu á þessu sviði á frest, og það á sinn þátt í, að þetta frv. er flutt.

Eins og ég þegar hef sagt, felur þetta frv. fyrst og fremst í sér þá breytingu frá gildandi lögum, að það er gert ráð fyrir því, að skipaðir verði dómarar við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta og þeir dómarar leysi að því leyti til fulltrúa af hólmi. En utan Reykjavíkur hafa sýslumenn og bæjarfógetar hingað til einir farið með dómsvald í héraði, og hér er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að þeir dómarar, sem verða skipaðir samkv. þessum lögum, fari einnig með slíkt vald. En með þessu er ekki gert ráð fyrir, að valdsvið sýslumanna og bæjarfógeta út af fyrir sig breytist að öðru leyti en því, að mál þau, er fulltrúar þeirra hafa hingað til dæmt á þeirra ábyrgð, fá þeir nú dómurum til meðferðar, sem dæma þau á eigin ábyrgð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hefur orðið ör fólksfjölgun í nágrenni Reykjavíkur, sérstaklega á Reykjanesi, og einnig annars staðar utan Reykjavíkur hefur á einstaka stað orðið nokkur fólksfjölgun. Sem eðlileg afleiðing þessarar fólksfjölgunar hefur dómsmálafjöldi aukizt að mun hjá viðkomandi héraðsdómaraembættum, enda er nú svo komið á nokkrum stöðum, að hinir reglulegu héraðsdómarar við umfangsmestu embættin komast ekki á neinn hátt yfir að dæma nema mjög óverulegan hluta af þeim dómsmálum, sem koma til meðferðar hjá þessum embættum. Af þessu hefur svo leitt, að sífellt fleiri og fleiri mál eru dæmd af fulltrúum dómara. Það verður, eins og ég vék að áður, að teljast óheppileg þróun og mjög óheppilegt, þegar svo er komið kannske, að langflestir dómar eru kveðnir upp af dómarafulltrúum, þótt slíkt sé ekki beinlínis andstætt lögum, þar sem í lögum er heimild til þess að löggilda fulltrúa héraðsdómara til að framkvæma hvers konar dómsathafnir. Og stundum hefur verið óhjákvæmilegt í framkvæmd að hafa þennan hátt á. Það er alveg ótvírætt æskilegra, að dómarar fari með og dæmi mál á eigin ábyrgð heldur en fulltrúar dæmi á ábyrgð síns yfirmanns.

Þess er að geta hér, sem ég skal ekki fara langt út í og mönnum er kunnugt, að þróunin í skipan þessara mála hefur orðið með nokkuð öðrum hætti í Reykjavík en utan Reykjavíkur, þar sem farið var inn á þá braut í Reykjavík fyrir alllöngu að skipta bæjarfógetaembættinu í Reykjavík niður í fleiri embætti, og var svo haldið áfram á þeirri braut með fleiri lagabreytingum, sem ég hirði nú ekki um að rekja hér, og síðast með lögum frá 1961, þar sem horfið var að því ráði, að við hvert embætti í Reykjavík, borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti og sakadómaraembætti, skyldu vera fleiri dómarar með þeirri tölu, sem tiltekin er í þeim lögum. En það hefur farið í Reykjavík þrátt fyrir þá fjölgun, sem gerð var á dómurunum árið 1961, á þá lund, að dómsmálafjöldinn hefur sífellt vaxið, og þess vegna hefur líka þar orðið að fara inn á þá braut að fjölga fulltrúum við þessi embætti, og það hefur svo gerzt, að þeir fulltrúar hafa í æ fleiri tilfellum farið með og dæmt mál á ábyrgð síns yfirmanns. Þess vegna er nú svo komið, að það er talið eðlilegt, að dómurum við þessi embætti verði fjölgað, og eru ákvæði um það í þessu frv., og hefur hv. Nd. fallizt á það og þó þannig, að hún hefur þar bætt nokkuð við frá því, sem farið var fram á í upphaflega frv.

Það má segja í stuttu máli, að með þessu frv. sé við nokkur umfangsmestu embættin utan Reykjavíkur farið inn á svipaða braut eins og gert var í Reykjavík, þannig að gert er ráð fyrir því, að við þessi embætti starfi auk sýslumannsins og bæjarfógetans, sem þá verður eins konar yfirborgardómari eða yfirborgarfógeti eða yfirsakadómari, fleiri sjálfstæðir dómarar. Og um það efni eru ákvæði í frv. um þau embætti, sem þetta á að koma til greina um, hver sú fjölgun er, sem þar getur átt sér stað. Þau rök, sem lágu til grundvallar fjölgun dómara í Reykjavík á sínum tíma, eiga einmitt við um þessi embætti utan Reykjavíkur nú, t. d. í Hafnarfirði og Kópavogi og víðar, og um önnur þau embætti, sem getið er um í frv. Ég tel, að hér sé ekki um neina fullnægjandi lausn í þessu efni að ræða, en ég álít, að þetta sé, eins og ég sagði áðan, spor í rétta átt og það torveldi ekki síðari allsherjarendurskoðun á þessum málum. Ég vil segja það hér, sem ég sagði í Nd., að ég tel þörf á slíkri allsherjarendurskoðun. Ég mun við fyrstu hentugleika stofna til slíkrar allsherjarendurskoðunar á dómakerfinu og dómstólaskipuninni. En eins og ég sagði áðan, er margs að gæta í því sambandi, og þess vegna má búast við, að það taki tíma og ekki fært eftir því að bíða.

Í þessu frv. er, eins og menn sjá, ýmist um það að ræða, að gert er ráð fyrir óskilorðsbundinni fjölgun, strax nokkurri við sum embættin, en í flestum tilfellum er um að ræða aðeins heimild fyrir dómsmrh. til að fjölga dómurum við þessi embætti. Þessi fjölgun dómara, sem þarna er gert ráð fyrir og lögð var a. m. k. til í upphaflega frv., var nokkuð miðuð við könnun á fjölda dómsmála, sem gerð var hjá meiri hluta dómaraembætta landsins af hálfu dómsmrn. á árunum 1969 og 1970. Sú skýrsla eða könnun fylgir ekki með í grg. frv., en að sjálfsögðu getur sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fengið þær skýrslur framlagðar hér.

Eins og ég sagði áðan, þá er engin ástæða til að leyna því, að sú óánægja, sem verið hefur hjá dómarafulltrúum með sína réttarstöðu, á sinn þátt í því, að þetta frv. er flutt, en svo var komið á s. l. ári, að þeir höfðu sagt upp sínum störfum og ætluðu að hætta í þeim stöðum, en fengust til þess að hverfa frá þeirri fyrirætlun í trausti þess, að frv. í þessa átt yrði lagt fram hér. Og þó að það hafi auðvitað ekki í þessu frv. verið hægt að taka til greina allar þær óskir, sem þeir voru með í huga, þá hygg ég, að það sé í því gengið svo langt til móts við þeirra hugmyndir, að þeir muni sætta sig við það.

Sumir gætu látið sér detta í hug, að hér væri verið að fitja upp á mikilli starfsmannafjölgun, dómarafjölgun. Það er að vísu svo, að það er um fjölgun á dómurum að ræða, en það er jafnframt í frv. sleginn sá varnagli, að það á að fella niður fulltrúastöðu fyrir hvert dómaraembætti, sem stofnað er til. Þetta á að framkvæma þannig. Vitaskuld er það svo, að þrátt fyrir þessa dómarafjölgun, sem þarna er gert ráð fyrir, þá verður eftir sem áður þörf á einhverjum fulltrúum, og auðvitað getur þróunin orðið áfram sú, sem hún hefur verið að undanförnu, að málum haldi áfram að fjölga, og þess vegna er ekki hægt að gefa nein algild fyrirheit um það, að ekki þurfi að koma til fjölgunar fulltrúa. Það væri auðvitað út í bláinn að gefa slík fyrirheit. En það er

meiningin, að þetta verði framkvæmt þannig, að reynt verði að leggja niður fulltrúastöðu á móti því dómaraembætti, sem stofnað er til.

Um leið og þetta er sagt, er þó rétt að hafa þann fyrirvara á, sem fulltrúunum er auðvitað ljós, að hvert það dómaraembætti sem stofnað verður, verður að sjálfsögðu auglýst laust til umsóknar á sínum tíma, og gefst mönnum færi á að sækja um það, og fulltrúar þeir, sem hafa gegnt starfi við þessi dómaraembætti, eiga engan forgangsrétt að því embætti. Það verður alveg óbundið og fer eftir atvikum, hvernig því verður háttað. Það vil ég aðeins taka fram til öryggis.

Hér á hv. Alþ. hefur, að ég ætla nýlega, verið samþ. þál. um meðferð dómsmála eða skipun dómsmála í Reykjaneskjördæmi, þar sem gert er ráð fyrir því, að þar fari skipting fram og að nokkur hluti þess umdæmis verði færður undir Keflavík. Framkvæmd þessarar þál. verður að sjálfsögðu athuguð og undirbúin nú í sumar, en ég tel, að þetta frv., þó að samþ. verði, standi ekki að neinu leyti í vegi fyrir framkvæmd þeirrar þál. En ég tel persónulega þá skipan, sem gert er ráð fyrir í þeirri þál., að mörgu leyti eðlilega og skynsamlega.

Áður en ég lýk máli mínu um þetta frv., þá vil ég geta þess, að á þskj. 201 og þskj. 202, sem eru hér á dagskránni á eftir, eru frv., sem eru fylgifiskar þessa frv. eða réttara sagt bein afleiðing af þessu frv., ef að lögum verður. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa sérstaka framsögu fyrir þeim, heldur læt þessi orð þar um nægja.

Ég skal svo ljúka máli mínu, herra forseti, og leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, vegna þess að þessi mál bar á góma á þeim tíma, sem ég gegndi dómsmrh.-embættinu á s. l. vetri. Dómarafulltrúarnir áttu þá eða forsvarsmenn þeirra tal við mig út af þeim óskum þeirra og kröfum, að fulltrúastörfin yrðu viðurkennd sem dómarastörf og þeir fengju status samkv. því. Ég hlýt að segja, að mér fannst mikil sanngirni mæla með mörgu í þeirra kröfum, þótt þeirra upphaflegu kröfur, eins og orðaðar voru við mig a. m. k., gengju nú svo langt, að ég hefði ekki treyst mér til þess að beita mér fyrir, að þær næðu fram að ganga. Á s. l. vori, eftir að forsvarsmenn dómarafulltrúanna höfðu nokkrum sinnum átt viðræður við mig, tjáði ég þeim, að ég mundi, ef ég nú á þessu þingi ætti eftir að gegna dómsmrh.-embætti, hafa fullan vilja á að beita mér fyrir að flytja þeirra mál og ganga a. m. k. að einhverju leyti til móts við kröfur þeirra, en mér sýndist, að það hlyti að vera erfitt að gera sér grein fyrir því, hve langt skyldi ganga, nema á undan hefði farið könnun á eða athugun á verkefnum hjá embættunum, sem réttlætt gætu þessa breytingu.

Nú hefur komið fram frv., sem hér er til meðferðar í síðari þd., og ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þarna er komin hreyfing á málefni fulltrúanna. Ég get að sjálfsögðu ekki kveðið upp neinn fullnaðarúrskurð um það, hvort hér sé of skammt eða of langt í sakirnar farið, því að ég geri ráð fyrir, að niðurstöður byggist á þeirri könnun, sem fram hefur farið. Nokkur breyting hefur orðið á frv. í Nd., þar sem hækkuð var sú tala dómara, sem heimilt yrði að skipa í embætti.

Það var eitt atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég mundi nú óska eftir að fá nokkra skýringu á. Hann tók þar fram, að þær dómarastöður, sem þarna yrði stofnað til, mundu verða auglýstar og þeir fulltrúar, sem eru við embættin, ættu ekki endilega forgang að þessum dómarastöðum. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., því að það er talað, út frá því er gengið, að það verði ekki um fjölgun að ræða: Verði dómarar ekki skipaðir í þessi embætti úr hópi fulltrúanna, getur það þá verið ætlunin að segja einhverjum fulltrúanna upp, ef ekki á að verða um fjölgun að ræða við embættin?

Ég vil svo aðeins láta þess getið, að hæstv. dómsmrh. hefur lýst yfir því, að hann muni beita sér fyrir allsherjarendurskoðun á skipan dómsvalds í héraði og þá að sjálfsögðu með það fyrir augum að aðskilja dómsvaldið og framkvæmdavaldið, sem, eins og við vitum, er á höndum sömu embættanna að mestu leyti hér í okkar landi.

Ég vil þá aðeins minnast á það, að í dómsmrh.-tíð Jóhanns Hafstein skipaði hann nefnd svokallaða dómsmálanefnd, sem maður hefur nú nefnt svo í daglegu tali, sem skipuð er bæði embættismönnum og fulltrúum frá samtökum. Fulltrúarnir hafa fengið aðild að nefndinni og dómarar, og ég man ekki betur en þessari nefnd hafi, þegar hún var sett á laggirnar, verið falin endurskoðun á skipan dómarakerfisins. Eins og þm. sjálfsagt rekur minni til, hefur þessi nefnd undirbúið ýmis frv., sem hér hafa verið lögð fram, stjfrv. Ég hef nokkurn kunnugleika af störfum nefndarinnar, sem var nú í minni ráðherratíð aðallega þá af einhverjum ákveðnum málum, sem hún vann að fyrir rn., en ég hef þó rætt við einn þann nm., sem hefur mjög mikið fylgzt með og gert sér far um að fylgjast mjög náið með þessum störfum. Og ég verð að segja, að það hefur satt að segja opnað mér enn þá betri sýn yfir það, hve vandasamt verkefni er hér um að ræða, og eins og hæstv. dómsmrh. áðan sagði, þá skil ég ekki, að hann megi vænta skjóts árangurs af þeirri endurskoðun.

Það liggur auðvitað í augum uppi, að strjálbýlið mundi gera hrein dómaraembætti, sem hefðu einungis dómsmálin með höndum, svo stór, að þau þyrftu að ná yfir stóran hluta landsins, til þess að það væri forsvaranlegur fjöldi mála fyrir eitt embætti, og mér hefur skilizt, að þetta muni nú vera sá erfiðasti og versti þrándur þar í götu.

Ég fæ ekki séð, – ég heyrði það á umr. í Nd. og hæstv. ráðh. vék einnig að því áðan, að það kynni að vera álitið, – að samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, tefði heildarendurskoðun þessa mikla máls. Ég er sömu skoðunar og hæstv. ráðh., að það eigi ekki að tefja hana. Þó að ég, eins og ég áðan sagði, geti ekki fyllilega um það dæmt, hvort hér sé gengið of langt eða skammt, þá finnst mér, að þær umbætur, sem í þessu frv. felast, séu þess eðlis, að það sé full ástæða til þess að fagna þeim, og þær ættu ekki að þurfa að standa í vegi fyrir, að heildarendurskoðun gangi með þeim hraða, sem eðlilegur og mögulegur er.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beindi fsp. til mín viðvíkjandi því ákvæði, að það skuli fækkað um jafn marga fulltrúa og fjölgað er um dómara. Þetta er sem sagt ákvæði til bráðabirgða hér, þar sem segir, að við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkv. lögum

þessum, skuli jafn margar fulltrúastöður lagðar niður. Þar af leiðir, að ef svo fer, að fulltrúi, sem starfar við þetta embætti, hlýtur ekki auglýst dómaraembætti, þá getur af því leitt, að hann verði að hætta starfi þar, og þá verður farið með hans starf eða stöðu á þann hátt, sem gera á samkv. almennum reglum, þegar staða er lögð niður. Það verður þá litið svo á og framkvæmt þannig, ef til kemur, að fulltrúastaða við þetta embætti verði talin lögð niður, og fulltrúinn á þá væntanlega að fá 6 eða 12 mánaða laun, eftir því hve lengi hann hefur starfað. Það hygg ég, að sé reglan eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Því skal ekki neitað, að þetta getur í einstaka tilfellum orðið erfitt í framkvæmd, en það hefur nú verið talið rétt að hafa þennan hátt á til þess að reyna að koma með þessum hætti í veg fyrir það, að um raunverulega starfsmannafjölgun og um aukin útgjöld yrði að tefla í þessu sambandi. En ef hægt er að fylgja þessu eftir í framkvæmd, þá ætti sú útgjaldaaukning, sem af samþykkt þessa frv. stafar, ekki að verða tilfinnanleg, því að þá verður sú útgjaldaaukning aðeins sá mismunur, sem er í því fólginn, að laun dómarans eru nokkru hærri en fulltrúalaunin. Þetta vildi ég nú segja um þetta atriði.

Hitt er svo rétt, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, að hér hefur verið um alllangt skeið starfandi eða átt að starfa a. m. k. nefnd, dómsmálanefnd. Ég man nú ekki alveg heitið á henni, en hún hefur átt að starfa að skoðun á ýmsum réttarfarsreglum og dómaskipun. Það eru nokkur ár, síðan þessi nefndarskipun fór fram. Það er eflaust rétt, og það veit ég, að er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að þessi nefnd hefur fjallað um einstök frv., eða undir hana hafa verið borin einstök frv., sem varða þessi efni. Hins vegar hefur ekkert komið frá henni um þessa allsherjarendurskoðun, sem gert var ráð fyrir. Og ég er hræddur um, að það hafi lítið miðað í þá átt hjá henni. Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt, því að hér er um vandasamt verkefni að ræða, og þessi nefnd er mjög fjölmenn. Ég geri ráð fyrir því, að það sé heppilegra að hafa þetta nokkru fámennari nefnd til að framkvæma allsherjarendurskoðun á þessu.

En þó að það yrði gert, þá er mér ljóst alveg eins og hv. 6. þm. Reykv., að þetta er ekkert áhlaupaverk, og það hlýtur eðlilega að taka sinn tíma, því að það er á mörg atriði að líta í þessu sambandi, m. a. það, sem hv. þm. drap á, að það er auðvitað ekki hægt að horfa fram hjá þeim sérstöku aðstæðum, sem hér á landi eru, sem gera það að verkum, að hér er eins og stundum endranær erfitt að ætla að taka alveg upp skipulag, sem tíðkast annars staðar og þar hefur reynzt vel og þar á við. Við verðum auðvitað hér eins og endranær að laga okkur nokkuð eftir aðstæðunum. En samt hygg ég nú, að það sé álit flestra þeirra, sem verulega hafa um þetta hugsað, að þörf sé orðin á endurbótum í þessu efni, og við þurfum að breyta skipan þessara mála hjá okkur í nútímalegra horf en það er nú í.

En þá kemur líka annað atriði til greina, og það er það, að hætt er við, að slíkar umbætur muni kosta nokkurt fé, og það er atriði, sem heldur er ekki hægt að horfa fram hjá, þannig að ég vil út af fyrir sig ekki gefa neinar gyllivonir um það, að það geti legið fyrir með skjótum hætti eða innan skamms niðurstaða af heildarendurskoðun þessara mála. En ég tel sjálfsagt og ég mun beita mér fyrir því, að farið verði að vinna að henni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 484, n. 527).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. með nokkurri breytingu, sem ég mun geta um síðar. Allshn. þykir rétt að mæla með samþykkt frv., svo breytts sem það kom frá fyrri deild. Nú vil ég fara örfáum orðum um efni þessa máls.

Eins og nú háttar í landi hér, eru löglærðir fulltrúar við flest bæjarfógeta- og sýslumannsembætti landsins. Í umfangsmestu embættum og þeim, sem eru á mestu þéttbýlisstöðunum, er tala slíkra fulltrúa allt upp í sjö. Hjá þessum stærri embættum er fjölgun dómsmála mjög ör, og svo er nú komið, að hinn reglulegi dómari annar ekki nema örlitlum hluta af þeim dómsmálum, sem til meðferðar koma. En eins og lögum háttar, er það aðeins einn aðili, sem hefur dómsvald á hendi í héraði utan Reykjavíkur, þ. e. sýslumenn og bæjarfógetar. Þannig hefur því þróunin orðið sú, að dómarafulltrúar hafa tekið langmestan hluta mála að sér, og sá hluti stækkar jafnt og þétt. Fulltrúarnir eru löggiltir til að fara með dómsmál og dæma í þeim á ábyrgð sinna yfirmanna. Vegna þessarar þróunar hafa dómarafulltrúarnir margir hverjir talið og enda allir, að eigi sé lengur við það unandi, að þeir hafi skyldur sem dómarar án þess að þau réttindi komi til, sem fylgja og eiga að fylgja dómarastarfi. Þetta sjónarmið verður að fallast á, og að því lúta ákvæði frv., eins og það kemur hingað í hv. Ed. Þannig er gert ráð fyrir því, að í þeim embættum, þar sem málafjöldi er hvað mestur, þ. e. við dómaraembættin í Reykjavík og Hafnarfirði, Kópavogi, Akureyri og Keflavík, verði skipaðir dómarar. Tala þeirra er í frv. mismunandi eftir umfangi embættanna. Með þeirri breytingu, sem gerð var í hv. Nd. og sjá má á þskj. 484, er lítils háttar fjölgun þeirra ákveðin, sem okkur í n. sýndist ekkert við að athuga. En ákvörðun dómsmrh. ræður um fjölda dómaranna innan þess ramma, sem í frv. getur. Með samþykkt þessa frv. er engin breyting gerð á dómstólaskipaninni sem slíkri, heldur má segja, að fylgt sé því fordæmi, sem lögin frá 1961 um svipað efni gefa. Eigi fremur verður að telja samþykkt þessa frv. til neinnar hindrunar, að því er varðar nýja skipan dómsmála í landinu, ef að henni yrði horfið síðar meir, og ég vil geta þess í þessu sambandi, að hæstv. dómsmrh. mun hafa hug á því að láta fram fara allsherjarendurskoðun á skipan þessara mála, og er allt vel um það að minni hyggju. Verksvið dómarafulltrúanna verður hið sama, en þeirra réttarstaða með frv., ef að lögum verður, er tryggð í samræmi við skyldur þeirra sem dómara.

Á dagskrá hv. d. eru hér einnig tvö mál. Annað er um breytingar á einkamálalöggjöfinni frá 1936, og hitt er um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála frá 1961. Þessi frv. tvö fjalla bæði um nauðsynleg ákvæði,

sem þurfa lagastaðfestingar við, ef þetta frv. verður samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þessi tvö fylgifrv., en ég hef aðeins drepið á þau í fyrri orðum mínum, en allshn. hefur einnig samþ. að mæla með framgangi þeirra tveggja frv.

Tel ég svo ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð og lýk máli mínu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 562).

---

22. Meðferð opinberra mála.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála [138. mál] (stjfrv., A. 201).

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 201, n. 441).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Er hér um að ræða nauðsynlega breytingu, sem leiðir af samþykkt frv. um skipan dómsmála, sem við vorum að afgreiða nú til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 528).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í framsögu minni í máli því, sem næst var á undan þessu á dagskránni, þá taldi ég mig hafa gert nægilega glögga grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

23. Meðferð einkamála í héraði.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði [139. mál] (stjfrv., A. 202).

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 202, n. 442).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig nokkurs konar fylgifrv. við frv. um skipan dómsmála í héraði og er nauðsynleg breyting vegna þess frv. Allshn. hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 529).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

24. Lántaka vegna kaupa á þyrlu.

Á 42. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu [161. mál] (stjfrv., A. 307).

Á 43. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 461).

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Það þarf ekki að eyða orðum að því, að þyrlur eru mjög hagnýt, gagnleg björgunartæki, og Landhelgisgæzlunni er því mikil nauðsyn að hafa yfir að ráða nokkuð öflugri þyrlu til slíkra hluta, því að veðrum er nú þannig háttað hér við land og þá ekki sízt, þegar hvað mest nauðsyn er, að björgunarstörf séu unnin, að þar duga ekki nema nokkuð öflugar og kraftmiklar þyrlur. Ég sé ekki, að það sé neinn velgerningur að vera að fjölyrða um þessa hluti hér, svo augljósir sem þeir eru, en hins vegar, þegar n. athugaði málið, þá lá það fyrir, að sú fjárhæð, sem nefnd var í frv., mundi ekki duga til kaupa á þyrlu, eins og viðunandi þætti, og því leggur n. til, að í stað þess, að heimild sé bundin við lántöku allt að 26 millj. kr., sé fjárhæðin 45 millj. kr.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að segja nokkur orð við 1. umr. þessa máls, en eins og menn rekur minni til, þá fór frv. umræðulaust til n., því var ekki fylgt úr hlaði, en frv. er stjfrv., eins og við öll vitum. Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju yfir því, að þetta mál, þyrlukaupin, skuli nú vera komið á það stig, sem nú er raun á, og þetta tæki væntanlegt til landsins nú alveg á næstunni.

Það var í tíð fyrrv. ríkisstj., í dómsmrh.-tíð Jóhanns Hafstein, að athuganir hófust á kaupum þessa tækis og reyndar endurbótum eða endurnýjun á flugkosti Landhelgisgæzlunnar. Eins og kunnugt er, var hér lítil þyrla, sem var sameign Landhelgisgæzlunnar og Slysavarnafélagsins, og hefur hún innt af höndum mikið og þarft verk í þágu bæði björgunar og gæzlu, sem og sjúkraflutninga, þegar mikið reið á. Það var hins vegar vitað, að það var mjög takmarkað, hvaða verkefnum þessi litla þyrla gat annað, og því var stefnt að því að athuga um kaup á stærra tæki, sem veitti meiri möguleika til þess að sinna þeim verkefnum, sem þyrlunni eru ætluð. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar hafði með höndum athugun á þyrlum af meðalstærð. Þar komu aðallega til greina tvær tegundir að lokum, og eftir nána athugun og yfirvegun var ákveðið að stefna að því að kaupa þyrlu af þeirri gerð, sem nú er hingað að koma. Og mér finnst, að það megi gjarnan koma hér fram, að þar höfum við notið sérstakrar velvildar af hálfu bandarísku strandgæzlunnar, „coastguard", og þessi þyrla fæst eiginlega á mjög hagstæðu verði fyrir okkur. Enn fremur hefur bandaríska strandgæzlan veitt mikla fyrirgreiðslu um þjálfun manna til þess að fara með þyrluna, bæði að fljúga henni og eins þjálfun tæknimanna til viðgerða og eftirlits með þessu tæki. Ég vildi láta þetta koma sérstaklega fram.

Um tækið sjálft vil ég aðeins segja það, að það kom til umr. hér í þessari hv. þd. á síðasta þingi. Það var í sambandi við frv., sem þá lá hér fyrir d. og gaf tilefni til þess, að þessi þyrlukaup voru þá rædd, en þau voru þá í undirbúningi og komin mjög á rekspöl. Ég skal ekki fara að endurtaka hér þá miklu kosti, sem þetta tæki hefur. Til björgunar er það alveg sérstaklega heppilegt, m. a. vegna útbúnaðar til þess að draga upp og slaka niður, sem er yfirleitt ekki á þyrlum nema þeim, sem sérstaklega eru ætlaðar til slíkra starfa. Einnig er þyrlan mjög hagkvæm til sjálfrar landhelgisgæzlunnar, að mér er sagt, því að þótt flugvélakostur sé fyrir hendi, þá er ekki unnt og sérstaklega ekki á smærri flugvélum að fljúga alltaf svo lágt og svo nærri veiðiskipum, að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með veiðiaðferðum þeirra, og eru þyrlurnar hins vegar tilvaldar einmitt í þeim efnum til að geta skoðað nákvæmlega, hvers konar veiðar skip stunda.

Auk þyrlukaupanna var einnig í athugun endurnýjun á flugvélakostinum, og nákvæm athugun gerð á Sif, flugvél Landhelgisgæzlunnar, sem nú hefur verið seld. Hún var á sínum tíma keypt á mjög hagkvæmu verði, en var ekki svo heppileg sem frekast hefði verið á kosið til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna. En það stóð til þá, að hún færi í mjög dýra klössun, og það hefur sýnt

sig, sem reyndar var nú talið nokkurn veginn ljóst, að ekki mundi á nokkurn hátt borga sig að láta vélina fara í klössun með áframhaldandi notkun fyrir augum.

Einnig var í fyrra, og það byrjaði reyndar fyrr, gerð athugun á endurnýjun aflvéla í varðskipinu Þór, sem hefur verið mikið vandamál eiginlega alla tíð, og það lágu fyrir kostnaðaráætlanir, býsna nákvæmar, um það, hvað slík endurnýjun mundi kosta, og nú er svo komið, að Þór mun í sumar verða sendur út og endurnýjaðar í honum aflvélarnar. En að sjálfsögðu verður að sæta lagi þann tíma árs, sem síður er þörf á mikilli landhelgisgæzlu til þess að láta slíka viðgerð eða endurnýjun fara fram, því að hún tekur marga mánuði.

Auk athugunar á flugkostinum, sem er auðvitað afar áríðandi, einmitt með þessa miklu stækkun landhelginnar fyrir augum, sem nú er fram undan, þá liggur og í augum uppi, að það þarf að byggja þar á viðbragðsflýti, sem flugvélar og þyrlur hafa umfram skipin, en að sjálfsögðu dettur engum í hug annað en Landhelgisgæzlan þurfi einnig að eiga öflugan skipakost. Endurnýjun aflvélanna í Þór er liður í því að gernýta þann skipakost, sem fyrir hendi er, og að sjálfsögðu held ég, að engum blandist hugur um, að síðan verði áfram að halda og auka skipastólinn. Ég skal ekki fjölyrða frekar um það. Um það liggur fyrir þáltill. í hv. Nd. Alþ., og ég skal ekki frekar um það ræða.

En málefni Landhelgisgæzlunnar hefur mikið borið á góma undanfarið. Bæði liggja hér fyrir þinginu fsp. og mál hana varðandi, og einnig hafa spunnizt umr. um eitt atriði í málefnum Landhelgisgæzlunnar, sem okkur hefur satt að segja þótt býsna furðulegt og það er sú ákvörðun, að það húsnæði, sem Landhelgisgæzlunni var ætlað í nýju lögreglustöðinni, skuli nú vera tekið undir eitt af rn. Um leið og ég lýsi ánægju minni yfir því, að þyrlukaupin skuli nú vera komin á þetta stig og þetta góða og öfluga gæzlu- og björgunartæki skuli nú vera að komast í gagnið fyrir okkur Íslendinga og fyrir íslenzka sjómannastétt, þá vil ég um leið og get ekki hjá því komizt að láta í ljós, að ég harma, að húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar skuli hins vegar vera í því horfi, sem nú er ljóst, að þau muni vera, eða sem maður hefur ástæðu til að ætla, að fullákveðið sé.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., fyrrv. dómsmrh., kveðst harma það, í hvaða ástandi húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar eru. Ég get alveg tekið undir þetta. Landhelgisgæzlan hefur á mörgum undanförnum árum og áratugum búið við lélega húsakynni og ónóg, og sérstaklega geri ég ráð fyrir, að húsakynnin verði of lítil nú, þegar ráðgert er að efla Landhelgisgæzluna, svo að ég get alveg tekið undir þetta, og ég ætla alveg að leiða hjá mér allar hugleiðingar um það, hverjum megi nú helzt kenna um það, að húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar eru í því ástandi, sem þau hafa verið og raun ber vitni.

Nú er sagt, að lengi hafi staðið til að flytja Landhelgisgæzluna í nýju lögreglustöðvarbygginguna, og það má vel vera, að svo sé. Það er ekki búið, og það var ekki búið í tíð fyrrv. stjórnar. Hitt er svo annað mál hvers vegna. Því get ég ekki svarað, það verða aðrir að svara fyrir það. En það er rétt, að eftir að lögreglustöðvarbyggingin var fyrst teiknuð, var afráðið, eftir því sem mér skilst, að byggja viðbótarhæð ofan á lögreglustöðina og ætla Landhelgisgæzlunni hluta af því húsnæði. Nú liggja fyrir ákveðnar yfirlýsingar núv. dómsmrh. um það, að á málefnum – þar með talin húsnæðismál – Landhelgisgæzlunnar verði ráðin bót, og ég sé ekki ástæðu til annars en að ætla, að svo verði og það í tæka tíð, þannig að Landhelgisgæzlan geti nú, þegar mest á ríður, verið undir það búin að gegna sínu hlutverki.

Það er verið að efla gæzluna, eins og hv. þm. upplýsti hér. Þessi þyrlukaup voru ráðgerð í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., og áfram verður haldið með þau. Endurnýjun á skipunum er í gangi og ýmiss konar ráðstafanir til eflingar landhelgisgæzlu, sem ég hygg, að allir flokkar geti verið sammála um.

Hitt er svo rétt, að utanrrn. hefur verið í ákaflega miklum húsnæðisvandræðum, og það var afráðið, að utanrrn. flytji á þá hæð í lögreglustöðinni, a. m. k. til bráðabirgða, sem nú er sagt, að Landhelgisgæzlunni hafi verið ætluð. Það ber vissulega að harma það, ef Landhelgisgæzlan þarf að líða fyrir þetta, en ég vona, að svo þurfi ekki að verða með tilvísun til þess, sem ég áðan sagði.

En af því að menn hafa gert húsnæðismál utanrrn. að umræðuefni, bæði hér og í hv. Nd. um daginn, þar sem ég var ekki viðstaddur, þá held ég, að það sé kannske ekki nema eðlilegt, að ég noti þetta tækifæri til þess að gera grein fyrir því, við hvaða húsnæðisaðstæður utanrrn. býr. Ég ætla að leyfa mér að gera það í örstuttu máli.

Eins og allir vita, er utanrrn. nú til húsa og hefur, að ég hygg, alla tíð verið í gamla stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu. Samanlagt húsrými rn. er 210 fermetrar, þar með taldir gangar, snyrtiklefar og yfirleitt allt það húsnæði, sem rn. hefur yfir að ráða. Það skiptist þannig, að ráðherraherbergið er 28 fermetrar, skrifstofustúlka hefur 10 fermetra, afgreiðsla, þar sem eru tvær stúlkur, er 19 fermetrar, skjalavarzlan er 26 fermetrar, einn fulltrúi í 10 fermetrum, ráðuneytisstjórinn í 14 fermetrum, skrifstofustjórinn í 18 fermetrum. Fulltrúarnir hafa þetta rúma 8 fermetra hver, Hans Andersen þjóðréttarfræðingur 14 fermetra, „protokollcheffinn" 12 fermetra, vélritunin 15 fermetra, og forsetaritarinn, sem á að vinna hálfan daginn, hefur ekki stól og hefur orðið að vera allan daginn á forsetaskrifstofunni, og þangað hafa honum verið færð þau verkefni, sem hann hefur unnið fyrir rn. Þetta er sá húsakostur, sem utanrrn. hefur nú, og ég held, að það geti varla nokkur maður séð ofsjónum yfir því, þó að þetta rn., sem hefur náttúrlega fengið vaxandi verkefni og viðfangsefni, fái meira húsnæði. Og það húsnæði, sem nú er ráðgert, að utanrrn. flytji í, er ekki mjög stórt, en það er þó geysileg viðbót og framför frá því, sem þarna er, því að það hefur ekki verið hægt, eins og ég segi, að bæta við einni einustu manneskju. Þvert á móti hefur orðið að úthýsa forsetaritaranum, sem á þó að vera hálfs dags starfsmaður, vegna þess að blaðafulltrúi ríkisstj. þurfti að fá vélritunarstúlku.

Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að koma þessum upplýsingum á framfæri, fyrst hér er æ ofan í æ vikið að húsnæðismálum utanrrn., og að mér finnst á þann veg, að hér sé mjög djörf áætlun í frammi um húsakost fyrir þetta rn. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég vona, að Landhelgisgæzlan geti fengið húsnæði við sitt

hæfi, þó að efsta hæðin á lögreglustöðinni sé tekin til annarra nota um stundarsakir.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. vitnaði í það, að ég hefði sagt, að ég harmaði, hvernig ástandið væri í húsnæðismálum Landhelgisgæzlunnar. Hann hefur sjálfsagt skrifað það niður hjá sér, og ég rengi það ekki, en ég leiðrétti þá mitt mál þannig, að ég átti að sjálfsögðu við, á hvaða stigi húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar væru. Og hæstv. ráðh. sagði, að þau mundu líklega vera þá í hörmulegu ástandi, en ég vil segja hæstv. ráðh. það, að aðbúnaður Landhelgisgæzlunnar á þeim stað, sem hún nú er, er vissulega ekki sá, sem æskilegur væri, og það hefur satt að segja ekki verið í því gert að bæta þar úr, vegna þess að það var beðið með, að hægt væri að flytja í nýju lögreglustöðina.

Hæstv. ráðh. sagði, að Landhelgisgæzlunni muni hafa verið ætlað húsnæði í nýju lögreglustöðinni. Já, ég verð þá að svara því til, að sá hæstv. ráðh., dómsmrh., sem eftirlætur rn. hans þetta húsnæði, hefur sjálfsagt vitað betur um það en svo, að það muni hafa verið ætlað í lögreglustöðinni húsnæði fyrir Landhelgisgæzluna. Og ég vil bara minna á það, þegar hæstv. ráðh. talar um, að það hafi verið sagt, að henni muni hafa verið ætlað húsnæðið, að því hefur beinlínis verið lýst yfir hér á þingi og það síðast á síðasta þingi af mér, að það væri og hefði verið ætlunin og ákveðið, að Landhelgisgæzlan flytti í nýju lögreglustöðina. Sú bygging hefur verið við það miðuð á margan hátt, en ég skal ekki fara að fjölyrða um það, hvaða hagræði er að þessu líka fyrir aðrar stofnanir, sem undir dómsmrn. heyra. Ég vil þó nefna t. d. almannavarnir og lögreglustjórnina. Ég álít, að þetta sé algerlega óafsakanleg ráðstöfun. Hæstv. ráðh. lýsti hér húsnæðisvandræðum utanrrn. Ég skal ekki bera brigður á það, sem hann sagði í þeim efnum, en að til þess að bæta úr þeim þrengslum þyrfti að ráðast að Landhelgisgæzlunni, – ég vil orða það svo, – og það einmitt nú á þessum tímum, til þess finnst mér þurfa anzi mikla einurð, satt að segja, vitandi það, hvað Landhelgisgæzlan væntanlega á fram undan með útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Það hefði vissulega mátt leita annars staðar fyrir sér um húsnæði fyrir utanrrn., og ég vil nú vitna til þess, að kommissaraforsjá landslýðsins telur sig þurfa 900 fermetra húsnæði. Það er nú líklega ríflega það, sem utanrrn. hefur talið sig þurfa. Þessir 900 fermetrar eru sjálfsagt a. m. k. tvöfalt stærra húsnæði en rn. telur sig þurfa. Ég veit ekki, hvað rétt er í því. En mér er sagt, að hún sé búin að fá inni, og ég sé ekki, hvers vegna hefði þá ekki kannske jafnvel mátt ganga fyrir að leysa vandræði utanrrn. Ég skal hreint ekki gera lítið úr þeim.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta atriði, húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar. Ég get fullvissað hæstv. ráðh., um það, að það er ekki bara hér innan veggja þingsins, sem hneykslunarorð heyrast um þá ráðstöfun, heldur heyrast þau sannarlega víðar.

ATKVGR.
Brtt. 461 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 479).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 504).

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur fengið til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna kaupa á þyrlu fyrir Landhelgisgæzluna. Frv. þetta er stjfrv. til staðfestingar á brbl. frá því 4. júní 1971. Málið kemur nú frá Ed., sem hefur gert þá breytingu á frv. að hækka lántökuheimildina úr 26 millj. upp í 45 millj. Álit fjhn. er á þskj. 504, og allir þeir nm., sem tóku þátt í meðferð málsins, voru sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 479, 522).

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þann 15. marz s. l. skrifaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið svo hljóðandi bréf:

„Stefnt er að því að framkvæma endurnýjunarviðgerð á varðskipinu Þór á komandi sumri og fyrirhugað, að tekið verði lán erlendis til 4–5 ára til verksins, og er þess óskað í samráði við fjmrn., að hv. fjhn. Ed. hlutist til um, að heimild til lántöku, allt að 48 millj. kr., vegna þessara framkvæmda verði tekin inn í lagafrv. um heimild til lántöku vegna kaupa á þyrlu, sem nú liggur fyrir Ed.

Til upplýsinga fylgja hér með ljósrit af bréfum Landhelgisgæzlunnar, dags. 18. jan. s. l., dómsmrn., dags. 25. jan. s. l., og viðskrn., dags. 29. f. m." — Undir þetta ritar Baldur Möller fyrir hönd ráðh.

Nú tókst þannig til, að þetta bréf náði ekki til fjhn. Ed., áður en hún afgreiddi sitt nál. um þetta mál, því að hún mun hafa gert það sama daginn og bréfið var skrifað. Fyrir einhver mistök fór á sömu leið, þegar málið var til meðferðar í fjhn. þessarar hv. d., að bréfið barst henni ekki fyrr en eftir að hún hafði lokið afgreiðslu málsins fyrir 2. umr. Síðan barst n. bréfið, og

hún hefur kynnt sér þetta mál. Það er vitað, að stór hluti kostnaðar við endurnýjun þá og viðgerð á Þór, sem nú er fyrirhuguð, er vegna vélaskipta og vegna styrkingar skipsins í sambandi við þau vélaskipti. Vélin í Þór var frá upphafi gölluð, þó að skipið hafi ævinlega þótt ágætt.

Eins og fram kemur í þessu bréfi, sem ég las hér áðan, þá fylgdu með til n. erindi og grg. frá viðkomandi aðilum, Landhelgisgæzlunni og viðskrn. út af lántökunni. Þetta er allt jákvætt, og varð fjhn. sammála um að flytja þá brtt., sem hér liggur fyrir og er nánast um það, að þessi umbeðna lántökuheimild skuli einnig veitt, um leið og veitt er heimild til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

ATKVGR.

Brtt. 552,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

– 552,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var frv. útbýtt frá Ed., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 574).

Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 598).

---

25. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 5. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., er nú borið fram á Alþ. öðru sinni. Fyrrv. ríkisstj. lagði það fyrir þingið s. l. vetur, en þar varð það ekki útrætt. Núv. ríkisstj. hefur ákveðið að taka málið upp að nýju og leggja það aftur fyrir hæstv. Alþ. Hér er um að ræða nýtt frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Núgildandi lög um þennan skóla eru ekki ýkja gömul, þau eru ekki eldri en lög nr. 84 frá 1966, en þeir menn, sem þetta frv. hafa samið, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að affærasælast sé að setja ný lög að fullu um Stýrimannaskólann, frekar en beita sér fyrir einstökum breytingum á núgildandi lögum.

Meginbreytingin á lögum um Stýrimannaskólann samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að þyngd eru inntökuskilyrði í skólann og þá aðeins að einu leyti, hvað varðar undirbúningsmenntun. Það er lagt til með þessu frv., að gagnfræðapróf verði skilyrði til inntöku í Stýrimannaskólann. Samkv. núgildandi lögum er ekki slíkt lágmarksákvæði um menntun. Inn í skólann geta fengið inngöngu samkv. lögunum menn, sem hafa ekki meira en barnafræðslu. Þetta hefur valdið þó nokkrum vandkvæðum við kennslu í skólanum. Þar hefur við kennslu þurft að taka tillit og taka mið af þeim nemendum, sem lakast eru undirbúnir, og þá gjarnan í almennum greinum eins og stærðfræði, tungumálum og slíku. Þessu á nú að reyna að ráða bót á með því að gera gagnfræðapróf eða tilsvarandi menntun að inntökuskilyrði, svo að þeir, sem koma inn í skólann, séu allir nokkurn veginn sambærilega á vegi staddir, svo að ekki þurfi að tefja eða draga úr kennslu í sérgreinum, að einstakir menn í nemendahópnum séu miklu lakar undir almennu greinarnar búnir en aðrir. Þó er það síður en svo ætlunin að setja hér upp nokkra girðingu eða hömlur á inngöngu í skólann hjá þeim, sem á annað borð hafa uppfyllt siglingaskilyrðin.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er skólanum lögð á herðar sú skylda að hafa á ári hverju námskeið fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf fyrir, fjögurra mánaða námskeið í hinum almennu greinum, sem mestur misbrestur er á, að menn séu nógu vel undirbúnir í, þegar þeir koma í skólann, sem sé stærðfræði, eðlisfræði, íslenzku, ensku og dönsku. Og til þess að það sé eins vel tryggt og kostur er, að þetta nýja inntökuskilyrði um gagnfræðapróf verði mönnum ekki fjötur um fót til inngöngu í Stýrimannaskólann, er jafnframt ákvæði í 15. gr. frv. um, að auk þess sem undirbúningsnámskeið séu haldin í Reykjavík, sé heimild til þess að halda þau árlega, ef þörf krefur og aðsókn er nógu mikil, á Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað. Einnig er heimild í frv. til að hafa námskeiðin á enn fleiri stöðum, ef aðsókn er svo mikil, að réttlætanlegt sé.

Þetta er meginbreytingin, sem í frv. felst frá núgildandi lögum, en þó eru nokkrar aðrar, sem ég vil aðeins geta um, þótt þær séu ekki jafn veigamiklar. Þá er það fyrst, að þetta frv. er næstum helmingi styttra en núgildandi lög fyrir þá sök, að fellt er niður mjög langt mál, þar sem fjallað er um upptalningu á námsefni til prófs í einstökum greinum. Það þykir ekki heppilegt að binda prófkröfurnar í lögum, heldur er vilji þeirra manna, sem samið hafa frv., að þær verði ákveðnar í reglugerð, vegna þess hve miklu auðveldara er að laga reglugerðarákvæði að breyttum kröfum og breyttum tímum en að gera breytingar á lagaákvæðinu.

Þá er það einnig nýmæli í þessu frv., að samræma á farmannamenntun og fiskimannamenntun í 2. bekk, svo að þar sé um sambærilegt próf að ræða bæði hjá farmönnum og fiskimönnum, og þetta hefur í för með sér, að kennslan í fiskimannadeild í 2. bekk lengist um hálfan annan mánuð, úr 6 í 7½ til samræmis við farmannadeildina. Ákvæði er um, að námstími sé til 15. maí, þ. e. hálfs mánaðar lenging, því að nú er gert ráð fyrir skólatíma til aprílloka ár hvert.

Þá er ákvæði um aukna fræðslu í fiskimannadeild um meðferð fiskafla um borð í skipunum, og býst ég við, að hv. þm. séu mér sammála um, að þar sé á þessu sviði reynt að koma til móts við mikla þörf, að meðferðin á aflanum um borð í fiskiskipunum sé eins góð og kostur er.

Loks er um það ákvæði í þessu frv., að setja skuli á stofn skólanefnd við Stýrimannaskólann. Það má nokkurri furðu sæta, að við jafngamla og virðulega menntastofnun og Stýrimannaskólann í jafn mikil-

vægri grein skuli engin skólanefnd hafa verið starfandi. Nú er gert ráð fyrir, að hún komi til sögunnar og verði skipuð fulltrúum frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og formaður frá menntmrn.

Ég tel, að ekki orki tvímælis, að frv. þetta, ef að lögum verður, horfi í þá átt að efla Stýrimannaskólann og gera hann sem gagnlegasta menntastofnun skipstjórnarmanna. Aukinni tækni bæði við siglingar og veiðar, sem sjómenn fá í hendur, hljóta að fylgja auknar kunnáttukröfur til þeirra, sem takast á herðar ábyrgð á skipi og mönnum. Álit þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, er, að í frv. séu uppfylltar þær þarfir, sem nú eru brýnastar til að efla sjómannamenntun í landinu.

Ég beini því til hæstv. forseta og hv. þd., að málinu verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 379, 58).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 379, samþykkti menntmn. að mæla með samþykkt frv. með þeirri einu breytingu, að 1. mgr. 6. gr. falli brott, og var um það haft samráð við skólastjóra Stýrimannaskólans, sem kvaðst ekkert hafa við þá breytingu að athuga, en innan n. kom sú skoðun fram, að óeðlilegt væri að binda með lögum skólaárið, heldur yrði það þá frekar á valdi ráðh. og skólastjórnar hverju sinni að ákveða það með öðrum hætti. Einstakir nm., eins og einnig kemur fram á þskj., hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Þegar málið var tekið til umr. í n., lágu einnig fyrir tvær brtt. frá hv. 10. landsk., sem prentaðar eru á þskj. 58, og n. sem slík tók ekki afstöðu til þessara brtt. og hefur því ekki úttalað sig um það efni. Persónulega vil ég nota þetta tækifæri, þó að ég sé hér sem fulltrúi n. allrar, til að skýra frá því, að ég er samþykkur þeim till., sem um ræðir á þskj., og mun fylgja þeim við afgreiðslu málsins til 3. umr.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fara um frv. frekari orðum. Það var rækilega skýrt við 1. umr. málsins og óþarft að endurtaka nokkuð af því, sem þá var sagt, en n., eins og ég áðan sagði, mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu, sem ég áðan nefndi á þskj. 379.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð. Ég hef sem nm. menntmn. mælt með samþykkt þessa frv., en hins vegar, eins og síðasti hv. ræðumaður sagði, þá áskildu nm. sér rétt til þess að fylgja eða hafna brtt., sem fram kynnu að koma við þetta frv. Þessar brtt., sem fram eru komnar, eru á þskj. 58. Þær eru tvær. Ég vildi tjá afstöðu mína til þessara brtt.

Fyrri till. fjallar um skipun skólanefndar Stýrimannaskólans. Í till. þessari felst sú breyting frá frv., að í skólanefnd skuli sitja tveir fulltrúar nemenda. Ég hef ekkert við þessa till. að athuga og lýsi mig fylgjandi henni. En það er síðari till. á þskj. 58, sem ég vil víkja nokkru nánar að.

Í 15. gr. frv., 1. mgr., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi rn.: Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað."

Seinni brtt. á þskj. 58 fjallar um það, að hér komi til viðbótar „og Keflavík eða Njarðvík." Það er augljóst, hver er ástæðan fyrir því að gera ráð fyrir, að það séu haldin sérstök námskeið á Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað, eins og frv. gerir ráð fyrir. Hér er um að ræða staði, sem eru fjarlægir Reykjavík, þar sem Stýrimannaskólinn er staðsettur. Það er sjálfsagt að hafa slíkt ákvæði í lögum, og það eru sérstakar ástæður fyrir hendi. Spurningin er sú, hvort þær ástæður eru fyrir hendi hvað varðar Keflavík eða Njarðvík. Er þar um svo mikla fjarlægð að ræða frá Reykjavík? Og þetta vekur aðra spurningu. Á þetta þá ekki við um fjölmarga aðra staði á landinu? Hvers vegna má þá ekki nefna t. d. Patreksfjörð eða Húsavík eða Hornafjörð eða Akranes? Við sjáum, að það mundi vera algerlega ástæðulaust að fara að tiltaka sérstaklega Keflavík eða Njarðvík í þessari löggjöf. En það er ekki hægt að komast hjá því, að það væri frekar ástæða til þess að lögfesta slíkt varðandi ýmsa aðra staði.

Mér finnst, að þessi till. beri með sér viss sjúkdómseinkenni, sem maður verður oft var við hér í sölum hv. Alþ., þau, að ef eitthvað þarf af eðlilegum ástæðum að gera fyrir ákveðna staði eða byggðarlög í landinu af sérstökum ástæðum, þá vilja menn heimfæra þessar ástæður upp á aðra staði og þá einkum í sínu kjördæmi. Mér þykir ástæða til þess að vara við þessum vinnubrögðum, og með sérstöku tilliti til þess stend ég hér upp til þess að lýsa andstöðu minni við þessa brtt. Til frekari áherzlu á þetta sjónarmið leyfi ég mér að benda á, að í 3. mgr. 15. gr. frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en að ofan greinir að tilskildu samþykki menntmrn." Ég held, að með þessu ákvæði sé fyllilega séð fyrir þeim þörfum, sem kunna að vera fyrir hendi hvað varðar Keflavík og Njarðvík eins og alla aðra staði á landinu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessar umr. að því leyti til, að ég vil undirstrika einmitt þetta atriði í 15. gr., sem síðasti ræðumaður kom hér inn á áðan, með tilliti til þess, hvaða gildi þetta hefur. Það er dálítið erfitt, eins og fram kom hjá ræðumanni, að tilgreina sérstakar ástæður fyrir því, að svona námskeið eigi endilega að vera á ákveðnum stöðum, því að þeir eru svo margir í landinu, sem koma til greina. Ég hef þá skoðun, að það sé rétt stefna, sem hefur verið tekin upp á vegum Stýrimannaskólans með samþykki menntmrn., að reyna að dreifa þessum námskeiðum út um landið til verstöðvanna sjálfra. Ég stend hér upp einmitt til þess að segja frá því hér, að nú stendur yfir í Ólafsvík slíkt

námskeið, þar sem þátttakendur eru 20, og þetta eru einmitt sjómannsefni úr byggðarlaginu og nágrannabyggðarlögum, sem að öðrum kosti hefðu átt erfitt með að sækja skóla hingað til Reykjavíkur. Ég tel, að það sé sérstök ástæða til þess að undirstrika þetta atriði, því að það hefur geysilega þýðingu fyrir hina ýmsu útgerðarstaði á landinu, og hér er rétt stefnt. Ég tel, að það ætti ekki að þurfa að taka upp fleiri sérstök heiti á stöðum, eins og er hér í brtt., heldur að heimildarákvæðið, sem er í frv., verði notað með hagsmuni hinna smærri útgerðarstaða fyrir augum, því að einmitt svona námskeið, svona kennsla er áhrifaríkust, þar sem starfsemin er í fullum gangi. Ég lýsi sérstakri ánægju minni yfir því, að einmitt þetta námskeið, sem nú stendur yfir í Ólafsvík og lýkur í lok þessa mánaðar, skyldi hafa komizt á, því að það leysir mjög mikið úr brýnum vandræðum, sem hafa verið á þessu svæði í sambandi við skipstjórnarmenn með réttindum og til að skapa möguleika fyrir nýja skipstjórnarmenn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim orðum, sem hér féllu áðan, að það væru ekki sérstakar ástæður til þess að flytja till. um, að námskeið fyrir 1. bekk stýrimannaskóla yrði haldið á Suðurnesjum, þá vil ég aðeins taka það fram, að þessi till. er ekki flutt vegna þess, að þær ástæður séu fremur fyrir hendi í Keflavík en á ýmsum öðrum stöðum á landinu, og með þessari till. er á alls engan hátt útilokað, að það yrði gert víðar. Ég er þeirrar skoðunar, að ef slíkt nám, bæði undirbúningsnámið og nám 1. bekkjar, færi fram á Suðurnesjum, þá mundu fleiri ungir menn hefja nám til þess að öðlast þau réttindi, sem Stýrimannaskólinn veitir, miklu fleiri en þegar þeir þurfa að sækja til Reykjavíkur. Það eru núna líklega um 10–15 ungir menn frá Suðurnesjum, sem sækja nám í Stýrimannaskólanum. Ég er í engum vafa um, að þeir yrðu miklum mun fleiri, ef fyrir hendi væri að stunda þetta nám eða hluta af því, eins og þarna er gert ráð fyrir, á staðnum sjálfum. Og það er aðalástæðan fyrir því, að þessi till. er flutt, en ekki sú, að þarna séu fyrir hendi aðstæður, sem ekki kunna að vera til annars staðar. Á fáu er meiri þörf nú í sambandi við nám en það, að fleiri ungir menn hefji einmitt þetta nám, sem varðar sjómennskuna, og ef till. gæti orðið til þess, að fleiri hefji þetta nám en ella mundi vera, þá álít ég, að hún eigi á sér fyllsta rétt. Ég læt mér ekki til hugar koma annað en að áður en langt um líður komi fleiri staðir til greina, og það er ekki annað en berjast gegn þróuninni og því, sem hún krefst, að hafa á móti því, að þessi till. verði samþ. Það vill nú oft verða svo í skólanámi hér í Reykjavík sem annars staðar, að dagurinn er slitinn í sundur meira og minna. Því verða menn sunnan af Suðurnesjum að dveljast hér allan daginn við þetta nám, en ef þeir ættu kost á því heima, mundu miklu fleiri hefja þetta nám. En ég legg áherzlu á, að þessi till. þýðir ekki það, að ekki komi aðrir staðir jafnt til greina, og bendi enn fremur á, að framkvæmd þessarar till., ef samþ. yrði, er að sjálfsögðu háð því, að næg þátttaka fáist, og ég efast ekkert um það, að hún mundi fást.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. að öðru leyti en því, að ég tek eftir, að Páll Þorsteinsson, en ég er hans varamaður, hefur ekki verið viðstaddur, þegar nál. í málinu hefur verið afgr. úr n., og ég vildi aðeins geta þess, að ég er samþykkur þeirri skoðun, sem kemur fram í áliti n.

Raunverulega snertir þetta atriði, breytingin á 6. gr., miklu stærra mál. Það snertir það málefni, hvort við Íslendingar eigum að halda við þá skipan, sem við höfum haft á okkar skólamálum, að hafa hér löng sumarfrí skólanemenda, þannig að þeir hafi tækifæri til þess að taka þátt í ýmsum störfum þjóðlífsins og kynnast þeim á unga aldri, eða hvort við eigum að taka upp þá stefnu, sem flestar aðrar þjóðir hafa í þessum efnum, að hafa stutt sumarfrí, miklum mun styttri en tíðkast hér á landi. Ég vildi því koma því að í þessu sambandi, að ég tel fyrir mína parta, að við ættum að halda þeirri stefnu og þeirri skipan, sem hér hefur verið á, að skólanemendur fái tiltölulega löng sumarfrí, fái þá tækifæri til þess að vinna að ýmsum störfum, sem eru nauðsynleg fyrir þjóðfélagið í okkar mannfæð, og jafnframt að kynnast ýmsum þáttum þjóðlífsins snemma, sem þeir ekki fá tækifæri til á unga aldri, ef annar háttur væri hafður á í þessum málum.

Mér er kunnugt um, að einn menntaskólinn hér í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, sem er nú eins konar tilraunamenntaskóli, hefur í hyggju að breyta til í þessum efnum, þó ekki þannig að stytta sumarfrí, heldur að færa sumarfríin fram, þannig að skólinn hætti fyrr á vorin en verið hefur og hefji svo aftur skólastarf fyrr á haustin. Þetta hefur mikla kosti varðandi vertíðarvinnuna, en nú er svo háttað, að það er meira og meira kvartað um skort á vinnuafli í sambandi við aðalkraftvertíðina hjá okkur Íslendingum. Mér er kunnugt um, að fiskiþing hefur t. d. rætt þessi málefni, og þar eru einróma skoðanir í þá átt, að vinnuaflsskortur um hávertíðina sé vaxandi stórvandamál. Ég hygg, að það væri kannske skynsamlegt til þess að leysa m. a. úr þessu, því að það leysist úr læðingi mikið vinnuafl, þegar skólarnir hætta á vorin, að skólarnir hættu dálítið fyrr en nú er og byrjuðu þá aftur fyrr að haustinu. Með því móti mætti á ýmsum stöðum landsins fá vinnuafl til starfa á hávertíðinni, sem annars situr á skólabekk. Sums staðar tíðkast það, að nemendur fái frí úr skólunum, þegar vertíðarhroturnar steðja að.

Ég vildi koma þessum orðum að í sambandi við þessa brtt., sem n. leggur hér til, en hún er í raun og veru liður í miklu stærra máli, og í sambandi við Stýrimannaskólann er nú alveg sérstök ástæða til þess að fylgja þessari breytingu, vegna þess að hvergi mun bera meiri nauðsyn til þess en einmitt meðal nemenda Stýrimannaskólans, að þeir fái tækifæri til þess að vinna að vertíðarstörfum og fá þá e. t. v. æfingu í sjómennsku jafnhliða skólanum.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég tel, að sú brtt., sem hér er um að ræða og hér hefur verið rætt um, að tiltaka sérstaka staði, geti að vissu leyti átt rétt á sér, en þó vil ég segja það, að eins og er í lögum um menntaskóla t. d., þá gæti þetta komið að sama gagni og yrði nýtt á svipaðan hátt. Við höfum tekið eftir því, að það hefur í æ ríkari mæli færzt í aukana, að hinir ýmsu skólar, gagnfræðaskólar úti á landsbyggðinni, hafa fengið aðstöðu til þess að taka upp kennslu 1. stigs menntaskóla. Þetta er mjög vinsælt, og það er eðlilegt, vegna þess að þetta

sparar fólki geysilega mikið, að geta haft nemendurna sem lengst heima hjá sér og sloppið við þann mikla kostnað, sem alltaf er því samfara að senda börn á fjarlæga staði til náms í skóla.

Sama máli má segja að gegni um Stýrimannaskólann. Það segir sig sjálft, að það væri mjög æskilegt, að hægt væri að koma á sem víðast í verstöðvunum úti á landi aðstöðu til kennslu námsefnis 1. bekkjar Stýrimannaskólans. Þetta á sér stað allvíða í sambandi við Vélstjóraskólann. Þessi námskeið hafa átt sér stað á undanförnum árum, og það er enginn vafi á því, að það hefur aukið mjög þátttökuna í námi í sambandi við vélstjóranámið, að þessi námskeið hafa verið úti á landsbyggðinni. Og sama máli mundi gegna varðandi 1. bekk Stýrimannaskólans.

Ef það verður niðurstaðan við afgreiðslu þessa máls í þessari hv. d., að aukið verði við þessum einstöku stöðum, sem um ræðir í 2. töluł. brtt. á þskj. 58, mun ég áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. varðandi staði á Vesturlandi og kannske víðar á landinu við 3. umr. málsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. vék nokkrum orðum að brtt. sinni, sem ég gerði að umræðuefni hér áður. Hann sagði, að hann flytti ekki brtt. um Keflavík eða Njarðvík vegna þess, að það væri meiri ástæða eða þörf á þeim stöðum fyrir námskeið, sem hér er um að ræða, heldur en víða annars staðar. Ég er honum sammála um þetta. Ég lagði áherzlu á það, að það væru mismunandi ástæður, m. a. eftir því, hvar væri á landinu, og þess vegna væri gert ráð fyrir því í frv., að slík námskeið yrðu haldin á stöðum, sem væru fjærst Stýrimannaskólanum í Reykjavík, þ. e. á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað.

Ef við miðum við fjarlægðina, liggur það í augum uppi, að það er meiri þörf fyrir sérstök námskeið víðast hvar á landinu, þar sem eru þróttmiklir útgerðarstaðir, heldur en á stað, sem tekur klukkutíma eða innan við klukkutíma að ferðast frá til Reykjavíkur. Með tilliti til þessa tel ég, að það sé ekki rétt af löggjafanum að leggja sérstaka áherzlu á að halda námskeið við hliðina á Stýrimannaskólanum í Reykjavík, ef svo mætti segja. Ef það ætti að leggja áherzlu á einstaka staði, þá ætti fyrst og fremst að leggja áherzlu á þá staði, sem fjærst eru og nemendur eiga verst með að sækja til Reykjavíkur frá. Þetta er það, sem vakti fyrir mér. Ég hef ekki á móti því, að það séu haldin námskeið um þetta efni í Keflavík eða Njarðvíkum, síður en svo. En ég tel, að löggjafinn eigi ekki að leggja sérstaka áherzlu á þessa staði fram yfir marga aðra, og ég áskil mér, ef þetta fær hljómgrunn hér í hv. d., að leggja fram brtt. um fleiri staði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 379 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7.–13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 58,1 (ný 14. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
– 58,2 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, BFB, EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, OÓ.
nei: TÁ, StH, SteinG, ÞK, AuA, AS, HK, GH, JónÁ, MJ, MÓ, BJ.

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árnason: Herra forseti. Í trausti þess, að heimildin í 5. gr. verði notuð, segi ég nei.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þar sem hér er um það að ræða í rauninni, hvort taka eigi upp í lög fleiri staði til námskeiðahalds en þá, sem þegar eru taldir þar, þ. e. einn í hverjum landsfjórðungi, og þar sem vandséð er, hvar nema ber staðar, ef farið er út í slíka upptalningu, og þar sem þess hefur hingað til verið gætt og verður vonandi í framtíðinni að nota heimildina um sérstök námskeið, þegar nemendafjöldi réttlætir, þá segi ég nei.

15.–16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 413).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 50. og 51. fundi í Nd., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hér er komið frá Ed. frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík og á þskj. 413 liggja fyrir þær tvær gr. frv., sem breyttust í meðförum Ed., frá því að frv. var lagt fram. Meginstefnan, sem tekin er með þessu frv., það helzta nýmæli, sem í því felst, er að gera Stýrimannaskólann að öflugri menntastofnun og fræðslustofnun fyrir sjómannastéttina, með því að herða bæði inntökuskilyrðin hvað bóklega kunnáttu snertir, sem gerð eru til þeirra manna, sem inn í skólann vilja koma, og að útiloka þó ekki sjómannsefni, sem hafa lítið tækifæri haft til þess að afla sér bóklegrar menntunar, á þann hátt að skylda skólann til að efna til sérstakra undirbúningsnámskeiða fyrir þá, sem ekki hafa þegar þá fræðslu í bóklegum greinum, sem þarf til þess að koma við þeim fræðslutökum, sem skólastjórn og kennarar telja nauðsynleg.

Hingað til hafa engin sérstök skilyrði verið sett um bóklega kunnáttu þeirra manna, sem í Stýrimannaskólann hafa setzt, heldur aðeins um siglingatíma þeirra. Þetta hefur að dómi skólastjóra og kennara haft það í för með sér, að óhóflega mikið af námstíma fyrsta námsárið fer í það að kenna almennar námsgreinar, sem sumir nemendur hafa þegar tileinkað sér á fyrra kennslustigi, en aðra skortir. En með því að krefjast nú,

að gagnfræðapróf eða hliðstætt próf eitt veiti tafarlausa inngöngu í skólann, og efna til sérstakra námskeiða fyrir nemendur, sem ekki fullnægja þeim skilyrðum, telur skólastjóri, að unnt sé að leggja mun meiri áherzlu en hingað til hefur verið unnt á sérkennsluefni skólans, sjómannafræðin.

Jafnframt þessu hefur verið felld niður úr eldri lögum upptalning á námsefni í deildum skólans fyrir hvert próf. Það þykir affarasælla að binda slíkt ekki í lögum, heldur gera það að reglugerðaratriði.

Þá er einnig í þessu frv. gert ráð fyrir því að samræma námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar þannig, að sömu skipstjórnarréttindi fáist eftir nám í þessum deildum. Þetta er lagt til með tilliti til þess, að miklu nánari tengsl eru hér milli farmanna og fiskimanna en hjá öðrum þjóðum. Sami skóli er fyrir báðar starfsgreinar, þar sem annars staðar eru sérstakir skólar fyrir hvora um sig.

Loks er það nýmæli í þessu frv., frá því sem áður hefur verið í lögum, að skipuð verði skólanefnd við skólann. Hún er við það miðuð, að sem nánust tengsl skapist milli skólans annars vegar og skipstjórnarfélaganna og vinnuveitendasamtaka, sem sjómenn hafa í þjónustu sinni hins vegar.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo stöddu, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 495).

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur athugað þetta frv., sem nú liggur fyrir Alþ. um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Eins og þm. vita, hefur þetta frv. þegar verið rætt og fjallað um það í Ed., og sú hv. d. afgreiddi málið á þá lund að gera tvær breytingar á frv. Önnur var við 6. gr. og hin við 14. gr. Í 6. gr. var breytingin fólgin í því, að fellt var niður ákvæði um tímalengd skólans, þannig að það er óbundið, hversu lengi hann stendur. En í 14. gr. var gerð sú breyting að auka á skólalýðræðið í þeim skilningi að veita nemendum Stýrimannaskólans aukna þátttöku í stjórn skólans, og er það í samræmi við nútímahugmyndir um skólalýðræði. Þessar breytingar eru án efa til bóta, og menntmn. Nd. hefur orðið einhuga um það að afgreiða þetta frv. óbreytt og leggur til, að það verði samþ., eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7.–9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
12.–16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Því miður var ég fjarverandi úr d., þegar frv. þetta var hér til 2. umr., en ég var með í huga að koma fram með ábendingu við eina gr. þess, en það er 8. gr., þar sem ræðir um prófdómara. Þar er gert ráð fyrir, að breytt verði frá því, sem áður var, en í gildandi lögum er það ákvæði, að einn prófdómari skuli vera við hverja grein nema í fallfögum. Þar skulu vera tveir prófdómarar. Mér tókst ekki fyrir fundinn nú að ná sambandi við Stýrimannaskólann í Reykjavík, en ég ræddi þetta atriði við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og spurði um hans álit á þessu. Hann taldi, að varðandi a. m. k. eina kennslugrein, siglingafræðina, væri mjög varhugavert að stíga þetta skref aftur á bak að fækka prófdómurum úr tveimur í einn.

Ég var með í huga að bera fram skrifl. brtt. nú við 3. umr., en vildi þó áður leyfa mér að spyrjast fyrir um hjá hv. frsm. menntmn., hvort þetta atriði hafi verið sérstaklega rætt í n. eða rætt við skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík eða þá, sem frv. sömdu. Ég tel, að það sé um svo mikilvæga kennslugrein að ræða, þar sem er siglingafræðin, að þar beri að hafa alla gætni við, að eftirlit sé eins öruggt og við verður komið. Siglingafræði fer fram í fjórum skriflegum prófum og tveimur munnlegum prófum, og ef það er aðeins á valdi kennara og eins prófdómara kannske að meta námsgetu eða námsárangur einstakra nemenda, þá hygg ég, að þeir geti stundum lent þar í nokkrum vanda. Þetta er ákaflega flókin námsgrein, og er tekið próf í henni, eins og ég sagði, í fjórum skriflegum greinum og tveimur munnlegum. En áður en ég legg þessa till. fram, langaði mig að spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm. n., hvort þetta atriði hafi sérstaklega verið tekið til meðferðar og rætt við skólastjórann eða þá n., sem samdi frv. En þarna er vissulega verið að stíga skref aftur á bak frá því, sem áður var í lögum og er enn í gildandi lögum, sem ég tel að þurfi að skoða vel, áður en það verður gert.

Umr. frestað.

Á 59. og 61. fundi í Nd., 12. og 14. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 413, 523).

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við eina gr. þessa frv., og er brtt. á þskj. 523 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema í siglingafræði skulu vera tveir prófdómarar, og skipar rn. prófdómara að fengnum till. skólastjóra.“

Breytingin frá frv. er í því fólgin, að í till. er gert ráð fyrir, að í einni aðalgrein við Stýrimannaskólann en það er í siglingafræði, skuli vera tveir prófdómarar ásamt þeim kennara, sem einnig prófar. Ég hef nokkuð kynnt mér þetta, síðan málið var hér síðast til umr., og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, þá hefur það verið talið mjög eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að í þessari aðalgrein í fræðslu stýrimannaskólanna yrði um að ræða tvo prófdómara í staðinn fyrir einn. Í

þessari grein eru tekin fjögur skrifleg próf og tvö munnleg, og verður því að teljast kannske til of mikils ætlazt, að þar sé aðeins um kennara ásamt einum prófdómara að ræða. Ég skal taka fram, að eldri lög gerðu ráð fyrir, að auk kennarans yrði um að ræða tvo prófdómara í öllum fallfögum, eins og þar er komizt að orði, en þar er um nokkur fleiri fög að ræða en siglingafræðina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 523 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 596).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

26. Kaup á skuttogurum.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru í tíð fyrrv. ríkisstj. Frv. fjallar um það að veita heimild til þess, að keyptir verði átta skuttogarar, eins og rætt er um í viðkomandi lögum, í staðinn fyrir sex, sem þar voru tilgreindir.

Ég veit, að allir hv. þdm. kannast vel við efni þessara laga, og þarf því ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Eins og kunnugt er, eru allir þessir átta togarar þegar í byggingu eða hafa verið gerðir byggingarsamningar um þessi skip. En vegna þess að upphaflegu lögin, sem um þetta fjölluðu, gerðu aðeins ráð fyrir því, að keypt yrðu sex skip, en síðar bættust tvö við, þá varð að samþykkja þessi brbl. og síðan er þetta frv. flutt hér til staðfestingar á þeim.

Ég óska eftir, að frv. þetta gangi til hv. sjútvn., en sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um málið á þessu stigi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég er efni þessa lagafrv. algerlega sammála. Hér er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, um staðfestingu á brbl. að ræða, sem sett voru að tilhlutan fráfarandi ríkisstj., annars vegar til þess að Akureyringar, Útgerðarfélag Akureyringa, hefðu möguleika til þess að endurnýja togaraflota sinn, og hins vegar til þess að auðvelda Slippstöðinni á Akureyri og Útgerðarfélaginu að ná samningum sín á milli til þess að styðja að íslenzkum skipasmíðaiðnaði og því fyrirtæki sérstaklega á Akureyri. En ég kveð mér hljóðs einnig til þess að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann mundi ekki vera hliðhollur því að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki til athugunar, hvort ekki sé ástæða til þess að rýmka þessa heimild umfram það, sem gert er ráð fyrir í brbl. Mér er kunnugt um það, að tveir aðilar hér í Reykjavík, reyndir útgerðaraðilar, hafa hug á því að festa kaup á skuttogurum, ef sams konar stuðningur fæst af hálfu ríkisvaldsins og sveitarfélagsins eins og gert er ráð fyrir í þeim lögum, sem hér er um að ræða. Hér er um þá útgerðarmennina að ræða, Einar Sigurðsson og Ingvar Vilhjálmsson eða félög þeirra, sem ýmist með samvinnu sín á milli eða eitt sér hafa hug á að kaupa þrjá skuttogara, og eru fulltrúar af þeirra hálfu í Póllandi, að því er ég bezt veit, til að kanna þessa möguleika. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. viti um þessar fyrirætlanir þessara útgerðarmanna. Ég vil aðeins lýsa áhuga mínum á því, að fyrirætlanir þessar komist í framkvæmd, og þess vegna væri mikils vert, ef hæstv. ráðh. treysti sér til þess að gefa í skyn, hvort hann styddi þessar fyrirætlanir og að hv. þn. tæki til athugunar, hvort ekki væri ástæða til þess að rýmka enn frekar en brbl. gera ráð fyrir heimildir lagafrv. í þessu efni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Reykv., sem hér kom fram, um það, hvort ekki væri rétt, að sú n., sem fjallar um þetta frv., athugaði möguleika á því að rýmka heimildir laganna enn frekar en gert er með þessum brbl., þ. e. að gera þá ráð fyrir því, að keyptir yrðu enn þá fleiri togarar samkv. ákvæðum þessara laga en þessir átta, vil ég segja það, að það er að sjálfsögðu vel þegið, að sú n., sem mun athuga þetta mál, athugi það, en æskilegt væri, að hún kannaði málið með tilliti til þess, sem er nú að gerast í sambandi við endurnýjun togaraflotans í landinu. Það er kunnugt, að þegar hafa verið gerðar allmikilvægar ráðstafanir í þá átt að lyfta undir það, að togarafloti landsmanna verði endurnýjaður og efldur mjög verulega, og nú standa yfir samningagerðir allmargra aðila um þetta efni. Ég tel sjálfsagt, að um leið og að því er hugað, hvort rétt þyki að kaupa fleiri skip samkv. ákvæðum þessara laga, sem eru með nokkuð sérstökum hætti, þá sé fylgzt með því, hvað er að gerast almennt í togaraendurnýjunarmálum okkar. Ég vek athygli á því, að í þessum lögum, sem hér er fjallað um, eru ákvæði um það, að gert er ráð fyrir því, að sveitarfélög leggi fram ákveðinn stuðning við togarakaupin. Það hefur þegar sýnt sig, að þessi stuðningur sveitarfélaganna getur verið raunhæfur á vissum stöðum, en ekki öðrum, svo að það er enginn vafi á því, að hér er ekki um fullnægjandi lausn á þessum vanda að ræða að mínum dómi í öllum tilvikum, en ég tel sem sagt sjálfsagt að athuga þennan möguleika, hvort ekki sé fært að gera ráð fyrir kaupum á enn þá fleiri skipum en þetta frv. fjallar um eftir þessari leið, sem mörkuð er í frv.

Einnig getur að sjálfsögðu komið til greina að athuga um breytingar á frv. sjálfu, þannig að það næði þá yfir breiðara svið. Ég tek undir það, sem hv. þm. minntist hér á, að sú n., sem mun fjalla um frv., athugi þessa möguleika um leið og hún kynnir sér nýbyggingar togara almennt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 469, 470).

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Vorið 1970 setti Alþ. lög um kaup á sex skuttogurum og síðan hefur verið unnið að undirbúningi þeirra kaupa, en í ljós hefur komið, að áhugi var fyrir kaupum fleiri skipa af þeirri gerð, og því voru brbl. um, að togararnir ættu að verða átta. Hér er um að ræða staðfestingu þeirra, en það hefur komið í ljós síðan frv. var lagt fram, að fleiri hafa slík skipakaup í undirbúningi, þannig að nú er um að ræða 13 togara af því tagi, og hafa fjórir þeirra fimm, sem bætzt hafa við, þegar gengið frá sínum gögnum öllum, þannig að fullnægt er skilyrðum af þeirra hálfu, en ekki fyllilega hjá hinum fimmta. En n. hefur samt sem áður fallizt á það eða leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu þó, að í staðinn fyrir „allt að sex" komi: allt að þrettán. Heimildin nái til þess. Ég held, að þetta sé svo kunnugt mál, að ekki sé ástæða til þess að fjölyrða hér frekar um það á þessu stigi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um það, hvort búið væri að taka ákvörðun um, hvaða kaupendur væru hér á ferðinni og hvernig þessum 13 eða allt að 13 skuttogurum mundi verða ráðstafað.

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Það voru átta togarar, sem um var að ræða, þegar brbl. voru gefin út. Gert var ráð fyrir, að tveir kæmu til útgerðarfyrirtækis Sverris Hermannssonar, Bæjarútgerð Reykjavíkur fengi tvo, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar einn og Útgerðarfélag Akureyringa tvo, en einum væri óráðstafað og mér er ekki kunnugt um, að fyllilega hafi verið gengið frá því enn, hjá hverjum hann lenti. En hinir fimm, sem við hafa bætzt síðan, eru Einar Sigurðsson útgerðarmaður og Ingvar Vilhjálmsson, sem báðir munu gera út frá Reykjavík, en útgerðarfyrirtæki Sturlaugs Böðvarssonar og Víkings á Akranesi munu standa saman að einum og Stefán Pétursson á Húsavík fá þann fjórða, en sá fimmti, sem ekki hefur fyllilega verið gengið frá að formi til, er Aðalsteinn Loftsson á Dalvík.

ATKVGR.
Brtt. 470,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 470,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 478).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það frv. ríkisstj. um kaup á 13 miðlungsstórum skuttogurum, sem hér liggur fyrir til 1. umr. í hv. d., varðar bæði stefnu okkar í sjávarútvegsmálum og ekki síður stefnu ríkisstj. í málum skipasmíðaiðnaðarins. Ég vil gera nokkrar aths. um hvort tveggja, einkum þó þá hlið málsins, sem varðar svonefnda endurnýjun togaraflotans og skipasmíðaiðnaðinn í landinu.

Öllum hv. þdm. er í fersku minni, að síldveiðar réðu svo gersamlega stefnunni í fiskveiðimálum okkar fyrir 1967, að þá datt engum í hug að láta smíða skip eingöngu til þorskveiða og meira að segja varð stundum að leggja togurum vegna þess fyrst og fremst, að þeir gátu ekki keppt við síldveiðarnar um kaup og kjör sjómanna, þrátt fyrir ýmsar jöfnunarráðstafanir milli þessara útgerðarþátta. Eftir hvarf síldarinnar var síldveiðiflotanum breytt meira eða minna í togskip, þótt sum þeirra væru bæði óhagkvæm að stærð og gerð fyrir marga útgerðarstaði úti um land, og á árinu 1967 fóru menn alvarlega að hugleiða nauðsyn endurnýjunar togaraflotans. Á vegum Norðurlandsáætlunar var þá m. a. unnið að sérstakri athugun á því, hvaða stærð og gerð togskipa mundi henta bezt frá útgerðarstöðum á Norðurlandi. Við þessa athugun var stuðzt við nýjustu tölvutækni og tölfræðilegar upplýsingar, sem við eigum einstæðar um aflabrögð íslenzku togaranna á undangengnum árum. Slíkar vísindalegar vinnuaðferðir við ákvörðun hentugra skipa eru nú orðnar algengar meðal erlendra fiskveiðiþjóða. Því miður var áðurnefndri athugun ekki að fullu lokið af ástæðum, sem hér yrði of langt mál að rekja, en bráðabirgðaniðurstöður sýndu, að 400–500 lesta skuttogarar mundu henta bezt, hafa hagstæðasta rekstrarútkomu, ef miðað var við, að nær öllum afla yrði landað á Norðurlandi. Þessi athugun var gerð í samráði við nokkra útgerðaraðila, og þrjú útgerðarfyrirtæki á Norður- og Austurlandi fóru þegar á árinu 1969 að leita fyrir sér um smíði á slíkum skipum og fengu bæði tilboð erlendis frá og frá íslenzkum skipasmíðastöðvum. Hugmynd stjórnvalda var sú að greiða sérstaklega fyrir smíði þessara skipa í landinu. Málalyktir urðu þó þær, að áðurgreindir aðilar hættu við þessi áform sín.

Ástæðurnar fyrir þessu voru að mínum dómi þrjár. Í fyrsta lagi lagði togaranefnd ríkisins kapp á, að ríkisvaldið styddi sérstaklega smíði þúsund lesta skuttogara, sem gert var með sérstöku 15% framlagi frá ríkissjóði og viðkomandi sveitarsjóði eins og kunnugt er og frv. liggur hér fyrir um. Útilokað var fyrir minni sveitarfélög að hlíta þeim skilmálum. Þá hafði þessi ráðstöfun mikil áhrif á afstöðu sjómanna og útgerðaraðila um það, hvað skyldi teljast nýtízku togari. Flestum þótti lítið til 400–500 lesta skipa koma, enda þótt athuganir á

hagkvæmni þeirra fyrir innlenda hráefnisöflun sýndu, að þeir voru hagstæðari skip. Sem betur fór réðust þó nokkrir aðilar í minni sveitarfélögum fyrir norðan og austan í að kaupa miðlungsstóra skuttogara notaða erlendis frá. Reynslan af þeim hefur verið mjög góð, eins og kunnugt er, og átti það drýgstan þátt í því, að nú er mikil eftirspurn eftir hliðstæðum skipum víðs vegar um landið, en þó alveg sérstaklega á stöðum norðan- og austanlands, sem hafa þá sérstöðu að þurfa að hafa skip með mikla sóknargetu, ef nýta á aðstöðu og mannvirki, sem í hefur verið ráðizt á þessum stöðum, og þeir eiga að haldast í byggð.

Þá er ég kominn að kjarna þess atriðis, sem ég vildi minna hér á og menn hafa gjarnan nefnt endurnýjun togaraflotans. Við erum í raun alls ekki að endurnýja togaraflotann, það er mjög villandi hugtak. Við erum að fara inn á þá braut að umþótta víðs vegar um landið frá síldveiðum og yfir í þorskútgerð. Ef við hefðum byggt nokkra þúsund lesta togara fyrir þá staði, sem áður stunduðu togaraútgerð, hefðum við verið að endurnýja togaraflotann. En nú erum við að láta smíða fjöldann allan af þorskveiðiskipum í stað síldveiðibátanna, sem víða eru nú úreltir og óhentugir sakir nýrra viðhorfa. Hér er því um að ræða breyttra stefnu í sjávarútvegsmálum, sem er afleiðing breyttra aðstæðna, en ekki orðin til fyrir tilstilli stjórnvalda, hvorki fyrrv. né núverandi. Breytta stefnu, sem ég hygg lífsnauðsyn að framkvæma, þótt auðvitað sé ekki sama, hvernig að verður staðið. Ástæðan til þess, að ég legg áherzlu á þetta við þessar umr., er fyrst og fremst sú, að í mínum huga vekur þetta spurningar um það, hvernig stjórnvöld hyggjast standa að því að auðvelda þessa umþóttun, sníða af henni þá agnúa, sem á því eru augljósir að söðla um með svo snöggum hætti. Og síðast en ekki sízt: Hvaða ráðstafanir hyggjast stjórnvöld gera til þess að hluti þessara skipa verði smíðaður í landinu með tilliti til þess, að allar líkur eru á, að uppistaðan í íslenzkum fiskiskipaflota verði á næstunni slík skip?

Ég ætla einungis að ræða hér síðustu spurninguna. Flestum hv. þm. mun vera kunnugt, að samningar standa nú yfir við erlenda aðila um smíði á flestum eða öllum þessum skipum. Mikið er af því látið, að verð þessara aðila sé margfalt lægra en íslenzkra skipasmíðastöðva. Í þessu er fólginn mikill misskilningur og ýkjur, svo að ekki sé meira sagt. Eini skuttogarinn, sem hér er í smíðum af sambærilegri stærð og miðlungsskuttogarar þeir, sem nú er mjög sótzt eftir, er á mjög hliðstæðu verði. Þetta gerist þrátt fyrir að samkeppnislönd okkar, Pólland og Spánn eða Japan, búa við gerólík hagkerfi, einkum þó hin fyrrnefndu. Vinnuafl er þar ódýrt og ríkissjóðir þessara landa greiða beint og óbeint niður skipasmíðarnar. Okkur Íslendingum ætti að vera ljóst, að við byggjum aldrei upp skipasmíðaiðnað í landi okkar, ef sá ungi og lítt reyndi iðnaður á að keppa án gagnráðstafana af hálfu íslenzkra stjórnvalda við slíka aðila. Ég hlýt að lýsa áhyggjum mínum yfir vinnubrögðum íslenzkra stjórnvalda í þessum efnum. Svo sem kunnugt er af fréttum, hefur stofnunin nýja haft þau afskipti af skipasmíðum á Akureyri, að hún hefur óskað þess, að Slippstöðin hætti við smíði tveggja þúsund lesta skuttogara, sem fyrrv. ríkisstj. samdi um við stöðina, en að smíðaðir verði í staðinn nokkru minni togarar. Stjórn stöðvarinnar hefur tekið þessari málaleitun vel og hefur stungið upp á leið til þess að framselja samninga um smíði þúsund lesta togaranna. En þá bregður svo við, að engin leið er að fá svör um það, hvort ríkisvaldið hyggist beita sér fyrir því, að stöðin fái að byggja minni togarana, 3–4, eins og minnzt var á í tilmælum stofnunarinnar. Mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi með einum eða öðrum hætti látið kanna, hvaða brögðum Pólverjar, Spánverjar eða Japanir beita okkur í samkeppni um smíði á þessum skipum. Mér er ekki heldur kunnugt um, að ríkisstj. hafi látið kanna, hvaða afleiðingar ýmsar ráðstafanir hennar, svo sem í skattamálum, hafi haft á samkeppnishæfni íslenzks skipasmíðaiðnaðar eða t. d. vinnutímastyttingin ein, sem talin er hafa í för með sér 5–6 millj. kr. hækkun á einum skuttogara, sem byggður yrði innanlands, frá því sem áður var. Ég hlýt því að spyrja, þó að hæstv. ráðh. séu allir svo önnum kafnir, að þeir hafi ekki tíma til þess að sækja fundi þessarar hv. d., þá hlýt ég að spyrja, og það gæti einhver kannske komið því til þeirra: Er ríkisstj. ljóst, að miklar líkur eru á því, að miðlungsstórir skuttogarar verði uppistaðan í íslenzkum fiskiskipaflota á næstu árum? Ætlar hún eða ætlar hún ekki að stuðla að því, að nokkur hluti þess flota verði frá byrjun smíðaður hér á landi, svo að reynsla fáist í skipasmíðum á þessu sviði? Hvaða ráðstafanir hyggst hún gera til þess?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mikla mál, ekki til þess að orðfæra sérstaklega það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi í sinni ræðu um það, sem snertir skipabyggingar innanlands, heldur til þess að rifja upp og minna á það framtak, sem hafizt var handa um af hálfu hæstv. fyrrv. ríkisstj.

Það er svo að heyra víða og víðast, að menn standi í þeirri meiningu, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi haft frumkvæði um þessa nýsköpun í sjávarútvegi, sem skuttogararnir vitanlega eru. Þetta er hinn mesti misskilningur, því að af hálfu fyrrv. ríkisstj. var tekin ákvörðun um byggingu hvorki meira né minna en 17 skuttogara, átta stórra skipa; tveggja í Póllandi, fjögurra á Spáni og tveggja á Akureyri, – þó að e. t. v. verði breyting á því nú, þá skiptir það ekki höfuðmáli, – fimm í Noregi fyrir Vestfirðinga, tveggja fyrir Siglufjörð, þar af annað byggt hér innan lands, og síðan gerði hún Austfirðingum kleift að kaupa tvö skuttogskip í Neskaupstað og Hólmatind á Eskifirði. Þetta var fyrir frumkvæði fyrrv. ríkisstj. og á það vildi ég leggja áherzlu og til þess er erindi mitt í ræðustólinn nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, n. 550).

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 550 segir, að n. samþykki frv. með þeirri breytingu, sem gerð var í Ed. Sú breyting var fólgin í því, að í stað tölunnar sex komi talan 13. Fjarstaddur afgreiðsluna var Stefán Gunnlaugsson. N. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 550, undirritaði ég nál. Ég hreyfði því í n., hvort ekki væri eðlilegt, að áður en n. afgreiddi málið frá sér yrði reynt að fá frá rn. upplýsingar um áætlun, sem kynni að hafa verið gerð um væntanlegan rekstur þessara skipa. Það liggur alveg ljóst fyrir, að Alþ. þarf nú og á næstunni að veita verulega fyrirgreiðslu eða veita viðkomandi rn. heimild til verulegrar fyrirgreiðslu í sambandi við skuttogaramálið í heild, ef svo má segja, en ég hygg, að það kunni að skipta kannske milljörðum, sem þarna er um að tefla. Þetta eru mjög stórvirk og án efa mjög þýðingarmikil atvinnutæki í framtíðinni, og verður maður að vona, að þau beri þann árangur og skili bæði eigendum og þjóðarbúinu þeim arði, sem við vonum að verði. Ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. sjútvrh., að hann við 3. umr. gerði ráðstafanir til þess, að fram kæmi hér á Alþ. grg. eða áætlun um rekstur skuttogara af hinum ýmsu stærðum. Ég hef séð grg. um stærri gerð þessara skipa, 811 tonna skipanna, en hún er það gömul, 3–4 ára gömul, að ekki verður á henni byggt. Það er vitað, að Landssamband ísl. útvegsmanna gerði rekstraráætlun um afkomu minni skipanna. Sú rekstraráætlun var nokkuð rædd opinberlega, og skilst mér, að þar hafi kannske hverjum sýnzt sitt. En ég mundi telja mjög eðlilegt, þar sem hér er um geysilega mikilvægt mál að ræða og þar sem ríkissjóður sjáanlega þarf á ýmsan veg að veita stórkostlegar ábyrgðir, jafnvel milljarða, eins og ég sagði áðan, að þá kæmi ráðh., áður en málið er endanlega afgreitt út úr Alþ., með upplýsingar um það, hvernig fróðustu menn telja, að afkoma þessara stórvirku atvinnutækja muni verða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 608).

27. Verzlunaratvinna.

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1968, um verzlunaratvinnu [106. mál] (stjfrv., A. 127).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um lítið mál að ræða. Gert er ráð fyrir einni minni háttar breytingu á gildandi lögum um verzlunaratvinnu. Lagt er til, að greinilega sé tekið fram í lögunum, að ráðh. hafi heimild til þess að veita einstökum aðilum verzlunarleyfi, án þess að þeir uppfylli öll þau meginskilyrði, sem gengið er þó út frá í lögunum að eigi að vera til staðar, þegar um leyfi til verzlunaratvinnu er að ræða.

Í eldri lögunum voru slík heimildarákvæði, en þau, sem eru í lögunum eins og þau eru nú, þykja ekki nægilega skýr í þessum efnum. Það hefur sem sé komið í ljós, eins og segir í grg. frv., en þar segir m. a.:

„Í ljós hefur komið við framkvæmd laganna, að erfitt er að veita ýmsum aðilum verzlunarleyfi, sem eðlilegt er að eigi kost á leyfi til verzlunar. Er því lagt til, að núgildandi heimild verði rýmkuð, þannig að ráðh. geti veitt undanþágu frá skilyrðum 3. tölul. 4. gr., þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Er hér t. d. átt við iðnaðarmenn, sem verzla oft með vörur í sinni sérgrein, en hafa sjaldan verzlunarskólapróf. Svo má og nefna ýmsar sérverzlanir svo sem hannyrðaverzlanir, söluturna, smærri verzlanir o. s. frv. Virðist of strangt að gera þá kröfu, að allir, sem slíka verzlun vilja reka, hafi verzlunarskólapróf eða jafngilda menntun eða þá hafi starfað við verzlun um þriggja ára skeið. Á hinn bóginn hafa slíkir umsækjendur oft sérþekkingu á takmörkuðu sviði t. d. hannyrðakennari á hannyrðavörum o. s. frv."

Bent er einnig á, að þetta sé í fullu samræmi við þá grg., sem fylgdi frv. til l. um verzlunaratvinnu, þeim lögum, sem nú gilda, en í þeirri grg. stóð, að það væri skoðun þeirrar nefndar, sem undirbjó þá löggjöf, að hún teldi æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki væru eins frjáls að því að geta stundað verzlun og frekast væri kostur.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það hefur sem sagt komið í ljós, að alveg óhjákvæmilegt þykir, að í lögum séu skýr fyrirmæli um það, að ráðh. geti vikið frá þessum meginatriðum varðandi kröfur um menntun til verzlunaratvinnu og veitt heimildir, þegar sérstaklega stendur á. Ég vænti þess, að þetta fáist samþ., legg svo til, að að lokinni þessari umr. gangi málið til allshn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 408).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. um verzlunaratvinnu, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er stjfrv. Efni þess er, að ráðh. geti veitt undanþágu frá ákveðnum menntunarskilyrðum í lögunum, til þess að leyfi verði veitt til verzlunaratvinnu, ef sérstaklega stendur á að mati ráðh.

N. hefur athugað þetta litla frv. og þykir rétt að mæla með því, að það verði samþykkt. Ég vil láta nokkur orð fylgja almennt um þessi mál.

Það er kunnugt, að lög frá 1968 um verzlunaratvinnu geyma býsna ströng ákvæði um menntunarskilyrði til

að fá verzlunarleyfi, miðað við það, sem áður hafði gilt. Hin gömlu lög voru ekki svo ströng, og kannske er það eðlilegt miðað við þá tíma, þegar þau lög voru sett. Það hefur verið bent á það af ýmsum, að víða úti um land hagi þannig til, að skortur sé á verzlunarþjónustu í ýmsum sérgreinum og kannske jafnvel hér í þéttbýlinu og víðar, t. d. í iðnaði, þar sem iðnaðarmenn sjálfir vinna að framleiðslu á varningi, sem þeir hefðu beztu aðstöðu til að selja og væri mjög til hægri verka bæði fyrir þá og eins fyrir þá, sem á slíkri þjónustu þyrftu að halda. Nú er þess að geta, að í þessum lögum frá 1968 um verzlunaratvinnu er gert ráð fyrir því, að námskeið í þessu efni verði haldin af og til fyrir þá, sem ætla sér að stunda verzlun. Slík námskeið hafa ekki enn þá verið haldin, svo að vitað sé, og í hinu almenna skólakerfi og eins í iðnskólum er alls ekki um neina kennslu að ræða, að því er ég bezt veit í þessum fræðum, verzlunarfræðum. En í lögunum er yfirleitt gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að sá, sem ætlar sér að reka verzlun, verði að hafa lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðamönnum. Og einnig getur sá fengið verzlunarleyfi, sem hefur starfað um þriggja ára skeið við verzlun og síðan tekið próf eftir námskeið í verzlunarfræðum. Þetta eru nokkuð ströng skilyrði og þetta frv., sem hér er til umr., hnígur í þá átt að slaka svolítið á þessum þröngu skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á að mati ráðherra.

Nú hafa ýmsir sízt af öllu viljað slaka á menntunarskilyrðum verzlunarmanna að þessu leyti og telja það til lítilþægni, ef slakað er á, heldur eigi fremur að herða á menntunarskilyrðum. Og þá er líka tekið fram af sumra hálfu, að það sé ekki alveg víst fyrir fram, að ráðh. fari svo með slíka heimild sem bezt þætti á fara. Nú verður að geta þess, að í þessari grein, sem vitnað er í um menntunarskilyrði, er einmitt getið um það, að ráðh. hafi ýmsa aðstöðu til að veita undanþágur og meta a. m. k. ýmiss konar skilyrði, sem þar eru greind. Við í n. höfum ekki álitið, að það væri varhugavert, að ráðh. hefði þessa aðstöðu að geta vikið frá þessum ströngu skilyrðum, ef, eins og segir í lagafrv., sérstaklega stendur á.

Við höfum leitað umsagnar tveggja aðila, annars vegar Sambands ísl. samvinnufélaga og hins vegar Verzlunarráðs Íslands, og þeir eru a. m. k. ekki hvetjandi þess, að þetta frv. verði samþykkt, en taka þó ekki alveg af skarið. Í bréfi Verzlunarráðsins er m. a. vakin athygli á því, að nauðsynlega þurfi að setja reglur um þessi námskeið, sem rætt er um í lögunum, og eins reglur um það, hvernig eigi að haga verzlunarfræðslu í hinu almenna skólakerfi og iðnskólum landsins, og haga þá um leið menntunarskilyrðum eftir aðstæðum, svo sem eftir eðli, stærð og staðsetningu verzlunarrekstrar þess, sem koma á á fót. Raunar er þetta álit Verzlunarráðs Íslands mjög athyglisvert, og við í n. vildum einmitt benda á þetta, að það yrði gengið til þess að setja reglur, sem að þessu lúta, og vissulega er menntunarástand í þessum efnum þannig í okkar landi, að það má teljast sjálfsagt sæmilegt og fer þó heldur vaxandi aðstaða manna, sem vilja leggja stund á verzlun, til að öðlast þá menntun, sem nauðsynleg er.

En að öllu þessu virtu, eins og ég sagði áður, þá hefur n. lagt til, að þetta frv. verði samþykkt eins og það er á þskj. 127.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 13., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 58., 59. og 61. fundi í Nd., 10., 12. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 127, n. 507 og 509, 510).

Frsm. meiri hl. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu. Hún hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n., hv. 9. landsk. þm., gerir brtt. Frv. er um það, að ráðh. geti veitt undanþágu frá þekkingar- og menntunarskilyrðum, sem gildandi lög setja um veitingu verzlunarleyfa. Minni hl. n. vill, að settar séu vissar skorður við slíkum undanþáguveitingum. Meiri hl. telur, að verði brtt. hv. 9. landsk. þm. samþykkt, náist ekki að fullu fram það, sem að er stefnt með flutningi frv., svo sem ég mun nánar gera grein fyrir hér á eftir.

Með setningu laga um verzlunaratvinnu, nr. 41 frá 2. maí 1968, er krafizt strangra menntunarskilyrða miðað við það, sem áður var, þegar verzlunarleyfi eru veitt. Viðkomandi verður að hafa lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðh., eða hlotið aðra menntun, sem ráðh. metur jafngilda. Það má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstök námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðh. viðurkennir, og hefur lokið þaðan prófi. Slík verzlunarnámskeið hafa ekki verið haldin til þessa, og meðan ekki er völ á slíkum námskeiðum má þó veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi til að bera þá þekkingu, sem talin er nauðsynleg til verzlunarreksturs.

Þá verður sá, sem rétt á á verzlunarleyfi, að vera fjárráða og samkv. lögum frá 1968 einnig að hafa ís-

lenzkt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Varðandi þetta síðasta atriði, ríkisfang og heimilisfestu, var gerð breyting á árinu 1970 í sambandi við aðild Íslands að EFTA, þannig að ráðh. var veitt heimild til að víkja frá því skilyrði. Og enn fremur er ráðh. heimilað að víkja frá þeim kröfum, sem félögum og stofnunum eru sett samkv. 5. gr. laganna frá 1968. Var það einnig talið nauðsynlegt vegna EFTA-aðildarinnar. Það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna, að ekki reynist unnt að veita verzlunarleyfi ýmsum þeim, sem sjálfsagt verður að telja að geti átt kost á leyfi til verzlunarreksturs. Má þar til nefna t. d. iðnaðarmenn í strjálbýli, sem sjaldan hafa verzlunarskólapróf, verzlunarstarfsemi í sambandi við olíu- og benzínsölu í strjálbýli, rekstur hannyrðaverzlana og ýmsa aðra verzlunarþjónustu í strjálbýli samhliða öðrum atvinnurekstri. Nefnd sú, sem samdi frv. að l. um verzlunaratvinnu frá 1968, var skipuð fulltrúum samkv. tilnefningu Félags ísl. stórkaupmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Neytendasamtakanna og Kaupmannasamtaka Íslands. Það er fróðlegt að lesa aths. með þessu frv., en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin er á einu máli um, að þau markmið, sem stefna ber að við setningu laga um verzlunaratvinnu, séu þessi: 1. Að borgarar eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma. 2. Að tryggja, að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar, ekki hvað sízt gagnvart samfélaginu í heild. 3. Að tryggja, að verzlun sem atvinnugrein geti þrifizt í landinu.

Nefndin gerir sér ljóst, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög um verzlunaratvinnu voru sett, hefur átt sér stað mjög greinileg þróun í þá átt að veita einstökum hópum manna einkarétt eða forgangsrétt til ákveðinnar tegundar vinnu. Þannig hafa iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum einkarétt til að selja iðnaðarvinnu af því tagi, vélstjórar hafa forgangsrétt að slíkum störfum og sama máli gegnir um skipstjórnarmenn, matsveina, leigubifreiðarstjóra, vörubifreiðarstjóra o. s. frv. Nefndin telur, að sú þróun, sem hér um ræðir, miðist um of við hagsmuni þeirra aðila, sem sérréttindi eignast, og jafnframt hafi hagsmunir þeirra aðila, sem áttu að njóta starfa eða þjónustu þessara starfsstétta, verið fyrir borð bornir.

Nefndin telur því ekki æskilegt, með hliðsjón af þeim markmiðum, sem sett hafa verið hér að framan, að rétturinn til að stunda verzlun verði gerður að neins konar sérréttindum. Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur, svo framarlega sem tryggt sé eins og kostur er, að verzlunin fullnægi skyldum sínum gagnvart borgurunum og samfélaginu. Nefndinni er enn fremur ljóst, að ýmis mjög sérstök vandamál rísa í sambandi við verzlun í strjálbýli."

Þannig hljóða þessi orð. Með hliðsjón af þessu get ég ekki betur séð en þetta frv., sem hér er á dagskrá, sé í anda þeirra orða, sem ég hef lesið hér upp úr grg. þeirra, sem sömdu frv. að l. frá 1968. Þó er það nú svo, að þrátt fyrir þessar yfirlýsingar þeirra, sem unnu að samningu þessa umrædda frv. að l. frá 1968, um að eitt meginmarkmið þess væri að gera verzlunina sem frjálsasta, varð sú reyndin á, að skilyrðin um þekkingu og menntun voru gerð mun strangari en verið hafði í eldri lögum og eftir að lögin frá 1968 um verzlunaratvinnuna, sem hér eru gerð að umtalsefni, gengu í gildi, hefur verið vísað til viðskrn. ýmsum og mjög sundurleitum beiðnum um veitingu verzlunarleyfa, sem viðkomandi lögreglustjóri eða borgarfógeti í Reykjavík hafa ekki treyst sér til að verða við. Reyndin hefur einnig orðið sú hvað viðskrn. áhrærir, að sjaldnast hefur verið unnt að veita verzlunarleyfi í þeim tilvikum vegna hinna ströngu þekkingarskilyrða, þótt oft hafi verið mjög ósanngjarnt og óeðlilegt og algjörlega andstætt sjónarmiðum góðrar verzlunarþjónusutu að synja umsækjendum um leyfi. Ef þetta frv., sem hér er til umr., nær fram að ganga, en með því er ætlunin að veita ráðh. heimild til að veita undanþágu frá þekkingarskilyrðum 3. tölul. 4. gr. laga nr. 41 frá 1968, þegar sérstaklega stendur á, er áformað af hálfu embættismanna viðkomandi rn., að gangur mála varðandi undanþágur verði í þá átt, að umsækjendur, sem undanþágu æskja að njóta, snúi sér ávallt til lögreglustjóra eða borgarfógetans í Reykjavík með umsóknir sínar, en aldrei milliliðalaust til viðskrn. Lögreglustjórinn bendi umsækjendum á að afla þeirra gagna, sem kostur er á og máli skipta í þessum efnum, og má þar til nefna sérstaklega, í fyrsta lagi prófskírteini eða afrit þeirra, í öðru lagi vottorð um störf við verzlun og í þriðja lagi meðmæli um hæfni umsækjenda til að reka verzlun og ummæli um nauðsyn þeirrar verzlunarþjónustu, sem skapast með hinum fyrirhugaða verzlunarrekstri. Það er talið eðlilegast, að lögreglustjórar sjálfir og/eða viðkomandi sveitarstjórnir láti í té meðmæli og umsagnir þessar, enda eru slíkir aðilar sem staðbundin yfirvöld hæfust til þess. Þegar áður greindra gagna hefur verið aflað, senda lögreglustjórarnir þau til viðskrn. til ákvörðunar. Þetta er sem sagt sá framgangsmáti, sem embættismenn í viðskrn. hugsa sér að viðhafður verði í sambandi við undanþáguheimildir, ef þetta frv., sem hér er til umr. verður að lögum. Þetta frv. miðar þannig að því að koma í veg fyrir leyfissynjanir, þegar eðlisrök og sanngirni mæla með leyfisveitingum. Þar sem hér er um að ræða undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt, tel ég fyrir mitt leyti, að ráðh. hafi alls ekki ótakmarkað vald til undanþáguveitinga. Lög með þessari undanþáguheimild eru a. m. k. ekki grundvöllur slíks valds að áliti lögfræðinga, sem vel eru heima í þessum málum.

Ég fyrir mitt leyti er að vísu þeirrar skoðunar, að heppilegast sé, ef unnt væri, að breyta lögunum á þann veg, að hægt yrði að komast hjá því, að ráðh. hefði vald til undanþáguveitinga. Ef slíkt að sjálfsögðu hið æskilegasta í allri lagasetningu. En því miður er því ekki að heilsa, að svo geti ávallt verið og alls ekki undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir. Ef farið verður inn á þá braut að tilgreina í lögum eða í reglugerð þau tilvik, þar sem undanþágu er unnt að fá, eins og minni hl. allshn. leggur til með brtt. sinni er hætt við, að vandræðin verði ekki leyst, þar sem um er að ræða svo sundurleit og margbreytileg tilvik, að ógerlegt er að telja þau svo tæmandi sé. Fljótlega munu koma á daginn tilvik, sem ekki eru talin upp og því ekki undanþáguhæf, en sem eðlilegt er þó að njóti undanþágu. Slíkri beiðni yrði því að hafna, og situr þá allt í sama farinu. Er þetta álit embættismanna í viðskrn., sem hafa

þessi mál með höndum. Einnig má benda á það, að verði valinn sá kostur að telja upp þau tilvik, þar sem unnt er að veita undanþágu frá þekkingarskilyrðinu í 3. tölul. 4. gr. laganna frá 1968, er ekki loku fyrir það skotið, að ýmsir sjái möguleika til að afla sér verzlunarleyfis, sem ella hefðu ekki hugleitt að hefjast handa í þeim efnum. Kynni e. t. v. svo að fara, að slík tæmandi talning yrði því fremur til að fjölga undanþágum en hitt.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur meiri hl. allshn. ekki getað fallizt á brtt. hv. 9. landsk. þm. og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. allshn. hefur getið um, þá kom upp ágreiningur í n. vegna þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar vil ég byrja á því að láta í ljós undrun mína á þeirri yfirlýsingu frsm. meiri hl., sem er á þá leið, að meiri hl. n. hafi ekki getað samþ. brtt. mína, því að sú brtt. sá ekki dagsins ljós fyrr en meiri hl. var búinn að skila sínu áliti raunverulega og lýsa því yfir, að hann væri ekki til viðtals um eina eða neina breytingu. Það var vegna þess, að ekki tókst að vekja upp slíkar umr. og fá samkomulag um eina eða aðra breytingu, sem ég í n. áskildi mér rétt til að lýsa sérskoðunum mínum í þessu máli og leggja fram brtt., sem ég hef nú gert.

Hér er ekki um að ræða stórmál, en þó mál þess eðlis, að ekki er hægt að afgreiða það frá hinu háa Alþ., án þess að það sé skoðað og menn taki afstöðu til þess eftir beztu samvizku. Frv. gerir ráð fyrir því, að ráðh. geti veitt undanþágur frá skilyrðum frv. um leyfi til verzlunaratvinnu, þegar sérstaklega stendur á að hans mati, og fyrir mitt leyti tel ég þetta frv. óaðgengilegt, vegna þess að það er sett undanþága inn í löggjöfina án nokkurs fyrirvara og að því er virðist án þess að nokkrar skorður séu fyrir því eða almennar reglur um, hvenær ráðh. geti veitt þessar undanþágur og hvenær ekki.

Lög um verzlunaratvinnu voru orðin allgömul eða frá 1929, og á miðjum síðasta áratug hófust umr. um nauðsyn á því að breyta þessum lögum. Til þess var skipuð nefnd, eins og frsm. meiri hl. allshn. hefur skýrt frá, og út úr þeim athugunum kom svo frv., sem í aðalatriðum var samþ. og nú eru lög nr. 41 frá 1968, um verzlunaratvinnu. Þessi lög eru ítarlega samin og að því er virðist vandlega undirbúin. Þar hafa menn velt fyrir sér ýmsum hliðum þessa máls og m. a. kemur fram í grg. með því frv., að nefndin hefur einmitt gert sér grein fyrir því vandamáli, sem liggur að baki því, að þetta frv., sem nú er lagt fram, er flutt, því vandamáli, sem skapast gjarnan og þá helzt um hinar dreifðu byggðir, þar sem einstaklingar eru að setja á stofn einhvers konar rekstur, þar sem verzlun er kannske ekki aðalmarkmið þessa reksturs, en er þó nauðsynleg, og þá eru þessir einstaklingar ekki búnir þeim hæfileikum eða þeim skilyrðum, sem lögin setja til þess að menn geti fengið verzlunarleyfi. Það segir í grg. frv., sem varð að lögum 1968, með leyfi forseta:

„Nefndinni er enn fremur ljóst, að ýmis mjög sérstök vandamál rísa í sambandi við verzlun í strjálbýli. Hefur nefndin í till. sínum leitazt við að gera ráðstafanir, sem veiti íbúum í strjálbýli eins góða verzlunarþjónustu og kostur er, jafnvel þótt samkeppnin um hylli kaupendanna geti ekki þróazt þar með sama hætti og gerist í þéttbýli."

Þarna kemur ljóst fram, að nefndin hefur einmitt gert ráð fyrir og hugleitt þetta vandamál, en engu að síður hefur hún lagt fram það frv., sem gert var, og frv. síðan samþ., eins og öllum er kunnugt.

Tilgangur nefndarinnar og tilgangur laganna var vissulega sá að gera verzlunarþjónustuna sem bezta á hverjum stað og á hverjum tíma, en ég leyfi mér að efast um, að bezta verzlunarþjónusta sé endilega fólgin í því að veita undanþágu um verzlunarrekstur til einstaklinga, sem hafa mjög takmarkaða þekkingu á verzlunarrekstri og kannske eru alls ekki hæfir til þess. Enn fremur vil ég vekja athygli á því, að eitt aðalmarkmið þessa frv. um verzlunaratvinnuna og laganna var að tryggja, að þeir aðilar, sem fást við verzlun, geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar, ekki hvað sízt gagnvart samfélaginu í heild. Og þar segir enn fremur í nál.:

„Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur, svo framarlega sem tryggt sé eins og kostur er, að verzlunin fullnægi skyldum sínum gagnvart borgurum og samfélaginu."

Þarna er náttúrlega sá fyrirvari settur um frjálsa verzlun, sem a. m. k. ég styð, að þá sé fullnægt almennum lágmarkskröfum, skilyrðum og skyldum um það, að verzlunarreksturinn tryggi borgurunum og samfélaginu sem bezta þjónustu. Mín skoðun er sú, að þegar búið er að setja lagabálk, samþykkja lagabálk um verzlunaratvinnu, ítarlegan lagabálk, þá sé það ekki verjandi nokkrum árum seinna að setja inn í þennan sama lagabálk ákvæði um það að veita undanþágu frá þeim skilyrðum, sem búið er að setja lög um. Eða til hvers er yfirleitt verið að setja lög, ef ekki á að setja almennar reglur fyrir fólk og fyrir samfélagið til þess að fara eftir? Og það er lítið vit í slíkri löggjöf, sem er upp á margar greinar, í þessu tilfelli er hér um löggjöf að ræða upp á 17 gr., og síðan kemur ákvæði, sem segir bara, að ef ráðh. metur svo, þá skal hann veita undanþágu frá lögum. Ég fellst vissulega á, að það geti skapazt þær kringumstæður, að nauðsynlegt sé að liðka til, og þess vegna hef ég sett þá skoðun fram, að jafnframt því sem ráðh. fái heimild til að gefa undanþágu, sé það háð einhverjum lágmarkskröfum, sem gera verður til viðkomandi aðila. Fram kemur í nál. með frv. frá 1968, að þróunin hafi verið sú í hinum ýmsu atvinnuvegum og sérsviðum að auka forgang og sérréttindi viðkomandi aðila. Nú skal ég engan dóm leggja á þessa þróun og má vel vera, að hún sé ekki heppileg, en þetta er staðreynd engu að síður og manni finnst þá ankannalegt, að á sama tíma sem þessi þróun er mjög áberandi og greinileg sé vikið frá henni á þessum vettvangi og gefin undanþága, sem nánast gefur allt saman frjálst.

Við höfum í þessu landi verzlunarskóla, þar sem við erum að reyna að ala upp ungt fólk til að hafa sérþekkingu á verzlunarstörfum, fjögurra ára skóla. Við höfum veitt vissa viðurkenningu á verzlunarmenntun og verzlunarfræðslu og ég held, að það þurfi að gera reyndar meira af því að viðurkenna verzlunarfræðin, en á meðan við erum að uppfræða fólk og viðurkennum það með því að reka sérstakan skóla og veita fjármagn til þessa skóla, þá verðum við líka að gera ráð

fyrir því, að það þurfi sérstaka menntun til þess að reka verzlun, og þá getum við ekki á sama tíma fallizt á að veita undanþágur til hvers og eins án nokkurra skilyrða eða fyrirvara um það, að maður hafi einhverja lágmarksþekkingu.

Frsm. meiri hl. allshn. taldi, að frv., eins og það liggur fyrir og meiri hl. er að mæla með, geri ekki ráð fyrir, að ótakmarkað megi veita undanþágur, og vitnar þar til mats einhverra lögfræðinga. Skal ég ekki draga úr ágæti minna kollega, en ég get þó ómögulega séð, hvernig hægt er að skilja þetta mjög svo skýlausa frv. öðruvísi en svo, að ráðh. hafi alveg ótakmarkaða heimild og ótakmarkað vald til þess að veita undanþágu að sínu eigin mati og til þess þurfi ekki að koma annað en hans eigið mat. Enginn fyrirvari annar en þar sem segir: „þegar sérstaklega stendur á". Og hvað er það „þegar sérstaklega stendur á", er það ekki mjög teygjanlegt hugtak og rúmt til orða tekið? Minn skilningur á þessu frv. er þvert á móti sá, að ráðh. hafi algjörlega ótakmarkað vald, ótakmarkað ráðrúm til þess að veita undanþágurnar. Ég leyfi mér líka að efast um, að með því að samþykkja þá hógværu brtt., sem ég flyt við þetta frv., þá fjölgi undanþágum. Ég get ekki skilið þann rökstuðning, því að ég held þvert á móti, að ef settar eru almennar reglur um nauðsynlega undirstöðumenntun viðkomandi einstaklings, sem sækir um undanþágu, í bókhaldi eða vörufræði eða allra þýðingarmestu lagafyrirmælum, sem gilda um verzlunarrekstur, þá ætti það ekki að stuðla að því að undanþágum fjölgaði.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er hér ekki um að ræða stórmál. Ég vildi láta þetta álit mitt koma í ljós með því að bera fram þessa brtt. og skila sérstöku áliti. Ég tel, að lögin um breyt. á 10. gr. laga um verzlunaratvinnu, sem samþ. voru hér 1970 í febrúar, séu alls ekki hliðstæð þeirri breyt., sem nú er verið að gera, því að þau voru samþ. af sérstökum ástæðum vegna EFTA-aðildar Íslands og eiga sér þá skýringu, og forsenda þeirra laga var því allt önnur en sú, sem hér vakir fyrir flutningsaðilum.

Brtt. gerir ráð fyrir því, að aftan við frv. komi svo hljóðandi málsgrein: „enda sé fullnægt lágmarksskilyrðum, sem nánar skulu ákveðin með reglugerð", þ. e. að ráðh. geti veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati, þegar fullnægt er lágmarksskilyrðum, sem nánar skuli ákveðin með reglugerð. Ég hefði haldið, að þetta væri hógvær till. og væri þess eðlis, að þd. gæti fallizt á hana.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hefur komið brtt. við þetta litla frv. á þskj. 510 frá hv. 9. landsk. þm., sem hér var að ljúka við að tala fyrir þeirri till. Hann leggur til, að bætt verði við aðalefnisgrein frv.: „enda sé fullnægt lágmarksskilyrðum, sem nánar skulu ákveðin með reglugerð". Ég er mótfallinn þessari till. og tel, að hún hafi afskaplega lítið gildi, nema hún sé þá aðeins til þess, úr því sem komið er, að tefja það, að þetta litla mál fái hér eðlilega afgreiðslu. Það er helzt að heyra á hv. flm., að honum þyki kannske of mikið fyrir ráðh. að ákveða það í hverju tilviki, hvort rétt sé að veita þá undanþágu, sem hér er um að ræða, en hins vegar gerir hann ráð fyrir því, að þessi sami ráðh. gefi út reglugerð með þessum skilyrðum. Það virðist því vera ósköp auðvelt fyrir þann ráðh., sem ætlar sér að koma einhverju fram, að breyta reglugerð, en þá skuli þetta standa í reglugerð, sem hann setur, hvaða undanþágur hér eigi að vera. Þegar þannig er litið á málið, þá sjá menn, að hér er í rauninni ekki um neina eðlisbreytingu að ræða.

En það er rétt að átta sig á því, hvað hér er raunverulega um að ræða í sambandi við þessar undanþágur. Hér er aðeins um það að ræða, hvort það skuli standa tvímælalaust í lögunum, að ráðh. geti, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu í sambandi við verzlunarréttindi, sem sagt frá þeim meginákvæðum laganna, sem gera að skyldu tiltekna lágmarksmenntun. Þau atriði, sem hér geta yfirleitt komið til mála, eru þau, að í vissum tilvikum á þetta sér stað, einkum með iðnaðarmenn, og þess vegna helzt víða úti á landi í litlum plássum, og þá þykir eðlilegt, að þeir hafi leyfi til þess að hafa með höndum minni háttar verzlunarstarfsemi, sem fylgir raunverulega þeirra starfi. Ég skal nefna hér dæmi af þeim tegundum, sem fyrir hafa legið. Það er t. d. skósmiður, sem hefur jafnvel um árabil haft leyfi til þess að selja eitthvað af skóm, gúmmístígvél eða eitthvað þess háttar, og það þykir ekki beinlínis ástæða til þess, að neita þessum iðnaðarmanni um leyfi til að hafa með höndum þessa minni háttar verzlun eða setja það sem skilyrði, að hann eigi að hafa próf úr verzlunarskóla. Þetta á sér stað í mjög mörgum tilvikum með aðra iðnaðarmenn, sem selja eitthvað lítils háttar af varningi, sem tilheyrir raunverulega þeirra iðnaðarstarfi. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að þann tíma, sem ég a. m. k. hef haft þetta á höndum, þá hefur mér ekki komið til hugar að veita undanþágu frá þessari aðalreglu, sem lög gera ráð fyrir, nema þegar um er að ræða minni háttar verzlunarstarfsemi t. d. af þessu tagi, sem ég hef lýst, og þegar full ástæða er til þess að leyfa manni með aðra eða minni menntun að hafa með höndum þannig hliðarverzlun eins og hér getur verið um að ræða. Ég held, að það geti verið mjög erfitt að tína upp í reglugerð þessi breytilegu atriði, sem hér getur verið um að ræða. Það hefur t. d. komið fyrir í minni tíð, að aðili, sem hefur úti á landi rekið lítið veitinga- og gistihús, hann vildi fá leyfi til að selja þar tiltekna hluti, en hann hafði ekki full réttindi til þess. Ekki samkv. ýtrustu ákvæðum þessara laga. Hér vakir því ekki fyrir þeim, sem standa að því af hálfu rn. að þetta frv. er flutt, að breyta í neinum grundvallaratriðum þeim meginreglum, sem eiga að gilda um veitingu verzlunarréttinda, heldur aðeins, að það liggi ótvírætt fyrir, að ráðh. geti, þegar sérstaklega stendur á, veitt leyfi til verzlunar, þar sem um er að ræða minni háttar verzlunarrekstur, t. d. af þessu tagi, sem ég hef lýst.

Á það er réttilega bent í grg. frv., að þegar sú löggjöf var sett, sem hér er verið að breyta, þá var sagt í grg. fyrir því frv., sem þar var flutt, að nefndin legði einmitt áherzlu á það, að það væri það æskilega, að einstaklingar og fyrirtæki hefðu sem frjálsasta möguleika og frjálsastar hendur til þess að stunda verzlunarrekstur í landinu. Það sýnist nú ekki nema full ástæða til þess að haga þessu svona. Ég get líka upplýst það, að svona undanþágur hafa verið veittar af ráðh. áður og þá talið, að það mætti lesa það út úr vissum ákvæðum laganna, enda hefur þetta verið framkvæmt um alllangan tíma, en ég er á þeirri skoðun, að rétt væri að hafa þetta alveg skýrt, að ráðh. hefði þá þennan möguleika í þess háttar

tilfellum, sem hér er verið að ræða um. Ég legg því eindregið til, að frv. nái fram að ganga, eins og Ed. hefur samþ. það, og það fái hér afgreiðslu sem fyrst, og er af þessum ástæðum á móti því að fara að setja skilyrði um atriði eins og þessi með útgáfu reglugerðar.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. finnst lítið til þessarar brtt. koma og skilur ekki tilgang hennar öðruvísi en þá til þess að tefja fyrir framgangi málsins. Ég á nú bágt með að skilja slíkan málflutning. Ég hafði haldið, að menn ættu hér að setja fram sínar skoðanir, og ef þeir hafa það álit, að það þurfi að breyta einhverju frv., þá að koma með brtt., og það hef ég gert núna. Fyrir mér vakir að sjálfsögðu ekki að vera að tefja fyrir einu eða neinu, heldur einfaldlega það, sem ég tel vera mitt hlutverk, að bæta svo um eins og mér sýnist bezt mega fara í hverju máli.

Ráðh. telur, að frv. geri ráð fyrir því, að viðkomandi ráðh. veiti undanþágur, þegar hann sjálfur metur svo, og þess vegna þurfi hann ekki að vera að búa til reglugerð, það sé „tautologia", – eða mér skildist helzt svo á ráðh., að hann héldi, að það hefði takmarkaða þýðingu að setja reglugerð, sem ráðh. ætti að setja sjálfur, þegar hann mæti þessa hluti hvort sem er. En ég hefði einmitt haldið, að það kæmi ráðh. betur einmitt að hafa einhverja reglugerð, einhverja almenna reglugerð um þau lágmarksskilyrði, sem ég tel, að þurfi að vera fyrir hendi. Og mér sýnist ekki betur en við séum sammála. Ef skilningur hæstv. ráðh. er sá, að hér eigi eingöngu að veita undanþágur í minni háttar verzlunarrekstri, þá erum við sammála um það. En það er einmitt það, sem ég er að reyna að leggja áherzlu á, að setja þarf reglur um það, til þess að taka af allan vafa, því að minn skilningur á þessu frv. er sá, og ég held, að hann sé réttur, að frv. veiti viðkomandi ráðh. heimild til alveg fortakslausrar undanþágu, bæði í meiri háttar og minni háttar verzlunarrekstri. Það er ekkert, sem mælir því í gegn. Og enda þótt hæstv. núv. viðskrh. hafi þennan skilning, þá er þetta frv. og þessi lög ekki sniðin eingöngu fyrir hans ráðherratíð, og ég ætla a. m. k. að vona, að hann verði ekki ráðh. um aldur og ævi, þannig að það koma nýir menn í þessar stöður, taka við ráðherradómi, og það má vel vera, að þeir hafi annan skilning á þessu ákvæði heldur en einmitt núv. ráðh. og þeir skilji ákvæðið öðruvísi og skilji það einmitt á þann veg, sem ég skil það, að þeir hafi heimild til þess að veita undanþágur, hvort sem um er að ræða minni háttar eða meiri háttar verzlun.

Ég vil taka fram, svo að það fari ekki á milli mála, að ég er ekki á móti því í sjálfu sér, að veittar séu undanþágur. Ég hef skilning á því, að undir vissum kringumstæðum, eins og í þeim dæmum, sem hæstv. ráðh. nefnir, þá þurfi að veita undanþágur, en ég held, að það sé heppilegt fyrir alla aðila, ráðh. jafnt sem þá, sem sækja um undanþágurnar, og hvað þá þessa atvinnugrein í heild sinni, að það séu sett einhver lágmarksskilyrði, sem geri kröfu til þeirra, sem reka verzlun. Ég held, að fólki, sem hyggst ganga út í verzlunarrekstur, jafnvel þótt það sé minni háttar verzlunarrekstur, því sé ekkert gert of viðamikið, þótt það gangi undir einhver lágmarksskilyrði, eins og t. d. það að hafa lágmarksþekkingu á bókhaldi eða sækja eitthvert námskeið í verzlunarfræðum o. s. frv. Ég hefði haldið, að það væri þessu fólki jafnvel til góðs og það mundi tryggja betri verzlunarþjónustu. Við verðum varir við það í þessu landi, að allt of oft eru ýmsir að fást við t. d. verzlun, sem hafa ekki nægilega mikla þekkingu og ráðvendni til að bera, sem veldur því, að þessi fyrirtæki fara yfir um með hörmulegum afleiðingum fyrir ýmsa aðra, sem við þau skipta. Og það stafar, held ég, allt of oft af því, að þessir aðilar, sem eru ábyrgir fyrir fyrirtækjunum, hafa of takmarkaða þekkingu á verzlunarrekstri, ætla sér um of og skilja ekki lögmál þessara fræða. Þess vegna er ég sannfærður um, að það þarf að hlúa betur að þessari atvinnugrein verzluninni til góða og samfélaginu í heild til góða, og þó að þetta frv. skipti ekki sköpum og þessi brtt. mín skipti heldur ekki sköpum, þá er ég þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé ekki spor í þá átt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 510 felld með 15:9 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 610).

---

28. Umferðarlög.

Á 31. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968 [153. mál] (stjfrv., A. 290).

Á 41. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Ed., 2. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. jan. s.l. Eru þau um breytingu á umferðarlögum. Sú breyting, sem þar er um að ræða, er þess efnis, að nokkur sjálfsábyrgð er lögð á bifreiðaeigendur, sem valda tjóni. Kemur sú efnisbreyting fram í 1. mgr. 1. gr., sem er um breyt. á 73. gr. umferðarlaganna, og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur viðurkennt vátryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkv. framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkv. 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækisins samkv. 1. mgr. 70. gr., ef

tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir."

Eins og vátryggingarfjárhæð ökutækja er ákveðin nú, ábyrgðartryggingin, þá svarar þessi prósenta, sem þarna er nefnd, til þess, að á bifreið geti þetta numið 7500 kr.

Í 3. mgr. 1. gr. er ákveðið eða segir, að bannað sé að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags. *Með þessari lagabreytingu, sem hér er gerð, er stefnt að* því að hamla á móti eða draga úr hinum alvarlegu og sífjölgandi umferðarslysum. Það þarf væntanlega ekki að hafa um það mörg orð hér, hve alvarleg umferðarslysin eru orðin. Það liggja ýmsar augljósar og að vísu skiljanlegar ástæður til fjölgunar umferðarslysa nú á síðustu tímum. Bifreiðum hefur fjölgað hér mjög mikið að undanförnu. Umferðin hefur því aukizt gífurlega. Vegum og götum er hins vegar ábótavant, eins og allir þekkja. Það verður einnig að játa, því miður, að umferðarmenning er hér ekki komin á það stig, sem æskilegt væri. En því miður verður líka að segja það eins og það er, að einn þáttur í umferðarslysum er sá, að ýmsir ökumenn sýna ekki þá gætni og tillitssemi í umferðinni, sem vera ætti. Má reyndar segja, að í því efni skorti á hjá gangandi vegfarendum einnig.

Alvarlegast af öllu í sambandi við þetta mál er þó ölvun við akstur, sem hér ber því miður allt of mikið á. Ölvaðir ökumenn eru auðvitað stórhættulegir sjálfum sér og öðrum. Því verður þannig ekki á móti mælt, að umferðarslysin eru mjög tíð og hefur farið fjölgandi. Þar eru auðvitað slys á mönnum tilfinnanlegust og sorglegust og vekja sjálfsagt oft og einatt mesta athygli, hvort sem þau hafa dauða eða örkuml í för með sér eða minni háttar meiðsl, og það tjón, sem af því leiðir, verður seint metið til fjár, þó að reynt sé að gera það. En beint fjártjón, beint eignatjón er einnig stórkostlegt.

Umferðarráð hefur gert ýmsar skýrslur um þessi efni. Þær skýrslur segja okkur t. d. það, að árið 1969 voru umferðarslys hér skráð 4883, en árið 1970 var talan komin upp í 5689. Tölur liggja ekki fyrir frá síðasta ári, en það má víst fullyrða, að sú tala verði talsvert hærri.

Þessar skýrslur, sem umferðarráð hefur gert og n. sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, getur að sjálfsögðu fengið aðgang að, eru fróðlegar á ýmsa lund. Þar eru t. d. slysin flokkuð eftir því, hvar þau gerast, nokkuð í stórum dráttum, t. d. hvort þau hafa átt sér stað í þéttbýli, sem kallað er, eða utan þéttbýlis. Það má segja, að niðurstaðan af því sé sú, að um 85% slysanna séu í þéttbýli, en svona 14—15% utan þéttbýlis. Þetta er þannig þessi tvö ár, sem ég minntist á, annað árið er 85% í þéttbýli og hitt árið 86%. Þessi stórkostlegu og mörgu umferðarslys, hvort sem þar er nú um að ræða árekstra eða annars konar umferðarslys, hafa auðvitað í för með sér mjög miklar skaðabótagreiðslur tryggingafélaganna. Og þær miklu skaðabótagreiðslur þeirra hafa svo haft í för með sér hækkuð iðgjöld, og það verður að segja það eins og það er, að það hefur æ ofan í æ að undanförnu orðið að hækka iðgjöld tryggingafélaganna í þessu sambandi. En þessi hækkuðu iðgjöld og tjónagreiðslur jafnast eða er þannig jafnað á fjöldann má segja að vissu leyti, og má því segja, að í raun og veru leggist tjónið að síðustu á allan almenning í landinu.

Eins og löggjöfin hefur verið, hafa bifreiðaeigendur ekki borið neina sjálfsábyrgð í sambandi við þessa skyldutryggingu eða ábyrgðartryggingu. Það hefur að vísu verið heimild til endurkröfu alveg samsvarandi og samhljóða eins og nú er í 2. mgr. 1. gr., þar sem vátryggingafélag hefur endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum. Þetta ákvæði var tekið inn í umferðarlögin á sínum tíma, en þá aðeins sem heimildarákvæði, en vitaskuld út frá nokkuð svipaðri hugsun og þetta frv., sem hér liggur fyrir. En þá þótti ekki rétt að fara lengra heldur en að þarna væri um heimild að ræða. Og skilyrði fyrir því, að til endurkröfu gæti komið, voru þau, að um ásetning eða stórkostlegt gáleysi væri að ræða.

Það er sérstök nefnd, sem fjallar um þessar endurgreiðslukröfur, úrskurðar um þær. Og þessi nefnd hefur gert greinargóða skýrslu um hvert ár, og liggja þannig fyrir upplýsingar um það, hve mikið hefur kveðið að þessum endurkröfum og hve mikið hefur verið tekið til greina. Ég verð að segja það eins og það er, að mér virðist, að tryggingafélögin hafi verið furðulega sparsöm á það að nota þessa heimild. Árið 1969 fékk þessi nefnd 66 mál til meðferðar, einungis 66 mál til meðferðar, og af þeim 66 málum úrskurðaði hún endurkröfurétt í 61 máli. Árið 1970 fékk hún hins vegar 103 mál til meðferðar, en úrskurðaði endurkröfurétt í 92 tilfellum. S. l. ár, 1971, fékk hún 157 mál til meðferðar *og úrskurðaði endurkröfurétt í 143 tilfellum. Í þeirri* skýrslu, sem þessi nefnd lætur frá sér fara um þetta, þá flokkar hún ástæðurnar, sem þarna er um að ræða, og án þess að fara nánar út í þá flokkun má segja það almennt, að það er í langflestum þessum tilfellum um ölvun að ræða, og virðist satt að segja, að tryggingafélögin geri ekki mikið af því að reyna að koma fram endurkröfu nema um sé að ræða ölvun eða þá einhverjar annarlegar ástæður á borð við það. Þess vegna er það nú svo í reyndinni og hefur verið, að þrátt fyrir þetta heimildarákvæði er það oft svo, að þeir, sem í þessu lenda að valda tjóni, þurfa oft ekki annað en tilkynna tjónið og félagið borgar þá, vátryggingafélagið, og þeir sleppa við öll fjárútlát í sambandi við þetta.

Slík skipan er ekki heppileg að mínum dómi og skapar ekki nægilegt aðhald í þessu efni. Með þessum lögum, brbl., sem hér er farið fram á staðfestingu á, er hins vegar farið inn á þá braut að láta menn, sem tjóni valda, borga jafnan nokkuð sjálfa. Það er trú mín, að slíkt muni verða þeim nokkurt aðhald og stuðla að því, að menn fari gætilegar. Vitaskuld er enn ekki fengin nein reynsla í þessu efni, sem á er hægt að byggja, og þess vegna ekki á þessu stigi hægt að fullyrða um árangur af þessum aðgerðum. En ég skoða þetta sem tilraun, sem rétt og sjálfsagt er að gera, en mér er það hins vegar ljóst, að fleira þarf til að koma til þess að reyna að hamla á móti eða draga úr þeirri óhugnanlegu umferðarslysaöldu, sem hér hefur borið á að undanförnu. En það er óhjákvæmilegt að mínum dómi að hafa uppi viðleitni í þá átt, og þessi lagabreyting er einn liður í þeirri viðleitni.

Í sambandi við þetta mál hafa komið fram raddir um það, að það væri ástæða til þess að setja á fót sérstakan dómstól, hafa menn nú sagt, sem menn hafa þá kallað umferðardómstól, til þess að skera úr skjótt eða svo skjótt sem verða má vissum ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma í þessu sambandi. Um það get ég aðeins sagt það á þessu stigi, að þetta mál er í skoðun. Það er í athugun hjá starfsmönnum dómsmrn., sem um þetta fjallar, en ég þori ekki á þessu stigi að segja um það, hver niðurstaðan verður af þeirri athugun.

Það er meginatriði í þessu sambandi, að það er farið inn á þessa braut, sem um er að ræða hér í þessu frv. Hitt er og verður auðvitað lengi álitamál, hvaða upphæð á að nefna í því sambandi. En þarna hefur nú verið nefnd þessi upphæð, sem ég hef áður nefnt. Ég hygg, að það fari nokkuð nærri lagi. Það er upphæð, sem munar um og líklegt er, að geti haft einhver áhrif í þá átt, sem til er ætlazt. Hins vegar ætti sú upphæð eigi að verða mönnum ofviða. Ég vil undirstrika það, sem augljóst er reyndar af frv., að þessi ákvæði breyta engu fyrir þann, sem fyrir tjóni verður. Hann á eftir sem áður rétt sinn óskertan á hendur tryggingafélaginu. Það er engin áhætta lögð á hann. Samskipti hans og tryggingafélagsins eru alveg óbreytt frá því, sem verið hefur. Hann getur gert sína kröfu og gerir sína kröfu alveg fulla á hendur tryggingafélaginu, og tryggingafélaginu er skylt að standa honum skil á henni. En það er tryggingafélagið, sem á að endurkrefja þann, sem tjóni veldur, um þessa upphæð, og tryggingafélaginu er skylt að gera það. Það skal gera það eins og segir í lögunum. Og þetta er byggt á því, að þarna sé eiginlega ekki nóg að hafa heimild. Að nokkru leyti er stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur í sambandi við endurkröfuheimildirnar í 2. mgr. 73. gr.

3. mgr. 1. gr. er svo sett, til þess að aðhaldið skerðist ekki eða verði ekki skert. Það er augljóst mál, að þetta skapar tryggingafélögunum náttúrlega nokkurt erfiði og umstang og hefur í för með sér nokkurn kostnað fyrir þau að endurkrefja um þessa upphæð. Þó er líklegt, að þau geti fundið leiðir til þess að gera þetta á nokkuð hagkvæman hátt, án þess að það skapi óeðlilegan kostnað.

Það er von mín, að þetta muni leiða til þess, að menn fari gætilegar. Og í baráttunni gegn umferðarslysunum má að mínum dómi ekkert til spara. En það er eins og ég sagði áðan, að vitaskuld er þetta ekki nema einn liður í þeirri baráttu, sem verður að hafa uppi gegn umferðarslysunum. Það eru mörg önnur atriði, sem þar koma til og bent hefur verið á, og þá auðvitað fyrst og fremst löggæzla. Það er óhjákvæmilegt að halda uppi allstrangri löggæzlu til þess að reyna að afstýra umferðarslysum. Menn verða að horfast í augu við það, að það verður að leggja í allmikinn kostnað í því sambandi. Og löggæzlan verður að vera á þann veg, að hún geti orðið mjög virk í þessu sambandi.

Enn fremur er bent á það, að það yrði að beita t. d. ökuleyfissviptingu meira en gert hefur verið, og mín skoðun er sú, að það eigi að beita ökuleyfissviptingu til bráðabirgða strax, þegar heimild er til þess, þegar um ölvun við akstur er að tefla. Og ég hef látið þá skoðun uppi, að það hafi ekki verið nóg að gert í því efni, og framkvæmdin í þeim efnum hefur verið nokkuð mismunandi í hinum ýmsu umdæmum og ég fyrir mitt leyti hef eftir því sem í mínu valdi stendur lagt á það áherzlu, að þær heimildir, sem í lögum eru að þessu leyti til, verði notaðar. Auðvitað er svo umferðarfræðslan hér mikið atriði og verður að leggja áherzlu á hana og ég held, að það verði að leggja aukna áherzlu á hana í skólum og þá þannig, að ég held, að það verði að taka hana upp sem almennan þátt í náminu alveg á borð við aðrar námsgreinar og það á ekki að vera að fá neina aðkomumenn til þess að koma í skólann til þess að predika um það efni, heldur á það að vera að mínu mati sá fasti og reglulegi kennari, sem tekur þessa námsgrein alveg eins og aðrar námsgreinar og fer með hana á sama hátt til þess að leggja áherzlu á, að þarna sé ekki um neitt sérstakt föndur að tefla, heldur alveg fullkomna alvöru. Svo hefur auðvitað réttilega verið bent á það, að það yrði að gera ríkar kröfur til kunnáttu og hæfni ökumanna og í því sambandi fyrst að hyggja að því, hvort kennslu þeirra væri á réttan veg fyrir komið.

Öll þessi atriði og mörg fleiri þarf að taka til skoðunar og vinna að því, að það geti orðið endurbætur í þessum efnum. Það má enginn búast við neinum snöggum breytingum í þessu, en ég held, að með því að allir leggist á eitt megi líka hafa áhrif á almenningsálitið og færa það eitthvað í annað horf heldur en það hefur verið að þessu leyti til. Og þá er ég ekki í vafa um það, að það hefur sín áhrif. Eins og ég hef þegar áður sagt, þá er auðvitað ekki hægt á þessu stigi að fullyrða um það, hver áhrif þessi litla breyting, sem hér er um að ræða, kann að hafa í för með sér í þessu efni, en hún er tilraun og tilraun, sem ekki má láta undir höfuð leggjast að gera. Og það fer svo eftir reynslunni, sem af því fæst, hvort menn vilja halda áfram á þessari braut eða breyta til.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þau lög, sem hér er um að ræða, leiða hugann að ýmsu því, sem ábótavant má telja í umferðarmálum okkar. Þetta verða þó aðeins örfá atriði við þessa umr. um mjög afmarkað atriði, enda skortir mig nógan kunnugleika til þess að gera þessum málum verðug skil.

Ég skal ekki hætta mér út í það að dæma um réttmæti þessara laga hvað tryggingafélögin áhrærir, þó að ég dragi það stórlega í efa, að allur harmagrátur tryggingafélaganna um afkomu sína styðjist við nokkuð annað en hið sígilda orðtak, að sá er ekki búmaður, sem ekki kann að berja sér, a. m. k. er ekkert það í rekstri þeirra og umsvifum, sem bendir á það, að þar sé þröngt í búi, miklu fremur hið gagnstæða. En hitt vildi ég svo gjarnan leggja áherzlu á, að sú stefna er rétt, að þeir, sem slysum valda í umferðinni eða tjónum ýmiss konar, beri meiri ábyrgð á gerðum sínum en verið hefur og gjaldi þar í nokkru sektar sinnar, ef sönnuð reynist. Varðandi umferðarslysin og umferðartryggingarnar almennt, þá langar mig aðeins til þess að vekja hér athygli á einu atriði, sem ég held þó, að sé býsna veigamikið, ef grannt er skoðað, atriði, sem var reyndar mjög skýrt tekið fram af hæstv. dómsmrh. hér áðan. Hér á ég við ölvun við akstur, sem ég er hræddur um, að sé miklu oftar en menn grunar bein orsök að slysunum og oft einmitt þeim alvarlegustu, þeim, sem engin tryggingafélög fá bætt. Ásamt of hröðum akstri og til-

litsleysi í umferðinni er a. m. k. óhætt að segja, að ölvunin sé aðalslysavaldurinn og um leið sá ófyrirgefanlegasti, þar sem hvort tveggja hitt atriðið fléttast hér inn í oft og tíðum. Raunar er ástandið í okkar áfengismálum öllum svo alvarlegt, að varla er hægt að taka nokkurn þátt þar út úr, svo að ekki sé vikið meira og minna að málinu almennt. En það á hins vegar ekki við hér nú. En það er þó orðið svo, að ótrúlegustu menn eru hættir að brosa að okkur bindindismönnum, þegar við ræðum alvarlegar afleiðingar ofdrykkju áfengis hvarvetna í þjóðfélaginu.

Það er þó óvíða um hryggilegri afleiðingar af drykkjuskapnum að ræða en í umferðinni, þó að ég viti, að ýmislegt hefur verið gert af yfirvöldum til að tryggja það, að umferðarlögin væru ekki brotin hvað þetta atriði snertir. En hér virðist því miður lítið hrökkva til aðgæzla og eftirlit. Ég var í sumar staddur á fjölmennri danssamkomu. Utan dyra var mikill bifreiðafjöldi. Aðeins örlítill hluti leigubifreiðar. Inni á samkomunni var fátt manna ódrukkinna, mismunandi þó. Einkum sá ég sárafátt karlmanna, sem ekki voru meira eða minna undir áhrifum. En staðreyndin var þó sú, að allar bifreiðar hurfu frá húsinu, og vissi ég, að þar sat margur vafasamur ökumaður undir stýri. Þó vissi ég það einnig, að löggæzla hindraði ýmsa í því að aka bifreiðum sínum heim. Það furðulegasta var, að ódrukkið fólk settist hiklaust inn í bíl hjá ökumanni, sem vart stóð á fótunum og lögreglan varð að gera að farþega og fól stúlku einni, sem góðu heilli hafði ekki neytt víns, bíllyklana.

Þó að í litlu sé, þá er þetta einmitt dæmigert fyrir andvaraleysi okkar í þessum efnum, hve sofandi við erum oft og einatt gagnvart hættunni, eins og farþegarnir í bifreiðinni, sem ég var að segja frá. Þá vilja menn máske spyrja: Var ekki allt í lagi? Urðu nokkur slys eftir þessa samkomu? Það er rétt, að þarna varð víst, sem betur fór, ekkert alvarlegra óhapp en það, að ein bifreið ók út af. Farþegarnir sluppu með skrámur í það sinn, og bifreiðarstjórinn sjálfur stóð jafnréttur eftir, ég segi því miður, varðandi rétt sinn til að aka bifreið. En um það er ekki spurt, hve oft sleppur við að slys verði, heldur hitt, hve oft slysin verða, hve alvarleg þau eru og hver orsökin kann að vera.

Ég veit, að hæstv. dómsmrh. hefur fullan hug á því að taka þessi mál öll fastari tökum en verið hefur. En hér duga engin vettlingatök, þó að trú mín sé sú, að það þurfi heildarathugun á öllum okkar áfengismálum og markvissar, almennar aðgerðir í þeim, svo að hægt sé að grípa raunhæft og af hörku á þessum þætti, er umferðina varðar. Það er tvímælalaust rétt stefna að herða mjög öll viðurlög varðandi ölvun við akstur, og ökuleyfissviptingu á hiklaust að beita í ríkari mæli en nú er gert. Hitt er svo annað og erfiðara viðfangs, hvernig á að koma í veg fyrir tjón og slys af völdum ölvunar við akstur. Þó að einn sé sviptur ökuleyfi í dag, getur það ekki hindrað, að nýr ökufantur valdi slysi á morgun. Hér ber vitanlega allt að sama brunni. Ofneyzla áfengis almennt og almenningsálit, sem mælir flestu bót, sem af áfengi stafar, leggjast hér á eitt til að torvelda raunhæfar aðgerðir.

Ég er viss um, að það er óþarft að rifja hér upp nokkrar tölur eða staðreyndir í þessum efnum hér á Alþ. Til þess eru þær því miður of sorglega kunnar. En ég gat þó ekki stillt mig um það að víkja örfáum orðum að þessu tiltekna atriði, að ölvuninni sem slysavaldi, um leið og ég vona það og veit reyndar, að hér verður að unnið svo sem í mannlegu valdi stendur til að draga úr hryggilegum afleiðingum áfengisneyzlunnar í umferðinni, og reyndar einnig með þeirri ósk, að svo verði sömuleiðis gert á öðrum sviðum, þar sem áfengisbölið grípur inn í.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja. Eins og hæstv. dómsmrh. hefur lýst sem sinni skoðun, þá mun það sýna sig, að hve miklu leyti ákvæði þessa frv. um eigin ábyrgð tjónvaldar, sem hér er til umr., muni bera árangur í þá átt að fækka umferðarslysum. Ég efast ekkert um, að við getum öll sameinazt um það að óska, að svo verði, en reynslan verður þar úr að skera.

Hæstv. ráðh. vék að ýmsum atriðum, sem bæði væri verið að undirbúa og æskileg væru til þess að reyna að fækka umferðarslysunum. Hann minntist þar á fræðslu í skólunum, og þetta atriði er auðvitað mjög mikilvægt, að byrjað sé á þegar á ungum aldri barna að fræða þau um umferðina og kenna þeim að vara sig á hættunum. Af hálfu umferðarráðs stóðu á sínum tíma yfir, eins og ég veit að hæstv. dómsmrh. mun vera kunnugt, miklar umræður við menntmrn. um, hvernig þessu skyldi fyrir komið, og því er ekki að leyna, að fræðsla um umferðarmál hefur alls ekki verið svo sem ætlazt hefur verið til bersýnilega, þegar maður les lög og reglugerðir, sem snerta þetta. Ég er hæstv. dómsmrh. sammála um, að það beri að leggja megináherzlu annars vegar á fræðslu í skólunum og hins vegar, sem hann e. t. v. hefur áðan nefnt, en hefur þá bara farið fram hjá mér, að nota sjónvarp og hljóðvarp, í þessu skyni og þó fyrst og fremst sjónvarpið.

Það hefur verið gerð sú breyting á útvarpslögum okkar, að þessu hefur einmitt verið komið þar inn, og það hefur verið einnig af hálfu umferðarráðsins mjög mikið kannað, á hvern veg þessu yrði bezt fyrir komið. Ég vil segja það, að þegar umr. urðu í þinginu í fyrra einmitt um hlutverk umferðarráðs, þá lét ég í ljós þá skoðun mína, að það bæri að leggja sérstaka áherzlu á þessa tvo þætti í viðleitni manna til þess að afstýra umferðarslysunum. Sjálfsagt þarf mikla athugun og sérfræðiþekkingu til þess að koma þessu fyrir á þann bezta veg, sem á verður kosið, og kostnaður hlýtur að sjálfsögðu einnig af því að verða. Skoðun mín er sú, að sjónvarpið ætti að leggja af mörkum það tæknilega framlag, sem til þarf, en umferðarráð yrði þá, að sjálfsögðu í samráði við fjölmiðlana, að skipuleggja, hvernig þetta skyldi gert.

Það er eðlilegt, að öllum hrjósi hugur við hinum hörmulegu og tíðu umferðarslysum, kannske fyrst og fremst þegar menn verða fyrir líftjóni eða bíða heilsutjón af völdum umferðarslysa, og einnig hlýtur mönnum að vaxa í augum það geysilega fjártjón, sem af þessum slysum verður. Ég var nýlega að tala við mann, sem er starfsmaður eins af tryggingafélögunum og hefur verið það um marga áratugi, og þetta barst í tal og ég innti hann eftir því, hvort við Íslendingar hefðum ekki eiginlega hæsta tölu umferðarslysa þeirra landa, sem hann þekkti til. Ég verð að segja, að ég furðaði mig nú

nokkuð á því, að hann taldi, að svo væri ekki, og nefndi eitt af nágrannalöndum okkar, sem mundi vera fyllilega sambærilegt við okkur að þessu leyti. Ég skal ekki fara frekar út í það, en þar hlýtur þá líka margt að vera bogið bæði við umferðarmenningu og fræðslu, sem ég hélt þó að ekki væri.

En ég vil enda þessi orð mín með því að taka undir það, að ég held, að sérhver tilraun, jafnvel þó að vafi kunni að vera um, hvern árangur hún beri, hún eigi fullan rétt á sér til þess að afstýra þessum ósköpum, sem orðin eru í umferðinni.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil nú ekki lengja þessar umr. úr hófi fram. Aðeins vildi ég vegna orða í ræðu hv. 6. þm. Reykv. gera ofurlitla grein fyrir því, hvernig menntmrn. hefur síðan ég kom þar til starfa leitazt við að rækja sinn hlut í umferðarmálunum, þ. e. umferðarfræðsluna.

Ég hafði ekki setið þar lengi, þegar umferðarmálaráð kom á fund minn og gerði mér grein fyrir því, hvað það telur sig hafa að athuga við það, hvernig yfirstjórn menntamála hefur á undanförnum árum staðið að því að framkvæma umferðarfræðslu í skólunum, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir. Þar var um að ræða sér í lagi tvö atriði, sem umferðarmálaráð óskaði mjög ákveðið eftir að breytt yrði í betra horf að þess dómi. Annars vegar var það, að sjá nemendum í skyldunámsskólunum fyrir námsbókum. Svo hafði verið um skeið, að þessum námsbókum var ekki útbýtt ókeypis í skólana, heldur voru þær seldar, að vísu ekki við háu verði, en þó nokkru, m. a. sökum þess að áherzla er lögð á að gera þessar bækur allmyndarlega úr garði, litprenta þær, þannig að hinir ungu nemendur taki vel eftir því, sem þar er sett fram í myndum og uppdráttum. Umferðarmálaráð hljóp hér undir bagga, a. m. k. eitt námsár ef ekki tvö, og greiddi úr sínum sjóði nokkra upphæð til Ríkisútgáfu námsbóka til að greiða fyrir ókeypis dreifingu á þessum bókum. Nú hefur það verið framkvæmt að dreifa án endurgjalds í skólana, bæði eldri fræðslubókum um umferðarmál og einnig nýrri bók, og vona ég, að reynslan sýni, að þar með sé bætt úr þeim skorti á námsbókum, sem talinn var vera.

Annað mál og öllu erfiðara viðfangs er að koma sjálfri kennslunni í betra horf, að sjá skólunum fyrir kennslukröftum, sem eru raunverulega hæfir til að veita fullnægjandi fræðslu um umferðarmál. Og þar hefur verið við töluverða örðugleika að etja, og að mínu áliti er meginúrbótin í því fólgin, að sjá um að fræðsla, sem nægir til að gera kennaraefnin hæfa umferðarkennara, eigi sér stað í kennaramenntun í Kennaraskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þetta er auðvitað ekki ráðstöfun, sem ber skjótan árangur, en til frambúðar er hún bráðnauðsynleg, og nú er unnið að því að koma því atriði í fastar skorður.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Enda þótt það sé nú kannske vafasamt að halda því fram, að þessi löggjöf sem hér er um að ræða, sé fyrst og fremst orðin til í þeim tilgangi að fyrirbyggja slysin, þá er það víst, að von er til þess, að nokkur áhrif geti hún haft á þau hörmulega tíðu umferðarslys, sem hér eru í dag. Ástæðan til þess að ég kom hér var sú, að ég vildi benda á þá staðreynd, að það er sannarlega árangurs að vænta í baráttunni gegn slysum. Það hefur sýnt sig á öðrum sviðum. Fyrir nokkrum áratugum síðan voru slys á vinnustað algengust allra slysa. Þá var tekin upp hvarvetna um heim öflug barátta fyrir bættri aðbúð á vinnustað, fyrir fræðslu og allar ráðstafanir gerðar, sem unnt var, til að koma í veg fyrir þau slys. Árangurinn var sá, að Kanadamenn létu fyrir nokkrum árum gera rannsókn á því, hvernig slysatíðni væri hjá þeim og með hverjum hætti slysin urðu. Þá kom í ljós, að slys á vinnustað voru orðin fágætust af slysum, þ. e. á þremur aðalslysastöðunum, sem hvarvetna eru, sem er heimilið, umferðin og vinnustaðurinn. Nú voru slys á vinnustað allt í einu komin niður í lægsta sæti. Og þetta var þakkað hinni miklu baráttu, sem tekin hafði verið upp til varnar gegn slysum á vinnustað.

Nú er það svo, að ein algengasta dánarorsök allra manna innan fimmtugs eru slys. Þess vegna er hér um mjög viðamikið mál að ræða og mál, sem hefur mikil áhrif á meðalaldur í hverju landi. Og ég held því, að úr því að við erum farnir að ræða þessi mál hér og farið er að benda á þetta sem leið til að fækka slysum, þá sé einmitt tækifæri nú til þess að hefja öfluga herferð og baráttu gegn umferðarslysum, sem sannarlega eru mikið vaxandi hjá okkur og vafalaust margar leiðir hægt að fara til þess að hamla á móti. Ég vil þó taka það fram, að okkar bættu vegir hafa það vafalaust í för með sér, að meiri hætta er á slysum, vegna þess að eins og sagt hefur verið hér áður eru slysin fyrst og fremst vegna ógætni, tillitsleysis og hraða í umferðinni og enn fremur vegna ölvunar við akstur. Þetta eru kannske meginorsakirnar. En einmitt á góðu vegunum og auðförnu hættir mönnum við að slappa af og vara sig ekki á hættunni. Ég vildi því fyrst og fremst vekja athygli á því, að fræðsla og áhugi fyrir að bæta úr slysunum hefur borið árangur á öðrum sviðum og við getum vænzt þess, að ef við snúum okkur að því í alvöru að reyna að hamla á móti umferðarslysunum, þá megi vænta nokkurs árangurs, þó að að sjálfsögðu sé um mjög erfitt vandamál að ræða.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð hér út af þeim málum eða út af því atriði, sem laut að fræðslu í skólunum. Ég vil alveg sérstaklega lýsa yfir ánægju minni yfir því framtaki, sem hæstv. menntmrh. hefur séð til þess að komið væri á varðandi Ríkisútgáfu námsbóka um bækur í þessum efnum, því að skólana hefur tilfinnanlega skort þessar bækur og allir skólar, sem hafa haft heldur lakari fjárráð, hafa hreinlega engar bækur haft nema þá síðustu tvö árin, þegar umferðarráð hefur hlaupið að nokkru leyti undir bagga.

En það var annað atriði alveg sérstaklega, sem líka var komið inn á af hæstv. menntmrh. Það er í sambandi við þá umferðarfræðslu, sem fer fram í sjálfum Kennaraskólanum hjá því fólki, sem á svo að taka sér fyrir hendur að leiðbeina hinum ungu. Ég dreg það stórlega í efa, að þar hafi verið nógu vel að unnið að undanförnu, og a. m. k. var það svo í mínum skóla, að þegar til átti að taka og við áttum að fara að sinna þessu máli af töluverðri alvöru fyrir fjórum árum síðan, þá var eini maðurinn, sem treysti sér í þetta og gerði það með

miklum sóma, réttindalaus kennari, sem var nýbúinn að taka meira próf og vissi þess vegna öllu meira um umferð og ýmislegt annað heldur en aðrir kennarar við skólann.

Og svo er það eitt atriði enn, sem mig langar til, úr því að þetta hefur verið framkvæmt svona myndarlega varðandi námsbækurnar, að koma á framfæri, og það væri beinlínis það atriði, ef hæstv. menntmrh. gæti beitt sér fyrir því, að umferðarfræðslan væri beint sett inn á stundaskrá skólanna, að hún kæmi beint þar inn, henni væri ætlaður þar staður af þeim, sem dæma um þessar stundaskrár. Á stundaskrá minni skólanna er þetta a. m. k. mjög erfitt. Það verður þá hreinlega að taka frá öðrum námsgreinum, þar sem stundafjöldi þeirra er svo knappur, og þessir skólar taka örugglega ekki þessa kennslu upp í nægilega ríkum mæli, fyrr en henni er þar alveg ákvarðaður skýrt afmarkaður staður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 409).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til umr., er til staðfestingar á brbl. frá 11. jan. s. l. Höfuðefni frv. er á þá lund, að hafi vátryggingafélag greitt bætur vegna umferðarslyss, þá skal sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni, endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækis, ef tjónið nemur þeirri upphæð, en annars að fullu. Þetta er höfuðefni þess ásamt því, að frv. gerir ráð fyrir því, að bannað verði að kaupa endurtryggingu í þessu skyni.

Ástæðan fyrir þessari lagasetningu er að sjálfsögðu hin mikla aukning umferðarslysa á síðari árum, sem okkur öllum er jafnkunnugt um. Með þessum ákvæðum er talið líklegt, að hamlað verði að nokkru á móti þessari háskalegu þróun. Ökumenn sýni öllu fremur gætni eða varkárni nauðsynlega í akstri og fylgi betur settum umferðarreglum.

Með iðgjöldum sínum hefur allur almenningur eða réttara sagt allir vátryggjendur ökutækja, bifreiða, staðið undir þeim hóflausa kostnaði, sem leitt hefur af hinum miklu tjónum og auknu umferðarslysum. En við sjálfsábyrgðina að þessu leyti verður sjálfur tjónvaldurinn að taka á sig nokkurn hluta af þessum kostnaði, og þykir það mörgum eðlilegt, og flestum sýnist það spor í rétta átt að létta þannig á þeim, sem ekki valda slysum, en hafa hingað til orðið að borga brúsann.

Allshn. hefur leitað umsagnar nokkurra aðila og vildi ég leyfa mér að drepa á höfuðinntak þessara umsagna. En allt er þetta mál mjög umfangsmikið og í raun og veru mjög erfitt til afgreiðslu, þannig að verulegu muni. Þó er þessi þáttur, sem frv. fjallar um, engu að síður nokkuð mikilvægur að áliti okkar í allshn. og fleiri.

Umferðarráð segir í stuttu máli, að sú stefna, sem felst í þessu frv., að leggja sjálfsábyrgð á þá, sem fébótaábyrgð bera á umferðarslysi, geti stuðlað að auknu umferðaröryggi, og umferðarráð leggur áherzlu á, að þessi tilraun sé gerð. En umferðarráð vekur jafnframt í bréfi sínu athygli á því, að samhliða þessari breytingu sé þörf margra annarra ráðstafana á sviði umferðaröryggismála, og umferðarráð getur þess, að það hafi samþykkt margar ályktanir í þeim efnum.

Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur líka sitt að segja um þetta mál, og þeir, sem hafa samið þetta bréf og gengið frá því, en það mun vera stjórn FÍB, slá bæði úr og í og telja upp nokkuð marga kosti sjálfsábyrgðar, eina fjóra, og svo tala þeir um gallana og þeir sýnast vera öllu fleiri. En þegar dregur að lokum bréfsins, þá segir stjórn FÍB, að hún meti þá viðleitni til að fækka tjónum, sem frv. ber með sér, en telur hins vegar nauðsynlegt að grípa til frekari ráðstafana, ef frv. á að ná tilgangi sínum. Þeir minnast hér á þrjú atriði eða þrjá þætti, sem þeir telja að sérstaklega beri nauðsyn til að taka til athugunar jafnframt.

Það er í fyrsta lagi stofnun umferðardómstóls. Og þeir segja, að það sé algjör forsenda þess, að það sé hægt að framkvæma þessi sjálfsábyrgðarákvæði, svo að þau komi réttlátlega, eins og þar stendur, niður á bifreiðaeigendum. Í öðru lagi séu þyngd refsiákvæði við flótta frá tjónavettvangi. Og í þriðja lagi verði stóraukin starfsemi í umferðarfræðslu og slysavörnum. Þeir mæla þannig engan veginn gegn þessu ákvæði, en telja, eins og umferðarráð, að fleiri þætti þurfi jafnframt að leysa í þessum málum.

Þá vildi ég geta um umsögn frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, og þeir segja m. a.: „Það er skoðun vor, að með því að leggja nokkurn hluta tjónbóta á þá, sem samkv. lögum bera ábyrgð á ökutækjum sínum og þar með tjónum, sem ökutækin valda, sé stuðlað að því, að ökumenn sýni meiri gætni og varkárni í umferðinni, þar sem þeir verða þar með sjálfir að bera nokkra fébótaábyrgð á þeim umferðaróhöppum, sem þeir kunna að valda, og það er skoðun vor", segja þeir í bréfinu, „að hér sé farið inn á rétta braut." Og leggja þeir til, að frv. verði samþykkt.

Svo hefur okkur borizt bréf frá fjórða aðila, sem ekki var beðinn um að senda okkur umsögn, en þar fyrir höfum við tekið vingjarnlega á móti þessu erindi, þótt við í n. höfum ekki talið okkur fært að taka það erindi eða þá ósk til greina. Það er frá félagi sendibílstjóra, sem heitir Trausti. Þeir segja m. a.: „Sendibílstjórar hafa um margra ára skeið veitt borgurum þá þjónustu að draga bíla þeirra í gang, þegar kalt er að vetrarlagi, svo og látið í té aðra dráttaraðstoð, þegar á þarf að halda. Er hér um að tefla verulegan þátt í atvinnustarfsemi sendibílstjóra og jafnframt nauðsynlega þjónustu við allan almenning. Þegar bifreið dregur aðra bifreið, er sérstök slysahætta fyrir hendi. Eiga sér þá stundum stað óhöpp, sem oftast má rekja til óvarkárni eða mistaka þess, sem situr undir stýri þeirrar bifreiðar, sem dregin er, en í slíkum tilfellum lendir öll ábyrgðin á eiganda dráttartækisins, þ. e. sendiferðabifreiðarinnar."

Og þeir halda áfram og segja, að þetta komi mjög illa við sendibílstjórana, félag þeirra, og telja þetta svo alvarlegt, ef ekki fáist breyting á þessu, að hætta verði með öllu þeirri þjónustu að draga bifreiðar vegna þessarar sérstöku áhættu, sem af því stafi vegna þessa ákvæðis. Enn fremur segja þeir, að sendibílstjórar treysti sér ekki til að halda starfseminni áfram við þær aðstæður að eiga yfir höfði sér margar endurheimtukröfur vátryggingafélaganna.

Svo óska þeir sérstaklega, að það verði sett inn ákvæði þess efnis, að sendibílstjórar geti tryggt sín ökutæki sérstaklega í þessu skyni, þ. e. fái heimild til að endurtryggja. Við ræddum í n. lítils háttar um þetta, en við töldum okkur ekki fært að sinna þessu, enda tel ég a. m. k., að hægt sé með vissum hætti að fyrirbyggja tjón með öðrum hætti en að endurtryggja, fyrirbyggja, að þeir þurfi að greiða sjálfsábyrgðarfjárhæð. Og við í n. létum þetta frá okkur fara án þess að gera nokkuð í þá átt, að við breyttum neinu.

Hitt er annað mál, að um leið og n. samþykkir eða mælir með samþykkt frv. einróma, þá hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en að öðru leyti hygg ég, að ekki þurfi að ræða um þetta meira. Þetta er tiltölulega einfalt mál og það á að vera kunnugt okkur öllum.

Þó vil ég geta þess, að í bréfi, sem mér barst frá Samvinnutryggingum, eru þeir einmitt að ræða um þessa sjálfsábyrgð og telja einmitt varðandi þetta ákvæði í brbl., sjálfsábyrgðina, að það það sé erfitt í framkvæmd að bæta framrúðubrot úr ábyrgðartryggingu og það verði að gera miklu ríkari kröfur til sannana í sambandi við rúðubrot en verið hafi. Og þeir segja í bréfinu samvinnutryggingamenn, að þetta hafi m. a. orsakað aukna eftirspurn eftir tryggingum á framrúðum bifreiða, og þeir hafi því ákveðið að taka upp slíkar tryggingar og innifela þær í skírteinum fyrir ábyrgðartryggingar á sama hátt og ökumanns- og farþegatryggingu. Þetta segir í þessu erindi Samvinnutrygginga. Og þá hygg ég, að í sambandi við þetta sérstaka atriði, rúðubrot, sé öllu til skila haldið í sambandi við sjálfsábyrgð að því er þau varðar, ef gert er skylt að tryggja þetta með þessum hætti sérstaklega, sem Samvinnutryggingar leggja kapp á og óska eftir, að menn geri almennt. Við ræddum m. a. um þessi rúðubrot í n., að þau væru ákaflega erfið viðfangs vegna þess, eins og ég sagði áðan, að það er ákaflega erfitt að sanna rúðubrot. Og við, sem höfum fengizt töluvert við slík rúðubrotsmál, vitum ósköp vel, að það er yfirleitt með þeim hætti að viðkomandi, sem gefur skýrslu og er talinn hafa brotið rúðuna, hann segir: Ja, ég var nú þarna á ferðinni á þessum tíma, en ég veit ekki meir. Það getur vel verið, að ég hafi brotið þessa rúðu eða steinkast komið frá minni bifreið, en ég veit ekki um það. Við skulum segja, að svo sé. Og þannig lýkur málinu. En eins og auðvelt er að skilja, þá er ákaflega erfitt um vik að sanna í málinu fullkomlega, hver er valdur að rúðubrotinu.

Með þessu er máli mínu lokið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. og 51. fundi í Nd., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur gengið í gegnum Ed. og var þar samþ. óbreytt og athugasemdalaust í þeim búningi, sem það var lagt fram í öndverðu. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 11. jan. s. l. Það fjallar um breytingar á 73. gr. umferðarlaganna og sú efnisbreyting er í því fólgin, að lögð er nokkur sjálfsábyrgð á þá bifreiðaeigendur, sem hafa valdið tjóni. Það segir svo í þessari 73. gr., eins og lagt er til að henni verði breytt, með leyfi forseta:

„Nú hefur viðurkennt vátryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkv. framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkv. 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækisins samkv. 1. málsgr. 70. gr., ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. málsgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir."

Þessi prósenta, sem þarna er tilgreind, mundi svara til þess, að sjálfsábyrgðin nemi 7 500 kr. á bifreið, ökutæki. Í 3. málsgr. sömu gr. er bannað að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélagsins. Með þeirri lagabreytingu er stefnt að því að hamla gegn því eða ákveða það, til þess að ekki sé dregið úr því aðhaldi, sem verið er að setja með lögum þessum.

Með þeirri lagabreytingu, sem hér er um að ræða, er stefnt að því að reyna að hamla á móti eða draga úr hinum alvarlegu umferðarslysum. Það þarf sjálfsagt ekki hér að fjölyrða um það, hversu alvarleg umferðarslysin eru orðin, þau eru orðin mörg hér, þeim hefur farið fjölgandi. Það liggja náttúrlega augljósar ástæður til þess, að svo hefur orðið, bifreiðum hefur fjölgað, vegir og götur eru ekki svo góðar sem skyldi, umferðin hefur aukizt gífurlega, en því miður verður að segja það eins og það er, að mikið skortir einnig á að gætni og nægileg tillitssemi sé sýnd í umferðinni. Þá er auðvitað alvarlegast af öllu í þessu sambandi það, að það hefur borið á og ber talsvert á ölvun við akstur. Ölvaðir ökumenn eru auðvitað stórhættulegir sjálfum sér og öðrum og þarf ekki að fjölyrða um það.

Auðvitað er það átakanlegast í sambandi við þessi bifreiðaslys þegar slys verða á mönnum, sem hafa í för með sér örkuml eða dauða, en hitt er einnig víst, að í sambandi við þessi bifreiðaslys og umferðarslys á sér stað gífurlegt fjártjón og eignatjón. Umferðarráð hefur gert nokkrar skýrslur um umferðarslys hér, þ. á m. umferðarslys árið 1970 og umferðarslys 1969, ég rakti þær tölur í hv. Ed., og sé ekki ástæðu til þess að fara út í þær skýrslur hér. Þar er einnig að finna nokkra greinargerð um það, hvar slysin eiga sér stað, hvort þau hafa átt sér stað í þéttbýli eða utan þéttbýlis o. s. frv. Sú hv. n., sem fær þetta mál hér til meðferðar, getur að sjálfsögðu fengið aðgang að þessum skýrslum, og ég skal því ekki lengja mál mitt með því að vera að endurtaka þær hér.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur löggjöfin fram

til þessa, eða fram til þess að þessi brbl. voru gefin út, verið á þann veg, að bifreiðaeigendur hafa ekki borið neina sjálfsábyrgð í sambandi við skyldutryggingu eða ábyrgðartryggingu. Það hefur að vísu verið heimild til endurkröfu alveg samsvarandi og samhljóða því, sem er í 2. málsgr. 71. gr. þessa frv., þar sem segir, að vátryggingafélag hafi endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, en lækka megi þó endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahags hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum. Þetta ákvæði var tekið inn í umferðarlögin á sínum tíma, en þá aðeins sem heimildarákvæði, en vitaskuld út frá nokkuð svipaðri hugsun eins og liggur til grundvallar þeirri lagabreytingu, sem hér er um að ræða. En þegar þetta var sett inn í umferðarlögin á sínum tíma, þótti ekki rétt að fara lengra í þessu efni en þarna var gert. Það hefur fengizt reynsla af framkvæmd þessa heimildarákvæðis og ég gerði líka í Ed. nokkra grein fyrir því, hvernig sú reynsla væri, og það liggja fyrir tölur um það, hve oft vátryggingafélög hafa lagt fram slíka endurkröfu, hve oft nefnd sú, sem um þetta á að fjalla samkv. lögum, hefur tekið slíka kröfu til greina. Og án þess að ég ætli að endurtaka það, sem ég sagði í Ed. um þetta, þá er það ljóst að mínum dómi, að tryggingafélögin hafa farið mjög sparlega í það að nota þessa heimild og þess vegna hefur orðið minna úr því, að þetta heimildarákvæði veitti það aðhald í þessum efnum, sem því var upphaflega ætlað að gera. Þess vegna hefur það verið svo í reyndinni, þrátt fyrir þetta heimildarákvæði, sem í lögum hefur verið, að þeir, sem lenda í því að valda tjóni, þurfa oft ekki annað en að tilkynna tjónið og vátryggingafélagið borgar þá, en þeir sleppa við öll fjárútlát í sambandi við það. Sú skipan er ekki heppileg að mínum dómi, og með þeirri lagabreytingu, sem hér er um að ræða, er farið inn á þá braut að láta þá, sem tjóni valda, borga jafnan nokkuð sjálfa. Það er skoðun mín, það er a. m. k. trú mín, að slíkt muni verða þeim nokkurt aðhald og stuðla að því, að menn fari gætilega. Þó að þetta hafi staðið nokkurn tíma nú, þá er það samt svo, að ekki er hægt að segja, að það sé fengin nokkur reynsla af því enn, en þó sýnist sumum, að það hafi haft nokkra verkun í þessa átt, en það er vitaskuld ekki samt á þessu stigi hægt að fullyrða um það, hver reynslan af þessu verður. Ég lít á þetta sem tilraun, sem sjálfsagt er að gera, en mér er auðvitað ljóst, að það þarf margt fleira að koma til, til þess að reyna að vinna á móti hinum miklu og sívaxandi umferðarslysum, þeirri miklu slysaöldu, sem hér hefur borið á að undanförnu. Þetta frv. eða sú skipan, sem lagt er til að lögleidd sé með því, er ekki nema einn liður í þeirri viðleitni, sem þarf að eiga sér stað í þá átt að reyna að hamla á móti þessum stórkostlegu slysum.

Í sambandi við þetta mál hafa komið fram raddir um það, ekki sízt frá bifreiðarstjórunum sjálfum, að það væri ástæða að setja upp sérstakan dómstól í sambandi við meðferð þessara mála, dómstól, sem þeir hafa kallað umferðardómstól. Það hefur nú sýnt sig við eftirgrennslan í því efni, að hugmyndir manna um það efni eru nokkuð óljósar, og það er ekki kunnugt um, að fyrirmynd að slíku sé að finna í nágrannalöndum. Samt sem áður eru starfsmenn í dómsmrn. að athuga það, hvort rétt sé eða hægt sé að setja upp slíkan sérstakan dómstól til þess að fjalla um þessi mál m. a. til þess að reyna að flýta fyrir úrlausn í þeim.

Það er auðvitað meginatriðið í þessu frv., að farið er inn á þessa braut að leggja þannig nokkra sjálfsábyrgð á þá bifreiðaeigendur, sem valda tjóni. Hitt er auðvitað og verður álitamál, hvaða upphæð á að nefna í þessu sambandi. Ég held, að sumum geti sýnzt, að þarna sé of lág upphæð nefnd, öðrum getur sýnzt, að hún sé of há, og um þetta geta verið skiptar skoðanir. Ég hygg nú, að þegar alls er gætt, þá sé þessi tala þarna nokkuð nærri lagi.

Það er auðvitað rétt að undirstrika það, sem augljóst er af frv., að ákvæði þess breyta engu fyrir þann, sem fyrir tjóni verður, hann á eftir sem áður sinn rétt óskertan á hendur tryggingafélaginu, það er engin áhætta lögð á hann. Samskipti hans og tryggingafélagsins verða alveg óbreytt, frá því sem verið hefur, og hann getur gert sína kröfu og gerir sína kröfu á hendur tryggingafélaginu, og tryggingafélaginu er skylt að standa honum skil á hans bótakröfu. En það er svo tryggingafélagið, sem skal endurkrefja þann, sem tjóni veldur, um þessa upphæð. Það er augljóst mál, að þessari endurkröfu fylgir nokkur fyrirhöfn og kostnaður fyrir vátryggingafélögin, og reynslan verður að skera nokkuð úr í því efni, hversu greiðlega gengur að endurheimta þessa fjárhæð.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að þarna sé um að ræða tilraun til þess að reyna að hamla á móti hinum miklu umferðarslysum, en mér er það ljóst, að mörg atriði önnur þurfa að koma þarna til og þurfa að fara saman og það þarf að hefja nýja sókn í því að vinna gegn umferðarslysunum. Þar eru auðvitað mörg atriði, sem koma til greina og sem augljóst er að þurfa að koma til greina. Þar má sjálfsagt benda á nauðsyn aukinnar löggæzlu, það er ekki vafi á því, að með aukinni löggæzlu má nokkuð stemma stigu við umferðarslysunum og það þarf að aðgæta. Enn fremur er það auðvitað mjög mikið atriði að koma á aukinni fræðslu í þessum efnum og á ég þá fyrst og fremst við almennt að koma á og auka fræðslu um þessi efni í skólum. Enn fremur má vel vera, að það þurfi að huga að því að bæta fræðslu þeirra, sem með ökutæki fara, þ. e. ökukennsluna, og margt annað kemur þarna til greina. Þá þarf að mínum dómi að ganga hiklaust fram í því að svipta ökumenn ökuleyfi, þar sem ástæða er til þess. Það er að vísu svo, að framkvæmd í því efni hefur verið nokkuð mismunandi eftir umdæmum. Ég hef fyrir mitt leyti lagt áherzlu á það, að framkvæmdin í þeim efnum væri samræmd og henni væri fylgt stranglega fram, og það er mín skoðun, að svipting ökuleyfis þegar í stað og til bráðabirgða strax þegar slys verður, þar sem nokkur ástæða er til þess, sé eitt áhrifaríkasta tækið til þess að hamla á móti þessum umferðarslysum. Það þarf auðvitað svo að skapa það almenningsálit, sem vinnur á móti þessum umferðarslysum og kennir mönnum þá umferðarmenningu og rótfestir hjá mönnum þá umferðarmenningu, sem nauðsynleg er. Um þetta og mörg önnur atriði í sambandi við þetta alvarlega mál mætti að sjálfsögðu tala hér langt mál, ég skal ekki fara út í það hér nema tilefni gefist til, en ég held, að það verði allir að leggjast á eitt um það, að reyna að styðja hverja tilraun, sem gerð er í þessu efni, jafnvel þó að það spor, sem stigið er í það og það sinn, sé ekki stórt.

Ég skal svo, herra forseti, ekki fara um þetta frv. fleiri orðum, en vísa til þess, sem ég sagði áðan, að auðvitað getur sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, fengið þau gögn, sem fyrir liggja og þetta mál varða, og ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 59. og 61. fundi í Nd., 12. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 290, n. 522).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 11. jan. s. l. Það hefur gengið gegnum hv. Ed., sem samþykkti það óbreytt og athugasemdalaust. Frv. þetta fjallar um breytingar á 73. gr. umferðarlaga, og er sú breyting í höfuðatriðum á þá lund, að hafi vátryggingafélag greitt bætur vegna umferðarslyss, þá skal sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni, endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækis, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en annars að fullu. Þessum endurkröfurétti vátryggingafélagsins fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga, þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gengur fyrir. Þá er og kveðið á í 1. gr. frv., að bannað sé að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

Svo sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., er hann mælti fyrir frv. hér í hv. d., þá mundi sjálfsábyrgðin samkv. þessu nema 7500 kr. á ökutæki. N. kynnti sér umsagnir þær, er bárust hv. Ed., og ræddi þær og n. er sammála um, að hér sé stigið skref í þá átt að bæta umferðarmenningu og umferðaröryggi. Líklegt hlýtur að teljast, að sjálfsábyrgð þeirra, sem valda tjóni, muni stuðla að því, að ökumenn sýni meiri varkárni í umferðinni. Þetta er líka skoðun þeirra aðila, er hv. Ed. leitaði til um umsagnir, en þeir benda á, að jafnframt þessu þurfi að gera aðrar ráðstafanir á sviði umferðaröryggis. Þannig segir umferðarráð í umsögn sinni, að það telji, að sú stefna, sem felist í frv., geti stuðlað að auknu umferðaröryggi og telur rétt, að þessi tilraun sé gerð, en vekur athygli á því, að samhliða þessari breytingu sé þörf ýmissa annarra ráðstafana á sviði umferðaröryggismála og vísar í því sambandi til ályktunar sinnar frá 27. okt. 1971. Félag ísl. bifreiðaeigenda telur bæði kosti og galla á sjálfsábyrgð í þessu formi, en niðurstaða umsagnar þeirra hlýtur þó að teljast jákvæð, og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Félags ísl. bifreiðaeigenda metur þá viðleitni til að fækka tjónum, sem frv. ber með sér, en telur hins vegar, að nauðsynlegt sé að grípa til frekari ráðstafana, ef frv. á að ná tilgangi sínum."

Þessar frekari ráðstafanir eru að dómi stjórnarinnar stofnun umferðardómstóls, aukin refsiákvæði við flótta frá tjónsvettvangi og loks stóraukin starfsemi í umferðarfræðslu og slysavörnum. Þá leggur Samband ísl. tryggingafélaga til, að frv. verði samþ., og telur, að hér sé farið inn á rétta braut til þess að leysa að nokkru það mikla öngþveiti, sem nú ríkir í umferðarmálum.

Rétt er að geta þess, að fulltrúar frá félagi sendibílstjóra sneru sér til n. vegna sérstaks vanda, sem að þeim snýr í sambandi við sjálfsábyrgð. Þeir benda réttilega á, að þeir veiti borgarbúum ómetanlega aðstoð við að draga bíla þeirra í gang, þegar kalt sé að vetrarlagi, og láti í té aðra dráttaraðstoð, þegar á þurfi að halda. Samkv. 67. gr. umferðarlaga ber eigandi dráttartækis alla ábyrgð, ef tjón hlýzt af. Vissulega á eigandi dráttartækis skaðabótakröfu á hendur hinum aðilanum, ef sannað þykir, að hann eigi sök. En sendibílstjórar óttast samt, að hlutur þeirra sé ekki nægilega tryggur, og óttast margar endurheimtukröfur vátryggingafélags vegna tjóna, sem verða með þessum hætti. N. ræddi þetta vandamál á fundi og varð sammála um, að sendibílstjórar veittu almenningi svo mikla þjónustu, að nauðsynlegt væri, að mál þetta yrði kannað nánar. Ekki þótti n. samt rökrétt að leggja fram brtt. við þessa umr., en lítur svo á, að mál þetta beri að kanna nánar. N. áskilur sér rétt þess vegna til að koma með brtt. við 3. umr., ef í ljós kemur að það leysi umræddan vanda. Að öðru leyti mælir n. með, að frv. verði samþ., en fjarstaddur afgreiðslu var einn nm., hv. 11. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 611).

---

29. Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins [198. mál] (stjfrv., A. 378).

Á 50. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 490).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Með lögum frá 20. des. s. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins var Efnahagsstofnunin lögð niður, en hún hefur átt einn fulltrúa í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Og þetta frv. fjallar um það, að sá fulltrúi, sem áður var í stjórn Framleiðnisjóðs frá Efnahagsstofnuninni, verði eftirleiðis frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Landbn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 378 var flutt í Ed. og hefur fengið þar samhljóða samþykki. Efni frv. er það að breyta stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins frá því, sem nú er. Ástæðan til þessarar breytingar er fyrst og fremst sú, að í lögum nr. 89 frá 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, eru ákvæði um sjóðstjórnina og þar segir, að formaður sjóðsstjórnar skuli vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans. Með lögum frá 20. des. s. l., um Framkvæmdastofnun ríkisins, er Efnahagsstofnunin lögð niður og af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta nefndu ákvæði um stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og þykir eðlilegt að tengja stjórn sjóðsins við þá aðila, sem lagt er til hér í frvgr. En þar er lagt til, að hún verði skipuð fimm mönnum, og skal landbrh. skipa hana til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarnefndarmaður vera tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af Stéttarsambandi bænda, þriðji af Búnaðarbanka Íslands, fjórði af Framkvæmdastofnuninni og fimmti af ráðh. án tilnefningar.
Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 378, n. 539).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og breytingin, sem það felur í sér, er aðeins sú, hvernig skuli skipa stjórn Framleiðnisjóðsins. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að skipaðir skuli samkv. tilnefningu einn frá Búnaðarfélagi Íslands, annar frá Stéttarsambandi bænda og tveir án tilnefningar, en formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans, eins og segir í lögunum. Um síðustu áramót var svo Efnahagsstofnunin lögð niður, þegar gildi tóku lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, og þess vegna er þessi breyting gerð.
Nú er lagt til, að stjórnin verði þannig skipuð, að einn verði eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og annar frá Stéttarsambandi bænda – það er eins og stendur í lögunum, – en síðan einn eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarbanka Íslands og einn eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ráðh. skipi formann án tilnefningar. N. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts. Benedikt Gröndal var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

---

30. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [162. mál] (stjfrv., A. 309).

Á 43. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um frv. að ræða, sem gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Sú breyting, sem felst í þessu frv., er aðeins sú, að svonefnt magngjald af tilteknum sjávarafurðum er hækkað úr 1900 kr. á tonn í 2300 kr. á tonn. Eins og fram kemur í grg. frv., hefur þótt eðlilegt að hækka þetta magngjald, eins og hér er lagt til, þannig að útflutningsgjald af þeim sjávarafurðum, sem hér er um að ræða eða sem lagt hefur verið á ákveðið magngjald til þessa, verði í svipuðu hlutfalli eins og það hefur verið gagnvart útflutningsgjaldi af öðrum sjávarafurðum miðað við verðlag. En síðan þetta gjald var sett sem magngjald hafa orðið allverulegar verðhækkanir á þessum sjávarafurðum, þannig að þó að þessi hækkun færi fram, þá væri hér aðeins um sambærilegt útflutningsgjald að ræða miðað við aðrar

sjávarafurðir og áður var. Þessi hækkun er talin munu nema í tekjum fyrir tryggingasjóðinn, – en það er gert ráð fyrir því, að öll þessi útflutningsgjaldahækkun renni í Tryggingasjóð fiskiskipa, – í kringum 45 millj. kr. á ársgrundvelli. Nú er það svo, að staða Tryggingasjóðs fiskiskipa er þannig, að hann þarf í rauninni á jafnvel enn þá meira fé að halda en hér er lagt til að aflað verði, en vegna þess að reglurnar um þennan vátryggingasjóð eru nú allar í endurskoðun og þar sem að því er stefnt að reyna að draga úr útgjöldum sjóðsins frá því, sem verið hefur, þá þykir ekki ástæða til þess að leggja fram till. á þessu stigi málsins um frekari fjáröflun til sjóðsins en felst í þessu frv.

Hér er um að ræða frv., sem er mjög svipað frv., sem hér hafa verið á ferðinni æðioft áður, og ég tel því ekki þörf á því að hafa hér fleiri orð um efni þessa frv. á þessu stigi málsins. Ég skal taka það fram, að það er mín skoðun, að það beri að reyna að standa gegn því eins og tök eru á að hækka útflutningsgjald af sjávarafurðum frá því, sem verið hefur, og ég hef ekki viljað fyrir mitt leyti fallast á það, að þessi gjöld yrðu hækkuð umfram það, sem felst í þessu frv., en ég játa, að ekki er óeðlilegt, að það hlutfall, sem hér var í lögum og reglum varðandi þessi mál á milli hinna einstöku vörutegunda, haldist, en vegna þess að þarna er um magngjald að ræða, þar sem er um verðmætisgjald beinlínis að ræða á öðrum tegundum, þá eigi þessi breyting sér þó stað.

Þetta eru sem sagt meginástæðurnar fyrir því, að frv. er flutt. Það er bæði tekjuþörf sjóðsins og það að halda þessu samræmi, sem þarna var orðið á útflutningsgjaldi af hinum ýmsu tegundum sjávarafurða.

Að lokinni 1. umr. um frv. legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til fjhn. (Gripið fram í.) Hefur þetta alltaf verið í sjútvn.? Nú, mig minnti nú, að þetta hefði verið í fjhn. ævinlega hjá okkur í Nd., en sem sagt það skiptir mig ekki máli. Ef uppi eru till. um það, að málið fari til sjútvn., þá get ég einnig stutt þá till., að frv. gangi til sjútvn. til frekari athugunar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er nú reyndar hreyft miklu máli, sem hefði verið hægt að spjalla lengi um, en ég ætla ekki að gera það, heldur nota tækifærið og spyrja hæstv. sjútvrh., hversu langt er komið þessari athugun á nýjum reglum og kannske nýju kerfi í sambandi við vátryggingasjóðinn og fyrirkomulag á vátryggingum skipa. Mig rekur minni til þess, að eitt af þeim atriðum, sem eru í hinum margumræddu stjórnarsáttmála, sé einmitt endurskoðun á þessu vátryggingakerfi fiskiskipa, sem hefur verið vandræðakerfi um margra ára bil. Innan samtaka útvegsmanna eru mikil átök um kerfið sjálft og er því ekki að leyna, að í gegnum þetta kerfi fer fram einhver mesta raunverulega eignaupptaka, sem á sér stað hér á Íslandi, og væri hægt að margsanna það.

En hvað um það. Síðari fréttir hafa hermt það, að þessi stjórnarnefnd Tryggingasjóðs hafi metið skip mjög misjafnlega. Nýlega strandaði skip í Grindavík, glænýtt, og kom í ljós, að það var metið svo lágt, að eigendur þess urðu fyrir stórtjóni, því að matið er aðeins greitt út. Nú skal ég ekki segja neitt um það, hvernig þessu mati hefur verið háttað, en mér skilst, að útvegsmenn eigi þó einn fulltrúa í þessari nefnd, en fróðlegt væri að vita um það, hvernig allt þetta kerfi gengur fyrir sig, ef slíkt á sér stað, að mörg skip eru þannig vanmetin, vegna þess að þegar búið er að veita slíka fyrirgreiðslu við nýsmíði, eins og á sér stað nú á Íslandi, þá er auðvitað mjög mikið atriði, að lánveitendur hafi tryggingu fyrir sínu fjármagni. En mér skilst, að allt að 85–92% sé lánað út á skip hér innanlands, á fiskibáta. Ég vildi aðeins fá að forvitnast um það, hvað líður þessari endurskoðun. Og er að vænta þess, að við sjáum einhverjar till. á yfirstandandi þingi, eða er farið eingöngu eftir því, hvað stjórnarnefndin segir og samtök útvegsmanna?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get nú tekið undir sumt af því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér um það vátryggingakerfi fiskiskipa, sem hér hefur verið í gildi og er enn í gildi. Ég tel á því mikla galla og það sé mjög þarft verk að taka það til endurskoðunar og reyna að fá breytingar á því. Ég get ekki sagt um það á þessu stigi, hvenær er að vænta till. frá þeirri nefnd, sem nú vinnur að endurskoðun á þessum reglum. Hún er í miðju verki. Þessi nefnd var skipuð þannig, að í henni eru tveir menn af hálfu útvegsmanna og þarna eru einnig fulltrúar sjómanna og vátryggingafélaganna og þeirra aðila, sem hér eiga einkum hlut að máli, svo að þess er að vænta, að í endanlegri niðurstöðu nefndarinnar komi fram öll þau sjónarmið, sem uppi eru um breytingar á þessu kerfi. Ég mun reyna að vinna að því, að nefndin ljúki sem fyrst störfum, svo að hægt verði að leggja fram brtt. við þetta kerfi helzt á þessu þingi, en því miður get ég ekki fullyrt um það, hvenær till. nefndarinnar er að vænta.

Hv. þm. minntist á, að mörg fiskiskip muni hafa verið nú um skeið vátryggð alllágt, undir réttu verði eða nauðsynlegu endurnýjunarverði. Þetta mun vera rétt, en þarna hafa verið í gildi ákveðnar reglur, þar sem verið hefur starfandi sérstök samstarfsnefnd þeirra, sem með tryggingarnar hafa haft að gera, og samtaka útvegsmanna, og vátryggingin eða matsverðið á skipunum mun hafa verið samkomulagsatriði þessara aðila. En hér er í rauninni um mjög alvarlegt mál að ræða, ef sú er raunin á að fiskiskipaflotinn er verulega vantryggður.

Ég get sem sagt á þessu stigi málsins ekki sagt neitt frekar um það, hvað hægt er að gera í þeim efnum. Það er eflaust allflókið mál að ætla að breyta þessu og mundi að sjálfsögðu kosta aukið fé, annaðhvort fyrir þennan vátryggingasjóð, ef hann ætti að standa undir dýrari tryggingum á skipunum, eða þá fyrir eigendur skipanna sjálfra. En vegna þess samkomulags, sem um þetta hefur gilt til þessa, þá hefur verið býsna erfitt að grípa hér inn í og breyta þessu fyrirkomulagi verulega.

En ég mun ýta á eftir þessari endurskoðunarnefnd, sem nú vinnur að endurskoðun á þessum málum, til þess að hægt verði að fá hennar till. hér í þingið hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 477).

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Sjútvn. mælir einróma með samþykkt þessa frv. Það þarf ekki að gera mikla grein fyrir því hér, því að eins og það ber með sér, er það aðeins hækkun á útflutningsgjaldi til samræmis við þá verðlagsþróun, sem verið hefur í landinu, eins og rakið er. Í aths. með frv. er rakinn dálítið aftur í tímann ferill þessara mála og hvernig slíkar hækkanir hafi verið gerðar. N. getur þess í áliti sínu, að hún hafi kynnt sér fjárhag og stöðu Tryggingasjóðs fiskiskipa, og hann sannar það, að þörf hans fyrir auknar tekjur er sízt minni heldur en þetta frv. mun veita, þegar að lögum er orðið, svo að hér sýnist n., að raunar sé ekki um annað að ræða heldur en næsta sjálfsagðan, eðlilegan hlut og þessu geti naumast verið á annan veg hagað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed., og hefur verið samþykkt þar óbreytt. Þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv. frá gildandi lögum, eru um það að hækka nokkuð útflutningsgjald af sjávarafurðum, og er þar fyrst og fremst um að ræða hækkun á svonefndu magngjaldi, en sá háttur hefur verið á, að útflutningsgjaldið hefur verið reiknað sem sérstakt magngjald af vissum tegundum. Það má því segja, að nú, þegar verulegar verðhækkanir hafa orðið á útfluttum sjávarafurðum, hafi útflutningsgjaldið raunverulega lækkað á þessum vörutegundum, sem tekið er magngjald af, í samanburði við útflutningsgjaldið af ýmsum öðrum afurðum, þar sem gjaldið er miðað við hundraðshluta af verðmæti. Það hefur því þótt rétt að fallast á það að hækka magngjaldið þannig, að hlutfallið á milli hinna einstöku tegunda haldist þar nokkurn veginn hið sama og áður hafði verið, enda er um brýna þörf að ræða hjá Tryggingasjóði fiskiskipa, en það er ætlazt til þess, að allur tekjuaukinn, sem reiknað er með að geti orðið kringum 45 millj. kr., renni í Tryggingasjóð fiskiskipa, því að þann sjóð vantar raunverulega fjármagn til þess að hann geti staðið við allar skuldbindingar sínar, ef ekki verður um einhverjar verulegar breytingar á starfsreglum þess sjóðs að ræða. Það hefur farið fram athugun á starfsreglum sjóðsins og standa vonir til þess, að hægt verði að draga þar eitthvað úr útgjöldum hans, en eins og sakir standa er full þörf á þessum tekjuauka fyrir þennan sjóð.

Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, geti afgreitt það tiltölulega fljótlega, af því að það er í rauninni orðið brýnt fyrir þá, sem hafa með innheimtu á þessum gjöldum að gera, að fá úr því skorið, hvort hér á að verða breyting á varðandi framleiðslu þessa árs. En það er gert ráð fyrir því í frv., að öll framleiðsla yfirstandandi árs falli undir þessa nýju gjaldtöku.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 551).

Frsm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt þetta mál á fundi og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda ítarlega ræðu um þetta mál. Þetta er stjfrv., og ef menn vilja kynna sér efni þess eða forsendurnar fyrir því, þá geta þeir lesið grg. Aðalatriðið er að hækka útflutningsgjöldin úr 1900 kr. í 2300 kr. á tonn, og þessi hækkun á að renna til tryggingamála. Við höfum kynnt okkur það, að mikil þörf er fyrir að fá aukið fé til tryggingamálanna, vegna þess að verðhækkanir hafa orðið á skipum og yfirleitt allri þjónustu, og þess vegna varð samkomulag um það í n. að mæla með samþykkt frv. Hins vegar áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., ef þær koma fram. En n. sem slík hefur ekki lagt til, a. m. k. ekki við þessa umr., neinar ákveðnar breytingar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 309, 580).

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 580 hefur sjútvn. leyft sér að flytja brtt. að ósk hæstv. sjútvrh. Brtt. þessi hljóðar þannig:

„Við 3. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Þó skal sjútvrh. heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum."

Þessi brtt. er flutt samkv. ósk sjútvrh. Það er svo, eins og hv. alþm. vita, að á undanförnum aflaleysisárum hefur ekki veiðzt nein síld um þriggja ára skeið, svo að nokkru nemi. Af þessum ástæðum hefur fjárhagur síldarútvegsnefndar orðið mjög bágborinn og einnig vegna þess, að á hennar vegum liggja vörubirgðir víðs vegar um landið, tunnur, salt o. fl., sem nemur hundruðum millj. kr., sem óhjákvæmilega eru í mikilli hættu,

ef ekki fæst nein síld til landsins. Vegna þessa og vegna hins líka, að nú eru uppi ráðagerðir um að reyna að ná síld af Hjaltlandsmiðum hingað til lands til söltunar, og í því sambandi er nauðsynlegt að fara að kanna möguleikana á markaði fyrir slíka síld og hvaða verð er hægt að fá fyrir hana, er þessi brtt. flutt, um heimild til handa sjútvrh. til þess að gefa eftir til síldarútvegsnefndar útflutningsgjald af þeirri söltuðu síld, sem flutt er út á árinu 1972, og útflutningsgjald af flökum úr saltsíld, sem flutt eru út á sama ári.

ATKVGR.

Brtt. 580 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 609).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 619).

---

31. Ríkisreikningurinn 1969.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1969 [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir til 1. umr. ríkisreikningurinn fyrir árið 1969, en hann hefur, eins og hann ber með sér, verið endurskoðaður bæði af ríkisendurskoðuninni og yfirskoðunarmönnum, og hefur fyrrv. fjmrh. svarað þeim fsp., sem þar voru gerðar. Ástæðan til þess, að reikningur þessi var ekki lagður fyrir á síðasta Alþ., var sú, að þá hafði ekki verið lokið við að gera grein fyrir þeim nefndum, sem störfuðu á árinu 1969, en samkomulag varð um það milli yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins og þáv. hæstv. fjmrh. að fresta því, að reikningurinn yrði lagður fram fyrr en því verki væri lokið. Nú hefur hér á hv. Alþ. verið lögð fram ásamt reikningnum skrá yfir þessar nefndir og þær upplýsingar, sem í sambandi við þá athugun var gerð.

Við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1971, fyrir rúmu ári, gerði fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, ítarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1969. Eigi er því þörf að gera nema stutta grein fyrir ríkisreikningi þess árs nú með því frv., sem hér liggur fyrir til samþykktar á honum. Gjöld á rekstrarreikningi, A-hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1969, námu 7 milljörðum 589 millj. 629 þús. kr. Þau fóru 589 millj. og 22 þús. kr. fram úr áætlun fjárlaga og skiptast svo á einstakar greinar fjárlaga: Æðsta stjórn ríkisins var áætluð 54 millj., en reyndist 61. Forsrn. og menntmrn. var áætlað 1 milljarður 151 millj., en reyndist 1 milljarður 232 millj. Utanrrn. var áætlað 117 millj., en reyndist 135 millj., atvmrn. 820 millj., en reyndist 990 millj., dóms- og kirkjumrn. 631 millj., en reyndist 660 millj., félmrn. var áætlað 2 milljarðar 352 millj., en reyndist 2 milljarðar 495 millj., fjmrn. 400 millj., en reyndist 446, samg.- og iðnrn. 870 millj., en reyndist 1 milljarður 47 millj., viðskrn. áætlað 584, en reyndist 501 millj. eða lægri upphæð, Hagstofan 9.5 millj., reyndist 8.7 millj., einnig lægri, ríkisendurskoðunin 8 millj. 958 þús., en reyndist tæpar 10 millj.

Rekstrartekjurnar reyndust á þessu ári eða voru áætlaðar á þessu ári 7 milljarðar 454 millj. kr., og urðu því gjöld umfram tekjur 358 millj. kr. Fjárlögin 1969 gerðu ráð fyrir því, að afgangur yrði á rekstrarreikningi 95.8 millj. kr., en reikningurinn sýndi umframtekjur 134 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að gera frekari grein fyrir reikningnum, en legg til, herra forseti, að honum verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að þessari umr. lokinni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér virðist ekki mikil ástæða fyrir einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga að standa hér upp að þessu sinni og halda langa ræðu um það, sem allir hv. alþm. geta séð. Það eru aths. þeirra, svör ráðherra og opinberra stofnana og síðan till. yfirskoðunarmanna. En að gefnu tilefni vil ég aðeins segja nokkur orð um 16. aths. yfirskoðunarmanna. Ef hv. alþm. vilja fletta upp á 5. lið þessarar endurskoðunar, má sjá í lok hennar, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga leita ekki eftir frekari skýringum að sinni, vegna þess að Rannsóknaráði hefur ekki tímans vegna gefizt kostur á að svara aths. ríkisendurskoðunarinnar. Svör, ítarleg svör bárust við því, sem um var spurt, frá Rannsóknaráðinu, eins og kemur fram í síðustu aths. yfirskoðunarmanna og sjá má á bls. 378, en þar segir í a-lið, að í svörum Rannsóknaráðs við aths. yfirskoðunarmanna sé að finna skýringar á því, sem leitað var eftir skýringum á. Ég vil í sambandi við þetta draga fram lokamálsgrein í aths. okkar yfirskoðunarmanna, en þar segir, að frá framangreindum till. okkar hafi verið gengið hinn 18. marz s. l. að öðru leyti en því, sem tekur til nefnda í lið 20. Hv. alþm. muna flestir eftir því, að allmikil blaðaskrif hófust nokkru síðar í sambandi við Rannsóknaráðið og stjórnun þess, er fólgin voru í ítarlegum aths. eins af stjórnarmönnum þess. Endalok þessara blaðaskrifa að þessu sinni urðu þau, að forstöðumaður Rannsóknaráðs óskaði eftir opinberri rannsókn á málinu í heild. Það hefur ekki verið venja okkar yfirskoðunarmanna að gera frekari úttekt á slíkum málum, þegar þannig hefur staðið á, og ég sé ekki heldur, að slíkt þjóni neinu, fyrr en niðurstöður liggja fyrir úr þessari rannsókn, og læt ég því umr. um þetta mál að sinni lokið. Það er tekið fram í þessu niðurlagi, sem ég hef þegar vitnað til, um þann drátt, sem varð á því, að hægt væri að leggja fyrir ríkisreikning fyrir árið 1969, að það væri vegna þess að ekki hafði unnizt tími til að vinna þá ítarlegu skýrslu til hlítar, sem hér liggur nú fyrir hjá hv. alþm. sérprentuð um nefndafjölda og nefndaþóknun. Við vorum allir sammála um það yfirskoðunarmenn, að nauðsynlegt

væri orðið, að slík skýrsla lægi fyrir hæstv. Alþ., og er þess að vænta, að núv. hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því, að svo verði í framtíðinni, og efa ég persónulega ekki, að svo verði.

Ég vil aðeins í lok þessarar stuttu ræðu minnar leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir störf hans sem yfirskoðunarmaður ríkisreikninga á undanförnum árum og vænti þess af mörgum þeim athyglisverðu aths., sem hann hefur þar komið fram með, að hann muni finna leiðir til úrbóta á ýmsum vandamálum í ríkisrekstrinum, eins og hann reyndar þegar hefur gefið fyrirheit um í sambandi við fjárlagaræðu sína. Ég sé líka ástæðu til þess sem einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga að þakka ekki aðeins ríkisendurskoðendum heldur og ríkisbókhaldi eða starfsmönnum þess fyrir frábær störf á undanförnum árum, og ég tel, að þeir menn, sem Alþ. kýs til þess að framkvæma þá yfirskoðun, sem þingsköp segja til um, eigi þar hauk í horni. Og þótt ekki verði annað sagt um fyrrv. fjmrh. báða tvo en að sú endurskipulagning, sem fór fram á störfum þessara aðila, sé þeim til hins bezta upp á framtíðina að gera, þá veit ég, að bæði ég og hæstv. fjmrh. viðurkennum þá skoðun, að þar hafi vel verið að verki staðið, er þeir menn voru ráðnir til starfanna, sem að þeim vinna í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 410).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. um samþykkt ríkisreiknings 1969 og tölur frv. hafa verið lesnar saman við ríkisreikninginn. Þess skal getið hér, að nm. barst bréf frá sýslumanni Húnavatnssýslu varðandi athugasemdir endurskoðenda, sem hann gagnrýnir. – N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 54. og 55. fundi í Ed., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir 1969 var ekki lagður fram fyrir þinglok í fyrra, vegna þess að endurskoðun hans hafði ekki verið lokið þá. Meðal þeirra atriða sem ekki var lokið, þegar þingi lauk í fyrra, var að semja skýrslur um nefndir, sem störfuðu á vegum ríkisins, en því verki var þá langt komið og var lokið á s. l. sumri. Frv. um ríkisreikning var því lagt fyrir snemma á þessu þingi í hv. Nd. og hefur hún þegar afgreitt frv. til þessarar hv. d. með samhljóða afgreiðslu. Um þau atriði, sem hér eru umfram áætlun á ríkisreikningi, lögðu yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins til, að leitað væri samþykkis þingsins fyrir því, og var ekki ágreiningur um þau hjá þeim. Það hefur ekki heldur komið fram neinn sérstakur ágreiningur í sambandi við ríkisreikninginn fyrir þetta ár, því að þeim aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu á sínum tíma við ríkisreikninginn, var svarað af þáv. fjmrh. og málin skýrð og afgreidd síðar af hendi yfirskoðunarmanna, hvernig með skyldi fara.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um ríkisreikninginn, enda skýrir það sig sjálft, athugasemdir þær, sem við hann voru gerðar, og svör, sem við þeim komu, og till. um þær umframgreiðslur, sem hér eru.

Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 568).

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um ríkisreikninginn fyrir árið 1969 hefur verið til athugunar í fjhn. Endurskoðendur ríkisreikninga hafa ekki vísað neinni aths. til aðgerða Alþ. og fjhn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

32. Lán til kaupa á skuttogurum.

Á 42. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum [160. mál] (stjfrv., A. 306).

Á 43. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 306 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum fyrir kaupum á skuttogurum. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að breytt er hér úr einfaldri ábyrgð, sem veitt var heimild fyrir á fjárlögum, í sjálfskuldarábyrgð, en það var ekki hægt að veita þessar ábyrgðir með þeim hætti, nema þessi lagabreyting yrði gerð.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að þessari umr. lokinni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. eyddi sannarlega engu óþarfa orðskrúði í það að útskýra þetta frv., enda vil ég heldur ekki segja, að það sé háttur hans. En mér finnst málið vera þess eðlis, að ástæða sé til þess að fá á því nokkrar frekari skýringar.

Þegar samþykkt voru á sínum tíma kaup fyrst sex togara, sem síðan var fjölgað í átta, á vegum ríkisins, þá var það tekið fram, að hér væri um sérstæða fyrirgreiðslu að ræða, þar sem þar var byrjað að byggja mjög stóra togara á okkar mælikvarða, 1100 tonna skip, sem kostuðu miklar fjárhæðir, og var gert ráð fyrir því, að ríkið sjálft hefði um það milligöngu, og veitt var sérstök fyrirgreiðsla af ríkisins hálfu með tilteknum skilyrðum, sem ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja hér sérstaklega um, þar sem það allt er hv. þdm. mjög kunnugt mál. Það var hins vegar tekið þá fram, að það þyrfti að taka til sérstakrar athugunar, þegar þar að kæmi, hvernig ætti að leysa vandamál þeirra staða, sem sjáanlegt væri, að þyrftu á togurum að halda af minni gerð, þar sem hinir stóru togarar hentuðu ekki nema á fáum stöðum, enda ekki nema mjög fáir fúsir kaupendur þeirra stóru skipa. Síðan þetta gerðist hafa átt sér stað nokkur kaup á erlendum togurum, og auk þess hefur verið samið um smíði a. m. k. eins togara hér innanlands, og viss fyrirgreiðsla hefur verið veitt í þessu sambandi varðandi þann togarann, sem innanlands er smíðaður, og var enda alltaf gert ráð fyrir því, að það mundi koma til sérstök fyrirgreiðsla og aukin varðandi þá togara, sem innanlands eru smíðaðir, svo sem á sér stað um önnur fiskiskip, sem smíðuð eru í hinum innlendu skipasmíðastöðvum.

Hinir togararnir, sem fluttir voru til landsins, sem eru að vísu ekki margir, en þó nokkrir, voru fluttir inn með þeim hætti, að heimilað var af hálfu ríkisstj. að taka 80% erlent lán, og síðan mun með ýmiss konar fyrirgreiðslu og þá fyrst og fremst bankaábyrgðum hafa verið þannig frá málum gengið, að það tókst að kaupa þessi skip. Síðan þessi skip voru keypt hefur ekkert sérstakt verið gert af ríkisins hálfu til fyrirgreiðslu í sambandi við hin erlendu togarakaup, fyrr en það var ákveðið í fjárlögum, svo sem hæstv. fjmrh. gat um, að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði slíkra skipa. Þetta var gert samkv. hinum almennu ákvæðum ríkisábyrgðalaga, þ. e. a. s. hér var um einfalda ábyrgð að ræða, sem er hin almenna regla, sem gildir í dag um ríkisábyrgðir, og er regla, sem ég hef oft lýst sjálfur, að væri mín skoðun, – og sú skoðun er ekkert breytt, þótt ég fari ekki lengur með stjórn fjármála ríkisins, – að sé mjög mikilsvert að hægt sé að halda við í sem allra flestum tilfellum. Enda hefur reyndin orðið sú, að síðan hætt var að veita sjálfskuldarábyrgðir hafa fallið á ríkissjóðinn miklum mun minni upphæðir í ábyrgðargreiðslum heldur en áður var. Það er því vissulega eitt út af fyrir sig mikið atriði, þegar að því er horfið, svo sem hér er gert, að veita sjálfskuldarábyrgð til kaupa á togurum.

Nú er það út af fyrir sig ekki nýtt mál, þannig að ég ætla ekki að fara að deila á það sérstaklega, að fara inn á þessa braut varðandi þessa fyrirgreiðslu. Það kann að vera, að hún sé óumflýjanleg. Það skal ég ekki um dæma. Og á sínum tíma voru nýsköpunartogararnir keyptir af ríkinu sjálfu, og einnig var sjálfskuldarábyrgð veitt í sambandi við togara, sem síðar voru keyptir. Því er hins vegar ekki að leyna, að í þessum tilfellum hafa fallið á ríkið mjög þungar kvaðir, þannig að það er jafnvel svo varðandi einstaka togara, sérstaklega þá, sem síðar voru keyptir til landsins, að milljónatugir hafa fallið á ríkissjóð að greiða af þeim lánum, sem tekin voru til kaupa á þeim togurum. Ég tel því það hafa mjög veigamikla þýðingu, þar sem hér er nú aftur farið inn á þá braut að veita þá fyrirgreiðslu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skuttogara, að hér sé farið með mikilli varfærni og reynt að tryggja það með sem öruggustum hætti, að ekki komi hér til nýjar stórkostlegar byrðar, sem falli á ríkissjóð. Ég tek það skýrt fram, að í þessum orðum mínum felst ekki nein gagnrýni á það, nema síður sé, að ríkið komi til og veiti fyrirgreiðslu til kaupa á togurum. Það hefur áður verið tekið fram, að það yrði að meta á sínum tíma, hvaða fyrirgreiðsla væri nauðsynleg í þessu sambandi, og er ég því ekki að átelja það, heldur aðeins leggja áherzlu á, hvað hér er vissulega um stórt mál að ræða, og að hér er verið að hverfa frá þeirri aðalreglu, að um sjálfskuldarábyrgð sé ekki að ræða.

Nú hygg ég, – þó veit ég ekki, hvernig þetta verður framkvæmt, – en ég hygg þó, að hér verði í rauninni ekki nema um 13% ábyrgð að ræða á kaupverði skips, ef ég skil þetta rétt, það sé gert ráð fyrir því, að kaupendur leggi fram 15% af andvirði skipsins og 5% verði fengið að láni í gegnum Byggðasjóð með sérstakri fyrirgreiðslu ríkisstj., þannig að til viðbótar komi svo lán úr Fiskveiðasjóði, – það er a. m. k. mjög æskilegt að vita, hvort ekki er gengið út frá því sem meginreglu, að þessar ábyrgðir verði miðaðar við skip, sem fá fyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði, – þá yrðu það 67%, þannig að hér yrði um 13% ábyrgðarupphæð að ræða af kaupverði hvers skips.

Hér er að vísu ekkert sagt um það í frv., – það er eins snubbótt og hugsazt getur, – hvort þetta er svo sem ég hér er að segja eða ekki. Og það er ekkert um það sagt, hvort ætlunin sé, að þetta eigi við nýja togara, þ. e. þá togara, sem Fiskveiðasjóður metur sem nýja togara. Ég álít, að það væri mjög æskilegt að fá vitneskju um þessi atriði.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir eftir frv., að hér er eingöngu átt við togara. En því er ekki að leyna, að það hafa komið fram raddir um það, og væri einnig fróðlegt að vita, hvort slíkt kemur hér til álita, þannig að það fari ekkert á milli mála, að það væri jafnmikil ástæða að veita ríkisábyrgð eða hliðstæða fyrirgreiðslu til kaupa á öðrum skipum, sem smíðuð væru erlendis. Hingað til hefur ekki verið leyft að taka 80% lán nema til skuttogarakaupa, en við vitum, að skuttogarar geta verið af

þeirri stærðargráðu eða það litlir, að það eru til almenn togskip, sem eru jafnstór og skuttogarar. Og spurningin er þá þessi: Kemur til álita, að slík fyrirgreiðsla fáist til kaupa á slíkum skipum, eða verður þetta við það miðað, að hér verði eingöngu um skuttogara að ræða? Og þá spyr ég enn fremur í þessu sambandi: Er nokkur breyting á þeirri reglu, sem gilt hefur, að þessi 80% erlenda lántaka sé eingöngu miðuð við skuttogara eða þau skip, sem flokkast undir togara?

Það er eitt mjög óvenjulegt í þessu frv., og það er, að það er engin tala um það, hversu marga togara hér gæti orðið um að ræða. Það er, eins og ég segi, ekki heldur neitt um það getið, hvaða skilyrði viðkomandi þurfi að uppfylla í sambandi við greiðslu á þessum 13%, sem hér koma sem áhættufé á ríkisins herðar sem sjálfskuldarábyrgð. Held ég, að væri mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu. Ég veit ekki, hvort það eru t. d. sett ákveðin skilyrði um, hvað hin erlendu lán þurfi að vera til langs tíma og hvort er þá miðað við það langan tíma, að líklegt sé, að eigendur skipanna geti staðið undir þessum greiðslum, eða hvort hér er fyrir fram með því reiknað, að svo og svo stórar fjárhæðir af þessum lánum lendi á ríkissjóði í lengri eða skemmri tíma. Ég tel, að það út af fyrir sig sé töluvert varhugavert að hafa þessa ábyrgð svo opna eins og hér er raunin á, að það er ekki minnzt á neina tölu skipa. Þetta kann að vísu að vera erfitt, því að nú er þannig málum háttað, að það hefur skollið flóðbylgja yfir ríkisstj., að ég hygg óhætt að segja, varðandi kaup á skuttogurum. Nú er ég síður en svo að lasta það, að endurnýjaður sé skipafloti landsmanna, en ég hygg, að hér sé um að ræða flóðbylgju, sem er harla ískyggileg, og væri fróðlegt út af fyrir sig að fá vitneskju um, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að mæta þessum vanda, hvort það er t. d. ætlunin, að hin nýja Framkvæmdastofnun ríkisins eigi að koma hér til og flokka það, hverjir eigi að fá þessi skip og hverjir ekki. Ég veit ekki betur en þegar þetta dæmi var síðast gert upp, þá hafi verið fyrirhuguð kaup á nálægt 40 togurum, sem munu kosta um 4.3 milljarða kr., þannig að hér er vitanlega um að ræða geysilega fjárfestingu. Að vísu verður þetta ekki allt á sama árinu, en næstu 2–3 árin eftir þeim óskum, sem fyrir liggja, þannig að það er alveg ljóst, að hér er við feiknamikinn vanda að glíma.

Nú er ég enginn skömmtunarmaður eða sérstakur talsmaður þess að taka upp skömmtun á þessu fremur en öðru. En að sjálfsögðu verður þó að íhuga það, og ég hygg, að allir geti verið sammála um það, hvar í flokki sem þeir annars eru, að hér sé um mjög varasama þróun að ræða, að svona bylgja skuli skella yfir í einu. Það kann vel að vera, að það þurfi að taka nú nokkurt stökk til endurnýjunar á togaraflotanum. En hér rís auðvitað í fyrsta lagi það vandamál, hvað það stökk má vera stórt, hvað er viðráðanlegt og hvað er skynsamlegt. Það þarf auðvitað að gera sér grein fyrir ýmsum atriðum í þessu sambandi. Fjárreiðurnar skipta auðvitað ekki minnstu máli og hvaða skilyrði á að setja, til þess að menn geti eignazt þessi skip. Nú er það að vísu svo, að vel getur verið, að það sé nauðsynlegt að tryggja skip til einhverra tiltekinna staða, án þess að hægt sé að leggja fram umrædd 15%, sem mér skilst, að sé ætlunin að gera kröfu um, án þess að til komi sérstök opinber aðstoð. Hér þarf auðvitað að meta það, hvort það kunni að vera staðir, sem atvinnulega séð þurfi að fá skip, en hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Slíkt þarf að meta út af fyrir sig, og verður auðvitað að fara í það með mikilli varfærni og gætni, því að eigi allir kost á því að fá að kaupa skip með svo að segja fullri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins, þá er það að sjálfsögðu ekki sjáanlegt, í hvaða feni við erum lentir.

Í annan stað þarf auðvitað að gera sér grein fyrir því, hvert verður verkefni skipasmíðastöðvanna í landinu. Það hefur verið talað um nauðsyn þess, sem rétt er, að dreifa verkefnum í skipasmíðum þannig, að skipasmíðaiðnaðurinn geti alltaf verið fullnýttur, starfskraftar hans. Þá þarf enn fremur að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, að mér skilst, að flestir, sem eru að kaupa þessa togara, hugsi sér að selja skip í staðinn til að fjármagna með því þessi 15%. Og þessi skip, sem verið er að selja, eru í langflestum tilfellum hin betri skip flotans, þannig að það má vera, að þau séu tiltölulega vel söluhæf. En þá rís sú spurning, hvort auðið reynist, ef á að taka þessa flóðbylgju alla saman, 35–40 togara, að koma þessum skipum í verð. Þetta er eitt vandamálið enn, sem þarf að íhuga.

Síðast, en ekki sízt þarf auðvitað að gera sér grein fyrir því, hvernig á að manna þessi nýju skip, eða kostar það það, að þau verði keypt, að það verði að leggja eða sé hætta á, að það verði að leggja svo og svo stórum hluta af öðrum skipaflota landsmanna.

Ekkert af þessu er ég að segja í gagnrýnistón, heldur aðeins til þess að benda á, að hér stöndum við andspænis einu stærsta fjárfestingarvandamáli okkar og einu þeirra tilfella, sem því miður vilja oft henda okkur Íslendinga, að þegar ráðizt er í einhverjar framkvæmdir, þá ætla helzt allir að gera þær samtímis. En það, sem auðvitað liggur fyrir hér, er að gera sér grein fyrir því fyrst og fremst, eins og ég áðan sagði, hvaða fjárhagsáhættu ríkið er á sig að taka með því frv., sem hér liggur fyrir, og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að hæstv. fjmrh. sæi sér fært að gera hv. þd. nokkru nánari grein fyrir því, hvernig hann hyggst tryggja það, að hér verði ekki um að ræða stórfelld útgjöld af hálfu Ríkisábyrgðasjóðs með töku þeirra sjálfskuldarábyrgða, sem hér er um að ræða, og jafnframt væri að sjálfsögðu fróðlegt ef þess er kostur á þessu stigi, að fá vitneskju um það, hvort hér er ekki ætlunin að miða við einhverja ákveðna tölu skipa, og yfir höfuð, hver ætlunin er eða hver er stefna ríkisstj. í sambandi við þessi miklu togarakaup, sem nú eru augsýnilega fram undan, og hvaða mörk stjórnin hugsar sér að setja í þeim efnum og hver á endanlega að taka ákvarðanir um það, hvort ríkisstj. ætlar að gera það sjálf eða fela hinni miklu stofnun að skera úr um, hver eigi að vera hinn heppni eða ekki. Þetta vonast ég til, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært eða sjútvrh. að upplýsa okkur nánar um.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það var rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að ég eyddi ekki miklum tíma í það að gera grein fyrir þessu frv., enda er frv. ekki fyrirferðarmikið í sniðum. Það, sem hér er um að ræða, er ákveðin formbreyting á þessum ábyrgðum miðað við það, sem áður og annars gildir um slíkar ábyrgðir, en hins vegar var heimildin til ábyrgðarinnar tekin við fjárlagaafgreiðslu.

Ástæðan til þess, að þessi breyting er gerð, er sú, að

hún er óumflýjanleg vegna seljendanna, sem er verið að kaupa þessi skip af. Þá varð hér að vera um sjálfskuldarábyrgð að ræða, til þess að málið næði fram að ganga. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e., að nauðsyn ber til að gæta fullrar varúðar við öllum slíkum ábyrgðum, og þessi breyting var gerð því aðeins, að ábyrgðin kom ekki að gagni að öðrum kosti. Hins vegar er það rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að raunveruleg ábyrgð, sem hér er um að ræða, er 13%, því að 67% af þessu er það, sem Fiskveiðasjóður mun taka í endurgreiðslu á þessum erlendu lánum og afgreiða sín lán þá jafnharðan og þessar greiðslur falla til. Í sambandi við þessa afgreiðslu hefur verið reynt að tryggja þetta mál eins vel og mögulegt er, til þess að ekki valdi slysi og á Ríkisábyrgðasjóð falli ekki mikið af þessum lánum. Tel ég, að bezta svarið til þess að skýra þetta verði að lesa það bréf, sem Ríkisábyrgðasjóði var sent sem fyrirmæli um að gefa ábyrgðirnar út. Ég vil svo taka það fram áður, að hér er eingöngu um skuttogara að ræða, þessi 80% eru eingöngu bundin við það, og aldur skipanna er einnig bundinn við það, að Fiskveiðasjóður láni út á þau sem ný. Hygg ég, að þá séu þriggja eða fjögurra ára mörkin það, sem gildir. Það hefur hins vegar ekki verið hugsunin að fara á neinn hátt lengra í þessu heldur en þar er mælt fyrir.

Um afgreiðslu á þessum málum er það að segja, að 11 skip ný hafa fengið afgreiðslu, og er það umfram þessa átta togara, sem fyrrv. ríkisstj. var búin að semja um, og tveir togarar, sem eru eldri en nýsmíði. Fleiri hafa ekki fengið afgreiðslu á sínum málum og endanlegar ákvarðanir um það. (**MJ:** Á ráðh. við með orðinu afgreiðslu, að ríkisábyrgð sé veitt?) Já, það á ég við með því. Það hefur fullkomlega verið gengið frá málinu út á við. En hins vegar eru mörg af þessum málum nú til athugunar, og er ásóknin í þetta mikil, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, og ég tek undir það með honum, og það er ekki í fyrsta sinn hér á landi, sem koma þessar stórsveiflur í okkar framkvæmdir, sem eru alls ekki heppilegar. Hins vegar kemur þetta til af því, að við höfum látið þetta ganga svona skipulagslítið og það hefur verið svelta í þessu, og svo þegar flóðgáttin opnast, þá verður flóðið svo mikið sem raun ber vitni um, hvað sem það kann nú endanlega að verða í þessu tilfelli. En ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf, sem Ríkisábyrgðasjóði var sent frá fjmrn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls:

„Eins og Ríkisábyrgðasjóði er kunnugt, hefur ríkisstj. ákveðið, að veitt verði allt að 80% ríkisábyrgð á kaupverði skuttogara. Í samráði við sjútvrn. hefur þetta rn. ákveðið eftirgreind atriði um veitingu nefndra ríkisábyrgða:

1. Seljandi skipanna veiti eða útvegi lán, sem svarar 80% af kaupverði, með jöfnum afborgunum á 8 árum.

2. Hámarksvextir til seljenda verði 7.5%.

3. Ríkissjóður ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð greiðslu hinna erlendu lána gagnvart lánveitanda.

4. Fiskveiðasjóður Íslands láni þann hluta hins erlenda láns, um 66–67/80 eða 83.33%, með þeim kjörum, sem reglur sjóðsins segja til um. Geta lán sjóðsins numið ⅔ af kaupverði skipsins eða matsverði, hvort sem lægra reynist, sbr. 11. gr. laga um Fiskveiðasjóð, nr. 75 frá 1966. Þann hluta hins erlenda láns, um 13.33/80 eða 16.67%, sem lánveiting Fiskveiðasjóðs ekki tekur til, skuldbindur kaupandi sig til þess að greiða hinum erlenda lánveitanda, eins og lán hans fellur til greiðslu.

5. Kaupandi skuldbindur sig til þess að greiða 20% af bráttóaflaverðmæti og öllum öðrum bráttótekjum skipanna fyrstu þrjú árin jafnharðan til afborgana og vaxta af hinum tryggðu lánum fyrir milligöngu Stofnfjársjóðs fiskiskipa, eða a. m. k. 16% eftir það, þar til lánið er að fullu greitt. Ríkisábyrgð verði ekki veitt fyrr en ljóst er af yfirlýsingu hlutaðeigandi viðskiptabanka, að fyrir hendi séu a. m. k. 15% af kaupverði togaranna í reiðufé.

7. Fiskveiðasjóður fallist á, að fé, sem greiðist í Stofnfjársjóð samkv. 5. lið, skiptist á milli greiðslu á láni Fiskveiðasjóðs og framangreindu láni, 13.33/80 hlutar eða 16.67% af erlenda láninu, í þeim hlutföllum, sem afborganir og vextir falla til greiðslu af lánum þessum á hverjum tíma. Vanskil við Fiskveiðasjóð eða Ríkisábyrgðasjóð skal í slíku tilfelli farið eins með og afborgun samkv. framansögðu. Ríkisábyrgðasjóður tilnefni af sinni hálfu fulltrúa til þess að fylgjast með samningsgerð að skipakaupum hverju sinni. Skal hann kanna sérstaklega í samvinnu við Fiskveiðasjóð, hvort samningsverðið geti talizt hæfilegt, enda verði ekki gengið frá ríkisábyrgð, nema slík könnun leiði það í ljós.

Að uppfylltum þessum skilyrðum felur rn. Ríkisábyrgðasjóði í hverju einstöku tilfelli að ganga frá ríkisábyrgð fyrir 80% af kaupverði togara þeirra, sem hér um ræðir. Fiskveiðasjóður tekur, sbr. 11. gr. laga um Fiskveiðasjóð, nr. 75 1966, 1. veðrétt í skipum þeim, sem hér um ræðir, enda verði Ríkisábyrgðasjóði framselt óafturkallanlegt andvirði lána þeirra, er Fiskveiðasjóður veitir til kaupa skipanna. Við það er miðað, að innstæða lántakenda hjá Fiskveiðasjóði sé gengistryggð. Það er bundið í sömu mynt og viðkomandi erlend skipakaupalán. Ríkisábyrgðasjóður taki 2. veðrétt fyrir þeim hluta lánsins, sem umfram lán Fiskveiðasjóðs er, þ. e. 13.33/80 hluta af kaupverðinu. Fer rn. þess á leit, að Ríkisábyrgðasjóður geri öllum þeim aðilum, sem hyggja á kaup togara með ríkisábyrgð, grein fyrir þessum skyldum."

Þetta svar vona ég, að nægi til þess að skýra það, sem hv. þm. spurði um.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki þörf á því að fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir, sem slíkt. Hins vegar er það rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að þetta frv. er ekki nema einn meiður af langtum stærra tré, og hafði ég hugsað mér að koma fram með nokkrar spurningar um togarakaupin almennt. Að vísu hefur sá hv. þm. tekið af mér ómakið í mörgum tilfellum, og skal ég reyna að forðast að endurtaka um of það, sem hann spurði um, en svo getur þó farið um einstök atriði.

Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því að kaupa a. m. k. 15–20 skuttogara til landsins. Er þar lögð sú stefna að snúa við þeirri óheillaþróun, sem verið hefur í togaramálum okkar Íslendinga. Sýnist mér það mjög virðingarvert og sjálfsagt að meta það. Hitt er svo annað mál, að ásóknin í þessa togara hefur verið langtum meiri en þarna var gefið til kynna. Eins og hér hefur komið fram, munu vera uppi hugmyndir um kaup á a. m. k. 40 skuttogurum. Ég fyrir mitt leyti er

ekki að átelja það. Má vel vera, að þörfin sé þetta mikil og jafnvel meiri. En ég get ekki að hinu gert, að ég harma, að þessi miklu skuttogarakaup skuli ekki hafa fallið inn í þá, ef ég má kalla skipulagshyggju og áætlanavinnubrögð, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur réttilega ákveðið að taka upp.

Það er alveg ljóst öllum þeim, sem til þessara mála þekkja, að skuttogarakaup þessi hafa fallið yfir sem miklu meiri skriða en upphaflega var gert ráð fyrir, að því er ég hygg. Spurningin er því sú í mínum huga, á hvern máta verða þessar hugmyndir metnar, þannig að réttlátt verði gagnvart hinum ýmsu kaupendum? Er unnt að dreifa þessum kaupum yfir eitthvað lengri tíma með því að setja nokkra bremsu á, og í hvaða formi á hún þá að vera?

Það er ljóst, að til viðbótar þeirri 80% ríkisábyrgð, sem hér er rætt um, þarf meiri fyrirgreiðslu. Gert mun vera ráð fyrir því, að svonefndur Byggðasjóður, sem áður var Atvinnujöfnunarsjóður, muni lána 5% í togarakaupin, en ráðstöfunarfé Byggðasjóðs er í heild aðeins um 180 millj. kr. og hrekkur því ekki til fyrir þeim 5%, sem þarna er um að ræða, ef það félli allt á einu ári.

Jafnframt mun vera gert ráð fyrir því, að togarakaupendur sjálfir leggi fram 15% af kaupverði skipanna eða um 15–18 millj. kr. Í upphafi skilst mér, að þess hafi verið krafizt, að fjármagn þetta væri greitt í reiðufé, en ég hygg, og flestir munu sjá það í hendi sér, að þeir eru ekki margir útgerðarmennirnir, jafnvel þeir, sem betur eru stæðir, sem hafa, ef svo má segja, undir kodda sínum 15–18 millj. í reiðufé. Hins vegar eru þeir æðimargir, sem hafa eignir, sem vel standa bak við þetta, geta t. d. selt skip og e. t. v. á nokkrum tíma losað þetta fjármagn. Hitt er þó ljóst, að skipasölur verða að ýmsu leyti erfiðar. Framboðið verður mikið, þegar þessi skip fara að koma til landsins. Ég held því, að það hafi orðið vart við mikla erfiðleika hjá flestum eða öllum þessum togarakaupendum í sambandi við umrædd 15%. Og ég leyfi mér að fullyrða, að fyrirgreiðsla í þessu sambandi hafi orðið nokkur önnur hjá ríkisbönkunum tveimur en e. t. v. var gert ráð fyrir í upphafi. A. m. k. annar ríkisbankanna veitir þar töluvert meiri fyrirgreiðslu heldur en hinn.

Mér sýnist fyrir mitt leyti mjög nauðsynlegt, að einhver ákveðin stefna ríki í sambandi við þessi 15%, sem mun eiginlega vera sú eina bremsa, sem nú er notuð á þessi togarakaup, því að enn a. m. k. hefur ekki verið farið út í það að skipta þessu niður á byggðarlög eftir þörf, þó að það kæmi vel til greina að mínum dómi. Sérstaklega hefur mér skilizt, að togarakaupendur, sem hafa getað sýnt fram á eignir, sem unnt er að koma í fjármagn á skömmum tíma, hafi fengið í öðrum bankanum vilyrði um þá aðstoð, sem dugar til. En aftur á móti í hinum hafi þeir það ekki. Nú vildi ég gjarnan spyrja að því, hvaða hugmyndir hæstv. ráðh. hefur í þessu sambandi. Telur hann þá fyrirgreiðslu, sem eins og ég segi ýmsir togarakaupendur væntanlegir hafa fengið loforð fyrir, eðlilega, og ef svo er, er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir því, að hið sama verði látið yfir alla ganga að þessu leyti? Ég leyni ekki þeirri skoðun minni, að ég tel það mjög mikilvægt, tel varla annað koma til greina.

Um fjölmargt fleira mætti ræða í þessu sambandi, en eins og ég sagði áðan, þá hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. tekið af mér ómakið og sýnist mér því, að það, sem ég hef nú sagt, verði að nægja.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hér gaf í tilefni af fsp. mínum, svo langt sem þær upplýsingar náðu. Þær voru algerlega fullnægjandi varðandi þau skilyrði, sem sett hafa verið af hálfu fjmrn. vegna ríkisábyrgðanna, og hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga annað en að nokkuð virtist óljóst, sem hann sagði um það, að 11 mál hefðu þegar hlotið afgreiðslu. Hvernig bar að skilja það? Hafa ríkisábyrgðir þegar verið veittar fyrir kaupum á 11 togurum? Það vil ég hins vegar vona, að ekki sé, vegna þess að til þess er engin lagaheimild, þannig að ég vil mega skilja orð hans svo, að það hafi verið lögð fram fullnægjandi skilríki fyrir því í Ríkisábyrgðasjóði, að þessar ábyrgðir verði veittar, þegar Alþ. hefur veitt umbeðna lagaheimild.

En það eru önnur atriði, og hv. 1. þm. Vestf. kom nokkuð inn á þau og ég einnig í ræðu minni áðan, sem hæstv. fjmrh. lét hjá líða að svara. Það kann vel að vera, að erfitt sé að svara þeim spurningum, en vitanlega væri þó mjög fróðlegt, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði, að mynda sér um það einhverja skoðun, og það er einmitt þetta atriði, að það er vitað, að óskir eru uppi um kaup á 40 togurum. Er það ætlun ríkisstj., ef aðilar geta lagt fram þær tilteknu fjárhæðir, sem krafa er gerð um, að leyfa þá nú þegar að gera samninga um 40 togara?

Hv. 1. þm. Vestf. benti á það, sem ég einnig hygg, að ég hafi minnzt á í ræðu minni í þessu sambandi, að það kann einnig vel að vera, að þannig sé málum háttað, að ekki megi alveg fara eftir því, hvort menn hafa þessi 15% í höndunum, ef svo má segja, eða með aðstoð sinna banka eða séu viðurkenndir af sínum bönkum, það kunni að vera til byggðarlög, þar sem er brýn nauðsyn að fá skuttogara, en þetta fjármagn er ekki fyrir hendi. Ég skal fúslega játa, að það verður að fara í það með mikilli varfærni að veita sérstaka fyrirgreiðslu, þegar þannig stendur á, þegar um slíka flóðbylgju er að ræða sem hér ber raun vitni um, og hætt við, að allur sá fjöldi, sem óskar eftir þessum togurum og vitanlega fjöldamargir hafa ekki þessa peninga í vasanum, heldur kunna að eiga þá í verðbréfum og góðum eignum, muni þá gera einnig kröfu til þess, að ríkisvaldið fari að veita sérstaka aðstoð til að afla þessara 15% umfram það, sem nú er ætlazt til, að menn geri í samráði við sína banka, þannig að það verður auðvitað að fara með mikilli varfærni í þessa sérstöku fyrirgreiðslu, og yrði sennilega að metast af Byggðasjóði, í hvaða tilfellum það yrði talið óumflýjanlegt. En mér finnst það skipta miklu máli til þess að vita, hverju við stöndum hér andspænis, að gera sér grein fyrir því, hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fylgja þeirri stefnu, að allir þeir, sem hafa sótt um þau skip, sem nú hefur verið sótt um, og ég veit ekki einu sinni, hvort þeir eru allir komnir á blað, – það kunna að bætast einhverjir við fleiri, sem geta uppfyllt þessi skilyrði, sem ríkisstj. hefur sett, – hvort þeir geti þá gengið að því sem gefnu, að þeir fái að kaupa þessa skuttogara. Enn fremur það, sem ég spurði um áðan og hæstv. fjmrh. svaraði ekki heldur, var sú spurning, sem ég skaut fram í fyrri ræðu minni og mér finnst skipta töluverðu máli varðandi vinnubrögð í þessu sambandi, hún er sú: Er það ætlunin, að ríkisstj. sem slík hafi þetta

togaramál í sínum höndum eða þessi mikla nýja stofnun, sem á nú að sjá um, að allt sé skipulega gert í þjóðfélaginu, – á hún að hafa þetta á sínum snærum? Ég hygg, að það sé engin uppljóstrun á neinum leyndarmálum, þó að ég segi, að sú stofnun hefur hafið nokkra athugun á þessu togaramáli í heild, og það skiptir þess vegna töluverðu máli að vita, hvort það sé ástæða til að vera að leggja í það vinnu eða hvort ríkisstj. sem slík ætlar að úthluta þessum togaraleyfum. Í þessum orðum mínum felst engin gagnrýni á það, þó að ríkisstj. ákveði það sjálf eða sjútvrn. og viðskrn. að hafa þetta í sínum höndum eða í samráði við fjmrn., en mér finnst það skipta töluverðu máli fyrir þá menn líka, sem eru að fást við kaup á þessum skipum, að þeir séu ekki eltandi alls konar menn, sem hafa þá e. t. v. ekkert með þetta mál að gera, eins og hefur töluvert borið á til þessa, að menn hafa verið að leita til þeirra framkvæmdaráðsmanna og vafalaust formanns í Framkvæmdastofnuninni um þessi togaramál. Þetta held ég, að væri gott vinnubragðanna vegna og vegna þeirra, sem eru með hugleiðingar um skipakaup, að vita, hvernig í stórum dráttum þetta er hugsað, framkvæmdin á þessu, hvort sem sagt allir geta átt von á að fá þessi skip eða leyfi til að kaupa skip, ef þeir uppfylla þau skilyrði, sem ríkisstj. hefur sett, hvort það verður ríkisstj. sjálf, sem er þá aðili til að snúa sér til um leyfi til kaupa á þessum skipum, eða hvort það er Framkvæmdastofnunin, sem á að fara að taka upp eitthvert skipulag á þessum úthlutunum eða ekki. Og enn fremur langar mig til þess að spyrja um það, þó að það sé auðvitað mál ríkisstj. og megi ganga út frá því, að hún sjái fyrir því, úr því að hún veitir leyfi til kaupa á þessum skipum, hvernig er með fjárreiður Fiskveiðasjóðs.

Það hefur verið getið um það, að hér sé um 40 skip að ræða, sem muni kosta töluvert á 5. milljarð kr., sem er auðvitað geysileg fjárhæð. Nú er þetta ekki svo auðvitað, að þetta falli allt til á sama árinu, heldur er gert ráð fyrir því, að þetta dreifist á lengri tíma, og hæstv. fjmrh. hefur hér gert grein fyrir því, að þau skilyrði séu sett, ef ég hef tekið rétt eftir, að þessi erlendu lán séu til 8 ára. Engu að síður er hér að sjálfsögðu um að ræða geysilega fjárþörf, sem hlýtur að vera hjá Fiskveiðasjóði, bæði í sambandi við þessa miklu togaraöldu og svo almenn skipakaup önnur, sem munu vera töluvert mikið í gangi, og ég hygg, að það sé reiknað með því, að skipasmíðastöðvarnar í landinu geti haldið þrotlaust áfram og hafi verkefni nú næstu árin einnig, sem að sjálfsögðu leggur þá þungar kvaðir á Fiskveiðasjóð. Ég veit ekki, hvort á þessu stigi eru tiltækar hjá hæstv. ríkisstj. eða t. d. hjá hæstv. sjútvrh. nokkrar upplýsingar um það, hvað gera má ráð fyrir, að þetta dæmi allt verði stórt, og hvernig hugsað sé að fjármagna Fiskveiðasjóð til þess að geta leyst hans hluta af þessu dæmi. En það eru sem sagt aðallega þessi atriði, sem mig langaði til í framhaldi af því, sem hæstv. fjmrh. hefur þegar upplýst, að fá að vita, hvort menn geta vænzt þess, ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði, að þeir geti þá nokkurn veginn afdráttarlaust fengið leyfi til þess að kaupa togara, eða hvort á það verði settar einhverjar hömlur, hvort sérstök fyrirgreiðsla og þá með hverjum hætti verði veitt til byggðarlaga, sem þurfa á skipum að halda, en hafa ekki þessi 15%, og hvort það verði ríkisstj. eða hvort það verði að einhverju leyti Framkvæmdastofnun ríkisins, sem endanlega taki ákvörðun um það, hver fær að kaupa skuttogara með hliðsjón af þessum ráðagerðum, sem nú eru uppi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér eru nú orðnar býsna almennar umr. um togarakaupamál, sem mér sýnist, að séu alllangt fyrir utan það tilefni, sem það litla frv. gefur, sem hér liggur fyrir, þar sem aðeins er um það að ræða að veita ríkisstj. heimild til þess að gefa út sérstaka sjálfskuldarábyrgð í því tilviki, þar sem Alþ. hefur tiltölulega nýlega staðfest við fjárlagaafgreiðslu heimild til handa ríkisstj. til þess að veita ríkisábyrgðir í þessu skyni. En eins og hér hefur komið fram, þá hefur þótt réttara að taka af öll tvímæli um það, að hér getur orðið um það að ræða, að veita þurfi sjálfskuldarábyrgð, en ekki aðeins einfalda ábyrgð, eins og túlka má eflaust þá samþykkt, sem Alþ. veitti með fjárlagaafgreiðslunni. Ég hélt nú, að út af fyrir sig ætti þetta ekki að þurfa að taka langan tíma í umr., að afgreiða þetta atriði. En inn í þetta mál hafa svo spunnizt ýmsar hugleiðingar manna varðandi skuttogarakaup almennt eða endurnýjun togaraflotans almennt. Og það leynir sér ekki, að það er hér á ferðinni, eins og reyndar ótrúlega víða í þessu landi, ef maður ætti að miða við það, sem maður les í blöðum, að það virðist fara hrollur um menn, þegar á að fara að endurnýja togaraflotann í landinu, þá verða menn hræddir og spyrja um marga hluti og tala um flóðbylgju o. s. frv. Ég verð nú að segja það, að ég hef ekki orðið var við það enn þá, að neitt slíkt sé að ganga yfir í sambandi við endurnýjun togaraflotans og þær reglur, sem ríkisstj. hefur sett af sinni hálfu varðandi fyrirgreiðslu í þessum efnum. Það hefur komið hér fram í þessum umr. og verið staðfest áður, að þó að þessi fyrirheit séu búin að liggja fyrir alllengi um tiltekna fyrirgreiðslu við þá, sem hugsa sér að kaupa skuttogara af tiltekinni stærð, að þeir geti fengið fjárhagslega fyrirgreiðslu, sem nemur allt að 85% af kostnaðarverði skipanna, þá hefur reynslan sýnt það, að aðeins 11 aðilar hafa getað uppfyllt þau almennu skilyrði, sem sett hafa verið, og hér er því aðeins um það að ræða, að hægt er að afgreiða fyrirliggjandi 11 beiðnir varðandi þessi skuttogarakaup, en ekki neinn óskalista upp á 40 skip, eins og hér er endurtekið í sífellu.

Eflaust mætti bæta því við, að þeir eru eflaust fleiri en 40 í landinu, sem óska eftir því að eiga þess kost að geta keypt sér skuttogara. Það hefur verið svo um langan tíma á Íslandi, að óskir manna í þessum efnum eru býsna stórar. En sem sagt, reynslan hefur nú sýnt þetta, að hér er aðeins um það að ræða, að 11 aðilar geti notfært sér þessa heimild eins og sakir standa. En um það er síðan spurt í framhaldi af þessu: Er ætlun ríkisstj. að leyfa samninga um svo mörg skip samkv. þessari reglu eins og aðilar koma til með að geta beðið um eða geta uppfyllt? Í mínum augum er spurning um þetta afskaplega svipuð því eins og spurt væri: Ætlar Fiskveiðasjóður og þar með ríkisstj. að heimila mönnum að byggja eins marga báta og þeim kemur til hugar að gera samkv. lögum og reglum sjóðsins? Eða ætlar ríkisstj. að leyfa mönnum að halda áfram að flytja inn bíla til landsins án þess að setja þar á einhver mörk, ef þeir bara geta borgað bílana?

Vitanlega er hér aðeins um það að ræða, að settar eru tilteknar reglur. Ef það kemur í ljós, að þær reglur virðast vera af því tagi, að hér geti orðið um einhvern yfirinnflutning að ræða, óæskilegan, þá gerist það í þessu tilviki eins og öðru, að ríkisstj. endurskoðar sínar reglur og kann þá að setja á einhverjar hömlur. En ég segi, að það hefur ekkert gerzt enn þá í þessum málum, sem gæfi tilefni til slíks, að við færum að banna þeim að kaupa skip, flytja inn skip, sem geta greitt þau að því marki, sem settar hafa verið reglur um, á sama tíma sem við leyfum aðilum að kaupa það til landsins, sem nú er leyft í dag. Þvert á móti er um það að ræða, eins og líka hefur komið fram í þessum umr., að það eru hér margir aðilar, sem eru að óska eftir því að fá að kaupa skip af þessu tagi, sem ekki geta uppfyllt þær reglur, sem settar hafa verið, og þá er farið að ræða um það: Á ekki að lána þeim fé til þess að kaupa skipin líka? Það er auðvitað málefni út af fyrir sig á hverjum tíma, hvort ástæða þykir til þess, vegna þess að þeir, sem hafa fjárráðin til, séu ekki nægilega margir til þess að leysa tiltekin vandamál af eigin getu, hvort þá eigi að grípa til þess að hjálpa hinum til þess að komast yfir hjallann, sem ekki hafa nægileg fjárráð. Og í þessum efnum er spurt um það: Ætlar ríkisstj. sér að hafa þetta mál í sínum höndum eða er ætlunin, að Framkvæmdastofnunin hafi það? Í mínum augum er það alveg ljóst, að Framkvæmdastofnun hefur auðvitað ekkert með það að gera að veita leyfi til þess að flytja inn skip til landsins. Það er ekki hennar verkefni. Ríkisstj. hefur ekki annað í þessum efnum að gera, að því leyti til sem hún fjallar um þetta nú, en það, að settar hafa verið ákveðnar reglur um fyrirgreiðslu, og um beiðni þeirra sem uppfylla þessar reglur, er fjallað af réttum stjórnarvöldum og þeir fá svör um það, hvort þeir fá heimild til þess að flytja skipin inn í landið eða ekki. Og ég sé ekki, að það eigi að vera verkefni Framkvæmdastofnunarinnar að fjalla um það, hvort þeir, sem geta keypt sér skip, fái leyfi til þess að flytja þau inn í landið. Hitt er hins vegar mjög eðlilegt verkefni Framkvæmdastofnunarinnar, að fjalla um það, hvort æskilegt sé að aðstoða ýmsa þá, sem eru að sækja um að fá að kaupa skip og ekki hafa fjárhagslega getu til þess samkv. settum reglum að komast yfir þessi skip. Það liggur að mínum dómi í hennar verkahring og er afar eðlilegt, að hún fjalli um það. En þarna liggja alveg greinileg mörk á milli. Ríkisstj. hefur gefið út ákveðin fyrirheit um fyrirgreiðslu. Þeir, sem geta uppfyllt þessi skilyrði, leggja vitanlega fyrir sínar umsóknir til þeirrar nefndar, sem starfar á vegum viðskrn. varðandi erlendar lántökur, og þeir verða afgreiddir þar með sínar beiðnir, á meðan ekki hefur þótt ástæða til þess að setja nýjar reglur til þess að koma í veg fyrir yfirinnflutning á þessari tegund af vöru eins og hverri annarri. En sem sagt, á meðan málin standa þannig, að það liggur ekki fyrir, að fleiri en 11–12 aðilar eru færir um það að kaupa skip af þessari gerð samkv. tilsettum reglum, þá hefur það ekki hvarflað að mér, að það þurfi að setja einhverjar reglur til að koma í veg fyrir, að menn geti fengið að kaupa þessi skip, frekar en það hafi hvarflað að mér, að rétt væri að setja reglur um það að draga úr lánum Fiskveiðasjóðs frá því, sem verið hefur, vegna þess að það séu á ferðinni allt of mikil bátakaup í landinu. Það getur hugsanlega komið upp, að til slíks þurfi að taka. En það er ekkert slíkt enn þá að gerast, eftir því sem ég bezt veit.

Mitt svar við þessum spurningum er því það, að það komi sem sagt fyrst til þess að fara að taka það til athugunar, hvort ríkisstj. ætlar að leyfa ótakmarkað að flytja inn skip samkv. þessum reglum, þegar umsóknir eru orðnar svo margar, að manni sýnist, að hér sé eitthvað að komast í óefni, þá fyrst þarf að taka það til athugunar. Og mitt svar við hinni spurningunni varðandi það, hver eigi um þessi mál að fjalla, er þetta, að eðlilega fjalla þær stofnanir hjá ríkinu um innflutning á skipum, sem það eiga að hafa með höndum samkv. réttum lögum og reglum, að því leyti til sem um venjuleg kaup og innflutning er að ræða, en að hinu leytinu, þegar til þarf að koma einhver sérstök aðstoð, þá verður vitanlega ríkisstj. annaðhvort að taka nýja ákvörðun í þeim efnum eða þá Framkvæmdastofnunin, sem hefur samkv. lögum rétt og skyldu til þess að kanna slík mál, gerir um það till., hvort hún vill fara að veita þar viðbótaraðstoð eða ekki.

Þá var hér spurt einnig um það, hvað liði fjárhag Fiskveiðasjóðs í sambandi við þessi gífurlegu skipakaup. Þá er því ekki að neita, að Fiskveiðasjóður stendur þannig, að hann þarf á allmiklu meira fjármagni að halda til sinna almennu útlána en hann hefur sjálfur árlega tekjur til, og þannig hefur þetta verið nú um nokkurra ára skeið. Það þarf því að afla Fiskveiðasjóði aukins fjármagns, en ekki vegna togarakaupa. Það hefur þegar verið gerð greiðsluáætlun fyrir Fiskveiðasjóð fyrir yfirstandandi ár, og það er ekki gert ráð fyrir því, að Fiskveiðasjóður láni út af því, sem þar hefur verið gerð áætlun um, eina einustu krónu til kaupa á togurum. Og það gefur enda auga leið, að kaup af þessu tagi, þar sem samið er um það, að erlendir aðilar láni 80% af andvirði skipanna til 8 ára, og hlutverk Fiskveiðasjóðs er því fyrst og fremst að taka þessi erlendu lán og breyta þeim jafnóðum í lengri lán, þá er slíkt tiltölulega létt fyrir Fiskveiðasjóð, og mætti svo gjarnan verða, þegar litið er á málið sem heild, að þessi skip hefðu unnið þannig fyrir sér á þessum 8 árum, að það íþyngdi Fiskveiðasjóði hreinlega ekki neitt. En þetta snýr vitanlega allt öðruvísi við að því leyti til, sem um skipasmíði innanlands er að ræða, en þar yrði Fiskveiðasjóður að leggja fram allmikið lánsfé á byggingartíma skipanna og í rauninni mjög mikið lánsfé út á slíkar nýbyggingar, og það er honum auðvitað mjög þungbært. En hér er nú verið að ræða fyrst og fremst um innflutning á skipum, því að um smíði innanlands á þessum tegundum af skipum er nú ekki mikið að ræða samkv. þeim reglum, sem ríkisstj. hefur sett varðandi þessi atriði.

Ég vildi aðeins að lokum segja það, að ég óttast ekki fyrir mitt leyti á neinn hátt, að við endurnýjun okkar togaraflota, sem nú stendur yfir, sé verið að gera of stór átök. Ég óttast miklu fremur hitt, að við hefðum þurft að gera meira, eins og þar er ástatt, hreinlega vegna þess, að fjárhagsgeta þeirra, sem verða að standa að endurnýjuninni, sé ekki nægilega mikil. Við skulum líka gæta vel að því, að þó að til þess komi, að hingað kæmu til landsins togarar samkv. þessum reglum, bæði vegna þeirra samninga, sem fyrrv. ríkisstj. gerði, og þeirrar fyrirgreiðslu, sem núv. ríkisstj. hefur heitið í þessum efnum, – þó að hingað kæmu togarar, sem

næmu í kringum 30 að tölu, eins og vel má vera, að geti orðið, en er þó talsvert mikið fyrir ofan þá tölu, sem þó liggur fyrir okkur í dag, sem verulega er líkleg, þá er þó augljóst, að togarafloti landsmanna verður að þeim 2–3 árum liðnum, þegar þessir togarar gætu hér allir verið komnir í gagnið, enn allmiklu minni en hann var fyrir rúmum 10 árum. Og við skulum líka hafa það í huga, að þessi togarafloti Íslendinga á að verða hér á okkar fiskimiðum á sama tíma sem við erum að gera ráðstafanir til þess að reka út af okkar fiskimiðum í kringum 300 erlenda togara, svo að það er auðvitað enginn vafi á því, að við erum hérna með því, sem við höfum sett okkur í þessum efnum, að gera ráð fyrir því, að hér verði á okkar fiskimiðum á næstu árum miklu færri togarar en hafa verið á miðunum um langan tíma, og einnig það, að við erum ekki að ganga lengra í sambandi við okkar eigin togararekstur en við höfum gert oft áður.

Það er svo hins vegar mikið vandamál, sem hér hefur aðeins verið drepið á, að það eru að sjálfsögðu nú eins og áður til ýmsir staðir á landinu, sem vildu gjarnan fá meiri fyrirgreiðslu en hina almennu fyrirgreiðslu til þess að kaupa sér togara, eins og þeir hafa áður sótt um aðstoð til þess að kaupa báta. Það er mikið vandamál, hvað er hægt að gera til þess að leysa úr vandamálum þeirra og í hvaða formi á að vera aðstoð við þá og hvað þannig kynnu að verða keyptir margir togarar. Um það þarf auðvitað að fjalla af aðilum, sem leita þurfa nákvæmra upplýsinga um öll mál, hvað réttast er að gera í þeim efnum.

Ég held, að ég hafi svo svarað því, sem beinlínis var hér beint til mín, og gert mínar almennu aths. í tilefni af ýmsu því, sem hér hafði fallið í orðræðum manna um þetta mál.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér þykir ljóst, að ég verði að taka af allar efasemdir um það, að hroll setji að mér í sambandi við þessi togarakaup. Ef aðeins væri um 11 togara að ræða, þá má vera, að svo færi, því að það þykir mér satt að segja allt of lítið til endurnýjunar á okkar togaraflota. Ég minnist þess þó, að í útvarpsviðtali við hæstv. sjútvrh. kom fram, að í undirbúningi væri og a. m. k. langt komið með kaup á töluvert fleiri togurum, mig minnir 20 eða 22. Jafnvel þá tölu hræðist ég alls ekki.

En það, sem ég vildi freista að fá fram með þeirri spurningu, sem ég lagði hér fram áðan, var, hver sú fyrirgreiðsla væri, sem hæstv. ríkisstj., og hæstv. sjútvrh. fyrst og fremst, teldi eðlilega í sambandi við þessi 15%, sem ég hef minnzt á, því að ég leyfi mér að fullyrða, að allmargir af þessum 11 togurum, sem hafa verið nefndir, og hvað þá af þeim 20, sem um hefur verið talað, hafa fengið vilyrði fyrir töluvert meiri fyrirgreiðslu en a. m. k. hefur legið í loftinu. Ég leyfi mér að fullyrða, að ýmsir af þessum aðilum hafi fengið vilyrði fyrir skammtímafyrirgreiðslu á allmörgum millj. af umræddum 15% og ég fyrir mitt leyti tel mjög vafasamt, að þar sitji allir, sem hafa sömu aðstæður, sömu skuldabréf og sömu möguleika til útvegunar fjármagns, við sama borð. Það er fyrst og fremst þetta atriði, sem ég hef áhyggjur út af, og ég tel satt að segja ríka ástæðu til þess að þetta verði afgreitt fyrr en síðar, vegna þess að margir af þessum væntanlegu togarakaupendum eru nú í miklum vandræðum, vegna þess að þeir fá ekki þá fyrirgreiðslu, sem aðrir hafa fengið. Ég held, að það sé bráðnauðsynlegt að líta á þennan þátt málsins án tafar. Svo eru vitanlega margir fleiri þættir, sem nauðsynlegt er að líta jafnframt á.

Hitt er svo annað mál, að ég er mjög ákveðinn stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. í skipulagshyggju og áætlunarmálum, því að ég hef talið, að það væru ein þau merkari ný vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. vill beita sér fyrir. Því hef ég nokkrar áhyggjur út af því, að þetta stóra mál, – og ég er ekki meiri karl en það, að mér finnst nú 4000 millj. kr. fjárfesting nokkuð stórt mál, – skuli ekki vera tekið inn í þá ítarlegu áætlunargerð. Ég veit, að það hefur legið á þessum togurum, en ég hygg þó, að enn sé tími til að líta á málið frá þeim sjónarhóli. Og sem stjórnarmeðlimur í margnefndri Framkvæmdastofnun ríkisins verð ég að viðurkenna það, að mér þótti nokkuð fróðleg þau ummæli hæstv. ráðh., að Framkvæmdastofnunin hefði, að því er mér skildist, mjög lítið með þetta mál að gera. Einn stærsti þátturinn í nýsamþykktu frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er einmitt sú áætlanagerð, sem stofnuninni er ætlað að taka upp. Og því er ekki að neita og ég er ekki að ljóstra neinu þar upp, þótt ég lýsi því hér, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur einmitt talið þetta mál svo viðamikið, að nauðsynlegt væri þegar og með forgangshraða að gera þar nokkra áætlun um, og er það starf að einhverju leyti hafið. Ef stofnunin á ekki að fjalla um áætlun á þessu sviði, vakna hjá mér margar spurningar um það, um hvað hún á í raun og veru að fjalla. Það verð ég að viðurkenna.

Vitanlega er ljóst, að allar slíkar áætlanir hljóta að verða samþykktar af hæstv. ríkisstj. En síðan tekur við lánadeild þessarar stofnunar, sem er ætlað að útvega fjármagn til slíkra framkvæmda í bæði það sem öðrum sjóðum er ætlað að standa fyrir, og jafnvel umfram það. Mér sýnist því satt að segja hlutverk þessarar stofnunar á umræddu sviði mjög veigamikið og mér sýnist rík ástæða til að fá úr því skorið, hvert það er, eftir ummæli hæstv. ráðh. hér áðan. Mér hrýs, eins og honum, ekkert hugur við því fjármagni, sem Fiskveiðasjóður út af fyrir sig þarf að leggja til þessara mála, enda dreifist það á nokkuð langan lánstíma, og ég, eins og hann, vænti þess fyllilega, að þessir togarar, þó að þeir verði 40 eða jafnvel fleiri, vinni vel fyrir sér og vel fyrir íslenzka þjóðarbúið. Þannig er þessi fjárfesting að mínum dómi fyllilega réttlætanleg. Engu að síður tel ég, að með þetta mál eigi að fara eins og aðrar stórar framkvæmdir í okkar þjóðfélagi. Þær á að vinna skipulega og samkv. góðum áætlunum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á velvild forseta. En mér kom nokkuð á óvart tónninn í ræðu hæstv. sjútvrh. út af þeim orðum, sem ég hafði látið hér falla, þar sem hann var að tala um eða finna að því, að það hefði verið hrollvekjutónn. Ég vissi ekki, hvort hann átti við okkur báða, mig og hv. 1. þm. Vestf., þó sennilega frekar við mig. Ég býst við, að hann hlífi honum nú frekar við átölum. En ekkert af því, sem ég sagði, var í neinu gagnrýnisskyni sagt, og það held ég, að allir hv. þdm. geti vottað. Ég var aðeins að spyrja hér um margvísleg atriði, sem máli skipta í sambandi við það, þegar á að auka togaraflota landsmanna, ja, um

hvort heldur er 20, 30 eða 40 skip. Honum ofbauð nú ekkert og var að tala jafnvel um, að héðan hyrfu 200–300 togarar, og yrðum við að hafa það í huga. Allt þetta erum við sammála um, að efla togaraflota landsmanna, og það var síður en svo, svo að ég endurtaki það aftur, að í mínum orðum fælist nokkur gagnrýni á því, sem hæstv. ríkisstj. væri að gera í þessum efnum, heldur aðeins hitt, að hér er um stórmál að ræða, og að segja það, að þetta litla frv. gefi ekki tilefni til umr. um málið. Ég sé ekki, að málið beri að Alþ. í nokkru öðru formi en með þessu litla frv., og að eini grundvöllurinn til að ræða um málið verði einmitt þetta frv., sem er hvorki meira né minna en um það, að ríkið veiti 80% ábyrgð til kaupa á ótakmarkaðri tölu skuttogara. Og ég verð að segja, að mér finnst það væri undarlegt kæruleysi hjá hv. þdm., ef þeir spyrðu ekki að ýmsum atriðum, eins og ég hef hér spurt og hv. 1. þm. Vestf. hefur einnig hér spurt að og upp í hugann hljóta að koma í sambandi við þetta mál, án þess að um nokkra sérstaka gagnrýni sé að ræða. Ég tel það svo síður en svo neitt álösunarefni í garð hæstv. ríkisstj., þó að því sé lýst yfir af sjútvrh., að Framkvæmdastofnunin hafi ekki með þetta mál að gera og það sé eðlilegra, að það sé í höndum sjútvrh. eða ríkisstj. Þá veit maður það, og það eru út af fyrir sig þarfar upplýsingar um það og nokkur staðfesting á því, að það hafi ekki verið svo ákaflega þarft að setja þessa stofnun á laggirnar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta ranglega eftir mér höfð ummæli um það, að ég hafi sagt hér eitthvað á þá leið, að Framkvæmdastofnunin hefði ekki með þetta mál að gera. Ég sagði hins vegar, að ákveðinn þátt þessa máls væri mjög eðlilegt, að hún hefði með að gera. Það væri beinlínis ætlað sem verkefni hennar samkv. lögum, en það væri það atriði málsins, sem að því snýr að útvega atvinnutæki til ýmissa byggðarlaga, sem ekki eru fullfær um að gera það sjálf. Hins vegar er mér ekki kunnugt um það ákvæði í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, að það sé hún, sem eigi að veita innflutningsleyfi á skipum eða fjalla um sérstaka heimild til þess að ákveða erlenda lántöku eftir þar til settum reglum. Og það var aðeins það, sem ég sagði, að þegar ríkisstj. hefur gefið út ákveðin fyrirheit um fyrirgreiðslu og aðilar koma og uppfylla þau skilyrði og sækja um það að fá að flytja skip inn í landið samkv. settum reglum, þá er það vitanlega, eins og alltaf hefur verið, verkefni ákveðinna stjórnarvalda og engin breyting til á því. Hins vegar væri það auðvitað alveg nýtt í þessu máli, ef annaðhvort Framkvæmdastofnunin eða einhver annar aðili ætti nú að fara að segja til um það, hvort tilteknir aðilar í landinu, sem geta borgað út sín 15% af skipunum, megi kaupa skipin til landsins. Það væri alveg sérstakt atriði. Og það er aðeins það, sem ég hef sagt. Það atriði flokkast hér undir allt aðra aðila.

Ég hef sem sagt aldrei sagt neitt um það, að Framkvæmdastofnunin hafi lítið um þetta mál að fjalla eða ekkert með það að gera, eins og hér hefur verið sagt. En það er rétt, að þetta er mitt álit, að það að gefa aðilum heimild til þess að flytja skip inn í landið, sem geta borgað þau, það hefur hingað til heyrt undir tiltekin rn. og gerir það, og því hefur ekki verið breytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 306, n. 570).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. d. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Hér er um að ræða lagabreytingu, sem er forsenda þess, að kaupendur hinna mörgu skuttogara, sem nú er verið að semja um smíði á erlendis, geti fengið lán erlendis, sem nemi 80% af kaupverði hvers skips. Til viðbótar fá svo kaupendur 5% lán úr Byggðasjóði og verða því sjálfir að leggja fram 15% af kaupverði. Um smíði skipa erlendis hefur gilt sú almenna regla, að kaupendur hafa fengið 67% lán með ríkisábyrgð og 5% að auki, samtals 72%, og þetta hefur gilt um öll skip nema sex stóra skuttogara, sem verið er að smíða erlendis og samið var um í tíð fyrri stjórnar, en þar var um sérstaka fyrirgreiðslu að ræða, eins og kunnugt er. Hvað snertir kaup á minni gerð skuttogara, er núna verið að auka opinbera lánafyrirgreiðslu um 13%, úr 72% í 85%, en til þess þarf sérstaka lagaheimild um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til viðbótar hinni einföldu ábyrgð, sem er að finna í fjárlögum 1972. Þessi sérstaka fyrirgreiðsla ásamt þeirri miklu bjartsýni í sjávarútvegsmálum, sem fylgt hefur í kjölfar ákvörðunarinnar um útfærslu landhelginnar, hefur haft í för með sér einstakan áhuga útgerðaraðila á skuttogarakaupum. Nú þegar mun vera gengið frá kaupum á 22 skuttogurum af meðalstærð utanlands frá til viðbótar þeim sex, sem áður hafði verið samið um. Þá eru ekki með taldir þeir bráðabirgðasamningar um togarakaup, sem gerðir hafa verið, en ekki hafa verið endanlega staðfestir af samningsaðilum og íslenzkum stjórnvöldum. Af þessum 22 togurum eru átta væntanlegir á árinu 1972, 13 væntanlegir á árinu 1973 og einn á árinu 1974. Kaupverð þessara 22 togara mun vera miðað við núverandi aðstæður um 2340 millj. kr., en kaupverð þeirra sex, sem áður var búið að semja um, mun vera um 844 millj. eða samtals um 3180 millj. Auk þessa verða svo allmargir togarar smíðaðir innanlands á næstu árum, eins og kunnugt er, og þeir eru ekki taldir með í þessum tölum. Ýmsar raddir hafa heyrzt um það, að hér væri of langt gengið og hér væri of stórt stökk tekið á skömmum tíma. Vissulega er það rétt, að hyggilegra hefði verið, að endurnýjun togaraflotans hefði byrjað fyrr og hún hefði dreifzt á lengra tímabil. Ég vil þó leyfa mér að undirstrika það hér, að það mikla skref, sem nú er verið að stiga, er tvímælalaust algerlega óhjákvæmilegt. Við verðum að treysta undirstöðu efnahagslífsins, framleiðsluna sjálfa, miklu betur en gert hefur verið, og sérstaklega er það sjálfsagt í kjölfar útfærslu landhelginnar, og segja má, að engin fjárfesting skili jafnmiklum og skjótum arði á jafnöruggan hátt eins og þessi.

Kaupverð þessara skipa er að verulegu leyti goldið með erlendu lánsfé. Fyrir 28 skip þurfum við að greiða að jafnaði 400 millj. kr. á ári í erlendum gjaldeyri, ef miðað er við, að við borgum skipin að öllu leyti upp á átta árum, sem við gerum nú sennilega ekki. En sé

miðað við átta ára tímabil, þá jafnar þetta sig út með 400 millj. kr. á ári, þessi fjárfesting. Og ég held, að það geti ekki talizt nein ofætlan okkar Íslendinga, þegar t. d. er höfð í huga sú staðreynd, að þjóðin eyddi á s. l. ári helmingi hærri upphæð, eða um 800 millj. kr., í einkabíla og byggði sér íbúðarhúsnæði fyrir um 2700 millj. Undirstaða efnahagslífsins má ekki gleymast eða verða út undan. Staðreyndin er auðvitað sú, að þessir 28 skuttogarar, sem í dag er frágengið að verði smíðaðir erlendis, auk þeirra, sem verið er að smíða innanlands, eru aðeins byrjunin, fyrsta stórátakið af mörgum, sem á eftir verða að koma, ef undirstaðan á raunverulega að standa undir þeim lífskjörum, sem við viljum búa við.

Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Árnason: Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en það sé gleðilegur vottur í okkar atvinnulífi, að svo mikill áhugi er til staðar eins og raun ber vitni um í sambandi við nýjar skipabyggingar. Og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, frsm. fjhn., í sambandi við þetta mál, þá er nauðsynlegt að treysta undirstöðu útgerðarinnar, sem er aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Undir þetta vil ég taka og ég er ekki viss um, að allir hv. alþm. hafi gert sér grein fyrir því, hvaðan er komin sú bjartsýni, sem leiddi til þess, að menn fengu áhuga á því að fara út í auknar skipabyggingar hér á landi og stóraukna útgerð. Við vitum, hvernig komið var á árunum 1967 og 1968, þegar segja mátti, að ekki væri neinn fjárhagslegur grundvöllur undir rekstri útgerðarinnar eða fiskvinnslunnar í landi. Ástandið var orðið þá þannig, að menn óskuðu helzt, sem áttu atvinnutækin, að þau væru stöðvuð, og menn höfðu ekki grundvöll fyrir rekstri skipanna. Þá var það, að fyrrv. ríkisstj. gerði þær ráðstafanir, sem vöktu þann aukna áhuga, sem hefur komið fram nú í seinni tíð í sambandi við aukna útgerð í þessu landi og aukna fiskvinnslu. Það er rétt, að hér er um geysilega stórar fjárhæðir að ræða, sem þarf til þessara framkvæmda, og varðandi þessi skip, sem hér hefur verið rætt um, hvorki meira né minna en 3184 millj. kr., eins og hv. frsm. fjhn. sagði hér áðan. En okkur Íslendingum er hollt að líta í fleiri áttir í sambandi við útvegsmálin, því að við megum passa okkur á, að við stöðnum ekki um of í þessum efnum. Og þegar horft er til þess ástands almennt séð, sem í okkar útgerðarmálum ríkir nú og fram undan er, þá verður ekki annað sagt en opinber stjórnvöld geri of lítið af því að huga að fleiru en bara því að byggja skip. Við verðum líka að tryggja það, að við getum fullunnið eða komið í verð þeim afla, sem þessi nýju skip, sem koma til landsins á næstu mánuðum og árum og sem nú er búið að semja um, munu væntanlega draga í bú.

Ég verð að segja, að mér finnst það vera fullkomlega eðlilegt, að inn á þetta sé komið um leið og verið er að afgreiða slíkt stórmál sem hér um ræðir í sambandi við stórauknar skipabyggingar. Í sambandi við landhelgismálið vitum við, hvað að okkur snýr, a. m. k. í dag hjá þeim stórþjóðum, sem við höfum átt okkar aðalviðskipti við, og fisksölumál, a. m. k. sala á ísfiski, hafa byggzt á undanförnum árum og áratugum á Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi. Við vitum, hvernig horfir nú í dag samkv. þeim röddum, sem þaðan berast hingað til landsins. Og ef þeir gera alvöru úr því, sem þeir hafa sagt varðandi viðskipti okkar með afurðir fiskiðnaðarins, þá þurfum við að íhuga alvarlega og gera okkur grein fyrir því, að því aðeins munu þessi væntanlegu nýju skip skila þjóðarbúinu þeim arði, sem vonir eru tengdar við og ætlazt er til, að fyllilega sé tryggt, að við getum selt þann afla, sem að landi berst, og unnið hann, eftir því sem á þarf að halda.

Því miður verður að segja það, að það hefur verið allt of mikið andvaraleysi hjá ríkisstj. og stjórnvöldum í þessu landi gagnvart því að bæta hag fiskvinnslunnar í landinu, og það skyldu menn þó gera sér ljóst, að það er ekki nóg að afla fiskjarins. Það verður líka að sjá fyrir því, að hægt sé að nýta fiskaflann. Og við vitum líka að fengnum upplýsingum með nægum fyrirvara frá einni okkar langstærstu viðskiptaþjóð, Bandaríkjunum, að nú stendur fyrir dyrum að gera breytingar á hreinlætisaðstöðu í fiskvinnslustöðvunum, sem getur haft úrslitaáhrif um það, hvort við getum haldið viðskiptum á næstu árum við þessa viðskiptaþjóð. Það er ekkert gert til þess að fjármagna þessa hluti um leið og við önum áfram og byggjum ný skip og flytjum þau hingað til landsins, til þess að geta tekið þátt í stórauknum fiskveiðum.

Eins og ég sagði áðan, er það gleðilegur vottur, að við aukum okkar skipastól. En við verðum að hafa jafnhliða því einhverja fyrirhyggju og fyrirsjón í þeim málum að geta nýtt þann afla, sem að landi mun berast. Og ég álít, að eins og nú horfir, þá sé það mjög vanhugsað af ríkisstj. að geyma lengur að gera nauðsynlegar ráðstafanir í fjárútvegun til þess að endurbyggja frystihúsin og bæta aðstöðuna í landi, þannig að við verðum fullfærir um að nýta þann sjávarafla, sem hin væntanlegu, nýju og stórvirku fiskiskip, sem koma til landsins á næstu mánuðum og árum, munu leggja hér á land. Ég álít, að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða fyrir efnahagslíf íslenzku þjóðarinnar, ef ekki verður þegar nú á næstunni hafizt handa um það að gera átak vegna fiskiðnaðarins og skapa frystihúsunum aðstöðu til þess að geta endurskipulagt og endurbyggt aðalfiskvinnslustöðvarnar, sem eru frystihúsin. Enn sem komið er hefur ekkert heyrzt frá stjórnvöldum um það, hvað þeir hugsa, hvernig eða á hvern hátt þeir hugsa sér að fjármagna þessar framkvæmdir. En það má öllum vera ljóst, að við svo búið má ekki lengi standa, og því aðeins verða þessar björtu vonir, sem útgerðarmenn hafa nú í sambandi við skipabyggingar, að veruleika og að hagstæðum árangri fyrir þjóðarbúið, að við gleymum ekki öðrum endanum, við gleymum ekki að byggja upp aðstöðuna í landi til þess að taka á móti þessum afla.

Við munum eftir því, að á þeim árum, sem við stóðum í hinu svokallaða þorskastríði við Breta, jókst geysilega mikið það aflamagn, sem barst á land. Þá hafði staðið yfir um þó nokkuð langan tíma uppbygging frystiiðnaðarins í landinu og það var engu öðru frekar að þakka en einmitt því, að frystihúsin voru þá fær um að taka á sig stóraukið fiskmagn til vinnslu og hagnýtingar í landi, að ekki fór verr, sem ella hefði farið, ef slík aðstaða hefði ekki verið fyrir hendi í landinu. Nú er það hins vegar svo, að fyrir liggur, eftir því sem upplýst er, að Bandaríkjamenn láti verða úr því að stórauka kröfur til hreinlætis í þeim fiskvinnslustöðvum, sem þeir vilja kaupa fisk af. Þetta er alveg á

sama hátt og hefur átt sér stað með landbúnaðarafurðirnar. Við þekkjum það af reynslu undanfarinna ára, að það hafa verið örfáar vinnslustöðvar, sláturhús í þessu landi, sem hafa verið viðurkennd og Bandaríkjamenn hafa viljað taka við afurðum frá, og ef það færi á sama hátt með fiskiðnaðinn, að það væru ekki nema örfá hús í þessu landi, sem væru fær um að taka við framleiðslunni, þá sjá allir heilvita menn, hvert stefnir í þessum málum.

Ég taldi eðlilegt að segja þessi fáu orð í sambandi við afgreiðslu þessa máls varðandi kaup á nýjum skuttogurum til landsins, vegna þess að mér finnst, að Alþ. eigi ekki að horfa fram hjá þessu brýna nauðsynjamáli, sem verður að leysa á næstu mánuðum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með meðmælum varðandi þetta frv., og þau orð, sem ég segi hér, eru því ekki til að gagnrýna það mál, heldur til að víkja að nokkuð öðru atriði, sem snertir þetta viðfangsefni, sem hér er verið að fást við.

Við 1. umr. málsins vék ég nokkrum orðum að þessu vandamáli í heild, sem við stöndum hér andspænis, og gerði þá nokkrar fsp. varðandi þær ríkisábyrgðir, sem ætlunin er að veita, og hæstv. fjmrh. svaraði þeim þá efnislega, þannig að ég sé enga ástæðu til þess að endurtaka þær fsp. Það er að vísu nokkuð óvenjulegt í sambandi við ríkisábyrgðir, sem hér um ræðir, jafnmiklar og hér er um að tefla, að það skuli ekki vera sett ákveðin takmörk varðandi fjölda þeirra skipa, sem við er miðað eins og t. d. var gert varðandi stóru togarana, – var á sínum tíma gert, þegar 10 togararnir voru keyptir og nýsköpunartogararnir á sínum tíma. En þetta er vitanlega ekki höfuðatriði. Ef hæstv. fjmrh. sér ekki ástæðu til þess að setja um það ákveðin takmörk í lögunum sjálfum, þá verður það að sjálfsögðu á hans valdi, hvernig hann framkvæmir þessar ábyrgðir, og ég hef ekkert við að athuga, hvernig hann hugsaði sér að tryggja það, að ekki kæmi til áfalla fyrir ríkið í sambandi við ábyrgðirnar.

Hinu er auðvitað ekki að leyna, sem hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm., kom hér að og reyndar einnig hv. 2. þm. Vesturl., að það er nokkurt vandamál, hvernig uppbyggingu togaraflotans ber að og hversu miklar sveiflur er um að ræða, þar sem nú er fyrirhugað að smíða 30 og jafnvel fleiri togara, ef svo má segja, í einu, þ. e. á 2–3 árum. Þetta er ekki nýtt, að svona skriða hafi gengið yfir. Það gerðist á nýsköpunarárunum, þegar 30 togarar voru smíðaðir, og gerðist síðar, þegar samið var um 10 togara. Það hefur einnig gerzt á fleiri sviðum í sjávarútvegi. Það gerðist á árunum 1960–1965, þegar allur bátafloti landsmanna var í rauninni endurbyggður, og það er sá floti, sem hefur hvað mest fært af verðmætum að landi, en þetta var á þeim tíma, þegar síldin lét aftur til sín taka, og þessi endurbygging bátaflotans hefur gert mögulegt að sækja síldina mjög fjarri ströndum landsins. Og þess vegna hefur það haft sína miklu þýðingu.

Það varð svipuð skriða á öðru sviði einmitt á þessum árum, þegar síldarverksmiðjurnar mörgu voru byggðar, sem nú því miður standa auðar og ekki eru líkur til, að verði notaðar í náinni framtíð. En þetta er eitt af því, sem við Íslendingar verðum að horfast í augu við varðandi sjávarútveginn og erfiðleikana á að gera ætlanir fram í tímann eða vita, hvernig hann þróast. Hann getur gersamlega breytzt frá einu ári til annars eða a. m. k. frá einum áratug til annars, þannig að dýrar framkvæmdir verði í rauninni verðlitlar eða verðlausar, og ástæðan til þess, að ekki var ásókn í það að endurnýja togaraflotann, vitum við allir, að var sú, að ekki var grundvöllur undir rekstri togaranna, og meðan hið síðasta síldarævintýri stóð yfir, þá einbeittu menn öllum kröftum sínum að því og hér er auðvitað mjög erfitt að koma við skipulagningu. Það verður að haga sér eftir því, hvernig ástatt er hverju sinni eða hvaða verðmæti sjávarins það eru, sem gjöfulust eru, og hvaða leiðir eru færastar til þess að ná þeim verðmætum. En óneitanlega veldur það lítilli þjóð eins og Íslendingum miklum erfiðleikum að leggja í stórkostlegar fjárfestingar, sem svo síðar kannske eftir stuttan tíma standa verðlitlar. Það skulum við vona, að ekki hendi varðandi skuttogarana. Það er engum efa bundið, að þar er um að ræða endurnýjun á skipastólnum, sem eins og ástæður eru nú er fullkomlega eðlileg, og líkur eru til þess, að þessir togarar skili betri árangri og verði hagkvæmari í rekstri heldur en hinir eldri togarar.

En það, sem var eiginlega kjarni þess, að ég taldi rétt að segja nokkur orð um málið, er það, að ég tel, að á því sé mikil nauðsyn nú, að í framhaldi af þeirri skriðu, sem nú hefur orðið að ganga yfir með skjótum hætti í sambandi við endurnýjun togaraflotans og ekki er ágreiningur um, þá verði leitazt við að vinna skipulega á næstu árum að endurnýjun togara- og bátaflotans, þannig að þetta verði ekki með þeim skriðuföllum eins og ég hef áður vikið að og við stöndum nú andspænis, sem sagt síðustu og nýjustu skriðunni af þessu tagi, endurnýjun skuttogaranna nú. Og þá kemur til annar vandi, sem ekki hefur verið hægt að mæta í sambandi við endurnýjunina nú, en það er að hafa hliðsjón af verkefnum skipasmíðaiðnaðarins. Þetta er nýr iðnaður hér á landi, en getur átt fyrir sér og við hljótum að stefna að því, að eigi fyrir sér að verða stóriðnaður á okkar mælikvarða, og það er fullkomlega eðlilegt, að við Íslendingar stefnum að því, eftir því sem við getum, að smíða okkar fiskiskip sjálfir. Það er þegar komin sú reynsla af skipasmíðum hér á landi, að ljóst er, að við erum þess megnugir að smíða skip, sem henta mjög vel okkar aðstæðum og eru fullkomlega samkeppnisfær við erlend skip.

Vitanlega gátu íslenzkar skipasmíðastöðvar ekki leyst þann mikla vanda, sem nú var fyrir dyrum, að fullnægja óskum manna um kaup á skuttogurum. En ég held, að eftir að þessi skriða er nú afstaðin, þá sé mjög mikilvægt, að skipulega verði að því unnið, að á næstu árum verði skipasmíðaiðnaðurinn byggður upp með þeim hætti og unnið þannig að endurnýjun skipastólsins að leitazt verði við, að íslenzkur skipasmíðaiðnaður verði hagnýttur sem bezt í því sambandi. Nú er að vísu ekki hér við að stríða atvinnuleysi og við vonum, að það verði ekki á næstu árum. En þó vitum við aldrei um það og það er a. m. k. mjög mikilvægt, að þessi iðnaður – að því leyti sem hann hefur verið upp byggður – hafi nægileg verkefni og einnig að hann þróist með eðlilegum hætti, þannig að við stefnum markvisst í þá átt, að eftir því sem þjóðinni fjölgar, gæti skipasmíðaiðnaðurinn einmitt tekið við fleira af hinu nýja, starfandi fólki. Þetta veit ég, að er út af fyrir sig enginn ágreiningur um,

og ég geri alveg ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi skilning á þessu viðfangsefni, en nú nýlega t. d. gerðist það, sem ég er út af fyrir sig ekkert að deila á, að samkomulag varð um það við Slippstöðina á Akureyri að hætta smíðum hinna stóru togara, sem þar hafði verið samið um smíði á. Það er að vissu leyti eftirsjá að því, að það skyldi verða talið nauðsynlegt að gera þetta, því að það hefði verið mikils virði, ef við hefðum vegna einmitt þeirra togara, sem við erum að eignast, haft reynslu í smíði togara af svipaðri gerð. En eins og ég segi getur vel verið, að hér hafi verið um óumflýjanlegt mál að ræða, þar sem ljóst var, að þessir togarar yrðu ekki viðráðanlegir hvað kostnað snertir, en að sjálfsögðu er nauðsynlegt um leið og þetta gerist að sjá til þess, að þessi langstærsta skipasmíðastöð landsins hafi nægileg verkefni og geti byggt sig upp með eðlilegum hætti á næstu árum. Ríkið sjálft er orðið stór aðili að þessari stöð, og við heyrum, að aðrar stöðvar hafa fengið verkefni. Slippstöðin á Akureyri hefur einnig verkefni í bili, en eins og við öll þekkjum, þá eru skipasmíðar með þeim hætti, að það er nauðsynlegt, að vitað sé um verkefni nokkuð löngu fyrir fram, og þetta á sinn aðdraganda að undirbúa verkefni í skipasmíðum, þannig að það þarf að vinna að því nokkuð kerfisbundið með 2–3 ára fyrirvara, að stöðvarnar hafi sín viðfangsefni og geti treyst á, hvaða verkefni þær hafa.

Þessa vildi ég aðeins geta. Í þessum orðum mínum felst ekki nein gagnrýni á það frv., sem hér er um að ræða, nema síður sé, né heldur á þau togarakaup, sem hafa átt sér stað og sem einstaklingar og byggðarlög hafa ráðizt í af mikilli nauðsyn, heldur aðeins hitt, að við reynum á næstu árum að vinna skipulega að þessum málum, að halda áfram hóflegri uppbyggingu og hafa þá einnig hliðsjón af nauðsyn þess að efla íslenzkan skipasmíðaiðnað og búa honum nægilega sterka aðstöðu í landinu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vildi ég aðeins segja það, að ríkisstj. hefur nýlega gert um það samþykkt, að hún skuli fyrir sitt leyti stuðla að því, að tekin verði upp raðsmíði nokkurra skuttogara hér innanlands, og mér er óhætt að segja það, að hún hafi fullan áhuga á því. Og ég get að sjálfsögðu tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um nauðsyn þess að byggja upp skipasmíðaiðnaðinn í landinu og það sé gert með fyrirhyggju og skipulegum hætti.

Ég hygg nú, að þrátt fyrir þá mörgu togara, sem nú hafa verið keyptir til landsins og sem menn hafa haft mikinn áhuga á að eignast, en sem sumum þykir nóg um að því er virðist, þá sé nægur áhugi enn hjá mörgum aðilum til þess að eignast togara. Og það liggja enn fyrir óskir um það efni, og þegar hefur fyrirtæki í skipasmíðaiðnaðinum hér í nágrenninu tekizt að gera samninga um smíði þriggja togara, og er þar með komið inn á þann grundvöll að nokkru leyti, sem að er stefnt af hálfu ríkisstj. Að sjálfsögðu ætti það ekki að vera síður áhugamál ríkisstj., að Slippstöðin á Akureyri, sem ríkið á nú meiri hluta fullkominn í, verði ekki verkefnalaus á næstunni. Ég hygg, að þar sé svo ástatt, að það séu næg verkefni þar fyrir hendi nokkuð nú fram undan og að hún gæti ekki snúizt við því af skyndingu að taka upp smíði togara. En hitt er sjálfsagt, að vinna að því, að þar geti verið smíðaðir togarar einnig, sem geti þá komið að nokkru leyti í stað þeirra togara, sem horfið var frá að smíða þar samkv. ósk og ákvörðun fyrirsvarsmanna stöðvarinnar. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Ég tek alveg undir það, að æskilegt sé, að það séu ekki mjög miklar sveiflur í þessari uppbyggingu, heldur að hún komi með jöfnum og stígandi hraða. En menn verða bara að aðgæta það, að skýringin á því stökki, sem nú er tekið, er sú, hve lengi endurnýjun togaraflotans lá niðri, og í raun og veru er hér um að ræða miklu meira en endurnýjun, vegna þess að nú er og hefur verið unnið að því markvisst, að togarar þessir, skuttogarar af þessari millistærð, komi á ýmsa þá staði, þar sem áður hefur ekki verið hugsað til þessarar útgerðar. Ég álít, að ef vel tekst til í þessu efni, geti það haft í för með sér geysilega breytingu til bóta fyrir marga þá staði úti um landið, sem hér er um að tefla. Hitt er svo annað mál, sem menn verða auðvitað að gera sér ljóst í sambandi við þessi togarakaup og togaraútgerð, að það hentar mismunandi stærð af skipum á hinum ýmsu stöðum. Þess vegna væri lítið vit í því og dettur heldur engum í hug, geri ég ráð fyrir, að það eigi að kaupa togara til allra útgerðarstaða á landinu. Það er engin ástæða til þess, þar sem mið eru það nærri, að þar henta betur önnur og minni skip. Og auðvitað verður að halda á þessu með fullri skynsemi og vinna einmitt að því á skipulegan hátt og með áætlun. Og það er einmitt meiningin að gera það, þó að þetta stökk hafi nú orðið nokkuð stórt.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði hér um nauðsyn á því, að fram færi endurnýjun í frystihúsunum, þá hygg ég, að sú nauðsyn sé öllum ljós, það hefur verið unnið að athugun í því efni og er unnið að athugun í því efni, og það er og verður líka unnið að því að afla fjár til þess að standa undir framkvæmdum í því efni. Það er enginn vafi á því, að þetta er eitt brýnasta verkefnið, sem bíður á næstunni, fyrir utan fiskiskipakaupin, og ég held, að hann þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af að í því efni sé sofið á verðinum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég er því efnislega hlynntur og er ánægður með það, að þetta skref skuli vera tekið og fleiri gerðir keyptar. Ég man þó það, að þegar fyrrv. ríkisstj. var með kaupin á stærri skipunum, þá benti ég á það einn þm., að það væri nú rétt að hafa fleiri gerðir í huganum, einmitt vegna þess sem hæstv. forsrh. benti á núna í lok sinnar ræðu, að sömu stærðir fiskiskipa eða togara henta ekki alls staðar á landinu. Og þetta er auðvitað alveg rétt, og það meta viðkomandi aðilar á sínum stað. Þess vegna er áhuginn mismunandi á skipagerðum og stærðum.

Þessi gerð, sem er kölluð skuttogari, þarf sérstaka, mikla fyrirgreiðslu og er það sennilega nauðsynlegt. Hins vegar hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, nema þá varðandi innlenda skipasmíði, að fiskiskip fengju jafnmikla fyrirgreiðslu eins og togararnir. Innlenda skipasmíðin hefur fengið góða fyrirgreiðslu, allt upp í 85%, jafnvel í sumum tilfellum meira og er það vel. Hvort það heldur áfram veit ég ekki um, en mig

langar til að forvitnast um það í sambandi við togarasmíði hér heima, hvort þessir togarar, sem verða sennilega dýrari, þegar til uppgjörs kemur en erlendis frá og er ekkert við því að segja, hvort þeir njóti fyrirgreiðslu allt að 90% og hvað sé um gengisáhættu, því að það skiptir verulegu máli. Það er veruleg hvöt til þess að smíða skipin hér heima, ef slík fyrirgreiðsla er möguleg. Hún er auðvitað erfið, en kannske tekst það.

Það er talað um, hvers vegna þessi bylgja skellur á núna, og eins gefið í skyn svona á milli línanna, a. m. k. af öðrum ræðumönnum, að einhver ófreskja hafi verið því valdandi. Mig minnir nú, að hæstv. núv. sjútvrh. hafi verið stjórnarmaður í stóru útgerðarfyrirtæki á ákveðnum stað á landinu, og það fyrirtæki varð nú að leggja upp laupana, og kannske var það eðlilegt, vegna þess að það voru önnur atriði, sem kitluðu þá til starfsreksturs, nefnilega síldin. Hún flæddi yfir Austfirði og þá var rýr afli á togara. Þeir Norðfirðingar áttu ágætis skip, en töldu það skynsamlegt rekstrarlega séð fyrir sjálfa sig og bæjarfélagið að söðla um, og lái ég þeim það ekkert þannig séð. En áhugi manna dofnaði á togaraútgerð á þessu tímabili, þegar síldin gaf verulega mikið víða um land, og fari nú svo, að síldin bulli upp aftur bæði fyrir Austfjörðum og annars staðar, þá kynni nú svo að fara, að eitthvað færi að toga í þann mannskap, sem er á togurunum, yfir á síldarskipin aftur. Það má ímynda sér þann möguleika. Við höfum nú friðað síldarstofninn og vitanlega kemur síld, hvort sem hún kemur eftir tvö ár eða sex ár, hún kemur fyrr eða síðar, og þá vona ég, að menn haldi jafnvægi sínu í ljósi reynslunnar, bæði varðandi togarana og síldina, og báðar starfsgreinarnar fái skynsamlegan rekstrargrundvöll, því að þegar til lengdar lætur, þá er það heppilegast. En ég er ánægður með það, að togarasmíði er hér möguleg innanlands jafnframt því sem eðlilegt er að kaupa skip sem fyrst frá útlöndum. Hins vegar er ég ekkert of kátur yfir því, að nærri tugur skipa sé keyptur í einu lagi í gegnum eina samninga, vegna þess að við fáum þá með slíkum stórkaupum þá vankanta, sem um er að ræða. Skipin verða samtímis úrelt, og eðlileg þróun í þessu er nauðsyn. Það þekkjum við, sem höfum staðið í þessu undanfarin ár, en 3–4 skip eins eru rökrétt vinnubrögð frá mínu sjónarmiði, en ekki svo að skipti tugum. Það er ekki æskilegt. Það sýnir reynslan. Og við sjáum það, að svokallaðir nýsköpunartogarar eru allir úreltir í dag á sama tíma eða mjög svipuðum tíma og þá kemur þessi bylgjuhreyfing sífellt fram, nema öðruvísi sé staðið að kaupunum. Ég styð þetta frv., enda skrifaði ég undir nál. og tel hér vel að verki staðið hjá ríkisstj., en við skulum samt gera okkur grein fyrir því, að svo getur farið, að rekstur togara geti verið erfiður.

Einn þátt í sambandi við nýtingu fiskimiðanna, af því að við erum að tala um landhelgina í þessu sambandi, er nauðsynlegt að skoða mjög gaumgæfilega, með hvaða hætti þessi skip eiga að fá að fiska í okkar lögsögu, þegar við höfum náð þeim áfanga að hafa fullkomin yfirráð yfir okkar fiskveiðilögsögu út í 50 mílurnar. Um það geta orðið nokkur átök. En til þess að þessir togarar geti fengið að njóta sín fyllilega og komið með þann afla að landi, sem við vonumst til, að þeir geri, þá þarf að minni hyggju að endurskipuleggja veiðifyrirkomulag hjá okkur á þessu svæði.

Jón Árnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri enn þá nægur áhugi hjá fleiri aðilum, sem vildu kaupa togara, og efast ég ekki um, að það sé rétt út af fyrir sig. Hitt er annað mál, hvort það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að orsökin fyrir því, að nú er í jafnstórum stíl ráðizt í togarasmíði eins og raun ber vitni um, sé sú, sem hæstv. forsrh. hélt hér fram, að endurnýjun togaraflotans hafi legið svo lengi niðri. Það er ábyggilegt, að það eru fleiri ástæður til þess, að sú mikla alda hefur risið í sambandi við togarakaup og togarasmíði nú, en sú, hvað þetta hefur lengi legið niðri, endurnýjun togaraflotans.

Það er búið að benda á það auðvitað við þessa umr. og oft við aðrar umr. hér að undanförnu á Alþ., að orsakanna er að leita til fleiri atriða í sambandi við þetta. Og eitt af því er m. a. það, sem hv. síðasti ræðumaður benti réttilega á. Um langan tíma var það svo, að það var ekki nokkur fjárhagslegur grundvöllur fyrir hendi hér í þessu landi til að reka togaraútgerð. Og þó að nú hafi bætzt við ýmsir staðir úti á landi, sem ekki hafa rekið togaraútgerð áður og ætla að byggja upp sitt atvinnulíf í framtíðinni með rekstri og nýtingu afla af togurum, þá erum við ekki búnir að sjá það neitt í sambandi við framtíðina, hvaða afleiðingar það hefur og hvað affarasælt það verður. Ég minnist þess, þegar við réðumst í þetta á Akranesi á sínum tíma að hefja bæjarútgerð og rákum um þó nokkurt tímabil tvo togara. Útkoman varð svo sú hjá bæjarfélaginu, þegar það gafst upp við þennan rekstur, að það sat uppi með stórtap, sem hafði verið dekkað á mörgum árum, en skuldir upp á 40 millj. kr., sem bæjarbúar hafa á undanförnum árum jafnað niður á sig í útsvörum til þess að greiða þær, hvorki meira né minna en 40 millj. Og við sjáum væntanlega allir, að hvað einstaklingum viðkemur má það vera augljóst mál, að það er á fárra manna færi að taka á sig jafnstórar fjárbyrðar eins og átti sér stað og mörg sveitarfélög og einstaklingar urðu að taka á sig á þeim tíma, þegar grundvöllur var ekki fyrir hendi. Við skulum bara vona, að slíkt eigi ekki eftir að endurtaka sig í þessum efnum í okkar landi fyrir togaraútgerð, því að ef svo verður, þá er það vissulega mikið áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga með þann glæsilega skipastól, sem á eftir að koma í náinni framtíð í okkar landi.

Nei, það er vissulega ánægjulegt, að svo mikil bjartsýni skuli vera fyrir hendi í sambandi við útgerðina, og vonandi er, að sú bjartsýni eigi við rök að styðjast og að framtíðin beri það í skauti sér, að togarasmíðin og þessi stóraukna skipasmíði yfirleitt eigi framtíð fyrir sér, og því vil ég treysta.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það, sem hann sagði í sambandi við annað, sem ég vék að í minni fyrri ræðu, varðandi aðstöðuna í frystihúsunum, sem hann tók undir, að væri mjög nauðsynlegt að vinna að og ráða bót á sem fyrst. Og hæstv. ráðh. sagði: Það er unnið að og verður unnið að því að afla fjár til endurbóta á frystihúsunum, og þm. þarf ekki að hafa áhyggjur af því, að ekki verði séð fyrir fjármagni til þeirra framkvæmda. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa yfirlýsingu og ég vænti þess bara, að það þurfi ekki að bíða langan tíma, að efndir verði á, að slík yfirlýsing komi til framkvæmda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 306, n. 632).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

---

33. Fjáraukalög 1969.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1969 [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 6 er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1969. Það skortir á 665.6 millj. kr., að heimild Alþ. sé fyrir þeim útgjöldum, sem þar fóru fram úr áætlun fjárlaga og þeirra laga annarra, sem sérstaklega höfðu verið samþ. um fjárveitingar. Við afgreiðslu á ríkisreikningi fyrir árið 1969 lögðu yfirskoðunarmenn ríkisreikninga til, að leitað yrði heimildar fyrir öllum þessum greiðslum, sem hér er till. um, og er þar um að ræða greiðslur vegna allra rn. nema viðskrn. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að Alþ. heimili þessar greiðslur, og lagt er því til með þessu frv., að þær verði samþykktar.
Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 260).

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég biðst nú afsökunar á því, að þetta mál hefur dregizt, að dregizt hefur, að talað væri fyrir því, en það er orðið býsna langt síðan fjvn. gekk frá þessu máli og skilaði, líklega fyrir jól, samhljóða áliti um samþykkt á þessu frv. Ég vissi nú ekki annað, því miður, heldur en þegar hefði verið talað fyrir þessu máli, það hefði verið gert þegar ég var fjarverandi frá þinginu alllengi í jan. og febr., en svo virðist ekki vera. Ég vil geta þess, sem sagt, að fjvn. var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Forseti (EystJ): Út af orðum hv. frsm. vil ég geta þess, að ég kann ekki skýringar á því, hvernig á því stendur, að þetta mál er ekki fyrr á dagskrá. Það virðast hafa orðið hér einhver mistök.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþykkt með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Sþ., 5. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

34. Stöðugt verðlag.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta

frv. er um staðfestingu á brbl. um framlengingu verðstöðvunarlaga til áramóta. En jafnframt því sem verðstöðvunarlög voru framlengd til áramóta, var gerð sú breyting á, sem hv. þm. er kunn, að það voru leiðrétt þau ákvæði í verðstöðvunarlögunum, sem lutu að vangreiðslu á vísitölu, þannig að kaupgjaldsvísitalan var leiðrétt um 1.3 vísitölustig, sem fellt hafði verið niður í verðstöðvunarlögum, og tekin inn í vísitöluna þau 2 vísitölustig, sem ekki áttu inn í hana að reiknast samkv. verðstöðvunarlögum. Þetta frv. er sem sagt aðeins um staðfestingu á þessum brbl., um framlengingu verðstöðvunarlaganna. Mér er ekki kunnugt um, að útgáfa þeirra brbl. eða sú ákvörðun að framlengja verðstöðvunina til áramóta hafi sætt nokkurri gagnrýni, heldur hygg ég, að hún hafi af öllum eftir atvikum verið talin eðlileg. Þess vegna sé ég nú ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, nema tilefni gefist til. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv., sé að lokinni umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um, þá fjallar þetta frv. að meginefni um það, að framlengdar skuli ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, þ. e. verðstöðvunin, sem samþ. var af Alþ. alllöngu fyrir síðustu áramót eða nokkru eftir að þing kom saman haustið 1970. Málið hefur því efnislega verið rætt áður hvað meginkjarna þess snertir og það var því eðlilegt, að hæstv. forsrh. teldi ekki ástæðu til að ræða það ítarlega, enda e. t. v. skiljanlegt með hliðsjón af forsögu málsins, en ég vona, að hv. þdm. afsaki það, þó að ég geri frv. nokkuð að umtalsefni. Ég tek það skýrt fram, að það er ekki vegna þess, að það feli í sér andstöðu við frv. sem slíkt, – ég tel, að það eigi fullkominn rétt á sér og þessi ráðstöfun hafi verið eðlileg og sjálfsögð, – heldur vegna þess, sem áður hefur fram komið um þetta mál, vegna þess að það voru á s. l. hausti mjög í sviðsljósinu og einnig í síðustu kosningum gerðir mjög að umtalsefni og árásarefni á þáverandi ríkisstj. nánast þeir bakþankar, sem lægju að baki verðstöðvuninni. Ég skal reyna að orðlengja þetta ekki meira en ástæða er til, en aðeins draga upp nokkra mynd af forsögu málsins til þess að skýra málið og afstöðu mína og Sjálfstfl. til þess.

Það er öllum hv. þm. í fersku minni, að eftir erfiðleikaárin 1967–1969, þar sem vissulega varð að leggja ýmsar kvaðir á almenning, – og skal ég ekki um það hefja neinar umr., og tel enda ekki, þó að ég reki þetta mál í höfuðatriðum, ástæðu til að fara að efna hér til almennra efnahagsumræðna, heldur mun ég aðeins draga upp mynd af forsögu málsins – þá þótti sýnt á árinu 1970, að hagur atvinnuveganna hefði batnað það verulega, sérstaklega útflutningsframleiðslunnar, að hægt væri að bæta almenningi verulega upp kjaraskerðinguna, sem hafði verið óumflýjanleg á erfiðleikaárunum. Þessu lýsti ríkisstj. þá yfir og það var í samræmi við hennar skoðun, að kjarabætur yrðu allverulegar við kjarasamningana 1970. Hins vegar var á það lögð rík áherzla af hálfu þáverandi ríkisstj., að nauðsyn bæri til, að kjarabæturnar yrðu með þeim hætti, að ekki yrði hleypt af stað nýrri verðbólguskriðu og þær væru innan þeirra marka, sem gjaldþol atvinnuveganna þyldi. Það var ljóst, að gjaldþol atvinnuveganna var mjög mismunandi. Það var fyrst og fremst útflutningsframleiðslan og sérstaklega sjávarútvegurinn, sem hafði bætt verulega stöðu sína. Hins vegar höfðu innlendar framleiðslugreinar, bæði innlendur iðnaður, landbúnaður og þjónustugreinar, svo og að sjálfsögðu opinber starfsemi, ekki það aukna gjaldþol, að hægt væri að taka við verulegum hækkunum kaups, án þess að það kæmi fram í hækkuðu verðlagi og hækkuðum tilkostnaði. En það var talið auðið að framkvæma einmitt raunhæfa kjarabót með þeim hætti að fara tvær leiðir sameiginlega að markinu, fyrst og fremst að hækka nokkuð stofngengi íslenzkrar krónu, sem leiddi af sér, að kauphækkunin kæmi fyrst og fremst fram hjá útflutningsframleiðslunni, og í annan stað mundi verða auðið að framkvæma nokkra allsherjar kauphækkun. Það var reiknað út af Efnahagsstofnuninni, að með þeim aðferðum sameinuðum væri hægt að bæta verulega kjörin, án þess að þyrfti að koma til nýrrar verðbólguöldu. Ríkisstj. vakti athygli samningsaðila á þessum staðreyndum og lagði áherzlu á, að slík leið yrði farin. Það var vitanlega á valdi ríkisstj. að hækka gengið, en hins vegar ljóst, að ef það yrði ekki neins metið, þá væri verr af stað farið en heima setið, og eftir að ljóst var, að það átti engan hljómgrunn hjá hvorugum samningsaðilanum að fara þá leið, þá varð niðurstaðan sú, að veruleg kauphækkun, mjög veruleg kauphækkun var samþ. á s. l. vori, og það var ljóst, þegar tók að líða á sumar, að þessi kauphækkun mundi leiða af sér miklar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, þannig að nú á þessu sumri gæti svo farið, að kauphækkanirnar gætu hafa náð allt að 40%, ef ekkert yrði aðhafzt. Það var því ljóst, að ný verðbólguskriða var fram undan og að atvinnuvegunum var stefnt stórlega í hættu, ef þróunin yrði með þessum hætti, og því var gripið til verðstöðvunarinnar s. l. haust, til þess að reyna að tryggja raungildi þeirra launa, sem samið hafði verið um, svo sem verða mátti, og ákveðið, að verðstöðvunin skyldi gilda til 1. sept. 1971, og var það þá haft í huga, að svigrúm gæti unnizt að afloknum alþingiskosningum til þess að kanna málin til hlítar og hvaða leiðir væru færar til þess að koma í veg fyrir nýja verðbólguöldu og leggja grundvöll að raunhæfum kjarabótum.

Það var vitanlegt, að samningar verkalýðsfélaga væru fram undan á haustinu, 1. sept. 1971, þá áttu samningar að falla úr gildi, og var á það lögð áherzla, að þeir samningar yrðu að sjálfsögðu að markast af því ástandi, sem þá væri ríkjandi, eftir að verðstöðvunin hefði verið við lýði þetta tímabil. Það var haldið uppi allverulegri gagnrýni á þessa ráðstöfun þáverandi ríkisstj. Því var haldið fram af hv. stjórnarandstöðu hér í Alþ., að þetta væri sýndarmennska, það væri verið að eyðileggja gildandi kjarasamninga. Þetta voru nú höfuðrökin, sem fram voru flutt. Annað atriðið, að verið væri að eyðileggja gildandi kjarasamninga, byggðist á því, að gert var ráð fyrir, að nokkur skerðing yrði á vísitölugreiðslum, annars vegar að frestað yrði til 1. sept. 1971 greiðslum allt að 2 vísitölustiga, ef vísitala hækkaði á tímabilinu að því marki, og jafnframt var ákveðið, að 1.3 vísitölustig, sem stöfuðu annars vegar af áhrifum hækkana á tóbaki og áfengi og hins vegar af hækkun almannatryggingagjalda, skyldu ekki koma fram í vísitölunni. Það var harðlega deilt á ríkisstj. fyrir að framkvæma málið með þessum hætti, en það var á

það lögð áherzla af ríkisstj., að hér væri í rauninni ekki verið að framkvæma neina raunverulega kjaraskerðingu hvað snerti tvö vísitölustig, þar sem ljóst var, að ef verðbólguþróunin héldi áfram með þeim hætti, sem allar horfur virtust á miðað við þá útreikninga, sem fyrir lágu, þá mundu verkalýðssamtökin ekki fá kjarabætur fyrr en eftir á, þannig að það væri alltaf á annað stig, sem þau væru í raun og veru á eftir varðandi kaupgjaldsvísitölu, auk þess sem það væri að sjálfsögðu grundvallarnauðsyn fyrir verkalýðshreyfinguna, að hægt væri að koma í veg fyrir öngþveiti í atvinnulífinu, jafnvel stöðvun einstakra atvinnuþátta. Varðandi hitt atriðið, að taka áfengi og tóbak út úr vísitölunni og almannatryggingagjöld, þá hefur það nú lengi verið svo, að það hefur verið álitamál, hverju ætti að reikna með í vísitölu. Ég verð að segja það sem mína skoðun og það var skoðun ríkisstj., að sérstaklega almannatryggingagjöld væri fráleitt að reikna inn í vísitölu, þar sem um er að ræða beinar kjarabætur, sem verið var að veita stórum hópi þjóðfélagsborgara, almannatryggingarnar, og þess vegna ekki möguleiki og ekki á neinn hátt eðlilegt, að það væri hægt að bæta upp í hækkuðu kaupi. Um áfengi og tóbak er líka nokkuð sérstakt að segja, því að telja verður, að það vegi óeðlilega þungt í vísitölunni, og með þessu kerfi, sem búið er að setja upp miðað við núgildandi vísitölu, að taka alla slíka liði með, þá erum við í rauninni komnir inn í lítt viðráðanlega blindgötu, ef svo má segja, þar sem ekki eru neinir möguleikar til þess að afla fjár til þess að koma í veg fyrir verðlagshækkanir, eins og gert hefur verið um áratugabil í ýmsum og mismunandi mæli, að vörur hafa verið greiddar niður, en það er ekki hægt að gera þetta með þessu kerfi, nema að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess að vísitalan hækkar mikið á móti. Það var einnig á það bent, að þessum byrðum hefði verið skipt, vegna þess að lagt var á atvinnureksturinn s. l. haust að taka á sig allverulega kauphækkun algerlega bótalaust. *Samtímis þessu var svo gripið til stórhækkaðra niðurgreiðslna á vöruverði, og með þessu móti var að því* stefnt og það hefur tekizt að halda verðlaginu stöðugu, eins og gert var ráð fyrir í umræddum lögum.

Því var mjög haldið fram, að með þessu móti væri aðeins verið að safna í sarpinn vandræðum, og þó að verðstöðvunin út af fyrir sig væri lofsverð, þá væri hún aðeins sýndarmennska, þetta mundi allt springa þegar með haustdögum og þá mundi skella yfir mikill ófögnuður, sem sumir orðuðu sem hrollvekju. Og því var mjög haldið fram í síðustu kosningum, að þessi ráðstöfun væri algerlega óraunhæf og fengi ekki staðizt, vegna þess að því var haldið fram af okkur og stjórnarflokkunum báðum í þeim kosningum, þáverandi stjórnarflokkum, að auðið væri að halda verðstöðvuninni áfram, að einhverju verulegu leyti a. m. k., og miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi væru sérstaklega í útflutningsframleiðslunni, batnandi verðlagi og góðum horfum á því sviði, þá væri margt, sem benti til þess, að það ætti að vera hægt að ná, ef samningsaðilar á vinnumarkaðnum vildu horfa á það raunsæjum augum, þótt kauphækkanir yrðu ekki úr hófi fram, slíkum kjarasamningum í haust, að verðstöðvunin yrði raunhæfur þáttur í því að skapa framhaldandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Nú hefur það komið í ljós með þeirri löggjöf, sem sett var sem brbl. og var eitt af fyrstu verkum vinstri stjórnarinnar, hæstv. núverandi ríkisstj., að hún mat það svo, að auðið væri að halda verðstöðvuninni áfram til áramóta, eins og við Sjálfstæðismenn höfðum haldið fram í umr. í kosningunum í vor, er þessi mál voru mjög í sviðsljósinu. Og ekki aðeins hefur ríkisstj. gert þetta, heldur er í fjárlagafrv. að finna till., sem gera ráð fyrir því, að verðstöðvuninni verði að verulegu leyti haldið áfram út næsta ár, þar sem gert er ráð fyrir, að þær niðurgreiðslur, sem ákveðnar höfðu verið fyrir 1. sept. í haust, haldi gildi sínu út allt næsta ár. Að því var mjög fundið hjá okkur, að þetta væri sýndarmennska varðandi verðstöðvunina, að tala um að hægt væri að framlengja hana til næstu áramóta, vegna þess að ekkert fé væri til ráðstöfunar og ekki séð fyrir neinu fé til þess að halda verðstöðvuninni áfram. Nú hefur hæstv. núverandi ríkisstj. framlengt verðstöðvunina, án þess að sjá fyrir nokkru nýju fé, og ekki aðeins gert það heldur gert ýmsar aðrar ráðstafanir, sem aukið hafa stórlega útgjöld ríkissjóðs. Varðandi verðstöðvunina og raunar báðar þessar ráðstafanir er það fjarri mér að vera að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir það, ef það er svo, að fjárhagsaðstaða ríkissjóðs leyfir jafnstórfelld útgjöld og hér er um að ræða eða um 650 millj. kr., en ég deili hins vegar á það, ef það leiðir til þess, að það stofnar greiðslustöðu ríkissjóðs í hættu og veldur greiðsluhalla á hinum mestu góðæristímum. Það kann þó að vera, að þetta sé réttlætanlegt, ef það næst fram, sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir að sé höfuðstefnumið sitt og vissulega var höfuðstefnumið fyrrverandi ríkisstj. einnig, ef hún hefði setið áfram eða þeir flokkar farið með völd, sem að henni stóðu, að leggja áherzlu á það við kjarasamninga nú á þessu hausti, að þeir yrðu það raunsæir, að ekki yrði lengra gengið en svo, að atvinnulífið gæti borið þá kauphækkun, án þess að til nýs verðbólguflóðs kæmi. Um þau atriði, sem fram hafa komið í því efni, og um þau vinnubrögð, sem hæstv. *ríkisstj. hefur haft í sambandi við þá samninga*, skal ég ekki neitt segja á þessu stigi málsins. Það kemur vafalaust til umr. hér síðar. Og vissulega er það góðra gjalda vert, að ríkisstj. reyni að stefna að því, að þessir kjarasamningar verði raunsæir og ekki verði lengra stefnt en greiðslugeta atvinnuveganna þolir. Þó er það hins vegar mín skoðun, að ýmis önnur vinnubrögð í því sambandi hefðu e. t. v. verið hentugri til að ná jákvæðari árangri, en það kann vel að vera, að það náist engu að síður, og ég skal ekki vera með neinar hrakspár í sambandi við það. En ég legg aðeins áherzlu á þann kjarna málsins, að í rauninni hefur hér verið tekin upp nákvæmlega sú stefna í meginefnum, sem lýst var yfir af fyrrverandi ríkisstj. og stjórnarflokkum að þeir vildu vinna að; annars vegar að setja á verðstöðvunina, framlengja hana, ef þörf krefði, eitthvað fram í tímann.

Það var aldrei deilumál, að verðstöðvun gæti ekki verið endalaust við lýði, það var aldrei ágreiningur á milli okkar um það, en að hún yrði framlengd að einhverju eða öllu leyti til þess að vinna svigrúm, og í sambandi við endanlega lausn efnahagsvandans yrði reynt að kanna það til hlítar og fá fram gagnkvæman og raunhæfan skilning samningsaðila vinnumarkaðarins á þessu hausti á því, að kaupkröfum yrði haldið innan þeirra marka, að atvinnulífinu og efnahagskerfinu yrði ekki stefnt í voða. Mér sýnist, að í meginefnum hafi

hæstv. ríkisstj. gengið inn á þessar skoðanir, og tel ég það á engan hátt fjarstæðu, að þetta sé hægt að gera, það sé jafnvel hægt að veita mjög umtalsverðar kjarabætur, auk þess sem verðstöðvunaraðgerðum verði haldið áfram nú á þessu hausti. Og ég tel, að það eina, sem geti hér skapað hættu, sé sú staðreynd eða sú aðstaða, skulum við segja, sem kynni að skapast, ef kaupkröfum yrði haldið það háum, að ekki yrði við vandamálið ráðið.

Það eina, sem hefur gerzt og er breytt varðandi verðstöðvunarlögin, er annars vegar það, að ákveðið er, að tveggja stiga frestun vísitölunnar taki gildi einum mánuði fyrr en hún hefði ella tekið gildi, sem auðvitað skiptir ekki nokkru máli, og hitt atriðið, sem má segja að sé veigameira, er það, að taka skuli aftur inn í vísitöluna þau 1.3 vísitölustig, sem leiddi af því, að áfengi og tóbak og almannatryggingaiðgjald var tekið út úr vísitölunni. Ég skal ekki fara út í þá sálma að ræða hér, nema tilefni gefist til, þær kenningar, að með þeim ráðstöfunum hafi á sínum tíma verið vegið að kjarasamningarétti og eyðilagðir gildandi kjarasamningar. Það er mín skoðun, að svo hafi alls ekki verið, vegna þess að það er reginmunur á samningum um grunnkaup eða samningum um verðlagsuppbót, sem fyrst og fremst er hugsuð til þess að tryggja kaupmátt launanna, og það var óvefengjanlega sannað, að kaupmætti launanna var stefnt í stórfellda hættu, ef ekki hefðu verið gerðar þær ráðstafanir, sem verðstöðvunarlögin gerðu ráð fyrir, þannig að kaupmátturinn hefði vissulega minnkað mun meira en sem svaraði þeirri skerðingu, sem hér er um að ræða í þessum tveimur atriðum. Þetta tel ég rétt, að komi fram, til þess að tengja saman forsögu og nútíð þessa máls.

Varðandi framtíðina verður auðvitað ekkert sagt á þessu stigi. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert enn þá neina grein fyrir því, hver sé hennar meginstefna í efnahagsmálum. Hún hefur mjög góða aðstöðu vegna hins mikla bata, sem er í efnahagskerfinu á öllum sviðum, þannig að ef rétt er á málum haldið, þá ætti að vera auðið að bæta enn kjör alls almennings allverulega, án þess að teflt sé í hættu nauðsynlegu efnahagsjafnvægi, enda hafa yfirlýsingar ríkisstj. hnigið í þá átt, að næstu tvö ár eigi að bæta raunkjör launþega um 20%, sem er alls ekki lítið, eða 10% á ári, sem er vissulega mikil kaupmáttaraukning, þannig að það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. sé verulega bjartsýn á ástandið nú og á næstunni, enda sýna þeir útreikningar, sem Efnahagsstofnunin hefur gert, að til þess virðist vera full ástæða, þannig að ekki eigi að þurfa að skapast neitt sérstakt öngþveiti í efnahagskerfinu, ef, eins og ég segi, rétt er á málum haldið og ef tekst að fá fram nauðsynlegan skilning samningsaðila vinnumarkaðarins á nauðsyn þess að halda kaupkröfum innan hóflegra marka.

Ég veit ekki, hvort hægt er að fara fram á það nú og ég ætlast alls ekki til þess, að hæstv. forsrh. gefi í sambandi við þessar umr. neinar yfirlýsingar um efnahagsstefnu ríkisstj. umfram það, sem gert var í stjórnarsáttmálanum, ég geri ráð fyrir, að það sé mjög miklum erfiðleikum bundið, þar sem kjarasamningum er enn ekki lokið, og það hlýtur auðvitað að hafa mjög veruleg áhrif á ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða, hvernig endanlega fer með þá kjarasamninga. En það er annað atriði, sem ég mætti e. t. v. spyrja hæstv. forsrh. um og hann gæti e. t. v. upplýst, og það er ekki sízt fróðlegt vegna þeirra ádeilna, sem haldið var uppi á fyrrverandi ríkisstj., að hún hefði með því að fella niður 1.3 vísitölustig í vísitölunni falsað vísitöluna, eins og það var nú orðað, eða fengið þar lægri niðurstöðu en ella hefði verið. Mig langar að spyrjast fyrir um það, hvað það merkir í grg. frv. til fjárlaga fyrir árið 1972, að talað er um, að nauðsynlegt sé að taka niðurgreiðslukerfið til endurskoðunar. Það er sagt, að það sé uggvænlegt, hvað niðurgreiðslur hækki, og ég er vissulega sammála því, að þær eru uggvænlegar, þær voru bæði uggvænlegar á þessu ári, í þeim fjárlögum, sem nú gilda, og verða enn þá uggvænlegri á næsta ári, miðað við þá hækkun, sem þar er, en það er komizt mjög einkennilega að orði í grg. fjárlagafrv., að það sé nauðsynlegt að endurskoða þetta, þannig að ekki sé víst, hvort þurfi á öllum þessum upphæðum að halda, sem gert er ráð fyrir í frv. Er það e. t. v. hugsanlegt, að ríkisstj. hafi í hyggju að hagræða eitthvað vísitölu á þann hátt, að ekki verði eins kostnaðarsamt að greiða hana niður og ella mundi vera? Það var deilt mjög á launaskattinn, sem hér er nú lagt til að framlengja til ársloka, þegar hann var til umr. hér á síðasta þingi að með honum væri verið í rauninni að komast á ódýrari hátt út úr vandanum heldur en ef það kæmi fram sem bein kaupgreiðsla frá vinnuveitendum, vegna þess að það mundi vera ódýrara að greiða niður visitölustigin með þessum hætti, að taka peningana fyrst í ríkissjóð og greiða síðan niður vissar vörur, heldur en ef það kæmi fram sem bein launagreiðsla frá atvinnuvegunum. Vel kann þetta að vera, ekki skal ég um þetta segja, en er hugsanlegt, að það vaki eitthvað fyrir hæstv. ríkisstj. að endurskoða niðurgreiðslukerfið með þessum hætti? Ég er fyrir fram ekkert að deila á þær ráðstafanir, alls ekki. Þetta er öngþveitisvandamál, þetta vísitölukerfi okkar, og við sjáum að sjálfsögðu, að miðað við þær geysilegu fjárhæðir, sem hér er um að ræða, þá er þetta orðið stórt og mikið vandamál. Það er hins vegar áreiðanlega öllum ljóst, bæði í stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, að hér er við mikla erfiðleika að fást. Það hefur aldrei tekizt að komast út úr þessum niðurgreiðslum. Á vissu árabili hefur verið reynt að lækka þær, skera þær niður. Það var gert fyrir nokkrum árum. Það mætti líka harðvítugri andspyrnu, enda ekki auðvelt um vik, ef þær lækkanir leiða til þess, að verðlagsvísitala og kaupgjald hækkar sem því nemur og veldur atvinnuvegunum þar með nýjum erfiðleikum, sem verður þá að mæta með uppbótum eða einhverjum öðrum hætti, því að ég tel það mikið vafamál, að uppbætur til atvinnuveganna séu nokkuð farsælli leið heldur en að greiða niður vöruverðið. Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. hefur aðstöðu til að upplýsa nokkuð nánar um þetta heldur en þær óljósu hugleiðingar, sem eru í frv.

Herra forseti. Ég hef ekki með þessum orðum mínum verið að ætlast til þess, að hér hæfust almennar umr. um efnahagsmál með því að deila á neinn hátt á stefnu hæstv. ríkisstj. almennt í þeim efnum. Um hana er ekkert vitað, og því ekki hægt að deila á hana á þessu stigi. En ég taldi alveg nauðsynlegt, að þessi orð, sem ég hef hér sagt, kæmu fram við þessa umr., vegna þess að með þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, er verið að gera nákvæmlega það sama og við sjálfstæðismenn héldum fram fyrir kosningar, að eðlilegt gæti

verið að gera með haustdögum til þess að vinna frekari frest einmitt í sambandi við kjarasamningana og að það gæti verið jafnvel eðlilegt að halda áfram einhverri verðstöðvun að vissu marki á næsta ári með hliðsjón af þeim kjarasamningum, sem þá yrðu gerðir. Þetta hvort tveggja virðist vera ætlun hæstv. ríkisstj. að gera, því að hún hefur þegar framlengt verðstöðvunina til áramóta og þegar lagt fram till. um áframhaldandi verðstöðvun að verulegu leyti næsta ár. Þau atriði, sem hér ber á milli, hvort tvö vísitölustig skuli taka gildi mánuði fyrr eða seinna og hvort áfengi og tóbak og almannatryggingagjöld skuli tekin inn í vísitöluna eða ekki, tel ég alger aukaatriði í þessu máli. Efnahagsmálin munu vafalaust koma síðar á dagskrá, þannig að um þau tel ég ekki ástæðu til þess að fara að ræða, en vildi aðeins láta þessi orð koma hér fram við 1. umr. þessa máls og jafnframt, að þau fela að sjálfsögðu í sér það, að við sjálfstæðismenn erum ekki andvígir þessum málum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til að andmæla þessu frv. á einn eða annan veg. Ég hygg, að það sé sannmæli, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að um frv. sjálft er ekki deilt. Hins vegar stendur yfir vinnudeila í landinu og nú er liðinn rúmur mánuður frá því, að samningar runnu út, og það hefur vitnazt frá þessum viðræðum, að um tvö stór atriði er þar deilt.

En bæði þessi atriði eru með nokkuð ljósum hætti í málefnasamningi hæstv. núverandi ríkisstj. eða stjórnarsáttmálanum, og ég vildi þess vegna koma fsp. hér að, áður en hæstv. forsrh. tekur aftur til máls. Hvað líður afskiptum ríkisstj. af vinnutímastyttingar- eða vinnuvikustyttingarmálinu og lengingu orlofsins?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal fyrst víkja að þessari fsp. frá hv. 1. landsk. þm. En hann spurðist fyrir um það, hvað liði afskiptum ríkisstj. af vinnutímastyttingu og framkvæmd fyrirheits um orlofslengingu. Þessu er því til að svara, að það voru settar nefndir tvær til þess að athuga þessi mál, sem skipaðar voru fulltrúum frá ríkisstj., frá vinnuveitendum og frá verkalýðssamtökum, og þær hafa unnið að þessum málum síðan. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að störf þessara nefnda séu vel á veg komin. Og ég vil segja það, að unnið hefur verið að þessu máli í samræmi við það, sem þessir tveir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, vinnuveitendur og verkalýðssamtök, óskuðu eftir, og vinnubrögðunum hefur verið hagað samkv. því, og það var talið eðlilegt, að þessir aðilar ræddust við um þessi efni og það væri kannað, hvort ekki væri hægt að fá samstöðu um það, áður en löggjöf væri um það sett, því að það er svo, að þó að skýrt séu tekin fram aðalatriðin í þessu sambandi, um vinnutímastyttingu og orlofslengingu, þá eru þar ýmis framkvæmdaatriði, sem þurfa að koma til athugunar í sambandi við þessi mál, og þess vegna æskilegt, að leitað sé eftir samkomulagi og samstarfi aðila um það, þannig að hægt sé að framkvæma þetta á þann hátt, að sem liðugast sé fyrir báða aðila. Og í þeim anda hefur verið unnið að þessu máli. Og óhætt er að segja það, að það stendur ekkert á þessum atriðum. Samningsumleitanir hafa staðið nokkurn tíma, en þó náttúrlega alls ekki lengri tíma en átt hefur sér stað æ ofan í æ, og sú tímalengd, sem til þessara samninga hefur farið til þessa, er ekki á neinn hátt óeðlileg, þar sem hér er um mjög umfangsmikla samningagerð að tefla.

Ræða hv. 2. þm. Norðurl. e. gefur mér nú í sjálfu sér ekki tilefni til neinna aths. Hann lýsti fylgi við þetta frv., og aðalefni ræðu hans var um hið liðna. Þar kenndi að vísu nokkurra sárinda, að við hefðum talað illa um þessa verðstöðvun á sínum tíma, talið hana sýndarmennsku, talið hana lítinn vanda leysa, talið hana skjóta vandanum á frest o. s. frv. Ég skal ekki fara langt út í það að rifja slíkt upp, en e. t. v. hefur nú ástæðan til þess, að þessar ráðstafanir voru nokkuð tortryggðar í höndum fyrrverandi ríkisstj., verið sú, að þeir flokkar, sem stóðu að þeirri stjórn, höfðu áður gripið til verðstöðvunar, sem svo var kölluð, undir svipuðum kringumstæðum, og þá hafði í þeirri kosningahríð 1967 verið látið í það skína, að allur vandi væri leystur með verðstöðvun. Við sögðum hins vegar, að þarna væri bara um kosningavíxil að ræða, sem félli í gjalddaga að kosningunum loknum, og það reyndist rétt, því að sá kosningavíxill féll í nóvembermánuði það ár. Þá var gengið fellt, eins og allir vita, og það er sjálfsagt afsakanlegt, þó að mönnum hafi dottið þessi reynsla í hug í sambandi við þessa síðustu verðstöðvun. Sú gáta verður aldrei leyst, úr því sem komið er, hvernig farið hefði verið að, ef fyrrverandi ríkisstj. hefði haldið velli, hvort hún hefði þá framlengt þessa verðstöðvun með þeim hætti, sem við höfum nú gert, eða ekki. Hitt liggur ljóst fyrir, að hún miðaði sína verðstöðvun við 1. sept. og miðaði þær ráðstafanir, sem gerðar voru til þess að halda uppi þeirri verðstöðvun, við það tímamark. Við höfum sjálfsagt minnzt á það líka í kosningabaráttunni, að okkur fyndist það einkennilegt, úr því að verðstöðvun væri svona mikið þjóðráð fyrir kosningar, hvers vegna til hennar væri ekki gripið endranær. Það skal ég nú annars láta liggja á milli hluta. En þó að við hefðum vissulega vissa tortryggni í huga í sambandi við þessi verðstöðvunarlög, þegar þau voru sett í öndverðu, þá var það samt sem áður svo, að við lýstum okkar fylgi við það „prinsip", sem þar í fólst, við vildum það og sögðum það, að það gæti verið rétt og eðlilegt að grípa til verðstöðvunar á tilteknum tíma til þess einmitt að fá vissan umþóttunartíma til þess að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar þættu. Hins vegar er það rétt, eins og hv. þm. minntist á, að við vorum andvígir þeim ákvæðum, sem voru í verðstöðvunarlögunum varðandi vísitöluskerðinguna, við töldum það mjög óheppilegt að koma þannig eftir á, skömmu eftir að kjarasamningar höfðu verið gerðir eftir miklar deilur, og grípa inn í þá með þessum hætti og taka þessi vísitölustig. Það er í rauninni engin vörn í því máli, þó að það hefði verið hægt að segja það, að það væri ekki um mikið að ræða. Það er aðferðin, sem hér skiptir máli, því að ef hún á annað borð er viðurkennd og til hennar gripið, þá má auðvitað alltaf fara lengra og ganga á lagið í þessu efni. Það er óverjandi af löggjafanum að koma eftir á og ætla að breyta gerðum kjarasamningum, og það var þetta atriði, sem var ástæða til þess að við gátum ekki léð verðstöðvunarlögunum, eins og þau voru í sinni upprunalegu mynd, fylgi. Þetta þarf raunar ekki að rifja upp, því að þetta kom a. m. k. óbeint fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. En hitt er svo rétt og stendur enn, sem við sögðum á sínum tíma, að auðvitað er verðstöðvun, sem

svo er kölluð, ein út af fyrir sig ekkert þjóðráð, hún leysir í sjálfu sér engan vanda, hún getur skotið vandanum á frest. Og það er í því sambandi aðeins rétt að staldra við og átta sig á því, hvað það er í raun og veru, sem kallað er verðstöðvun. Það er tvennt, sem verðstöðvun, sem svo er kölluð, byggist á. Annars vegar strangt verðlagseftirlit. Það er nú. Og á hinn bóginn, að verðlagi er haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Í þessu er þessi svokallaða verðstöðvun fólgin. Það er ekki til neitt, sem heitir alger verðstöðvun. Það er auðvitað ekki hægt að binda allt fast þannig, þrátt fyrir það að við segjum, að nú sé verðstöðvun og þessi verðstöðvunarlög gildi, þá er það auðvitað svo, að það verður að leyfa og taka til greina hækkanir á ýmsum sviðum, fyrst og fremst auðvitað vegna hækkunar á vörum, sem koma erlendis frá og hafa þar hækkað í verði. Hitt er svo, að það er haldið niðri verðlagi með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Það er ekki nýtt ráð. Það hefur verið notað áður, en ég býst nú við því, að flestir muni játa, að því séu takmörk sett, hversu langt er hægt að ganga á þeirri braut.

Hv. þm. minntist á hrollvekju, sem hefði verið spáð á haustdögum. Ekki getum við nú hælt okkur af því, að við höfum fundið upp þá nafngift, heldur er hún fundin upp í herbúðum hv. 2. þm. Norðurl. e. En þaðan getur líka ýmislegt gott komið, og ég hygg nú, að þegar alls er gætt, þá megi það til sanns vegar færa, að hér sé við allmikla hrollvekju að glíma í efnahagsmálum. Ég játa það a. m. k., að þó að þessi verðstöðvun hafi verið framlengd til áramóta, þá hefur vandi efnahagsmálanna ekki verið leystur, og ég tel alveg rétt að segja það, að ég tel við mikinn vanda að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar einmitt nú. Og ég tel mér enga minnkun í því að játa það, að ég hef ekki neitt lausnarorð eða þjóðráð til þess að leysa þann vanda. En ég tel eftir atvikum, að það sé eðlilegt að framlengja þessa verðstöðvun til þess að fá meira svigrúm til þess að athuga þessi mál. Ég held, að það komi ekki til mála að fella niður niðurgreiðslur í einu vetfangi eða með neinni skyndingu. Ég held, að öll slík stökk séu óheppileg. En hitt held ég, eins og ég sagði áðan, að allir hljóti að sjá og skilja, að því eru takmörk sett, hve langt er hægt að ganga í þessu efni, og þess vegna er það hrollvekja, sem enn er við að eiga, hvernig við eigum að komast út úr þessu kerfi, sem við erum orðnir hálfgerðir fangar og ég vil segja algerir fangar í.

Hv. þm. vék að því, að okkar stefna í efnahagsmálum væri ekki glögg, já, raunar, að við hefðum nú eiginlega enga stefnu sýnt í efnahagsmálum. Það held ég, að sé nú ofsagt hjá hv. þm. Við segjum í okkar stjórnarsáttmála .. (Gripið fram í.) Það væri ekki komið fram, já, þá vil ég leiðrétta það einnig, vegna þess að við segjum í okkar stjórnarsáttmála, að við viljum hafa hemil á verðbólguþróuninni og reyna að halda henni í þeim skefjum, að hún fari ekki fram úr því, sem tíðkast eða á sér stað hjá okkar helztu viðskipta- og nágrannaþjóðum. Það er verðbólga allt í kringum okkur. Ég held því miður, að við verðum að horfast í augu við það, að það verður erfitt að halda verðbólgu hér á Íslandi á næstunni algerlega niðri, það held ég. En það getur verið unnt, ef rétt er á haldið, að halda henni innan einhverra viðráðanlegra marka. En við höfum nú ekki sett markið hærra en þetta, og það er kannske ekki alltaf nóg að setja fram sína stefnu í stuttum fullyrðingum. Sú var tíðin, að viðreisnarstjórnin lýsti því yfir í fáum orðum og skýrt, að hennar markmið væri stöðvun verðbólgu. En það gengur stundum illa að standa við þau skýru stefnuskráratriði. Það reyndist viðreisnarstjórninni næsta erfitt að því er verðbólguna snerti, vegna þess að hún óx nú með þeim hætti, sem hér þarf ekki að rekja, í hennar tíð.

Nei, það er mikill vandi í þessum efnahagsmálum. Það er mikið þensluástand í okkar þjóðfélagi, sem ekki þýðir að loka augunum fyrir, og ég held, að það væri blekking að vera að segja fólki, að það sé hægt að halda öllu verðlagi alveg í nákvæmlega sömu skefjum og verið hefur. En vitaskuld er það rétt, sem hv. þm. sagði, að þessi mál skýrast auðvitað ekki til fulls fyrr en gerðir hafa verið þeir kjarasamningar, sem nú er verið að vinna að.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að hafa jafnvægi í þjóðarbúskap og að því hlýtur hver stjórn að stefna. En þar geta þó ýmis atriði komið til greina, sem gera það e. t. v. að verkum, að það sé erfitt að halda alveg því gullna jafnvægi. Það er eitt, sem flestir virðast í orði vera sammála um hér á landi, og það er, að verðbólgan sé slæm. En ég hef nú stundum verið að velta því fyrir mér, hvort það fylgdi alveg hugur máli hjá öllum, sem þannig taka til orða. Ég er ekki viss um það. Og sannleikurinn er sá, að ef um, við skulum segja, er að velja eða þyrfti að velja á milli þess, hvort það væri einhver, ja, við skulum segja kannske hæfileg verðbólga og svo full atvinna, gott atvinnuástand, þá hygg ég nú, að flestir mundu kjósa gott atvinnuástand, nægilega atvinnu. Ég hef sem sagt ekki og vil ekki gefa nein fyrirheit um það, að það sé hægt að stöðva hér alveg verðbólgu á næstunni, en að hinu vil ég vinna eða reyna að vinna, að það verði hægt að hafa nokkurn hemil á henni. En hitt er ljóst, að þessi verðstöðvunarframlenging er engin frambúðarlausn, og jafnvel þó að svo kynni að fara, að það verði talið rétt að framlengja hana enn um sinn fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum, þá er það engin endanleg lausn.

Ég vil aðeins undirstrika það út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, þar sem hann talaði um það, að ríkisstj. hefði í sínum samningi gefið fyrirheit um 20% kaupmáttaraukningu á 2 árum. Ég vil enn undirstrika það, sem ég hef reyndar orðið að gera sums staðar áður, að í sáttmálanum er þetta takmarkað við tiltekna aðila og þá, sem settir verða á bekk með þeim, þá lægst launuðu í þjóðfélaginu. En við höfum aldrei sagt, að það ætti að vera almennt yfir alla heilu línuna.

Það má vel vera, að það hafi ekki skýrzt til fullnustu fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e., í hverju efnahagsstefna ríkisstj. er fólgin, en ég vona þó, að ég hafi bent honum á nokkur atriði í því sambandi. Svo kemur hún sjálfsagt smám saman á daginn. Þá vona ég, að það fari svo, eins og um þetta frv., að hv. þm. geti lýst yfir fylgi sínu við þær ráðstafanir, sem þá verða gerðar, og læt ég mig þá litlu skipta, hvort hann telur, að þar sé farin sú sama braut, sem fyrri stjórn hafi ætlað að fara, eða ekki.

En viðvíkjandi því, sem hann spurði um, hvað lægi í tilteknu orðalagi í aths., sem fylgja með fjárlagafrv., þá get ég raunar ekki sagt um það annað en það, sem felst í orðunum og mér finnst nú nægilega skýrt, að niðurgreiðslukerfið skuli tekið til endurskoðunar. Ég get þó

sagt það, að í þessu felst ekki nein sú ráðagerð, sem hann var með bollaleggingar um, að ríkisstj. væri að velta því fyrir sér, hvort ekki mætti gera einhverja hagræðingu á vísitölunni eða vísitöluútreikningi. Það liggur ekkert slíkt í þessu orðalagi. En ég held, eins og ég hef lítillega minnzt hér á áður, að niðurgreiðslurnar og niðurgreiðslukerfið eins og það er orðið hljóti að vera mönnum umhugsunarefni, og menn hljóti að taka það til athugunar, hvort og með hverjum hætti er hægt að komast út úr því. Eins og ég hef sagt, þá tel ég útilokað, að það sé hægt að komast út úr því kerfi með einhverjum skyndiráðstöfunum, og ég tel, að það verði að standa a. m. k. fyrst um sinn. En hitt er alveg víst, að þegar jafnmikill hluti af tekjum ríkisins og jafnmikill hluti af fjárlögum er orðinn bundinn með þessum hætti, þá er það vissulega íhugunarefni, hvort svo geti staðið áfram, auk þess svo sem þetta kerfi hefur tilhneigingu til þess að hlaða meiru og meiru á sig og hefur og hlýtur að hafa ýmsar hliðarafleiðingar, ef svo má segja, sem ekki eru allar góðar, enda þótt menn hafi ekki í bili getað komið auga á annað úrræði heldur en halda þeim og halda með þeim hætti verðlagi í nokkrum skefjum, bæði vegna neytenda og atvinnurekstrarins, því að skyndibreytingar í þessum efnum mundu koma sér jafnilla í raun og veru fyrir báða aðila og valda stórfelldri röskun hjá þeim báðum. Ég hafði nú, herra forseti, ekki gert ráð fyrir því, að hér mundu verða miklar umr. um þetta mál, þar sem menn eru sammála um það frv., sem hér liggur fyrir, og vafalaust verður eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. vék að, tækifæri til þess síðar að ræða almennt um efnahagsmálin, bæði í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og eins af öðrum tilefnum.

Eins og ég sagði, var í raun og veru ekkert í ræðu hv. þm., sem gaf mér tilefni til beinna aths., en þetta hafa svona verið hugleiðingar í tilefni af því, sem fram kom hjá honum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. kvaðst ekki hafa gert ráð fyrir miklum umr. um þetta mál. Ég tók það fram í þeim orðum, sem ég mælti áðan, að ætlun mín væri ekki heldur sú að fara að hefja almennar umr. hér um efnahagsmál, en ég held, að það geti naumast hafa komið neinum á óvart, þó að af hálfu Sjálfstfl. væri bent á það, sem ég hef hér gert í minni fyrri ræðu, að hér er verið að framkvæma þá ráðstöfun, sem við sjálfir lýstum yfir og fráfarandi ríkisstj., að hún teldi rétt, að horfið yrði að nú með haustdögum, ef nauðsyn bæri til í fyrsta lagi að framlengja verðstöðvunina til ársloka og í annan stað kæmi til álita einhver frekari framlenging hennar í sambandi við aðra þætti í lausn efnahagsvandamálsins í haust. Og í þessu felst vissulega það, að þó að það sé vitanlega rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það hefur engum dottið í hug, að ekki væri við vanda að glíma í haust, þá hefði þó verðstöðvunin engan veginn leitt til þeirra vandræða, sem ýmsir spáðu, hvort sem því var valin nafngift úr hópi okkar þm. Sjálfstfl. eða annarra, það skiptir nú ekki meginmáli, heldur það, sem var talið kjarni málsins, að þetta safnaði saman vandamálunum í stíflu, sem hlyti svo að springa með haustdögum, og ríkisstj. væri aðeins að reyna að fela vandann fram yfir kosningar. Þetta tel ég, að hafi alveg afsannazt, og það hefur í rauninni verið staðfest og það ekki fyrir alllöngu í ritstjórnargrein, sem var birt í Tímanum og sem ég tel mjög eftirtektarverða, þar sem lögð var á það áherzla, að það, sem væri hrollvekjan nú, ef til kæmi, væri, ef óraunsætt væri staðið að þeim kjarasamningum, sem nú væri unnið að, og þess vegna væri þess að vænta, að menn skildu þann vanda, sem hér væri við að glíma. Hér erum við raunverulega farnir að tala um nákvæmlega það sama, sem var uppistaðan í því, sem var haldið fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar, að það væri vitanlega rétt, eins og hæstv. forsrh. sagði, og engum datt í hug að halda öðru fram, að verðstöðvunin væri frestun, sem þó um leið hefði þann mikilvæga tilgang að tryggja verðgildi þeirra kjarabóta, sem menn öðluðust á s. l. ári, og afkomu og rekstur atvinnuveganna, halda honum í fullum gangi. En menn yrðu síðan að loknu þessu tímabili að gera upp dæmið að nýju og gera sér grein fyrir því, hvernig vandinn yrði bezt leystur á þann hátt, að afkoma alls almennings í landinu og atvinnurekstrarins, sem auðvitað fer saman, yrði treyst með nauðsynlega öruggum hætti til lengri tíma. Við vitum það vitanlega, að það hafði auðvitað sín áhrif á þetta vandamál, að það var ekki hægt að taka það jafnföstum tökum, að kosningar voru í nánd, og það vita jafnframt allir, að það hafði sín áhrif á kjarasamningana s. l. vor, að þá stóðu yfir kosningar. Það er aldrei ákaflega þægilegt að setjast í rólegheitum og meta vandamálin, þegar þannig ástand er. En það mátti gera ráð fyrir því, að nú með haustdögum, eftir að kosningahiti hefði lækkað í mönnum, þá væri hægt að taka þetta með raunsærra hætti og heilt kjörtímabil fram undan, hverjir sem þá kynnu að verða við völd. Það féll í hlut annarra heldur en okkar að taka við þeim vanda, og þeir hafa, eins og ég sagði, nákvæmlega gert það, sem við spáðum, að rétt væri að gera, framlengt verðstöðvunina til áramóta og að nokkru leyti fram á næsta ár.

Ég vil aðeins leiðrétta það, sem margoft hefur verið haldið fram og síðast nú af hæstv. forsrh., að það hafi vakið grunsemdir nú með verðstöðvunina, eins og það hafði gert 1967, þegar verðstöðvun var sett á, að hún hafi verið sett á fyrir kosningar og síðan hafi verið gripið til allt annarra úrræða eða gengisbreytingar eftir kosningar og mönnum hafi þá verið sagt, að allur vandinn væri leystur með verðstöðvuninni í það skipti. Þetta er reginmisskilningur, sem ég er hissa á að jafnmætur maður og hæstv. forsrh. skuli halda fram. Það hélt því enginn fram 1967, að allur vandinn væri leystur með verðstöðvuninni, nema því aðeins, að það yrði breyting til batnaðar á verðlagi íslenzkra útflutningsvara. Við vitum það öll, að tilgangurinn með verðstöðvuninni þá var að reyna að koma í veg fyrir kjararýrnun alls almennings í von um það, að það verðhrun, sem var á útflutningsvörunum, mundi aftur lagast á skömmum tíma og verðið aftur vera upp á við. Það varð þó ekki, og ég veit a. m. k., af því að ég sagði það fyrir þær kosningar, að þá var það skýrt tekið fram, að ef svo færi, að þessi von brygðist, yrði að sjálfsögðu að grípa til annarra aðgerða. En í lengstu lög væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir kjaraskerðingu almennings. Nú hefur aftur á móti gerzt alveg þveröfugt, að verðlag hefur haldið áfram að fara stórhækkandi og viðskiptakjör hafa hvarvetna batnað í sambandi við útflutningsatvinnuvegina, og þess vegna er auðvitað hægt að taka á

þessu máli nú með allt öðrum hætti. Ástæðan til að verðstöðvunin var miðuð við 1. sept. vitum við auðvitað öll, að var sú, að gert var ráð fyrir, að nýir kjarasamningar yrðu þá gerðir, og það var ekki óeðlilegt að miða við þann tíma, því að þá áttu þeir samkv. eldri kjarasamningum að vera tilbúnir. Ég er ekki með þessu að halda neinu fram um það, að óeðlilegt sé, að á því verði einhver dráttur. Þetta er vandasamt mál, og ég skal ekkert vera að halda fram neinni kenningu í því efni. En þetta var tímabilið, sem eðlilegt var að miða við, og vitanlega var það engum vanda bundið, eins og við bentum á, að framlengja verðstöðvunina eitthvað, ef þessi tími yrði of naumur. Og verðstöðvun hefur verið sett á í allmörgum nálægum löndum, flestum Norðurlandanna einmitt í sambandi við kjarasamninga, til þess að fresta því, að fram kæmu óeðlilegar verðsveiflur, sem gætu haft óheppileg áhrif á atvinnulífið, og einmitt til þess að gera það mögulegt að meta slíkt ástand efnahagsmálanna í sambandi við kjarasamningana.

Út í vísitölumálið skal ég ekki fara. Ég tel, að það hafi ekki verið neitt af sér brotið, vegna þess að kjarninn með vísitöluákvæðinu er ekki sá, að hanga fast í því, að það eigi að borga fulla vísitölu, hvaða afleiðingu sem það hefur, heldur er hún fyrst og fremst hugsuð til þess að tryggja verðgildi launanna. Og því hefur enn þá ekki verið mótmælt með neinum rökum af neinum, að verðstöðvunin hafi tryggt mun betur verðgildi launa alls almennings og þær launahækkanir, sem urðu á árinu 1970, heldur en orðið hefði, ef ekki hefði verið gripið til þeirra ráðstafana, sem í verðstöðvuninni felast. Verðstöðvunin getur auðvitað haft sína miklu þýðingu einmitt, ef viðskiptakjör batna. Það hefur þegar komið í ljós t. d., að verðstöðvunin hefur haft þau miklu áhrif, að sú víxlhækkun, sem ella hefði getað orðið mjög stórkostleg og illviðráðanleg milli launa og landbúnaðarvöruverðs, hefur ekki komið til á þessu hausti, vegna þess að búvörur þurftu ekki að hækka nema sáralítið einmitt vegna verðstöðvunarinnar, þannig að þarna hefur verðstöðvunin þegar að einu leyti haft þýðingarmikil áhrif, sem skapar auðvitað miklum mun betri aðstöðu fyrir ríkisstj. til að taka á efnahagsvandanum.

Hæstv. forsrh. sagði, að stefnuna í efnahagsmálum væri að finna í málefnasamningi ríkisstj. Ég held, að það séu nú sárafáir, sem taka þennan málefnasamning ákaflega hátíðlega, því að þar er margt milli himins og jarðar að finna, en sleppum því. Ég skal heldur ekki fara að ræða hann hér. En hann gat þess, að þar væri stefnan mörkuð þannig, að ríkisstj. vildi hafa hemil á verðbólguþróuninni. Ja, hamingjan sanna, hver vill ekki hafa hemil á verðbólguþróuninni? Auðvitað segir það ekki nokkurn skapaðan hlut. Það segir um stefnumið alveg eins og hann var að vitna í stefnumið viðreisnarstjórnarinnar, sem vissulega tókst ekki, að ráða algerlega við verðbólguþróunina, og raunverulega má segja kannske, að það sé sízt betra nú að fást við það, vegna þess að eins og hann réttilega gat um, þá er verðlag hækkandi í okkar viðskiptalöndum mjög mikið og miklu meira heldur en áður hefur verið. Og það dettur engum í hug að ætlast til þess af ríkisstj., að hún ráði algerlega við verðbólguþróunina. En menn hljóta að hafa haft meira fyrir sér heldur en þessa almennu setningu, sem segir nánast ekki nokkurn skapaðan hlut, þegar þeir setja það niður á blað, að það eigi á tveimur árum að bæta kjör hinna lægst launuðu, eins og það er orðað, um 20%. Ég hygg, að þeir lægst launuðu séu flestir þeir, sem vinna við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, ef ég skil það rétt, bæði við sjávarútveg, landbúnað og iðnað, þannig að það er ekki lítill hluti þjóðarinnar, sem þessi 20% kjarabót á að ná til. Síður en svo skal ég harma það, heldur gleðjast yfir því, ef þetta er hægt. En ég trúi því ekki, að ríkisstj. setji á blað loforð um 20% kjarabót, raunhæfa kjarabót á vissu tímabili, án þess að hafa gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig hún ætli sér að tryggja þessa kjarabót í reynd, með öðru en almennu hugtaki um að vilja hafa hemil á verðbólguþróuninni. Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að við búum við mjög alvarlegt þensluástand. Og það ástand held ég, að sé að verða svo alvarlegt, bæði í peningamálum og á vinnumarkaði, að ríkisstj. verði að gefa því mun meiri gaum heldur en virðist hafa verið gert. Og ég er hræddur um, að það sé meira að segja í ýmsum greinum komið á það stig, að kjarasamningar hafi sáralitla þýðingu, og það sé því miður ekki í sambandi við þá launalægstu, heldur ýmsa hópa, sem eru vel launaðir í þjóðfélaginu, þannig að það sé farið að bera á því, að það eigi sér stað yfirborganir umfram gildandi kauptaxta, sem við höfum áður þekkt, að hefur komið fyrir. Þetta hefur komið fyrir í okkar landi, og það er þess vegna mikil nauðsyn, – þó að ég sé sammála hæstv. forsrh. um, að það þurfi að neyta allra bragða til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og hófleg verðbólga, eins og hann orðaði það, sé betri en atvinnuleysi, – þá þurfi þó að gera sér mjög mikla grein fyrir því, hvernig þróunin nú er í þessum efnum, og spyrna við fótum á vissum sviðum, því að eins og ég sagði, þá er ég ekki viss um, að þetta séu endilega þeir launalægstu í þjóðfélaginu, sem fái kjarabætur í gegnum þetta þensluástand, heldur þvert á móti.

Ég skal svo alveg taka undir það með honum að lokum, að það eru áreiðanlega ekki allir í þessu landi á móti verðbólgu. Þó að menn segi það með vörunum, þá eru geysilega margir og það ótrúlega mikill fjöldi þjóðfélagsborgara, sem hagnast á verðbólgu, og vissulega hefur orðið jafnvel miklu meiri dreifing en ella á verðmætum í þjóðfélaginu vegna verðbólgu, þó að hún valdi sínum mikla vanda fyrir atvinnulífið. Út í það skal ég ekki að öðru leyti fara nú. En ástæðan til þess, svo aðeins að lokum, að mér fannst vera ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. um niðurgreiðslukerfið, er þessi setning, sem er að finna í grg. fjárlagafrv., að ákveðin hafi verið endurskoðun á öllu niðurgreiðslukerfinu, og er hún nú þegar hafin. Það liggur því ekki fyrir nú endanlega ákvörðun ríkisstj. um það, hvort svo hárri fjárhæð á fjárlögum 1977 verður varið til niðurgreiðslanna eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það er auðvitað ekki nema tvennt til í þessu sambandi. Annaðhvort er það ætlunin að láta verðlagið hækka og þá vísitöluna með, sem hlýtur auðvitað samhliða allsherjar kauphækkunum, sem boðaðar eru, að hafa sín alvarlegu áhrif fyrir atvinnuvegina, eða þá, eins og ég gat um, án þess að ég væri nokkuð að fullyrða í því efni, að það hljóti að vera ætlunin að spara á einhvern hátt í niðurgreiðslum með einhvers konar tilfærslum og einhvers konar annarri framkvæmd niðurgreiðslna heldur en nú er. Ég vænti

þess, að hæstv. forsrh. geti fallizt á, að það sé eðlilegt, að setning sem þessi vekji hugleiðingar í þessa átt, vegna þess að hér er nánast um véfrétt að ræða, eins og fleira í inngangi að fjárlagafrv., þannig að mann langar óneitanlega til að vita, hvað hér er að baki. Ég hef auðvitað enga möguleika til að krefja hæstv. forsrh. meira svara um það en hann þegar hefur gefið, og þau eru nánast þau að vitna í, að véfréttin sé eins og hún þarna standi og um hana sé ekki meira að segja, og það verður þá að bíða eftir því, að reynslan sýni okkur það, hvað það er, sem raunverulega þessi setning merki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 215).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er stjfrv. og er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 21. júlí s. l. Efni frv. er hv. þdm. vafalaust harla vel kunnugt, en í því felast fyrst og fremst tvær breytingar á þeim lögum, sem sett voru í okt. eða nóv. 1970 um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Þessar breytingar eru í fyrsta lagi sú, að verðstöðvunarlögin, verðstöðvunin, sem kveðið var á um í þessum lögum, er framlengd til áramóta í stað þess að lögin gerðu ráð fyrir, að verðstöðvunartímanum yrði lokið 1. sept. Í öðru lagi er svo um að ræða þá breytingu í samræmi við sáttmála núv. stjórnarflokka, að þá þegar eftir stjórnarmyndunina kæmu til greiðslu þær vangreiðslur á vísitölunni, sem ákveðnar voru með verðstöðvunarlögunum, þ. e. að inn í vísitöluna kæmi aftur sú lækkun, sem varð á vísitölunni, vegna þess að út voru tekin hækkunaráhrif af verðlagi á tóbaki og áfengi og tryggingariðgjöldum til almannatrygginganna, og í öðru lagi tvö vísitölustig, sem heimilt var í sömu lögum, að niður féllu við greiðslu verðlagsbóta á laun. Hvort tveggja þetta átti að koma inn 1. sept., en með brbl. var ákveðið, að þessar leiðréttingar kæmu inn 1. ágúst eða þegar eftir að ríkisstj. hafði tekið við völdum, en eins og kunnugt er, höfðu núv. stjórnarflokkar uppi nokkra gagnrýni á fyrrv. ríkisstj. fyrir þær skerðingar á kaupgjaldsvísitölunni samkv. áður gerðum samningum, sem lögin fólu í sér.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara að rekja þetta mál öllu meira. Ég held, að mönnum sé fullkomlega ljóst, hvað hér er um að ræða, og enn síður er ástæða til að fjölyrða um málið, þar sem það virðist ekki vera deilumál. Það kom strax fram hér við 1. umr. málsins og sú varð einnig raunin á í n., sem um þetta fjallaði, fjhn., að þar varð samkomulag um að mæla með samþykkt frv., eftir að n. hafði athugað það, en tveir nm. skrifuðu þó undir nál. á þskj. 215 með fyrirvara.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Brbl. þau, sem hér eru til umr., hafa í raun og veru runnið skeið sitt til enda, og þess vegna má segja, að óþarfi sé að fjölyrða um frv. það til l. um staðfestingu á þeim, sem hér er til afgreiðslu. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna nokkur atriði í þessu frv. með örfáum orðum og vil þá minna á það, að það er alveg rétt, sem frsm. n. sagði, að hér er ekki um ágreining að ræða um aðalatriði málsins, eins og raunar kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. við 1. umr. um þetta frv. í haust. Það var í raun og veru svo, að það var yfirlýst stefna fráfarandi ríkisstj. að framlengja svokölluð verðstöðvunarlög allt til áramóta, en aftur á móti var það staðhæfing þáv. stjórnarandstöðu í kosningabaráttunni, að slíkt væri ekki gerlegt nema með sérstökum öðrum ráðstöfunum. Þessi röksemd þáv. stjórnarandstöðu er nú að engu gerð af henni sjálfri, þegar hún fer í stjórnaraðstöðu, með flutningi og gerð brbl., sem í raun og veru framlengja verðstöðvunina fram til síðustu áramóta. Um þetta meginatriði málsins er sem sagt ekki ágreiningur og aðeins ástæða til þess að benda á ósamræmi í málflutningi stjórnarsinna nú annars vegar og fyrir kosningar hins vegar. Þá er það rétt að nefna, að að hluta til hafa þessi lög eða efni þessara laga verið framlengd fram yfir síðustu áramót og eru nú í gildi, og á ég þar við framlengingu á launaskatti, 1.5%, og framlengingu á svokölluðum verðstöðvunarákvæðum sjálfum, en þessar framlengingar hafa átt sér stað með alleinkennilegum hætti, þar sem á seinustu dögunum fyrir jólaleyfi þm. var skotið inn framlengingunni um launaskattinn, 1.5%, í tryggingalagabálk sem ákvæði til bráðabirgða, ef ég man rétt, og hins vegar voru verðstöðvunarákvæðin sett sem ákvæði til bráðabirgða í frv., er fjallaði um skipun verðlagsnefndar. Ég held, að þessi vinnubrögð sýni mjög skýrlega, hve handahófskennd vinnubrögð stjórnarinnar eru og hve lítillar forsjálni gætir almennt í þeim, þegar svo mikilvæg atriði eru gerð að löggjafaratriði með þessum hætti á síðustu dögum fyrir jólaleyfi algerlega að þarflausu, vegna þess að eftir misseris setu gat stjórnin hafa gert sér grein fyrir, hvernig með þessi mál ætti að fara eftir áramótin.

Það var að vísu svo, að ákvæðinu um áframhald verðstöðvunarinnar fylgdi yfirlýsing hæstv. viðskrh. á þá leið, að hér væri ekki um framlengingu verðstöðvunar að ræða eða réttara sagt væri það ekki vilji stjórnarinnar, að þessi ákvæði héldust með fyrra nafni, verðstöðvun. En engu að síður voru meginatriði þeirra ákvæða tekin upp óbreytt og þ. á m., að allar verðbreytingar þyrftu að hljóta samþykki ríkisstj. allrar til þess að öðlast gildi og vera lögmætar. Þannig er það nú svo, að ríkisstj. viðurkennir nauðsyn og þörf á endurskoðun á verðlagi ýmiss konar vöru og þjónustu, en áskilur sér rétt til þess og raunar krefst þess, að hún fjalli um hverja einustu þeirra. Ég vek athygli á, hve slík vinnubrögð eru óeðlileg. Þau hljóta að vera tafsöm, þegar sjálf ríkisstj. þarf að vasast í slíkum málum. Slíkt er réttlætanlegt, ef verðstöðvun stendur um stuttan tíma og ætlunin er í raun og veru, að verðlag allt sé óbreytt, en hitt er algerlega út í hött og raunar óframkvæmanlegt, nema ríkisstj. vilji drekkja sér í meðferð slíkra mála, að hafa slík vinnubrögð til lengdar.

Þá er rétt enn fremur að vekja athygli á í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., að sú sýndarmennska var viðhöfð við setningu brbl. 21. júlí s. l., að frestun sú á greiðslu verðlagsuppbótar á laun, sem samsvaraði tveimur vísitölustigum, var stytt um einn mánuð frá því, sem upprunalega var ráð fyrir gert, og enn fremur var afnumið það ákvæði, að í kaupgreiðsluvísitölu

skyldi ekki taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks og á iðgjaldi til almannatrygginga. Að þetta sé sýndarmennska hefur komið því betur í ljós, sem ráðagerðir núv. hæstv. ríkisstj. hafa séð dagsins ljós, nefnilega þær, að við afnám svokallaðra persónuskatta eða nefskatta fellur niður réttur launþega til kauphækkunar að því er tekur til fjögurra vísitölustiga, vegna þess að í stað þess að greiða persónuskatta, iðgjöld almannatrygginga og iðgjöld sjúkratrygginga með persónusköttum, sem gengu inn í vísitöluna og hefðu leitt til hækkaðra launa, greiða launþegar nú sömu útgjöld í sköttum, sem ekki ganga inn í vísitöluna, þá er í raun og veru verið til frambúðar að taka af launþegum rétt til kauphækkunar, er svarar til fjögurra vísitölustiga.

Í frv. því til l., er var hér til meðferðar á Alþ. í nóv. 1970, var ekki farið í grafgötur með það, að ætlunin væri að taka vísitöluskrúfuna úr sambandi að því er tók til ákveðinnar hækkunar á áfengi og tóbaki og almannatryggingaiðgjaldi og að því er tók til frestunar á þeim vísitölustigum, þá var gengið beint framan að vandamálinu og það ekki dulið fyrir launþegum, hvað gera skyldi. Nú hins vegar er reynt að fara aftan að þeim og ætlun löggjafans eða ríkisstj. er bersýnilega að fara á bak við þá. Þetta hljótum við að ætlja um leið og þetta mál er rætt, og ég tel rétt, að þessi atriði komi hér fram, en þau m. a. urðu til þess, að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. skrifum undir nál. með fyrirvara. En að öðru leyti munum við ljá efni þess fylgi okkar.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég ætla þó ekki að hafa ýkjamörg. Ég ætla ekki að fara í neina deilu við hann um það, hversu óeðlilega hafi verið staðið að þeirri lagasetningu, sem ákveðin var hér fyrir jólin í sambandi við launaskatt og áframhald sumra verðstöðvunarákvæða þeirra laga, sem hér er um að ræða. Við erum nú ýmsu vanir hér á hv. Alþ., líka frá tíð stjórnar þess flokks, sem þessi hv. ræðumaður fylgir, og ég hygg, að megi finna margar hliðstæður við þetta. Á hinn bóginn skal ég ekki vera að taka neina vörn upp fyrir það, að ég tel, að það hafi verið ákaflega óeðlilegt að stinga ákvæðinu um launaskattinn inn í tryggingamálafrv., og hefði verið þinglegra og skemmtilegra, ef öðruvísi hefði verið að því staðið, en það er nú ekki óvenjulegt, að til slíkra ráða sé gripið, þegar tíminn er orðinn naumur á hv. Alþ., og ég held, að það mundi ekki gagna neinum að fara að karpa eða deila um það, hverjir hafa að þessu leytinu unnið sér meira til óhelgi.

En það var sérstaklega í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um vísitöluna, sem mig langaði til að segja hér örfá orð, og þá í fyrsta lagi það, að hann telur auðsætt, að það sé um eintóma sýndarmennsku að ræða, þegar vísitöluskerðing fyrrverandi ríkisstj. er leiðrétt með brbl., m. a. vegna þess að þessu átti að breyta eftir einn mánuð. Tel ég alveg óvíst, að það hefði verið gert, ef sú stjórn hefði verið áfram. Miklu líklegra þykir mér, að ef verðstöðvunarlögin í heild hefðu verið framlengd til áramóta, þá hefði þessi skerðing fylgt þar með. Það þykir mér miklu sennilegra, en um það liggur auðvitað ekkert fyrir og ekki hægt að sanna til eða frá í því efni. Hitt var auðvitað alveg rökrétt og í samræmi við þá afstöðu, sem núv. stjórnarflokkar höfðu á síðasta Alþ., að þeir breyttu þessu. Þeir átöldu það þá, að gerðum samningum væri rift með þeim hætti, sem hér var óumdeilanlega gert. Það skiptir ekki máli í því sambandi, hvort hér væri um meiri eða minni kjaraskerðingu að ræða. Um það má sjálfsagt deila, og því er jafnvel haldið fram af hv. stuðningsmönnum fyrrv. ríkisstj., að hér hafi um enga kjaraskerðingu verið að ræða, en það breytir ekki sjálfri aðferðinni, sem hér var viðhöfð, að sjálfum grundvelli samninganna frá því í júní 1970 var breytt. Það var það, sem bæði við í páv. stjórnarandstöðu átöldum og verkalýðshreyfingin átaldi, en nú taldi hv. ræðumaður, að það væri alveg auðsætt, að hér hefði ekki verið um sýndarmennsku að ræða og þá af annarri ástæðu, þ. e. a. s. núv. hæstv. ríkisstj. ráðgerði að ræna launþega fjórum vísitölustigum, vegna þess að þeir ættu ekki að hafa neinn rétt til þeirrar útgjaldaaukningar, sem yrði vegna kerfisbreytingar í sambandi við skattalögin, þ. e. að nefskattar væru lagðir niður, en menn borguðu sömu útgjöld á annan hátt, eins og hann sagði, með beinum sköttum. Hér væri um gróft svindl að ræða eða eitthvað í þá áttina og það sannaði auðvitað, að núv. stjórnarflokkum hefði ekki verið nein alvara, þegar þeir voru að leiðrétta þá vangreiðslu á vísitölunni, sem hvíldi á herðum fyrrv. ríkisstj. Mér er nú spurn, hvaðan hefur hv. þm. þær upplýsingar, að það sé meiningin að ræna launamenn fjórum vísitölustigum í sambandi við þessa breytingu, sem nú er verið að gera á almannatryggingum, og skattabreytingarnar? Mér er ekki kunnugt, að neinar yfirlýsingar liggi fyrir eða það liggi neitt fyrir um það, að þannig verði farið með þetta mál. Hitt er mönnum augljóst, að lögin um verðlagsbætur á laun eru nokkuð ótvíræð í því efni, að inni í þeim eru ekki beinir skattar, en hins vegar eru nefskattarnir, tryggingagjöldin, sjúkrasamlagsgjöldin og fasteignaskatturinn inni í vísitölunni, þannig að vegna breytinga á fasteignaskattinum þarf ekki að hafa áhyggjur í þessu sambandi, hann er inni í vísitölunni og hækkun hans mun leiða til þeirrar vísitöluhækkunar, sem til stendur að hann geri og alveg er lögum samkvæmt. Það, sem hér er um að ræða, er það, að ef farið væri eftir bókstaf núgildandi laga, þá væri þetta að verulegu leyti rétt, sem hv. þm. sagði, þá mundu geta verið möguleikar á því, að launþegar sköðuðust um sennilega á fjórða vísitölustig, – fjögur vísitölustig eru nú fráleit í þessu sambandi, því að öll kerfisbreytingin gæti aldrei valdið slíkri hækkun, en það er engu að síður þarna um mjög mikilsvert atriði að ræða, hér þarf engra lagabreytinga við til þess, að allir fái sitt, bæði siðferðilega og lagalega, ef kerfisbreytingin hefur það í för með sér, hver eru raunveruleg útgjöld þeirra fjölskyldna, sem miðað er við í vísitölugrundvellinum, þeirra 100 fjölskyldna, sem þar er miðað við. Ef raunveruleg útgjöld þeirra vaxa ekki vegna kerfisbreytingarinnar, þá er hér auðvitað allt með felldu, menn fá sem hreina hagsbót niðurfellinguna á gjöldunum til almannatryggingganna og sjúkratryggingganna, þá er ekki yfir neinu að kvarta, hvorki lagalega né siðferðilega, að mínu viti.

Spurningin er þess vegna um það, hvort kerfisbreytingin sjálf veldur hér óeðlilegri kjararýrnun, og ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur fullan hug á að leysa þetta með fullkomlega

eðlilegum hætti, a. m. k. liggur ekkert annað fyrir í því máli. ASÍ hefur tekið þetta mál til sérstakrar meðferðar og bent á það, að ef lögunum er ekki breytt í þessu efni, þá geti þessi hætta verið fyrir hendi, og auðvitað er núv. hæstv. ríkisstj. fullkunnugt um þessa afstöðu ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar, og ég hef nú a. m. k. enga trú á því fyrr en það kemur þá á daginn, að hæstv. ríkisstj. hafi neinn þann hátt á meðferð þessa máls, sem ekki fullnægir fyllilega kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Hún hefur sett fram alveg ákveðnar skoðanir í þessu efni, sem ég ætla, að mönnum sé kunnugt um og verði að telja fullkomlega eðlilegar, þ. e. að kerfisbreytingin sjálf út af fyrir sig valdi engri kjararýrnun, heldur breyti það eitt hér um, hver hin raunverulega þynging eða léttir af kerfisbreytingunni verður og það ráði síðan meðferð vísitölumálsins. Þetta er ekkert ákaflega flókið mál og ég held, að menn geti alveg sparað sér allar fullyrðingar í sambandi við þetta mál, þangað til hið rétta kemur í ljós um meðferð þess.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Að sumu leyti vil ég fagna þeirri ræðu, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan, en ég vil taka það fram, að ég hafði þær yfirlýsingar í huga, sem fluttar hafa verið hér á Alþ., bæði af hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., sem gáfu það fyllilega til kynna, að það væri ætlun ríkisstj., að afnám persónuskattanna kæmi fram í vísitölunni, og það væri ekkert óeðlilegt, þótt það kæmi fram í kaupgreiðsluvísitölu, vegna þess að það væri verið að létta af launþegum ákveðnum útgjöldum. Þetta kom fram hjá báðum þessum hæstv. ráðh. Ég held, að þeim hafi í báðum tilvikum verið bent á það, að hér var ekki verið að létta af útgjöldum, heldur bara verið að breyta útgjaldabyrði fjölskyldnanna og gjaldþegnanna í þjóðfélaginu frá einu formi til annars, frá persónusköttum eða nefsköttum í annað form skattlagningar. Bezt held ég, að komi nú fram, að hér er um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða, að sjálft Alþ. og sjálf ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum lækki sem svarar þeim möguleika, sem lækkun vísitölunnar að þessu leyti leiðir til. Ég held, að það fari þess vegna ekki á milli mála, að hér sé um útgjöld að ræða eftir sem áður fyrir allan þorra launafólks í landinu.

Ég sagðist fagna að sumu leyti ræðu hv. síðasta ræðumanns, og það geri ég að því leyti til, að hann hefur heitið því, að þetta yrði tekið til endurskoðunar og endanleg ákvörðun um þetta hafi ekki verið tekin. Ég verð þá að telja það til tekna þeim gagnrýnisröddum, sem hér hafa heyrzt varðandi þessa fyrirætlun hæstv. ríkisstj., sem engum vafa er bundið, að var þessi, að fara aftan að launþegum í þessum málum, þótt sem betur fer hafi verið horfið frá þessari fyrirætlun, ef marka má orð síðasta hv. ræðumanns. Það er út af fyrir sig ávallt álitamál, að hve miklu leyti unnt er á hverjum tíma að fylgja þeirri verðhækkunarskrúfu, sem vísitölubinding verðlags og kaupgjalds hefur í för með sér, og það kann að vera ástæða til þess á stundum að gera þær ráðstafanir, sem taka þessa sjálfvirku skrúfu úr sambandi, og þá er það ekki gert af vondum hug gagnvart launþegum í landinu, heldur einmitt í þágu þeirra, í þágu alls almennings í landinu. Þetta lá fyrir, þegar verðstöðvunarlögin voru sett í nóvember 1970, og á þessum forsendum var frestað greiðslu kaupgjaldshækkunar, er nam tveimur vísitölustigum, um tiltekinn takmarkaðan tíma, og ég vil mótmæla því algjörlega, að hefði fyrrv. stjórn setið að völdum áfram eða sömu flokkar farið með völd, þá hefði þessi skerðing verið framlengd, þvert á móti lágu fyrir beinar og hreinar yfirlýsingar fyrrv. ríkisstj. og ráðh. um það, að þessi skerðing ætti ekki að gilda nema til 1. sept. s.l. En aðalatriðið er það, að þegar þessi verðstöðvunarlög voru sett í upphafi í tíð fyrrv. ríkisstj., þá var gengið beint framan að mönnum og þeim sagt, hvað í lögunum fólst, en nú var gerð tilraun, og við skulum vona, að það verði ekki nema tilraun, en það var gerð tilraun til þess að læðast aftan að fólki og telja því trú um, að lífskjaraskerðing, sem það yrði í raun og veru fyrir af þessum sökum, væri engin.

Það hefur verið sagt hér, að verðstöðvunarlögin og þau ákvæði, sem í þeim voru um frestun á vísitöluuppbótum, hefði verið röskun á kaup- og kjarasamningum. Að vissu leyti má það til sanns vegar færa, en á sama hátt er ekki um að ræða minni röskun á kaup- og kjarasamningum, sem felast í greinum frv. ríkisstj., sem gera ráð fyrir afnámi persónuskatta og greiðslu þeirra í öðru gjaldformi. Hafi hið fyrra verið röskun á samningsgrundvelli, þá er hið síðara það engu síður. Ég geri mér grein fyrir því, að stjórn ASÍ hefur vakið athygli á, að þetta atriði þarfnist nánari rannsóknar. Það er út af fyrir sig eðlileg og sjálfsögð afstaða, en ég minni hv. 6. þm. Norðurl. e. á þær umr., sem urðu um tekjustofnafrv. sveitarfélaga hér í d. í desembermánuði s.l. fyrir jólaleyfi, þar sem ég vakti athygli á einmitt þessu sama atriði um áhrif afnáms nef- og persónuskattanna á kaupgjaldsvísitöluna og þar af leiðandi á kjör meðlima ASÍ. Þá tók hæstv. félmrh. að engu leyti undir þá ábendingu mína og aðrir tóku ekki til máls, m. a. ekki hv. 6. þm. Norðurl. e.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hér er vissulega til umræðu mál, sem er svo mikilvægt, að það er ástæða til að gefa því nokkru meiri gaum, og hér hafa verið gefnar yfirlýsingar og höfð frammi ummæli af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e., sem eru þess eðlis, að það verður ekki hjá því komizt að spyrja nánar um það, hvað hv. þm. meini með þeim ummælum sínum, þar sem hann ekki aðeins er hér þm. á Alþ., sem styður hæstv. ríkisstj., heldur ekki síður, að hann gegnir þeirri ábyrgðarstöðu að vera forseti Alþýðusambands Íslands.

Hann hefur að vísu verið töluvert tvístígandi í þeim orðum, sem hann hefur sagt hér í d. í dag. En hann hefur þó gefið ástæðu til þess að halda þessum umr. nokkuð áfram, og ég vildi leyfa mér að óska eftir frekari skýringum hans varðandi nokkur þau atriði, sem hann hefur hér nefnt. Hv. 2. þm. Reykv. vakti athygli á því í sinni ræðu áðan, að það væri með kerfisbreytingu hæstv. ríkisstj. verið að fara aftan að launþegum og svipta þá 3.7 vísitölustigum, sem er staðreynd, án þess að menn hefðu virzt hafa nokkuð við það að athuga af hálfu núv. stjórnarflokka, enda þótt það hafi verið talin óhæfa og árás á verkalýðshreyfinguna, þegar frestað var, aðeins frestað, tveimur vísitölustigum í sambandi við verðstöðvunarlögin og síðan framkvæmd skerðing, sem nam því, að tekin var út úr vísitölunni hækkun á iðgjöldum almannatrygginga og hækkun á tóbaki og áfengi, sem mun hafa numið 1.37 vísitölustigum. Með

þeim hætti, sem þá var mjög fordæmt, var þó gengið mun skemmra til skerðingar á launauppbótum launþega heldur en ætlunin var að gera nú að því er virtist þegjandi og hljóðalaust í sambandi við brottfellingu nefskattanna og breytingu þeirra í sambandi við beina skatta.

Það var tvennt eftirtektarvert í ræðu hv. þm. Annars vegar það, að það kæmi að hans dómi ekki til neinna álita eða a. m. k. sagði hann, að það væri ósannað mál enn, og mér skildist, að hann væri þess sinnis, að það yrði að taka til athugunar, hvort þessi 3.7 vísitölustiga skerðing á kaupi ætti að koma til framkvæmda eða ekki. Og sýndist mér á ræðu hans, að hann væri því efnislega andvígur og teldi, að það væri samkynja skerðing, sem það vitanlega er, eins og hefði verið gerð með verðstöðvunarlögunum. Breytingin er aðeins sú, að samkv. vísitölukerfinu voru þar til greindir vöruflokkar inni í vísitölunni og þjónustugjöld, en beinir skattar eru það ekki, og af því leiðir, að beina kröfu eiga launþegar ekki samkv. vísitölukerfinu um neinar uppbætur fyrir þá miklu skerðingu, sem nú er gerð. Þetta taldi hv. þm., að væri enn þá óafgert mál. Þetta finnst mér næsta furðulegt, vegna þess að það hafa verið gerðar af ríkisstj. ráðstafanir, sem beinlínis sýna, að það á að framkvæma þessa skerðingu, með því að einn þátturinn í tekjuöflun ríkissjóðs er, ef ég man rétt, 400–500 millj. kr., sem eru taldar eiga að sparast í niðurgreiðslum, og búvörur hafa verið hækkaðar í verði sem nemur því, sem sparast við þessa vísitöluskerðingu, sem þessi kerfisbreyting hefur í för með sér, þannig að það er þegar búið að leggja þessa skerðingu á herðar launþega, vegna þess að vísitalan eða kaupið hækkar ekki, kaupgjaldsvísitalan, nema því aðeins að það sé ætlunin að ákveða það með lögum, og atvinnurekendur eru ekki skyldugir að greiða þessar prósentur í hækkuðu kaupi. Þessu veit ég, að hv. þm. gerir sér fulla grein fyrir, þar sem vísitölukerfið gerir alls ekki ráð fyrir því, eins og það er í dag. Það þarf þá að gera alveg beinar og ákveðnar ráðstafanir til þess, að þetta verði gert. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. að því, hvort það er ætlun ríkisstj., eða hefur það verið ákveðið að bæta launþegum upp þessa skerðingu, 3.7 vísitölustig? En þá er mér einnig gersamlega ómögulegt að skilja, hvernig stendur á því, að niðurgreiðslur hafa verið minnkaðar sem þessu nemur og talið, að ríkissjóður geti sparað sér það fé, sem þar er gert ráð fyrir, þannig að þetta er a. m. k. dæmi, sem ég ekki skil.

Varðandi hitt atriðið, sem er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir og kom fram í ræðu hv. þm., að það væri þó til efs, að þetta yrði gert, ef skattalagabreytingarnar sýndu aukin hlunnindi fyrir launþega, – og reikna ég þá með, að hann eigi við sem forseti Alþýðusambandsins þann fjölda fólks, sem er innan samtaka Alþýðusambands Íslands eða í launþegasamtökunum. Þetta hefur aldrei komið fram áður, að væri meiningin, að það ætti að skerða þau hlunnindi, sem hafa verið reiknuð út af hæstv. fjmrh. t. d. í sambandi við skattalagabreytingarnar, að þar ætti að koma til frádráttar skerðingin, sem verður á kaupgjaldinu í sambandi við þessi tæplega fjögur vísitölustig, þannig að þá er ég hræddur um, að það verði að fara að reikna öll þessi dæmi upp aftur. Og er það virkilega skoðun forseta Alþýðusambands Íslands, að þau hlunnindi, sem kunna að vera til staðar í þessum kerfisbreytingum, sem gerðar eru með niðurfellingu nefskattanna, það sé allt í lagi, að það étist upp til þess að bæta úr þessari 3.7 vísitölustiga kaupgjaldsskerðingu, sem hér á sér stað með kerfisbreytingum? Þetta er líka mjög nýstárleg yfirlýsing, ef það á að heita svo. Þá verður að taka þetta dæmi upp á allt annan hátt, og ég held að reikna þurfi þessi dæmi öll upp að nýju. En þetta er svo mikið atriði efnislega og hlýtur að hafa það veigamikla þýðingu, að ég tel það mjög æskilegt, ef hv. þm. sæi sér fært að gera ljósari grein fyrir því, hvað hann á við með þessu tali, sem hann hóf hér áðan. Og mér finnst, eins og ég segi, mjög eftirtektarvert, ef það er rétt skilið, að hann telji, að það sé allt í lagi að skerða vísitöluna, ef það sé hægt með einhverjum reikningskúnstum að sýna fram á, að skattalagabreytingarnar hafi einhver hlunnindi í för með sér, sem ég leyfi mér nú miklu meira en að draga í efa, eða hvort það sé nóg, að það sé fyrir einhvern tiltekinn hóp launþega, – það er að sjálfsögðu ljóst, að fyrir stóran fjölda í launþegasamtökunum verður þar um verulegan skattþunga að ræða, – hvort þá sé allt í lagi að falla frá þeim kröfum, sem Alþýðusamband Íslands heldur uppi í sambandi við samþykkt þá, sem nýlega var þar gerð í sambandi við þessa skerðingu, sem yrði á vísitölunni við þessa formbreytingu, hvort það er í lagi, hvort það er rétt skilið, að þá sé niður fallin þessi krafa Alþýðusambands Íslands, ef með einhverjum reikningskúnstum sé hægt að sýna þessar svokölluðu kjarabætur, sem eigi að felast í skattalagabreytingunni, þá falli þeir frá kröfu sinni um þessi 3.7 vísitölustig, eða ef svo er, að það er misskilningur hjá mér og ekki ætlunin, sem ég trúi í rauninni ekki, að sé ætlun hv. þm., enda brýtur það í bága við, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, allan málflutning í sambandi við skattalögin, að þetta dæmi eigi að taka þar inn, eða hvort það er þá ætlunin að gera einhverjar lagabreytingar í sambandi við vísitöluna og þá með hvaða hætti. Ég fæ ekki séð, hvernig það má verða til þess, að launþegar fái bætt þau 3.7 vísitölustig, sem af þeim eru tvímælalaust tekin með þessari kerfisbreytingu, sem nú er gerð. Þetta er svo þýðingarmikið mál fyrir þjóðina alla að gera sér grein fyrir, að ég tel, að æskilegt sé að fá um þetta nánari upplýsingar, ekki síst frá þessum hv. þm., sem hefur jafnþýðingarmiklu lykilhlutverki að gegna fyrir launþega í landinu eins og öllum er kunnugt.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að fagna því, að bætzt hafa nýir liðsmenn í varðstöðuna um launaréttindi verkafólksins, þar sem eru talsmenn hv. Sjálfstfl., og hefði það betur kannske verið fyrr, að þeir hefðu haft svipaða afstöðu og núna og borið jafnmikla umhyggju fyrir meðferð vísitölunnar á undanförnum 10–12 árum, sem þeir hafa verið hér við völd. En það þarf ekki alveg svo langt að fara til þess að glöggva sig á afstöðu sjálfstæðismanna almennt til vísitölunnar og þess máls, sem hér er um að ræða, því að í ræðu, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hélt hér við 1. umr. í einmitt þessu sama máli, sagði hann m. a., að það væri sitt álit, að það væri alveg fráleitt að reikna almannatryggingagjöld inn í vísitölu, þar sem þar væri um að ræða stórfelldar kjarabætur fyrir stóran hóp þjóðfélagsborgara. Þetta sagði hv. þm. orðrétt hérna í okt. s. l. um þetta mál, svoleiðis að mér finnst það nú koma úr

hörðustu átt, þegar þessi hv. þm., sem jafnvel eftir að hann var kominn í stjórnarandstöðu og hefði átt þá svona eftir öllum líkindum frekar að gæta tungu sinnar í sambandi við meðferð svona mála, var enn þá á þessari skoðun. En menn beri þetta svo saman við það, sem hv. þm. er nú að segja.

En sama er, það er betra seint en aldrei, að menn vitkist, og vissulega þykir mér það góðra gjalda vert, að þessir hv. talsmenn Sjálfstfl. vilja nú slá skjaldborg um það, að ekki séu skert launakjör verkafólksins á Íslandi eða launþega með óeðlilegum hætti. Hitt finnst mér heldur leiðinlegt, þegar jafngáfaður maður eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gerir sig svo skilningslausan sem hann gerði hér í ræðustólnum áðan, því að sjálfsagt er fáum betur kunnugt um það, hvernig vísitölumálið er í eðli sínu, hvernig farið er með vísitölu, hvernig hún er reiknuð út og hver er réttur manna, bæði lagalega og siðferðilega í þeim efnum, heldur en einmitt honum. Ég þarf áreiðanlega ekki að kenna honum neitt í þeim efnum. Mér þykir líka einkennilegt, að hann sé að snúa út úr samþykkt Alþýðusambandsins um þetta mál, svo glögg sem hún var. Þar sagði, ef ég man orðrétt, ég hef ekki samþykktina fyrir framan mig, að miðstjórnin teldi, að ekki ætti að verða meiri lækkun á kaupgjaldsvísitölunni vegna kerfisbreytingarinnar en næmi raunverulegri útgjaldaléttingu, sem verða kynni af henni. Þetta er, held ég, svo augljóst sem nokkur maður getur óskað eftir að hafa eina ályktun. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því, að við eigum engan siðferðilegan rétt á því, hvorki í Alþýðusambandinu né aðrir launþegar, að útgjaldabyrðin sé létt. Ef útgjaldabyrði viðmiðunarfjölskyldunnar er létt, þá er það alveg jafneðlilegt, að kaupgjaldsvísitalan sé lækkuð sem því svarar, eins og það er eðlilegt, að hún hækki, ef um útgjaldaaukningu er að ræða. Spurningin í þessu máli er því ekki um neitt annað heldur en það, hvort vegna kerfisbreytingarinnar verði þynging á útgjöldum viðmiðunarfjölskyldunnar eða ekki. Og er ég ræddi hér áðan um þetta mál, var ég ekki með neinar fullyrðingar. Ég sagði við hv. 2. þm. Reykv.: Við skulum bíða þangað til það sýnir sig, hvernig með þetta mál verður farið. Og ég sagði líka, að ég hefði enga trú á því, að hæstv. núv. ríkisstj. leysti þetta mál á öðrum grundvelli heldur en þeim grundvelli, sem Alþýðusamband Íslands hefur lagt.

Ég held, að það sé hinn mesti misskilningur, að hér hafi nokkuð átt að fara aftan að mönnum, og þessi ítök, sem hv. 2. þm. Reykv. var með frá hæstv. ráðh. og ríkisstj., held ég, að hafi verið algerlega út í hött. Ég hygg, að þeirra meining hafi aldrei verið önnur en sú, að vísitalan kynni að lækka, vegna þess að það væri sannanlegt og útreiknanlegt, að um raunverulegan létti í útgjöldum þeirra fjölskyldna, sem miðað er við í öllum þessum efnum, væri að ræða. Og þá tel ég a. m. k. ekkert óeðlilegt við það, þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. sé nú orðinn svo róttækur að vilja ekki láta vísitöluna breytast nema á einn veg, þ. e. a. s. til hækkunar, ef hækkanir verða, og lækkunar, ef lækkanir verða. En ekki man ég eftir því, að það hefði neinn á móti því á s. l. sumri, þegar námsbókagjaldið var afnumið, að það kæmi til frádráttar á öðrum hækkunum í vísitölunni. Ég held, að það hafi allir talið það sjálfsagt þá, og auðvitað gildir hér alveg nákvæmlega sama um meðferðina á vísitölumálinu í sambandi við niðurfellingu nefskattanna. Ef það yrði, sem ég skal ekkert fullyrða um, að niðurstaðan yrði sú, að skattalögin yrðu þannig frá gengin hér á Alþ., að hér yrði um að ræða rétt til útgjalda, alveg sem þeim nemur, þá vitanlega gerist það eftir réttum lögum, eftir réttum reglum, bæði lagalega og siðferðilega, að vísitalan lækkar um þá upphæð, og við því er ekkert að segja. Með því hefur engin kjaraskerðing verið gerð. Hitt er annað, ef hér væri um lækkun á vísitölunni að ræða vegna kerfisbreytinganna einna, en ekki vegna þess að það hefði verið um neina raunverulega lækkun útgjalda að ræða, þá væri hér auðvitað um gróft svindl að ræða. En á þessu er auðvitað reginmunur og það hygg ég, að þessir tveir hv. þm. skilji mætavel.

Ég held, að ég hafi svarað því alveg, sem ég var um spurður, og ég ætla ekki að fara út í það, hvernig hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði hér um það, hvort það væri allt í lagi, ef það væri hægt með einhverjum reikningskúnstum að sýna það, að hér hefði verið um lækkun á gjaldabyrði að ræða. Hér verða áreiðanlega engar reikningskúnstir viðhafðar. Meðferð þessara mála lýtur algerlega föstum reglum hjá kauplagsnefnd, og ég fullvissa hann um það, að þó að þar eigi í hlut grandvarir og góðir menn, þá verður fylgzt með því alveg nákvæmlega af hálfu verkalýðssamtakanna, hvernig allir útreikningar í sambandi við þetta verða gerðir. Og ég vona það, að okkur í verkalýðssamtökunum reynist fært, ekki sízt eftir að við höfum fengið svo góða liðsmenn sem þessa hv. þm., sem hér hafa talað, að standa vörð um raunveruleg launakjör og samningsbundin launakjör launþegasamtakanna.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var nú kannske að vonum, að hv. 6. þm. Norðurl. e. reyndi að smeygja sér út úr þeirri snöru, sem hann var að setja um sinn háls með ræðu sinni hér áðan, vegna þess að óneitanlega horfir nokkuð illa varðandi veigamikil atriði, sem ég veit, að minn ágæti eftirmaður, hæstv. fjmrh., hefur reiknað með, þegar hann var að gera upp sitt fjárlagadæmi, því að þar var ákveðið gert ráð fyrir því, eins og ég gat um í ræðu minni áðan og hv. 2. þm. Reykv. einnig, að þessi 3.7 vísitölustig yrðu þegjandi og hljóðalaust látin hverfa burtu, þannig að það væri hægt að spara sér niðurgreiðslur, sem þeim svaraði. Þetta veit hv. 6. þm. Norðurl. e. mætavel, að það er búið að gera það dæmi upp án allrar könnunar.

Það er ekki spurning um kauplagsnefnd í þessu sambandi, vegna þess að kauplagsnefnd reiknar vísitöluna út samkv. þeim vísitölugrundvelli, sem í gildi er, og tekur ekki tillit til þess að öðru leyti, hvort um er að ræða kjaraskerðingu í því sambandi eða ekki. Beinir skattar eru ekki í vísitölunni, það veit hv. þm. vel. Og þess vegna er hægt að fara þá leið, sem ég segi hiklaust og tek undir með hv. 2. þm. Reykv., að er að fara aftan að launþegum, að fara þá leið, sem nú er farin, að fella niður nefskatta og taka í staðinn sömu upphæðir í beinum sköttum. Það er vissulega gert. Það eru teknar sömu upphæðir aftur og hefur enginn haldið því fram, að það væri verið að taka minni upphæðir í beinu sköttunum heldur en hafa verið í gildi áður. Í heild ætlar fjmrh. sér sannarlega ekki að fá lægri tölu út úr þeirri fjárhæð allri saman, þannig að þetta fær auðvitað

með engu móti staðizt, og kauplagsnefnd verður að reikna sitt dæmi eftir þessum gildandi reglum. Þetta veit ég, að hv. þm. veit alveg eins vel og ég, og þess vegna þýðir ekkert að tala um það, að það verði beðið eftir því, hvað kauplagsnefnd geri í þessum efnum. Hún á engra annarra kosta völ, hvort sem það er kjaraskerðing eða ekki kjaraskerðing í þessu sambandi, og þess vegna var ekkert undarlegt, þó að að þessu væri spurt.

Hitt atriðið, að fara að hneykslast á því, að við hv. 2. þm. Reykv. værum að spyrja að þessu og tala um kjaraskerðingu hjá launþegum, það væri nánast ósæmilegt af okkur að vera að gera það, sem hefðum verið ósparir í slíkri kjaraskerðingu áður, það finnst mér nú ekki sæma hv. þm. að segja, enda var ekki í ræðum okkar um það að ræða, að við værum á einn eða annan hátt að hneykslast á þessu máli eða telja, að það kæmi aldrei til greina nein skerðing vísitölu. Meira að segja hv. 2. þm. Reykv. sagði hér réttilega, að í ýmsum tilfellum gæti það orðið launþegum til hagsbóta, ef komið væri í veg fyrir, að vísitala hækkaði. Og það var einu sinni til hér vinstri stjórn, sem byrjaði sinn feril með að taka 6 vísitölustig eða 7 af launþegum og ætlaði að enda sinn feril með að taka af þeim 17 stig, – það að vísu tókst nú ekki, – þannig að það er ekkert nýtt, að þetta sé gert, og ég skal ekki fara að rekja þá sögu. Við getum sleppt öllum hneykslunum hvor í annars garð um þetta. Hér var aðeins verið að biðja um upplýsingar um mjög mikilvægt atriði, sem hefur grundvallarþýðingu, hvernig á verður tekið, hvernig út verður reiknað. Ég veit ekki, hver er að reikna þetta dæmi. Það er nú svo erfitt að fá að vita það yfirleitt, eins og í sambandi við skattalögin og fleira, hver semur eitt og annað fyrir hæstv. ríkisstj. Það eru einhverjir huldumenn, sem eru þar alls staðar að verki, en aldrei hægt að fá að vita, hver raunverulega vinnur verkið. En ef einhverjir huldumenn eru að reikna hér þetta út, þá er það allt gott og blessað. En þá held ég, að það standi á að fá þessar 400–500 millj., sem hæstv. fjmrh. reiknar beinlínis með að fá í sinn kassa við það að geta lækkað niðurgreiðslurnar, einmitt vegna þessara tilfæringa að fella nefskattana niður. Það er beinlínis ætlað að taka öll þau hlunnindi, sem af því leiðir, í gegnum niðurfellingu á niðurgreiðslum. Með þessu móti er ég ekkert að hneykslast á þessu, eins og hv. þm. taldi, hvorki til né frá. Hér er aðeins verið að reyna að fá fram fyrir almenning í landinu staðreyndir. Og ég veit, að honum er það ákaflega ógeðfellt sem forseta Alþýðusambandsins, að eiga að bera ábyrgð á þeirri kjaraskerðingu og vísitöluskerðingu, sem hér mun eiga sér stað, svo að ég skil nú ósköp vel, að hann sé sár. En hann þarf ekki að vera að hneykslast á okkur hv. 2. þm. Reykv. fyrir því. Hann verður að una því, að vakin sé athygli á þessu máli. (**BJ:** Eigum við ekki að bíða eftir því, hver skerðingin verður?) Það er þegar vitað, hver skerðingin verður. Það eru 3.7 vísitölustig, og það er svo einfalt að reikna það út, og það getur hann fengið að vita með því að hringja upp í Hagstofu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í Reykjavík 21. júlí s. l. ár. Þau brbl. fjölluðu um framlengingu á svokölluðum verðstöðvunarlögum, sem áttu að falla úr gildi, eins og menn vita, 1. sept. s. l., en með brbl. voru ákveðin verðstöðvunarlaganna framlengd til áramóta, þó með þeirri breytingu, sem öllum er kunnug að því er varðar vísitölustig þau, sem fjallað var um í lögunum, og felld voru niður með verðstöðvunarlögunum, en voru með þessum brbl. tekin upp, þannig að það var ákveðið, að vísitölustig, sem ekki höfðu verið reiknuð í kaupgreiðsluvísitölu fyrr en 1. sept., skyldu þegar tekin inn í hana, og enn fremur gerð önnur breyting á. Þannig er reiknað inn í það, sem niður hefur verið fellt.

Þetta frv. hefur nú gengið í gegnum Ed. og verið samþ. þar óbreytt. Ég vona, að það hljóti einnig skjóta meðferð hér og góða, þar sem út af fyrir sig hafa ekki verið neinar deilur um það, að rétt hafi verið, eins og á stóð, að framlengja gildi verðstöðvunarlaganna, að því leyti sem gert var, til áramóta. Auk þess er þetta auðvitað, úr því sem komið er, ekki nema formsatriði og veit aðeins að liðinni tíð, því að lögin féllu úr gildi um áramót, en þetta er aðeins til þess að fullnægja ákvæðum stjórnarskrár um brbl., að þau eru látin hér áfram ganga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í sambandi við meðferð þessa máls, sem í sjálfu sér er enginn ágreiningur um, eins og hæstv. forsrh. sagði, langar mig til þess að beina til hans fáeinum fsp.

Þetta frv. er í dagskrá kallað stöðugt verðlag. Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja, að á Íslandi ríkir nú í dag ekki stöðugt verðlag. Það hafa orðið mjög verulegar verðhækkanir á undanförnum vikum. Umtalsverðastar eru þær verðhækkanir, sem urðu á öllum búvörum öðrum en mjólk og kartöflum um s. l. áramót, auk þess sem t. d. má nefna, að bifreiðatryggingar hafa hækkað, þannig að bifreiðaeigendur verða nú að bera tjón, sem nemur 7500 kr., án þess að tryggingaiðgjöld lækki eða vísitala hækki af þeim sökum. Fleiri dæmi væri auðvitað hægt að nefna um verðhækkanir, sem orðið hafa, en umtalsverðastar eru þó verðhækkanirnar á landbúnaðarafurðunum. Og þær eru umtalsverðar, vegna þess að þær hafa orðið, eftir að gerðir voru allsherjar kjarasamningar á milli launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka 4. des. s. l. Ef ég, með leyfi hæstv. forseta, má nefna helztu dæmi um þá gífurlegu

verðhækkun, sem orðið hefur á landbúnaðarvörum síðan samið var við launþega, þá ber að geta þess, að súpukjöt, 1. flokkur, kostaði kílóið 4. des., þegar launasamningar voru undirritaðir, 124.50 kr. Í dag kostar þetta sama súpukjöt 144 kr. Skyr kostaði 4. des. 24.50 kr., nú kostar það 38 kr. Ostur 45% kostaði þá 142.50 kr., en nú kostar hann 167 kr., hækkar úr 142.50 kr. upp í 167 kr. Og aðrar landbúnaðarvörur hafa hækkað með svipuðum hætti, aðrar en mjólk og kartöflur, eins og ég gat um áðan.

Ég nefni þetta til þess að undirstrika, að í landinu ríkir ekki stöðugt verðlag. En spurning mín til hæstv. forsrh. er sú, hvort það sé enn stefna hæstv. ríkisstj., að launþegar eigi að bera þessa hækkun á búvörum ásamt öðrum hækkunum, sem orðið hafa, svo sem hækkanir á bifreiðatryggingum, án þess að fá það bætt í hækkaðri kaupgreiðsluvísitölu. Með þessu á ég auðvitað við þá stefnuyfirlýsingu, sem kom fram af hálfu hæstv. ríkisstj. í fjárlagaumr., að sú breyting á skattkerfinu, sem í því felst að fella niður svonefnda nefskatta, almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, yfir í það að innheimta sömu tekjur, sömu krónutölu, með tekjusköttum eða öðrum sköttum, að þessi breyting á skattheimtu ríkisins eigi að lækka vísitölu framfærslukostnaðar um sem nemur 3.7 stigum, og að þess vegna þýði sú hækkun á búvörum, sem ég nefndi áðan, í raun og veru ekki aukinn framfærslukostnað launþega.

Mér er ekki grunlaust um, að hæstv. ríkisstj. hafi á sínum tíma haldið, að þetta væri hennar mál. Hún réði þessu. Hún gæti ráðið því, hvort þessi umrædda breyting skattkerfisins hefði áhrif á vísitölugrundvöllinn eða ekki. Ég veit, að henni er nú ljóst, að þetta var rangt, enda benti ég þegar á það hér í umr. um þetta mál, að þetta væri rangt. Þetta var ríkisstj. allsendis óviðkomandi. Það er opinber nefnd, kauplagsnefnd, þar sem oddamaður er skipaður af Hæstarétti, sem kveður á um það, hvernig reikna skuli grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Ég veit, að á það hefur ekki reynt enn þá, hver skoðun kauplagsnefndar í þessu efni er, ég efast ekki um, að úrskurður hennar á sínum tíma muni verða rökstuddur og réttlátur. En það, sem mér leikur forvitni á að vita, er: Hver er skoðun og stefna ríkisstj. í þessu máli? Er hún enn sú sama sem lýst var af hæstv. fjmrh. í fjárlagaumr., að þessi kerfisbreyting á skattheimtunni eigi að lækka vísitölu framfærslukostnaðar, eins og þar var getið um, þannig að launþegum sé virkilega ætlað að bera þá hækkun, sem orðið hefur á búvörum eða varð á búvörum um s. l. áramót bótalaust og þar með þola þá kjaraskerðingu, sem af því hlauzt? Ég hlýt að minna á það, að stjórn Alþýðusambands Íslands hefur gert ályktun um þetta mál. Í þeirri ályktun felst alger andstaða við þá skoðun, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. í fjárlagaumr. í des. s. l. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki það tillit til skoðana miðstjórnar stærstu launþegasamtaka landsins, að hún breyti eða hafi breytt þeirri skoðun, sem hæstv. fjmrh. lýsti í fjárlagaumr. í des. En mér leikur forvitni á að fræðast um þetta og veit, að ekki aðeins mér leikur forvitni á því, heldur mörgum fleiri, öllum launþegum í landinu leikur forvitni á því.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú mikil hæverska hjá hv. 7. þm. Reykv. að fara að spyrja mig um þessi atriði, því að ég efast ekki um, að hann er mér miklu fróðari um alla vísitöluútreikninga og allar reglur, sem um það efni gilda, enda virtist mér hann svara sér nokkuð sjálfur í sinni ræðu.

Ég skal aðeins víkja að þessum atriðum, sem hann minnist á, lítillega. Í fyrsta lagi að því er snertir nafnið á þessu frv. eða lögum, þá er nú það tekið í arf frá fyrrv. ríkisstj. Þessi lög hétu nú þessu einkennilega nafni, lög um stöðugt verðlag og atvinnuöryggi. Ég hef aldrei haldið, að það hafi verið alveg nákvæmt réttnefni. En í brbl. þótti ekki ástæða til þess að vera að breyta þessu heiti.

Hv. þm. vék í leiðinni að ábyrgðartryggingum bifreiða og þeirri breytingu, sem gerð hefur verið í því efni, þar sem gert er ráð fyrir því, að hver bifreiðareigandi, sem tjóni veldur, beri sjálfsábyrgð, sem getur orðið allt að 7500 kr. fyrir hvert tjón. Það er alveg rangt að nefna þetta mál í sambandi við allar vísitölur. Þetta er umferðarmál. Markmiðið með þessu, að lögleiða sjálfsábyrgð að þessu leyti, er að reyna að gera tilraun til að hamla á móti eða draga úr umferðarslysum. Og ég býst við því, að það verði enginn ágreiningur um það hér á hv. Alþ., að það sé þörf á að gera þvílíkar tilraunir í þá átt.

Það er að sjálfsögðu rétt, að þetta leggst á þá bifreiðaeigendur, sem tjóni valda. En hins vegar er það fullyrðing hjá hv. þm., að það verði ekkert tillit tekið til þess í vísitölu. Ég hygg, að hann viti það betur en ég, að einmitt sú nefnd, sem hann nefndi, kauplagsnefnd heitir hún víst, hefur heimild til þess, það er alveg á hennar valdi að meta það, hvort hún tekur tillit til þessa við útreikning á vísitölu eða ekki. Ég get ekkert sagt um það eða fullyrt um það, hvort hún gerir það eða ekki. Ríkisstj. getur engin áhrif haft á það. Það er algerlega undir hennar mati komið.

Viðvíkjandi því, sem hv. fyrirspyrjandi sagði um verð á landbúnaðarvörum og hækkanir, sem hann færði þar fram, þá vil ég fyrst segja það, að ég held, að þar hafi í einu og öllu verið farið eftir þeim reglum, sem í gildi hafa verið. Þar út af fyrir sig um verðlagningu þeirra hefur ekki orðið nein breyting á. Að vísu hafa verið gerðar breytingar á niðurgreiðslum. En ég held, að það sé enginn vafi á því, að þær verðbreytingar, sem verða á þeim vörum, af hverju sem þær stafa, koma inn í vísitölu eða ég hef a. m. k. gert ráð fyrir því, að kauplagsnefnd tæki tillit til þess, eins og ég hygg, að hafi verið gert. Hitt er svo annað mál, sem hann kom að líka varðandi vísitöluna, að það virðist nú mega segja um þessa vísitölu, að hún virðist að áliti sumra manna vera geysihagleg geit. Ég hef nú alltaf litið á vísitöluna þannig, að hún ætti að mæla vissa kostnaðarliði. Ef það verður hækkun á vissum kostnaðarliðum, þá hækkar vísitalan. En ef það verður lækkun hins vegar á sömu eða tilsvarandi liðum, þá lækkar vísitalan. Og ég hef nú haldið svona almennt talað, að þá ættu menn að standa nokkurn veginn jafnréttir eftir. Ég veit vel, að þessi vísitöluútreikningur er allur flókinn og ég vil ekki segja, að hann sé endilega svona neitt sígildur eða þyrfti að verða eilífur. Ég hygg, að það mætti haga honum á ýmsan annan veg og það megi haga honum á ýmsa vegu. En það hefur ekki verið gerð nein breyting á því, hvernig þessir útreikningar fara fram, þannig að kauplagsnefnd hefur alveg sama mælikvarða eftir að fara

eins og áður. Og þess vegna er þetta á hennar valdi. Og ég get ekki annað séð en alveg eins og menn fá það uppi borið, ef liðirnir, sem eru inni í vísitölunni, hækka með hækkaðri vísitölu og hækkaðri kaupgreiðslu, þá verði menn að sætta sig við það, ef liðirnir, kostnaðarliðirnir, sem eru inni í vísitölu, lækka og kaupgreiðslurnar eða vísitölugreiðslurnar lækka, þá get ég ekki séð annað en menn verði að sætta sig við það.

Hvort það sé stefna ríkisstj., eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði það, eitthvað á þá lund, að launþegar eigi að bera þá hækkun á landbúnaðarvörum, sem á þessu ári hafa orðið. Ég held nú, að ég sé búinn að svara því, að það er allt uppi borið. Það, sem hv. fyrirspyrjandi er með í huganum, er það, hvort niðurfelling nefskatta, sem reyndar er ekki enn orðin að lögum og menn hafa enn þá tækifæri til þess að hverfa frá, ef þeim sýnist þar farið inn á rangar brautir, hvort hún eigi að koma til lækkunar á vísitölu. Ég verð bara að svara þessu einfaldlega eins og hv. fyrirspyrjandi svaraði sjálfum sér, að það er algerlega á valdi kauplagsnefndar, hvernig hún metur þetta. Ríkisstj. hefur ekki nokkurn skapaðan hlut um það að segja, hvernig kauplagsnefnd lítur á þetta atriði. Ég skal ekkert fullyrða um það. Það er hugsanlegt, að hún líti þannig á, að það eigi ekki að koma alveg til lækkunar. Ég skal ekkert fullyrða um það. Ég veit ekki betur en það sé algerlega á valdi kauplagsnefndar, og ég veit ekki til þess, að ríkisstj. hafi þar nokkuð um að segja. Hún hefur ekki minnsta skipunarvald gagnvart þessari kauplagsnefnd. Hún er algerlega sjálfstæður aðili. Og ef það hefur átt að felast í fsp., hvort ríkisstj. mundi reyna að hafa einhver áhrif á kauplagsnefnd í þessu efni, þá get ég svarað því til, að ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að ríkisstj. muni láta það alveg afskiptalaust. Hún mun að sjálfsögðu fylgja þeim háttum í þessu efni, sem farið hefur verið eftir áður af fyrrv. ríkisstj.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal láta liggja á milli hluta umr. um staðfestingu þessara brbl., sem þegar hafa haft sitt gildi, eins og þeim var ætlað, og þess vegna er verið að framfylgja formsatriðum með því að leggja þau fyrir þingið, eins og lög gera ráð fyrir. En mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar hæstv. forsrh. kemur hér og gefur það í skyn, að eiginlega hafi hann nú ekki fullkomna þekkingu á því, hvaða reglur gildi um vísitölu og vísitöluútreikning. (**Forsrh.:** Ekki eins mikla og hv. 7. þm. Reykv.) Ekki eins mikla og . . ., nú. Nei, þetta er alvörumál og ekkert til að hlæja að, því að vísitalan er atriði, sem mælt er eftir kaup almennings í landinu, og ég vil minna hæstv. forsrh. á það, að frá því í júlímánuði í sumar, sem yfirmaður Efnahagsstofnunarinnar, og enn, þar sem stofnunin, þessi nýja, Framkvæmdastofnunin heyrir undir ríkisstj., ber honum skylda til að kunna fullkomlega skil á útreikningi vísitölu og öllu, sem í sambandi við hana er. Og það er mikil léttúð að koma hér fram fyrir þingheim og gera því skóna, að hann hafi ekki sömu vitneskju um það eins og aðrir, það þýðir m. ö. o., að hann skorti einhverja vitneskju í þessu sambandi.

Ég álít hins vegar einnig, að það sé ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að sjálfstryggingin á bifreiðunum sé bara umferðarmál. Það getur blandazt umferðarsjónarmið inn í þetta mál, en það er enginn efi á því, að það, sem réð úrslitum í þessu, voru áhrifin, sem ríkisstj. sjálf taldi, að þetta mundi hafa á vísitöluna, ef iðgjöldin hækkuðu. Og það er að mínu áliti alveg nauðsynlegt að grandskoða þessa löggjöf, þessa bráðabirgðalöggjöf, þessi ákvæði, sem sett hafa verið, og hvort það getur haft sína þýðingu sem umferðarmál, enda þótt sjálfstrygging sé einhver. En það er engan veginn mín sannfæring, að það hafi verið ratað rétta meðalhófið hér að hafa sjálfstrygginguna 7500 kr., og ég tel, að það hafi verið gengið of langt til móts við tryggingafélögin í þessu sambandi. Og ég álít einnig, að það geti haft sín skaðlegu áhrif fyrir umferðina í landinu, að sjálfstryggingin er svona há, það örvi menn til þess að reyna að hlaupast frá því tjóni og sköðum, sem þeir gera í umferðinni og koma sér undan þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir, og þetta atriði verður einnig að athugast. Ég álít, að þarna sé enn eitt dæmi um fljótfærnislega afgreiðslu hæstv. ríkisstj. á þýðingarmiklum málum, bæði almennum málum í stjórnsýslunni og þeim, sem hér hafa komið fyrir Alþ.

Hæstv. forsrh. segir, að lækkun á kostnaðarliðum, sem ganga inn í kostnað manna við heimilishald sitt, ja, þeir valdi lækkun vísitölunnar, eigi að valda lækkun vísitölunnar, eins og hækkunin valdi hækkun vísitölunnar. En hér er enn einu sinni haldið áfram að stagast á sömu blekkingunum, að það hafi verið felld niður almannatryggingagjöldin og sjúkrasamlagsgjöldin. Þau voru ekki felld niður. Almenningur í þessu landi á að borga þessi gjöld og hann á að borga hærri upphæð en áður, vegna þess að iðgjöldin hefðu þurft að hækka, vegna þess að tryggingarnar eru hækkaðar. Þetta leiðir af eðli málsins. En það eru aðrir aðilar, sem borga, heldur en áður borguðu, þegar það var nefskattur. Hins vegar hefur verið sýnt fram á það af prófessor í viðskiptadeild Háskólans, að einmitt tryggingagjöldin, niðurfelling þeirra eða réttara sagt tilfærsla úr nefskatti yfir í tekjuskatt valdi því, að heimilisfeður með tvö börn verði í langflestum tilfellum, hafi þeir þær tekjur, þessir aðilar, sem eru 86% af skattgreiðendunum í landinu, verði að borga meira en áður var, kjör þeirra versni við þær breytingar, sem hér hafa verið gerðar á almannatryggingalögunum, að færa nefskattana yfir í tekjuskattana, þegar dæmið er reiknað eins og hann reiknaði út. Og ég hef ekki séð enn, að þessu hafi verið hnekkt, þó að það hafi verið sett fram á opinberum vettvangi. Þegar þetta er haft í huga, þá er auðvitað ekki verið að fella niður eða lækka gjöldin, sem byggja upp vísitöluna, heldur er verið að færa þau til, en hins vegar er löggjöfin þannig, að tekjuskattarnir gengu ekki inn í vísitöluna. Það er ekki hægt að koma hér og segja í heilagri einfeldni: Ríkisstj. hefur ekkert með þetta að gera. Kauplagsnefndin ákveður vísitöluna. Ef svona tilfærslur eiga sér stað, sem sýnilega leiða af sér ranglæti gagnvart öðrum mönnum í landinu, þá veit ríkisstj. væntanlega enn, að hún hefur löggjafarvaldið með meiri hl. á Alþ. Og það má þá breyta ákvæðunum um kauplagsnefndina, þannig að hún eigi að taka tillit til slíkra hluta, færa tekjuskattana inn í framfærsluvísitöluna, sem voru einu sinni inni í framfærsluvísitölunni, en hafa verið teknir út, og svo eru almannatryggingagjöldin tilfærð úr nefskatti og inn í tekjuskattana vitandi það, þegar það er gert, eins og hæstv. fjmrh. sagði

hér í heilagri einfeldni, að það verði til þess að lækka vísitöluna og við getum lækkað niðurgreiðslurnar.

Þetta er einn aumasti blekkingarvefur gagnvart almenningi, sem fram hefur komið í viðkvæmustu málum almennings, og alveg sérstaklega hjá mönnum, sem fjargviðruðust yfir því ekki alls fyrir löngu, að þáv. ríkisstj. frestaði greiðslum í 6 mánuði á tveimur vísitölustigum. Þetta er alvarlega hliðin á þessu máli, en ekki sú formshlið, þó að þetta frv., sem sennilega fer í n. og sofnar þar, af því að það er búið að ganga sér til húðar, valdi hér meiri eða minni umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Hæstv. forsrh. vék sér undan því af hógværð og kurteisi að svara því, sem hann hlaut þó að átta sig á, að væri efni minnar fsp. Að sjálfsögðu er okkur báðum það jafnljóst, að lækki verð vöru eða þjónustu, sem gengur inn í grundvöll vísitölu, þá lækkar hún, og hækki verð vöru eða þjónustu, sem tekið er þar tillit til, þá hækkar hún. Það er því alveg augljóst mál, að auðvitað hækkar vísitalan í kjölfar þeirrar hækkunar á búvörum, sem varð 1. jan. s. l. Það er hafið yfir allan efa og það hefur enginn dregið það í efa, að slíkt mundi gerast. Það er hitt, sem ég var að spyrja um, hvort það væri enn jafnbjargföst skoðun hæstv. ríkisstj. og það var bjargföst skoðun hæstv. fjmrh. í des., að breyting á skattkerfinu mundi leiða til svo mikillar lækkunar á vísitölunni, að væntanleg hækkun búvöruverðs mundi ekki hækka hana nettó. Ég var ekki að spyrja hann um það að neinu leyti, hvað kauplagsnefnd mundi gera. Mér hefur alltaf verið það ljóst, að þar hefur ríkisstj. ekkert húsbóndavald, þó að mér finnist mörg ummæli í des. hafa bent til þess, að ríkisstj. hafi haldið, að hún mundi hafa það eða talið sig vita fyrir fram, hvað kauplagsnefnd mundi gera.

Nei, hitt var mergurinn málsins og ég harma það, að ekki skuli hafa fengizt skýrari svör hjá hæstv. forsrh. en raun bar vitni um, hvort stefna hæstv. ríkisstj. sé enn sú, að það væri rétt, að skattkerfisbreytingin leiddi til 3.7% lækkunar á vísitölunni, þannig að launþegar verða að bera búvöruhækkunina, sem orðin er, og aðra hækkun, sem orðin er, bótalaust. Þessu svaraði hæstv. forsrh. ekki. Ég skal ekki deila á hann fyrir það, því að meðan hann svarar ekki skýrar en hann hefur gert, þá vil ég vona, að það beri vott um, að ríkisstj. hafi áttað sig á því, að hæstv. fjmrh. fór með rangt mál í fjárlagaumr. í des., a. m. k. ósanngjarnt mál í garð launþega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 636).

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

35. Virkjun Lagarfoss.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss [227. mál] (stjfrv., A. 476).

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 16. des. 1970 var ríkisstj. heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 8 þús. hestafla orkuveri. Á s. l. sumri voru vélar til virkjunarinnar boðnar út, og var þá miðað við þá vélastærð, sem lögin gera ráð fyrir. Hagstæðustu vélartilboðin bárust hins vegar frá Skodaexport í Tékkóslóvakíu, og þau reyndust hagstæðust að verði, enda þótt stærð á túrbínu þeirri, sem boðin var, væri 10 þús. hestöfl. Nú hafa verið undirritaðir samningar við Skodaexport um vélar til Lagarfossvirkjunar samkv. heimild í bréfi iðnrn. og þ. á m. um 10 þús. hestafla túrbínu og rafala með samsvarandi afkastagetu. Rafmagnsveiturnar telja ástæðu til þess að afla viðbótarheimildar Alþ. um virkjunarstærð, svo að hægt verði að nýta þessa stækkun véla að fullu.

Þess skal getið, að þessi stækkun á vélum Lagarfossvirkjunar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á gerð mannvirkja né heldur á vatnsborði Lagarfljóts.

Þetta er það einfalda atriði, sem felst í þessu frv., og vænti ég þess, að hv. Alþ. geti fljótlega afgreitt það.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 476, n. 537).

Frsm. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss, 227. mál, og mælt með samþykkt þess. Eins og fram kemur í nál., var einn nm.,

Pétur Pétursson, fjarverandi. Þessar breytingar á lögunum eru gerðar vegna tilboðs í orkuvélar, sem reyndist öðruvísi en ætlað var. Um þetta segir í aths. við frv.:

„Þegar vélar til virkjunarinnar voru boðnar út á s. l. sumri, var að sjálfsögðu miðað við þá vélastærð, sem lögin gera ráð fyrir. Eins og hæstv. rn. er kunnugt, bárust hagstæðustu vélartilboðin frá Skodaexport í Tékkóslóvakíu, og það enda þótt stærð á túrbínu þeirri, sem boðin var, væri 10 þús. hestöfl."

Við þessar upplýsingar í aths. við lagafrv. þetta er litlu að bæta. Það getur þó komið hér fram, að tilboð í vélar og útbúnað bárust frá 11 framleiðendum, flest þannig, að hver framleiðandi bauð í einstaka þætti útbúnaðarins. Tilboðinu var tekið frá Skodaexport í allan vélaútbúnað að undanskildum fjarskiptabúnaði, en tilboði í hann var tekið frá Brown Boveri. Heildarverð tilboðsins voru rúmar 93 millj. ísl. kr., en það tilboð, sem næst kom, hljóðar upp á 105 millj. ísl. kr., í báðum tilvikum miðað við fob-verð. Greiðsluskilmálar voru svipaðir hjá öllum aðilum.

Það er ekki ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta. N. hefur fjallað um frv. og telur eðlilegt að gera þessar breytingar á lögunum um virkjun Lagarfoss til að hægt sé að ganga að fyrrnefndu tilboði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun hafa skrifað undir nál. allshn. með fyrirvara, en hafði ekki tækifæri til að gera grein fyrir honum við 2. umr. Ég vil aðeins skýra frá því, að þessi fyrirvari lýtur að því, að ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, sem fram er tekið í niðurlagi grg., að sú stækkun, sem heimiluð er á vatnsvélum, verði ekki til þess að breyta á neinn hátt fyrirhuguðum mannvirkjum á þessum stað, t. d. að hækka vatnsborð eða annað slíkt, og ef því er ekki andmælt mun ég leyfa mér að líta svo á, að sá sé skilningur manna á þessu málsatriði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 476, n. 659).

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 frá 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss. Mál þetta hefur borizt frá hv. Nd., þar sem frv. var samþ. án breytinga. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 710).

---

36. Lagmetisiðja ríkisins í Siglufirði.

Á 45. fundi í Ed., 10. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði [169. mál] (stjfrv., A. 326).

Á 46. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að niðursuðuverksmiðja ríkisins í Siglufirði verði gerð að sjálfstæðu fyrirtæki og sett undir sérstaka stjórn. Jafnframt verði tryggt nokkurt fjármagn til að fullkomna tækjabúnað verksmiðjunnar og tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Það eru nú liðin 25 ár síðan sérstök lög voru sett um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins í Siglufirði, og henni var þá ætlað allmikið hlutverk í þeirri iðngrein. Til þess var ætlazt, að verksmiðjan reisti og ræki í Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir, og hún átti enn fremur að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja. Henni var sem sé ætlað að lyfta þessari iðngrein. 1947 var Síldarverksmiðjum ríkisins svo falið að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar, en framkvæmdir drógust æðilengi og það var ekki fyrr en í byrjun 7. áratugsins, að bygging verksmiðjunnar var hafin, og stjórn Síldarverksmiðjanna hefur síðan haft rekstur hennar með höndum. Fyrstu árin var framleiðslan lítil vegna skorts á mörkuðum, og þau árin varð nokkurt tap á rekstrinum. En síðustu árin hefur framleiðslan stóraukizt og reksturinn gengið betur, og á þessu ári er útlit fyrir, að álitlegur hagnaður verði af rekstrinum eða 4–5 millj. kr., og

hefur þá verið reiknað með þóknun til Síldarverksmiðja ríkisins, fyrir bókhald og skrifstofukostnað, um ½ millj. kr., og vegna leigu á húsnæði og tækjum 2.2 millj., eins og verið hefur undanfarin ár.

Árið 1970 flutti niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði meiri framleiðsluverðmæti á erlendan markað en nokkur önnur íslenzk niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðja eða fyrir 38.4 millj. kr. Á s. l. ári varð framleiðslan þó tvöfalt meiri eða fyrir 76 millj. kr. Hér er um að ræða fyrirtæki, sem skiptir Siglfirðinga mjög miklu máli, því að fjöldi starfsmanna í verksmiðjunni hefur verið 90–110 manns. Og þess er vænzt, að þarna geti orðið áfram um framleiðsluaukningu að ræða og því hefur verksmiðjunni verið tryggt hráefni í ár, 12 þús. tunnur af síld, sem er mun meira magn en verið hefur á undanförnum árum.

Þetta frv. er samið af niðursuðunefnd, sem starfað hefur á vegum iðnrn. síðan í haust. Aðalverkefni þeirrar nefndar hefur hins vegar verið að semja frv. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, og geri ég mér vonir um, að það verði lagt fram hér á þingi eftir nokkra daga.

Niðursuðuiðnaðurinn hefur lengi verið olnbogabarn hér á landi og þróun hans hefur orðið mjög skrykkjótt. Á undanförnum 5 árum hefur útflutningsmagn á niðursuðuvörum aðeins verið rúm 1000 tonn á ári, en það er aðeins örlítið brot af því hráefni, sem til fellur, og langt innan við 1% af útflutningsmagni Íslendinga í heild. Við flytjum enn þá út meginhlutann af hráefninu handa öðrum keppinautum okkar, enda þótt fullvinnsla margfaldi verðmæti hráefnisins. Ástæðan fyrir erfiðleikum þessa iðnaðar er tvímælalaust sú, að markaðsöflun hefur verið ómarkviss og fálmandi, en til þess að tryggja næga markaði fyrir þessar og aðrar fullunnar iðnaðarvörur þarf mjög öfluga sölustarfsemi. Með hinu væntanlega frv. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins er til þess ætlazt, að til komi samvinna ríkisvaldsins og atvinnurekenda um þessa starfsemi og allverulegt fjármagn verði lagt fram í þessu skyni. Ætti aðstaða þá að gerbreytast og grundvöllur að skapast fyrir örri þróun þessarar iðngreinar, sem ætti að vera nærtækara verkefni fyrir okkur Íslendinga en nokkra þjóð aðra. Og innan þessa kerfis er til þess ætlazt, að verksmiðjan í Siglufirði hafi mjög verulegu hlutverki að gegna.

Einstaka gr. frv. skýra sig að mestu leyti sjálfar. Eins og menn sjá, er hér stungið upp á því, að tekið verði upp nýyrðið „lagmeti“ um iðnað af þessu tagi. Það hefur ævinlega verið öfugmæli að tala um niðursuðuiðnað í sambandi við verksmiðjuna í Siglufirði, því að hún hefur fengizt við niðurlagningu. Auk þess hefur þetta orðafar, niðursuðu- og niðurlagningariðnaður, verið ákaflega óþjált og því er hér lagt til, að tekið verði upp orðið „lagmeti“ og „lagmetisiðja“.

Í 2. gr. er ekki aðeins til þess ætlazt, að verksmiðjan vinni sjálf að niðurlagningu, niðursuðu og hvers konar fullvinnslu matarrétta úr sjávarafurðum, heldur á hún einnig að hafa forustu um tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðla reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda. Hér er sem sé til þess ætlazt, að hún ræki enn það verkefni, sem henni var upphaflega ætlað, að verða lyftistöng fyrir þessar iðngreinar í heild með tilraunastarfsemi.

Í 3. gr. er ráð fyrir því gert, að ríkið taki við verksmiðjuhúsi Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og verðið verði greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins. Í þessu skyni er lagt til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, en náist ekki samkomulag, skeri ríkisstj. úr.

Í 4. gr. er svo lagt til, að ríkissjóður leggi fram 15 millj. kr. til þess að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Í 5. gr. er lagt til, að sá háttur verði á hafður um stjórn lagmetisiðjunnar, að fjmrn. tilnefni einn mann í stjórn, bæjarstjórn Siglufjarðar tilnefni mann, en eins og ég sagði áðan, er hér um fyrirtæki að ræða, sem skiptir mjög miklu máli fyrir atvinnulífið í Siglufirði, og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tilnefni enn fremur mann einmitt til þess að hafa forustu um tilraunastarfsemi þá, sem ég minntist á hér áðan. Þá er og lagt til, að starfsfólk verksmiðjunnar tilnefni einn mann samkv. nánari reglum, og er hér um að ræða nokkurt nýmæli og í samræmi við hugmyndir núv. ríkisstj. um aukna þátttöku starfsfólks í stjórn fyrirtækja. Síðan á iðnrh. að skipa formann stjórnar án tilnefningar líkt og verið hefur.

Ég vil vænta þess, að um þetta frv. verði ekki neinn meiri háttar ágreiningur hér á þingi. Það hefur verið almenn skoðun hér í þinginu síðustu árin, að nauðsynlegt væri, að verksmiðjan fengi sjálfstæða stjórn. Á síðasta þingi var t. d. flutt um það stjfrv., að niðursuðuverksmiðjan í Siglufirði yrði gerð að hlutafélagi, m. a. með aðild Siglufjarðarkaupstaðar. Sú hugmynd strandaði hins vegar á því, að hluthafar virtust ekki vera tiltækir, og m. a. taldi bæjarstjórn Siglufjarðar sig ekki hafa neitt fjármagn til þess að standa að slíkri starfsemi. Því verður það að teljast eðlilegt, að þetta fyrirtæki verði áfram starfrækt á vegum ríkisins, eins og verið hefur frá upphafi vega, og að það hafi þá með höndum það sérstaka verkefni, sem ég hef rætt um, að hafa jafnframt forustu um tilraunastarfsemi á þessu sviði.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Sem einn af meðlimum niðursuðunefndar, sem svo er nefnd í grg. með þessu frv., vil ég segja örfá orð. Ég vil staðfesta það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., að um mál þetta var eining í nefndinni. Þó vil ég minnast á aðeins tvö atriði, sem ég vil fyrst og fremst beina til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar.

Það er í fyrsta lagi það nýyrði, sem þarna er upp tekið. Ég skal viðurkenna, að ég fann ekkert betra, þegar þetta var rætt í nefndinni, og það má vel vera, að það venjist. Ég er ekki að segja það, en ég hygg, að við höfum allir verið sammála um það í nefndinni, að þetta ætti að skoða mjög vel. Það er e. t. v. dálítið viðameira heldur en liggur í loftinu að festa í lög nýnefni sem þetta. Ég vil því eindregið beina því til n., af því að það vannst nú ekki tími til að gera það hjá okkur í nefndinni eins og við hefðum viljað, að það verði leitað formlega

álits þeirrar nefndar við Háskóla Íslands, sem um nýyrði fjallar. Ég held, að það væru rétt vinnubrögð.

Og svo vil ég aðeins minnast á eitt annað atriði. Það er í 2. gr. Þar segir svo:

„Jafnframt hefur verksmiðjan forustu um tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins."

Ég gerði aths. við þetta og varpaði fram þeirri spurningu, hvort það væri rétt, að verksmiðjan hefði forustu. Með lögum frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, hygg ég að segja megi, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sé falin forusta um tilraunastarfsemi á sviði niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins. Þetta held ég, að þyrfti að kanna hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og sýnist mér raunar, að sama tilgangi væri náð, ef þessi gr. væri orðuð t. d. þannig: Jafnframt annast verksmiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Ég vil minnast á þetta. Ég gerði engan ágreining í nefndinni um þetta, en kom þar með þessa aths. og sýnist rétt að endurtaka hana hér.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er hreyft í sjálfu sér miklu máli, þó að það sé bundið við eitt fyrirtæki, sem er staðsett norður á Siglufirði, og get ég strax lýst því yfir, að ég er í grundvallaratriðum sammála frv. Hins vegar langar mig til þess í tilefni þess, að hæstv. iðnrh. er staddur hér í d. hjá okkur, að fara um frv. nokkrum orðum og kannske spyrja hæstv. ráðh. nokkru nánar í því sambandi.

Mér virðist í aths., sem eru mjög stuttar, gæta þess misskilnings miðað við reynslu undanfarinna ára, eins og hæstv. ráðh. drap þó aðeins á, að mikillar bjartsýni gæti, kannske svolítið óraunhæfrar bjartsýni í ljósi þess, sem gerzt hefur, bæði hjá þessu fyrirtæki og öðrum fyrirtækjum í niðursuðuiðnaði, að þau hafa, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, verið olnbogabörn, og það er alveg rétt. Þau hafa átt við ýmsa örðugleika að etja og sjálfsagt ýmislegt, sem hefur stuðlað að því. Nú væri á döfinni stórmikið frv., sagði ráðh., sem muni efla sölustarfsemina a. m. k. Hvað framleiðsluþættinum viðvíkur, skal ég engu spá á þessu stigi, en mér skilst, að tilgangur þessa stóra frv. sé a. m. k. að tryggja raunhæfa og duglega sölustarfsemi, og er það vel. Engu að síður ætla ég aðeins að hlaupa á greinum frv. og vil þá um leið taka undir orð síðasta ræðumanns um það, að ég hallast helzt að því að orða þetta um forustuhlutverkið í þeim anda, sem hann lýsti. Ég tel það raunhæfara og nær sanni, miðað við það, sem er á döfinni, að gera átak til eflingar almenns niðursuðuiðnaðar eða lagmetisiðnaðar á síld og öðrum afurðum úr sjónum í framtíðinni hér á Íslandi. Og samkv. þessum lögum, sem eru í gildi enn um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þá er eðlilegt, að forustan sé þar. En hins vegar getur verið um beina samvinnu að ræða um ákveðna þætti úti um landið.

Síðan er 3. gr., að ráðh. skipar þriggja manna yfirtökunefnd. Mér finnst þetta kannske fullstutt sagt. Ég er ekki nógu kunnugur þessu, en veit ekki, hvaðan þessir fulltrúar kæmu. Þetta er að vísu millifærsla á ríkisfyrirtækjum, en einu sinni er nú svo, að fjvn. fjallar oft um þá þætti, sem varða fjármál ríkisins meira og minna, og væri ekki óeðlilegt, að einn maður fylgdist með úr fjvn. eða sama sem frá Alþ., það væri ekki óeðlilegt, heldur en þetta væru bara aðilar utan Alþ. Þetta er ábending.

4. gr. gerir ráð fyrir framlagi af hálfu ríkisins og er það eðlilegt og nauðsynlegt, óhjákvæmilegt, til þess að gera þetta raunhæft, sem frv. stefnir að.

5. gr. er ég nokkuð ósammála og vildi vekja athygli á því, að ég held, að það sé yfirleitt venjan, að þegar svona er málum háttað, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá kjósi a. m. k. Alþ. þrjá menn í stjórn, jafnvel alla. En hérna skilst mér, að iðnrh. einn muni skipa í stjórnina eftir ákveðnum ábendingum, en ég held, að þar sem um mikið fjármagn er að ræða beint frá Alþ., þá væri ekki óeðlilegt, að það væri athugað, hvort Alþ. ætti að kjósa í stjórnina, eins og tíðkast um mörg önnur ríkisfyrirtæki. Hitt vil ég þakka ráðh. fyrir, og er það í anda þess frv., sem ég flutti hér á síðasta þingi, að starfsfólk verksmiðjunnar hafi möguleika á að tilnefna einn mann í stjórnina. Það finnst mér mjög þakkarvert, að skuli vera tekið hér upp núna, sem yrði þá vonandi að lögum.

Í sambandi við önnur atriði í þessu finnst mér gæta verulegrar bjartsýni. Það er sagt hér í aths., að verulegur hagnaður verði á s. l. ári. Nú er ekkert gefið meira í skyn í því sambandi, þannig að mig langar til að spyrja, á hverju það mat byggist, hvernig er sú áætlun, gætum við fengið að vita eitthvað um þá áætlun, sem sýnir þetta. Ég held, að ég muni það rétt, að flestöll árin hafi verið meira og minna tap og jafnvel komið á annan tug millj. um tíma, en verið jafnað út 1967 og 1968 með sérstöku ákvæði í sambandi við gengisbreytingarnar þá. Þetta var held ég eina fyrirtækið, ef ég man það rétt, sem fékk að njóta gengishagnaðarins óskerts. Og ég held, að ríkissjóður hafi lagt fram 10 millj. kr. til að þurrka út það tap, sem var rúmlega 10 millj. Hvort það var 11–12 millj., man ég nú ekki nákvæmlega, en mig minnir, að ríkissjóður hafi lagt fram eða fengið að njóta gengisávinnings, sem var rétt um 10 millj., til þess að þurrka tapið þá út, þannig að ég vil bara undirstrika það, að bæði hjá þessu fyrirtæki og ýmsum öðrum hafa verið erfiðleikar, og þó að við vonum, að bjartari tímar séu fram undan, þá skulum við ekki vera óraunsæir, ekki óraunsæjari en það, að hér þarf að gera mikið átak til að tryggja mikla framleiðslu hjá þessu fyrirtæki, eins og við gerum okkur vonir um, að muni takast.

Annað atriði er það, að þegar gefin er upp heildartala, 80 millj., annaðhvort meira eða minna, þá skulum við muna það, að umbúðirnar eru nokkurn veginn þriðjungur af þeirri tölu og þær koma erlendis frá. Vinnulaunin eru nálægt ⅓, og svo er hráefnið yfirleitt lægri þáttur en þessir tveir, yfirleitt verulega lægri. Nú er mikið vandamál með hráefnið. Búið er að lýsa yfir friðunarráðstöfunum hér á Íslandsmiðum til haustsins 1973. Auðvitað getur hæstv. sjútvrh. upphafið þetta bann og leyft sérstakar undanþágur í þágu þessara verksmiðja, en fari svo, að við verðum að fá alla síldina úr Norðursjónum, þá kostar það mikið og það kostar verulega aukna erfiðleika, bæði fyrir þessa verksmiðju og aðrar, sem þurfa að treysta á síldarniðursuðu. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, vegna þess að þetta kann að verða raunhæft mjög fljótlega, þegar á komandi sumri, í sambandi við hráefnisöflun handa þessari

verksmiðju og jafnvel fleirum. Þess vegna er nauðsynlegt, að við gerum okkur nú grein fyrir því, að þó að bjartsýni sé nokkur í dag, þá kann það að vera óraunhæft vegna annarra aðstæðna, sem steðja að þessum iðnaði. Einnig er það, að vegna síldarskorts í Vestur-Evrópu ætti að vera möguleiki á að selja þessar afurðir betur en verið hefur, ekki eingöngu til Rússlands, þó að ég sé ekki að lasta þann markað. En samt sem áður er mér ekki kunnugt um, að verksmiðjan hafi komið neinu magni að ráði á þennan markað í Vestur-Evrópu, og væri fróðlegt að vita um það, hvort slíkt hefði tekizt núna við ríkjandi aðstæður, því að sé það ekki hægt við ríkjandi aðstæður í dag, þá er varla hægt að vænta þess, að okkur takist betur til, þó að um aukna sölustarfsemi verði að ræða, ef friðunarráðstafanir á síldinni bera þann árangur, að aukið framboð verði á norðurhafssíldinni, aukið framboð verði eftir 2–3 ár. Við ættum þess vegna að reyna að nota tækifærið nú í dag og koma okkar vöru, niðursuðuvöru, á þennan erfiða markað í Vestur-Evrópu, sem sennilega mun greiða hærra verð en fæst í Rússlandi.

Hæstv. ráðh. sagði frá því, að Siglósíld hefðu verið tryggðar 12 þús. tunnur. Ég held, að enn hafi ekki verið teknar í umsjá verksmiðjunnar nema tæplega 5 þús. tunnur. Hins vegar mun ríkissjóður hafa borgað eða tryggt greiðslu á öllu magninu. Kristján Jónsson tók að sér nærri 5 þús. tunnur, en því miður, ég veit ekki hvers vegna, treysti Norðfjörður sér ekki til að kaupa neitt eða tryggja sér neitt af saltsíld, og ég held, að ég fari rétt með það, að þeir hafi enn ekki getað fullunnið úr því, sem þeir áttu á lager allt frá árinu 1970. Ég vil þannig aðeins vekja athygli á því, að þó að grg. sé mjög bjartsýn í eðli sínu, þá eru erfiðleikar í þessari atvinnugrein og þeir kunna að halda áfram a. m. k. fyrir sum fyrirtæki. Þau munu örugglega þurfa á fjármagnsaðstoð að halda, og þó að það komi fram kannske í öðru frv. frá hæstv. ríkisstj.

Þetta er sérmál út af fyrir sig, Siglósíld, og skal ég ekki orðlengja það meira almennt séð. En það væri fróðlegt, ef n. gæti a. m. k. fengið nánari upplýsingar um möguleikana, hvað þetta breytta rekstrarform tryggi raunverulega í afgang, af því að það er gefið í skyn í aths. við frv., og hvaða úrbætur, sem frv. felur í sér, muni vera það góðar, að við getum raunverulega verið svo bjartsýnir, eins og mér finnst aths. gefa í skyn, að hægt sé að vera. Þess vegna hef ég leyft mér að gera þessar aths. við frv., en eins og ég sagði áðan, heildarstefnuna í því styðjum við allir.

Jón Árnason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð við þessa umr., sem ég vildi segja um þetta mál, sem hér er til umr. Mér finnst t. d. vanta í þetta frv., að þar sé tiltekið eitthvert ákveðið kjörtímabil, sem væntanlegir stjórnendur eða stjórn verksmiðjunnar ættu að sitja. Ég sé hvergi í þessu frv., að annað sé ákveðið, heldur en það, að kjósa eigi með vissum hætti ákveðna menn, en hversu lengi þeir eiga að sitja í stjórn, því hef ég ekki tekið eftir. Og ef svo er, að þetta vanti, þá finnst mér það náttúrlega sjálfsagt, að slíkt ákvæði þyrfti að koma inn í þetta frv., að það væri tiltekið kjörtímabil eða tímabil, sem þeir, sem væru kjörnir, sætu þarna, en ekki ævilangt, ef svo væri þá.

Það er talað um það, að það þurfi að vera nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar. Nánar er ekkert tilgreint þar um. Í tilefni af því vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort það sé ekki ætlunin, að framlag ríkissjóðs verði háð fjárveitingum í fjárl. eins og venja er um slíkar framkvæmdir, en ríkisstj. hafi ekki algerlega óbundnar hendur um það að verja fjármagni í þessa framkvæmd eftir sínum eigin geðþótta og án frekari afskipta Alþ. Ég mundi telja, að það væri eðlilegt, að Alþ. hverju sinni, annaðhvort sérstaklega eða þegar fjárlagaafgreiðsla ætti sér stað, kvæði á um, hve miklu fjármagni skyldi verja hverju sinni. Það er algengt, að enda þótt ríkið leggi fjármagn til einna og annarra framkvæmda, þá sé kveðið á um það, að það skuli vera eftir því, sem fjármagn er veitt til á fjárl. eða á annan hátt. Annars mundi ég telja, að þetta væri of laust og óeðlilega laust og ekkert æskilegt heldur fyrir ríkisstj. að hafa slíkar heimildir, hvorki í þessu tilfelli né öðrum hliðstæðum.

Hæstv. ráðh. talaði um afkomu þessarar verksmiðju, að hún hefði gengið allvel hin síðari ár, mun betur heldur en áður, og hagnaður verið af rekstrinum. Ég vildi því spyrjast fyrir um það, hver hagnaðurinn hefði verið af rekstrinum á síðasta ári. Það er okkur kunnugt öllum, að það er bæði með þessa verksmiðju og aðrar hliðstæðar, sem starfræktar eru hér í þessu landi, að það hefur skort verulega á það, að þær hafi nægilegan markað til þess að vinna fyrir og sölu fyrir sínar framleiðsluvörur. Nú hygg ég, að það skorti ekki á í dag hjá Siglóverksmiðjunni, að sá tækjabúnaður og sá vélakostur, sem þegar er búið að leggja í kostnað við við þessa verksmiðju, geri það fullkomlega kleift að verksmiðjan hafi getað framleitt nægilegt magn. Hins vegar er það staðreynd, að hún, eins og aðrar sambærilegar verksmiðjur, hefur ekki getað náð markaði í markaðslöndunum fyrir sína framleiðslu, nema að mjög takmörkuðu leyti. Hæstv. ráðh. talaði um það, að nú á þessu ári væri búið að tryggja eða kaupa um 120 tonn af síld, kryddsíld, til framleiðslunnar, og ég vil í því sambandi spyrjast fyrir um það, hvað liggja fyrir miklir sölusamningar um niðurlagða gaffalbita eða niðurlagða kryddsíld í þeim viðskiptalöndum, sem hefur verið samið við. Mér er kunnugt um, að það náðist samningur um nokkurt magn við Sovétríkin, eftir að lengi hafði staðið í þófi um þá samninga, a. m. k. tveggja, þriggja mánaða tímabil, og því miður hygg ég, að sá samningur sé, þegar tillit er tekið til þess, að það munu vera þrjár verksmiðjur í landinu sérstaklega, sem hafa lagt sig fram um það að búa sig út til þess að framleiða niðurlagða síld, þá sé þessi samningur, sem mér er kunnugt um, að náðist við Sovétríkin, mjög lítill og allt of lítill til þess að komið sé til móts við það magn, sem hér er þó rætt um, sem er engan veginn mikið, 12 þús. tunnur. Þegar við lítum svolítið til baka og vitum, hve mikil hefur verið síldarframleiðslan, þegar ekki hafa verið neitt sérstaklega mikil síldarár, hér áður fyrr a. m. k., þegar saltaðar voru 200–300 þús. tunnur, sjáum við af því, að hér er ekki um stórfellt magn að ræða, en þó væri það verulegur árangur, ef hægt væri að tryggja, þótt ekki væri meira magn af þessari vöru, tryggja sölu á þessu eða svipuðu magni af þessari vöru.

Þá vil ég að lokum minnast á það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að til stæði, að á Alþ. yrði á næstu dögum lagt fram frv. í sambandi við sölumál niður-

suðuiðnaðarins. Mér var kunnugt um það, að nokkru fyrir þinghlé taldi sú nefnd, sem falið var að vinna að undirbúningi frv. um sölumál niðursuðuiðnaðarins, sig hafa lokið störfum og kallað til fundar við sig þá framleiðendur í landinu, sem hafa verið að ræða um fyrirkomulag og hugsanlegt sölusamlag á þessari vöru með það fyrir augum að koma einhverju svipuðu formi á það og á sér stað hjá öðrum sjávarútvegsgreinum okkar, bæði hraðfrysta fiskinum, saltfiskinum, skreiðinni og öðrum þeim vörutegundum, og okkur var þá tjáð, að það væri meiningin að leggja þetta frv. fyrir Alþ. áður en þinghlé hæfist. En svo varð þó ekki, og nú er liðinn nokkur tími síðan Alþ. hóf störf að nýju og ekki hefur þetta frv. enn séð dagsins ljós hér í sölum Alþ. En eftir því sem hæstv. ráðh. tjáði okkur áðan, er þess að vænta, að það komi fyrir þingið núna einhvern næstu daga, og ég vil fagna því, því að ég tel, að þetta sé eitt af þeim málum í sambandi við okkar útflutningsframleiðslu, sem sé mjög brýn nauðsyn á að taka föstum tökum og reyna að vinna að með verulegum úrbótum á skipulagningu í sambandi við sölumál niðursuðuiðnaðarins.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. Steingrími Hermannssyni um það, að það væri eðlilegt að breyta orðalagi 2. gr. þannig, að verksmiðjan annaðist tilraunastarfsemi undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og vildi ég biðja hv. n. að líta betur á það atriði. Það er einnig rétt, sem fram hefur komið hér í umr., að það er mjög óeðlilegt, að það er tiltekið í 5. gr., að það yrði skipuð stjórn án þess að hún hafi tiltekinn starfstíma, og þessu þarf að sjálfsögðu að breyta.

Hitt getur svo verið matsatriði, hvort það er eðlilegt, að stjórn við slíka stofnun þurfi endilega að kjósa pólitískri kosningu hér á þingi. Ég er ekki viss um, að sú regla sé rétt í öllum tilvikum. Þarna koma til aðilar, sem mér finnst, að eðlilegt sé, að tilnefni fulltrúa, – þar á ég við bæjarstjórn Siglufjarðar og ekki sízt Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, – og það eru líkur á því, að það sé hægt að fá þarna samhentari stjórn og menn, sem hafa meiri sérþekkingu, með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, en þetta er að sjálfsögðu á valdi Alþ.

Ég tel það alveg sjálfsagt mál, að fjvn. verði látin fylgjast með því, hvernig háttað verður samningum við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um eignir fyrirtækisins, sérstaklega var rætt um skuldajöfnun milli ríkissjóðs og síldarverksmiðjanna, og mun, ef frv. verður samþ., gera ráðstafanir til þess að fjvn. geti fylgzt með því máli.

Hér var spurt um það, hver afkoma fyrirtækisins hefði orðið á s. l. ári. Eins og ég greindi frá í framsöguræðu minni, hefur mér verið tjáð, að hagnaður af rekstrinum hafi orðið 4–5 millj. kr., en sú hv. þn., sem fær málið til meðferðar, mun að sjálfsögðu geta fengið aðgang að öllum gögnum um það efni.

Hér hefur nú komið fram annars vegar það sjónarmið, að í þessu frv. væri ótímabær bjartsýni um möguleikana á því að framleiða og selja jafnmikið magn og þarna er talað um. Og jafnframt hefur verið á það bent, að það gæti orðið erfitt að afla hráefnis, vegna þess að nú sé bann við síldveiði fram til næsta hausts. Sú ákvörðun ríkisstj., að tryggja verksmiðjunni 12 þús. tunnur af hráefni, var m. a. miðuð við þetta, vegna þess að það er talið, að hægt sé að geyma slíkt hráefni allangan tíma og það þyrfti að tryggja það, að nægilegt hráefni gæti þarna verið til fram yfir næstu áramót. Það er rétt, að sala á framleiðslu verksmiðjunnar hefur ekki hafizt eða ekki jafnlangt fram gengið eins og vonir stóðu til. Sovétríkin reyndust ekki reiðubúin til að kaupa jafnmikið magn og vonir stóðu til í upphafi, en ég vil benda á það, að það er gert ráð fyrir því, að hægt verði að selja Sovétríkjunum annað eins magn á síðari hluta ársins. Jafnframt er mér kunnugt um það, að stjórn verksmiðjunnar hefur sent menn utan til þess að reyna að afla markaða í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Danmörku. Á s. l. ári var selt allmikið magn til Svíþjóðar og til Bandaríkjanna og Svíar hafa hreinlega beðið eftir því, hvort þeir fengju að kaupa hér á Íslandi kryddsíld í tunnum til niðurlagningar hjá sér. Þau fyrirtæki, sem þar er um að ræða, standa í samkeppni við okkar á þessu sviði, og ég vil vænta þess, að það muni takast að tryggja markaði í Svíþjóð fyrir okkar eigin framleiðsluvörur, vegna þess að Svíar munu búa við hráefnisskort á þessu sviði ekki síður heldur en við.

Ég vil geta þess í sambandi við það, sem hv. þm. Jón Árnason sagði, að þarna sem stendur í 4. gr., að ríkisstj. sé heimilt að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þá er þarna um að ræða stefnumörkun af hálfu ríkisstj., en að sjálfsögðu munu till. um framkvæmd þessarar stefnumörkunar verða markaðar í sambandi við afgreiðslu fjárl. hverju sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 595, 377).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Hér er um að ræða frv., sem stefnir að því að skilja á milli tveggja aðila, sem starfandi hafa verið í Siglufirði, Síldarverksmiðja ríkisins annars vegar og hins vegar Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem þar er. Og með þessu frv. er verið að setja sérstök lög um niðursuðuverksmiðjuna og setja hana undir sérstaka stjórn.

N. hefur fjallað um þetta frv., eins og ég sagði áðan, og sent það til umsagnar fjórum aðilum. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sendi okkur svar og taldi ekkert athugavert við það, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Í umsögn Síldarverksmiðja ríkisins kom fram tvenns konar afstaða, af hálfu meiri hl. stjórnar, sem lagði eindregið til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en formaður stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins hafði uppi sérstöðu og skilaði séráliti á þá leið, að samþykkja bæri frv. í þeim búningi, sem það var lagt fram á Alþ. á s. l. vetri, en þá var gert ráð fyrir því, að stofnað yrði hlutafélag um fyrirtækið.

Bæjarstjórn Siglufjarðar, sem var þriðji aðilinn, sem fékk þetta frv. til meðferðar, mælti mjög eindregið með frv., en óskaði þó eftir nokkrum lagfæringum. Í fyrsta lagi, að skýrt væri fram tekið, að lögheimili fyrirtækisins væri í Siglufirði. Í öðru lagi, að fyrirtækið greiddi gjöld til bæjarsjóðs eftir sömu reglum og almennt gilda um atvinnurekstur. Í þriðja lagi, að stjórnarfundir í

félaginu yrðu almennt haldnir í Siglufirði. Og í fjórða lagi, að þess væri gætt, að meiri hluti stjórnarmeðlima ætti lögheimili í Siglufirði. Þessar ábendingar hefur n. tekið til athugunar, og hún hefur fallizt á að gera nokkrar breytingar á frv. til að ganga til móts við þessar óskir, eins og ég vík að hér strax á eftir.

Fjórði aðilinn, sem fékk frv. til umsagnar, var Íslenzk málnefnd, sem hefur eiginlega haft þetta mál til meðferðar – spursmálið um það, hvað iðnaður af þessu tagi eigi að heita – um langt skeið og kemst að þeirri niðurstöðu, að orðið „lagmeti" sé heppilegt og gott orð sem samheiti yfir niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar aðra hliðstæða meðferð á sjávarafurðum eða öðrum matvælum. Þá er fyrst og fremst átt við, að maturinn sé settur í þess háttar umbúðir, sem skapi varanlegt geymsluþol. Jafnframt bendir málnefndin á það, að það væri æskilegt, að notkunin á þessu orði yrði staðfest enn frekar með því að öðru frv., sem fyrir Alþ. liggur um svipað efni, yrði breytt til samræmis, en það er mál, sem ekki snertir það mál, sem hér er til umr.

Brtt., sem n. hefur borið fram, stefna sem sagt allar í þá átt að gera breytingar á frv. í samræmi við óskir, sem fram hafa komið. 1. brtt. er um það, að heimili og varnarþing þessa fyrirtækis sé í Siglufirði. Í 2. gr. er tekin upp till., sem Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur flutt. Þetta er nákvæmlega eins orðað og sama till., sem þar er, eins og er í till. Steingríms Hermannssonar.

Aðrar brtt. hér þarfnast ekki skýringa að neinu ráði. Með 4. brtt. er gengið til móts við óskir Siglfirðinga að því leyti, að það er talað um, að formaður stjórnar, sem skipaður er af ráðh. án tilnefningar, skuli búsettur í Siglufirði. Það hefur þá það aftur í för með sér, að það á að vera nokkuð tryggt, að meiri hl. stjórnarmanna eigi þar heimili, 3 af 5. Og í 5. tölul. eru tekin af öll tvímæli um það, sem ella kynnu að hafa skapazt, að það er ætlunin, að þetta fyrirtæki greiði aðstöðugjald, fasteignagjöld og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar, en þar sem um er að ræða ríkisfyrirtæki mundi það ekki þurfa að greiða önnur gjöld til opinberra aðila, þ. e. a. s. ekki tekjuskatt.

N. mælir sem sagt með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem hv. frsm. sagði hér á undan mér. Ég hef skrifað undir nál. ásamt honum og öðrum nm., sem mælir með samþykkt þessa frv. En ég hef gert fyrirvara og enn fremur hefur 2. þm. Reykv. skrifað undir með fyrirvara. Ég vildi með nokkrum orðum lýsa því, í hverju þessi fyrirvari felst.

Hann felst ekki í því, að við teljum ekki frv. vera til bóta frá því ástandi, sem verið hefur. En Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið með niðursuðuverksmiðju í Siglufirði eða Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins í Siglufirði hefur verið í samkrulli við Síldarverksmiðjur ríkisins allt frá því að lög um það voru sett 1946. Við teljum, að það sé sjálfsögð ráðstöfun að skilja þarna á milli. En við teljum, að það hefði átt að gera með öðrum hætti. Eðlilegra hefði verið, að það hefði verið stofnað hlutafélag til þess að annast þann rekstur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að lagmetisiðja ríkisins í Siglufirði hafi með höndum.

Ég skal ekki hér hefja almennar umr. um gildi og yfirburði einkareksturs fram yfir ríkisrekstur. En við getum ekki lokað augum fyrir staðreyndum. Og þær staðreyndir, sem liggur næst að vekja athygli á í þessu máli, eru þær, að þó að lög væru sett um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins árið 1946, var það ekki fyrr en um það bil 1½ áratug síðar, sem lögin komu til framkvæmda, eins og segir í grg. með þessu frv. Í grg. segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með breytingu á lögum í maímánuði 1947 var stjórn Síldarverksmiðja ríkisins falið að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar." – Þ. e. niðursuðuverksmiðjunnar. – „Í byrjun sjöunda áratugsins var starfsemi verksmiðjunnar loks hafin og hefur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins haft rekstur hennar með höndum."

Þetta sýnir betur og frekar en orð fá lýst, hvílíkur seinagangur hefur verið á þessum málum undir forsjá ríkisins. Þetta er gott dæmi um það, hve óheppilegt það er venjulega, að ríkisvaldið og ríkið hafi með höndum atvinnurekstur, þar sem á þarf að halda áhuga og framtaki og krafti til þess að koma hlutum í framkvæmd. Það er því ekki að ófyrirsynju, að við hv. 2. þm. Reykv. skrifum undir þetta nál. með fyrirvara, með því að við teljum, að það hefði verið eðlilegra og betra að stofna hlutafélag. Með því móti hefði verið betur hægt að virkja almennan áhuga almennings á Siglufirði fyrir framgangi þessa máls, og það hefði gengið frekar til móts við vilja og óskir starfsmanna verksmiðjunnar að gefa þessu fólki kost á því að gerast eignaraðilar að verksmiðjunni, en í 5. gr. frv. er þó kveðið svo á, að starfsfólk verksmiðjunnar tilnefni einn mann í stjórn verksmiðjunnar.

En þó að við hv. 2. þm. Reykv. höfum ekki lagt fram brtt. nú við þetta frv., þá væntum við þess, að það gefist síðar betra tækifæri til að betrumbæta mál þetta.

ATKVGR.
Brtt. 595,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
– 377 kom ekki til atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 595,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 595,4 (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 595,5 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 618).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði hér í Nd. með löngu máli. Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Ed. um alllangt skeið, og ég geri ráð fyrir, að þm. þessarar d. hafi bæði kynnt sér málið og fylgzt með afgreiðslu þess í Ed. Þar voru gerðar á því nokkrar minni háttar breytingar, en það var að lokum samþ. þar einróma, og ég vænti þess, að einnig hér takist samstaða um þetta mál.

Meginefni frv. er það, að niðursuðuverksmiðja ríkisins í Siglufirði verði gerð að sjálfstæðu fyrirtæki og sett undir sérstaka stjórn. Þetta fyrirtæki hefur frá því 1947 verið undir Síldarverksmiðjum ríkisins, en ég hygg, að það sé samdóma álit allra, að sú tilhögun sé ekki lengur æskileg eða skynsamleg og sjálfsagt sé orðið, að þetta fyrirtæki hafi sérstaka stjórn. Og það er gert ráð fyrir því þarna í 3. gr., að ríkið taki við verksmiðjuhúsi Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins. Þá er það nýmæli í frv., að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 15 millj. kr. til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar, og er þar um að ræða mjög nauðsynlegt ákvæði einnig, vegna þess að til þess er ætlazt, að verksmiðjan annist tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðli reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

Ég vil minnast á það, að síðustu árin hefur þessi verksmiðja stóraukið framleiðslu sína og er orðin næsta mikilvæg á okkar mælikvarða. Árið 1970 flutti hún út niðurlagðar vörur fyrir 38 millj. Á síðasta ári flutti hún út vörur fyrir nær 80 millj. og vonir standa til, að á þessu ári aukist þessi útflutningur allverulega, því að verksmiðjunni hefur verið tryggt hráefni í 12 þús. tunnur, sem er meira magn en hún hefur haft áður, og það er búið að selja verulegan meiri hluta þess magns.

Eins og ég sagði áðan, varð samstaða um þetta mál í Ed., og ég vil leyfa mér að vænta þess, að málið fái jafngreiða fyrirgreiðslu hér í hv. Nd.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn. og til 2. umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að flytja þetta frv. og lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera komið fram, fyrst og fremst vegna þess að ég geri mér grein fyrir því, hvað þetta mál allt hefur mikla þýðingu fyrir Siglufjarðarkaupstað og það fólk, sem þar býr. Þetta er auðvitað stórmál fyrir Siglufjörð, en það er líka stórmál fyrir þennan iðnað og þessa atvinnugrein, og hér er tekið á þessu máli af þeim stórhug, sem ég felli mig vel við. Ég tel, að eitt af því merkasta í þessu frv. sé það, að tilraunastarfsemi á að fara fram í þessari verksmiðju undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og síðan á að miðla reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda. Þetta hlýtur að koma öllum framleiðendum til góða, sem að þessum málum vinna í landinu, og þess vegna er hér um stórmál að ræða fyrir atvinnugreinina.

Það er auðvitað öllum ljóst, að niðursuðuiðnaður er búinn að vera hér á ferðinni í landinu í nokkra áratugi, en hann hefur ekki náð þeim vexti, sem hefði mátt gera ráð fyrir, þegar við athugum það, hvaða hráefni hér er notað og hvað hráefni til niðurlagningar og niðursuðu hér á Íslandi hlýtur að vera langtum betra heldur en víða eða víðast annars staðar. Það er því full ástæða til þess að taka myndarlega á þessum málum öllum saman, og hér sýnist mér það vera gert.

Sum mál eru að vísu ekki nefnd í þessu frv., en hæstv. ráðh. gat um þá þróun, sem hefði orðið síðustu árin, og einnig liggur hér fyrir þessari hv. d. frv. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, sem ég álít, að sé mjög merkilegt frv. En ég get ómögulega stillt mig um að geta þess í leiðinni, að þó að ég sé öldungis sammála því að leggja miklar fjárhæðir til sölustarfsemi niðursuðuiðnaðarins, þá er til annar iðnaður í landinu líka, sem mér hefur fundizt, að væri svona fremur hálfgert olnbogabarn hér á hv. Alþ., ef ég man rétt frá fjárlagaafgreiðslunni í haust. En ég vil vona, að það mál verði líka leyst á álíka myndarlegan hátt og hér er að unnið.

Það verður að hafa það í huga líka, að nú má ekki verða stöðvun á framleiðslu þessarar verksmiðju á Siglufirði. Það hefur stundum orðið stöðvun og hún mjög alvarleg og m. a. þess vegna hefur þetta sífellda atvinnuleysi, landlæga atvinnuleysi, verið á þessum stað eins og fleiri stöðum í Norðurl. v. En undirstaða þess, að þetta mál geti tekizt og svo fyrir önnur fyrirtæki af svipuðum uppruna, er auðvitað tvö grundvallaratriði, annars vegar, að hráefnið sé til staðar, og hins vegar, að markaðir séu til staðar. Það að hafa markaði til staðar hlýtur að vera stórmál fyrir okkur Íslendinga, þegar við erum að hefja útflutning á iðnaðarvörum, þar með niðursuðuvörum, og ég vil vona, að það takist vel. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið hafi forustu þessara mála, eins og það gerir samkv. þessu frv., og því fagna ég, að það er komið fram.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að svokölluð lagmetisiðja á Siglufirði, eins og hún er þar nefnd, verði gerð að sjálfstæðu fyrirtæki, fjárhagur fyrirtækisins efldur og því falin aukin verkefni. Í framhaldi af því mætti vænta, að fyrirtækið gæti betur þjónað því hlutverki, sem því er ætlað, að efla niðursuðuiðnaðinn í landinu og verða til þess að efla atvinnulífið í Siglufirði, en þess er ærin þörf eins og alþjóð er kunnugt. Um leið og ég lýsi ánægju minni yfir þessu, þá vil ég jafnframt láta það koma fram, að ég tel, að eðlilegra hefði verið, að fyrirtæki þetta hefði verið byggt upp sem sjálfstætt fyrirtæki rekið á hlutafélagsgrundvelli, þannig að eignaraðilar að því yrðu hvorir tveggja, ríkið og heimaaðilar í Siglufirði, bæði einstaklingar og aðrir aðilar. Frv. á grundvelli þessa forms var lagt fyrir Alþ. í fyrra, en varð þá eigi útrætt. Ég tel, að hlutafélagsformið hefði verið eðlilegra. Það gæfi tækifæri til þess að íbúar sveitarfélagsins tengdust þessu fyrirtæki sterkari og heilbrigðari böndum en með því að ríkið eigi þetta og reki eitt út af fyrir sig.

Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég vildi aðeins láta þessa aths. mína koma fram, en eins og ég hef þegar sagt, fagna ég því, að stefnt skuli að því að efla fyrirtækið og að rekstur þess verði færður á víðara svið heldur en gert hefur verið til þessa.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. alþm. Pétri Pétursyni og Pálma

Jónssyni fyrir ákaflega jákvæðar undirtektir við þetta frv. Mér er vissulega kunnugt um þann ágreining um rekstursform, sem hv. þm. Pálmi Jónsson gerði hér grein fyrir áðan, og ég held, að nú sé hvorki staður né stund til þess að við förum neitt að þrátta um slík form. Eins og hv. þm. gat um áðan, þá kom fram frv. hér í þinginu í fyrra um, að þetta fyrirtæki yrði byggt upp í hlutafélagsformi, en sú hugmynd strandaði hreinlega á því, að hluthafar virtust ekki vera tiltækir, og m. a. taldi bæjarstjórn Siglufjarðar sig ekki hafa fjármagn til þess að standa að slíku hlutafélagi. Ég minni á þetta aðeins til þess að rifja þetta upp, en ekki vegna þess að ég vilji vekja um það neinar deilur. En ég vil benda á það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að þetta fyrirtæki, enda þótt það sé ríkisfyrirtæki, sé tengt alveg sérstaklega við Siglufjörð. Það má kannske um það deila, hvort það sé eðlilegt, að ríkisfyrirtæki sé tengt svo mjög þeim stað, sem því er komið fyrir á, en samkv. 5. gr. er gert ráð fyrir því, að meiri hl. stjórnar séu Siglfirðingar. Það er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnin kjósi eða tilnefni einn mann í stjórnina, að starfsfólkið, sem eru að sjálfsögðu Siglfirðingar, kjósi einn mann í stjórnina og að maður sá, sem ráðh. tilnefnir, verði að vera búsettur í Siglufirði, þannig að það er gert ráð fyrir því í frv., að tengsl þessa fyrirtækis, þó að það sé ríkisfyrirtæki, verði mjög sterk við Siglufjörð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 618, n. 691).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Það mál, sem hér um ræðir, er komið frá Ed. Iðnn. þessarar hv. d. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir eftir smávægilegar breyt., sem gerðar voru í hv. Ed.

N. hefur kynnt sér þær umsagnir, sem hv. Ed. höfðu borizt eða iðnn. þeirrar d. Það er fyrst frá bæjarstjórninni í Siglufirði, sem lýsir stuðningi sínum við meginefni frv., en er með smávægilegar brtt., svo sem eins og að fyrirtækið greiði gjöld til bæjarsjóðs eftir sömu reglum og gilda á hverjum tíma almennt um atvinnurekstur. Þetta er komið inn í frv. nú. Þá er umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sem segist ekkert hafa fundið athugavert, hvorki við lagafrv. né brtt. Og loks er umsögn frá Síldarverksmiðjum ríkisins, þar sem meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna leggur til, að frv. sé samþ. Tveir nm. í iðnn. höfðu fyrirvara, þótt þeir væru efnislega samþykkir frv., og býst ég við, að þeir geri grein fyrir þeim fyrirvörum.

N. telur þetta mál mjög þýðingarmikið, ekki bara fyrir Siglufjörð, heldur einnig fyrir þau ákvæði, sem í frv. eru um að rannsóknastarfsemi skuli vera mjög mikil í þessari verksmiðju, og sé á vissan hátt þannig leiðandi fyrir þessa iðngrein í landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 718).

---

37. Gjaldþrotaskipti.

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti [38. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 7. og 8. fundi í Nd., 28. okt. og 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir Alþ. á s. l. vori, en varð ekki útrætt, enda var þá orðið áliðið þingtímans. Svo sem grein var fyrir gerð í framsögu fyrir frv. þá, er frv. fram borið til þess að verða við ábendingum um, að þörf sé á að fá greiðari meðferð gjaldþrotamála, og er þeim breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, að gerðar verði á réttarfarsreglum um meðferð gjaldþrotamála, ætlað að stuðla að skjótari og markvissari vinnubrögðum að því er varðar rannsókn á hugsanlegu sakhæfu atferli þrotamanns. Hin breytta meðferð snertir fyrst og fremst í raun meðferð þessara mála í Reykjavík, þar sem aðgreind dómsmálaembætti fara með skiptamálefni og sakamál. En einnig getur sú áherzla, sem hinar breyttu reglur frv. leggja á rannsóknarþátt meðferðarinnar, stuðlað að því, að almennt verði skjótar tekin afstaða til þeirrar hliðar málsins en verið hefur. En þar hafa einmitt um þessi efni komið fram réttmætar aths. frá ýmsum aðilum, m. a. frá Verzlunarráði Íslands. Hinu er ekki að leyna, að vandamál um greiðslu gjaldþrotamálefna eru ekki sízt spurning um mannafla við þau embætti, sem um þau mál fjalla. En mál þessarar tegundar krefjast oft umfangsmikilla bókhaldsathugana, sem embættin eiga erfitt með að anna. Starfsliðsaukning er hins vegar á öllum sviðum vandamál, sem nálgast verður með mikilli gát, og veit ég, að það þarf ekki að hafa mörg orð um það efni hér.

Auk áðurnefndrar skipulagsbreytingar á framkvæmd gjaldþrotarannsókna gerir frv. ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu, að afstaða sé tekin fyrr og í framhaldi af frumathugun skiptaréttar til þess af hálfu ákæruvalds, hvort ástæða sé til sakamálsmeðferðar og þar með afnumin sú regla núgildandi laga, að ávallt skuli fylgja gjaldþroti sakamálsrannsókn. Með þessu getur sparast óþörf tímaeyðsla og tímatöf í fjölmörgum tilfellum, þar sem staðreyndir liggja ljóst fyrir, en ekki verður tilefni til frekari aðgerða. En eins og lögin eru

nú, þá skal hefja sakamálsrannsókn af því einu, að maður verður gjaldþrota. Oft er það að vísu svo, að það er um misferli að ræða í sambandi við slíkt, en þó engan veginn alltaf. Það er nú almenn regla í okkar rétti, að til sakamálsrannsóknar á ekki að koma, nema fyrir liggi rökstuddur grunur um misferli hverju sinni. Af þessum sökum, að þetta hefur nú verið í lögum eins og það er, þá hefur sumpart af því kannske sprottið tímatöf og kostnaður, en sumpart kannske leitt til þess, að þetta hefur orðið í sumum tilfellum æðimikið dauður bókstafur. En til sakamálsrannsóknar á að sjálfsögðu ekki að grípa, nema tilefni sé til hennar hverju sinni.

Í 4.–6. gr. þessa frv. eru gerðar nokkrar minni háttar breyt. með hliðsjón af fenginni reynslu. Í þessu frv. er nú ekki farið lengra í breyt. á gjaldþrotaskiptalögum, það er aðeins tekinn þarna einn þáttur og gerðar á honum vissar lagfæringar, en hinu er ekki að leyna, að það væri út af fyrir sig þörf á heildarendurskoðun á gjaldþrotalöggjöfinni og skiptalöggjöfinni, því að þótt gjaldþrotalögin séu að formi til frá 1929, er öll þessi löggjöf orðin æðigömul, eða frá því frá árunum milli 1880 og 1890, og þess vegna ekki að undra, þegar litið er til þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað á sviðum þjóðlífsins síðan og ekki sízt á því sviði, sem þessi löggjöf snertir, að þörf væri orðin breytinga þar á. Og það er von mín, að það verði unnt að efna til slíkrar heildarendurskoðunar á þessari löggjöf, skiptalöggjöfinni, og þar með gjaldþrotalögunum.

Þessu frv. fylgja allítarlegar aths., m. a. við einstakar gr., þar sem gerð er grein fyrir efni þess og í hverju breyt. eru fólgnar, og ég tel nú þess vegna ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi, en vil leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 506).

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Um þetta nál., sem lagt er fram á þskj. 506, þarf ekki að hafa mörg orð. N. hefur haft frv., sem er stjfrv., til meðferðar. Hún hefur sent málið til umsagnar Verzlunarráði Íslands og embætti yfirborgarfógeta. Umsögn barst frá Verzlunarráðinu, en ekki frá síðarnefnda aðilanum. Í umsögn Verzlunarráðs var tekið jákvætt undir þær breytingar, sem hér koma fram, í öllum aðalatriðum, en lögð á það áherzla, að endurskoða þyrfti núgildandi lög um gjaldþrotaskipti í heild sinni og minni háttar lagfæringar að gera á einstökum atriðum, þeim, sem í þessu frv. er að finna.

Að þessum umsögnum athuguðum hefur n. mælt með samþykkt þessa frv. Frv. gerir ráð fyrir því að breyta einum kafla laganna í þá átt að gera meðferð gjaldþrotaskiptamála einfaldari og hraðari. Þessi lög, sem nú gilda og eru frá 1929, eru farin mjög að koma til ára sinna og ýmis ákvæði í þeim eru þess eðlis, að beinlínis stangast á við önnur ákvæði laga og eru enn fremur mjög til þess fallin að draga úr hraða og eðlilegri meðferð slíkra mála, sem fyrir þetta embætti, skiptaréttinn, koma. M. a. og einkum hvað snertir þau ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, að breytt skuli, þá er sá óvenjulegi og óeðlilegi háttur á, að ef gjaldþrotaskiptamál kemur fyrir skiptarétt, skuli sjálfkrafa fara fram sakamálsrannsókn hjá viðkomandi aðila. Að vísu má segja, að mjög oft sé um að ræða misferli í sambandi við gjaldþrot, en engan veginn er það alltaf og er það þá undir rannsókn komið, hvort ástæða sé til þess, að frekari athugun fari fram á gjaldþrotaskiptamálinu hverju sinni, og þá hvort stefnt skuli eða ákært í viðkomandi máli.

Efni frv. hefur að öðru leyti verið skýrt í framsögu með frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að útskýra það nánar, nema að gefnu tilefni, og ítreka álit allshn., sem er á þá leið að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um breytingar á gjaldþrotaskiptalögum hefur gengið í gegnum Nd. og verið samþ. þar óbreytt eins og það var lagt þar fram. Þetta frv. er samið af nefnd, sem á sínum tíma var skipuð til þess að athuga skipun dómstóla, og þó aðallega af einum nm., Theódóri B. Líndal fyrrv. prófessor.

Þær breytingar, sem þetta frv. hefur að geyma varðandi gjaldþrotaskiptalögin, eru einkum um rannsókn gjaldþrotamála. Eins og er nú í lögum er það beinlínis lögboðið, að tekin skuli upp sérstök rannsókn í hvert skipti, sem um er að ræða gjaldþrotaskipti. Þetta þykir ekki að öllu leyti eðlilegt, því að þó að það sé sjálfsagt stundum svo, kannske oft, að það sé eitthvert misferli, sem átt hefur sér stað í sambandi við gjaldþrotaskipti, þá er það engan veginn svo alltaf. Og almenn regla okkar réttar er, að það eigi ekki að stofna til sakamálsrannsóknar, nema einhver grunur sé fyrir hendi um það, að eitthvert misferli hafi átt sér stað.

Í annan stað verður að játa, að þessi ákvæði um þessa rannsókn hafa ýmist að einhverju leyti e. t. v. orðið dauður bókstafur og á hinn bóginn leitt til þess eða átt sinn þátt í því, að meðferð gjaldþrotabúa hefur viljað

dragast óhæfilega lengi. En eftir gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að alltaf þurfi að taka upp rannsókn fyrir sakadómi, þegar gjaldþrotaskipti hafa átt sér stað. Nú eru gerðar breytingar á þessu, sem eru í höfuðatriðum á þá lund, að það sé ekki skylt að taka alltaf upp þannig sakamálarannsókn, heldur athugi skiptaréttur málið, kynni sér það og sendi síðan saksóknara það, ef einhver grunur er fyrir hendi um það, að um eitthvert misferli sé þarna að ræða, og síðan tekur svo saksóknari ákvörðun um það, ef ástæða þykir til frekari aðgerða í málinu. Enn fremur er það, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að það sé skiptarétturinn sjálfur, skiptaráðandi, sem hafi á hendi þessa frumrannsókn í málinu, þ. e. a. s. án þess að það þurfi þegar að fara til saksóknara. Það er meiningin, að með þessu verði þetta gert heldur einfaldara en verið hefur. Ég held, að það sé mjög ljós grein gerð fyrir efni frv. og þeim breytingum, sem það hefur að geyma, í grg., sem fylgir því, og sé ég ekki ástæðu til þess að vera að fara ítarlega út í það hér. Það er auðvitað ljóst, að hér er nánast aðeins breytt einum þætti gjaldþrotaskiptalaganna, en lög um skipti gjaldþrotabúa eru orðin nokkuð gömul. Þó að þau séu að formi til að vísu ekki eldri en frá 1929, þá er nú stofninn allmiklu eldri, og það er vafalaust ástæða til þess að taka lögin í heild til gagngerðrar endurskoðunar. Það hefur þó þótt rétt að hverfa að því ráði að gera breytingar á þessum þættinum, enda þótt því yrði ekki viðkomið að láta fara fram heildarendurskoðun á gjaldþrotalögunum. Og ég held, að það sé rétt spor stigið með því að gera þessar breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar séu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu máli sé vísað til 2. umr. og til hv. allshn., en hún hafði það til meðferðar í Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Ed., 3. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 39, n. 661).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt þetta frv., sem hér er til umr. og fjallar um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti. Þessi löggjöf er orðin 43 ára gömul, er að stofni til frá 1894, en hefur fylgt nokkuð ákvæðum þeim, sem um sama efni gilda á hinum Norðurlöndunum. Nefnd var kjörin á sínum tíma til þess að endurskoða dómaskipun landsins og meðferð dómsmála yfirleitt. Hún fékk til athugunar lagareglur um dómstólameðferð á gjaldþrotamálum. Áður hafði Verzlunarráð Íslands vakið athygli dómsmrn. og saksóknara ríkisins á vandkvæðum við meðferð þessara mála og sérstaklega, hversu alvarlegur dráttur væri oft á afgreiðslu þeirra, sem raskað hefði mjög verulega oft og tíðum hagsmunum skuldheimtumanna gjaldþrota aðila.

Prófessor Theódór B. Líndal samdi upphaflega á vegum nefndarinnar drög að frv. um þetta efni. Síðar tók þessi nefnd aftur til yfirvegunar þessi drög, sem prófessorinn hafði samið, og enn fremur Dómarafélag Íslands. Á þessari leið málsins voru ýmsar aths. gerðar og þær flestar teknar til greina. Þannig hefur þetta frv. verið undirbúið mjög rækilega, einmitt af þeim aðilum, sem gerst þekkja til slíkra mála og ekki sízt þá til framkvæmdar þeirra. En ekki er með þessu frv. stofnað til heildarbreytingar í þessum málaflokki, heldur einkum tekin til meðferðar þau ákvæði laganna, sem varða rannsóknir eða sakamálsrannsóknir í sambandi við gjaldþrot, og réttarfarsreglur að því lútandi.

Nú vil ég leyfa mér að drepa á helztu ástæður til breytinganna, sem gerðar eru í frv. frá núgildandi lögum. Samkv. ákvæðum laganna, sem nú gilda, á að hefja tafarlausa sakamálsrannsókn á hendur gjaldþrota manni, hvernig sem á stendur. Það ber vissulega æðioft við, að um misferli af hálfu gjaldþrota manns eða gjaldþrota aðila er að ræða í sambandi við gjaldþrot, en það er engan veginn og fráleitt að ætla, að það sé alltaf. En sú almenna regla gildir í réttarfari okkar, að eigi skuli hefja sakamálsrannsókn nema því aðeins, að rökstuddur grunur sé um misferli eða meint misferli, og þessi regla hefur hlotið staðfestingu í lögum um meðferð opinberra mála frá árinu 1961 og þykir sjálfsagt að fylgja henni einnig í gjaldþrotamálum. Frv. gerir því ráð fyrir þeirri breytingu, að þetta ákvæði laganna falli niður. Nú er það alkunna, að sakamálsrannsóknir eru kostnaðarsamar mjög og fyrir þrotamann til óþæginda, svo að ekki sé nú fastara að orði kveðið. Það er því fullkomlega ljóst, að ekki eigi að stofna til slíkra aðgerða, nema sérstaklega gefist til þess tilefni, sbr. þá reglu, sem ég drap á áðan. Nú er það svo, að eldri löggjöf um sakamálameðferð hefur breytzt mjög á gildistíma gjaldþrotaskiptalaganna, sem eru eins og ég sagði, frá 1929. T. d. hefur sjálfstætt ákæruvald komið til, þ. e. saksóknari ríkisins, og ákvæði í frv. eru einmitt færð til samræmis við þá meginbreytingu. Eitt er það ákvæði núgildandi laga, sem segir m. a., að sakborningi sé skylt að svara og knýja megi hann til játningar, jafnvel með frelsisskerðingu. Þess konar regla er alls ekki lengur viðurkennd í íslenzkum rétti almennt, og því þykir sjálfsagt að fella ákvæði af þessu tagi niður. Það verður að telja, að hinar almennu réttarfarsreglur séu fullkomlega viðhlítandi við rannsóknir þrotamála eins og annarra mála. Að vísu er það, að þrotamál eru oft af stærri gerðinni, en það þykir ekki hlýða, að sams konar meðferð sé ekki á þeim málum og öllum öðrum af þessari tegund. Svo eru æskilegar breytingar á löggjöfinni, sem mættu leiða til þess, að hraðað yrði meðferð mála og greiðari gangur yrði til fullnaðarafgreiðslu þeirra, og í raun og veru má segja, að það gildi ekki aðeins um gjaldþrotamál, heldur almennt um dómsmál, og eins og við vitum öll, hefur verið lengi kvartað yfir því, að gangur dómsmála sé ekki nægilega greiður, og það er töluvert mikið til í því og koma þar margar orsakir til. Því er stefnt að því í frv. að koma þessum málum betur og hraðar fram en verið hefur. Þannig er það og hefur verið samkv. lögum, að skiptaráðandi, sem fer með gjaldþrotamál, fer með allar upphafsgerðir, kynnir sér hag búsins, sér um, að hagsmunir þess verði sem bezt tryggðir, því að við meðferð gjaldþrotamála eru það í raun og veru fyrst og fremst hagsmunir viðskiptamanna, sem hafðir eru fyrir augum, að þeir fái

sem mestu af sínum kröfum, réttmætu kröfum framgengt. En vissulega hefur skiptaráðandi líka í huga hugsanlegt saknæmt misferli og við ítarlegar upphafsathuganir má það nú oft verða, að slíkt misferli liggi nokkurn veginn í augum uppi, þó að það sé engan veginn alltaf.

Skiptaráðandi hefur á hendi allar frumrannsóknir og einnig rannsókn fyrir dómi, og hefur skiptaréttur þær skyldur og þau réttindi sem sakadómur væri. Þetta er breyting frá fyrri löggjöf, því að áður hefur sakadómari haft slíka rannsókn með höndum, þ. e. sakamálshliðina. Þessi breyting, að skiptaréttur taki við þessari frumrannsókn, þessari sakamálsrannsókn úr hendi sakadóms, þykir sjálfsögð m. a. vegna þess, að skiptaráðandi hefur frá upphafi öll gögn málsins í hendi, eða a. m. k. hefur tækifæri til að afla þeirra og fylgjast með þeim, eftir því sem þau kunna fram að koma, hefur þannig kynnt sér allar aðstæður og haft það samband við skuldheimtumenn utan réttar og innan, sem leiða má bezt í ljós, hvernig háttum gjaldþrota manns er komið. Það verður því að teljast mjög eðlileg breyting, að þessi háttur sé hafður á, að skiptaráðandi og hans menn hafi með sakamálsrannsóknina að gera allt til loka.

Ef ekkert kemur upp af því, sem saknæmt misferli mætti telja, þá lýkur skiptum af hálfu skiptaráðanda, en við það er að bæta, að skuldheimtumenn þurfa að sjálfsögðu að samþykkja slík skiptalok. En leiði rannsókn skiptaráðanda í ljós, að um saknæmt misferli sé að ræða, sendir hann samkv. ákvæðum í frv. öll gögn málsins til saksóknara ríkisins og þá kemur tvennt til, frekari rannsóknar er ekki talin þörf eða í annan stað, að saksóknari sendir skiptaráðanda málið aftur og honum er falið að halda fram rannsókn enn frekar. Þegar skiptaréttur fer með mál af þessu tagi, rannsóknarmál, nefnist hann ekki lengur skiptaréttur, heldur rannsóknardeild skiptaréttar. Og þessi rannsóknardeild lætur fram fara bókhaldsrannsókn, ef henni sýnist svo. Áður var það, að dómari eða sakadómur hafði með þau mál að gera, bókhaldsrannsókn o. s. frv.

Þegar svo rannsóknardeildin hefur að hennar áliti gengið til fulls frá rannsókn málsins, þá er það enn sent til saksóknara ríkisins. Hann ákveður svo síðan, hvort út verði gefið ákæruskjal og sakamál höfðað á hendur þrotamanni. Og ef það er ákvörðun saksóknara að höfða mál, þá fer málið yfir í hendur viðkomandi sakadómara, sem fer með það og að sjálfsögðu þá aðallega, að hann dæmir í málinu eftir þeim gögnum, sem þegar hafa komið fram í rannsóknardeild skiptaréttarins.

Þetta eru í raun og veru höfuðbreytingar. Aðrar breytingar eru af hreint tæknilegu tagi, og ég mun ekki fara út í það mál. En þessi breyting að taka frumrannsókn úr hendi sakadómara og fá hana í hendur skiptaréttu eða rannsóknardeild skiptaréttar felur það m. a. í sér og er til mikils hagræðis að koma í veg fyrir margs konar tvíverknað, sem oft og iðulega hefur átt sér stað og ekki sízt, að sakadómari hefur bara ekki haft þá aðstöðu til endurskoðunar á málinu, sem skiptaráðandi eða skiptaréttur hefur aflað sér frá öndverðu. Hins vegar hefur svo sakadómur eða sakadómari, þegar til saksóknar sjálfrar kemur, mun meiri reynslu á sviði þessara mála, þ. e. sakamála, heldur en skiptaráðandi, sem fjallar að mestu, svo sem kunnugt er, um verkefni á einkamálaréttarsviði. Þetta á að sjálfsögðu einkum við Reykjavík og um nágrenni Reykjavíkur, þar sem verkaskipting er. Hins vegar er ekki um slíka verkaskiptingu að ræða víðast hvar um land, þar sem sami embættismaðurinn er hvort tveggja skiptaráðandi og sakadómari. En gjaldþrotamál eru svo sem alkunna er langflest í Reykjavík og á svokölluðu Stór-Reykjavíkursvæði.

Ég hef þá í sem stytztu máli reynt að gera grein fyrir þeim efnisbreytingum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Þær eru allar líklegar til þess, að komið verði á meira samræmi við nútíma réttarfarsreglur og auk þess með þeim stefnt að því, að öllu fljótvirkari meðferð þessara mála eigi síður en annarra dómsmála komi til og hraðinn verði mun meiri á allri afgreiðslu. Hitt er svo allt annað mál, að mörg fleiri atriði í hinum gömlu gjaldþrotaskiptalögum krefjast íhugunar, og í raun og veru eru það margir, sem eru þeirrar skoðunar, að þessi löggjöf þurfi að endurskoðast í heild og þá ekki sízt sú hliðin, sem snýr að aðstöðubótum í þeim embættum, sem með þennan örtstækkandi málaflokk fara. En þessi atriði verða að bíða annars og betri tíma og frekari athugunar.

Allshn. hefur shlj. lagt til að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 721).

---

38. Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Á 51. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Stofnlánadeild samvinnufélaga [210. mál] (stjfrv., A. 412).

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem gerir ráð fyrir því, að efnt verði til sérstakrar stofnlánadeildar samvinnufélaga við Samvinnubanka Íslands h.f. Gert er ráð fyrir því, að þessi stofnlánadeild verði með svipuðum hætti eins og stofnlánadeild, sem áður hefur verið lögfest og starfar við Verzlunarbankann. Hér er sem sagt um algerlega hliðstæða löggjöf að ræða.

Megintilgangur frv. er sá, að á þennan hátt skapist möguleikar til þess að veita stofnlán til samvinnuverzlunar í landinu úr þessum stofnlánasjóði, sem komið yrði á fót við Samvinnubankann. Þessi stofnlánadeild yrði undir stjórn Samvinnubankans eða undir stjórn bankaráðs bankans og bankinn hefði með alla framkvæmd þessarar deildar að gera. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að stofnlán geti numið í kringum 50% af stofnverði eignar, og lánstími sé þó ekki lengri en til 12 ára.

Vegna þess að hér er um það að ræða að koma upp stofnlánadeild, sem er algerlega hliðstæð við aðra stofnlánadeild, sem hefur verið lögfest við mjög hliðstæðan banka og starfar fyrir einkaverzlun í landinu, en þessi mun starfa fyrir samvinnuverzlunina í landinu, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en vil vænta þess, að sú n., sem mun fjalla um þetta frv., afgreiði frv. tiltölulega fljótt. Hér er um einfalt mál að ræða, þannig að það þarf ekki að vefjast fyrir, eins og því miður ýmis önnur mál, sem hér hafa gengið til n.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til fjhn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 412, n. 587).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar þetta frv. um Stofnlánadeild samvinnufélaga, og mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Aðalatvinnugreinar í þjóðfélaginu hafa hver um sig aðgang að stofnlánadeildum við þá banka, sem þessar atvinnugreinar skipta aðallega við, og hefur þessi aðstaða reynzt ómetanleg í sambandi við uppbyggingu í atvinnurekstrinum. Með lögum frá árinu 1966 var sett á stofn Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja, og starfar sú deild við Verzlunarbanka Íslands og veitir þjónustu einkaverzlun landsmanna. Forvígismenn samvinnuhreyfingarinnar hafa árum saman rætt um það, að það væri nauðsynlegt fyrir samvinnuhreyfinguna, að komið yrði á fót sérstakri stofnlánadeild til stuðnings samvinnuverzluninni í landinu. Og með þessu frv., sem flutt er af hæstv. ríkisstj., er komið til móts við þessar óskir samvinnuhreyfingarinnar.

Samkv. þessu frv. á að vera heimilt bankaráði Samvinnubankans, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga. Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánum vegna byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verzlun stunda, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Það er oft á það minnzt, að koma þurfi á aukinni hagræðingu í atvinnurekstri, og hlýtur það að ná til verzlunarþjónustunnar eins og ýmissa annarra atvinnugreina. Til þess að koma slíkri hagræðingu á þarf oft að ráðast í nýjar framkvæmdir og leggja í allmikinn stofnkostnað og nær þetta vitanlega til samvinnuverzlunarinnar eins og annarra atvinnugreina. Með því að koma á þeirri stofnlánadeild, sem frv. mælir fyrir um, þá verður mjög létt undir á þessu sviði með samvinnuhreyfingunni.

Frv. þetta er í öllum meginatriðum samhljóða lögum frá 1966, um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja. Stofnlánadeildin er hugsuð sem sjálfstæð deild með sjálfstæða fjárábyrgð, sérstakar fjárreiður og sjálfstætt bókhald. En hún verður tengd Samvinnubankanum m. a. á þann veg, að bankaráð Samvinnubankans fer með stjórn stofnlánadeildarinnar og stjórnin á að taka ákvarðanir um lán úr deildinni.

Eins og ég tók fram í upphafi þessa máls, þá leggur fjhn. til, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 412, n. 701).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið rætt í fjhn. þessarar hv. d. Áður hefur verið í lög tekið ákvæði um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja, þ. e. stofnlánadeild til þjónustu við einkaverzlun landsmanna. Hér er um að ræða hliðstæða löggjöf fyrir samvinnuverzlunina.

Fjhn. leggur til einróma, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 772).

39. Lífeyrissjóður bænda.

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 28. des. 1970, um lífeyrissjóð bænda [159. mál] (stjfrv., A. 305).

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 9. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 305 er frv. til l. til breyt. á l. nr. 101 frá 28. des. 1970, um lífeyrissjóð bænda. Þegar þau lög voru upphaflega sett, voru þau í veigamestu atriðum sniðin eftir hliðstæðum lögum, sem launþegar í Alþýðusambandinu höfðu fengið. Þær breytingar, sem gerðar eru með þessu frv., eru einnig sniðnar eftir breytingum á þeim lögum, sem gerðar hafa verið um lífeyrissjóð aldraðra í stéttarfélögum. Það er gert ráð fyrir því í lögum um lífeyrissjóð bænda, að þau yrðu endurskoðuð nú á þessu ári, en stjórn lífeyrissjóðsins hefur nú óskað eftir því, að það verði dregið, svo að frekari reynsla liggi fyrir, áður en heildarendurskoðun verði gerð.

Breytingar þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum, eru: Í fyrsta lagi, að það eru rýmkuð skilyrði til lífeyrisréttinda með því að felld eru niður skilyrði um, að bóndi hafi búið til ársloka 1967. Þeir bændur, sem reiknaður er réttindatími frá 1954, fái lífeyri, hafi þeir búið til 1964. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á rétt til eftirlauna óháð því, hvort hann er hættur búskap eða ekki, uppfylli hann önnur skilyrði laganna. Tekinn er upp einfaldari reikningsgrundvöllur, sem jafnframt gefur hærri ellilífeyri. Þetta er í samræmi við það, sem aldraðir félagar í stéttarfélögum fengu með l. nr. 63 1971. Við þetta hækkar ellilífeyrir úr 12.5% í 18%, ef réttindatími er 10 ár, úr 30 til 36%, ef réttindatími er 20 ár. Réttur til makalífeyris er rýmkaður, og komið er á gagnkvæmari tengingu við lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í verkalýðsfélögum. Í þeim lögum eru ákvæði þess efnis, að t.d. verkamaður skuli fá reiknaðan með sem réttindatíma þann tíma, sem hann hefur verið bóndi, og þetta er nú gert gagnkvæmt. Einnig er dregið úr skerðingu lífeyris vegna vinnutekna. Þess er getið í grg., að hér eru ekki tekin upp verðtryggingarákvæði á eftirlaunagreiðslu, enda var við setningu laganna talið óraunhæft að hafa þau að óbreyttum tekjugrundvelli. Er því lagt til, að þetta atriði haldist óbreytt, og verði tekið upp við heildarendurskoðun laganna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, enda er hér um það eitt að ræða að samræma löggjöfina um lífeyrissjóð bænda við löggjöfina um eftirlaun í stéttarfélögum, sem hún var upphaflega miðuð við. Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Lög um lífeyrissjóð bænda hafa nú verið í framkvæmd um rúmlega eins árs skeið. Þegar þessi lög voru undirbúin og frv. um lífeyrissjóð bænda samið, þá gerðu menn sér grein fyrir því, að það var mjög vandasamt verk, og rétt er það, sem hæstv. landbrh. sagði, að þessi lög eru sniðin að nokkru eftir lífeyrissjóðslögum bænda á Norðurlöndum, í Finnlandi og Noregi þó aðallega, og var reynt við samningu frv. að taka það bezta úr gildandi lögum á Norðurlöndum um þetta efni. Menn gerðu sér alltaf grein fyrir því, að í framkvæmdinni mundu koma fram ýmsir agnúar, sem þyrfti að sníða af, og reyndin hefur orðið sú. Stjórn lífeyrissjóðs bænda hefur þess vegna lagt til, að gera breytingar á lögunum til þess að gera þau auðveldari í framkvæmd og til þess að fá samræmi við það, sem gerzt hefur í sambandi við lífeyrissjóðsbætur til annarra stéttarfélaga. Ég tel, að þetta frv. sé mjög sanngjarnt, og tel það vel, að komið er til móts við óskir stjórnar lífeyrissjóðs bænda í þessu efni.

Hæstv. landbrh. hefur lýst þeim breytingum, sem þetta frv. hefur í för með sér, og er ástæðulaust að endurtaka það. Það er augljóst, að það er til bóta. Þegar lögin voru sett, var ákveðið, að þau skyldu endurskoðuð fyrir árslok 1972. Í sjálfu sér var það ákvæði óþarft, því að eðlilegt er, að stjórn lífeyrissjóðsins, sem hefur með framkvæmdina að gera, láti uppi óskir um eðlilegar og nauðsynlegar breytingar. Það hefur verið gert að þessu sinni og hæstv. ráðh. flutt þetta frv. og mælt með, að orðið verði við óskum sjóðsstjórnarinnar, og það tel ég vel farið.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætlaði að leiða þetta mál hjá mér, þótti ekki taka því að fara að tala. En það voru örfá atriði, sem komu fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Sunnl., um þessi viturlegu lög, það væri tekið allt það bezta úr lögum um lífeyrissjóði bænda á Norðurlöndum. Það eru nú engir lífeyrissjóðir fyrir bændur í Noregi og í Danmörku, heldur er það bara einföld trygging eins og ellilífeyrissjóðirnir. Þeir eru allmiklu hærri heldur en við höfum, því að þessar lífeyristryggingar lækkuðu við gengisbreytinguna, en ég hygg, að þeir séu svipaðir og tryggingarnar verða nú eftir þær hækkanir, sem hafa farið fram. Ég hef ekki athugað það nákvæmlega, en ætla að gera það. Ég hef lög um þessi tryggingamál bæði frá Danmörku og Noregi. Hitt er rétt, að í Finnlandi er lífeyrissjóður fyrir bændur, en hann er bara miklu viturlegri heldur en lífeyrissjóður fyrir bændur hér, því að það fyrirfinnst hvergi í veröldinni önnur eins vitleysa. Þar er það þannig, að ríkið leggur til helminginn, en helmingurinn er tekinn af fasteignaverði jarða, og það er miklu einfaldara að greiða þannig heldur en vaða inn í reikning hvers einstaks bónda og reikna það sérstaklega út eftir afurðamagni, hvað hann á að borga. Þetta er margföld vinna. Hitt er ósköp auðvelt, að það sé viss prósenta af fasteignamati, sem er mjög lág, og svo leggur ríkið fram helming á móti, þannig að það er eitthvað annað en það verði tekið allt það bezta úr lögum um lífeyrissjóði Norðurlanda. Í fyrsta lagi eru þeir hvergi til nema í Finnlandi, og það er náttúrlega ekkert sambærilegt, hvað það er viturlegra þar.

Þetta var sent búnaðarfélagsformönnunum þarna norður frá. Einn formaðurinn sagði mér, að það væri ómögulegt að skilja þessa lífeyrissjóðslöggjöf, það væri ein grein af viti og það hefði verið sú síðasta, að það ætti að endurskoða lögin eftir tvö ár. Jafn vel gefinn maður og Jón Þorsteinsson er, fyrrv. þm., sagði mér það, þegar þetta lífeyrissjóðsfrv. var á döfinni, að þetta væri ó-

skiljanleg þvæla. Annars eru kratarnir yfirleitt vel inni í þessum hlutum. En hann skildi þau ekki. Menn réttu hérna upp hendurnar og vissu ekki, hvað þeir voru að gera. Sannleikurinn er sá, að þetta lífeyrissjóðsfrv. er sú mesta endileysa, sem hugsazt getur.

Hannibal Valdimarsson, sem er vel að sér í þessum hlutum, var mér eiginlega alveg sammála, þegar ég var að tala á móti þessu, og hann lýsti því yfir hér úr ræðustól, að þessi lífeyrissjóður verkamanna verkaði alveg öfugt við það, sem ætti að gera. Þeir fengju mest, sem þyrftu þess sízt, og var eins og hann væri að fara fram á breytingar. Ég skal ábyrgjast það, að það gat enginn maður skilið lögin um lífeyrissjóð bænda, sem ekki fór í þann mann, sem samdi þau, því að þau voru óskiljanleg, þau voru svo mikil þvæla og svo vitlaus. Ég þurfti fimm sinnum að fara í tryggingafræðinginn til þess að fá skýringar, og ég álít mig í meðallagi greindan. Fimm sinnum þurfti ég að fara í hann, og varð þó ekki of sæll af, til þess að fá skýringar á hlutunum, þannig að ég skal ábyrgjast það, að það er ekki nokkurt tryggingafrv. í veröldinni, sem er öllu vitlausara, og þetta gaf mér nú tilefni til að segja nokkur orð.

Hins vegar ætla ég að taka þetta mál rækilega í gegn í vetur. Ég hef verið dálítið ónýtur að skrifa. Ég meiddi mig svolítið í handlegginn, en er að verða góður og ætla að taka þessi tryggingamál rækilega í gegn í vetur út af þál., sem ég ætla að koma með. T. d. eru þetta fáránlegar upphæðir. Stærri bændurnir eiga að borga meira, þeir, sem hafa 1½ vísitölubú, eiga að borga 50% meira. Þetta skiptir mig engu máli persónulega. Ég er að verða það gamall og á fyrir mig, þannig að persónulega snertir þetta mig ekki. En þeir eiga að borga þriðjungi meira. Miðað við verðlagið í fyrra eru það 50 þús. á ári, því að það er ekkert nema della að halda því fram, að neytendur eigi að borga eitthvað af þessu. Í fyrsta lagi er ekki ein einasta sanngirni í því. Í öðru lagi eru afurðirnar yfirleitt seldar svo hátt sem hægt er að selja þær. Það var nú þessi rausn í fyrra að greiða svo mikið niður, að þær urðu auðseldar. Það er ekki víst, að það verði varanlegt, sú mikla geta hjá ríkissjóðnum. Þá er þetta um 50 þús. á ári, en meðalbóndinn á að greiða um 33 þús. og það er eitthvað hliðstætt hjá launþegunum. Það er um 10% af kaupinu þeirra, sem á að taka, því að það er vitanlegt, að ef atvinnurekendur þyrftu ekki að borga þessi 6% í lífeyrissjóðina, gætu þeir alveg eins borgað launþegum þessi 6%, þannig að þó að sagt sé, að það séu 4% frá launþeganum og 6% frá vinnuveitandanum, þá kemur það alveg út á eitt fyrir vinnuveitanda, hvort hann borgar þetta í kaupi eða í lífeyrissjóð. Það er enginn að tala um, að það eigi ekki að vera tryggingar, en ég hef haldið því fram, að það væri hægt að gera þær einfaldari og eðlilegri en með 33 þús. á ári í 40 ár, og þetta getur orðið meira. Þetta getur orðið 51 ár hjá verkamönnum. Þeir eiga að byrja 16 ára að borga í þetta og hætta 67 ára, en bændur eiga að byrja tvítugir og hætta 67 ára, ef þeir búa svo lengi, en ég reiknaði bara með 40 árum, þá með 50 þús. kr. á ári og 10% í vöxtum og vaxtavöxtum, því að fyrrv. ríkisstj. var nú svo ágæt að hafa háa vexti, svo að sparifjáreigendurnir fengju eitthvað upp í gengislækkanirnar. Þá er þetta hjá stærri bændunum eitthvað um 22–23 millj. kr. Ég lét Seðlabankann reikna þetta út fyrir mig og tryggingafræðing líka og lét þá bera saman, þannig að þetta væri nú alveg öruggt. Það voru ca. 23 millj. í 40 ár. Og svo á bóndinn að fá ⅔ af kaupinu sínu miðað við það, sem var eitthvað 200 þús. á ári, en 10% vextir af þessum 20 millj. eru um 2 millj. á ári, svo að hann hefur lagt allvel á borð með sér, bóndagarmurinn, til ellinnar. Hjá launþegum er það 10% af kaupinu. Ætli við gerum ekki ráð fyrir, að það sé hjá meðalbónda um 33 þús. á ári, eitthvað svoleiðis, og það er eitthvað um 16 millj., sem þeir leggja nú á borð með sér. Allt er þetta ógengistryggt. Þetta er algerlega fáránleg löggjöf, svo að hvergi þekkist í heiminum önnur eins. Ég er búinn að kynna mér ítarlega löggjöf í öðrum löndum. Það var bara mismæli hjá fyrrv. ráðh. Þeir hafa, held ég, búið til þá mestu vitleysu, sem þekkist í tryggingamálum sennilega í veröldinni í staðinn fyrir að velja það viturlegasta úr bændatryggingum á Norðurlöndum, sem engar eru nú nema í Finnlandi. Og það var ekki svo vel, að þeir tækju það upp hliðstætt, því að það er mikið vit í þeim þar, en ekkert vit í þessum hérna.

Þetta á allt að endurskoða að ári og þá þarf helzt að halda vel á spöðunum og róa í þessu. Annars er auðveldara að gera vitleysurnar heldur en afnema þær, og sú mun reynslan verða í þessu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. hefur sömu skoðun á þessum lögum um lífeyrissjóð bænda eins og þegar þau voru hér til umr., áður en þau voru lögfest, og segir, að þetta sé sú vitlausasta löggjöf, sem hafi verið sett. Hv. þm. talaði einnig um aðra lífeyrissjóði, að verkamenn þyrftu að greiða 10% o. s. frv. Hann segist samt sem áður, þessi þm., vera með tryggingum, og það er út af fyrir sig ágætt. En það eru nú flestir, sem gera sér grein fyrir því, að ef menn kaupa sér tryggingar, þarf að leggja eitthvað fram. Og það eru allir nú, sem vilja gera það, á meðan þeir eru hraustir og geta aflað fjár og unnið fyrir sér, kaupa sér tryggingu til þess að eiga hana vísa, þegar heilsuleysi kemur eða til ellidaganna, ef menn skyldu verða gamlir.

Og bændur áttu ekki að verða út undan í þessu efni. Þess vegna voru þessi lög sett. Og það er rétt, sem ég sagði áðan, að þau voru sniðin eftir því bezta, sem um þetta gildir á Norðurlöndum. Það er lífeyrissjóður bænda í Finnlandi, það eru lífeyristryggingar bænda í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og hvort sem menn kalla þetta lífeyrissjóði eða lífeyristryggingar, þá er það stigsmunur, en ekki meiningarmunur. Og ég hef fyrir mér orð Guðjóns Hansen tryggingafræðings, sem vann með nefndinni að samningu frv., að tekið var það úr þessari tryggingalöggjöf á Norðurlöndum, sem talið var að passaði bezt fyrir okkur.

Hv. þm. lýsti því, að það væri miklu betra fyrirkomulag á tryggingalöggjöf um þetta efni í Finnlandi. Þar væri helmingurinn greiddur af ríkinu og helmingurinn tekinn af fasteignum. Það væri miklu verra hér, vegna þess að hér væri þetta ekki tekið af fasteignum heldur af framleiðslu. Ég held, að það sé miklu heppilegra að taka þetta af framleiðslunni, vegna þess að sá, sem framleiðir vöru, hefur greiðsluþol, en það er engan veginn víst, að þótt maður eigi fasteign, gefi hún nokkuð af sér. En svo má líka segja það, að sá, sem framleiðir mikið, hljóti einnig að hafa nokkuð miklar fasteignir. A. m. k. þarf hann að hafa hús yfir fénaðinn.

Hv. þm. á eftir að átta sig á þessu máli. Það er alveg

víst, að enda þótt í byrjun hafi verið unnt að gera þessa löggjöf tortryggilega í augum bænda, þá eru margir bændur nú farnir að átta sig á því, að þessi lög eru mikils virði fyrir þá. Og þeim bændum mun fjölga með hverju ári, sem líður, sem sannfærast um það, að þessi löggjöf er ein sú merkasta og ein sú bezta trygging, sem er til fyrir bændastéttina. Og ég vona það, að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem talaði hér áðan, lifi það lengi að sjá í reynd fullan árangur af þessari löggjöf. Og ég er sannfærður um það, að í framtíðinni verður honum ekki þakkað fyrir það að hafa spyrnt fæti gegn því, að þessi merka löggjöf var sett.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl., að það væru ekki sértryggingar, skildist mér, fyrir bændur í Noregi og Svíþjóð, og það er alveg rétt. Ég hef tryggingalöggjöfina frá þessum löndum og las hana. En að Guðjón Hansen hafi valið allt það bezta, það var náttúrlega ekki hægt fyrir mannaumingjann að velja neitt úr, því að þessi löggjöf var ekki til nema í Finnlandi. Þetta er ákaflega einfalt kerfi hjá Finnum og mikið vit í því. En hjá okkur er það flókið og lítið vit í því. Sá er munurinn. En ég hef löggjöfina frá Noregi og Danmörku, þannig að ég get sýnt fyrrv. ráðh. hana, ef hann rengir það, sem ég sagði um það. Þetta er einfalt kerfi þar, og ég greiddi satt að segja með ánægju atkv. með breytingum á tryggingalöggjöfinni, því að ég álít, að breytingar á tryggingalögum, sem voru lagðar fram af ríkisstj. í vetur, miði í rétta átt. Þar er gerður dálítill munur á þeim, sem hafa vinnu, og þeim, sem eru vinnulausir, og ellilífeyrisþegum eru tryggðar lágmarkstekjur og ríkið sér um þetta alveg. Kerfið er gert einfalt. Og ég álít, að þarna sé stefnt í rétta átt, en þá á bara að afnema alla þessa vitleysu. Ég álít, að það eigi að vera sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn og tryggingakerfið eigi að vera einfalt. Það er miklu betra fyrir okkur að borga þetta til ríkisins í einu lagi, það sjái svo um tryggingarnar, heldur en að borga þetta eftir ótal leiðum. Ég vék að því hagræði, sem bændum er gert með því að láta þá borga með vöxtum og vaxtavöxtum frá 16 og upp í 21 millj., ef þeir reka bú í 40 ár. Það sér hver heilvita maður, hvaða hagnaður þetta er. Og ef menn þurfa einhvern tíma á fjármunum að halda, þá er það fyrstu búskaparárin, því að þá eiga allir í erfiðleikum. Norðmenn og Danir telja, að það sé eðlileg þróun í framtíðinni, ef menn fá ⅔ af venjulegum vinnutekjum, eftir að þeir eru komnir yfir 69 ára aldur. Takmarkið eigi að vera það. Það telja þeir eðlilegt og hóflegt. En með þessum tvenns konar lífeyri, ellilífeyristryggingum og sérsjóðum fyrir launþega og bændur, þá er þetta alger fléttning. Það dregur ungan mann nokkuð að greiða 30–50 þús. á ári, og það, sem menn eignast ungir, þó að það séu ekki nema fáar þús. kr., getur orðið margar þúsundir, þegar þeir verða gamlir, ef þeir halda rétt á. Hitt er rétt, að einstaka maður, sem aflar eigin fjár, er alltaf á hausnum. Það er ekkert um það að segja. Það verður þá að sjá fyrir þeim í ellinni. En mín skoðun er, að það sé eðlilegast að menn séu efnalega sjálfstæðir sjálfir.

Ef við gerum ráð fyrir, að greidd vinnulaun séu 30 milljarðar á ári, þá verða tryggingarnar 3 milljarðar á ári. Svo á að safna þessu í 15 ár að mestu leyti, og það verða 45 milljarðar eftir 15 ár, ætli það verði ekki að viðbættum vöxtum 60–70 milljarðar, þótt einhverju smávegis verði eytt af því. Og svo á að lána þetta bændum og launþegum, og þá verður kerfið orðið þannig, að þessir lífeyrissjóðir eiga rétt allar eignir landsmanna, því að allir vilja fá lán og eyða þeim mun meiru. Einstaklingarnir verða þá fátækari en tryggingarnar ríkari, þannig að ef kommar komast einhvern tíma í meiri hluta hér á Íslandi, þá þurfa þeir ekki að gera svo ægilega mikið átak til að taka þessar reytur, sem eftir verða, svo að þetta er í raun og veru sú mesta og vitlausasta sósialisering, sem hefur verið gerð í okkar þjóðfélagi, þó að fyrrv. stjórn yrði á að gera þetta, því að hún vissi ekkert, hvað hún var að gera.

Og eðlilega skildu þeir ekki þessi lög, því að það skilur þau enginn nema fá sérstaka tilsögn. Ég talaði við Þóri Bergsson, sem er mjög greindur maður og er tryggingafræðingur. Hann undraðist þessa löggjöf, hvað hún væri vitlaus. Talið þið bara sjálfir við hann, ef þið trúið mér ekki. Og er hann þó vinstrisinnaður maður. Það þarf ekkert að vera mjög mikið eignarnám hjá kommum eftir nokkra áratugi. Svo heldur þetta áfram að spóla upp á sig, svo að ef þetta kerfi héldi svona áfram, þá á það hér um bil allar eignir landsmanna. Það væri einstaka bóndi, sem ætti jörð skuldlitla, en það þarf eigi mikla eignabyltingu í landinu til þess að það sé alveg fullkomin sósialisering á þessu öllu saman, og Ingólfur Jónsson getur þá horft úr gröf sinni yfir þetta ágæta verk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 631).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, þó þannig, að tveir nm., Ásberg Sigurðsson og Matthías Á. Mathiesen, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég vil aðeins rifja það upp, að ákvæði þau um sérstök lífeyrisréttindi aldraðra bænda, sem eru í 17. og 18. gr. laga um lífeyrissjóð bænda, voru samþ. með hliðsjón af ákvæðum laganna frá 1970 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með lögfestingu þessara lífeyrissjóðsréttinda til handa bændum var viðurkennt það sjónarmið fulltrúa samtaka bænda, að eðlilegt hlyti að vera, að bændur nytu í þessum efnum hliðstæðra framlaga af almannafé og launþegum innan ASÍ höfðu verið tryggð í sambandi við samkomulag launþega og vinnuveitenda 19. maí 1969.

Svo er það með lögum frá 1971, sem komu í stað laganna, sem ég nefndi áðan, 1970, að gerðar eru ýmsar breytingar á lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. Og það er í tilefni af þeim breytingum, sem þetta frv. er flutt hér, til þess að samræma ákvæði laga um lífeyrissjóð bænda þessum breyttu ákvæðum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Það kom til tals í fjhn., hvort ástæða væri til að taka inn í þessar breytingar ákvæði um sérstakar örorkubætur.

En það er af tveimur ástæðum, að meiri hl. n. gat ekki á það fallizt. Annars vegar er nú það, að þessi lög um lífeyrissjóð bænda ber að endurskoða þegar á þessu ári. Þeirri endurskoðun á að vera lokið fyrir árslok 1972, og ef hún þykir gefa tilefni til breytinga, þá á hún að liggja fyrir næsta Alþ. Það er þess vegna að dómi meiri hl. nm., þ. e. annarra en þeirra, sem ég tilgreindi, ekki ástæða til þess að gera nú aðrar breytingar heldur en þær, sem eru beint til samræmingar við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. En svo er einnig vert að benda á það, að þessar breytingar, sem hér eru ráðgerðar á lögum um lífeyrissjóð bænda, eru eingöngu við II. kafla laganna, sem samsvarar lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. En í þeim lögum eru alls engin ákvæði um örorku, alls engin. Og eins og hv. alþm. er ljóst, þá eru þessi sérstöku tilvik, sem fjallað er um í II. kafla laganna um lífeyrissjóð bænda og í lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, þá er þar um sérstök ákvæði að ræða, sem m. a. skera sig frá almennri starfsemi lífeyrissjóðanna á þann hátt, að fjár er ekki aflað með iðgjöldum heldur með beinum framlögum, þ. e. hjá bændum frá ríki og stofnlánadeild og hjá öldruðum félögum í stéttarfélögum frá Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði, svo að þarna er um algera sérstöðu að ræða.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en við leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég fór þess á leit við hv. fjhn., að hún tæki upp eina breytingu á lögum um lífeyrissjóð bænda umfram það, sem kemur fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Sú breyting er við 10. gr. laganna, þar sem kveðið er á um þá, sem rétt eiga á örorkulífeyri úr sjóðnum. Í lögunum er það þannig, að sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri, eftir að hann hefur verið í sjóðnum 18 mánuði, frá því að starfsorka hans skerðist svo, að örorka er að dómi læknis 40% eða meira. Á þessu eru þó takmarkanir enn fleiri og m. a. það, að örorkubætur falla niður, þegar hann kemst á eftirlauna- eða ellilífeyrisaldur 67 ára. Nú lít ég svo á, að hér sé um óréttlæti að ræða og þörf væri á að færa þetta í það horf, að hver sjóðfélagi, án tillits til þess, hvað hann er búinn að greiða lengi iðgjöld til sjóðsins og án tillits til þess, hvenær hann verður fyrir þeim áföllum, er skerðing á starfsorku hlýzt af, eigi rétt á þessum örorkubótum. Ég harma það, að hv. fjhn. skuli ekki hafa séð sér fært að taka upp þessa brtt., og mun ég því við 3. umr. þessa máls flytja brtt., sem miði í þessa átt og verði efnislega eitthvað á þá leið, að á undan 1. gr. frv. komi ný gr. svo hljóðandi:

1. málsl. 10. gr. orðist svo: Hver sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 305, 663).

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. þetta á þskj. 663. Meðflm. mínir að brtt. eru þeir hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, og hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal.

Till. fjallar um það, að nema brott úr lögunum takmarkanir á því, hvað sjóðfélagi í lífeyrissjóði bænda þurfi að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í langan tíma til þess að hann eigi rétt á örorkubótum. En eins og í lögunum segir, þarf sjóðfélagi að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 18 mánuði til þess að hann eigi rétt þessara bóta. Eigi verður annað skilið en starfsmenn sjóðsins túlki þetta á þann veg, að örorka, sem myndast áður en 18 mánaða tímabilið líður, veiti ekki rétt til bóta. Ef sá skilningur er lagður í þetta lagaákvæði, þá er um enn meira ranglæti að ræða en mér virðist að mætti lesa út úr þessari lagagrein.

Rétt er að vekja athygli á því, að þrátt fyrir það að þessi brtt. okkar þremenninganna verði samþ., þá eru þó verulegar takmarkanir á örorkubótum til sjóðfélaga. Í fyrsta lagi þær, að örorkutapið sé a. m. k. metið 40% til langframa. Í annan stað, að örorkan miðist við það, að sjóðfélagi geti eigi stundað landbúnaðarstörf. Í þriðja lagi, að aldrei verði um hærri bætur að ræða en sem nemi tekjutapi þess, er fyrir skerðingu verður á starfsorku sinni, og svo í fjórða lagi, eins og er um allar örorkulífeyrisbætur, að þær falla niður, þegar að ellilífeyri kemur.

Ég lít svo á, að hér sé um fullkomið réttlætismál að ræða, og vænti þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþykkja þessa brtt.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í framsögu fyrir áliti fjhn. við 2. umr. þessa máls, að n. taldi óeðlilegt að færa þær breytingar, sem nú er verið að gera á lögum um lífeyrissjóð bænda, út fyrir það svið, sem í frv. er stefnt að, en að vísu áskildu tveir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Þetta frv., sem liggur hér fyrir og nú til 3. umr., fjallar eingöngu um breytingu á II. kafla lífeyrissjóðslaganna. Sá kafli er algjör hliðstæða við lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, eins og áður hefur verið bent á, og er alveg sérskilinn hér í lögunum. Hann er um það, hversu brúa skuli með tilliti til eftirlauna það bil, sem verður, frá því að lögin taka gildi og þangað til sjóðurinn er búinn að byggja sig upp, þannig að hann geti tekið til starfa sem fullgildur lífeyrissjóður.

Hér er um algjöra hliðstæðu að ræða við þessi lög. Brtt. sú, sem hér liggur fyrir og hv. 5. þm. Norðurl. v. kynnti þá nokkuð, er aftur á móti við I. kafla laganna, nánar tiltekið við 10. gr. laganna. Nú er það þó svo, eins og kom þá einnig fram, að í brb.-ákvæðum er kveðið svo á, að lög þessi skuli endurskoðuð fyrir árslok 1972. Og þar sem nú er þegar komið nokkuð fram á þetta ár, þá verður a. m. k. að vera mjög brýn ástæða til þess að fara að hreyfa við ákvæðum þess hluta laganna, sem tekinn verður til endurskoðunar nú á næstu mánuðum, og þá því síður sem bein fyrirmæli eru í lögunum sjálfum, að þeirri endurskoðun skuli lokið fyrir næstu áramót.

Það kann að vera, að menn greini á um það, hvort þannig sé ástatt, og vilji kannske ekki alveg binda sig við þetta sjónarmið, en ef menn líta á efnislega hlið þessa máls, sem brtt. fjallar um, þá sýnist mér það enn augljósara, að það beri ekki að samþykkja þessa brtt.

Ef við lítum á það, hvernig tekjuöflun er upp byggð í I. kafla laganna, sem brtt. er við, þá er þar um að ræða þessa venjulegu uppbyggingu lífeyrissjóðanna, að það eru iðgjöld hinna tryggðu, iðgjöld sjóðfélaganna og mótframlög, venjuleg mótframlög. Aftur á móti er sjóðnum samkv. þessum ákvæðum ekki ætlað að taka til fullra starfa fyrr en eftir svona og svona mörg ár. Aftur á móti í II. kaflanum eru ákvæði um það, hversu með skuli fara, að því er varðar eftirlaunin fram að þeim tíma. En í honum eru engin ákvæði um örorku fremur en lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Það er þess vegna enginn fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að taka upp bætur samkv. þessum kafla á þessu árabili. Og þess vegna, þegar af þeirri ástæðu, er þessi tillöguflutningur óeðlilegur.

Þá er einnig á það að líta, að það ákvæði, sem í till. felst, er í algjöru ósamræmi við tilsvarandi ákvæði í reglugerðum um aðra lífeyrissjóði, t. d. Dagsbrúnar og Framsóknar í Reykjavík, sem stofnaður var um líkt leyti og lífeyrissjóður bænda. Í reglugerðum um þann sjóð segir þannig um örorkulífeyri, með leyfi hæstv. forseta: „Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira."

Hér er um sambærilega sjóði að ræða, að því leyti m. a., að þeir eru stofnaðir um líkt leyti og eru álíka langt komnir að byggja sig upp.

Það vill svo til, að nýlega hefur verið lagt fram stjfrv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna, og ef við lítum á ákvæði þess frv. um sama atriði, þá segir hér einnig í 13. gr.: „Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira."

Þetta eru alveg samsvarandi ákvæði í þessu stjfrv. og er að finna í reglugerðinni um lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, enda segir í aths. með þessu frv., sem er eins og ég sagði stjfrv., en samið af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, að ákvæðin um örorkulífeyrinn „eru í samræmi við ákvæði hjá hinum nýju lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga." Þess vegna sýnist mér það skjóta ákaflega skökku við að fara nú að taka upp í lög um lífeyrissjóð bænda ákvæði um örorkubætur, sem ekki einasta eru tengdar við I. kaflann, þar sem engin tekjuöflun kemur á móti, heldur einnig í algjöru ósamræmi við ákvæði skyldra lífeyrissjóða um örorkubætur.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta miklu frekar, en ég vil aðeins koma að því, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl.v., þegar hann boðaði þessa brtt. við 2. umr. málsins, að hann sagði eitthvað á þá leið, að hann ætlaðist til þess, að þeir, sem fyrir orkutapi yrðu, yrðu metnir öryrkjar eftir þeim ákvæðum, sem í lögum eru, þá fengju þeir sín réttindi án tillits til þess, hvað þeir væru búnir að greiða lengi iðgjöld til sjóðsins, og án tillits til þess, hvenær þeir yrðu fyrir þeim áföllum, er skerðing á starfsorku veldur. Miðað við þessi ummæli virðist það vera ætlun flm., að þeir, sem hefðu orðið fyrir orkutapi áður en lögin öðlast gildi, gætu komið inn á full réttindi nú þegar. En eftir því sem ég hef getað kynnt mér þetta mál með viðtölum við tryggingafróða menn, þá er þetta alveg fráleitur skilningur og jafnvel till. eins og hún er orðuð mundi varla af lögskýrendum verða túlkuð á þá lund, sem ummæli flm. við 2. umr. gáfu tilefni til að skilja hana.

Ég get engan veginn mælt með þessari till., heldur legg til, að hún verði felld. Vísa ég enn til þessara þriggja atriða: Að endurskoðun laganna fer fram í ár og henni skal ljúka fyrir áramót, að till. rímar engan veginn við I. kafla laganna, því að í henni er gert ráð fyrir fullum réttindum strax, en I. kaflinn fjallar um það, hvernig réttindum verði varið, þegar sjóðurinn hefur byggt sig upp, og í þriðja lagi og ekki sízt vegna þess, að hún er efnislega í algjöru ósamræmi við tilsvarandi ákvæði í reglugerð fyrir sjóði Dagsbrúnar og Framsóknar og væntanlega einnig hjá öðrum slíkum sjóðum, sbr. sjóð verkalýðsfélaganna, sbr. ummæli tryggingafræðingsins í grg., og á sama hátt í algjöru ósamræmi við stjfrv. um lífeyrissjóð sjómanna, sem hér liggur fyrir. Ég legg því til, að þessi till. verði felld.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það var nú eins og vænta mátti, að hv. 5. þm. Austf. snerist gegn þessari till., enda hafði ég áður leitað eftir því við hann að fá við hana fylgi og ekki tekizt.

Hv. þm. leit svo á, að það væru tvö eða þrjú atriði, sem mæltu gegn því, að þessi till. væri samþ. Í fyrsta lagi það ákvæði í brb.-ákvæðum þessara laga, að endurskoðun þeirra skuli lokið fyrir árslok 1972. Að mínu áliti hindrar það ekki, þótt ákveðið sé, að endurskoðun laganna fari fram fyrir ákveðið tímamark, að horfið sé að því, þegar slík lög eru til meðferðar í Alþ., að leiðrétta þá galla, sem menn koma auga á í viðkomandi lögum. Það er algjörlega augljóst, að ef menn líta svo á, að um galla sé að ræða, þá ber að nota slíkt tækifæri til þess að leiðrétta þá.

Hv. þm. sagði, að I. kafli laganna væri þannig upp byggður, að till. þessi væri í ósamræmi við hann og eftir þeim kafla laganna bæri ekki að inna af hendi greiðslur úr sjóðnum, vegna þess að á fyrstu árunum væri hann að byggja sig upp. 10. gr. laganna, sem þessi brtt. er gerð við, eða 1. málsliður hennar hljóðar svo, með leyfi hv. forseta:

„Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira."

Síðan koma í sömu mgr. þær takmarkanir á þessum örorkubótum, sem ég gat um í ræðu minni hér áðan og eru í höfuðatriðum, að örorkumat þetta skal í fyrsta lagi miða við hæfni sjóðfélaga til þess að stunda landbúnaðarstörf og þrátt fyrir örorku eigi enginn rétt á hærri bótum en sem nemur þeim tekjumissi, sem hann verður fyrir við skerðingu starfsorku sinnar. – Við bætist svo, að örorkubætur falla niður við 67 ára aldur og ellilífeyrir tekur við.

Í þessum kafla laganna er sem sé gert ráð fyrir því, að örorkubætur geti verið inntar af hendi eftir 18 mánuði, frá því að sjóðurinn tekur til starfa samkv. þessari

lagagrein. Það er einnig ekki nákvæmlega rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að þessi ákvæði laganna rímuðu algjörlega við ákvæði um lífeyrissjóð Dagsbrúnar og annarra verkamanna og það, sem segir í frv. að lífeyrissjóði sjómanna, vegna þess að þar er gert ráð fyrir því, að örorkubætur geti verið greiddar, eftir að sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins í þrjú ár. Hér eru þó nefndir 18 mánuðir, og ef menn vilja standa á því, að sjóðfélagar þurfi endilega að greiða iðgjöld til sjóðsins í 18 mánuði, áður en þeir eiga rétt á bótum, þá auðvitað fella þeir þessa till. Ef mönnum hins vegar sýnist, að um sé að ræða sanngirnismál, þá hygg ég að þeir líti svo á, að rétt sé að samþykkja þá brtt., sem ég hef hér lagt fram.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég lít svo á, að það hafi ekki verið nákvæmlega rétt, sem hv. 5. þm. sagði um þau atriði, sem hann tilgreindi hér, enda þótt ég viðurkenni, að hann hefur kynnt sér þessi mál nokkuð mikið sem frsm. þeirrar n., sem fjallað hefur um þetta efni. Ég vænti þess, að hv. þdm. líti á þessa brtt. með sanngirni og stuðli að því, að þeir bændur, sem þörf hafa fyrir örorkubætur úr þessum sjóði, geti notið þeirra hér eftir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef ekki skipt mér af þessu máli hingað til. Þessir hv. þm., sem hér eru nú að deila, voru baráttubræður fyrir þessu fræga frv. í fyrra og stóðu þá eins og veggur saman. Ég talaði nú á móti þessum lífeyrissjóðslögum bænda þá og er satt að segja ekkert hissa, þótt eitthvað þurfi að laga, því að þetta var eitthvert það aumasta frv., sem ég hef séð. Það var ómögulegt að skilja það. Ég er því ekkert hissa, þótt þeir fari nú að deila um það, þessir ágætu menn.

Ég flutti þáltill. um að endurskoða allt þetta kerfi. Sannleikurinn er sá um lífeyrissjóð bænda, að hann er ekkert vitlausari en lífeyrissjóðir launamanna almennt, það eru eitthvað um 36 þús. meðlimir í Alþýðusambandinu og þeir verða allir að borga 10% af launum sínum í svo kallaðan lífeyrissjóð og bændur líka, þannig að þarna eru alls yfir 40 þús., og þetta er tvöfalt kerfi. Það á að taka 10 eða 11% af kaupi þessara manna og leggja í sjóð. Þar að auki borga þeir í gegnum almannatryggingarnar, sem ríkið er nú búið að taka að sér í bili, hversu lengi sem það verður, og það er varið til trygginga um 5½ milljarði nú, og af því er gert ráð fyrir að fari til lífeyristrygginganna rúmir 3 milljarðar. Það sjá allir menn, að þarna er komið yfir 20%, og það er allt að því tvöfalt hærra en gerist í nágrannalöndum okkar. Ef þessu fé væri ekki á einhvern hátt náð af öðrum aðilum, þá ætti lífeyrir að verða svona 30–40% hærri en venjuleg vinnulaun eru meðan menn hafa fullt starfsþrek.

Nú eru þessir hv. þm. að deila um það, hvort menn eigi að fá örorkustyrk, ef þeir hafa misst 40% af vinnuþreki sínu, og eftir hvað marga mánuði þeir eiga að fá hann eftir að þeir byrjuðu að greiða þessi iðgjöld. Ég held, að þetta verði nú dálítið erfitt í framkvæmd allt saman. Ég hygg, að flestir bændur, sem eru komnir yfir sextugt, séu ekki meira en hálfir menn til verka og efast ég um, hversu mikið réttlæti verður í þessu. Við vitum um þessar örorkutryggingar hjá hinum almennu tryggingum, að það er víst langt frá því, að þar sé alls staðar fullkomið réttlæti. Það eru ýmsir, sem fá ekki örorkubætur, sem ættu þær frekar skilið heldur en einstakir aðilar, sem fá þær. Það er eftir því, hvernig róið er á miðunum, hvernig það tekst að fá þessar örorkubætur.

Ég ætla að leiða þessa deilu hjá mér, en eðlilegast er að endurskoða allt þetta kerfi og gera þetta allt einfalt. Í Noregi t. d. þurfa bændur að borga 7.8% af nettótekjum sínum til tryggingana og einstaklingarnir borga eiginlega allar tryggingarnar þar, ríkið ekkert, sveitarfélögin sama og ekki neitt af þessum almenna lífeyri, og ætli það væri ekki hagstæðara fyrir íslenzka bændur, ef þeir þyrftu ekki að borga nema 7.8% af nettótekjum sínum og ekkert í gegnum ríkiskerfið. Ég er hræddur um, að það yrði ólíkt eða nú er, því að þeir þurfa að borga 11%, og þó er engin sönnun fyrir því, að þeir hafi þetta kaup, sem reiknað er. Þeir þurfa að borga 4% af brúttótekjum, því að þó að sagt sé, að neytendur eigi að borga hluta af því, þá er það ekkert nema vitleysa, því að við seljum yfirleitt vörurnar eins hátt og við getum selt þær og hagkvæmt er að selja þær fyrir, enda ekki nokkurt réttlæti, að neytendur fari að borga bæði í lífeyrissjóði fyrir sig og þar að auki fyrir bændur, enda þekkist slíkt hvergi. Finnar eru þeir einu, sem hafa lífeyrissjóð fyrir bændur sérstaklega, og þar er lagt á fasteignir að hálfu leyti og ríkið borgar helming.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Ég sé ekki annað en það sé verið að deila um keisarans skegg. Það á að endurskoða lögin að ári og ég vona, að þetta tryggingakerfi verði allt endurskoðað. Ég held nú, að sá ráðh., sem hefur með þessi tryggingamál að gera, sé það víðsýnn, að hann muni sjá það, að það er hagkvæmara að hafa þetta kerfi einfalt, bæði hagkvæmast og sanngjarnast. En að hafa tvöfalt kerfi fyrir örorkubætur og lífeyri fyrir svo að segja alla landsmenn, og í sumum tilfellum eru sjúkratryggingarnar þrefaldar, – ýmis félög hafa sérstaka sjúkratryggingasjóði, – það held ég, að sé ákaflega spaugilegt. Sannleikurinn er sá, að ég hef ekki trú á, að vel verði farið með þetta fé. Mér er t. d. sagt, að sumir menn, sem sjá um þessa lífeyrissjóði nú, séu farnir að kaupa hlutabréf og séu í vandræðum með, hvernig eigi að tryggja þessa peninga. Svo mun nú koma upp mesta deila um það, hverjir eigi að ráða endanlega yfir þessum sjóðum. Ríkisvaldið vill ná í sem mest af þessum sjóðum til að geta lánað það í ýmsar framkvæmdir, og þeir, sem sjá um rekstur á þessum sjóðum, eru stjórnarformenn og annað slíkt, þeir vilja ráða yfir þessu fé. Sumt af þessu týnist sjálfsagt og það verður eitthvað skrýtið, þegar þetta fer að safnast saman og verða fleiri tugir milljarða. Ég held, að það verði eitthvað skrýtið, ef þetta kerfi verður látið vara lengi. Ég hef talað við tryggingafræðing um þessi mál, og hann undrast alveg, hvernig frá þessum lögum er gengið með lífeyrissjóði launþega eða félaga Alþýðusambands Íslands og eins lífeyrissjóði bændasamtakanna, þannig að ég held, að það hljóti að því að reka fyrr eða síðar, að þessu verði breytt og þetta verði gert einfaldara og heilbrigðara heldur en nú er.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar ég gerði grein fyrir þessu frv. hér í hv. d., þá skýrði ég frá því, að hér væri um að ræða að gera þær breytingar á lögum um lífeyrissjóð bænda, að fellt verði til samræmis við það, sem hefði verið gert á lífeyrissjóðum stéttarfélaganna. Þetta frv. var samið á vegum þeirra,

sem stjórna sjóðnum og samtökum bænda, og engin breyting á því gerð í rn. og það flutt að öllu leyti eins og þeir óskuðu eftir því. Ég hafði því vonazt til þess, að þetta mál færi hér í gegnum þessa hv. d. og gegnum báðar þd., án þess að væri farið að gera á því breytingar eða blanda inn í það nýjum atriðum.

Það er alveg ljóst, eins og fram kom hjá hv. 1. flm. till., hv. 5. þm. Norðurl. v., að það eru uppi margar óskir, sem menn gætu bætt hag sinn með, og svo má vera með þetta, sem hér er lagt til. En ýmislegt af því verðum við að geyma til betri tíma eða seinni tíma, og ég taldi, að þær óskir, sem væru uppi og réttmætar væru, væru teknar inn í frv., enda ekki óskað eftir meiru af þeirra hendi, sem fyrir málinu standa. Ég vil líka benda á, að það er gert ráð fyrir því að endurskoða þessi lög. Það átti að gera það á þessu ári, en þar sem það var ekki talið tímabært af þeim, sem bezt þekktu, þá bíður það næsta árs eða þar næsta og þess vegna finnst mér óþarfi að vera að koma með brtt. inn í þetta frv., enda þótt það mætti færa að því rök, að það gæti orðið þeim í hag, sem þarna er verið að fjalla um. Ég mundi því eindregið óska eftir því við hv. d., að hún afgreiddi frv. alveg óbreytt. Það er í samræmi við það, sem um var beðið með flutningi málsins, og ég sé ekki ástæðu til, að lengra verði gengið.

Ég vil líka minna á það, og ég vil mjög brýna það fyrir hv. þm. þessarar d. að fara að koma málinu til hv. Ed., vegna þess að það þarf að fara að hraða afgreiðslu þess. En ef ætti að fara að gera á því breytingu, sem ég t.d. hef ekki haft tíma til að athuga og bera undir aðra aðila, hvernig fellur að lífeyrissjóðakerfinu almennt, þá held ég, að það væri sízt til bóta fyrir þá löggjöf, sem hér er verið að fjalla um. Þess vegna endurtek ég það, að ég treysti hv. d. til þess að afgreiða frv. óbreytt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er. Út af orðum hæstv. landbrh., þar sem hann sagði, að frv. þetta hefði verið flutt samkv. ósk stjórnar lífeyrissjóðs bænda og aðrar óskir hefðu ekki verið uppi þá, sem rétt hefði þótt að taka inn, þá vil ég aðeins segja það, að stjórn sjóðsins er alls góðs makleg og hefur sjálfsagt mikla yfirsýn yfir þetta mál. Ég skal ekki draga það neitt í efa, en það lokar auðvitað ekki fyrir það, að einstakir þm. vilji koma fram fleiri breytingum, sem þeir hafa áhuga fyrir og telja, að rétt sé. Það er svo með hv. Alþ., að það á ekki einungis að taka til greina þær óskir, sem berast utan að, frá stjórnum einstakra sjóða, frá einstökum aðilum eða stofnunum, óskir, sem þessir aðilar vilja, að tekið sé tillit til. Hv. alþm. eiga einnig þann rétt og þeir eiga að nota þann rétt, að benda á það, sem þeim þykir betur mega fara, og haga sínum gerðum og sínu máli á þann veg, að það nái fram að ganga. Þetta hygg ég, að hæstv. ráðh. ætti að vera ljóst. Það, sem hér er um að ræða, er e.t.v. smátt atriði. Það er þó atriði, sem gæti orðið til þess, að nokkrir bændur, sem hafa misst hluta af starfsorku sinni, geti þó haldið áfram við sinn atvinnurekstur, haldið áfram búskap. Ég vænti þess, að þó að fyrirmæli séu um, að þessi lög verði endurskoðuð á þessu ári, þá láti menn það ekki villa sér sýn, þegar um það er að ræða að taka til meðferðar einstök atriði, sem virðast tvímælalaust geta horft til bóta. Slík atriði er full ástæða til að taka til greina og lagfæra.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég taldi nauðsynlegt að láta þessa aths. koma fram.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil þó segja það, að ég saknaði þess, að hv. 1. flm. brtt. skyldi ekki árétta það hér, til þess að taka af öll tvímæli um það, hvort það vakir fyrir honum eða ekki, að menn skuli hafa öðlazt réttindi til örorkubóta úr lífeyrissjóði bænda, þó að þeir hafi orðið fyrir orkutapinu, áður en lögin öðluðust gildi, því að þannig var að skilja ummælin við 2. umr. Mér finnst, að það væri ástæða til þess, að þetta kæmi alveg skýrt fram hér, hvað fyrir flm. vakir um það, því að ef það væri ætlunin, þá væri það enn til viðbótar því, sem ég hef bent á, í æpandi ósamræmi við það, sem er í hinum lífeyrissjóðunum. Ég er nú ekki alveg viss um, hvort hv. flm. hefur gert sér alveg ákveðna grein fyrir þessu atriði, þó að hann talaði þannig við 2. umr. Og mér heyrðist á honum áðan, að hann væri heldur ekki alveg viss um, hvort menn öðlast rétt til örorkubóta, ef þeir missa örorku á þeim vikum eða mánuðum, sem ákvæði laganna nú og ákvæði t. d. reglugerðarinnar um lífeyrissjóð Dagsbrúnar telja biðtíma. Mér finnst þetta hvort tveggja benda til þess, að við þurfum að athuga þennan þátt örlítið nánar, áður en farið er af stað með breytingu á þessu ákvæði í þá stefnu, sem fer alveg þvert á hliðstæð ákvæði í hliðstæðum lögum og reglum.

Það má vera, að ég hafi ekki gert alveg nákvæma grein fyrir þeim mismun, sem er á biðtíma í lögum um lífeyrissjóð bænda nú, og þeirri reglugerð og því frv., sem ég vitnaði til, því að þar er ekki alveg nákvæmlega sami biðtími. En það er hliðstætt að því leyti, að biðtíminn skiptir mánuðum í öllum þessum tilvikum. Og með þeirri breytingu, sem hér er verið að gera, er síður en svo verið að færa til samræmis, því að þá ætti að lengja biðtímann, heldur til enn þá meira ósamræmis. Ég get að því leyti tekið undir með hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er vissulega marghátttað ósamræmi í okkar lífeyrismálum, sem þyrfti að leiðrétta. En svona breytingar eru ekki til þess fallnar að leiðrétta ósamræmi, heldur til þess að auka það.

Það er ekki ástæða til þess að ræða um einstök hugsanleg tilvik í sambandi við ákvæði eins og felst í þessari brtt. En það má benda á það, að ef hún væri samþ. og í þeim skilningi, sem ég gat ekki annað en lesið út úr ummælum hv. 1. flm. við 2. umr. málsins, að menn ættu að öðlast réttindi, þó að þeir yrðu fyrir orkutapinu, áður en sjóðurinn yrði stofnaður, ef samþykkt er ákvæði, sem felur það í sér, þá er vissulega sá möguleiki fyrir hendi fyrir mann, sem orðið hefur fyrir orkutapi, að berast bóndi og öðlast þá um leið réttindi til fullra örorkubóta frá þeim tíma, sem hann sem bóndi byrjaði að greiða til sjóðsins. Þessi möguleiki er fyrir hendi, ef ætti að skilja ákvæðið þannig.

Ég vil svo bara árétta það, sem ég sagði áðan, að mér finnst það alveg fráleitt, að fara að rjúka til þess núna, um það bil hálfu ári áður en endurskoðun laganna á að ljúka, að breyta ákvæði sem þessu, þegar breytingin þar að auki gengur í þá átt að auka á misræmi á milli skyldra lífeyrissjóða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 663 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH, MB, ÓE, PJ, RH, StefG, PB, BGr.

nei: EystJ, GS, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, KP, SBl, MK, ÓlJ, SvJ, VH, GilsG.

SM, GíslG, PP greiddu ekki atkv.

11 þm. (BP, EBS, GunnG, GTh, LárJ, MÁM, PS, SV, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 305 er um breyt. á l. um lífeyrissjóð bænda. Það er komið frá hv. Nd. og var samþ. í þeirri d. En eins og segir í aths. við frv., er það flutt að beiðni stjórnar lífeyrissjóðs bænda og að öllu leyti gengið frá samningu frv. af þeirra hálfu. Ákvæði þau um sérstök lífeyrisréttindi aldraðra bænda, sem eru í 17. og 18. gr. laga nr. 101 frá 1970, voru samin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 18 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með lögfestingu þessara lífeyrisréttinda til handa bændum var viðurkennt það sjónarmið fulltrúa samtaka bænda, að eðlilegt væri, að bændur nytu í þessu efni hliðstæðra framlaga úr opinberum sjóðum og launþegum innan ASÍ voru tryggð í sambandi við samkomulag launþega og vinnuveitenda 19. maí 1969. Með lögum nr. 63 1971, sem komu í stað laga nr. 18 1970, voru gerðar margvíslegar breytingar á lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. Í tilefni af þeim breytingum leyfir stjórn lífeyrissjóðs bænda sér að senda rn. til meðferðar lagafrv. Hins vegar lítur hún svo á, að enn sé ekki tímabært að hefjast handa um heildarendurskoðun laganna samkv. ákvæðum, bráðabirgðaákvæðum við lögin um að þau skyldu endurskoðuð 1972.

Af breytingum þeim, sem í frv. felast, má í fyrsta lagi nefna, að skilyrði um búskap í árslok 1967 eru felld niður. Gert er ráð fyrir því, að þeim bændum, sem reiknaður er réttindatími frá árslokum 1954, nægi að hafa talizt bændur til fardaga 1964.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir, að maður, sem náð hefur 75 ára aldri, eigi rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki, enda uppfylli hann önnur skilyrði laganna.

Í þriðja lagi er tekinn upp einfaldari reikningsgrundvöllur, sem jafnframt hefur í för með sér hækkun lífeyris. Þá er réttur til makalífeyris gerður víðtækari, komið er á gagnkvæmri tengingu við lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og nokkuð dregið úr skerðingu lífeyris vegna vinnutekna. Í nýjum lögum um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum eru ákvæði um heimild ráðh. til að ákveða greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Eru ákvæði þessi í samræmi við reglur hliðstæðar fyrir lífeyrissjóði, enda er gert ráð fyrir, að ráðh. hafi við ákvörðun m. a. hliðsjón af þeim uppbótum, sem almennt eru greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóðum. Með setningu laga um lífeyrissjóð bænda var talið óraunhæft að óbreyttum tekjugrundvelli að hafa slíkt verðtryggingarákvæði í I. kafla laganna. Til að koma í veg fyrir vaxandi misræmi milli I. og II. kafla er lagt til, að þetta atriði haldist óbreytt að þessu sinni, en verði athugað nánar við heildarendurskoðun laganna.

Útgjaldaaukning, sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér, er 9 millj. kr. alls, og sé ég ekki, herra forseti, ástæðu til þess að rekja þetta mál frekar, en legg áherzlu á það, að það er flutt eins og stjórn lífeyrissjóðs bænda gekk frá því og eftir beiðni hennar og Stéttarsambands bænda, og ég vonast til, að þessi hv. d. afgreiði málið á sama hátt og Nd., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 731).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Lög um lífeyrissjóð bænda voru afgreidd á síðasta þingi. Þar var um nýmæli að ræða og því ekki óeðlilegt, að við framkvæmd laganna kæmu fram ýmis atriði, er reynslan sýndi, að ástæða væri til að breyta, bæði til lagfæringar og til að gera framkvæmd laganna auðveldari en ella. Þegar lög um lífeyrissjóð bænda voru sett, voru höfð til hliðsjónar lög, sem áður höfðu tekið gildi um lífeyri til handa öldruðum félögum í stéttarfélögum.

Ríkisstj. flutti nokkuð snemma á þessu þingi frv. það, sem hér liggur fyrir, og var það borið fram eftir ósk stjórnar lífeyrissjóðs bænda. Þetta frv. felur ekki í sér neinar stórbreytingar á þeirri löggjöf, en nokkur atriði, sem aðallega miða að samræmingu og nokkurri rýmkun á lífeyrisgreiðslum í vissum tilvikum frá því, sem lögin, er sett voru í fyrra, heimila. Við þessar tiltölulega smávægilegu breytingar er einnig höfð hliðsjón af lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, eins og þau lög eru orðin nú.

Þetta frv. felur í sér aðallega þrjú atriði. Það er gert ráð fyrir að fella niður það skilyrði, að þeir bændur, sem njóti lífeyris, þurfi að hafa stundað búskap í árslok 1967, og er nokkuð rýmkað til í þessu efni frá því, sem lögin kveða á um, þau er sett voru í fyrra.

Í öðru lagi er ákveðið í þeim breytingum, sem hér liggja fyrir, að allir bændur, sem náð hafa 75 ára aldri, eigi rétt á eftirlaunum samkv. þessum lögum, án tillits til þess, hvort aðili hefur látið af búskap eða ekki, enda uppfylli hann öll önnur skilyrði laganna. Þetta miðar að því að gera framkvæmdina ótvíræðari og einfaldari en annars væri. Það liggur í augum uppi, að sá maður, sem orðinn er 75 ára, hefur þegar misst starfsorku til að geta unnið erfiðisvinnu, en sumir aldraðir bændur hafa þann hátt á að minnka smám saman bústofn sinn og

búrekstur, en láta jörð sína ekki af hendi að fullu, jafnvel þótt þeir hafi náð þessum aldri.

Í þriðja lagi er rýmkað nokkuð skerðingarákvæði laganna, sem kveður á um það, að lífeyrir úr þessum sjóði skerðist, ef bóndi aflar sér tekna af eigin vinnu eða eigin framleiðslu. Þetta skerðingarákvæði er nokkuð rýmkað og leiðir af því nokkra útgjaldaaukningu fyrir sjóðinn, eftir að þetta hefur orðið að lögum og er komið til framkvæmda.

Þetta frv. var tekið til athugunar í hv. fjhn. N. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Nd. og liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

---

40. Ferðamál (stjfrv.).

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969 [91. mál] (stjfrv., A. 104).

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Málið, sem hér er til umræðu, frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969, er frv. til staðfestingar á brbl., sem fyrrv. ríkisstj. setti á liðnu ári. Eins og fram kemur á fskj. með frv., er hér einungis um það að ræða að staðfesta brbl., sem fóru fram á það, að 8 millj. kr. lántöku yrði bætt við þær heimildir, sem Ferðamálasjóður hafði áður haft til þess að taka lán til starfsemi sinnar. Efni frv. er þetta og þetta eitt, og þykir mér ekki hlýða að hafa fleiri orð um það.

Ég vænti þess, að menn fallist á það að staðfesta þessi brbl. fyrrv. ríkisstj., sem auðvitað liggja nú hér fyrir Alþ. til staðfestingar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 25 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 533).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 744).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í maímánuði 1971 með hliðsjón af því, hvort skorti nokkuð á, að lántökuheimild Ferðamálasjóðs, sem þá var í lögum miðuð við 40 millj. kr., fullnægði útlánamarkmiðum sjóðsins á því ári, og var þess vegna ákveðið með þessum lögum, að lántökuheimildin hækkaði um 8 millj.

Fjhn. þessarar hv. d., sem fékk þetta mál til meðferðar, hefur athugað það og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

41. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa [118. mál] (stjfrv., A. 146).

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Samkv. 1. gr. þessa frv. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa er heimilað að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkv. þessum lögum. Sama gildir um öll lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

Þetta frv. er flutt sérstaklega nú í tilefni af landakaupum Keflavíkurkaupstaðar, sem eru það stór í sniðum, að aðstoð ríkisins í gegnum landakaupasjóð dugir ekki til og verður því kaupstaðurinn að leita á önnur mið. Þetta er þannig, að samkv. gildandi lögum um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa er fjmrn. nú heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum, sem um er getið í 1. mgr. þessa frv., en sú heimild tekur aðeins til lána, sem sjóðurinn getur veitt til landakaupa, en ekki til lána, sem aðrir aðilar veita. En með þessu frv. er lagt til, að heimild fjmrn. til niðurfellingar þinglesturs- og stimpilgjalda verði rýmkuð og taki til allra lánsskjala, sem sveitarstjórn gefur út í sambandi við kaup á landi eða lóðum með aðstoð ríkissjóðs samkv. þessum lögum, þó að ekki sé eingöngu við sjóðinn að tefla. Þetta mundi í þessu einstaka tilfelli varðandi Keflavíkurkaupstað kosta hann í opinberum stimpilgjöldum af lánsskjölum a. m. k. ½ millj. kr., sem kaupstaðnum væri sleppt við að greiða, eftir að þetta frv. hefur fengið lagagildi. En framvegis gildir það svo um slík landa- og lóðakaup kaupstaða, þó að landakaupasjóðurinn eigi þar ekki hlut að máli.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða um málið, en vænti þess, að því verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þetta frv. til l., sem hér hefur komið fram fyrir Nd. Alþ., stafar af því, að lönd og lóðir fara mjög hækkandi í verði, og því þurfi ríkisvaldið eða ríkissjóður að hlaupa undir bagga með því að gefa kaupstöðum og kauptúnum eftir ýmis gjöld, svo sem þinglesturs- og stimpilgjöld, af lánsskjölum eða lánum, sem þessir aðilar þurfa að taka. Þetta er mjög eðlilegt, og ég hef í raun og veru ekkert við þetta frv. að athuga að öðru leyti en því, að ég tel, að hér ætti að koma að sjálfum kjarnanum, þ. e. hvort það sé í raun og veru eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi þannig undir bagga, þegar um hækkað verðlag er að ræða, en þeir, sem selja, þeir, sem eiga þessi lönd og lóðir, sleppi kannske án þess að greiða eyri í opinber gjöld fyrir þessar eignir, sem þeir selja.

Nú er það svo í gildandi tekjuskatts- og eignarskattslögum, að þar segir, að hafi skattþegn átt eignina full sex ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Nú hygg ég, að öllum sé ljóst, að með stækkandi borgum eða kaupstöðum og kauptúnum leiði það til þess, að verð lóða og landa hækkar sjálfkrafa í verði, án þess að eigendur hafi jafnvel aukið verðmæti þessara eigna á nokkurn hátt. Mér er kunnugt um það, að á Norðurlöndum hafa gengið í gildi ýmis lög, þar sem einmitt þetta vandamál er tekið fyrir, að ýmsir aðilar geti e. t. v. stundað þar brask, ef ég nota það orð, að kaupa lendur og lóðir rétt við borgarstæði eða jafnvel inni í borgum og eiga þetta í nokkur ár og selja það á margföldu uppsprengdu verði, án þess að hafa lagt nokkuð sjálfir til þess að auka verðmæti eignanna. Eitthvað svipað mun hafa átt sér stað í þessu dæmi, sem hæstv. félmrh. minntist á. Þetta víkur að Keflavíkurkaupstað, sem er núna í öngum sínum út af lóðakaupum, og því hef ég heyrt fleygt, að þessi kaup muni nema um 30 millj. kr. á lendum og lóðum í Keflavíkurkaupstað, og þeir aðilar, sem fá þetta fé, þurfa ekki að greiða eyri til opinberra gjalda, þetta er ekki skattskylt fé.

Mér finnst þróunin dálítið öfug. Vegna þess hve mjög hefur hækkað verð landa og lóða, er ríkisvaldið sjálft að taka fé úr almannasjóðum eða gefa eftir fé, til þess að kaupstaðir og kauptún geti keypt þessar lóðir, en seljendur stinga síðan öllum hagnaði í eigin vasa. Ég hygg, að það sé tími til kominn fyrir hv. Alþ. að athuga, hvort ekki sé rétt að taka upp einhvern slíkan verðmætaaukaskatt eða hverju nafni sem hann nefnist, þannig að seljendur hagnist ekki óeðlilega á slíkum sölum og síðan eigi ríkisvaldið að koma þessum kaupum eða sölu á með opinberu fé úr almannasjóðum. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh., hvort það væri ekki til athugunar að taka upp einhvern slíkan verðmætaaukaskatt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það mál, sem hv. 3. landsk. þm. hreyfði hér, má segja, að sé í tengslum við þetta mál, en er þó í raun og veru allt annað og miklu stærra mál. Þetta mál er eingöngu í þessu einstaka tilfelli, að því er Keflavíkurkaupstað varðar, flutt til þess að firra hann því að þurfa að bæta ½ millj. eða svo við þær 30 millj., sem landakaupin sjálf kosta kaupstaðinn, og mundi það nú einmitt vera í samræmi við málflutning hv. 3. landsk. þm., að ekki sé á þá upphæð bætandi að því er snertir Keflavíkurkaupstað sjálfan. En samt er það nú svo, að kaupstaðurinn á að óbreyttri löggjöf ekki annarra kosta völ en að kaupa þetta land, byggingarlóðir handa kaupstaðnum og kaupstaðarbúum, á því verði, sem hagkvæmast hefur þó fengizt, og sýnist ekki vera hægt að standa gegn því að óbreyttum lögum.

Það er vitanlega allt annað mál, hvort ekki er eðlilegt og samfélagslegt á allan hátt að koma í veg fyrir það, að einstaklingar stingi í sinn eigin vasa fyrirhafnarlausum gróða af verðhækkunum, sem verða fyrir almenna þjóðfélagsþróun, og ber sérstaklega að líta á það mál, en óháð þessu, þó að þetta frv. hafi orðið til þess að minna á þann þjóðfélagsvanda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 146, n. 585).

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Mælir n. shlj. með samþykkt frv., með þeirri breytingu einni, að heimildin til fjmrn. til þess að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum og lánsskjölum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, sé ekki bundin því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélög, sem sækja um þessa niðurfellingu þinglesturs- og stimpilgjalda, hafi notið aðstoðar ríkissjóðs við landakaupin. Breytingin er sett fram á þskj. 585. Einn nm., Bjarni Guðnason, hv. 3. landsk. þm., skrifar undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
Brtt. 585 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 621).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 621, n. 737).

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. það, sem hér liggur, og mælir n. einróma með samþykkt frv. óbreytts. Samkv. gildandi lögum um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa er fjmrn. nú heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkisins. Sú breyting, sem gerð er með þessu frv., er, að fjmrn. fær nú heimild til að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum og öllum lánsskjölum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, enda þótt sveitarfélögin njóti ekki aðstoðar ríkisins samkv. lögum þessum. Fjhn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 798).

---

42. Sameining Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er í 1. gr. þess, sem er svo hljóðandi:
„Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur."
Í 2. gr. frv. er svo kveðið á um, hvernig kvaðir þær, sem slíkri sameiningu sveitarfélaganna mundu fylgja eða leiða af sameiningunni, skuli skiptast og í hvaða hlutföllum.
Tilefni málsins er það, að á seinustu árum hefur, eins og sums staðar annars staðar á landinu, að heita má lagzt af byggð í Loðmundarfjarðarhreppi á Austfjörðum, og er nú svo komið, að í því sveitarfélagi er aðeins einn búandi maður, bóndinn að Sævarenda, sem mun búa þar einn. Málið hefur verið tekið upp og þeim tilmælum beint til félmrn., að það gerði ráðstafanir til að sameina Loðmundarfjarðarhrepp einhverju öðru sveitarfélagi. Sökum þessara tilmæla til félmrn. hefur málið áður komið fyrir Alþ. og var þá lagt til í því frv., sem þá var flutt, að Loðmundarfjarðarhreppur yrði sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað. Um lögfylgjur af þeirri sameiningu voru sams konar ákvæði eins og í þessu frv. En það frv. um sameiningu Loðmundarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar mætti andstöðu og frv. fékk ekki afgreiðslu á Alþ., og hefur því setið við hið sama um þetta enn sem komið er.
Síðan hefur það gerzt, að hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur gert samþykkt um að óska þess eða bjóða það fram, að Borgarfjarðarhreppur taki við Loðmundarfjarðarhreppi, á sömu forsendum og áður var rætt um að gerðist með Seyðisfjarðarkaupstað. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur tvívegis ítrekað þetta tilboð sitt með einróma samþykktum í hreppsnefnd.
Á þessa hugsun, að sameina Loðmundarfjarðarhrepp Borgarfjarðarhreppi, er fallizt af félmrn., og teljum við það eðlilegt, með því að sýslunefnd Norð-

ur-Múlasýslu hefur einnig látið í ljós, að slík sameining væri að hennar dómi eðlilegust lausn á þessu máli. Það er því í samræmi við samþykktir hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps og sýslunefndarinnar, sem þetta frv. er flutt.

Um það hef ég því ekki fleiri orð og legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 634, 641).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál alllengi, en hefur samþ. að mæla með samþykkt þess óbreytts að öðru leyti en því, að í 4. gr. komi 1973 í staðinn fyrir 1972, þ. e. að lög þessi öðlist gildi 1973.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 641 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 653).

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég átti tal um það við einn nm. hv. heilbr.- og félmn., sem hafði þetta mál til meðferðar, að gerðar yrðu verulegar breytingar á þessu frv. Ég trúi, að það hafi aðeins verið skoðað í n., en menn hafi ekki getað á það fallizt. Er ég þó ekki alveg viss um, hvort það var nú þannig eða hvort það var á hinn veginn, að þessi hv. nm. taldi sjálfur ekki fært að fara út í svo miklar breytingar sem þar var um að ræða, og sýndi aldrei hugmyndir mínar í hv. nefnd. En burt séð frá því, þá hefði mér fundizt ástæða til, að breytt hefði verið tveimur atriðum í þessu frv. Þar er í hvorugu tilfelli um stór atriði að ræða, en þó þannig, að ég tel, að betur mætti á þeim fara.

Ég skal aðeins gera grein fyrir þessum atriðum og mun svo leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. um þau. Þá er það í fyrsta lagi við 2. gr., að ég legg það til, að við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Það, sem fyrir mér vakir, er einfalt. Þar sem hagar til eins og í Loðmundarfirði, að allir íbúar staðarins eru farnir að einum undanskildum og raunar allir landeigendur, því að ég trúi, að hann sé leiguliði, þá er ákaflega erfitt fyrir hreppsnefndaroddvita að innheimta gjöld af þessum landeigendum, sem dreifðir eru víðs vegar um landið. Mér virðist það sé miklu viðráðanlegra fyrir sýslumanninn og í sjálfu sér eðlilegra, að hann annist um það, m. a. með tilliti til viðeigandi ákvæða í lögum um fjallskil, þar sem gert er ráð fyrir afskiptum sýslumanna af smölun í löndum, þar sem á stendur eins og hér.

Annað atriði er brtt. við 3. gr. Í henni segir, að kostnaður við grenjaleitir í Loðmundarfirði endurgreiðist næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins. Mér virðist það vera fyllra og um leið eðlilegra orðalag, að tilgreina þarna kostnað við eyðingu refa og minka. Grenjaleit er aðeins hluti af eyðingu refa og það spannar ekki yfir minkamálið, en minkur er nú einmitt að ljúka hernámi landsins og er kominn niður í fjarðarbotnana, a. m. k. á undanrás. Ég veit ekki til, að hann hafi tekið sér þar bólfestu, en það liggur alveg fyrir, að hann geri það. Ég tel því eðlilegra að orða þetta þannig: „Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkv. l. nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.“ Ég vil svo afhenda hæstv. forseta brtt. og vænti þess, að hann leiti afbrigða.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 653, 677).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 677,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 677,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 693).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í Loðmundarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu mun nú ekki vera nema einn íbúi. Það liggur í augum uppi, að ekki er auðið að halda uppi starfsemi sveitarfélags, þegar íbúafjöldi er ekki meiri en þetta. Þetta hefur mönnum verið ljóst um nokkurt árabil og hafa því verið gerðar till. um að sameina Loðmundarfjarðarhrepp öðru sveitarfélagi á Austurlandi.

Fyrir eitthvað tveimur árum var hér á þingi fjallað um frv., þar sem gert var ráð fyrir að sameina Loðmundarfjörð Seyðisfjarðarkaupstað. Nokkuð voru skiptar skoðanir þá um það, hvort það væri eðlileg skipan að leggja Loðmundarfjörð undir Seyðisfjarðarkaupstað, og því máli lyktaði þannig hér á þingi, að óskað var fyllri umsagnar sýslunefndar Norður-Múlasýslu um málið, áður en það yrði endanlega afgr. Svo fór þá, að þessi umsögn barst ekki í tæka tíð, og varð málið því ekki útrætt að því sinni.

Nú hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fallizt á og farið þess á leit, að með lögum verði ákveðið að sameina Borgarfjarðarhrepp og Loðmundarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu, og er ekki annað kunnugt en sýslunefnd muni fyrir sitt leyti vera því meðmælt. Af þessu tilefni er þetta frv. fram borið. Það var flutt í hv.

Nd. snemma á þessu þingi, en það hefur tekið mjög langan tíma að fá það endanlega afgr. frá hv. Nd. En þrátt fyrir það, þó að nú líði bráðum að þinglokum, þá vil ég vænta þess, að þessi hv. d. hraði þannig afgreiðslu þessa frv., að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, og vil ég sérstaklega beina þeim tilmælum til þeirrar n., er tekur málið til athugunar, að hún hafi þetta í huga.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 693, n. 743).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til umsagnar á þskj. 693, sameining Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp. Málið er komið frá hv. Nd., og mælir hún einróma með samþykkt frv. í formi því, sem Nd. afgreiddi það í.

Það er óþarft að rekja hér nauðsyn þess að sameina Loðmundarfjarðarhrepp öðru sveitarfélagi á Austurlandi, því að það hefur þegar verið rætt í framsögu.

Það skal aðeins tekið skýrt fram, að ekki er annað vitað en að um þessa skipan mála séu viðkomandi aðilar ásáttir, jafnt Borgfirðingar sem burtfluttir Loðmfirðingar, sem þarna eiga nokkurra hagsmuna að gæta, og síðast en ekki síst sá eini íbúi Loðmundarfjarðarhrepps, sem nú öðlast á ný þau sjálfsögðu mannréttindi að fá að neyta kosningarréttar síns, sem hann ekki náði á síðastliðnu vori.

Heilbr.- og félmn. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

---

43. Veðtrygging iðnrekstrarlána.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um veðtryggingu iðnrekstrarlána [261. mál] (stjfrv., A. 581).

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., um veðtryggingu iðnrekstrarlána, er samið af nefnd, sem ég skipaði 17. marz s. l., en í nefndinni áttu sæti Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Björn Tryggvason aðstoðarbankastjóri, Stefán Pétursson hrl. og Þröstur Ólafsson hagfræðingur. Meginefni frv. felst í 1. gr. þess. Hún er svo hljóðandi:

„Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn."

Í 2., 3. og 4. gr. eru svo minni háttar atriði, sem ég sé ekki ástæðu til að fjalla um, en þau eru skýrð í aths. við frv.

Gildandi lög um samningsveð eru æðigömul að stofni til. Þau eru frá 1887, og kjarni þeirra var sá, að veðsetning safns muna væri aðeins heimil í sambandi við fasteignaveð eða þannig, að lausaféð væri nátengt fasteigninni. Lengi vel var það svo, að sjávarútvegurinn naut ekki góðs af þessari tegund veðsetningar. En 1927 voru sett sérstök lög, sem heimiluðu útgerðarmanni að veðsetja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn til tryggingar útgerðarlánum. Og 1933 var heimilað að veðsetja með skipi lausafjármuni, sem ætlaðir eru til notkunar skipsins, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem eru í skipinu hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnað og önnur áhöld. Næst kom svo landbúnaðurinn og fór fram á hliðstæða fyrirgreiðslu sér til handa, og lög voru sett 1953, sem heimiluðu bændum að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, til tryggingar rekstrarlánum, sem voru ekki veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

Þessi lög, sem ég hef hér nefnt, voru síðan felld úr gildi með nýjum lögum 1960, og það eru þau lög, sem enn gilda um þessi mál. Samkv. þeim er útgerðarmanni, framleiðanda sjávar- og landbúnaðarafurða, svo og öðrum þeim, sem hafa þessar vörur til sölumeðferðar, heimilað að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn. Hins vegar hafa hvorki viðskiptabankarnir né Seðlabankinn veitt almenn lán til rekstrar iðnfyrirtækja vegna framleiðslunnar út frá þessum reglum. Ástæðan fyrir því, að lánastofnanir hafa ekki veitt iðnaðinum hliðstæða fyrirgreiðslu og öðrum meginatvinnuvegum þjóðarinnar að þessu leyti, er sú, að skort hefur lagaheimildir til þess. Samt hafa lánastofnanir veitt í ýmsum undantekningartilvikum allvíðtæk lán til fyrirtækja, sem hafa unnið úr afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Og þannig hafa verið veitt regluleg lán úr viðskiptabönkum með endurkaupum í Seðlabankanum til ullarverksmiðja við framleiðslu á lopa, til útflutnings á fullunnum vörum, þegar um mikið magn er að ræða, til framleiðslu veiðarfæra, einkum Hampiðjunnar, til verksmiðja, sem súta gærur, og til framleiðslu kísilgúrs, en endurkaup Seðlabankans á þessum lánum hafa verið að meðaltali með 8–9% ársvöxtum.

Tilgangur þessa frv., sem hér liggur fyrir, var sá, að tryggja iðnaðinum sama rétt og sjávarútvegur og landbúnaður hafa haft að undanförnu. Ég hygg, að ég þurfi

ekki að færa nein almenn rök fyrir þessari till. Ég hugsa, að það sé ekki neinn ágreiningur um það hér á hinu háa Alþ., að iðnaðurinn er mjög vaxandi atvinnugrein og atvinnugrein, sem hlýtur að vaxa mjög stórlega á næstu árum. Ég vil í því sambandi minna á það, að einmitt síðustu þrjú árin hefur orðið ákaflega ör vöxtur í iðnaði á Íslandi. Iðnaðarframleiðslan jókst um 9% á árinu 1969, um 13% á árinu 1970 og um 13.5% í fyrra. Vöxtur iðnaðarframleiðslunnar hefur verið miklum mun örari en þjóðarframleiðslunnar í heild. Á þessum þremur árum hefur framleiðslumagn iðnaðarins vaxið um 40%, en þjóðarframleiðslan jókst á þessu sama tímabili um 18%. Hins vegar hefur rekstrarlánafyrirgreiðsla lánastofnana til iðnaðarins ekki aukizt í hlutfalli við þessa staðreynd. Ég vil í því sambandi greina frá því, að heildarútlán til iðnaðarins, að frátöldum byggingariðnaði, námu í árslok 1970 2 326 millj. kr. eða 14.5% af heildarútlánum innlánsstofnana. Í árslok 1971 voru þessi lán 2 465 millj. kr. eða 12.6%, og hafa því lækkað hlutfallslega miðað við aðra lánaflokka. Þetta er að sjálfsögðu ástand, sem ekki fær staðizt, og þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég geri mér vonir um það, að um þetta sjálfsagða mál geti tekizt eðlileg samstaða hér á hinu háa Alþ. Ég legg til, að fjhn. d. fái það til meðferðar, en ég vil leggja á það mikla áherzlu, að n. hraði störfum sem allra mest, því að mér er það mikið í mun og ég veit, að iðnaðinum er það mikið í mun einnig, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. Það fer að líða á þingtímann að sjálfsögðu, þannig að menn þurfa að hafa nokkuð hraðan á til þess að afgreiða þetta mál, en málið er í senn einfalt og ákaflega augljóst réttlætismál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 646).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til að auðvelda afgreiðslu rekstrarlána til iðnaðarins, eins og gerð var grein fyrir af hæstv. ráðh., og þar er nánast um að ræða samræmingu við lánamál annarra atvinnugreina.

Þetta frv. hefur verið rætt í fjhn. N. boðaði til viðtals bankastjóra Seðlabankans og leitaði álits hjá landssamtökum iðnaðarmanna. Álit þessara beggja aðila var jákvætt. Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég fagna því mjög eindregið, að þetta frv. skuli vera komið fram og skuli fá þær undirtektir hjá hv. n. og að mér skilst hjá Seðlabankanum, sem frsm. n. hefur lýst. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta frv. um veðtryggingu iðnrekstrarlána er ein mikilvægasta aðstoð, sem iðnaðurinn getur fengið, og með þeim hætti tel ég, að þessi atvinnugrein ætti að geta byggt sig upp sjálf, ef fjármunir verða fyrir hendi til þess að lána út á framleiddar vörur og hráefni, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég spurði nokkuð um það fyrir nokkrum dögum, þegar þáltill. um rekstrarlánsaðstoð var til afgreiðslu, hvort það væri nokkur úr hæstv. ríkisstj., sem gæti upplýst mig um það, hvort það mætti treysta því, að fjármagn yrði til staðar í báðum þessum tilvikum. Það er í raun og veru kjarni málsins, hvort bankar hafi samþykkt þetta fyrirkomulag fyrir sitt leyti og hvort þeir muni lána á sama hátt til iðnaðarins eins og til annarra atvinnuvega. Hlutverk iðnaðarins er þegar orðið nokkuð mikið í íslenzku atvinnulífi og á áreiðanlega eftir að vaxa mjög, og eins og ég sagði um daginn, þá tel ég, að frv. og till. séu ekki mikils virði, nema það liggi nokkuð ljóst fyrir, að bankakerfið hafi fjármagn til þess að láta í þessa atvinnugrein. Vitaskuld er það forsenda, að lagasetning sé til staðar, og hér er hún að koma í gegn og það tel ég mikils virði. En mér hefur stundum fundizt, að það sé eins og það hafi staðið nokkuð í lánastofnunum að lána til iðnaðarins, og því er það brennandi spurning í mínum huga nú, sem ég vildi helzt fá svarað, ef þess er nokkur kostur, hvort það hafi eitthvað verið gert, sem gefi iðnaðinum vonir um það, að fjármagn verði til staðar, þegar þessi lög verða búin að taka gildi, sem heimila veðsetninguna, og búið er að samþykkja þáltill., sem á að hjálpa mjög um rekstrarfé, eru nokkrar upplýsingar til um það, hvort bankakerfið muni þá haga sér í samræmi við hvort tveggja, þessar ályktanir og lög Alþ. Ef það er til staðar, þá er hér um að ræða mjög þýðingarmikla og stórtæka bót fyrir iðnaðinn, en ef þetta er ekki til staðar, þá er gott að hafa lög og till., en það hjálpar lítið.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. og hv. þm. Pétri Péturssyni fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Hv. þm. spurði um það, hvort fé yrði tiltækt í sambandi við þá stórbættu réttarstöðu iðnaðarins, sem felst í þessu frv., hvort fé yrði tiltækt í bönkunum. Ég skal nú ekki vera með neinar stórar fullyrðingar um það, hvaða fjármagn bankarnir kunni að vera með hverju sinni eða hvernig þeir verja því, en á hitt vil ég leggja áherzlu, að með þessu frv. er verið að gefa iðnaðinum fullkomið jafnrétti við aðrar atvinnugreinar hvað þetta snertir, og að sjálfsögðu hljóta bankastjórarnir að taka tillit til þess, að þarna er um að ræða orðið löghelgaða aðferð við að veita tryggingu fyrir lánum og af því hlýtur m. a. að leiða það, að endurkaup Seðlabankans á þeim lánum, sem viðskiptabankarnir veita, hljóta að aukast mjög verulega. Og þetta frv. er samið í fullu samráði við Seðlabankann og Seðlabankinn hefur látið hv. n. fá vitneskju um það, að hann sé samþykkur þessari lagabreytingu, þannig að ég geri mér vonir um það, að þetta frv. verði ekki aðeins réttarbót í lögum, sem er mjög stórfelld, heldur muni einnig koma mjög fljótt áþreifanleg áhrif af þessari lagasetningu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þess gerist ekki þörf, að ég fylgi þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum hér í hv. Ed. Það hefur þegar verið til meðferðar í Nd. og um það varð algjör samstaða. Það var samþ. einróma í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir. Hér er um mjög einfalt mál að ræða í eðli sínu og meginefni frv. felst í 1. gr. þess, sem er svo hljóðandi:

„Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn."

Í 2., 3. og 4. gr. eru svo tæknileg framkvæmdaratriði, sem ég sé ekki ástæðu til að skýra frekar, það kemur fram í grg., en sú heimild til veðtryggingar, sem í þessu frv. felst í sambandi við iðnað, hefur verið í gildi varðandi sjávarútveg og landbúnað um alllangt skeið. Sjávarútvegurinn fékk slíkar heimildir með lögum 1933 og 1953 fékk landbúnaðurinn hliðstæðar heimildir. Árið 1960 var lagasetning um þessi efni endurnýjuð, og þar voru þessar heimildir tryggðar sjávarútvegi og landbúnaði, en iðnaðurinn hefur aldrei átt kost á veðsetningum af þessu tagi. Iðnaðurinn hefur réttilega talið, að hann byggi þar við mun þrengri kost en aðrir atvinnuvegir, og því tel ég það vera mjög stórfellt réttindamál, að iðnaðurinn fái nú þetta jafnrétti við aðrar atvinnugreinar í landinu. Í því sambandi vil ég minna menn á þá staðreynd, sem allir þekkja, að iðnaðurinn er nú í mikilli sókn í landinu. Síðustu þrjú árin hefur þjóðarframleiðslan aukizt um 18%, sem er vissulega veruleg aukning, en magn iðnaðarframleiðslunnar hefur á sama tíma aukizt um 40%, sem sýnir, að iðnaðurinn er í mjög mikilli sókn í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að skýra frá því, að heildarútlán til iðnaðarins, að frátöldum byggingariðnaði, námu í árslok 1970 2 326 millj. kr. eða 14.5% af heildarútlánum innlánsstofnana. Í árslok 1971 voru þessi lán 2 465 millj. kr. eða 12.6% og höfðu því lækkað hlutfallslega miðað við aðra lánaflokka. Þetta er þróun, sem er óviðunandi með öllu á sama tíma og iðnaðurinn er í þessari sókn, sem ég var að minnast á áðan. Auk þess hafa endurkaupalán Seðlabankans verið ákaflega lítill hluti af almennum lánum viðskiptabankanna til iðnaðarins, en það ástand ætti að geta breytzt með þessari lagasetningu, en eins og ég gat um áðan, þá var alger samstaða um þetta mál í Nd. og ég vona, að sú verði einnig raunin hér í Ed. Þetta er einfalt mál, en engu að síður tel ég, að hér sé um að ræða verulegt stórmál og réttindamál í þágu iðnaðarins.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 738).

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir. Þetta frv. var samþ. shlj. í Nd. Efni frv. er nánast það, að veita iðnaðinum hliðstæða fyrirgreiðslu við aðra meginatvinnuvegi þjóðarinnar, en til þessa hefur skort lagaheimild til þess, að svo væri. Ég hygg, að frv. þetta bæti mjög úr fyrir hinum ört vaxandi atvinnuvegi og verði mikilvæg aðstoð í framtíðinni. Frv. þetta er samið í samráði við Seðlabankann, og landssamtök íslenzkra iðnaðarmanna hafa fagnað framkomu þess og hafa talið, að með samþykkt þess öðlaðist iðnaðurinn jafnréttisaðstöðu við landbúnað og sjávarútveg. Fjhn. d. leggur sem sagt einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 800).

---

44. Læknaskipunarlög.

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965 [222. mál] (stjfrv., A. 457).

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur að undanförnu staðið yfir heildarendurskoðun á heilbrigðislöggjöfinni og frv. um breyt. á henni er svo langt komið, að það er í prentun nú og verður væntanlega lagt fyrir Alþ. mjög fljótlega.

Hins vegar er þar um svo veigamikið frv. að ræða, að ég tel ekki rétt, að það verði afgreitt á því þingi, sem nú situr. Ég tel, að bæði þm. og fulltrúar héraðanna verði að fjalla gaumgæfilega um það, og legg það því fram nú til að kynna það fyrst og fremst, en hef hugsað mér hins vegar að fara fram á það, að það yrði afgreitt mjög

snemma á þinginu í haust, þannig að hægt verði að hafa mið af því við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

En þar sem þessi vinnubrögð verða viðhöfð, þá hef ég leyft mér að bera hér fram frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, sem felur í sér takmarkaðri breytingar, en hins vegar breytingar, sem ég tel nauðsynlegt, að verði lögfestar á þessu þingi. Þar um að ræða fyrst og fremst breytingar, sem eiga að miða að því að bæta úr því vandræðaástandi, sem víða er í strjálbýlum héruðum með að fá þangað lækna. Þetta er mjög erfitt ástand, eins og menn vita, og þeir erfiðleikar hafa staðið lengi. Þeir voru einna erfiðastir á síðasta hausti, en sem betur fer hefur þar rætzt allvel úr, vegna þess að læknar hér á þéttbýlissvæðinu hafa tekið ákaflega vel beiðni heilbrigðisyfirvalda um að taka að sér störf úti í héruðunum og hafa þar tekið við verkefnum í skamman tíma, einn af öðrum.

Hins vegar þarf að tryggja það, að þetta ástand verði viðráðanlegra á næsta hausti, og það er tilgangurinn með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að búa í haginn fyrir, að svo megi verða.

Fyrsta atriðið í þessu frv. er heimildarákvæði þess efnis, að heilbrmrh. sé heimilt í samráði við fjmrn. að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar læknisstöður, sem bundnar séu skilyrðum um ákveðna þjónustu í héraði. Hér er um að ræða till., sem upphaflega kom frá Læknafélagi Íslands og sem allmikið hefur verið rætt um. Þegar ég kynntist þessum till. fyrst á síðasta hausti, þá virtust mér þær ekki vera raunsæjar, miðað við ástandið, eins og það var hér heima, því að þannig hefur verið ástatt, að það hefur verið læknaskortur einnig hér og einnig við sjúkrahúsin, þannig að t. d. kandidatastöður hafa ekki verið fylltar og í þeim hafa víða verið stúdentar.

Hins vegar virðast mér stöður af þessu tagi geta hentað ákaflega vel í sambandi við íslenzka lækna, sem dveljast erlendis. Fjöldi þeirra er nú á annað hundrað, og við þurfum að kappkosta að fá sem flesta þessa lækna til að koma hingað heim og taka þátt í framkvæmd heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Og einmitt stöður af þessu tagi, eins og ég var að minnast á, við ríkisspítalana, geta hentað ákaflega vel sem eins konar millistig fyrir þessa lækna. Ég ræddi þessi mál sérstaklega við íslenzku læknana í Svíþjóð, þegar ég hafði tvo fundi með þeim í janúarmánuði, og kynnti þeim sérstaklega þessar hugmyndir, og mér virtist undirtektir þeirra þannig, að það mætti gera sér vonir um, að þeir tækju að sér einmitt störf af þessu tagi. Ekki sízt ungir læknar, sem eru að ljúka námi og þurfa að ljúka við að skrifa ritgerðir sínar, þá væri þarna um að ræða eins konar náms- og rannsóknarstöður við spítalana, en jafnframt með þeirri skuldbindingu, að þeir, sem í störfunum væru, sinntu störfum úti í héruðunum, t. d. helminginn af ráðningartíma sínum.

Í 2. gr. frv. er felld niður hámarkstala héraðshjúkrunarkvenna. Í gildandi lögum er það bundið við sex hjúkrunarkonur. Ég verð að viðurkenna, að ég hef brotið þessi lög allharkalega. Héraðshjúkrunarkonur eru nú 14 talsins, þar af tvær ljósmæður, og eins og ástandið hefur verið tel ég, að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að fjölga þeim eða hafa ekki þak á þessari tölu yfir héraðshjúkrunarkonur. Störf þeirra eru ákaflega mikilvæg. Ekki aðeins hér á landi, heldur einnig t. d. í strjálbýlum löndum í nágrenni okkar, þá hafa héraðshjúkrunarkonur gegnt ákaflega mikilvægu hlutverki, og mér er kunnugt um það, að bæði í Noregi og Svíþjóð eru þær taldar hreinlega læknis ígildi á ýmsum stöðum. Og þarna er einnig ákvæði um það, að laun þeirra verði greidd að fullu úr ríkissjóði, ef ekki er um lækni að ræða í héraði, en það hefur hingað til átt að vera þannig, að sveitarstjórnirnar eða heimamenn greiddu ⅓ af launum þeirra, en þeir hafa eðlilega sagt, að það væri verið að bæta gráu ofan á svart, ef þeir ættu að greiða aukakostnað af því að hafa ekki lækni. Þetta hefur verið framkvæmt á þann hátt að undanförnu, sem er í þessum lögum, en að sjálfsögðu er rétt að þessi ákvæði yrðu í lögunum sjálfum.

Þriðja atriðið er heimild til þess að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nú um skeið hefur verið það ákvæði í lögum, að heimilt hefur verið að veita læknanemum sérstök lán með skuldbindingum um læknisþjónustu í héraði. Þessi ákvæði hafa verið næsta haldlítil nú um skeið, hér hefur verið um lág lán að ræða, um 80 þús. kr., og það hefur færzt mjög í vöxt að undanförnu, að menn hafa hreinlega endurgreitt þessi lán og alls ekki gegnt þeirri þjónustu, sem til var ætlazt.

Ég hef haft samband við Félag læknanema um breytingu á þessu atriði og spurt þá hreinlega, hvaða fyrirkomulag þeir gætu hugsað sér til að stuðla að því, að þeir tækju að sér meiri störf í héruðunum að loknu námi. Og það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, er ákveðið í fullu samráði við Félag læknanema. Eins og menn sjá af reglugerð, sem prentuð er hér sem fskj., er gert ráð fyrir því, að hægt sé að veita læknanemum námsstyrki, sem nemi allt að 200 þús. kr. á ári, og gegn hverjum slíkum styrk eru menn skuldbundnir til að starfa eitt ár í héraði.

Þetta getur verið býsna mikilvægt fyrir læknanemana sjálfa einnig. Kunnugt er, að á síðasta hluta námsins hafa þeir möguleika á að taka að sér allmikil störf. Það er sótzt eftir þeim til starfa, en stundum leiðir það til þess, að námstími þeirra verður lengri en þyrfti að vera. Með því að eiga kost á styrk af þessu tagi, mundi námstími þeirra geta stytzt að sama skapi, þeir gætu einbeitt sér að náminu og af því mundi hljótast þjóðfélagslegur sparnaður, auk þess sem til kæmi þessi aukna þjónusta í héruðum, sem ráð er fyrir gert.

Mér hefur verið það mikið ánægjuefni, að læknanemar hafa tekið þessum hugmyndum á ákaflega jákvæðan hátt og látið í ljósi vaxandi áhuga á því að starfa þannig í strjálbýlinu, og raunar hefur mér virzt, að það sé að verða hugarfarsbreyting núna, bæði hjá læknanemum og hjá ungum læknum. Þeir gera sér grein fyrir því, að heimilislækningar eru ákaflega veigamikill hluti læknisþjónustunnar, og vonandi er, að þetta viðhorf verði í sókn eftirleiðis, því að við þurfum mjög á því að halda á okkar landi, að menn átti sig á því, að læknisþjónusta utan sjúkrahúsa er ákaflega mikilvæg og að henni er auk þess mjög mikill þjóðfélagslegur sparnaður.

Ég vil vænta þess, að hv. alþm. taki þessum till. vel, og legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 457, n. 676).

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., þá mælir heilbr.- og félmn. með samþykkt þessa frv., en með nokkrum semingi þó, má kannske segja.

Einstakir nm. hafa ýmislegt við frv. að athuga og einnig vissir aðilar, sem leitað var umsagnar hjá í sambandi við frv. Landlæknir mælir að vísu með samþykkt þess eða kemst svo að orði, að hann hafi ekkert við frv. að athuga og telji það til bóta. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna mælir með samþykkt þess. Deildarforseti læknadeildar eða læknadeild mælir einnig með samþykkt þess, en gerir við það nokkrar aths. Læknafélagið gerir einnig við það nokkrar aths. og þá sérstaklega 3. gr. frv. Í bréfi læknafélagsins er komizt svo að orði, með leyfi forseta:

„Varðandi 3. gr. frv. vill Læknafélag Íslands taka fram, að það er mótfallið því sjónarmiði, að læknastúdentar skuldbindi sig, eins og þar er gert ráð fyrir, til starfa í héraði, og telur allar slíkar kvaðir í eðli sínu neikvæðar og sízt til þess fallnar að örva læknanema til starfa í héraði. Telur félagið vænlegra, að í læknanámi svo og að því loknu sé unnið að því að skapa áhuga á læknisstarfi í héraði. Verður það bezt gert með því að kenna í læknanámi undirstöðuatriði heimilislækninga og gera læknanemum kleift að starfa með læknum í heilsugæzlustöðvum og kynnast á þann hátt læknisþjónustu í dreifbýli."

Ég vil taka það fram, að í n. kom það fram hjá, að ég hygg, flestum nm., að þeir taka undir þessi sjónarmið.

Þá er þess að geta, að frá hjúkrunarkvennafélaginu kom umsögn, sem fól í sér þá till., að héraðshjúkrunarkonum yrðu boðin svipuð hlunnindi eins og læknastúdentum eru boðin með þessu frv., en þau eru í stuttu máli sagt, að þeir eiga að fá kost á styrk, sem nemur 200 þús. á ári í þrjú ár, gegn því að þeir skuldbindi sig þá til að starfa sem læknar í héraði síðar.

Eins og ég hef þegar sagt, þá kom fram í n., þótt hún mæli með samþykkt frv., nokkur vantrú á því, að þetta frv. leysi þann vanda, sem því er ætlað að leysa. Sá vandi er, eins og við öll vitum, mjög mikill. Það kom fram af hálfu viðkomandi rn., að það leggur mikla áherzlu á að fá tækifæri til að gera þessa tilraun til nokkurrar lausnar á þessum mikla vanda og n. sér ekki ástæðu til að beita sér gegn því. Hún mælir þar af leiðandi með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21:4 atkv.
4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 457, 711).

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Allir hv. þm. eru sammála um nauðsyn þess að bæta héraðslæknisþjónustuna eins og verða megi, ekki sízt þar sem sum héruð hafa verið læknislaus um lengri og skemmri tíma. Frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum á þskj. 457 stefnir einmitt í þá átt að reyna að leysa þennan vanda, og það getur naumast verið ágreiningur um það, að þörf sé að taka á þessum málum. Það er því lofsvert af hálfu hæstv. heilbrmrh. að reyna með nokkurs konar skyndiráðstöfunum eða þar til heildarlöggjöf um heilbrigðisþjónustuna verður samþ., væntanlega á næsta þingi, að reyna að bæta læknisþjónustu strjálbýlisins. Fyrstu tvær gr. þessa frv. virðast eðlilegar og stefna í rétta átt. Hins vegar virðist mér og sumum öðrum þm., að það verði naumast sagt um 3. gr. þessa frv., en hún hljóðar svo:

„Heimilt skal, að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð."

Í reglugerð er síðan sagt nánar frá því, hvernig með þessa styrki skuli farið, hvaða skilyrði fylgja þeim, upphæð þeirra o. s. frv. Þar kemur í ljós, að það er heimilt að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús. kr., gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði. Styrkþegi, segir í 4. gr. þessarar reglugerðar, skal skuldbinda sig til að gegna læknisþjónustu í héraði, þannig að hver styrkveiting jafngildi einu almanaksári í læknishéraði. Ég hygg, að þarna sé farið inn á ranga braut og þetta leiði ekki til neinnar lausnar á þeim vanda, sem hér er reynt að leysa. Þess vegna hef ég ásamt tveimur öðrum þm., þeim Stefáni Gunnlaugssyni og Jóni Skaftasyni, flutt brtt. á þskj. 711, þar sem lagt er til, að 3. gr. falli brott. Og nú vil ég reyna að rökstyðja þetta með nokkrum orðum.

Með því að taka út læknanema sérstaklega úr öðrum hópum námsmanna við Háskóla Íslands og annars staðar, þar sem námslán eru veitt, þá er strax komið upp misrétti námsmanna að mínu mati. Sumir verða að sætta sig við lán, sem þeir þurfa að endurgreiða. Öðrum eru veittir styrkir, sem eru óafturkræfir, ef þeir fara út á land. Ég vil benda á, að þetta veldur sjálfsagt óánægju meðal þeirra námsmanna, sem ekki stunda læknisfræði. Þarna er strax í upphafi verið að mismuna námsmönnum við námsstofnanir.

Í öðru lagi vil ég benda á, að þetta er misrétti gagnvart öðrum stéttum. Í 2. gr. frv. er vikið að héraðshjúkrunarkonum, og þetta frv. var sent Hjúkrunarkvennafélagi Íslands til umsagnar og þar kom fram, að hjúkrunarkvennafélagið óskaði eftir því að fá styrki til þess að fara út á landsbyggðina eins og læknastúdentar, og ég get ekki séð betur en hjúkrunarkvennafélagið hafi

þar að fullu jafngildan rétt til þess að fá styrk til þess að hjúkrunarkonur fari út á land eins og um lækna. En ég vil víkka þessa hugmynd og segja enn fremur, þetta varðar líka aðrar starfsstéttir. Hvað er að segja t. d. um prestana. Er ekki svo, að nánast allir Austfirðir eru prestslausir? **(Gripið fram í:** Það gerir nú minna til.) Og ég vil halda því fram, úr því að hér er um þjóðkirkju að ræða, að þá hvíli nokkur skylda á hinu opinbera að leysa úr þeim vanda, sem þar er fyrir hendi.

En þetta er þó ekki aðalatriðið. Ég er aðeins að benda á, að hér skapast visst misrétti gagnvart öðrum námsmönnum og öðrum starfsstéttum, en aðalatriðið er þó það, að ég tel, að það sé engin lausn fólgin í þessu, og það er sjálfsagt meginkjarni málsins. Fyrst er að athuga það, hvernig læknanemar sjálfir hafa tekið þeirri breytingu, sem hér um ræðir, því að þeir eru auðvitað aðilar að málinu. Þá segir í grg. með frv., að þetta hafi verið gert í samráði við læknanema við háskólann. Nú má segja, að í „samráði við" sé orðalag, sem getur haft dálítið misjafna merkingu. Að gera eitthvað í samráði við gæti merkt það, að sá aðili, sem við er átt, hafi haft hugboð um það, sem rætt hefði verið við hann. En í öðru lagi gæti þetta merkt, að þetta væri gert í fullri samstöðu við þann aðila, sem við er átt. Hér merkir þetta sjálfsagt í grg., að þetta sé gert á þann hátt, að höfð hafi verið samskipti eða samráð við læknanema við háskólann, en það merkir ekki, að þetta hafi verið gert með fullum stuðningi læknanema. Ég vil benda hér á, að í bréfi frá Félagi læknanema segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er augljóst af bréfaskiptum Félags læknanema við heilbrmrn., að læknanemar líta á frelsi styrkþega til að endurgreiða styrkinn að eigin mati algera forsendu þeirra breytinga, sem Félag læknanema leggur til, að verði gerðar á eldri lögum og reglugerðum um þetta efni."

Þeir vilja fá að endurgreiða þessar 200 þús. kr. að eigin mati við þær aðstæður, sem þeir sjálfir meta eðlilegar. En í reglugerð er sagt í 6. gr., að geti styrkþegi ekki uppfyllt skyldur sínar af ástæðum, sem landlæknir metur gildar, skal hann þá þegar hefja endurgreiðslu o. s. frv. Af þessu verður ekki annað ráðið en að læknanemar eru andvígir þessu fyrirkomulagi. Ég vil enn leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, upp úr ummælum úr þessu bréfi. Þar segir í 2. gr.:

„Í aths. við 3. gr. bls. 2 stendur:

Með greininni er lánum læknastúdenta með kvöð um starf í héraði breytt í styrki og gert ráð fyrir, að með reglugerð verði sett strangari ákvæði en nú eru um uppfyllingu þessara kvaða. Þessi breyting er gerð í samráði við Félag læknanema við Háskóla Íslands."

Síðan segir í bréfinu: „Þetta getum við alls ekki fallizt á."

Af orðalagi þessarar aths. má ráða, að setning strangari ákvæða er í samráði við Félag læknanema, en er hins vegar sett þvert gegn ítrekuðum tilmælum Félags læknanema. Í framhaldi af þessu segir í bréfinu:

„Leggjum við ákveðið til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglugerðinni: Í fyrsta lagi er það, að veita má sama styrk í allt að þrjú ár. Það er tekið upp eins og segir í reglugerð í 2. gr., en niður á að falla, „þó aldrei fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs." Og í 6. gr. er einnig vikið að því, að það er talið óeðlilegt, að landlæknir meti þessar aðstæður. Síðan segir í bréfinu:

„Hér koma fram margítrekuð sjónarmið læknanema um valfrelsi styrkþega til endurgreiðslu styrks eða uppfyllingu kvaðar um læknaþjónustu í héraði. Hér er um að ræða skuldbindingar um vinnu á fjarlægum stað í eitt ár og meðfylgjandi búferlaflutninga, sem gerðar eru 3–4 ár fram í tímann. Á 3–4 árum getur orðið sú röskun á högum manna, að þeir telja sér ekki fært að uppfylla þessa kvöð og hefðu ekki sótt um styrk, ef þeir hefðu séð fram í tímann. Það er ekki þar með sagt, að landlæknir meti þessa röskun gilda. Auk þess er þetta ákvæði bein móðgun við væntanlega umsækjendur, þar sem það lætur að því liggja, að þeir sæki um styrkinn á föstum forsendum." – Það á væntanlega að vera fölskum forsendum.

Af þessu verður ekki annað séð en eins og frv. liggur fyrir, þá er það í andstöðu við Félag læknanema, og ef svo er, hver getur þá orðið í raun og veru árangurinn af þessu? Læknanemar voru boðaðir á fund heilbr.- og félmn. til þess að ræða þessi mál, en það má geta þess, að þeir komu ekki.

Nú vík ég að öðru atriði. Það er gert ráð fyrir því, að þessi styrkur nemi 200 þús. kr. á ári, 200 þús. kr. fyrir hvert ár úti í héraði, þ. e. geti numið alls 600 þús. kr. Eins og nú hagar, þá hafa námsmenn lán, sem veitt eru alveg með sérstökum vildarkjörum. Læknanemar, eins og aðrir stúdentar, hafa lán, sem á að endurgreiða með jöfnum ársgreiðslum á allt að 15 árum með 5% ársvöxtum, og skulu endurgreiðslur hefjast 5 árum eftir að námi lýkur, en vextir reiknast frá námslokum. Og nú er spurningin: Ef þessir nemendur fá 200 þús. kr., þá felur það að sjálfsögðu í sér, að það kemur til frádráttar í sambandi við veitingu úr lánasjóði, það liggur í hlutarins eðli. Og þá er spurningin: Hvaða læknanemi lætur sér til hugar koma að sleppa svona góðu láni úr lánasjóði til þess að taka við 200 þús. kr. styrk, sem hann jafnvel þarf að endurgreiða aftur með fullum vísitölvöxtum, ef hann fer ekki út í hérað? Ég er alveg sannfærður um það, að ef þessi 200 þús. kr. styrkur á að leiða það af sér, að viðkomandi læknanemi missi af láni úr lánasjóði, þá lítur hann ekki við styrknum. Ég vil enn bæta því við, að það kemur hvergi fram beinlínis, að læknanemar eigi að missa af þessum 200 þús. kr., en ég tel, að það liggi í hlutarins eðli, því að læknanemar mundu aldrei ljá máls á því, að verða af þeim hlunnindum að fá góð lán úr lánasjóði á þessum litlu vöxtum, ef þeir tækju við þessum 200 þús. kr. Þeir mundu, ef svo væri, missa þau miklu réttindi, sem fólgin eru í þessu, ef þeir tækju við styrknum.

Hæstv. heilbrmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að þessi styrkur mundi væntanlega stytta nám læknanema í læknadeild. Þetta er á misskilningi byggt, vegna þess að þessar 200 þús. kr. byggjast á því, að læknanemar fái þetta eftir fyrsta hluta embættisprófs. En fjárþörfin fyrir læknanema er einmitt mest áður en þeir hafa lokið fyrsta hluta. Eftir að þeir hafa lokið fyrsta hluta hafa þeir það góð námslán, að þar verða engar óeðlilegar tafir vegna fjárskorts, þannig að þetta hefur ekki áhrif á lengd námstíma læknanema, nema þessi styrkur kæmi til greina um leið og þeir hæfu nám í læknisfræði.

Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta mál að lesa umsögn frá Háskóla Íslands um þetta mál, ekki af því

að þessi umsögn sé svo merkileg, heldur sýnir hún þann furðulega anda, sem ríkir í þessum málum. (Gripið fram í.) Já, þú getur lesið hana aftur, ef þú vilt. Hún hljóðar þannig: Deildarráð leggur til, að reglugerð um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu læknisþjónustu í héraði orðist svo: Hver styrkveiting felur í sér skuldbindingu styrkþega um sex mánaða starf í læknishéraði, – m. ö. o. að læknadeild vill láta 200 þús. kr. gegn sex mán. starfi í læknishéraði – og í þriðja lagi: Deildarráð telur, að styrkveitingar þessar eigi að vera óháðar þeim lánum, sem stúdentar við Háskóla Íslands eiga kost á að fá frá opinberum aðilum. Hér eru sem sagt kröfurnar auknar, hér er sá andi, sem yfirleitt virðist ríkja í þessum málum og stjórnvöld virðast furðanlega sveigja sig að.

Það sem fyrir mér vakir, er fyrst og fremst það, að það er ekki aðeins misrétti gagnvart öðrum námsmönnum, ekki aðeins misrétti gagnvart öðrum starfsstéttum, heldur er þetta engin raunsæ lausn á vandamálunum og þá er spurningin: Hver er lausnin? Og ég skal reyna að koma að henni. Það á auðvitað að hafa þann háttinn á, að í læknisnáminu felist það, að læknar fari í sex mán. út í hérað, það sé bara hluti af læknanáminu, það sé ekki talin óeðlileg kvöð, heldur sé þetta þáttur í sjálfu náminu, og það er lausnin, að þeir fari sex mán. út í hérað. Eldri læknar telja þetta fullkomlega eðlilegt, og það á að hætta að moka þessum peningum út af tómum sóðaskap, heldur reyna að taka á málunum eðlilega, og ég tel, að svona lausn sé ekki nein á þessum málum, vandamálum læknisþjónustunnar úti á landi. Þó að ég viti það, að við allir höfum einlægan áhuga á að leysa þessi vandamál, þá verður að reyna að taka raunsætt á þessu en ekki bara strá peningum og halda það leysa allt saman. Og ég vil bæta einu við. Eru ekki allir sammála um það, að það sé ekki hægt að fá lækna út á land vegna hinna félagslegu aðstæðna? Læknamiðstöðvar og heilsugæzlustöðvar eiga að leysa félagslegan vanda. Menn hafa strandað á því, að moka peningum, og þetta er alveg sami hátturinn á. Það er hið félagslega, sem á að leysa málin, en hið peningalega leysir ekki lengur þessi mál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta litla frv. hefur nú verið furðanlega lengi til meðferðar í n., og ég heyri nú, af hverju það stafar. Ég er hingað kominn aðallega til að leiðrétta það, sem fram kom hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, þar sem hann gaf í skyn, að það væri rangt með farið, að ég hefði haft samráð við samtök læknanema. Samtök læknanema eru nýbúin að kjósa sér nýja stjórn. Það er þessi nýja stjórn, sem hefur haft samband við Bjarna Guðnason, en ég hafði samband við þá stjórn, sem áður var í þessum samtökum, og frá henni fékk ég bréf um það, að þeir teldu, að þær hugmyndir, sem í þessu felast, gætu þjónað nokkrum tilgangi, borið árangur. Og þetta var samið í samráði við formann læknanemafélagsins. Ég vil aðeins, að þetta komi fram, svo að menn haldi ekki, að það sé rétt hjá hv. þm., að ég hafi farið með ósatt mál í þessu frv. Það er ekki rétt. **(BGuðn:** Það er ekki rétt.) Hvað er ekki rétt? **(BGuðn:** Það er ekki rétt, að ég hafi sagt, að þú hafir farið með ósatt mál.) Ja, það var ekki annað að skilja á ræðunni. **(Forseti:** Hafa ekki samtal.) Það var verið að vitna í bréf frá samtökum læknanema og gefið í skyn, að ég væri að fara með rangt mál um, að ég hafi haft samráð við þá, en það samráð hafði ég, og ég hef plögg um það, ég get sýnt þessum hv. þm. það, ef hann kærir sig um. En hitt atriðið, hvort menn muni fást til þess að gera samninga af þessu tagi, það er ekki mál neinnar stjórnar læknanema, heldur einstaklinganna sjálfra, og ég þykist hafa vitneskju um það, að það eru námsmenn í læknanámi, sem hefðu hug á að gera samning af þessu tagi. Það er nú raunar svo, að það getur stytt nám manna að eiga kost á slíkum samningi, vegna þess að það er boðið mjög í unga menn, sem stunda læknanám, að starfa á sjúkrahúsunum á síðari hluta, og það eru ýmsir, sem taka slíkum tilboðum, þeir fá háar tekjur þar, en þetta verður oft til að lengja námstíma þeirra. Ef þeir eiga kost á samningi eins og þessum, þá gætu þeir tekið hann í stað þess að taka störf á sjúkrahúsunum, og það var það, sem ég átti við, þegar ég talaði um, að þetta gæti stytt námstímann.

Nú, en bollaleggingar um þetta atriði skipta í sjálfu sér ekki neinu meginmáli hvað þetta snertir. Þetta frv. er flutt einvörðungu til þess, að ég hafi heimildir Alþ. til þess að beita þeim ráðum, sem mér virðast tiltæk til þess að leysa vanda læknaþjónustunnar í strjálbýli á næsta vetri, svo að það er ekki um neinar framtíðarlausnir að ræða. Ég er að fara fram á það, að Alþ. aðstoði mig við að leysa þau vandamál, sem munu brenna á mér þegar í haust. Þessi vandamál brunnu á mér á síðasta hausti líka, og það var ákaflega erfitt og raunar sársaukafullt viðfangsefni að reyna að vinna að því að útvega fólki í strjálbýlinu læknisþjónustu á síðasta vetri, og ég vil taka það sérstaklega fram hér, að ég tel, að við stöndum í þakkarskuld við þá lækna, sem brugðust mjög vel við þeirri beiðni minni, að fara einn af öðrum til þjónustu út í héruðin. Þeir hafa forðað miklu hörmungarástandi víða um land með þeim undirtektum. En auðvitað sé ég fram á það, að það verða mikil vandamál á þessu sviði aftur í haust, og ég er hér að fara fram á það eitt, að ég fái heimild til þess að reyna að gera þær ráðstafanir, sem ég tel hugsanlegar til þess að geta eitthvað bætt úr þessum vanda.

Mér finnst það ekki vera til mikils mælzt, að mér sé veitt þessi heimild, og ég hef satt að segja ekki trú á því, að þm. almennt hafi jafntakmarkaðan skilning á þessu mjög alvarlega vandamáli úti í strjálbýlinu eins og hv. þm. Bjarni Guðnason og þeir tveir menn, sem með honum hafa flutt brtt. Ég vil vekja athygli á því, að þessir þrír hv. þm. eru allir af þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, og þeir virðast ekki gera sér neina grein fyrir því, hver vandi það er, sem brennur á fólki í strjálbýlishéruðum, og ég verð að segja það, að ég hreinlega skil það ekki, ef það á að reyna að halda þannig á málum, að torvelda þeim ráðh., sem fer með þessi mál, að reyna að leysa þau vandamál, sem munu brenna á okkur á næsta vetri.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa afstöðu minni til þessa máls. Það hefur komið fram hér í hv. Nd., að það ríkti engin sérstök eining um þetta frv. í heilbr.- og félmn., er málið var þar til umr. Það kom fram í ræðu hv. frsm. n., og það hefur einnig komið fram í þeim tillöguflutningi, sem hér er til umræðu.

Hver nm. af öðrum lýsti sig andvígan málinu, einkum 3. gr. frv., sem kveður á um heimild til handa heilbrmrh. að veita læknanemum styrki í þrjú ár, 200 þús. kr. á ári, gegn kvöð um þjónustu í héraði, og það er gert ráð fyrir, að styrkir þessir geti orðið allt að 10 á ári. Og nú er sem sagt komin fram brtt. frá tveimur hv. nm. og einum hv. þm. að auki um að þessi gr. falli brott. Ég dreg enga dul á það, að mér sýnist vafasamt, að þetta frv. leysi þann mikla vanda, sem öllum er kunnur, varðandi læknisþjónustu í hinum dreifðu byggðum. Ég held, að flestir viðurkenni, að hér sé frekar um félagslegt en fjárhagslegt vandamál að ræða og tek þar undir með hv. 3. landsk. þm. En engu að síður þá hef ég ákveðið að fylgja þessu frv. Ég geri það vegna þess, að mér þykir það vera ábyrgðarhluti að bregða fæti fyrir tilraun, sem kann að leiða til lausnar, án þess að við getum fullyrt það.

Mér þykir miður, að umsögn Félags læknanema skuli vera svo neikvæð sem raun ber vitni. Þeir vilja meta það sjálfir, hvort þeir endurgreiða styrkinn, og fari þá ekki til þjónustu í héraði, ef þeim sýnist svo. Þetta þykir sjálfsagt mörgum nálgast frekju, og ég tel fráleitt að fara eftir umsögn sem þessari. Hins vegar dreg ég í efa, að þetta sé skoðun allra læknanema, enda mun fyrri stjórn Félags læknanema hafa verið þessari leið samþykk, eins og kemur fram í grg. frv. Mér sýnist því ekki vera hægt að segja, að læknanemar, og þar sé enginn undanskilinn, séu andvígir frv., eins og hv. 3. landsk. þm. sagði hér áðan. Þess vegna tel ég, að hv. alþm. eigi ekki að láta þessa neikvæðu umsögn hafa áhrif á afstöðu sína. Hér er um stærra mál að ræða en svo, að slíkt megi henda. Nú, ef svo fer, að læknanemar vilja ekki þiggja þessa styrki vegna kvaðarinnar um þjónustu í héraði, þá verður að taka því, þá hefur í rauninni ekkert gerzt annað en það, að tilraun þessi hefur mistekizt. Ef þeir þiggja styrkina, en geta ekki af einhverjum ástæðum, sem upp kunna að koma, innt þessa þjónustu af hendi síðar í héraði, þá endurgreiða þeir styrkina með venjulegum vísitölvöxtum, og ríkissjóður hefur þá engu tapað. Með hliðsjón af þessu, sem ég hef hér sagt, þá sýnist mér engu tapað með því að styðja frv., þvert á móti er allt að vinna, og þess vegna mun ég styðja þetta mál.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Mér finnst ekki sæmandi, að það heyrist ekki einhver rödd úr strjálbýlinu, þegar svona mál ber á góma eins og læknavandamálið er úti um land og öllum er kunnugt. Þetta vandamál hefur þá sérstöðu umfram önnur vandamál, að það varðar í mörgum tilfellum líf og dauða fólks og þar af leiðandi verður að líta á allt, sem reynt er að gera í því, með öðrum augum heldur en ýmis önnur vandamál, sem eru auðvitað óteljandi. Þetta skapar tvímælalaust sérstöðu. Ég vildi láta það í ljós hér, að mér finnst, að hæstv. heilbrmrh. hafi gert lofsverðar tilraunir til þess að reyna að bæta það ófremdarástand, sem hefur ríkt á undanförnum árum í læknamálum strjálbýlisins, og er þar skemmst að minnast þeirrar áskorunar, sem hann bar fram á síðastliðnu hausti til lækna um að fara út í héruð, þó að ekki væri nema um skemmri tíma, og það urðu margir læknar hér í Reykjavík við þeirri áskorun, svo sem kunnugt er, og hvert skref, sem tekið er í þessu, ber að þakka og styðja. Það er náttúrlega ekki spursmál um það, að auðvitað ber heilbrmrn. að gera allt, sem hugsanlegt er, til þess að bæta ástandið í læknamálinu þarna. Ef það reynist rétt hjá flutningsmönnum þessarar brtt., þessum þremur hv. þm., sem flytja hér brtt. um, að 3. gr. frv. falli út, ef það reynist rétt, að það sé gagnslaust, þá nær það ekki lengra alveg eins og hv. 11. landsk. þm. benti hér á áðan, tilraunin hefur þá mistekizt. Í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 3. landsk. þm. hér áðan um þá kvöð, sem þessi styrkur væri, þá vildi ég minna hann á það, að allir, sem hafa þegið námsstyrk af ríkinu til náms erlendis, a. m. k. þegar ég var við nám, tóku á sig þá kvöð að vinna fimm ár minnst hér heima, svo þetta er ekkert fordæmalaust, þetta er alveg tilsvarandi kvöð og námsmenn hafa tekið á sig lengi, mér er ekki kunnugt um, hvort því hefur verið breytt núna, en svona var það a. m. k. þau ár, sem ég fékk námsstyrk og var við nám erlendis. Mér finnst sem sagt eigi að láta á reyna, hvort þessi aðferð dugar, og það nær þá ekki lengra, ef það dugar ekki. Ég vil leggja áherzlu á það, að fyrir hvert læknisár eða fyrir hvern lækni, sem tekst að fá eitt ár til viðbótar út í strjálbýlið, þá er það hlutur, sem getur þýtt að bjarga kannske fleiri eða færri mannslífum, og því ber að fagna, ef það tekst.

Hæstv. heilbrmrh. hefur lýst því yfir hér, að hann telji sig vita um nokkra einstaklinga í læknadeild, sem mundu vilja þetta, gangast undir þessa kvöð, og einmitt út frá því er þessi hugmynd nú komin hér fram í frumvarpsformi og þá er þetta bráðabirgðalausn. Ráðherrann hefur sjálfur tekið það fram, að hann líti ekki á þetta sem varanlega lausn á vandamálinu, en þetta gæti þó verið bráðabirgðalausn, sem hefur sína þýðingu, eins og ég er búinn að segja.

Það er ekki regluleg samkvæmni í því hjá hv. 3. landsk. þm., þegar hann segist fagna 1. og 2. gr. frv., hann telur mikið gagn í því, sem 1. og 2. gr. fela í sér, en hitt sé gagnslaust, en sannleikurinn er sá, að mér sýnist nú, að ekki sé hægt að gera beinlínis upp á milli þeirra, allar eru þessar gr. góðra gjalda verðar, en ég held, að það sé ekki hægt að stilla málinu þannig upp, og a. m. k. hefðu þá flm. að mínum dómi þurft að koma fram formlega með einhverja aðra lausn á þeim vanda, sem reynt er að leysa hér í 3. gr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hefði nú kannske getað sparað mér að tala nema vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég kvaddi mér hljóðs til að benda mönnum á, að hér er um það að ræða að finna úrræði til þess að bæta úr neyðarástandi og það er ekki hægt að meta þau úrræði, sem hugsanlegt er að grípa til miðað við annað. Það verður að miða við það. Það getur vel verið, að margt af því, sem hv. fyrri flm. brtt. um að fella niður 3. gr. sagði, eigi við nokkur rök að styðjast og að sú lausn, sem hæstv. ráðh. vill reyna samkv. 3. gr., sé ekki sú æskilegasta, maður getur vel fallizt á það. En þau vandkvæði, sem hann benti á, eru algjör hégómi í augum þeirra manna, sem vita hvað það er að vera læknislaus í dreifðum byggðum, algjör hégómi og má ekki blanda þessu inn í, þegar verið er að tala um, hvort það eigi að reyna að bjarga fólki úr lífsháska, því það er í raun og veru það, sem hér er um að ræða, hvort það eru tiltæk ráð til, til þess að bjarga fólki úr lífsháska, því að auðvitað er það lífsháski fyrir

æðimarga að búa við það að vetrarlagi t. d. að vera læknislaus. Menn mega ekki horfa á þetta eins og einskisverðan hlut, þegar þeir meta það, hvaða úrræði eru hugsanleg, þegar svona stendur á. Þá verða að koma til úrræði, sem mönnum kannske annars ekki dytti í hug að nota. Þetta á við ævinlega, þegar út í svona er komið og um björgunarstörf er að ræða, þá er ekki lagt venjulegt mat á það, hvað menn leggja út í. Ég vil biðja menn að íhuga, að þannig er ástatt um þetta. Nú má vera, að okkur, sem erum þm. fyrir byggðarlög, sem verða að þola þessa nauð, sé þetta ljósara en öðrum mönnum, en ég hef nú þá trú á viðsýni hv. þm. og hæfileikum þeirra til þess að setja sig í annarra spor, að sé bent á þetta, þá muni hv. alþm. sjá, að það er ekki skynsamlegt að leggja stein í götu þess, að hæstv. heilbrmrh. fái að reyna þetta, sem stungið er upp á í 3. gr. Ef honum tækist að fá, þó ekki væri nema tvo eða þrjá læknanema til þess að vinna næsta vetur í tveimur eða þremur læknishéruðum, þá er stór sigur unninn og þessi vandkvæði, sem hv. fyrri flm. brtt. ræddi, gufa upp eins og dögg fyrir sólu, þegar borið er saman við þann ávinning, sem fæst af slíku. Það er auðvitað hégómi, þó að það þyrfti að borga ungum manni, sem er við nám, 200 þús. kr. aukalega sem styrk fyrir að taka að sér slíka þjónustu, þegar ekki eru aðrir fáanlegir.

Það er hægt að benda á ýmsar heppilegri leiðir, en þær eru allar seinvirkari. Það er nú orðið svona ástatt með læknana m. a. af því að háskólinn hefur vanrækt að útskrifa lækna, eins og ég og fleiri höfum bent á hér undanfarin ár, og er nú orðið neyðarástand meðfram fyrir það, hvernig að þessu hefur verið unnið. Þetta hefur verið fyrirsjáanlegt um æðilanga hríð og verið bent á það hér á þingi, en menn látið það margir eins og vind um eyrun þjóta. Það er breytt stefna nú að manni skilst, að það eigi að kenna fleirum lækningar í háskólanum, en árangurinn af þeirri breyttu stefnu kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkur ár, og eitthvað verður að gera á meðan. Ekki getur fólk beðið læknislaust þangað til nýju læknarnir koma í gagnið, og úrræðið, sem hv. 3. landsk. þm. benti á, að skylda nemendur til að vera sex mán. í héraði og hafa það hluta af náminu, fæst ekki samþykkt á þessu þingi, þó að það geti verið skynsamlegt og ég geti að mörgu leyti tekið undir það. Ég vil þess vegna fara fram á við hv. þm., að þeir styðji ráðherrann í því að fá þessa heimild í gr., þó að þeir sjái á því ýmis vandkvæði, af því tagi, sem hv. 3. landsk. þm. benti á. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vildi taka undir þær raddir, sem heyrðust í þessa stefnu, og það má ekki minna vera en við, sem þekkjum þessi ósköp, leggjum fáein orð í belg, svo að þetta sjónarmið komi sem skýrast fram.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í trausti þess, að hv. sjálfstæðismenn hafi örlitla biðlund til þess að hlusta á umræður um þetta mál, þá langar mig til þess að leggja hér örfá orð í belg. Ég verð að segja það, að mér finnst umræður af því tagi, sem nokkrir hv. þm. hafa tekið hér þátt í í sambandi við þá brtt., sem við þrír þm. flytjum við það frv., sem hér er til umr., vera komnar á nokkuð lágt stig, þegar látið er að því liggja, að við flm. þessarar till. séum þannig hugsandi, að við með tillöguflutningi okkar viljum torvelda, að fólkið víðs vegar um landið geti búið við sæmilega læknisþjónustu. Það er jafnvel látið að því liggja, af fullkomnu smekkleysi af sumum, sem hér hafa talað, að okkur sé nánast lítils virði líf og velliðan þessa fólks. Þessu vil ég mótmæla og vísa til föðurhúsanna sem algjörlega órökstuddum staðhæfingum, sem tillöguflutningur okkar þremenninganna gefur ekki tilefni til.

Síðan ég kom á hv. Alþ. fyrir 13 árum, þá minnist ég þess, held ég, frá hverju því þingi, sem ég hef setið, að þar hafi orðið meiri eða minni umræður um læknaskort í dreifbýlinu, og því hefur verið lýst með mörgum og átakanlegum orðum, hve ástandið væri vont í þessum málum. Til úrbóta á þessu vandamáli hefur sífellt verið horfið að einu og sama ráðinu, það er því, að reyna með fjárgreiðslum til lækna eða læknanema að fá þá til þess að stunda læknisþjónustu úti í héruðunum um einhvern takmarkaðan tíma. Í 13 ár hefur hv. Alþ. fetað þá braut að reyna að ráða bót á miklu þjóðfélagslegu vandamáli með aðferðum, sem hafa sýnt sig í framkvæmd algjörlega gagnslausar. Þessi uppkaup eða þessi fríðindaboð til lækna og læknanema hafa sannarlega ekki komið að haldi og ég get sagt það, þó að ég vilji ekki, að menn taki það of illa upp fyrir mér, er ég segi og nota til þess gefið tilefni, sem hér hefur komið fram, að ég tel, að ábyrgð þeirra manna, þeirra hv. alþm., sem hafa staðið að því að reyna þessar bráðabirgðaúrlausnir, sem engan árangur hafa borið, hún er ekki minni heldur en okkar, þegar látið er að því liggja, að við kunnum að vera að vinna eitthvert óskaplegt óþáðaverk með brtt.-flutningi okkar við þetta frv. Því að í krafti þessara bráðabirgðaaðgerða hefur því verið skotið á frest ár eftir ár á hv. Alþ. að ráðast að rótum þess vanda, sem hér er við að glíma. Það hefur ekki að því ég bezt veit verið athugað eða a. m. k. ekki verið fluttar hér stefnumarkandi róttækar till., sem miða að því og væru til þess fallnar að breyta því ástandi, sem til staðar er í læknamálum dreifbýlisins með því að ráðast að vandanum, þar sem hann er til staðar. Og ég á þá ekki sízt við sjálft læknanámið í háskólanum. Ég á þó nokkuð marga bekkjarbræður og skólafélaga, bæði úr menntaskóla og háskóla, sem eru starfandi læknar, og hef átt þess nokkur tækifæri að ræða við þá um heilbrigðismál almennt og þá m. a. þetta mikla vandamál úti í hinum dreifðu byggðum, og ég bað þá í sambandi við þær umræður, sem hér standa yfir út af þessu frv., að gefa mér á blað nokkra punkta um þeirra skoðanir í þessu máli og ég vildi gjarnan, ef það væri til þess tími, mega lesa fyrir hv. alþm. það, sem þeir hafa fest á blað og ég hef fengið leyfi til þess að flytja. En ég veit, að meiningin er að hraða þessum þingfundi, og vil því láta þetta nægja í þetta skipti, af því að það gefst vafalaust tækifæri til þess síðar að koma inn á þetta mikla mál, heilbrigðisþjónustuna, í sambandi við það frv., sem kynnt hefur verið og á væntanlega að ræða á næsta þingi. Þá gefst tækifæri til þess að koma inn á þetta. En til þess að nota ekki of mikinn tíma þá ætla ég að leyfa mér að lesa aðeins niðurstöður þess, sem þessir læknar segja um heilbrigðisþjónustumálin í okkar ágæta landi.

Þeir segja svo: „Á Íslandi ríkir ófremdarástand í sjúkrahúsmálum. Aðalókosturinn er, að rekin skuli þrjú sjúkrahús í Reykjavík, sem öll taka við „akút"-sjúklingum. Slíkt er ofviða 200 þús. manna þjóð. Eina lausnin er sú að reka hér eitt sjúkrahús. Það hefur verið

talað um, að í sambandi við eitt sjúkrahús misstu læknar af samkeppni. Læknisfræði er alþjóðleg fræðigrein, og við hljótum alltaf að verða að reyna að miða sjúkrahús okkar við það, sem gerist erlendis. Sú viðmiðun er okkur í dag mjög óhagstæð, og ég sé enga aðra leið til úrbóta en að sameinast um eitt þokkalegt sjúkrahús. Væri og tími til kominn, að heilbrigðisyfirvöld gæfu út einhverja áætlun um nauðsynlegan fjölda sjúkrarúma á Íslandi og hvaða sérdeildir skuli vera á sjúkrahúsum.“ Um sjúkrahús í dreifbýlinu segja þeir: „Það er almenn skoðun hérlendis, að öllu sé borgið um leið og búið sé að byggja einhvern smáspítala einhvers staðar úti á landsbyggðinni. Þetta er í algjörri andstöðu við þróun mála í öðrum löndum. Sjúkrahús verða flóknari og þau þarfnast fleiri og fleiri sérfræðinga og sérdeilda, bæði við sjúkdómsgreiningar og við meðferð. Hér er leyfilegt að gera hvaða stóraðgerð sem vera skal á hvaða sjúkrahúsi sem er á landinu. Hér er ekki verið að gera lítið úr hæfni einstakra lækna, en þessi sjúkrahús vantar allan útbúnað til sjúkdómsgreininga og eftirmeðferðar á þessum sjúklingum. Engar reglur eru til um það hérlendis, hvaða aðgerðir megi gera í þessum litlu sjúkraskýlum, og ber slíkt vott um fáheyrðan slóðaskap heilbrigðisyfirvalda.“ Svo segja þeir hér m. a. um læknamál í dreifbýlinu: „Það virðist trú“, og ég bið hv. alþm. að taka eftir, „það virðist trú sumra stjórnmálamanna, að hægt sé að leysa læknaskort í dreifbýlinu með því að fjölga læknum, sem útskrifast úr læknadeild Háskóla Íslands. Þetta er misskilningur. Það fæst enginn læknir nú á dögum til þess að sitja einn yfir héraði með 3–500 mönnum í“, og ég bið hv. alþm. að taka sérstaklega eftir þessu, af því að ég tel, að það 13 ára tímabil, sem ég hef setið á þingi, undirstriki, hvað þessir læknar fara með rétt mál. Svo halda þeir áfram: „Hann getur á engan hátt haldið við kunnáttu sinni, og hann hefur ekkert samband við starfsbræður sína. Það er skoðun okkar, að áður en læknar taka að sér slík störf muni þeir heldur leita til útlanda.“ Kannast menn ekki við það líka? „Þá er þetta að nokkru leyti sök læknadeildar Háskóla Íslands, því að þeim læknum, sem útskrifast frá deildinni, virðist hafa verið kennt, að sjúkrahússtörf séu þau einu læknisstörf, sem einhvers virði væru.“ Hér komum við að mjög veigamiklum kjarnapunkti, sem ég minnist ekki, að hafi verið ráðizt til róttækra aðgerða gegn öll þau 13 ár, sem ég hef verið hér á hv. Alþ., þ. e. í sambandi við sjálft læknanámið, hvernig því skuli hagað með tilliti til þess að leysa þann vanda, sem við erum hér að tala um.

„Talað hefur verið um að stofna sérstakt prófessorsembætti í heimilislækningum við læknadeildina og það var fyrir mörgum árum, sem það var umtalað, en ekkert hefur orðið úr þeim framkvæmdum enn þá.“ Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þetta innlegg á ekki bróðir minn, sem er læknir og ýmsir kynnu að halda, að væri höfundur þessa. En eins og ég segi, þá er hér um álitsgerð nokkurra lækna að ræða, sem eru á svipuðum aldri og ég og ég hef haft tækifæri til að taka við. Ég tel, að þeim tíma sé ekki illa varið, sem ég hef notað til þess að kynna þeirra sjónarmið.

Ég vil svo aðeins að endingu segja það, vegna þeirra orða, sem hér hafa verið látin falla í okkar garð, sem flytjum þessa brtt., að ég hef ekki nokkra trú á því, jafnvel þótt brtt. okkar væri samþykkt, sem er nú sennilegt, að ekki verði, að peningavandræði hæstv. heilbrmrh. varni því, að nokkrir af þeim læknastúdentum, sem nú eru við nám í Háskólanum, – ef þeir á annað borð fást til þess að fara út á land, – að peningaskortur verði til þess að koma í veg fyrir, að það geti orðið. Vísa ég því þegar af þeirri ástæðu öllum ásökunum til okkar um, að við séum að vinna eitthvert óhæfuverk með flutningi þessarar brtt., til föðurhúsanna og ég vil bæta því við, að fyrir okkur í hv. heilbr.- og félmn. lágu upplýsingar, sem gáfu okkur rétt til þess, ótvírætt öllum nm. að líta á þetta mál sem svo, að sú heimild, sem felst í 3. gr. frv. og um hefur verið talað, hún leysti á engan hátt þann vanda, sem við er að glíma, og hv. 1. flm. þessarar brtt. kom inn á umsögn Félags læknanema við Háskóla Íslands og gat þess líka í sinni ræðu, að fulltrúar frá læknanemum gerðu ekki svo lítið að mæta á fundi í heilbr.- og félmn., sem boðaður var sérstaklega til að ræða þetta frv.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það má sjálfsagt fjöldamargt um þetta mál segja og ræða um það frá ýmsum hliðum, og margt er rétt í því, sem síðustu ræðumenn hafa sagt. Ég þykist hafa nokkra reynslu af þessum málum. Ég ræddi þetta nokkuð í sambandi við umr. um heilsugæzlufrv., sem hér var kynnt fyrir skömmu. Ég tel, að þessi mál séu öll í heildarendurskoðun og þurfi að athugast og ræðast miklu betur. En hingað til hef ég ekki haft nema eina stefnu í þessum málum og hún er sú, að neyta allra bragða og leita allra ráða til að leysa þann vanda, sem mætir hverju sinni. Ég viðurkenni það, að hæstv. heilbrmrh. og ríkisstj. eru þarna að gera tilraun til að leysa mikinn vanda, sem við blasir í náinni framtíð. Þess vegna vil ég á engan hátt bregða fæti fyrir þetta frv. Og þótt ég gæti ýmislegt sagt um þessi mál, eitt og annað, þá vil ég á engan hátt nota þetta tækifæri né lengja þessar umr. til þeirra hluta, heldur aðeins lýsa því yfir, að ég mun fylgja sömu stefnu og hingað til: Veita þessa heimild í jafnbrýnu nauðsynjamáli, styðja hæstv. heilbrmrh. og ríkisstj. í þessu efni og það frv., sem fyrir liggur.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég skal segja örfá orð. Hv. þm. Jóni Skaftasyni mæltist ágætlega hér áðan og vék til föðurhúsanna þeim undarlegu aðdróttunum, að tala um að við vildum ekki sinna þessum málum eða a. m. k. reyndumst ekki eins traustir og vera ætti. Við værum þéttbýlismenn og hefðum engan skilning á þessum málum o. s. frv. En þetta er nú ekki kjarni málsins, heldur hitt, hvernig á að leysa þennan vanda. Ég hygg, að allir hv. þm. vilji gera það, finna þær leiðir, sem leysa vandann, læknaskortinn, og það, sem við erum að gagnrýna, er þessi leið, sem þarna er í 3. gr. Við teljum, að hún sé ófær, það er búið að reyna þessa peningalegu leið undanfarna áratugi, og hún er gengin sér til húðar. Núna er hin félagslega leið farin og þess vegna teljum við, að það eigi beinlínis að hætta þessari sífelldu peningastefnu, sem ráðið hefur ríkjum undanfarið og leiðir ekki til neins.

Ég vil aðeins vænta þess, að þessi mál leysist á sem heillavænlegastan hátt, og þessi till. okkar þremenninga er borin fram ekki sízt til að hreinsa loftið. Ég vil benda á það, að nú eru sjúkrahúslæknar með tölu-

verðar kröfur uppi. Skyldi ekki vera alið á þeim hugsunarhætti strax í háskólanum, að læknar eigi að hafa sérstök kjör umfram aðrar stéttir? Er þetta ekki upphafið á þeirri þróun? Er ekki strax byrjað á því við nám læknanema, að þeir eigi að vera sérstétt í þjóðfélaginu hvað snertir launakjör? Væri ekki nær að láta læknanema sitja við sama borð og aðra nemendur í þjóðfélaginu og reyna að leysa þennan læknaskort eftir félagslegum leiðum. – Þetta er allt, sem ég vildi segja.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Það kveikti engan veginn í mér, þótt ég heyrði hér frammi kallað úr einhverju horni áðan, að það gerði minna til þótt vantaði presta út í strjálbýlið heldur en læknana. Ég heyrði ekki hvaðan þetta kom. Þetta hefur sjálfsagt komið úr einhverju kommahorni. (Gripið fram í.) Það þykir mér leiðinlegast, að þessi orð skyldu koma frá þessum kommúnista. Mér er mjög hlýtt til hans.

En ég get fallizt á það, að það er ekki eins stórkostlegt vandamál, þótt það vanti presta út í strjálbýlið eins og lækna, en ég vil þó benda á það, að það er í fjölmörgum byggðalögum mikið vandamál, að það skuli vanta presta í prestaköllin, og ég veit það, að fólkið, sem býr úti á landsbyggðinni, óskar mjög eindregið eftir því að hafa prest hjá sér og óskar mjög eindregið eftir því að fá þá til sín, enda hefur það alla tíð verið svo, að prestarnir íslenzku hafa verið nýtir og gegnir menn í íslenzku þjóðlífi og íslenzku menningarlífi. En ekki meira um það.

Ég get sagt ykkur það, góðir vinir, alveg eins og er, að það er kominn örlítill vorhugur í mig og mig er farið að langa til að komast burtu úr þessari samkundu, þessari háu samkundu, og hafa mig heim. En ég sé ekki, að að því sé komið. Nú kemur það upp á daginn í hverju málinu á fætur öðru, sem ríkisstj. flytur, að innan stjórnarflokkanna er hver höndin upp á móti annarri. Og ég get ekki skilið, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að fara að því að ljúka þessu þingi fyrir hvítasunnuhátíð, eins og hún hafði þó hugsað sér.

Það er dæmi um þetta hér í dag. Hér til umr. fyrr í dag var frv. til l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, og hér er nú til umr. frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum. Hvort tveggja eru þetta stjfrv., en svo gerist það hér, að stjórnarsinnar ráðast hatramlega gegn þessum málum. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja, þótt menn hafi skiptar skoðanir. En ég spyr aðeins: Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. undirbýr málið með þessum hætti? Því er hún hreint og beint að flytja inn í þingið mál, sem hún er ekki búin að ná samstöðu um innan sinna stuðningsflokka? Ef þeir ná ekki samstöðu um málin innan flokka sinna, þá eiga þeir að láta kyrrt liggja, a. m. k. í bili.

En erindi mitt hingað var fyrst og fremst að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. til breyt. á læknaskipunarlögum og mótmæla þeirri brtt., sem flutt er á þskj. 711 af hv. 3. landsk. þm. og tveimur öðrum hv. þm. Það er alveg rétt, sem hæstv. heilbrmrh. benti hér á áðan, þessi till. er flutt af mönnum héðan af þéttbýlissvæðinu. Ég vil alveg sérstaklega þakka hv. 11. landsk. þm. fyrir afstöðu hans til málsins. Hún er flutt af mönnum, sem hafa ekki hugmynd um þá neyð, sem ríkir úti á landsbyggðinni vegna læknaskortsins, og með þessu frv. er gerð heiðarleg tilraun til þess að bæta úr þessu, og ég tel það skyldu hvers þm. að styðja hverja þá till., sem er borin fram í þá átt að leysa úr þessu vandamáli, sem landsbyggðin býr við. Því að ef það er nokkurt mál, sem eyðir byggðum á Íslandi og leggur þær í auðn, þá er það einmitt læknaskorturinn. Þess vegna er ég mjög þakklátur fyrir flutning þessa frv. Það má vel vera, að það megi ýmislegt að því finna, og það má vel vera, að það komi ekki að því gagni, sem hæstv. heilbrmrh. vonast til, en það er þó tilraun til að bæta úr miklum vanda. Það er virðingarvert, og fyrir það er ég honum þakklátur og lýsi hreinni andstöðu minni og ógeði á sérhverjum þeim tillöguflutningi, sem er í þá átt að reyna að spilla fyrir framgangi jafngóðs máls eins og þessa.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa hér um mörg orð. Öllum er ljóst, að okkar vandamál í hinum dreifðu byggðum varðandi læknaskortinn er gífurlega stórt og viðamikið og erindi mitt einvörðungu við það bundið að lýsa því yfir, að ég mun fylgja öllum þeim tilraunum, sem mér sýnist að gerðar séu til þess að ráða þar á bót.

Fyrir því lýsi ég stuðningi mínum við það frv., sem hér liggur fyrir, og andstöðu við þá brtt. á þskj. 711, sem flutt er af hv. 3. landsk. þm. Ég játa, að ég er ekki í aðstöðu til að meta, að hve miklu leyti má vænta, að þessi aðferð verði til úrbóta, sem hæstv. heilbrmrh. vill þarna nota með heimildinni til þess að veita þessa fjármuni til styrktar og láns til læknanema. En eins og ég segi, þegar manni sýnist, að verið sé að brjóta upp á nýjum leiðum til þess að mæta þessum mikla vanda, sem við eigum við að stríða, þá mun ég ekki láta hendi óveifað til að styðja slíkar tilraunir.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Meðflutningsmenn að þeirri till. til breyt. við það frv., sem hér er til umr. hafa gert grein fyrir efni hennar og tilefni þess, að hún er komin fram.

Tilefni þess, að ég er hér kominn upp í pontuna, er til að mótmæla harðlega ummælum hv. síðasta ræðumanns, þar sem hann fullyrti, að við flm. þessarar brtt. *hefðum ekki hugmynd um þann vanda, sem við væri að* etja í dreifbýlinu, sem stafar af læknaskortinum. Ég vil mótmæla þessu sem algjörlega órökstuddu og út í bláinn sagt. Ég fullyrði, að við gerum okkur grein fyrir þeim vanda, sem þarna er við að etja. En við andmælum þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið í þessum málum í gegnum árin til lausnar þessum mikla vanda, sem við er að etja í þessum málum í dreifbýlinu.

Sú aðferð, sem felst í því frv., sem hér er til umr., virðist ekki líkleg til að leysa þann vanda, sem við er að etja í þessum málum.

Einn hv. þm. ræddi einmitt um það, hvernig þessar tilraunir hefðu gefizt á undanförnum árum með litlum árangri, og ég sé ekki betur en að núv. hæstv. ríkisstj. fylgi algjörlega sömu stefnu að þessu leyti. Einn hv. þm. sagði hér áðan, að við mættum þakka fyrir, ef það, sem út úr þessu kæmi, væru tveir til þrír læknar til viðbótar í dreifbýlið.

Annar þm. sagði: Háskóli Íslands hefur vanrækt að útskrifa lækna á liðnum árum. Ég spyr: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til að leysa þennan vanda til

frambúðar? Það hefur ekki komið neitt fram hjá hæstv. ráðh., sem gefur það minnsta til kynna, hvernig hann hugsar sér að leysa þennan vanda til frambúðar. (**Gripið fram í:** Hefur þm. lesið frv. um læknaskipun?) Vissulega hef ég gert það, og ég hef haldið ræðu um það frv. hér á hinu háa Alþingi, en ég sé ekki, að í því felist nein sönnun fyrir varanlegri lausn þessa máls.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það virðist ýmislegt benda til þess, að þeir menn, sem sækja þarf til í þessum efnum, nemendur í læknadeild háskólans, séu alls ekkert hrifnir af því sem hér á að fara að bjóða þeim upp á. Þeir hafa ekki látið svo lítið að koma til fundar við hv. heilbr.- og félmn., þegar þeir voru beðnir að koma þangað til viðtals til að ræða þessar hugmyndir. Slík er sú fyrirlitning, sem þeir sýna þessu máli, sem hér er til umr.

Ég vil taka undir það sjónarmið, sem hér hefur komið fram, að það er ekki lausnin til frambúðar að ausa út peningum til viðkomandi aðila í þeirri trú, að það muni leysa vandann. Vandinn sýnist mér, að verði einna helzt leystur á félagslegum grundvelli og á þann hátt, að endurskipuleggja kennsluhætti í læknadeild Háskóla Íslands. Þeir virðast nefnilega vera við það miðaðir fyrst og fremst að mennta lækna, sem síðan halda áfram til ýmiss konar sérnáms, og að loknu námi í Háskóla Íslands virðast vera mikil brögð að því, að þeir hafi ekki þann starfsvettvang hér á landi, sem menntun þeirra býður upp á, og það er þess vegna, að því er virðist, sem þeir hafa sótt í störf erlendis.

Það, sem þarf að gera í þessum efnum, er að endurskipuleggja læknadeild háskólans með það fyrir augum, að hún mennti lækna, sem virkilega fá áhuga fyrir því að sinna því brýna verkefni, sem hér er til staðar í landi voru, að sinna læknisstörfum úti um byggðir landsins, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Til þessa hefur mikið vantað á, að það viðhorf hafi verið til staðar hjá læknastúdentum og hjá læknadeild Háskóla Íslands að reyna að skapa slíkt viðhorf.

ATKVGR.
Brtt. 711 felld með 25:3 atkv.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér þrjú ný heimildarákvæði í læknaskipunarlögum, og hafa þessi heimildarákvæði þann tilgang að auðvelda heilbrigðisyfirvöldum að gera bráðabirgðaráðstafanir til að bæta úr læknaskorti í strjálbýlinu. Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir þinginu frv. um gerbreytta heildarskipun heilbrigðismála, og ég geri mér vonir um, að sú löggjöf kunni að verða samþ. á næsta þingi, og sú skipan, sem í henni felst, glæðir alla vega vonir manna um það, að hægt verði að finna leiðir til þess að leysa vandamál strjálbýlisins til frambúðar, a. m. k. mun betur en tekizt hefur til þessa, en hitt er ljóst, að það mun taka langan tíma að koma þessari nýju skipan í framkvæmd, og sá vandi, sem á okkur brennur, mun gera það enn þá í allmörg ár, sá vandi að fá lækna til starfa í strjálbýlinu. Þessi vandi lenti á mér á síðasta hausti, og það er það erfiðasta og sárasta viðfangsefni, sem ég hef glímt við. Það tókst að firra miklum vandræðum, vegna þess að læknar í Reykjavík og ekki sízt á sjúkrahúsunum tóku á mjög jákvæðan hátt undir óskir mínar um, að þeir skiptust á um störf í strjálbýlinu. Ég tel, að við stöndum í þakkarskuld við þessa lækna, sem leystu mikinn vanda í vetur. En þessi vandi kemur upp í haust aftur, og þess vegna er maður að reyna að láta sér til hugar koma hvers kyns aðferðir til þess að auðvelda lausn þessa máls.

Fyrsta heimildarákvæðið, sem felst í 1. gr., er það, að heilbrmrh. sé heimilt í samráði við fjmrn. að stofna við ríkisspítalana sérstakar læknisstöður, sem bundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði. Þetta er hugmynd, sem upphaflega er komin frá læknasamtökunum, og mér sýndist í fyrstu, að hún væri ekki sérlega álitleg, vegna þess að það er alkunn staðreynd, að það hefur reynzt erfitt að fá lækna í þau störf, sem fyrir eru á sjúkrahúsunum, og það er algengt, að stúdentar gegni þar kandídatastöðum. Hins vegar sýnist mér, að þessi heimild geti náð tilgangi sínum í sambandi við íslenzka lækna, sem dveljast erlendis. Ég ræddi þetta mál sérstaklega við íslenzku læknana í Svíþjóð, þegar ég hitti þá á þessum vetri, og bar það sérstaklega undir þá, hvort þeir teldu, að þessi skipan gæti stuðlað að því, að þeir kæmu heim til starfa. Þarna er um að ræða stöður, sem væru eins konar náms- og rannsóknarstöður, sem gætu gert mönnum kleift að ljúka ritgerðum sínum, en jafnframt ættu þeir að gegna störfum úti í héruðunum, eftir því sem þarfir segðu til um. Og þær undirtektir, sem ég fékk frá læknum þar, gefa mér vonir um, að af þessu geti fengizt nokkur árangur.

Í 2. gr. er heimildarákvæði, sem varðar héraðshjúkrunarkonur, en samkv. gildandi lögum er aðeins heimilað, að sex hjúkrunarkonur starfi hverju sinni í héruðum alls. Þessi lög hef ég neyðzt til þess að brjóta. Það eru nú starfandi úti í héruðunum um 14 hjúkrunarkonur og ég tel eðlilegt, að þessari takmörkun laganna verði breytt, þannig að það sé óskilgreindur fjöldi hjúkrunarkvenna, sem starfi í héruðunum hverju sinni, fari eftir aðstæðum og mati heilbrigðisyfirvalda. Það er einnig nýmæli í þessari gr., að sé héraðslæknislaust, þá greiði ríkissjóður laun þessara hjúkrunarkvenna að fullu, og þar er verið að staðfesta þá framkvæmd, sem verið hefur, því að læknishéraðasjóðir hafa greitt laun hjúkrunarkvenna á móti ríkissjóði, þar sem svo hefur staðið á undanfarin ár.

Þriðja heimildarákvæðið er svo það, að heimilt sé að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Það hefur tíðkazt undanfarin ár, að læknanemar hafa átt kost á lánum í þessu skyni, lánum, sem voru bundin við starfsskyldu í héruðum. En þessi ákvæði hafa ekki náð tilgangi sínum. Það hefur orðið þannig í raun, að flestir læknanemar hafa greitt upp þessi lán og ekki farið til starfa í héruðunum. Ég hafði samráð við læknanemana í haust um þetta mál og þeir töldu, að það væri líklegt, að árangur mundi nást með þeirri breytingu, sem þarna er gert ráð fyrir, þ. e. að þarna kæmi allhár styrkur, 200 þús. kr., sem eigi svo að

fela í sér þá kvöð, að menn starfi í eitt ár í héraði út á það. Það sögðu mér læknanemar í haust, að um þetta væri að vísu ágreiningur í þeirra hópi og ný stjórn í Læknafélaginu hefði látið uppi neikvæða afstöðu við heilbr.- og félmn. Nd., en það er nú ekki við stjórn þessa félags að eiga, heldur er þarna um að ræða samninga við einstaklinga, og ég tel mig hafa ástæðu til þess að ætla, að ýmsir þeir, sem eru við nám í læknisfræði, muni verða fúsir til þess að gera samning af þessu tagi.

Eins og menn sjá, er þetta einvörðungu heimildarákvæði og frv. er flutt til þess að hafa leyfi Alþ. til þess að beita öllum tiltækum ráðum til þess að leysa þann vanda, sem við öll vitum, að muni blasa við okkur aftur í haust, og ég vænti þess, að hv. Ed. taki á jákvæðan hátt á þessu máli á sama hátt og Nd. gerði og legg ég til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 457, n. 784).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til umsagnar frv. til l. um breytingu á læknaskipunarlögum á þskj. 457. Frv. er áður komið frá Nd. og n. mælir einróma með samþykkt frv. Mig langar engu að síður nú til þess, af þessu tilefni, að fara örfáum orðum um mál þetta á breiðari grundvelli einnig, aðeins örfáum orðum um leið og ég minni á helztu atriðin í þessu frv.

Læknamál og heilbrigðisþjónusta í strjálbýlum héruðum landsins hefur lengi verið mikið áhyggjuefni manna, en þó fyrst og fremst þeirra, er við hið mikla öryggisleysi búa, sumir hverjir allt að því neyðarástand og hafa gert árum saman. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar til þessa ástands, og skal ég ekki fara út í langa upptalningu á þeim, en sannarlega hafa menn reynt að leita orsakanna og ráða bót á vandanum. Nú virðist sú ástæða helzt vera nefnd, að félagslegar orsakir liggi hér til grundvallar, einangrun læknanna, erfiðleikar á að fylgjast með nýjungum, jafnvel hefur verið talað um skort á andlegu samfélagi við hæfi, og svo mætti áfram telja. Mér sýnist þó auðsætt, að veigamiklar orsakir liggi í geysilegu vinnuálagi margra héraðslækna og því mikla ófrelsi, sem þeir eiga við að búa. Lengi vel var launahliðin talin aðalvandamálið ásamt skorti á góðu húsnæði, og mun það hvort tveggja hafa átt við sín rök að styðjast, en flestir álíta þá hlið vandans nú úr sögunni að mestu, og má vera að svo sé.

Ekki virðast þó síðustu kröfur sjúkrahússlækna benda til þess, að sú hlið sé með öllu undanskilin, þó að e. t. v. sé ólíku saman að jafna, sjúkrahússlæknum eða héraðslæknum, og því geti verið erfitt að dæma hér um. Hvað sem um þetta má segja er staðreyndin ótvíræð, læknaskorturinn blasir við og öryggisleysið heldur áfram að reka æ fleiri úr byggðum landsins, því að án efa er þar að finna eina meginástæðuna til brottflutnings fólks til þéttbýlli staða, og hér þarf hart við að bregðast.

Sú skoðun virðist nú eiga miklu fylgi að fagna, að í náinni framtíð muni vel búnar heilsugæzlustöðvar með tveim eða fleiri starfandi læknum og hjúkrunarliði leysa töluvert stóran hluta vandans. Spurningarnar eru hins vegar um það, hversu fljótt þessi uppbygging megi takast, hversu mikinn vanda stöðvarnar muni leysa og þá hve mikill vandi verður óleystur þrátt fyrir þessar miðstöðvar. Sú stefna virðist vera alls ráðandi, að sjúklingurinn komi til læknisins í stað hins, sem áður var algengast, að læknirinn væri sóttur til sjúklingsins. Til þess liggja auðskildar ástæður, bættar samgöngur, bætt flutningatækni og auk þess sú staðreynd, að dýrmætur vinnutími læknisins nýtist ólíkt betur. Þetta er þó ekki algilt og eftir sem áður þarf að huga að þeim, sem í mestri fjarlægð verða frá heilsugæzlustöðvunum og erfiðast eiga með að sækja til þeirra. Við því skal vara, að þessi regla eigi ævinlega og alltaf við, þótt fjarlægðir séu ekki til trafala. En hvað sem þessari framtíðarsýn líður er þó hitt staðreynd, að heilsugæzlustöðvarnar og ýmsar úrbætur þeim tengdar eiga enn langt í land sem veruleiki víðast hvar, þó að myndarlega yrði að unnið. Áfram hrjáir öryggisleysið og óvissan fjölmargt fólk úti í strjálbýlinu, og illar afleiðingar þess er óþarft að rekja. Ég held, að fátt, sem um þessi mál hefur verið rætt og ritað, hafi verið ofsagt eða of mikið hafi verið úr því gert, hver vá er hér á ferðinni. Það ber að viðurkenna, að ekki skortir á, að ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að bæta úr ríkjandi ástandi. Við erum hér einmitt að fjalla um mál, þar sem reynt er að ráða einhverja bót á vandanum, þó að með bráðabirgðaúrræðum sé. Og bráðabirgðaúrræðin eru líka einu úrræðin, sem eiga við á meðan heildarlöggjöf er komið á og síðan reynt að byggja á henni raunhæfar og árangursríkar aðgerðir.

Þau þrjú úrræði, er þetta frv. fjallar um, eru öll líkleg til að geta nokkru um þokað til hins betra, og umr. hér á Alþ. hafa sýnt, að vísu með örfáum undantekningum, að menn eru trúaðir á, að hér sé leitað úrræða, sem gætu bætt einhverra hlut, forðað vá frá dyrum einhverra þeirra, sem í dag bíða þess milli vonar og ótta, hvort einhverja úrlausn megi takast að veita þeim.

Þetta frv. er einn liður í þeirri viðleitni hæstv. heilbrmrh. og hans nánasta starfsfólks, að leita allra bragða til að leysa vandann, ef mögulegt væri. Það hefur glögglega komið í ljós í umr., hve vel hv. þm. kunna að meta þessa baráttu, og er það vel. Ég tel óþarfa að fara mjög náið út í efnisatriði frv., en eins og áður sagði eru meginatriðin þrjú. Í fyrsta lagi gerir það ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að stofna sex sérstakar læknisstöður við ríkisspítalana, sem bundnar yrðu skilyrðum um ákveðna þjónustu í héraði. Í öðru lagi, að ríkissjóði verði heimilað að greiða ⅔ hluta af launum héraðshjúkrunarkvenna og í þriðja lagi, að heimilt verði, að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Reglugerð fylgir með um síðasta atriðið, þar sem heimilað er að veita allt að 10 stúdentum námsstyrki allt að 200 þús. kr. Allt eru þetta atriði, sem hljóta að teljast sjálfsögð sakir þeirrar alvarlegu stöðu, sem þessi mál eru í.

Það er einlæg von mín, að þessi úrræði megi öll skila sem beztum árangri eins og til er ætlazt. Þau eru öll

líkleg til þess að leysa einhvern hluta þess mikla vanda, sem hér er við að glíma, og við skulum vona, að jafnframt því muni okkur takast að leysa málin til frambúðar með nýrri heildarlöggjöf sem allra fyrst. Í trausti þess mælir n. einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 822).

---

45. Jarðræktarlög (stjfrv.).

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til jarðræktarlaga [248. mál] (stjfrv., A. 545).

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á næstsíðasta Búnaðarþingi, árið 1971, var samþ. svofelld ályktun Búnaðarþings, sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing ályktar að kjósa þriggja manna millibinganefnd, sem falið verði að endurskoða jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965 og 16. apríl 1968. Skal álit nefndarinnar liggja fyrir á næsta Búnaðarþingi.

Þingið leggur áherzlu á, að sérstaklega verði tekin til athugunar eftirfarandi atriði: 1. Viðbótarframlag það, sem greitt hefur verið á nýrækt á býli innan við 25 ha., verði nú greitt á alla ræktun. 2. Framlög vegna grænfóðurræktar, áburðarhúsa og votheysgeymslna verði hækkuð frá því sem nú er. 3. Hreinsun framræsluskurða njóti framlags. 4. Kölkun lands, verkfærageymslur og vatnsleiðslur á sveitabýli njóti framlags. 5. Ákvæði um félagsræktun verði tekin inn í lögin. 6. Framlengt verði tímabil ákvæðanna um aukaframlag á súgþurrkun. 7. Útboðsskylda á þeim svæðum, þar sem ræktunarsambönd annast sjálf framræslu, verði afnumin."

Í nefndina voru kjörnir eftirtaldir menn: Teitur Björnsson, bóndi á Brún, sem valinn var formaður, Egill Jónsson, ráðunautur á Seljavöllum, og Jón Egilsson, bóndi á Selalæk.

Nefnd þessi hóf störf 19. nóv. og starfaði til 26. febr. s. l. Hún hafði samband við mig, og að minni ósk starfaði Jónas Jónsson, fulltrúi í landbrn., með nefndinni. Árangurinn af starfi þessarar nefndar er það frv. til jarðræktarlaga, sem hér liggur nú fyrir á þskj. 545, en frá því var gengið á síðasta Búnaðarþingi, og er frv. hér flutt að mestu óbreytt, frá því að þingið gekk frá því, nema með einhverjum smávegis orðalagsbreytingum.

Jarðræktarlög voru fyrst sett árið 1923. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það var hinn merkilegasti lagabálkur og einn af þeim þáttum í landbúnaðarlöggjöf, sem hefur markað tímamót í landbúnaði. Með þeirri löggjöf var mörkuð framkvæmda- og framfarastefna í ræktunarmálum landsins, sem hefur verið til mikillar farsældar, bæði fyrir landbúnaðinn og þjóðina alla. Það þarf heldur ekki að orðlengja það, að fóðuröflun er sú kjölfesta, sem íslenzkur bóndi verður að byggja á og íslenzkur landbúnaður hvílir á.

Undanfarandi harðindaár hefur það komið í ljós, að þrátt fyrir mikla ræktun síðustu áratuga þarf betur að gera, ef duga skal, og það kom einnig í ljós, að það þarf að gefa betri gaum að því, að ræktunin sé vel af hendi leyst. Það sýndu okkur þessi harðinda- og kalár.

Meginsjónarmið með þeim breytingum, sem nú er lagt til að gerðar verði á jarðræktarlögum og framlagi til ræktunarmála, miða að því að stuðla að öruggari ræktun og fóðurframleiðslu, bættri heyverkun og nýtingu fóðursins, betri nýtingu beitilandsins og nýtingu áburðar.

Nokkrar formbreytingar eru hér einnig gerðar. Miða þær að því að gera framkvæmd þessara mála einfaldari í sniðum, tryggja, að það fjármagn, sem til þessara mála er varið, nýtist sem bezt. Ákvæði um framlagshæfni jarðabóta eru gerð einfaldari og skýrari, þannig að síður orki tvímælis, hvaða framkvæmdir njóta framlags og hvernig. Helztu skipulagsbreytingar og nýmæli eru þau, sem nú skal greina.

Eins og áður er fram tekið, er mjög farið að óskum Búnaðarfélags Íslands og fylgt samþykkt Búnaðarþings. Búnaðarfélag Íslands hefur alltaf frá upphafi átt stóran þátt í mótun stefnunnar í ræktunarmálum og ásamt Búnaðarþingi jafnan staðið að endurskoðun jarðræktarlaganna. Stefnumótun þessara aðila hefur reynzt landbúnaðinum og þjóðinni farsæl og raunsæ, og kröfum fulltrúasamkomu bændanna og Búnaðarþings hefur jafnan verið í hóf stillt, og svo er einnig nú.

Af skipulagsbreytingum vil ég nefna þetta: 1) Allar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings við jarðræktarframkvæmdir verða nú settar undir jarðræktarlög. Um alllangt skeið hefur Landnám ríkisins annazt greiðslur á jarðræktarframlögum til vissra framkvæmda. Í upphafi var þessum styrkjum ætlað sérstakt hlutverk, eins og það að ýta sérstaklega undir ræktun, þar sem tún voru minnst fyrir. Þetta hefur hins vegar þróazt meir og meir yfir til þess að vera almennir jarðræktarstyrkir, og með síðustu breytingum á landnámslögunum var þetta gert jafnt til allra. Því var þar um hreinan tvíverknað að ræða, og fyrirhugaðar breytingar eru þess vegna miðaðar við það, að þetta verk verði nú unnið á einum stað samkv. jarðræktarlögum.

Með þessu frv., ef að lögum verður, eru úr gildi felld þau ákvæði, er Vélasjóður og Vélanefnd ríkisins hafa starfað eftir. Síðasta áratug hefur þróunin orðið sú, að verkefni Vélasjóðs hafa dregizt mjög saman. Einstaklingar og ræktunarsambönd virðast nú fullkomlega sinna þessu mikilvæga hlutverki að sjá bændum fyrir nauðsynlegum vélakosti til framræslu og stærri ræktunarframkvæmda. Nú á þessu sumri er rekstri á vegum Vélasjóðs hætt – eða á næsta sumri. Þessar stofnanir, Vélasjóður og Vélanefnd ríkisins, eiga tvímælalaust mikinn þátt í þeim framförum, sem orðið hafa í rækt-

unarmálum, stóðu undir vélvæðingu mikilvægra þátta í landbúnaðinum. 30 ára starfrækslu skurðgrafa Vélasjóðs er nú lokið. Þeim aðilum, sem að þessu hafa staðið, ber að færa þakkir fyrir mikil og vel unnin brautryðjendastörf. Lagt er til með þessu frv., að hluta af andvirði eigna Vélasjóðs verði varið til að leggja í sjóð, sem yrði í vörzlu Búnaðarfélags Íslands og varið yrði til að styrkja könnun á álitlegum tækninýjungum, sem þætti nauðsynlegt að reyna hér.

Nýmæli þau, sem í þessu frv. felast, eru í fyrsta lagi, að framlög vegna vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa eru tekin upp. Þar með er leiðrétt misræmi það, sem ríkt hefur, að einstakir sveitabæir hafa lítils notið í sambandi við vatnsveitufranıkvæmdir. Þess ber að geta, að samkv. lögum um vatnsveitur varð að vera ákveðinn fjöldi notenda til þess að mynda félög að vatnsveitum. Hins vegar hefur það gerzt á síðari árum, að fjvn. hefur á fjárlögum veitt einstaklingum styrk til að koma til sín neyzluvatni, þegar um sérstaklega fjárfreka og erfiða framkvæmd hefur verið að ræða. Það er því nauðsyn, sem hér er tekin upp, að taka þetta mál til skipulegrar ákvörðunar og framkvæmda eins og gert verður með þessari lagabreytingu.

Búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands hafa barizt fyrir þessu máli og það reyndi að fá þessa breytingu á jarðræktarlögum á árunum 1964–1965, en þá náði hún ekki fram að ganga. Á núgildandi fjárlögum er varið 17.6 millj. kr. til vatnsveitna og má gera ráð fyrir því, að eitthvað af því fé nýtist í sambandi við ákvæði þessa frv., eða síðari fjárveitingar mundu að vissu leyti sparast við það samkv. þeim lið fjárlaga, sem snýr að vatnsveitunum nú.

Annað nýmæli, sem tekið er upp með þessu lagafrv., er framlag til hagaræktar, sem er þáttur í eflingu landgræðslu og bættra landsnytja. Þar sem afréttir kunna að vera fullsetnar eða ofsetnar, er mikilvægt að bæta heimahagana. Fjárstuðningurinn er því bein hvatning til landgræðslu á örfokalöndum í byggð. Lagt er til, að 3000 kr. framlag á ha. sé bundið því skilyrði, að farið hafi fram varanlegar gróðurbætur á öllu landinu.

Þriðja atriðið er kölkun túna, framlag, sem nemur 50% af verði áburðarkalks og samanlögðum flutningskostnaði. Það er bundið þeim skilyrðum, að rannsóknir hafi að dómi ráðunautanna sýnt, að kölkunar sé þörf. Ekki er enn búið að sýna fram á, að kölkun sé hagkvæm eða nauðsynleg aðgerð, nema á fáum stöðum. Búast má við því, að í framtíðinni þurfi meira á þessum aðgerðum til jarðvegsbóta að halda. Slíkur stuðningur við kölkun þykir sjálfsagður og tíðkast víða erlendis.

4. atriðið er félagsræktun. Aukinn stuðningur við félagsræktun er allt að 30% álag á venjulegt framlag, þar sem harðbýlt er og ræktunarskilyrði erfið að dómi Búnaðarfélags Íslands. Víða í slíkum byggðarlögum hefur verið gripið til slíkrar félagsræktunar og hún orðið mikil lyftistöng. Mætti nefna þar um nokkur dæmi, en óþarft er að nefna nema Skógasand og melana í Leirársveit, og víðar má sjá slíka félagsræktun, sem bæði er mikið augnayndi og hefur reynzt happadrjúg framkvæmd í ræktunarmálum landbúnaðarins.

5. atriðið, sem tekið er upp sem nýmæli hér, er framlag til verkfærageymslna, sem er 200 kr. á m^2.

6. atriðið er stuðningur við áburðargeymslur og votheyshlöður, sem er nokkuð aukinn.

Þá er með þessu frv. lagt til, að framlag til súgþurrkunar verði gerður fastur liður í jarðræktarlögum, en eins og kunnugt er hefur verið um þetta sérstakur samningur og ákvæði í fjárlögum um aukaframlag vegna súgþurrkunar.

Önnur atriði, sem ég vil nefna í sambandi við þetta frv., eru, að hætt er nú alveg við að greiða framlög til nýræktar eftir túnstærð, svo að 25 ha. markið er fellt niður. Þetta var að nokkru búið að gera áður með breytingu á landnámslögunum, sem gerð var í fyrra, eins og ég drap á áðan. Ákvæði um ríkisframlög eru að ýmsu gerð einfaldari og skýrari, þannig að síður geti orkað tvímælis, hvaða framkvæmdir séu framlagshæfar eða hvernig eigi að taka út framkvæmdir. Þannig er ræktunarlandi aðeins skipt í þurrlendi og mýrlendi, í stað þriggja flokka áður. Niður er felldur styrkur á minna en sex strengja girðingu, en heimilt er að greiða framlag til allra girðinga í heimahögum, en það gat mjög orkað tvímælis, hvaða girðingar ættu að flokkast undir túngirðingar í gildandi lögum.

Ákvæði um útboðsskyldu á framræslu er nokkuð breytt. Ekki er skylda að bjóða út framræslu hjá búnaðarsamböndum, sem sjálf annast skurðgröft, enda ákveði Búnaðarfélag Íslands þeim taxta, áður en verkið er hafið, en eftir að útboð hafa farið fram. Lagt er til, að ríkið greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta eftir ákvörðun landbrn., að fengnu mati frá Búnaðarfélagi Íslands.

Áætlaður kostnaðarauki við þessa lagabreytingu á næsta ári eru 15–17 millj. kr. Ég hef í ræðu minni hér að framan gert grein fyrir þeim breytingum, sem gera á á jarðræktarlögunum með þessu frv., og legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 545, n. 643).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. frv. þessa hjá hæstv. landbrh., þá er frv. samið af mþn., er Búnaðarþing 1971 kaus. Nefnd þessi skilaði áliti fyrir síðasta Búnaðarþing og það frv., er hér er til umr., er í meginatriðum eins og nefndin lét það frá sér fara. En helztu breytingar, sem frv. þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru þessar:

1. Lagt er til, að Vélasjóður verði lagður niður frá og með næstu áramótum, þar sem talið er, að hlutverki hans sé nú lokið, en það var einkum það að hafa í þjónustu sinni stórvirkar vélar, skurðgröfur og aðrar ræktunarvélar. Nú hafa ræktunarsamböndin og búnaðarsamböndin eignazt sjálf nauðsynleg jarðræktartæki og sjá þau um framræslu og jarðvinnslu og þar af leiðir, að upphafleg verkefni Vélasjóðs eru ekki lengur fyrir hendi. Önnur verkefni Vélasjóðs, svo sem leiðbeiningar um val véla og verkfæra og meðferð þeirra, þurrkun lands, áveitur o. fl. fellur undir leiðbeiningarþjónustu Búnaðarfélags Íslands.

2. Lagt er til að aukaframlag til jarðræktar, það er Landnám ríkisins hefur borgað allt frá árinu 1957, að ég ætla, verði nú innifalið í framlagi jarðræktarlaga. Í þessu er vinnuhagræðing, þar sem það er sama vinna fyrir Búnaðarfélag Íslands, sem lætur reikna út jarðræktarframlögin, hvort upphæðin, sem miðað er við, er 10 þús. kr. eða 14 þús. kr., svo að eitthvað sé nefnt.

3. Framlag til ræktunar miðað við ha. verður jafnhátt án tillits til hektarafjölda. Í gildandi lögum er hámarksframlag bundið við 25 ha. túnstærð, en þá lækkaði framlagið mikið á þá ræktun, sem þar var yfir. Í þeim breytingum, sem gerðar voru á lögum um Landnám ríkisins á s. l. ári, var upp tekin þessi regla, að borga sama framlag miðað við ha. án tillits til túnstærðar. Hér er sporið stigið til fulls og skal borga sama framlag á ha. til allra, án tillits til túnstærðar.

4. Tekið er upp framlag til hagaræktar, þegar vissum skilyrðum er fullnægt varðandi sléttun, sáningu og áburðarþörf.

5. Sú breyting er gerð á framlagi til girðinga, að það nær jafnt til girðinga um ræktunarlönd og heimahaga. Bæði hagaræktun og girðingar um heimalönd munu létta beit af túnum sums staðar og einnig mun auðveldara reynast að græða upp sanda og mela, sem nauðsynlegt er að friða með girðingum.

6. Tekið er upp framlag til kölkunar ræktunarlands. Flestir munu hafa heyrt þess getið, að kal í mýrlendum túnum stafi frá því, að jarðvegurinn sé of súr til þess að túngrösin þrífist. Erlendis er víða þekkt, að borgað er framlag á kölkun lands. Vonandi verður kölkun landsins til þess, að bæði túngrösin þrífist og búfénaðurinn líði ekki fyrir kalkskort, eins og því miður á sér allt of oft stað.

7. Tekin er upp sú heimild að borga 30% hærra framlag á félagsræktun, ef hlutaðeigandi bændur hafa ekki viðunandi ræktunarlönd, en jarðir þeirra eru góðar bújarðir að öðru leyti.

8. Sú breyting er gerð á framræslu, að framlag ríkis nær einnig til uppmoksturs úr eldri skurðum, kílræsa og ræsa úr plaströrum, sem dregin eru í jarðveginn og haldast opin þá betur við en ella. Nokkur reynsla er fengin fyrir plaströrum og spáir hún góðu um þurrkun lands á þennan hátt.

Þá er ræktunarsamböndum ekki gert að skyldu að bjóða út skurðgröft, ef þau eiga sjálf gröfur til að annast verkið. Í þess stað eru þau háð samþykki Búnaðarfélags Íslands um þann taxta, er þau grafa fyrir.

9. Tekinn er upp nýr liður um framlag til vatnsveitna á sveitabæi. Ríkissjóður hefur í áratugi stutt vatnsveitur til borga, bæja, kauptúna og sveitabæja, ef fleiri bændur mynda með sér félag og geta notað sömu vatnsveituna, en flestir bændur hafa þó orðið hingað til hjálparlaust að leiða vatnið heim, hvað sem það hefur kostað. Hér er um réttlætismál að ræða, þar sem misræmi hefur verið allmikið í þessum efnum á milli hinna einstöku þegna þjóðfélagsins. Kröfur um heilnæmt neyzluvatn eru meiri nú en áður. Auk þess þarf einnig miklu meira vatn, bæði til íbúðarhúsa og meira hreinlætis verður að gæta í hvívetna og ekki sízt í sambandi við kælingu mjólkur.

10. Tekið er upp framlag til vélgeymslna. Vélar og verkfæri eru á flestum bæjum mikið að verðmæti og því þýðingarmikið að geta geymt þau inni í góðum húsum. Framlagið á að tryggja það annars vegar, að geymslurnar verði vandaðar, og hins vegar að glæða áhuga manna fyrir þýðingu þess að geyma vélar í góðum húsakynnum, þar sem einnig á að vera auðvelt að gera við þær og koma þeim í nothæft ástand, ef þess þarf með yfir vetrarmánuðina.

Þá er síðast en ekki sízt samkv. frv. þessu rýmkaður hlutur búnaðarsambandanna, þar sem þau eiga eftirleiðis að fá 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta borgaðan ásamt 65% af launum þeirra, eins og verið hefur í jarðræktarlögum. Búnaðarsamböndin fá einnig í sinn hlut 2% af jarðabótaframlaginu, og hreppabúnaðarfélögin fá eftirleiðis 4% í stað 5% áður. Kostnaður búnaðarsambandanna við þjónustu sína hefur aukizt mikið hin síðari ár, einkum vegna hækkaðra launa. Mál þessi hafa talsvert verið rædd á meðal bænda, og eru menn á einu máli um það að bæta aðstöðu búnaðarsambandanna með framangreindum ráðstöfunum.

Þá má að lokum benda á, að jarðræktarlagafrv. verður að ýmsu leyti auðveldara í framkvæmd en gildandi löggjöf. Út frá fenginni reynslu eru færðir saman liðir, tekið er tillit til vandamála þeirra, sem skapazt hafa í sambandi við kalið. Framlög til endurræktunar túna, grænfóðurræktar, votheysverkunar og súgþurrkunar eru talsvert aukin frá því, sem þau eru í gildandi lögum. Það er von mín og trú, að frv. þetta, þegar að lögum verður, megi þjóna þeim megintilgangi að auka gróður landsins og á grundvelli þess geti bændur að mestu orðið sjálfum sér nógir með fóðurframleiðslu og tryggt sér birgðir heyja til harðari ára. En því miður hefur ræktun á undanförnum árum heldur gengið saman. Árið 1968 voru ræktaðir 5162 ha., en 1969 4123 ha. og árið 1970 3242 ha. En líkur eru til þess, að ræktun á s. l. ári hafi verið mjög svipuð og hún var árið 1970. Þróun þessi er óhagstæð og á hún rætur að rekja til kuldatímabilsins.

Endurræktun túna hefur aukizt með hverju ári, og var hún 865 ha. árið 1970 eða um 100 ha. meiri en árið áður. Alls hafa verið endurræktaðir 3588 ha. í túnum síðan árið 1964, og gefur það nokkra mynd af því ástandi, sem verið hefur á því kuldatímabili, sem við höfum búið við.

Landbn. mælir einróma með frv. þessu ásamt breytingum þeim, sem eru á þskj. 643, en í þeim breytingum felast engar efnislegar breytingar, en orðalag gert skýrara til að taka af tvímæli. Ég vænti þess, að hv. þm. samþykki frv. ásamt þeim breytingum, sem fyrir liggja.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. landbn., er n. sammála um það að mæla með því, að það frv., sem hér er til umr., verði samþ. og nái fram að ganga, en hún stendur sameiginlega að þeim brtt., sem prentaðar eru á þskj. 643. Það er þess vegna ekki vegna ágreinings, að ég kem hér í ræðustól til að segja fáein orð, heldur aðeins til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að gengið hefur verið til þessarar endurskoðunar á jarðræktarlögunum, og það er gott til þess að vita, að það verk hefur að meginstofni verið unnið af samtökum bændanna sjálfra, af mþn. Búnaðarþings ásamt sérfræðingum, sem eru í þjónustu Búnaðarfélagsins. Ég lýsi ánægju minni yfir því, vegna þess að ég tel það mikla nauðsyn að endurskoða lög og reglur

varðandi þetta efni öðru hverju, því að þróunin í þessum málum er ör eins og á flestum öðrum sviðum atvinnulífsins hjá okkur um þessar mundir. Og það þarf þess vegna að sveigja lög og fyrirmæli til þeirrar þróunar, eftir því sem hún verður á hverjum tíma. Það mun síðast hafa farið fram heildarendurskoðun þessara laga árið 1965, ef ég man rétt, og var þess vegna orðið tímabært að efna til endurskoðunar á ný. Einn þáttur þessara mála var í endurskoðun í fyrra og gengið þá frá lögum um Landnám ríkisins, sem var þessu nokkuð skylt og á þeim tíma féll nokkuð inn í þennan ramma, sem hér er verið að fást við. Þá var við þá lagasetningu mörkuð sú stefna, að afnumið var að hafa misháan jarðræktarstyrk á túnrækt, eftir því hvort tún voru stærri eða minni fyrir á bæjum. Það hefur að allra dómi, sem um þessi mál fjalla, þótt eðlilegt að afnema það, sem áður var í gildi um þetta efni, og þessi lög, sem nú eru hér til umr., staðfesta þá stefnu, sem þarna var mörkuð á þingi í fyrra.

Að sjálfsögðu vill það fara svo og er með eðlilegum hætti, að einhver kostnaðarauki verður af endurskoðun slíkra laga sem þessara, þegar hún er framkvæmd. Ég minnist þess, að árið 1965, þegar þessi lög voru síðast endurskoðuð, þá mun hafa leitt af þeirri endurskoðun um 30 millj. kr. hækkun á framlögum vegna laganna. Við þessa endurskoðun verður að sjálfsögðu nokkur hækkun. Það er alltaf erfitt að spá með öryggi um hlutina, spá um það, hversu miklar framkvæmdirnar verða. En sé miðað við þær framkvæmdir undangenginna ára, þá er útlit fyrir, að framlög hækki vegna þessara laga frá því, sem gildandi lög segja til um, um ca. 17 millj. kr. Þó er líklegt, að frá því mætti draga hluta af aukaframlagi, sem var til súgþurrkunar, og enn fremur lítils háttar upphæðir, sem gengju til vatnsveitna hjá einstaklingum og gekk í gegnum fjárlög áður. Þannig eru þessar upphæðir að sjálfsögðu nokkuð á reiki, en það er sýnt, að um stórkostlegt stökk er þarna ekki að ræða. Þó er þarna farið inn á nokkra pósta, sem eru allmikilvægir, og ég vil þá sérstaklega minna á það, sem raunar var komið hér inn á áðan, og það er framlagið til hagaræktarinnar. Ýmsir mundu e. t. v. ætla, að þetta væri ekki mikilvægt atriði, en bændur þekkja það, að þetta er mjög mikilvægt fyrir búskapinn, og ég hygg, að allir aðrir Íslendingar, sem leiða hugann að þessu máli, átti sig fljótlega á því, að með bættri hagarækt er líka aukið beitarþol útjarðarinnar, og það er landvinningur í því að styrkja þá hagarækt eins og hér er lagt til.

Þá er þarna ein breyting, sem ég vil telja, að sé ekki óeðlileg, að nú eru jarðræktarframlögin greidd út frá einni hendi eða hjá Búnaðarfélagi Íslands, en var áður bæði þar og hjá Landnámi ríkisins. Aðeins er eitt, sem veldur þarna nokkru um í lækkunarátt, sem sé það, að Landnám ríkisins greiddi framlög vegna ræktunarframkvæmda út á því sama ári og verk var unnið, og var að því allmikið hagræði fyrir þá, sem stóðu í ræktunarframkvæmdum, en mér sýnist, að gert sé ráð fyrir því nú eins og áður, að greiðslur á vegum Búnaðarfélags Íslands fari fram ári eftir að framkvæmdin er unnin.

Þá er annað atriði, sem er nokkuð veigamikið í þessu nýja frv., að kaflinn um Vélasjóð ríkisins er felldur niður og gert er ráð fyrir því, að Vélasjóður hætti störfum. Í sjálfu sér er ekki ágreiningur um þetta atriði. Það er rétt, sem kom fram í ræðu frsm. n. áðan, að svo er að sjá, sem Vélasjóður hafi að mestu lokið þeim verkefnum, sem hann nauðsynlega þurfti að sinna. Á síðustu árum hefur hann aðeins sinnt verkefnum á Vestfjörðum fyrir þá sök eina, að þar er erfitt land til framræslu og þegar útboð fóru fram um það, þá voru þau mjög óhagstæð og Búnaðarfélagið gekk þá til þess ráðs að ráða skurðgröfur Vélasjóðs til þess að grafa fyrir lægra verð heldur en annars virtist vera hægt að fá í gegnum útboð.

Það var aðeins drepið hér á það áðan, að í frv., eins og það liggur hér fyrir, sé gert ráð fyrir því, að framræsluframkvæmdir séu boðnar út eins og er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þar sem ræktunarsambönd eru starfandi og hafa eigin skurðgröfur til afnota, þá séu þau ekki skyldug til þess að bjóða út framkvæmdir á sínum svæðum. Efnislega er ég andvígur þessu ákvæði, en ég ætla ekki að gera till. um breytingu á því að þessu sinni. Ég tel eðlilegt, af því hvað ræktunarsamböndin hafa sótt þetta mál fast, að haga málunum á þennan hátt, að gerð sé um þetta tilraun. En það kæmi mér ekki á óvart, þó að það þyrfti fljótlega að endurskoða þetta atriði. En það er ekki erfitt að koma því við og þess vegna hygg ég, að bezt sé og eðlilegast að láta við svo búið standa að sinni, en eins og ég hef tekið fram áður, þá ætla ég ekki að bera fram breytingu við það ákvæði að þessu sinni.

Ég get látið máli mínu lokið um þetta jarðræktarlagafrv. Eins og fram kemur í nál., þá stöndum við að því sameiginlega allir nm., og ég legg til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 643,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 643,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.–33. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 643,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða og 34. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 76. og 77. fundi í Ed., 5. og 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 696, 729).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þessu hefur nokkrum sinnum verið frestað hér á þingfundum og ástæðan er sú, að eftir að 2. umr. hafði farið fram kom að máli við okkur framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og bar fram óskir um það, að IV. kafli laganna yrði numinn úr jarðræktarlögum, þar sem meginþorri af því, sem þar er ráð fyrir gert, er kominn inn í aðra löggjöf, og taldi hann, að þetta væri orðinn þýðingarlaus kafli í jarðræktarlögunum og jafnvel, að einstaka ákvæði laganna tefðu framgang vissra mála.

Eftir að þessi ósk hafði komið fram, var leitað álits Búnaðarfélags Íslands um málið og þá einkum til þeirra ráðunauta, sem hafa haft með framkvæmd jarðræktarlaganna að gera, og umsögn þeirra var á þá leið, að þeir hefðu engin afskipti haft af þessum málum, þ. e. erfðaleigu á löndum í kaupstöðum og kauptúnum, á annan áratug. Kafli þessi hefur verið óbreyttur að heita má í hálfa öld og eftir að þessi umsögn hafði borizt fannst landbn. Ed. ekki nein ástæða til þess að halda ákvæðum þessum inni í jarðræktarlögunum lengur og leggur því til, að þær breytingar, sem fram eru bornar á þskj. 729, verði samþykktar.

Bréfið, er barst frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, mun hafa verið tekið þar fyrir á stjórnarnefndarfundi. Það er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggur til, að IV. kafli frv., 22.–31. gr., verði felldur niður úr jarðræktarlagafrv., en ákvæði þessi fjalla um erfðaleigulönd innan takmarka eða í nágrenni kaupstaða og kauptúna. Ákvæði þessa kafla eru svo til óbreytt, frá því þau voru fyrst sett fyrir tæpri hálfri öld með jarðræktarlögum nr. 43 1923. Vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna virðast ákvæði þessi óþörf, enda er um sum þessi atriði, sem á reynir, svo sem eignarnáms- og skipulagsákvæði, fjallað í öðrum gildandi lögum. Framanritað tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,
Magnús E. Guðjónsson."

Ég vil svo leggja til, að þær breytingar, sem fram eru bornar á þskj. 729, verði samþ., en önnur breytingin er nánast leiðrétting, vegna þess að í frv. sjálfu var ekki vitnað rétt til þeirra laga, sem þar um getur.

ATKVGR.

Brtt. 729,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 729,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 750).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 545 um breytingar á jarðræktarlögum var flutt í hv. Ed. og var samþ. þar shlj. eins og það liggur fyrir. Þetta mál er flutt að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands, en mþn. var kosin á Búnaðarþingi árið 1971, og hún hefur samið frv., og það var gengið frá því á síðasta Búnaðarþingi og það flutt að mestu leyti óbreytt eins og Búnaðarþing gekk frá því.

Í hv. Ed. gerði ég grein fyrir málinu allítarlega, svo að ég mun stytta mál mitt hér, en það, sem hér er um að ræða, er í fyrsta lagi það, að samkv. þessu frv., ef að lögum verður, verða allar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings við jarðrækt greiddar samkv. jarðræktarlögum. Með þessu frv. er lagt til að leggja niður Vélasjóð ríkisins, en starfsemi hans hefur dregizt mjög saman á síðustu árum. Helztu nýmæli í frv. eru, að framlög til vatnsveitna á einstökum heimilum eru nú tekin upp í jarðræktarlög. Áður hefur það verið svo, að það hafa verið greiddir styrkir til þeirra samkv. ákvörðun fjárlaga. Upp eru tekin framlög til hagaræktar, sem einnig er nýmæli, til kölkunar túna og aukinn er stuðningur við félagsræktun. Þetta eru þau atriði, er mestu máli skipta í sambandi við þessa lagabreytingu, en ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til 2. umr. og hv. landbn., og jafnframt leyfi ég mér að óska þess, að hv. landbn. hraði athugun sinni á málinu, þar sem skammt er nú til þingloka.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða þetta mál mikið. Ég vil þó láta það koma fram þegar hér við 1. umr., að ég fylgi þessu máli og mun í hv. landbn. leggja því lið, að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Það var orðin nauðsyn á því að endurskoða jarðræktarlögin, og hefur verið beðið með að flytja hér á Alþ. till. um ýmsar breytingar, sem fram þurfti að koma, vegna þess að Búnaðarþing hafði þetta mál með höndum og undirbjó þær breytingar, sem hér liggja fyrir í frv.-formi.

Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á því, að enda þótt hér sé um nokkrar lagfæringar á lögunum að ræða, eins og jafnan hefur verið, þegar þessi lög hafa verið endurskoðuð með nokkurra ára millibili, þá er fjarri því, að um neinar stórbreytingar sé að ræða. Það má t. d. geta þess í þessu sambandi, að þegar lögin voru síðast endurskoðuð í heild, árið 1965, leiddu þær breytingar til þess, að framlög samkv. jarðræktarlögum hækkuðu um það bil um 30 millj. kr. miðað við það verðlag, sem þá gilti, en eftir þessu frv. er áætlað að hækkanir á framlögum samkv. lögum nemi um 17 millj. kr. Það sjá því allir, að hér er ekki um mjög veigamikil atriði að ræða. Þó eru þarna einstakir þættir, sem eins og ég hef áður sagt eru þýðingarmiklir fyrir landbúnaðinn og ég mun gera mitt til að styðja að því, að fái framgang.

Ég skal svo ekki tefja tíma Alþ. að þessu sinni til þess að ræða þetta frv. í einstökum atriðum og láta máli mínu lokið, en vildi aðeins láta þessa athugasemd koma fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 750, n. 792).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. það til jarðræktarlaga, sem hér liggur fyrir, er stjfrv., flutt í hv. Ed. Að stofni til er frv. unnið af nefnd kjörinni af Búnaðarþingi. Og Búnaðarþing sjálft hefur um málið fjallað, en það hafði óskað heildarendurskoðunar á jarðræktarlögunum. Hv. Ed. gerði þá breytingu að fella niður IV. kafla frv. um erfðaleigulönd. Breytingin var gerð shlj. og á þeim forsendum, að ákvæði þess kafla séu nú óvirk orðin. Aðrar breytingar, sem hv. Ed. gerði á þessu frv., eru óverulegar, nánast orðalagsbreytingar. Þær voru einnig gerðar shlj. Landbn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, hefur ríkt mikil eining um þetta frv. hér á hv. Alþ. Skal því ekki lengja umr. um það mjög mikið, aðeins fara um það nokkrum orðum. Ég tel, að þetta frv. sé dæmi um þróun, sem stefnir í rétta átt, en ekki neina sérlega stökkbreytingu. Það má segja, að það sé í samræmi við það markmið, sem fjallað er um. Í ræktunarmálum er sjaldnast um örar stökkbreytingar að ræða, heldur tiltölulega hægfara þróun í rétta átt, þegar bezt lætur.

Að sjálfsögðu er, eins og menn vita, stofn jarðræktarlaganna gamall. Hann á rætur sínar að rekja allt aftur undir 1920, þó að á lögunum hafi að sjálfsögðu verið gerðar breytingar á seinni árum í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur, sérstaklega í túnrækt. Endurskoðunin byggist á ályktun Búnaðarþings frá 1971. Búnaðarþing benti á nokkur atriði, sem það taldi, að sérstaklega bæri að skoða við þessa athugun og endurskoðun. Hygg ég, að sú nefnd hafi unnið gott verk. Það er bent á nokkur atriði, sem sérstaklega hefur verið hugað að, svo sem það, að leitazt er við að gera ákvæðin um ríkisframlag einfaldari og skýrari en þau hafa verið, svo að þau orki ekki tvímælis. Benda má á nýmæli, sem frv. fjallar um, m. a. er tekið upp framlag til hagaræktar. Hygg ég, að flestir muni hugsa gott til glóðarinnar í þessum efnum og styðja þessa viðleitni, því að við vitum það allir, að ræktun úthagans getur a. m. k. stuðlað að því að létta beit af túnum, sem oft er ofbeit. Og mikil túnbeit, sérstaklega á harðindavorum, mun stuðla m. a. að stóraukinni kalhættu.

Þá hefur verið horfið að þeirri skoðun Búnaðarþings að hætta við að miða upphæð framlags til nýræktar við ákveðna túnstærð. En þessi mörk, sem lengi voru í lögum, voru afnumin með breytingum, sem gerðar voru á stofnlánadeildarlögunum á s. l. ári. Það er alkunna, þegar spurt er um, hvort einhver jörð eigi framtíð fyrir sér, að þá er iðulega miðað við tvennt. Verður jörðin aðnjótandi rafmagns í náinni framtíð og hefur hún upp á næg ræktunarskilyrði að bjóða? Það eru ekki nema sérstakar jarðir án ræktunarskilyrða, sem eiga nokkra framtíð fyrir sér.

Ég vil ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Mér fannst ástæða til þess að segja nokkur orð um svona merkt mál. Það mætti miklu fleira um málið ræða. Það er ánægjulegt til þess að vita, að um það hefur ríkt eining hér á hv. Alþ. Eins og ég sagði áðan, tel ég það ekki marka nein sérstök tímamót eða stökkbreytingu, heldur vera dæmi um þá jákvæðu þróun, sem átt hefur sér stað í ræktunarmálum undanfarin ár. Þess vegna fagna ég frv., styð það og vona, að það bendi til réttrar þróunar í ræktunarmálum landsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
10.–18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
19.–21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
22.–25. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 852).

46. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Á 50. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins [209. mál] (stjfrv., A. 407).

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Dr. Sigurður Pétursson gerlafræðingur, sem er öðrum mönnum fróðari um málefni niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins, hefur bent á það, að niðursuðuvörur munu í fyrsta skipti hafa verið fluttar út frá Íslandi laust eftir miðja 19. öld, en þá hóf enskur laxakaupmaður Ritchie að nafni, niðursuðu í Borgarnesi, og árið 1863 hafði hann flutt út með sér 9 þús. pund af niðursoðnum laxi og 18 þús. pund af niðursoðinni ýsu. Þessi starfsemi féll þó fljótlega niður, og næst er getið um útflutning á niðursoðnum varningi á Íslandi frá Siglufirði á árunum 1877–1882, en þar suðu Snorri Pálsson verzlunarstjóri og Einar á Hraunum niður lax, rjúpur, kæfu, kindakjöt og nautakjöt og fluttu varninginn til Danmerkur og Englands.

Næst er getið um útflutning á niðursoðinni vöru á árunum 1912–1914, en þar var um að ræða heilagfiski og fiskbollur frá Pétri M. Bjarnarsyni á Ísafirði, sem starfrækti verksmiðju fyrst á Ísafirði, en síðar í Reykjavík. Einnig þar var þó um gógróður að ræða, og hin raunverulega saga þessarar iðngreinar hefst 1936, þegar niðursuða á rækjum er hafin á Ísafirði, og 1938, þegar niðursuðuverksmiðja SÍS er sett á laggirnar í Reykjavík. Komu þar mjög til stuðnings starfsemi og forusta fiskimálanefndar og myndarleg fjárframlög ríkisins á þeirra tíma mælikvarða. En um starfsemi fiskimálanefndar má lesa í fróðlegri bók, sem Arnór Sigurjónsson tók saman og út kom 1945.

En þótt þannig megi segja, að niðursuða hafi verið samfelldur hluti af íslenzkum iðnaði í hálfan fjórða áratug, hefur sú starfsemi öll verið af ærnum vanefnum, miklar sveiflur í framleiðslunni og framleiðslumagnið aðeins örlítið brot af eðlilegri getu. Þó hefur þessi framleiðsla skipt verulegu máli á sumum tímabilum. Þannig fluttum við út 500–600 tonn af niðursoðnu og niðurlögðu fiskmeti árin 1940 og 1941, en þar mun fremur hafa verið um að ræða áhrif styrjaldarinnar en að við hefðum náð tökum á þessari iðngrein. Enn jókst þessi útflutningur myndarlega í styrjaldarlok og varð nær 1000 tonn árið 1948, og kom þar ekki sízt til forusta Fiskiðjuvers ríkisins, sem því miður var síðar lagt niður af skammsýni. Síðan hrakaði þessari iðngrein ár frá ári og útflutningur á niðursoðnu og niðurlögðu

fiskmeti varð ekki nema 44 tonn árið 1954. Síðustu árin hefur þessi útflutningur aukizt allverulega á nýjan leik og numið árlega á annað þús. tonnum síðan 1968. Eru horfur á, að útflutningur í ár verði meiri en nokkru sinni fyrr. Mestur hefur markaðurinn verið í Sovétríkjunum og öðrum ríkjum Austur-Evrópu, þá hefur bandarískí markaðurinn komið, síðar EFTA-markaðurinn og nokkurt magn hefur verið selt á mörkuðum Efnahagsbandalagsins.

En þó að ég tali hér um verulega magnaukningu síðustu árin, er raunar um smámuni eina að ræða í samanburði við getu okkar, markaði þá, sem tiltækir eru, og afköst keppinauta okkar, sem margir hverjir nota einmitt íslenzkt hráefni. Samkv. skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna 1969 fóru yfir 9% af heildaraflamagni fiskafurða í heiminum til niðursuðu og niðurlagningar, en hlutfallið hjá okkur hefur verið 1–2 af þúsundi. Árið 1969 notuðum við sem hráefni í niðursuðuiðnað 1.6 þús. tonna, Danir hins vegar 19.2 þús. tonna og Norðmenn 34.4 þús. tonna. Það ár veiddu Vestur-Þjóðverjar í allt 805 þús. tonna og notuðu í niðursuðu og niðurlagningu 204 þús. tonna eða hvorki meira né minna en rúman fjórðung af heildaraflamagninu. Í því sambandi minnist ég ummæla Davíðs Ólafssonar páv. fiskimálastjóra á alþjóðlegri ráðstefnu, sem hér var haldin um fiskveiðar og fiskiðnað fyrir nokkrum árum. Hann sagði, að ef Íslendingum tækist að koma fiskiðnaði sínum á sama stig og Vestur-Þjóðverjar, væri hægt að þrefalda verðmæti útflutningsframleiðslunnar. Sú staðreynd sýnir betur en margar tölur, hvílíkt stórmál hér er um að ræða.

Samt langar mig að bæta hér enn við nokkrum tölum. Árið 1970 framleiddum við 4255 tonn af sykursöltuðum þorskhrognum, sem er hráefni í þorskhrognakavíar í áltúpum. Við nýttum þetta hráefni ekkert sjálfir, en fluttum það úr landi, aðallega til Svíþjóðar. Ef við hefðum hagnýtt þetta magn, hefði það nægt til að framleiða um 38.3 millj. af túpum með 100 g nettóþyngd. Árið 1970 framleiddum við 1376 tonn af söltuðum ufsaflökum, en notuðum aðeins sjálfir í sjólaxframleiðslu 191 tonn. Hitt var hráefni handa öðrum.

Árið 1970 framleiddum við 1254 tonn af söltuðum grásleppuhrognum, en notuðum aðeins 73 tonn í kavíarframleiðslu. Allt hitt magnið fór í fullvinnslu handa öðrum. Svo að ég taki enn eitt dæmi, var áætlað magn af þorsklifur 10 344 tonn 1970, en í niðursoðna þorsklifur notuðum við aðeins 80 tonn.

Um staðreyndir af þessu tagi mætti fjalla í löngu máli, en ég læt þessi dæmi nægja að sinni. Þau eru til marks um það, að enn er þessi þáttur í framleiðslukerfi okkar afar frumstæður. Við framleiðum mjög verulegt magn af hráefnum, en eftirlátum öðrum að fullvinna dýrmætar afurðir. Ástæðurnar fyrir hinni hægu og erfiðu þróun niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins eru margar. Við höfum allt fram undir þetta lagt áherzlu á aðferðir veiðimannaþjóðfélagsins að tryggja sem mestan afla, og á því sviði höfum við náð frábærum árangri. En nýting aflans var lengi vel í annarri röð, bæði í vitund almennings og stjórnarvalda.

Nú höfum við hins vegar öðlazt vaxandi skilning á því, að þetta er léleg hagsýni og aflamagninu eru takmörk sett. Landhelgismálið minnir okkur m. a. sífellt á þá staðreynd. Því hljótum við að leggja sívaxandi áherzlu á þá stefnu að hagnýta sjálfir það hráefni, sem við öflum, og gera úr því sem dýrmætasta vöru.

Önnur ástæðan fyrir vanda niðursuðuiðnaðarins er það forustuleysi og skipulagsleysi, sem einkennt hefur þróun atvinnumála í allt of ríkum mæli hérlendis. Niðursuðuverksmiðjur hafa verið byggðar upp flestar hverjar af einstaklingum, bjartsýnum og duglegum athafnamönnum, en þá hefur oft skort bæði fjármagn og þá sérþekkingu, sem úrslitum ræður í þessari iðngrein. Milli þeirra hefur verið lítil sem engin samvinna og stundum raunar fráleit samkeppni með undirboðum á erlendum mörkuðum. Fyrirtækin hafa yfirleitt verið smá. Þau voru 26 talsins á síðasta ári, og mörg þeirra hafa verið þannig skipulögð, að þau hafa ekki getað starfað nema hluta úr ári. Skipulagsleysið hefur einnig leitt til óhagkvæmni í fjárfestingu. Við höfum komið okkur upp vélbúnaði, sem er langt umfram þarfir á ýmsum sviðum, eins og nú standa sakir.

Alvarlegasta vandamálið hefur þó tvímælalaust verið skortur á sölusamtökum, sem ynnu í þágu þessarar iðngreinar í heild. Við þekkjum það sjálfir úr hraðfrystiiðnaðinum, hvert gildi slíkra sölusamtaka er, og að forsendur þeirra eru nákvæm skipulagning og verulegt fjármagn. Það er í sjálfu sér einfalt verkefni að selja hráefni og verða þá jafnframt að una þeim stórfelldu sveiflum á magni og verði, sem fylgja hráefnisframleiðslu í iðnaðarþjóðfélögum okkar tíma. En að framleiða fullunninn iðnaðarvarning og koma honum á framfæri sem næst neytendum sjálfum er vandasamt og sérfræðilegt verkefni. Hins vegar ræður það úrslitum um arðsemi framleiðslunnar. Enda þótt verð á hráefnum sveiflist mjög, er sú sjaldnast raunin um fullunninn varning, og því tryggja fullkomin sölusamtök ekki aðeins stóraukinn ábata af framleiðslunni, heldur einnig miklu stöðugra verðlag. Þetta á við um alla iðnaðarframleiðslu og í sérstaklega ríkum mæli um framleiðslu á matvælum. Á því sviði hefur þróunin orðið sú umhverfis okkur, að fólk sækist í sívaxandi mæli eftir matvælum, sem hægt er að nota fyrirhafnarlaust. Því hefur neyzla á niðursoðnum fiskafurðum aukizt mjög stórlega. Þannig jókst innflutningur Bandaríkjanna á niðursoðnum fiskafurðum úr 53 millj. dollara 1958 í 111 millj. dollara 1969 og eru þó skeldýr ekki meðtalin. Innflutningur Efnahagsbandalagslandanna jókst á sama tíma úr 52 millj. dollara í 135 millj. dollara. Og innan EFTA-landanna varð aukningin á sama tíma úr 106 millj. dollara í 152 millj. dollara. Hér er því um að ræða mjög hraðvaxandi markaði, sem munu halda áfram að aukast með breyttum neyzluvenjum. En ef við eigum að ná tökum á þessum mörkuðum, verðum við að koma okkur upp því heildarskipulagi og kosta til þeim fjármunum, sem til þess þarf.

Allt eru þetta staðreyndir, sem mönnum hafa verið kunnar um langt árabil. Um það hefur verið fjallað á fjölmörgum ráðstefnum og um það hafa verið samdar skýrslur og bækur. Árið 1968 framkvæmdi kanadíska fyrirtækið Stevenson & Kellogg markaðsrannsóknir í þágu niðursuðuiðnaðarins, safnaði að sér merkri vitneskju og komst að þeirri niðurstöðu, að unnt væri að tífalda útflutning niðursuðuiðnaðarins á stuttum tíma. Um sömu mundir unnu Sameinuðu niðursuðuverksmiðjurnar mikið og merkilegt undirbúningsstarf með stofnun sölusamtaka undir forustu Gísla Hermanns-

sonar verkfræðings. En því miður varð raunin sú, að rannsóknirnar og athuganirnar hlóðust upp og rykféllu í skápum, en ekkert varð úr framkvæmdum.

Því var það, að þegar núv. stjórnarflokkar sammæltust um að taka upp samvinnu eftir kosningar í fyrra, ákváðu þeir, að meðal hinna mikilvægustu verkefna skyldi vera stórátak í þágu niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins. Í samræmi við það skipaði ég 30. ágúst í fyrra nefnd til þess að leggja á ráðin um framkvæmd þessa fyrirheits. Í nefndinni áttu sæti Ragnar Arnalds alþm. og var hann formaður nefndarinnar, Ólafur Hannibalsson skrifstofustjóri og Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Starfsmaður nefndarinnar var dr. Örn Erlendsson. Nefndinni var falið að semja frv. það, sem hér liggur fyrir, en henni var jafnframt falið að fjalla um vandamál einstakra fyrirtækja, sem voru vægast sagt sum hver af hrollvekjutagi, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Nefndin hefur unnið ágæt störf, sem ég sé ástæðu til þess að þakka á þessum vettvangi, en hún hefur nú lokið verkum sínum, og hefur verið lögð niður. Starfsmaður nefndarinnar, dr. Örn Erlendsson, hefur hins vegar verið lausráðinn sem sérfræðingur af iðnrn. til þess að fylgja þessum málum og öðrum eftir af hálfu stjórnvalda.

Í störfum sínum naut nefndin að sjálfsögðu mjög þeirra rannsókna og tillagna, sem áður hafði verið unnið að og ég minntist á áðan, ekki síst rannsókna Stevenson & Kellogg og áforma Sameinuðu niðursuðuverksmiðjanna. Jafnframt lagði nefndin áherzlu á að hafa sem nánasta samvinnu við sérfræðinga og atvinnurekendur í þessari iðngrein. Gekkst nefndin fyrir sérstakri ráðstefnu, sem haldin var á Hótel Esju 30. nóv. í fyrra, en þar mættu sérfræðingar og atvinnurekendur hvaðanæva að af landinu, 63 talsins. Voru þar lögð fram drög að frv. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins og urðu um það miklar umr. Var það mikið ánægjuefni, að fullkomin samstaða var á ráðstefnunni um meginstefnu frv. og þær framkvæmdir, sem brýnastar væru og mikilvægastar. Jafnframt komu að sjálfsögðu fram ýmsar ábendingar, sem nefndin hefur unnið úr og tekið tillit til við endanlega gerð á till. sínum.

Frv. sjálft hefur nú legið á borðum þm. í eina viku og geri ég því ráð fyrir, að menn hafi kynnt sér efni þess gaumgæfilega, og því sé ég ekki ástæðu til að fjalla nákvæmlega um efnisatriði hverrar gr. um sig, heldur mun ég stikla á stóru.

Í 1. gr. er ákveðið það meginatriði, að íslenzka ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði bindist samtökum um að koma á laggirnar sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, sem verði sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Í 2. gr. er hlutverk stofnunarinnar rakið í sjö liðum. Henni er m. a. ætlað að annast sölu og dreifingarstarfsemi á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og skipuleggja hvers kyns markaðsöflun, samræma framleiðslu verksmiðjanna með skipulögðum vinnubrögðum og greiða fyrir öflun hráefnis með það markmið í huga, að gott hráefni verði ekki flutt úr landi óunnið, ef hægt er að nýta það hérlendis. Í þessari gr. eru ströng ákvæði um gæðaeftirlit, um fjölbreytta rannsóknastarfsemi og tækniþjónustu. Í því sambandi vil ég láta þess getið, að ég hef fyrir nokkru falið þeim sérfræðingunum Gísla Hermannssyni og Páli Péturssyni að semja nýja reglugerð um framleiðsluhætti þessarar iðngreinar í samræmi við ströngustu nútímakröfur um hollustuhætti og gæði. Er hér að minni hyggju um grundvallaratriði að ræða, ef við ætlum að ná þeim árangri, sem að er stefnt. Sérfræðingarnir hafa tjáð mér, að þeir geri sér vonir um að geta lokið verkefni sínu í vor, þannig að hin nýja reglugerð gæti hlotið staðfestingu um sama leyti og sölustofnunin hæfi framleiðslu sína, ef allt gengur að óskum.

Þá eru í þessari gr. ákvæði um, að stofnunin geti annazt sameiginlegan innflutning fyrir aðila sína og gerzt eignaraðili að dósa- og umbúðaverksmiðju. Einnig þetta atriði er mjög veigamikið. Hérlendis er aðeins starfrækt ein dósaverksmiðja, vanbúin að tækjum og framleiðslugetu, auk þess sem þrjár niðursuðuverksmiðjur framleiða dregnar dósir til eigin nota. Verð umbúðanna er tiltölulega stór hluti af framleiðslukostnaði niðursuðuvara, auk þess sem gerð og útlit umbúðanna er afar veigamikið atriði á mörkuðunum. Því þurfum við að efla þessa iðngrein til mikilla muna, og reynslan af Kassagerð Reykjavíkur sýnir, að einnig á sviði umbúða eigum við að geta háð árangursríka samkeppni við aðra.

Í 3. gr. er fjallað um aðild að sölustofnuninni, en hún er öllum opin án þess að nokkur sé til þess knúinn að taka þátt í henni. Jafnframt er stjórn stofnunarinnar veitt vald til að kveða á um gæði framleiðslunnar og um refsiaðgerðir, ef út af er brugðið. Auk þess er ákvæði um vörumerki á framleiðslu, sem seld er á vegum stofnunarinnar, og þarf ekki að færa rök að því, að kynning á slíku sameiginlegu vörumerki er eitt meginatriði markaðsöflunar.

Í 4. gr. er fjallað um stjórn stofnunarinnar, en þar er gert ráð fyrir því, að atvinnurekendur, sem aðild eiga, myndi fulltrúaráð með einum fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki, og sé fulltrúaráð þetta ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar. Þá er einnig lagt til, að fulltrúaráðið tilnefni tvo menn í stjórn stofnunarinnar, en þrír verði tilnefndir af iðnrn., viðskrn. og fjmrn. Er lagt til, að þessi skipan haldist um fimm ára skeið, meðan ríkið leggur stofnuninni til, ábyrgist eða útvegar meginhluta þess fjármagns, sem hún fær til starfsemi sinnar. En að fimm árum liðnum, þegar bein fjárframlög ríkisins falla niður og stofnuninni hefur vonandi vaxið fiskur um hrygg, er ákveðið, að fulltrúaráðið tilnefni meiri hl. stjórnar, þrjá af fimm.

Í 5. gr. eru ákvæði um tekjur sölustofnunarinnar. Þar er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram sem óendurkræft framlag 20 millj. kr. á ári í fimm ár og ábyrgist jafnframt fyrir hönd stofnunarinnar 100 millj. kr. lán. Þannig eiga greiðslur og ábyrgðir ríkisins að nema 200 millj. kr. á fimm árum, og er þar óneitanlega um mjög myndarlega fyrirgreiðslu að ræða í þágu þessarar iðngreinar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í lagagr., að niðursuðuverksmiðjurnar greiði sölulaun til stofnunarinnar. Í því sambandi má geta þess, að árið 1970 nam heildarútflutningur niðursuðuiðnaðarins um 143 millj. kr. Ef sölustofnunin hefði annazt allan þann útflutning og tekið 3% sölulaun, hefðu tekjur hennar af þeirri starfsemi numið 4.3 millj. kr. Í fjórða lagi er lagt til, að stofnunin geti tekið umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar í þágu iðngreinarinnar. Árið

1970 voru fluttar inn í þágu niðursuðuiðnaðarins umbúðir, krydd og aðrar rekstrarvörur fyrir 42.3 millj. kr. Ef sölustofnunin hefði haft alla þá starfsemi með höndum og tekið 5% umboðslaun, hefðu tekjur hennar af þeirri starfsemi numið 2.1 millj. kr. Þessar tölur eru að sjálfsögðu aðeins nefndar til viðmiðunar. Mér dettur engan veginn í hug, að stofnunin muni í reynd annast alla þessa starfsemi í þágu niðursuðuiðnaðarins. Hins vegar mun grunnurinn vonandi aukast til mikilla muna, eftir því sem stofnunin eflist og þeir aðilar, sem að henni standa.

Í 6. og 7. gr. frv. er svo kveðið á, að öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskhrognum og salt- og kryddsíld, renni næstu fimm árin í sérstakan sjóð, sem hafi það verkefni að efla niðursuðuiðnað, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis. Einnig þessi ákvæði frv. eru að minni hyggju mjög mikilvæg. Þau frábæru hráefni, sem okkur eru tiltæk, bjóða upp á sérstaka tilraunastarfsemi á okkar vegum, auk þess sem sjóðurinn yrði notaður til að efla niðursuðuiðnaðinn á annan hátt.

Til þess að gefa hugmyndir um tekjur þessa sjóðs, munu hér nefndar tölur, sem eru annars vegar miðaðar við útflutningsmagnið 1970, en hins vegar við útflutningsgjaldið eins og það var í byrjun þessa árs. Miðað við þessar forsendur er útflutningsgjald af niðursuðuvörum 2.3 millj. kr., af söltuðum grásleppuhrognum 6.5 millj. kr., af söltuðum ufsaflökum 3.2 millj. kr. og af frystum og sykursöltuðum þorskhrognum 11.6 millj. kr. Samtals nema þessar upphæðir 23.6 millj. kr. á ári miðað við magnið 1970, og mundi sú upphæð hækka um 3.6 millj. kr., ef útflutningsgjaldið verður hækkað úr 1900 kr. á tonn í 2300 kr., eins og nú hefur verið lagt til. Hér er hins vegar sleppt útflutningsgjaldi af salt- og kryddsíld vegna síldveiðibannsins og algerrar óvissu á því sviði, en miðað við útflutninginn 1970 hefðu útflutningsgjöld af þeim vörum numið 27.4 millj. kr. Í þessum frvgr. er því gert ráð fyrir mjög verulegum árvissum tekjustofnum.

Ég hef nú farið fljótlega yfir meginefni frv., en langar að lokum að víkja örfáum orðum að nafngiftum. Í þessu frv. er talað um niðursuðuiðnað, en ég hef áður lagt hér fram í þessari hv. þd. frv. um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði. Þessar nafngiftir þarf auðvitað að samræma. Orðalagið niðursuðu- og niðurlagningariðnaður er bæði langt og óþjált og því er í daglegu tali rætt um niðursuðu, einnig þótt um sé að ræða allt aðrar vinnsluaðferðir. Því er komin upp sú hugmynd að nota nýyrðið „lagmeti“ um allar framleiðsluvörur af þessu tagi. Mér finnst þetta orð bæði rökrétt og þjált og ég er sjálfur farinn að nota það án nokkurrar fyrirhafnar. Þó má vera, að aðrir eigi erfiðara með að fella sig við það, en þessar nafngiftir verður auðvitað að samræma í meðförum Alþ.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn. Jafnframt vil ég leggja á það áherzlu, að frv. verði afgr. á þessu þingi, svo að unnt verði að hefjast handa um framkvæmdir þegar í vor, ef þm. vilja á málið fallast. Eins og ég gat um í upphafi tel ég, að hér sé um stórmál að ræða. Við eigum kost á einhverju bezta hráefni, sem fáanlegt er til lagmetisiðju, en nýtum það aðeins að örlitlum hluta. Með fullvinnslu munum við stórauka verðmæti útflutningsframleiðslunnar, lyfta iðnþróun okkar á hærra stig og treysta til muna atvinnuöryggi og festu í fiskiðnaði okkar.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð um þetta mál við þessa umr. Í fyrsta lagi er þetta frv. nokkru síðbúnara en búizt var við af þeim, sem fyrir ríkisstj. hönd höfðu málið til meðferðar og sömdu frv. Eins og fram kemur í aths., skipaði hæstv. iðnrh. hinn 31. ágúst s. l. þriggja manna nefnd til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins. Eftir að nefnd þessi hafði kynnt sér þessi mál og leitað upplýsinga hjá fagmönnum og framleiðendum um þau, boðaði hún til almenns fundar með þessum aðilum að Hótel Esju þann 30. nóv. s. l. Þá var gert ráð fyrir því, að mál þetta kæmi til afgreiðslu fyrir áramót, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að þá voru fjárlögin til afgreiðslu í þinginu, en hins vegar augljóst mál, að hér var um allverulega fjárveitingu að ræða af hendi ríkissjóðs, ef frv. gerði ráð fyrir þeim fjárstuðningi, sem þá var rætt um og er í samræmi við það, sem nú er í þessu frv. Á þessum fundi lá fyrir uppkast að væntanlegu frv. Komu þá þegar fram nokkrar aths. við þær till., sem þá lágu fyrir. Ég sé, að ýmsar þær aths., sem fram komu á fundinum þann 30. nóv. frá nefndinni, sem sá fundur kaus sérstaklega til þess að yfirfara frv. eins og það var, hafa verið teknar til greina við endanlega gerð frv. En eitt er þó óbreytt, sem framleiðendur gerðu sérstaka aths. við og lögðu áherzlu á, og það er, hvernig stjórn hinnar væntanlegu sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins skuli skipuð. Með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi hér verulegt fjármagn fram til stuðnings og eflingar þessum atvinnuvegi, er bæði sjálfsagt og eðlilegt, að meðan svo stendur á hafi það opinbera hönd í bagga og eftirlit með sjálfum rekstrinum. En þó að hér sé um miklar fjárhæðir að ræða, þá verður sá hlutur, sem framleiðendur sjálfir leggja fram, væntanlega miklum mun stærri, bæði í einu og öðru formi. Þeir eiga og einnig að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta vegna framleiðslu sinnar, sem væntanlega verður árlega margföld sú upphæð, sem hér um ræðir. Það var því till. framleiðenda, að stjórn stofnunarinnar væri skipuð að meiri hluta af framleiðendum, enda held ég, að það geti ráðið úrslitum um það, að alger samstaða náist um þetta mál, og það verður að teljast mjög þýðingarmikið og æskilegt. Að öðru leyti er ekki óeðlilegt, að skipun stjórnarnefndarmanna af hálfu hins opinbera verði á sama hátt og tíðkazt hefur, þegar ríkisvaldið hefur haft afskipti af slíkum málefnum atvinnuveganna, þ. e. að nm. séu kosnir af Alþ. að viðhafðri hlutfallskosningu og sé formaður tilnefndur af viðkomandi ráðh.

Í þessu sambandi vildi ég geta þess, að á umræddum fundi, sem fyrir forgöngu nefndarinnar var haldinn þann 30. nóv. s. l., sögðust tveir af þrem nm., sem frv.

sömdu, geta fallizt á það sjónarmið framleiðenda, að þeir tilnefndu þrjá af fimm stjórnarnefndarmönnum. Ég verð að segja, að ég trúi ekki öðru en svo sé enn, eða þar til annað kemur í ljós.

Það er ýmislegt fleira smávægilegt, sem er ástæða til þess að athuga sérstaklega í n. undir meðferð málsins þar, orðalagsbreytingar o. fl., sem koma fyllilega að mínu mati til greina, t. d. í 2. gr. frv. Þar segir undir b-liðnum, að stofnunin skuli „annast alla sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum samkv. vöruskiptasamningum, sem gerðir hafa verið við önnur ríki.“ Ég hygg, að þar sé átt við, að það sé ekki verkefni þessarar stofnunar aðeins að sjá um það varðandi þá samninga, sem þegar hafa verið gerðir, heldur einnig þá samninga, sem gerðir verða í framtíðinni. Ég tel, að þarna þurfi að gera smávegis orðalagsbreytingu, sem skýrir þetta ákvæði betur, að það nái til framtíðarinnar einnig, en ekki bara til þeirra samninga, sem gerðir hafa verið. En þetta er nú bara smáatriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta við þessa umr. Ég vildi aðeins koma þessu hér að og beina því til n., að hún taki þetta til athugunar, þegar hún endanlega afgreiðir frá sér frv., sem væntanlega verður innan skamms tíma, þar sem hæstv. iðnrh. lagði á það sérstaka áherzlu, að mál þetta fengi fljóta afgreiðslu og yrði afgreitt á þessu þingi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Að vísu gerði hæstv. iðnrh. svo ítarlega grein fyrir þessu máli í framsöguræðu sinni, að óþarft er að bæta þar við mörgum orðum. Ég sat hins vegar í þeirri nefnd, sem um málin fjallaði, og síðasti ræðumaður vísaði til þess réttilega, að í þeirri nefnd kom fram nokkur ágreiningur um eitt atriði þessa frv., og þykir mér því rétt þegar við þessa 1. umr. að gera í örfáum orðum grein fyrir minni afstöðu sérstaklega til þess ákvæðis í frv., sem hann fjallaði um.

Þó vil ég segja það áður um niðursuðunefndina, sem svo var kölluð, almennt, að mjög fljótlega kom í ljós, að mikið hafði verið unnið í þessu máli. Ýmsir sérfræðingar höfðu starfað og skilað ítarlegum skýrslum, bæði innlendir og erlendir. Líklega er ítarlegasta skýrslan sú, sem kanadíska ráðgjafarfyrirtækið Stevensen & Kell-ogg skilaði um málið. Allar þessar skýrslur, sem við kynntum okkur ítarlega, og viðræður við fjölda af sérfræðingum sannfærðu okkur um það, að niðursuðuiðnaðurinn getur átt hér glæsilega framtíð. En við sannfærðumst jafnframt um það, að markaðsmál niðursuðuiðnaðarins eru í ólestri. Samtök eru þar ekki slík sem þurfa að vera til þess að litlir aðilar geti haslað sér völl á erlendum mörkuðum. Það er æðiflókið mál og margt, sem þarf til að koma, og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það. Nefndin einbeitti sér því að samningu frv., sem ætlað er að lagfæra þetta ástand, sem nú ríkir. Hér er afkvæmið. Það er frv. til l. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

Eins og síðasti ræðumaður minntist á, var frv. lagt fyrir mjög fjölmennan fund fulltrúa niðursuðuiðnaðarins og raunar marga fleiri 30. nóv. s. l. hér í bæ. Það var hinn ánægjulegasti fundur. Þar mættu jafnvel fleiri en við gerðum okkur vonir um og umræður urðu ágætar. Þar var leitazt við að vinna eins og frekast var unnt með fulltrúum niðursuðuiðnaðarins, m. a. nefnd, sem fundurinn eða viss hluti hans valdi til viðræðna við niðursuðunefndina. Og eins og kom fram hjá ræðumanni, þá var tekið tillit til langflestra þeirra aths., sem fram komu hjá þessari nefnd og öðrum, sem á ráðstefnunni voru.

Um eitt atriði hins vegar varð nokkur ágreiningur, og það er skipun stjórnar. Í því frv., sem nú hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir fimm manna stjórn, og er til þess ætlazt, að þrír verði skipaðir af ríkisstj., en tveir af fulltrúaráði niðursuðuiðnaðarins, þ. e. að ríkisvaldið hafi meiri hluta í þessari stjórn, en aftur á móti eftir fimm ár snúist þetta við og verði öfugt, þrír frá niðursuðuiðnaðinum og tveir frá ríkisvaldinu. Á fyrrnefndum fundi kom fram nokkur óánægja með þetta. Reyndar var það frv., sem þar var lagt fyrir, ekki eins og hér er sýnt. Þar var ekki gert ráð fyrir því, að þetta breyttist eftir fimm ár. Ég lýsti því á þeim fundi, að ég fyrir mitt leyti væri því hlynntur, að niðursuðuiðnaðurinn hefði meiri hluta í þessari stjórn, og hef síðan á öðrum vettvangi og víðar rökstutt þá skoðun mína. Ég tel það eðlilegt. Það verður ekki sízt um hagsmuni niðursuðuiðnaðarins að tefla í þessu máli. Að vísu er það rétt, að hið opinbera leggur fram e. t. v. óvenjulega mikla fjármuni sem styrk í fimm ár og hefur að því leyti hagsmuna að gæta, að þessu fé sé ráðstafað á eðlilegan máta. En vitanlega eru það hin mörgu niðursuðufyrirtæki í landinu, sem stærstra hagsmuna eiga að gæta. Þau láta í hendur þessarar stofnunar þau sambönd, sem þau hafa erlendis og raunar framleiðslu sína alla. Þau framleiða undir gæðamerki þessarar stofnunar og þeirra verður áfallið mest, ef illa tekst til.

Ég var með þá hugmynd þá, að fjárhagsáætlun stofnunarinnar yrði hins vegar lögð fyrir og þyrfti að fá samþykki ráðh. þau fimm árin, sem um opinberan styrk yrði að ræða. Um þetta varð ágreiningur í nefndinni og ég tel sjálfsagt, að það komi hér fram, að meiri hl. nefndarinnar valdi þá leið, að stjórnin væri skipuð eins og hér er gert ráð fyrir, en ég var þar einn í minni hl. Eftir töluverðar umræður varð hins vegar samkomulag um það, að eftir fimm ár snerist þetta við. Ég tel fyrir mitt leyti þetta viðunandi lausn, því að ég tel málið svo mikilvægt og svo nauðsynlegt, að það fái framgang á þessu þingi, eins og fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni, að ég vildi ekki bera ábyrgð á því, að málið tefðist svo, að það yrði ekki lagt fyrir þetta þing. Því hef ég fallizt á þessa skipun og mun fylgja henni.

Í sambandi við það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að máli þessu yrði hraðað, þá vil ég aðeins upplýsa það, ekki sízt með tilliti til þeirrar gagnrýni, sem komið hefur fram á störf nefnda, að við erum þegar búnir að halda einn fund um þetta mál, þó að það sé nú ekki komið til okkar. Við erum búnir að ákveða það, hvaða aðilar fá það til umsagnar, og verður það gert án tafar, ef d. fellst á að senda málið til n.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég átti þess kost að sitja þá ráðstefnu, sem vitnað hefur verið til um þessi mál, og vil aðeins undirstrika það, sem kom nú fram og kemur fram í skýrslunni, að það var gagnrýnt fleira heldur en stjórnskipunin, atriði, sem er ekki síður mikilvægt en hvernig stjórnin á þessu á að vera.

Það, sem ég ætla þá að byrja fyrst á hér, er varðandi tekjuöflun þessara samtaka. Hér er farið út á algerlega

nýja braut, sem ég sé ekki fyrir hvar endar, ef hún verður tekin upp og viðurkennd. Og hún er fólgin í því að skattleggja framleiðslu og færa frá henni yfir til annarrar iðngreinar. Og ef við byrjum á þessu stigi, þá dettur mér skyndilega í hug hér í ræðustól, að t. d. væri vandalaust að skattleggja Gefjun-Iðunn á Akureyri og færa þar á milli yfir í Öl & Gos eða Sanaverksmiðjuna, þar sem hún hefur gengið illa á Akureyri. Það er alveg hliðstætt, má segja, sem farið er út í hérna. Ég á þá við, að það á að fara að skattleggja saltsíldina sérstaklega og þorskhrogn sérstaklega sem nemur tugum millj. í þágu niðursuðuiðnaðarins.

Hér er um mikið mál að ræða, og ég hef lýst óánægju minni yfir því, að afgreiðsla á öðru frv. gengi fyrir sig hikstalaust án undangenginnar betri athugunar, vegna þess að fyrir d. liggur annað frv. á þskj. 309, Ed.-málið 162, þar sem lagt er til, að útflutningsgjöld séu aukin, vegna þeirrar röksemdafærslu, sem er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh., að þennan sjóð, Tryggingasjóð fiskiskipa, vantar nú verulegt fjármagn og það svo að nemur mörgum tugum millj., ef ekki á annað hundrað millj. Hér liggur hins vegar líka á borðinu hjá okkur frv., sem er ekki um að breyta skattheimtu í sjálfu sér, en að færa hana frá þessum sjóði yfir á aðra grein, þannig að Tryggingasjóð fiskiskipa vantar mun meira fé, og þarf þess vegna að athuga þessi frv. í samhengi, að minni hyggju. Ég tel eðlilegt, eins og gert hefur verið í sjávarútvegi, að iðngreinin sem slík byggi sig upp eins og aðrar iðngreinar sjávarútvegsins hafa gert og munu gera áfram. Um það hafa ekki verið deilur. Það hafa verið deilur um það, hversu há þessi skattlagningarprósenta á að vera. Hitt er algert nýmæli, sem ég vona að hv. n. hugleiði mjög gaumgæfilega, hvort á að byrja á því að færa á milli greina. Það er alveg ný stefna, og ég vara við þeirri stefnu.

Ýmislegt annað í frv. mætti fjalla hér um. Það er nú svolítið undarlega til orða tekið sums staðar um ákveðna hluti hér. Það er talað um, að saltsíld sé engan veginn fullunnin. Við getum auðvitað unnið flesta okkar vöru meira. Þó er saltsíld þannig, þegar hún er bæði flökuð og flutt úr landinu, – hún er fullverkuð. Um hana hafa verið settar mjög strangar matsreglur. Hún skaffar gífurlega vinnu í landinu og það er auðvitað hægt að skera hana í enn minni bita og setja hana í fleiri umbúðir. Það er hægt að gera við mjög margar okkar afurðir og kalla hvert stig frekari fullvinnslu.

Það er talað um, að við eigum að stefna hér að því að koma upp fiskréttaverksmiðju – það er ágætt – og dósamat og túpumat, og mig minnir, að hæstv. ráðh. reiknaði út hugsanlega framleiðslu í tugum millj. ef ekki hundruðum millj. túpa. Allt þetta er hægt að reikna út og láta tölvurnar gefa okkur jafnvel milljarða í túpum, ef við komum öllu slíku inn. En þá er bara eftir að losna við framleiðsluna. Ég hef það fyrir satt, að ráðh. hafi haft áhyggjur af því að flytja saltsíld norður á Siglufjörð, – því miður er hann nú ekki hér við, – en hann hafi stöðvað þann flutning um tíma a. m. k. Kannske er lausn komin á það í dag. Vonandi hefur rætzt úr þessu máli, en þó er ekki um nema 12 þús. tunnur að ræða handa þessari einu verksmiðju, og má nú mikið bætast í, ef öll þessi stórkostlegu plön varðandi niðursuðuiðnaðinn verða að raunveruleika. Þó vil ég taka það skýrt fram, að ég styð algerlega og við í Alþfl. meginefni frv., og ég styð það, að ríkissjóður leggi þessum iðnaði til fjármagn með eðlilegum hætti og uppbygging hans verði endurskipulögð og stórkostlegt átak gert til þess að efla iðnaðinn, þó svo að við kunnum að deila um það, hvort frystur fiskur í neytendapakkningum telst fullunninn eða ekki. Það kemur raunar fram hér í grg., hvernig beri að líta á það. Það er eiginlega engin fullvinnsla í landinu nema það, sem komið er í túpur eða er steiktur fiskréttur. Ég lít hins vegar ekki þannig á hlutina. En það er ekki meginatriði, vegna þess að breyting á þessari vöru úr hráefni yfir í niðursoðna vöru skeður með íslenzku vinnuafli, en umbúðirnar eru erlendar að langmestu leyti eins og er, og umbúðakostnaður í niðursoðnum afurðum er yfirleitt um 30–35% og svo til allur erlendur. Við flytjum umbúðirnar inn og flytjum þær út aftur. En hins vegar breytir það markaðseftirspurn vörunnar og gerir okkur kleift að skaffa meiri vinnu hér heima, sem er afar nauðsynlegt og einnig að afsetja vöruna um leið.

En á eitt atriði hefur aldrei verið drepið í þessum umr., ekki af neinum manni. Skapar slík áframhaldandi vinnsla hærra verð fyrir hráefni til sjómanna? Við erum þá ekki betur settir, ef þessi vinnsla getur ekki skapað hærra verð fyrir hráefni til sjómanna, og á það minntist hæstv. ráðh. ekki, að niðursuðuiðnaðurinn erlendis hefur átt við mikla vinnuerfiðleika að stríða. Og ef hann kæmi inn í niðursuðuverksmiðju núna í Vestur-Þýzkalandi, – ég veit ekki, hvað skeður í Austur-Þýzkalandi, en í Vestur-Þýzkalandi, – þá heyrði hann mörg tungumál töluð, mjög mörg, frá flestum Suður-Evrópulöndunum og jafnvel brot að austan. Og vegna hvers er það? Vegna þess að þetta vinnuafl er ódýrara heldur en hitt vinnuaflið, sem risaiðnfyrirtækin eru að slást um, og niðursuðuverksmiðjurnar verða að sætta sig við verulegt innflutt vinnuafl. Við skulum því gera okkur fulla grein fyrir því, að niðursuðuiðnaður á Íslandi á við ýmsa örðugleika að etja, en þeir þurfa engan veginn að vera svo miklir, og ég vil ekki mikla þá, að við eigum að vera feimnir við að ráðast gegn þeim og efla þessa iðngrein á allan hátt. Að því vil ég standa. En ég tel það óeðlilegt og eiginlega hæpnar forsendur að setja sköttun á saltsíld, sem á nú mjög í vök að verjast og gefa mun litla peninga, en þó stendur hér í aðalmgr., að það á að efla niðursuðu á saltsíld og öðrum sjávarafurðum. Það fer ekki saman að byggja upp stórkostlegan iðnað, sem á að treysta á það hráefni, sem er svo sagt á hinu leitinu að muni ekkert gefa af sér í skattgjaldi og þess vegna sé ótímabært að vera að rífast um slíkt skattgjald. Það er eitthvað rangt í slíkri staðhæfingu, þegar hún gengur á víxl.

Ég vil ítreka það, að n. athugi það alvarlega að fara ekki út fyrir skattlagningu á iðngreininni sjálfri. Varðandi þorskhrognin er það þannig, að þau eru næstum óseljanleg í dag í tunnum, og er það athyglisvert, ef okkur mundi ganga miklu, miklu betur að selja þau í túpum eða niðursoðin. Ég veit um mann, sem nýlega hefur verið í Englandi, vel þjálfaðan í þessum efnum, og hann hefur rekið niðursuðu á þorskhrognum hér undanfarið. Hann á mjög erfitt núna og mjög erfitt með að koma þeim inn erlendis. Og það tímabil, sem hægt er að framleiða þessa vöru, – því að það er heimtað, að hún sé fersk, ekki fryst, – það er mjög stutt á Íslandi, mjög stutt. Það stendur í 6–8 vikur. Þó hafa sumar

verksmiðjurnar viljað taka þau fryst, en þær verksmiðjur, sem gera kröfu um, að hrognin séu fersk, geta ekki framleitt fersk hrogn á lengri tíma en um tveggja mánaða tímabili. Víða kemur samkeppni frá, m. a. frá Noregi. Nú er þar óvenjugóður afli og kann það að valda þessari sölutregðu hjá íslenzkum aðila, en ég er þó sannfærður um, að með því skipulagi og bætta átaki, sem frv. gerir ráð fyrir að verði, þá muni okkur ganga betur að losna við okkar vöru, með mikilli auglýsingastarfsemi og undir okkar sérstaka vörumerki. En við skulum líka athuga það, að a. m. k. í Vestur-Evrópu erum við að keppa við fjárhagslega mjög sterk fyrirtæki, a. m. k. á okkar mælikvarða, þó að um eitt einstakt fyrirtæki sé að ræða. Við höfum starfað með fyrirtæki, sem heitir Bjelland, í sambandi við Norðurstjörnuna í Hafnarfirði. Það fyrirtæki annaðist alla sölu á framleiðslunni. Eftir nokkurra ára þjálfun var starfslið þess fyrirtækis komið upp í eðlileg afköst miðað við bónuskerfi. Hins vegar tók það mjög langan tíma að þjálfa starfsliðið þannig, að afköst hjá því fyrirtæki væru sambærileg við það, sem er í Noregi. Hins vegar varð hráefnisskortur því fyrirtæki að aldurtila, en e. t. v. er hægt að breyta um og fara í aðra framleiðslugrein heldur en síld. Nú er verið að reyna við lifur. Ég sá það nú reyndar í blaði hæstv. iðnrh., að það væri tíföldun á því að sjóða niður lifur. Það hefur nú sennilega aðeins verið miðað við, að hún væri flutt út í tönkum, en hér í Reykjavík er nú fyrirtæki, sem hefur framleitt meðalalýsi um árabil og hefur margfaldað verðmæti lifrarinnar og mun halda því áfram. Engu að síður er veruleg búbót að því að geta soðið niður mikið af lifrinni. En það ber alveg að sama brunni. Ef niðursuðan á að fá lifur, þá skal það vera úrvalslifur og hún fæst aðeins takmarkaðan tíma ársins, því miður. Það er mjög erfitt að fá góða lifur í niðursuðu nema á vertíð. Þó kynni það að vera undir vissum kringumstæðum á sumrin, ef göngufiskur kemur inn fyrir vestan eða norðan, en þá eru líka flutningsvandræðin orðin mikil.

Einnig er það mikið atriði, hvernig dreifing á fyrirtækjum á sér stað. Ég held persónulega, – það er kannske harður dómur, en ég held það persónulega, – að þessi fyrirtæki megi ekki vera of lítil, til þess að þau geti fullnýtt sjálfvirkni í framleiðslu. Og ef sjálfvirkni kemst ekki á í niðursuðu, þá er hún fyrir fram dauðadæmd á hinum stóra, breiða markaði, sem við erum að reyna að keppa að að koma afurðum okkar á. Þetta þýðir það, að fjármögnun á slíku fyrirtæki verður mjög mikil og það verður að undirbúa slíkt fyrirtæki mjög vel. Og það er misskilningur, að það sé hægt að hafa þessi fyrirtæki úti um allt land. Þau hljóta að vera við vissar stórar verstöðvar eða jafnvel í þéttbýliskjarna. Að öðrum kosti eiga þau ekki lífsmöguleika að minni hyggju.

Á þetta vildi ég nú benda. Það er kannske óþarfi að vera með svona sparðatíning, en það er gert í góðri meiningu, svo að menn geri sér fulla grein fyrir því, að þegar svona stórátak á að gera, þá verður að huga að ýmsu öðru en að leggja viðbótarskattgjald á saltsíldarframleiðslu og sykurhrognaframleiðslu. Það mun hvergi nærri duga til.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal forðast að tefja tímann, en það er aðeins eitt atriði, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., sem ég tel mér nauðsynlegt að leiðrétta. Hann kvað hafa komið fram á ráðstefnunni verulega gagnrýni á það ákvæði frv. að flytja útflutningsgjöld af vissum sjávarafurðum yfir til þessarar stofnunar. Í þeim drögum, sem lögð voru fyrir þessa ráðstefnu, var önnur gr., 5. gr., með ákvæði um það, að leggja viðbótarútflutningsgjöld, 5% af tollverði, á útflutt hráefni, sem nota mætti til innlendrar niðursuðu eða niðurlagningar og sem keppir að öðrum kosti við íslenzka framleiðslu á erlendum mörkuðum, og svo voru þau talin upp. Það var þetta ákvæði, sem var mjög gagnrýnt á ráðstefnunni, en þegar ég fletti í gegnum þessa fundargerð, sem ég hef hér fyrir framan mig, finn ég hvergi gagnrýni á flutning útflutningsgjaldsins sem slíks til stofnunarinnar. Nefndin tók gagnrýnina að fullu til greina og strikaði það ákvæði, sem ég las áðan, út úr drögunum, enda er það ekki að finna í því, sem hér liggur fyrir.

Það mætti vitanlega halda hér langt faglegt erindi um niðursuðuiðnaðinn og getur vel verið til fróðleiks fyrir dm., en ég skal forðast það. Það má vel vera, að niðursuðuiðnaðurinn eigi í miklum erfiðleikum og muni eiga í miklum erfiðleikum, og jafnvel má vera, að hann eigi ekki framtíð hér, þó að ég hafi sannfærzt um hið gagnstæða af mínum kynnum af þessum iðnaði, eftir störfin í nefndinni, en það er alla vega sannfæring mín, að hann eigi sér enga framtíð nema sterk sölusamtök myndist fyrir þennan iðnað, nokkurn veginn eins og gert er ráð fyrir í þessum frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 660, 664).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til l. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins og mælir einróma með samþykkt þess, þó með nokkrum breytingum. Aftur á móti varð ágreiningur um eitt atriði frv., reyndar mjög mikilvægt atriði, þ. e. hvernig stjórn stofnunarinnar skuli skipuð, og einstakir nm. hafa því áskilið sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Á síðari árum hafa fjöldamargir einstaklingar og félagasamtök orðið til að benda á, hvílíkir möguleikar eru fólgnir í aukinni fullvinnslu íslenzkra sjávarafurða og framleiðslu ýmiss konar fullbúinna matarrétta úr hráefnum. Jafnframt hefur þá verið fjölyrt um þá óneitanlegu staðreynd, að íslenzkur niðursuðu- og niðurlagningariðnaður hefur ekki þróazt með eðlilegum hætti hér á landi. Menn hafa bent á það með réttu, að niðursuðu- og niðurlagningariðnaðurinn er einkennilega vanþróaður hér á landi miðað við mörg nálæg lönd og framleiðsluaukning í þessum iðnaði hefur ekki orðið slík, sem menn hafa vænzt. Í stuttu máli má segja, að þessi iðnaður hafi verið að hjakka svo til í sama farinu undanfarna áratugi.

Langt er síðan mönnum varð almennt ljóst, hvað helzt hefur staðið þessum iðnaði fyrir þrifum. Það eru að sjálfsögðu markaðs- og sölumálin. Þau hafa alla tíð verið í molum, enda íslenzkir framleiðendur smáir, fjárvana og lítils megandi á erlendum mörkuðum. Oft

hefur staðið til, að átak yrði gert til að brjóta niðursuðuiðnaðinum leið út úr sjálfheldunni. Margar nefndir hafa verið skipaðar til að gera till. um úrbætur og í þær hafa valizt ágætustu sérfræðingar okkar. Þeir hafa skilað frá sér ítarlegum og merkum till. til stjórnvalda, en till. þeirra hafa því miður ekki komizt í framkvæmd og við það hefur setið. Eina tilraun hafa framleiðendur sjálfir gert til þess að brjóta sér leið inn á erlenda markaði. Árið 1968 var framkvæmd markaðsrannsókn af kanadíska ráðgjafarfyrirtækinu Stevenson & Kellogg, sem var kostuð með styrk frá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaðan af þessari rannsókn var sú, að líklegt væri, að með markvissu átaki væri mögulegt að afla niðursuðu- og niðurlagningarvörum erlendra markaða á fimm árum, sem næmu að verðmæti 900–1000 millj. ísl. króna á þáverandi gengi. Í framhaldi af þessari bjartsýnu og álitlegu niðurstöðu sérfræðinganna var stofnuð fyrirtækjasamsteypa, sem bar nafnið Sameinuðu niðursuðuverksmiðjurnar og í voru fimm stærstu framleiðendur í niðursuðuiðnaði á þeirri tíð. Jafnframt var útvegað lán hjá stofnun, sem ber heitið International Finance Corporation og er í tengslum við Alþjóðabankann, og átti það að veitast þessum nýju samtökum að fenginni ábyrgð frá íslenzkum banka. Upphæð þessa láns var 1 millj. dollara eða jafngildi 88 millj. ísl. króna. Jafnframt þessu var gert ráð fyrir því, að þessi nýju samtök keyptu upp verulegan hluta af hlutabréfunum í þeim fimm verksmiðjum, sem stóðu að þessu nýja fyrirtæki, þannig að þær hefðu raunverulega orðið eign samtakanna og þarna hefði þá orðið um að ræða eina fyrirtækjasamsteypu með sameiginlega sölustarfsemi, sameiginlegt gæðaeftirlit og sameiginleg hráefnainnkaup og alla aðra starfsemi að sjálfsögðu sameiginlega nema framleiðsluna. Það er skemmst frá að segja, að þessi tilraun fór algjörlega í vaskinn og mistókst. Skýringin á því var sú, að því er komizt verður næst, að enginn íslenzkur banki fékkst til að bera ábyrgð á þessu mikla láni, sem ekki átti að festa í neinni áþreifanlegri eign, hvorki fasteign né lausafjármunum, heldur átti að renna til sölustarfsemi og til að skapa ný viðskiptasambönd, sem því miður þykja ekki nægilega örugg andlög veðréttinda. Þar af leiddi sem sagt, að af láninu varð ekki. Bankaábyrgðin var ófáanleg og þessi samtök komust aldrei á legg. Ég minni hér á þessi atriði, vegna þess að ég tel, að við verðum að hafa þessa forsögu málsins vel í huga, þegar við ræðum um það, sem nú er í bígerð í niðursuðumálum, og fjöllum um það frv., sem hér er á dagskrá.

Það var eitt mikilvægasta fyrirheitið, sem fólst í málefnasamningi núv. ríkisstj., að gert yrði stórátak til að efla niðursuðuiðnaðinn í landinu. Hæstv. iðnrh. skipaði þriggja manna nefnd í haust til að undirbúa framkvæmd þessa fyrirheits. Ég vil skjóta því að í framhjáhlaupi, að ég minnist þess, að af hálfu stjórnarandstöðunnar var talsverð tilraun gerð til þess að gera hávaða út af því á sínum tíma, að í fyrrnefnda nefnd voru ekki valdir sérfræðingar í niðursuðumálum. Ég held hins vegar, að þeir, sem betur þekktu til, hafi gert sér almennt grein fyrir því, að sú gagnrýni var á algjörum misskilningi byggð. Þess þurfti ekki með í þetta sinn, að samin yrði enn ein sérfræðileg umsögn um vandamál niðursuðuiðnaðarins. Sérfræðilegar skýrslur og álitsgerðir voru nægar fyrir hendi. Það, sem til þurfti, var að koma málinu á framkvæmdastig. Það þurfti að safna saman fyrirliggjandi gögnum og móta stefnu, sem stjórnvöld væru reiðubúin að standa við og hrinda í framkvæmd.

Störf þessarar nefndar hafa í aðalatriðum verið þessi: Í fyrsta lagi að kanna til hlítar, hverjar voru hinar raunverulegu ástæður til þess, að áformin um Sameinuðu niðursuðuverksmiðjurnar og starfsemi þeirra gufuðu upp á sínum tíma og ekkert varð úr þessari markaðssókn, sem var fyrirhuguð. Í öðru lagi að semja frv. um ný sölusamtök fyrir þennan iðnað, sem gætu valdið því stóra og mikla hlutverki, að ryðja íslenzkum niðursuðu- og niðurlagningariðnaði brautina á erlenda markaði. Það er frv., sem við erum nú með hér til umr. Í þriðja lagi að semja nýtt frv. um niðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Það frv. hefur verið lagt fyrir Alþ. og afgr. frá hv. Ed. Í fjórða lagi að athuga um skipulag gæðaeftirlits fyrir þennan iðnað. Það mál er nú í framhaldsathugun hjá nokkrum mönnum, sem sérfróðir eru um málefni þessa iðnaðar. Í fimmta lagi tók nefndin sér fyrir hendur að kanna með aðstoð sérfræðinga vandamál nokkurra niðursuðufyrirtækja, sem lent hafa í sérstökum erfiðleikum.

Ég vil nú víkja nánar að þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þeim ábendingum, sem n. hafa borizt í skriflegum umsögnum frá ýmsum aðilum, og jafnframt þá að þeim brtt., sem n. hefur orðið sammála um að flytja. Það er þá fyrst til að taka heiti stofnunarinnar og þar með heiti frv. Ég get upplýst það, að nefndin, sem samdi þetta frv., gerði sér fyllilega grein fyrir því, að þarna var um rangnefni að ræða, og hún ætlaðist einmitt til þess, að fundið yrði nýtt nafn yfir þennan iðnað, áður en frá því yrði gengið hér á Alþ. Það hefði verið rangnefni að nefna þetta „sölustofnun niðursuðuiðnaðarins“, vegna þess að þessari stofnun er einmitt ætlað að selja framleiðslu, sem ekki hefur verið niðursoðin. Það er tvennt ólíkt, niðursoðnar vörur og niðurlagðar vörur, en að vera stöðugt með þennan langa hala, nefna bæði niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir, þegar á þessi mál er minnzt, það er að sjálfsögðu mikið óhagræði. Nefndin lét það nægja að koma með nýyrði inn í annað af þessum frv., sem hún skilaði af sér, þ. e. frv. um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði. Hún kom með þetta nýyrði, sem er lagmeti, – heildarheiti fyrir alla þessa framleiðslu, hvort sem hún hefur verið soðin niður eða lögð niður, – og vildi láta á það reyna, hvort alþm. gætu sætt sig við þetta nýja orð. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hef orðið var við allmikla gagnrýni. Sumir telja, að mönnum komi ómeti í hug, er á lagmeti verði minnzt, en ég geri nú ekki mikið úr þeirri gagnrýni og vil að endingu nefna það, að nefndin sendi þetta til umsagnar nýyrðanefndar, sem mælti eindregið með því, að nafni frv. yrði breytt og þetta orð yrði tekið upp sem nýyrði í málinu.

Það eru því allmargar gr. í frv., sem breytast þessu til samræmis. Hvað snertir 2. gr. frv. þá fjallar hún um viðfangsefni stofnunarinnar. Þar er talið upp í sjö liðum, hvert skuli vera hlutverk stofnunarinnar. Það kom fljótlega fram við a-liðinn sú ábending frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að það yrði að skilgreina betur, hvað þessi stofnun ætti að selja, því að það væri óeðlilegt, ef hún færi inn á verksvið Sölumiðstöðvar hrað-

frystihúsanna, og þeim fannst þetta óþarflega víðfeðmt orðalag, að stofnunin ætti að annast sölu á fullunnum sjávarafurðum almennt. Þess vegna var það ráð tekið að vísa hér til orðalags, sem er fyrr í málsgr., þar sem segir, að stofnunin eigi að selja niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir svo og rækju og annan skelfisk. Þetta eru þær vörur, sem stofnunin hefur heimild til að annast sölu á, og aðrar ekki, og þetta er bundið með brtt. n. við a-liðinn. Í b-lið frv. er gert ráð fyrir því, að þegar um það er að ræða, að ríkið geri vöruskiptasamninga við önnur ríki um sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, þá komi það af sjálfu sér og sé lögbundið, að stofnunin, sem hér um ræðir, skuli annast þá sölu. Þarna er auðvitað fyrst og fremst átt við sölu á niðursoðnum og niðurlögðum vörum eða lagmetisvörum, sem er nú rétt að nefna þetta héðan í frá, til sósíalísku ríkjanna í Austur-Evrópu. N. leggur hins vegar til, að orðalaginu sé eilítið hnikað til og í staðinn fyrir að tengja þetta við vöruskiptasamninga, þá sé þetta tengt við lönd, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn, eins og segir í brtt. n. í b-lið. N. hafði það í huga, að vöruskiptasamningar eru frekar á undanhaldi og óheppilegt að binda þetta við vöruskiptasamninga sem slíka, þegar það væri sérstaklega haft í huga, að þarna væri um að ræða samninga við ríkisstofnanir eða ríkið sjálft. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að Félag ísl. niðursuðuverksmiðja óskaði eftir því, að við gr. yrði bætt þeirri setningu, að slíkir samningar yrðu framvegis gerðir af stofnuninni fyrir milligöngu ríkisstj. Þeir sem sagt óskuðu eftir því, að það yrði lögbundið, að þegar um er að ræða samninga af þessu tagi, þá kæmi stofnunin til skjalanna og gengi frá slíkum samningum fyrir hönd ríkisstj. Við, sem eigum sæti í iðnn., gátum samt ekki fallizt á þessi tilmæli. Við töldum það liggja nokkuð í hlutarins eðli, að þegar um það yrði að ræða, að slíkir samningar yrðu gerðir, sem sölustofnunin ætti síðan að útfæra, væri ekki fram hjá henni gengið og hún yrði höfð með í ráðum og það yrði leitað til hennar um að eiga menn í viðkomandi samninganefnd, og starfið mundi fyrst og fremst hvíla á henni. Við töldum hins vegar óeðlilegt að fara að lögbinda þetta atriði, en eðlilegt að ríkisstj. hagaði þessu á þann hátt, sem hún telur skynsamlegt hverju sinni.

Hvað c-lið 2. gr. snertir, þá er þar um að ræða, hvernig haga skuli gæðaeftirliti með framleiðslu þeirra aðila, sem eru þátttakendur í samtökunum. Spurningin er og hefur verið sú, hvort rétt sé, að um verði að ræða tvöfalt kerfi eða einfalt kerfi. Hvort um sé að ræða, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafi sérstakt gæðaeftirlitskerfi með framleiðslunni og síðan hafi stofnunin annað kerfi á eigin vegum, líkt og er með hraðfrystar sjávarafurðir, eða hvort þarna yrði um einfalt kerfi að ræða, sem yrði þá á vegum beggja aðila. Það er ekkert í frv. eða orðalagi þessarar gr., sem segir til um, hvora leiðina skuli velja. Það verður því að ráðast í reynd, hvor leiðin verður talin skynsamlegri. Við höfum alltaf gert ráð fyrir því, að þetta muni ráðast í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en þar sem Félag ísl. niðursuðuverksmiðja hefur sérstaklega óskað eftir því, að það sé tekið inn í frvgr., að þetta skuli gert í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þá taldi iðnn. sjálfsagt að verða við þeim tilmælum og skjóta því inn í frvgr. Þó að um sé að ræða atriði, sem í raun og veru skipti ekki máli, þá hefði vafalaust engum dottið í hug að þetta yrði unnið á annan hátt.

Ef litið er á e-lið frvgr., þá er þar gert ráð fyrir því, að stofnunin annist sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar og í öðru lagi, að stofnuninni sé heimilt að gerast eignaraðili í dósa- og umbúðaverksmiðju. Þarna er aðeins um heimildarákvæði að ræða, en ákvæði, sem getur verið mjög skynsamlegt og eðlilegt, og það er mögulegt að upplýsa það hér, að Dósagerðin h. f. hefur tekið upp mjög jákvæða afstöðu til þess að þetta gæti komið til greina hvað það fyrirtæki snertir. Undirbúningsnefndin, sem undirbjó þetta frv., átti einmitt viðræður við forráðamenn þess fyrirtækis. Aftur á móti gerðist það við skoðun málsins í iðnn., að fyrrnefnt fyrirtæki, Dósagerðin h. f., óskaði eftir því að eiga aðild að stofnuninni og eiga fulltrúa í fulltrúaráðinu og óskaði þá eftir því, að ákvæði um það yrði skotið inn í 2. gr., e-lið. Iðnn. ræddi þetta atriði talsvert og menn höfðu nú almennt skilning á því, að það gæti vel komið til greina, að ef um það yrði að ræða, að stofnunin yrði eignaraðili í þessari verksmiðju, þá ætti viðkomandi dósagerð áheyrnarfulltrúa í fulltrúaráðinu. Mönnum fannst hins vegar, að þarna gæti nú tæplega orðið um að ræða atkvæðisrétt, en þar sem þetta er nú allt saman óljóst, hvernig á þessu verður haldið, hvort þarna verður um að ræða eina eða fleiri dósaverksmiðjur og hvaða álit framleiðendur sjálfir hafa á þessu atriði, þá töldum við ekki að svo komnu máli rétt að vera uppi með brtt. í þessa átt, enda hugsanlegt að koma þessu fyrir á einhvern þann hátt, sem menn geti verið ánægðir með, án þess að það sé endilega lögbundið.

Í f-lið 2. gr. er gert ráð fyrir því, að stofnunin fylgist með og greiði fyrir öflun hráefnis til niðursuðu og niðurlagningar, og í því sambandi fékk n. ábendingu frá Félagi ísl. niðursuðuverksmiðja, sem lagði til, að svofellt ákvæði yrði sett inn í frv.: „Einnig er stofnuninni heimilt að afla hráefnis erlendis frá eða frá erlendum skipum, ef hráefni verður ekki fengið innanlands, enda sé slíkur innflutningur talinn hagkvæmur.“ N. féllst ekki á að taka inn þetta ákvæði. Það er rétt hins vegar að upplýsa það, að ákvæði hliðstætt þessu, sem ég var nú að lesa, var í frv., þegar undirbúningsnefndin sendi það frá sér til ríkisstj., og menn töldu, að þetta væri einmitt mjög athugandi, að stofnunin beitti sér fyrir öflun hráefnis erlendis frá, þegar brýn þörf væri á því. Þetta var hins vegar fellt úr frv. við nánari undirbúning málsins, vegna þess að mönnum sýndist óeðlilegt, að stofnunin sem slík fengi endanlegt vald um það, hvort þetta skyldi gert eða ekki. Það er svo, að við höfum stranga löggjöf um þessi efni og í henni er gert ráð fyrir ákveðnum heimildum, sem ríkisstj. og sjútvrh. hafa til þess að veita undanþágur af þessu tagi og til að heimila hráefniskaup af erlendum veiðiskipum, og það var talið óeðlilegt að fara að rýmka þessi ákvæði og veita einstökum aðilum rétt til þess að gangast fyrir hráefniskaupum af erlendum skipum, meðan löggjöfin sem slík væri ekki tekin til algerrar endurskoðunar. Ef þessi stofnun hefði fengið heimild að þessu tagi, þá væri ekki óeðlilegt, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna kæmi og óskaði eftir svipaðri heimild og þannig gæti orðið um fleiri stofnanir. Þó að n. féllist ekki á að taka þetta inn í frv., felur það ekki í sér, að n. telji þetta út af fyrir sig

fráleita hugmynd. Þetta getur vel komið til greina, en verður þá að vera háð samþykki ríkisstj. og sjútvrh.

Við 3. gr. frv. hefur engin brtt. verið gerð, hvorki af iðnn. né neinum þeim aðila, sem umsögn hefur gefið um frv. Í þessari gr. er um það fjallað, með hvaða hætti framleiðendur verði aðilar að þessari stofnun. Menn kynnu við fljótan lestur frv. eða við ónóga yfirsýn að ímynda sér, að hér væri um að ræða, að verið væri að þjóðnýta útflutningsverzlun með niðursuðuvörur eða hérna væri að koma upp einhvers konar einokunarfyrirtæki í sambandi við útflutningsverzlun með niðursuðuvörur. Ég vil leggja á það áherzlu hér, að svo er alls ekki. Þetta er ekki einokunarfyrirtæki af neinu tagi og heldur ekki þjóðnýtingarfyrirtæki. Þó að ég hafi út af fyrir sig ekki teljandi á móti því, að slíkir hlutir séu framkvæmdir, þegar það á við, þá tek ég það fram, til þess að undirstrika og vara við þeim misskilningi, sem kynni að koma upp, að hér er ekki um þjóðnýtingu að ræða af neinu tagi. Hérna er um að ræða frjáls samtök, sem framleiðendur geta orðið aðilar að, ef þeir kjósa, en ef þeir vilja halda áfram að vera utan við þessi samtök og selja framleiðsluna á eigin vegum, þá bannar enginn það. Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að þeir, sem vilja eiga aðild, verði að sækja um það með skriflegum hætti, og þegar þeir eru komnir inn í samtökin, þá verða þeir að vera þar og geta ekki gengið úr þeim aftur nema með árs fyrirvara, og þegar þeir eru komnir inn í samtökin með frjálsum hætti, þá eru þeir skyldir að fela stofnuninni sölu á allri sinni framleiðslu og ekki heimilt að selja vöruna úr landi með öðrum hætti. Það er sem sagt rétt að undirstrika það, að hér er um að ræða stofnun, sem veitir ákveðið hagræði, veitir framleiðendum ákveðin réttindi og leggur um leið á herðar þeirra ákveðnar skyldur, en þetta er stofnun, sem menn eru frjálsir að ganga í og fara úr aftur.

Af hagkvæmnisástæðum kýs ég nú að hlaupa yfir í 6. gr. næst. Þar er um það að ræða, að á næstu fimm árum verði öll útflutningsgjöld af niðursuðuvörum og niðurlögðum sjávarafurðum, þ. e. lagmetisvörum, svo og af söltuðum grásleppuhrognum og ýmsum öðrum sjávarafurðum, lögð í sérstakan sjóð, sem ætlaður er til eflingar lagmetisiðnaðinum. Það er rétt að undirstrika það hér, að þessi sjóður hefur ekki verið hugsaður sem rekstrarsjóður fyrirtækisins, ef svo mætti segja. Það er ekki meiningin, að þessi gjöld renni beint inn í rekstrurinn. Um rekstrarféð fjallar 5. gr. Hérna er um að ræða sjóð, sem stofnaður er til eflingar iðnaðinum almennt og til að gera mögulegt að framkvæma þær ráðstafanir, sem til þarf á hverjum tíma til eflingar iðnaðinum. Þessi gr. hefur sætt miklum andmælum, og er óhætt að segja það. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur sent n. tvö bréf til þess að mótmæla þessu ákvæði, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur mótmælt þessu mjög harðlega og sjútvrn. hefur einnig mótmælt þessu ákvæði. Hér er um að ræða að safna í sjóð, sem hefði á einu ári gefið 34 millj. kr. tæpar, ef salt- og kryddsíld er undanskilin, en það er varla hægt að reikna með miklum tekjum af þeim vörum, a. m. k. næsta árið eða tvö árin, vegna þess að síldveiðar hér við land hafa að mestu verið bannaðar. Á það er bent, að ákveðnir sjóðir og þá einkanlega Tryggingasjóður fiskiskipa yrðu fyrir miklum skakkaföllum, ef ákvæði þetta væri samþykkt, sá sjóður sé fjárvana, það sé nýlega búið að samþykkja tekjuauka fyrir hann og því sé ekki viðeigandi að fara nú að skerða hann með því að draga undan þær sjávarafurðir, sem hér eru tilteknar. N. hefur skoðað þetta frá öllum hliðum og um þetta urðu miklar umr., en það samkomulag náðist að lokum í n. að flytja þær brtt., sem hér eru fluttar, þ. e. að þarna yrði sleppt öllum öðrum afurðum en niðursuðuvörum, niðurlögðum vörum og söltuðum grásleppuhrognum. Það verður að vísu að viðurkennast, að með þessu er kúfurinn af þessari sjóðsmyndun tekinn burt. Niðursuðuvörur munu væntanlega ekki gefa nema um það bil 3.8 millj. kr. miðað við það gjald, sem fram að þessu hefur verið greitt, og grásleppuhrogn munu aðeins gefa 6.5 millj. kr., þannig að samanlagt fær þessi sjóður í tekjur 10 millj. kr. á ári eða því sem næst og það er auðvitað allmikill munur á því og hinu, sem lagt var til þegar frv. var lagt fram og eins og frv. er enn.

Það er rétt að geta þess hér, að Félag ísl. niðursuðuverksmiðja var í þessu efni með aðra till., lagði til, að þessu yrði haldið óbreyttu en útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum yrði algjörlega sleppt og þau felld niður. Á það gat n. ekki fallizt, taldi óeðlilegt að fella þau með öllu niður, væri réttara að láta þau þó renna í þennan sjóð. Breytingin, sem gerð er á 5. gr. frv., er síðan afleiðing af því, hve þessi sjóður hefur verið rýrður stórlega, því að þar er sem sagt gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi 25 millj. kr. á ári hverju til þessarar starfsemi og til þessarar sölustofnunar í stað þess að áður var gert ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi frá ríkissjóði.

Og þá vík ég að lokum að umdeildasta ákvæði þessa frv., 4. gr. frv., sem fjallar um það, hvernig stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar skuli vera. Þegar þetta frv. var í mótun, lá ljóst fyrir, að um væri að ræða þrjá möguleika. Í fyrsta lagi, að hér yrði um að ræða hreint ríkisfyrirtæki, einhvers konar fiskimálanefnd, eins og hér var einu sinni stofnuð í sambandi við hraðfrystar sjávarafurðir, stofnun, sem væri algjörlega á vegum ríkisins og þar sem framleiðendur réðu raunverulega engu. Þetta var fyrsti möguleiki nm. Annar möguleikinn var sá, að þarna yrði um að ræða hreint einkafyrirtæki eða samtök einkaaðila eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er eða Samband íslenzkra fiskframleiðenda. Á það var hins vegar að líta, að þetta hefur einu sinni verið reynt, slík samtök voru stofnuð með Sameinuðu niðursuðuverksmiðjunum, en það mistókst, það fór í vaskinn. Það, sem varð hins vegar fyrir valinu, var sambland af þessum tveimur leiðum. Það var komið upp fyrirtæki eða lagt til, að stofnuð yrðu samtök eða stofnun, sem yrði eins konar sambland af samtökum framleiðenda og af ríkisrekstri, og ég vildi leyfa mér að skilgreina þetta fyrirtæki sem eins konar samvinnusamtök framleiðenda, en að vísu undir ríkisforustu. Í þessu efni og þegar um er að ræða, hvernig stjórnin skuli skipuð, þá verður sérstaklega að hafa það í huga, að allt fjármagn, sem til stofnunarinnar á að renna, kemur frá ríkinu eða í gegnum ríkið, með tilstyrk ríkisins. Þannig er með þær 25 millj. kr., sem ríkið á að leggja fram og verða 125 millj. að fimm árum liðnum. Einnig ábyrgist ríkið lán til starfseminnar, sem nemur 100 millj. kr., og ríkið leggur raunverulega fram tekjustofna til þess sjóðs, sem ég nefndi hér áðan, 10 millj. kr. á hverju ári, og tekur það raunverulega úr öðrum sjóð-

um, sem þetta átti að renna til. Ríkið verður þar af leiðandi að reyna að finna aðra tekjustofna fyrir þá sjóði til að fylla í skarðið, þannig að segja má, að ríkið útvegi það fjármagn einnig. Á þetta verður sérstaklega að líta, þegar skoðað er, hvaða aðili skuli vera í meiri hluta í stjórn fyrirtækisins. Það hlýtur að teljast eðlilegt á meðan stofnunin er í uppbyggingu og nýtur svo stórfelldra fjárframlaga af hálfu ríkisins og ríkisaðila, að þá hafi ríkisvaldið fullkomið eftirlit með þessu fyrirtæki. Uppbyggingin er hins vegar þess eðlis, að það á að vera ákaflega auðvelt fyrir framleiðendur að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, og ég álít, að þeir muni raunverulega ráða því sem þeir vilja í sambandi við þetta fyrirtæki. Þeir hafa þarna tvo af fimm stjórnarmönnum, og ég er sannfærður um það, að stjórnarmenn, sem ríkið skipar þarna til viðbótar, verða velviljaðir þessum iðnaði, og þarna mun áreiðanlega geta skapazt ágætt samstarf. Hitt er svo rétt að benda á, að það er gert ráð fyrir því, að þegar þessi stofnun hætti að njóta ríkisframlaga, þá verði sú breyting á, að framleiðendur fái þrjá af fimm stjórnarmönnum.

Ég held, að ég hafi þá ekki meira að segja um þetta að sinni. Það, sem ég nefndi hér seinast, er mesta ágreiningsmálið í sambandi við þetta frv. Minni hl. n. hefur flutt sérstaka till. varðandi þetta atriði og mun gera grein fyrir henni, en n. hefur aftur á móti flutt fáeinar brtt. við 4. gr., sem allar eru þess eðlis, að þær skipta ekki stóru máli. Þær eru meira formsatriði og skýra sig sjálfar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þá mælir iðnn. einróma með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hv. frsm. ræddi um mikilvægi þessa máls og nauðsyn þess að gera skipulegar og markvissar aðgerðir til þess að efla niðursuðuiðnaðinn í landinu. Um þetta er ég honum algerlega sammála og ég fagna því út af fyrir sig, að frv. um þetta efni skuli fram komið. Annað mál er það, að það er ýmislegt, sem ég hef við frv. að athuga, sumt af því eru formsatriði og minni háttar atriði, sem ég hef ekki talið rétt að gera að neinu sérstöku ágreiningsefni. *Það er svo, þegar um er að ræða frv. sem þetta, að þá* getur lengi sitthvað farið betur og margt verið álitamál.

Hv. frsm. fór að segja, að stjórnarandstaðan hefði átalið það, hvaða fulltrúar hefðu verið settir . . . (**Gripið fram í:** Blöð.) Blöð stjórnarandstöðunnar átöldu, hvaða fulltrúar hefðu verið settir af ríkisstjórninni í nefnd til þess að semja þetta frv., á þeirri forsendu, að þeir hefðu ekki sérfræðilega þekkingu á niðursuðumálum. Hv. ræðumaður sagði, að það væri alveg rétt, að þeir hefðu ekki haft þekkingu á niðursuðumálum, en samt væri þessi ádeila ekki réttmæt. Þetta hefur að vissu leyti veikt álit mitt á þeirri vinnu, sem hefur verið framkvæmd við samningu þessa frv. Að vísu geri ég mér grein fyrir, að þessi nefnd, sem hafði það verkefni að semja frv., hefur ekki sérfræðiþekkingu á niðursuðumálum á þann hátt, að þessir menn hafi unnið við niðursuðu. En þegar menn taka að sér að semja frv. til löggjafar um þýðingarmikið efni, þá þykir mér einsýnt, að þeir verði að heyja sér einhverja lágmarksþekkingu í þessum efnum, og það var það, sem ég hélt að þessir ágætu nm., m. a. 4. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Vestf., hefðu gert. Nú er það upplýst, að þeir hafa ekki gert þetta, og ég spyr þá: Hvernig stendur á, að þeir hafa verið settir í þetta verk? Ég sagði, að ég hefði ýmislegt við frv. að athuga, og þá átti ég við formsatriði og minni háttar atriði. Mér finnst frv. illa samið og slæm smíði og ég vildi fyrirgefa þeim það, ef þeir hefðu þá haft þekkingu á því, sem var aðalatriðið í þessu efni, niðursuðumálunum sjálfum. (**Gripið fram í:** Ég sagði, að þeir hefðu ekki haft sérþekkingu.) Já, en ég segi, að þegar menn taka að sér frv. sem þetta, þá verða þeir að heyja sér lágmarksþekkingu. Þetta er nú aðeins byrjunin á þessu. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta efni, en skal víkja að frv. sjálfu.

Ég sagði, að það væri margt, sem kæmi til álita að breyta ætti eða gæti betur farið, en út í það ætla ég almennt ekki að fara, en víkja að einu atriði, sem ekki hefur verið gerð brtt. um. Mér þykir það þess eðlis, að það sé sjálfsagt að vekja athygli á því, og þá á ég við það atriði, sem stendur í 2. gr., g-lið, varðandi tækniþjónustu og tæknimál. Hv. frsm. sagði, að þar sem skórinn hefði kreppt að varðandi niðursuðuiðnaðinn væru fyrst og fremst markaðs- og sölumálin. Ég vil ekki á neinn hátt draga úr mikilvægi markaðs- og sölumálanna. En við megum þó ekki gleyma öðrum þætti, sem er framleiðslan sjálf, tæknimálin varðandi framleiðsluna sjálfa, og mér finnst, að þetta frv. geri helzt til lítið úr þeim þætti. Að vísu segir í lok 2. gr., að að því skuli stefnt að koma á fót tækniþjónustu hjá niðursuðuiðnaðinum. Minna gat það nú ekki verið. Mér hefði fundizt það koma til greina að setja miklu fyllri og nákvæmari ákvæði um þessi efni, en ég hef ekki gert brtt. um það. Það er bæði, að það er nokkuð vandmeðfarið og kannske ekki einsýnt, hvernig á að koma þeim málum fyrir, svo og að ég legg mikla áherzlu eins og aðrir á það, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Það getur hugsazt líka, að það væri fullt eins skynsamlegt að hyggja á breytingar í þessu efni síðar og þá þegar einhver reynsla væri komin á þessa stofnun, sem hér er um að ræða.

En ég minnist á þetta vegna þess, að það liggur í augum uppi, að þessi mál eru ákaflega þýðingarmikil. Áður fyrr, þegar niðursuðumálin eða vandamál niðursuðuiðnaðarins hafa verið athuguð, þá hefur þessi þáttur verið þýðingarmikill í þeim athugunum, sem fram hafa farið. Í því sambandi leyfi ég mér að nefna, að Karl Sundt Hansen, norskur vélaverkfræðingur, gerði skýrslu um þessi efni fyrir rúmum 10 árum. En hann var fenginn hingað til lands til að rannsaka þessi mál og gera till. um lausn þeirra á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Og þessi sérfræðingur lagði til, að komið yrði á fót sérstakri tæknimiðstöð niðursuðuiðnaðarins, sem hefði það hlutverk að vinna að þessum málum í þágu niðursuðuiðnaðarins. Hlutverk þessarar stofnunar átti að vera í megindráttum það að veita þjónustu og ráðleggingar hverju fyrirtæki í niðursuðuiðnaðinum, sem þess óskaði, varðandi byggingu verksmiðja og endurbyggingar, við innkaup véla og lausn hvers konar vandamála í sambandi við sjálfa niðursuðuna, efnagreiningu og þess háttar. Ég bendi á þetta, vegna þess að það má ekki gleymast, að undirstaðan undir öllum iðnaði er þó framleiðslan sjálf, þó það sé rétt, að ekki tjói að framleiða, ef ekki er hægt að selja.

En ég vík þá að brtt. þeim, sem við hv. 2. þm. Reykv., Birgir Kjaran, höfum leyft okkur að flytja og varða það mál, sem er mesta ágreiningsefnið, eins og hv. frsm.

sagði. En við höfum kosið að bera fram brtt. okkar í því formi, að við höfum umorðað 4. gr. í heild. Eins og 4. gr. liggur fyrir í brtt. okkar, er þar um að ræða það sama og er í 4. gr. frv. sjálfs, en í brtt. okkar felast samt veigamikil og stór atriði. Og það er þá það fyrsta, að í okkar till. segir: „Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í öllum rekstri og stefnumótun stofnunarinnar." Í frv. segir: „Fulltrúaráðið er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar." Hér er um grundvallarmál að ræða. Áður en ég vík að þessu grundvallaratriði vil ég koma að spurningunni um stjórn stofnunarinnar, en hún er nátengd valdsviði fulltrúaráðsins. Í brtt. okkar er gert ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar skuli skipuð fimm mönnum kjörnum til þriggja ára í senn eins og frv. gerir ráð fyrir, en tveir skuli kosnir hlutfallskosningu af Alþingi og skipar ráðh. annan þeirra formann, en þrír skuli kjörnir af aðalfundi fulltrúaráðsins. Þetta er það, sem brtt. felur í sér, en eins og hv. frsm. lýsti hér áður, þá gerir frv. ráð fyrir því, að ráðh. tilnefni þrjá menn í stjórnina, en fulltrúaráðið kjósi einungis tvo.

Nú er það, að þessi atriði um valdsvið fulltrúaráðsins og skipun stjórnarinnar hljóta að fara eftir því, hver er tilgangurinn með þessu frv. Tilgangurinn er að aðstoða niðursuðuiðnaðinn í landinu. Það er hinn yfirlýsti tilgangur. Það er ekki tilgangur frv., – enda yfirlýst, að það felist ekki heldur í frv., yfirlýst af hv. frsm. n., – að hér sé um einokun og þjóðnýtingarfyrirtæki að ræða. Það er ánægjulegt, að formaður Alþb. skuli sýna okkur þá tillitssemi að koma í veg fyrir, að við óttumst það, að hann standi að þjóðnýtingarfyrirtæki. En ef þetta er ekki einokun og ef þetta er ekki þjóðnýting og ef þetta er gert til þess að hjálpa og efla niðursuðuiðnaðinn sjálfan, þá sýnist mér, að það sé auðsætt, að eðlilegt sé, að fulltrúaráðið, samkoma framleiðenda, fari með æðsta vald í öllum rekstri og stefnumótun stofnunarinnar. Þetta að vera ráðgefandi, það er allt annað. Við þekkjum það úr okkar sögu, að það er annað að vera ráðgefandi en að hafa ráðin. Það kann að fara vel á því, að slíkar samkomur sem þessar séu ráðgefandi, þar sem ríkinu er falin öll forsjá í atvinnumálum. En það samræmist ekki íslenzkum venjum, það samræmist ekki tilgangi frv. eins og honum er lýst, því að svo bezt er hægt að efla niðursuðuiðnaðinn í landinu, að framleiðendum sé hjálpað til þess að hjálpa sér sjálfir. Og ef það á að þýða, ef ríkið aðstoðar og beitir áhrifum sínum til þess að efla einhverja einstaka atvinnugrein í landinu, að atvinnugreinin sé lögð undir forsjá og stjórn ríkisins, þá erum við að fara inn á algerlega nýjar brautir í þessum efnum. Hér þarf ekki að minna á það, að á öllum tímum hefur hið opinbera komið til aðstoðar við einstaka atvinnuvegi, einstakar atvinnugreinar undir mismunandi kringumstæðum og af sérstökum tilefnum. En það hefur verið grundvallarstefna, ég vil segja hvaða ríkisstjórnar sem er, að láta ekki slíka aðstoð kosta það, að viðkomandi atvinnugrein þurfi að láta af sjálfstæði sínu og hún sé lögð undir forsjá ríkisins.

Hv. frsm. gerði mikið úr þeirri ríkisaðstoð, sem veitt er með þessu frv. Ég hef enga tilhneigingu til þess að gera lítið úr henni. En hv. þm. sagði, að allt fjármagn kæmi frá ríkinu, framlag í formi ríkisábyrgðar, allt kæmi frá ríkinu. Þetta er grundvallarmisskilningur, og slíku er ekki hægt að halda fram. Hér er um heila atvinnugrein að ræða, fjölmarga framleiðendur og verksmiðjur um allt land. Þessir framleiðendur leggja fjármuni sína og sérþekkingu til þessara mála. Á móti kemur aðstoð frá ríkinu, sem ég vil segja að sé hvorki meiri né minni en efni standa til og eðlilegt væri miðað við það, sem gert hefur verið í öðrum tilfellum. Og það er engin sérstök aðstoð við þessa framleiðendur, sem orð er á gerandi, þó að það sé tekið fram, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunar lán, sem nemur allt að 100 millj. kr. Það er ekki orð á því gerandi borið saman við það, sem yfirleitt er gert og hefur verið gert til aðstoðar atvinnuvegunum. En það eru 25 millj. á ári í 5 ár, sem ríkið leggur í beinu framlagi til þessarar þýðingarmiklu atvinnugreinar. Það er lofsvert og það kemur í góðar þarfir. Það kemur þó því aðeins í góðar þarfir, að það sé sköpuð sú aðstaða fyrir framleiðendur, að þeir finni til ábyrgðar sinnar og geti notað sína sérþekkingu til þess að fara raunverulega með stjórn þessarar atvinnugreinar, án þess að leggja hana undir pólitíska ráðherra. Og það er algjörlega fásinna, sem hv. þm. sagði hér áðan, að vegna þess að ríkið leggi til tekjustofna, eigi að leggja þá aðila, sem njóta ákveðinna tekjustofna, undir forsjá og áhrifavald ríkisins. Hvar værum við staddir í þessu þjóðfélagi, ef það ætti að fylgja þessari kenningu? Það er augljóst, hvert við værum komnir. Það væri allt komið undir ríkið, því að auðvitað er það ríkisvaldið, sem ákvarðar tekjustofna hinna ýmsu aðila. Ég held, að eftir því sem við veltum þessu máli meira fyrir okkur, eftir því verði það augljósara, að það brýtur ekki einungis á móti viðtekinni venju að leggja þessa atvinnugrein undir ríkisvaldið með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, þó að það sé veitt aðstoð af hálfu ríkisvaldsins, heldur er það svo, að þetta er í eðli sínu til þess fallið að draga úr áhrifum þess góða, sem þessi aðstoð gæti annars stuðlað að.

Ég hef hér rætt um tvö veigamikil atriði, sem felast í brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. En í brtt. okkar felast önnur tvö atriði, sem eru minni háttar, en mér þykir rétt að gera grein fyrir. Annað er það, að brtt. okkar leggur til, að fulltrúaráðið skuli ákveða þóknun til stjórnar stofnunarinnar, en frv. gerir ráð fyrir því, að ráðh. ákveði þetta. Með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt um afskipti ríkisvaldsins, þá þykir okkur rétt, að þetta heyri undir stjórn fyrirtækisins.

Hitt atriðið varðar framkvæmdastjórann. Í frv. segir, að stjórnin ráði framkvæmdastjóra, sem sé prókúruhafi fyrir stofnunina og annist almennan rekstur í samráði við stjórnina. Staða framkvæmdastjóra skal ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins. Við gerum að till. okkar, að stjórnin ráði og ákveði laun framkvæmdastjóra, sem sé prókúruhafi fyrir stofnunina og annist annan rekstur í samráði við stjórnina. Munurinn, sem hér er á, er sá, að samkv. frv. er litið svo á, að farið sé með starf þessa manns sem starf opinbers starfsmanns. Ég held, að efnislega sé ekki rétt að gera slíkt, og það sé heldur ekki raunhæf leið til að fá sem hæfastan og beztan mann til að stjórna þessu fyrirtæki, því að það liggur í augum uppi, að til þess starfs þarf að velja með öðrum hætti heldur en embættismenn ríkisins eru venjulega valdir. Af þessum ástæðum gerum við og þessa brtt.

Ég hef núna gert grein fyrir viðhorfi mínu til

þessa frv. og brtt. okkar og sé ekki ástæðu til að orðlengja það frekar.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er eins og fram kemur í aths. við þetta frv., sem hér er til umr., að um mánaðamótin ágúst og september skipaði hæstv. iðnrh. nefnd til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins. Þessi nefnd tók til starfa nokkru eftir það, eins og hér hefur komið fram, fljótlega eftir að hún var skipuð. Það fyrsta, sem framleiðendur eða niðursuðuverksmiðjueigendur verða varir við í sambandi við starfsemi þessarar nefndar, er, að boðað er til fundar framleiðenda niðursuðuiðnaðarins á s. l. hausti og þar eru lögð fram drög að frv., sem nefndin hafði samið, og það uppkast var rætt á þessari ráðstefnu. Það komu þá þegar fram ýmsar veigamiklar athugasemdir frá niðursuðumönnum og margt af því, sem þar kom fram, tók nefndin til athugunar og breytti, þegar til þess kom, að frv. var endanlega samið.

Segja má, að það sé vonum seinna, sem þetta mál kemur hér inn á Alþ., og enn þá er það líka við það að athuga, hvað það hefur haft langan aðdraganda, hversu lengi iðnn. hefur haft málið til meðferðar. Upphaflega var gert ráð fyrir því, sögðu þeir menn, sem sömdu frv., að mál þetta yrði afgreitt fyrir áramót og þá með tilliti til þess, að hér var um fjárupphæð að ræða, sem af hálfu þess opinbera átti að leggja þessari starfsemi lið. Var gert ráð fyrir því, að það þyrfti að taka þessa fjárupphæð inn í fjárlagafrv., en svo sem kunnugt er, þar sem ekkert lá fyrir í þessum efnum og ekkert var samþ. fyrir áramótin, átti slík fjárveiting sér ekki stað í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Það má segja, að það sé rétt, eins og hér hefur komið fram, að niðursuðuiðnaðurinn hefur átt erfitt uppdráttar í landi okkar, en með þá staðreynd í huga, að íslenzkt hráefni, t. d. sjávarafurðir, er viðurkennt eitt það bezta, sem um er að ræða, þá verður því varla trúað, að þessi atvinnuvegur, sem hefur nú þegar langan og árangursríkan starfsferil að baki í nágrannalöndunum, geti ekki einnig átt möguleika á eðlilegri þróun í okkar landi.

Það má telja sérstakt, hvað þessi atvinnuvegur hefur átt erfitt uppdráttar hér á Íslandi. Við höfum náð mjög langt, t. d. í frystiiðnaðinum, og það er enginn vafi á því, að þar stöndum við fyllilega jafnfætis því, sem bezt þekkist hjá öðrum þjóðum. Það sýnir bezt sá árangur, sem Íslendingar hafa náð í samkeppninni á Bandaríkjamarkaðinum, þar sem gerðar eru einna mestar kröfur til vandvirkni í sambandi við framleiðsluna, hvað náðst hefur góður árangur í sölu á íslenzka fiskinum á undanförnum árum. Við getum meira að segja borið okkur saman við Kanadamenn, sem að sjálfsögðu hafa að því leyti betri aðstöðu til að keppa á þessum markaði, að þeir eru nær sjálfu markaðssvæðinu en við Íslendingar.

Það var kannske ofsagt, sem hér var sagt í upphafi af frsm., að oft hefði verið áformað að gera átak til að efla sölu á okkar niðursuðuafurðum. Það hefur þó komið fyrir, eins og hann benti réttilega á, að þetta hafi átt sér stað. Það var árið 1968, þegar þær umræddu fimm niðursuðuverksmiðjur tóku höndum saman um það að mynda með sér félagsskap, sem skyldi vinna að því að kanna möguleika fyrir markaðsöflun og vinna að athugun á skipulegri starfsemi niðursuðuiðnaðarins. Það voru fengnir erlendir sérfræðingar til að kanna þetta mál og niðurstöðurnar, sem þeir fengu, gáfu vissulega vonir um, að hér væri um mikla möguleika að ræða í útflutningsframleiðslunni. Og þegar um það er rætt, hvað það opinbera muni leggja hér fram af fjármunum í sambandi við niðursuðuiðnaðinn, þá er rétt að gera sér grein fyrir því, hversu miklir fjármunir eru nú þegar bundnir í niðursuðuiðnaðinum. Það var gert ráð fyrir því að afla erlendis frá allmikils fjármagns eða í kringum 100 millj. kr., sem gert var ráð fyrir að taka að láni eða fá á einn eða annan hátt til þessarar starfsemi, en áður en nokkur von var til þess, að jákvæðar undirtektir fengjust, kom fram krafa um það af hendi þeirra, sem hér þurfti að sækja til, að fram færi mat á eignum þessara fimm tilteknu niðursuðuverksmiðja, sem stóðu að þessari könnun, og á árinu 1968 lá fyrir mat á verðmæti aðeins þessara fimm verksmiðja, sem nam samtals um 200 millj. kr. En þar voru ekki taldar með t. d. Norðurstjarnan í Hafnarfirði, Siglóverksmiðjan eða niðursuðuverksmiðjan á Norðfirði, svo að ég nefni nokkrar af þeim verksmiðjum öðrum, sem mjög miklir fjármunir liggja í. Alls munu niðursuðuverksmiðjurnar vera um 22–28 talsins og með tilliti til þess er ekki óeðlilegt að áætla, að heildarfjármagn, sem í þessum verksmiðjum liggur, sé ekki langt frá því að nema um 1000 millj. kr. Til viðbótar þessu fjármagni kemur svo afurðaverðmæti verksmiðjanna, sem að sjálfsögðu verður væntanlega fljótlega, ef úr einhverjum verulegum rekstri verður, að miklum mun stærri fjárupphæð árlega en hér er um að ræða.

Ég fagna þeim brtt., sem fram hafa hér komið við frv. frá iðnn., sem hún flytur sameiginlega, en ég tel einnig, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að hér sé gengið of skammt og sérstaklega í sambandi við 4. gr. frv. Ég tel, að það sé ekki um neinn verulegan ágreining að ræða eftir að þessar breytingar hafa átt sér stað, sem n. ber sameiginlega fram, um annað en það, sem menn greinir á um varðandi 4. gr.

Hv. frsm. n. sagði, að hér væri ekki ætlunin að stofna til neinnar þjóðnýtingarstofnunar, þetta eiga að vera frjáls samtök framleiðenda, sagði hann, og það er einmitt það, sem ég bjóst við að væri ætlunin hjá hæstv. ríkisstj., að stuðla að því að efla frjáls samtök í sambandi við niðursuðuiðnaðinn og gera þau fær um það fjárhagslega að geta staðið að öflugri markaðsleit fyrir sína framleiðslu og efla framleiðslu verksmiðjanna á einn og annan hátt.

Því er haldið fram, að vegna þess að það opinbera leggi svo mikla fjármuni hér fram annars vegar, þá sé ekki stætt á öðru en að meiri hl. þeirrar væntanlegu stjórnar, sem verður við þessa stofnun, verði skipaður fulltrúum frá ríkinu. Annað mundi skapa einstætt fordæmi. Þetta er svo mikil fjarstæða að nær engu tali, vegna þess að við vitum það, sem þekkjum til í sambandi við sjávarútveginn, að oft hefur komið til þess, að það eru ekki 100 millj., það hefur skipt hundruðum milljóna, sem sjávarútvegurinn hefur fengið í einu eða öðru formi, t. d. í verðuppbótum, án þess að það opinbera skipti sér nokkurn hlut af stjórninni, – t. d. í sambandi við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða rekstur þeirra. Hraðfrysti fiskurinn hefur fengið verulegar verðuppbætur eða útgerðin hefur oft verið studd

með alls konar verðuppbótum, en það hefur verið millifært í þjóðfélaginu til að halda rekstrinum gangandi og efla þennan atvinnuveg. Þetta hafa ekki verið 100 millj., þetta hafa oft verið hundruð milljóna, sem þannig hafa verið teknar af almannafé og veitt inn í þennan atvinnuveg, án þess að það opinbera hafi séð nokkra ástæðu til þess að fetta fingur út í sjálfa stjórnun atvinnuvegarins. Þess vegna vil ég ekki trúa því fyrr en á reynir, að meiri hl. þessarar hv. d. afgreiði málið endanlega þannig, að hér verði ekki raunverulega um frjálst framtak að ræða og stuðning við það þannig, að þó að ríkið tilnefni einhverja aðila í væntanlega stjórn, þá verði samt sem áður meiri hl. stjórnarinnar í höndum framleiðenda og þeirra, sem eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þessa starfsemi. Og ég verð að segja það, að það kemur mér sérstaklega á óvart, ef hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, verður þessu andvígur, en hann lýsti því sérstaklega yfir á þessari ráðstefnu, sem ég gat um hér áðan, og einnig Ólafur Hannibalsson, sem átti sæti í þeirri nefnd, sem samdi frv., að þeir mundu styðja það, að framleiðendur fengju meiri hl., þrjá menn af fimm, sem í stjórninni væru. Og ég verð að segja það, að ef það er virkilega meiningin að gera hér sameiginlegt átak í þessum málum, þá verður að vænta þess, að það opinbera komi til móts við framleiðendur á þann hátt, sem þeir óska eftir í þessum efnum, að þeir fái að skipa þrjá menn í stjórnina af væntanlegri fimm manna stjórn.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en ég vænti þess, að í meðförum d. og við afgreiðslu málsins náist það fram, sem ég hef lagt sérstaklega áherzlu á, að till., sem felur það í sér, að stjórnin verði þannig skipuð, að þrír af fimm verði tilnefndir af framleiðendum og að framleiðendur sjálfir hafi æðsta vald í sambandi við málefni þessa atvinnurekstrar, hljóti samþykki þessarar d.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að lengja að neinu ráði þessar umr., sem orðnar eru um það frv., sem hér er til umr., því að mest nauðsyn er nú á því, að frv. komist áfram.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gerði nokkrar aths. við frv. í gær og hélt því m. a. fram, að frv. væri illa samið. Ég verð nú að segja það, að ef frv. er slík hrákasmíð sem hv. þm. vill vera láta, þá hefði ég nú átt von á því að sjá fleiri brtt. af hans hálfu en raun ber vitni. Staðreyndin er sú, að hann hefur aðeins flutt hér eina brtt. til viðbótar þeim till., sem n. hefur verið sammála um.

Hann gat þess, að á skorti, að það væru nægilega skýr ákvæði um þá tækniþjónustu, sem þörf væri á í þessum iðnaði, því að það þyrfti að leggja þunga áherzlu á tæknihliðina. Út af fyrir sig er það alveg rétt, að ekki má gleyma henni. Ég vil nú hins vegar segja það, að ég held, að framleiðsla íslenzkra niðursuðuverksmiðja, niðurlagningarverksmiðja, hafi almennt þótt nokkuð vel heppnuð og nokkuð góð. Meinið hefur sem sagt ekki verið það fyrst og fremst, að tæknin hjá þessum verksmiðjum væri í ólagi, heldur það, að illa hefur gengið að selja vöruna. Það hefur verið kjarni málsins. Þess vegna er einmitt hér verið að leggja megináherzluna á það með stofnun þessarar sölustofnunar. Ég held, að sá liður, sem um þetta fjallar í frv., sé algerlega fullnægjandi. Það mun vera g-liður í 2. gr. frv., en þar er einmitt skýrt kveðið á um það, að komið skuli á fót tækniþjónustu fyrir þennan iðnað. Hv. þm. minnti á, að í skýrslu sérfræðings, sem hingað kom fyrir allmörgum árum til þess að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins, hefði verið lagt til, að komið yrði upp sérstakri tæknimiðstöð fyrir þennan iðnað, og ég efast ekki um, að það hafi verið skynsamleg till. á sínum tíma. En ég er hræddur um, að sú till. sé ekki sérlega raunhæf í dag. Við höfum síðan þá þróazt fram á við, hvað þessi mál snertir, höfum fengið og byggt upp tæknistofnun fiskiðnaðarins og hún vinnur fjöldamörg þau störf, sem slíkri tæknimiðstöð hefði verið ætlað ella. T. d. gerir hún efnagreiningar og veitir þessum verksmiðjum mjög mikilsverðar leiðbeiningar. En að því leyti sem sú þjónusta nægir ekki, þá er gert ráð fyrir því, að sölustofnunin komi upp tækniþjónustu.

Annars er það svo, að mesta deilumálið í sambandi við þetta frv. er það, hvernig stjórn stofnunarinnar skuli háttað, og hér komu í gær tveir hv. þm., sem lögðu mjög þunga áherzlu á það, að þessari gr. þyrfti að breyta, 4. gr., þannig að atvinnurekendur ættu og hefðu meiri hl. í stjórn stofnunarinnar. Eins og ég tók fram hér í gær, er það svo, að þarna hefðu komið til greina þrjár hugsanlegar leiðir. Það hefði verið hugsanlegt, að sölustofnunin hefði verið byggð upp sem hrein ríkisstofnun. Þá reikna ég með, að öll stjórnin hefði verið kosin hér af Alþ., framleiðendur hefðu þá ekki haft þar nein bein áhrif og þeir hefðu þá aðeins átt almenn viðskipti við stofnunina með því að fela henni að hjálpa sér að selja sína vöru. Þannig var þetta t. d. í sambandi við fiskimálanefndina á sínum tíma, og þannig er þetta oftast með venjulegar hreinræktaðar ríkisstofnanir. Þessi leið var hins vegar ekki valin. Önnur leið hefði verið sú, að þarna hefði bara verið um að ræða hrein samtök framleiðenda. Þá hefði auðvitað öll stjórn þessarar stofnunar verið skipuð af framleiðendum. Framleiðendur hefðu ráðið stofnuninni algerlega. Þeir hefðu þá sjálfir útvegað það fjármagn, sem til þarf. Þeir hefðu lagt fram eigið fé í stofnunina, part af sínum verksmiðjum eins og reiknað var með á sínum tíma. Þá var reiknað með því, að hver verksmiðja, sem átti að vera aðili að Sameinuðu niðursuðuverksmiðjunum, hver eigandi slíkrar verksmiðju legði fram helminginn af hlutafé hverrar verksmiðju inn í sameiginlega fyrirtækið og það hefði þá verið eignarhluti sölusamtakanna í viðkomandi verksmiðju. Ríkisvaldið hefði út af fyrir sig getað komið þar til greina með ýmiss konar fyrirgreiðslu, ekki skal því neitað. Þessi samtök hefðu átt það skilið og hefði verið sjálfsagt að veita hana. Það hefði komið til greina að veita almenna ábyrgðarheimild og ég er ekki frá því, að alþm. hefðu getað komið sér saman um það að veita þessum samtökum einhverja dágóða upphæð á fjárlögum til styrktar slíkri starfsemi, eins og hefur auðvitað verið gert með fjöldamörg mikilvæg samtök einkaaðila, sem komið er á fót, en eru algerlega á vegum einkaaðilanna og er stjórnað af þeim. Sú leið, sem aftur á móti varð þarna fyrir valinu, er millileið. Þarna er um að ræða opinbera stofnun undir sjálfstæðri stjórn, sem

er sett á laggirnar ekki með samningum einkaaðila, heldur með löggjöf. Því verður ekki á móti mælt, að framleiðendum er ekki ætlað að leggja eitt eða neitt inn í þessa stofnun. Það er ríkið, sem útvegar allt fjármagnið, en samhliða þessu mynda svo framleiðendur ráðgefandi fulltrúaráð, sem fær og á kost á því að skipa tvo menn af fimm stjórnarmönnum, og ég efast ekkert um það, að eins og þetta er uppbyggt, verður þetta fulltrúaráð leiðandi afl innan þessarar stofnunar. Aftur á móti verður skipulaginu breytt á þann veg eftir fimm ár, þegar framleiðendur njóta ekki lengur ríkisframlaga og styrkja, að framleiðendur fá þá úrslitaáhrif innan stofnunarinnar.

Því var haldið fram hér í gær, að þess væru mörg dæmi, að ríkið hefði komið til aðstoðar við einstök félagasamtök eða við samtök atvinnurekenda, án þess að framleiðendur þyrftu að láta af sjálfstæði sínu, eins og það var orðað hér í gær. Í þessari fullyrðingu eru tvær skekkjur. Í fyrsta lagi er sú skekkja, að það er ekkert fordæmi fyrir því í íslenzkri löggjöf, að sett sé upp stofnun, þar sem ríkisvaldið leggur fram allt fjármagn, sem stofnunin hefur úr að spila, en framleiðendur hafi þar úrslitaáhrif. Það er ekkert fordæmi um það yfirleitt, að framleiðendur eða samtök þeirra hafi fengið svo gífurlega mikið fjármagn í hendurnar, eins og þarna er gert ráð fyrir. Menn voru að nefna það hér í gær, að það hefði tíðkazt, að samtök framleiðenda fengju verðuppbætur á fisk eða gengisuppbætur og slíkar upphæðir hefðu oft numið mörg hundruð millj. kr. Þetta er alveg rétt. En ég vil leyfa mér að spyrja menn í fyllstu hreinskilni, hvort þeir vilja bera þetta tvennt saman. Þetta er ekki á nokkurn hátt sambærilegt, þó að ríkisvaldið líti svo á, að verðlag á einhverri ákveðinni vörutegund sé óeðlilega lágt miðað við okkar efnahags- og viðskiptakerfi og telji nauðsynlegt að greiða verðuppbætur á einhverja ákveðna afurð, þá er ekki þar með sagt, að það sé verið að styrkja þessi viðkomandi sölusamtök. Þeir menn, sem ráða yfir slíkum sölusamtökum, fá ekki þessa peninga upp í hendurnar. Þeir ráða ekki, hvernig þeim er ráðstafað, heldur ákveður ríkisvaldið, að það skuli greiða svo og svo margar krónur til verðuppbóta á einhverja ákveðna afurð, og þeir peningar koma aldrei í hendurnar á viðkomandi framleiðendum raunverulega, þannig að þessi samanburður er algerlega fráleitur og á ekki nokkurn rétt á sér.

Í öðru lagi vildi ég undirstrika það hér enn einu sinni, að það er ekki um það að ræða, að þessar verksmiðjur láti eitt eða neitt af sjálfstæði sínu. Þær eru fullkomlega sjálfstæðar hver um sig eftir sem áður. Þær hafa rétt til þess að ganga úr samtökunum hvenær sem þær óska eftir því. Þær eru frjálsar að því að selja sína vöru utan við samtökin, og samtökin hafa ekki minnsta íhlutunarrétt um stjórn hverrar verksmiðju fyrir sig, þannig að það er ekki hægt að halda því fram með nokkrum rétti, að þær séu sviptar sjálfstæði sínu með tilkomu þessarar nýju stofnunar. En ef þær telja það samrýmast hagsmunum sínum að láta þessa stofnun selja fyrir sig sína framleiðslu, þá eiga þær kost á því, þá geta þær gert það. Það tel ég ekki vera að fórna sjálfstæði sínu.

Hér var sagt í umr. í gær, að framleiðendur legðu fjármuni sína, fyrirtæki sín og sérþekkingu inn í þessa samvinnu. Það væri þeirra mikla framlag. Út af fyrir sig er þetta alveg rétt, þeir leggja þetta fram. En það er ekki svo, að þeir fái ekki eitthvað á móti. Þetta er einmitt gert til þess að auðvelda þeim að selja sína vöru og þeir fá þá áreiðanlega fyllilega það á móti, sem eðlilegt er.

Ég vildi sem sagt undirstrika það hér, að framleiðendur eiga sínar verksmiðjur áfram, á því verður engin breyting, og það er satt að segja reginmunur á því og svo aftur þeim samtökum, sem stóð til að stofna á vegum framleiðenda sjálfra á sínum tíma, þar sem þeir ætluðu beinlínis að láta sínar verksmiðjur, a. m. k. að hálfu leyti, inn í samtökin. Það er ekki um það að ræða í þessu tilviki hér. Þeir fórna sem sagt engu og eru algerlega frjálsir áfram, geta gengið út hvenær sem þeir vilja.

Hv. þm. Jón Árnason lagði áherzlu hér í gær á það, sem framleiðendur legðu fram, það væri ekki hægt að segja, að ríkið legði fram alla fjármunina, því að viðkomandi sölusamtök hefðu tekjur í gegnum umboðslaun og sölulaun af framleiðslunni. Þetta er alveg laukrétt. Auðvitað er samtökunum ætlað að fá eitthvað í sinn hlut til þess að standa undir þeim mikla kostnaði, sem er af sölu þessarar framleiðslu. Væntanlega eiga sölulaunin og umboðslaunin, þegar þar að kemur, að standa algerlega undir dreifingarkostnaðinum og markaðskostnaðinum. En þetta er ekki fjármagn, sem verið er að taka af framleiðendum. Það er alger fölsun, ef því er haldið fram. Framleiðendur hafa hingað til ekki fengið umboðslaunin eða sölulaunin. Það eru útflytjendur, sem hafa fengið þau, stundum með réttu og kannske stundum með röngu. En í öllu falli hafa sölulaunin ekki runnið til framleiðenda, þannig að það er ekki hægt að halda því fram, að framleiðendur séu að afhenda þessum nýju samtökum sölulaunin eða umboðslaunin. Sölulaunin og umboðslaunin eru bara réttmæt greiðsla fyrir það starf, sem innt er af hendi af hálfu samtakanna, og það er víst ekki nokkur vafi á því, að kostnaður þeirra af dreifingunni og sölunni erlendis mun verða miklu meiri en nemur þessum sölulaunum og umboðslaunum.

Ég vildi sem sagt undirstrika það hér, að menn verða að skilja eðli þessarar stofnunar. Það er ekkert minnsta fordæmi fyrir því, að ríkisvaldið hafi afhent samtökum, sem stjórnað er af einkaaðilum, mörg hundruð millj. til frjálsrar ráðstöfunar, án þess að ríkisvaldið tryggi sér eftirlit og umráðarétt með því, hvernig því fjármagni er varið. Það væri algerlega án nokkurs fordæmis, og ég tel þess vegna ekki stætt á því að gera það. Aftur á móti hef ég fallizt á það, þó að ég telji það út af fyrir sig ekki neina nauðsyn og í raun og veru alls ekki eðlilegt, þá hef ég fallizt á það, að það fyrirkomulag verði, að eftir fimm ár, þegar framleiðendur hætta að njóta þessa ríkisframlags, þá fái þeir meiri hlutann í stjórn stofnunarinnar. Þá mun að vísu eftir sem áður verða um það að ræða, að þeir muni ekki hafa lagt neitt fram til uppbyggingar stofnunarinnar, heldur verður allt fjármagn, sem í henni er fólgið, raunverulega komið frá opinberum aðilum, en það má kannske segja, að það hafi þá að mestu eyðzt og hafi runnið í reksturinn almennt til að byggja upp stofnunina sem slíka, og ég reikna þá með, að það sé komin það mikil festa í starfsemi þessarar stofnunar, að menn geti sætt sig við það, að framleiðendur verði við þær aðstæður í meiri hl. innan stofnunarinnar.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ef menn eru þeirrar skoðunar, að framleiðendur eigi að vera í algerum meiri hluta í stofnun af þessu tagi, þá eigi þeir ekki að fylgja þessu frv. Þá er bara eðlilegast, að framleiðendur geri þetta sjálfir. Þá eiga þeir sjálfir að útvega fjármagnið, þá eiga þeir sjálfir að bera ábyrgðina. Ríkisvaldið getur þá veitt eðlilega fyrirgreiðslu. Það getur þá útvegað lánsfé eftir því sem talin er þörf á, og það getur út af fyrir sig alltaf komið til greina einhver ríkisstyrkur, en það á ekki að byggja samtökin upp með þessum hætti, eins og hér er gert ráð fyrir. Kjarni málsins er hins vegar sá, að við þurfum þá enga lagaheimild til þess að byggja upp slík samtök. Framleiðendur mundu geta gert það sjálfir. Þeir eru frjálsir að því að gera það hvenær sem þeir vilja, en það vill bara svo til, að þessa leið vill enginn fara. Þessi leið hefur verið reynd og þess vegna nýtur hún einskis stuðnings lengur. Hún mistókst á sínum tíma. Þess vegna hefur verið valin önnur leið, og henni fylgja þá auðvitað önnur skilyrði og önnur tilhögun óhjákvæmilega.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék í upphafi ræðu sinnar að því, að ég hefði haft um það orð, að frv. þetta væri illa samið og væri hrákasmíði. Þetta er nú ekki nákvæmlega farið með það, sem ég sagði. Hann gaf sjálfur tilefni til þess, að ég viki lítið að þessum þætti málsins. Hann var að bera sig upp undan því, að stjórnarandstaðan hefði verið að finna að vali á mönnum í undirbúningsnefnd, sem samdi þetta frv., á þeirri forsendu, að þeir hefðu ekki haft þekkingu á niðursuðumálum. Hv. þm. sagði, að það hefði aldrei verið meiningin að skipa slíka nefnd. Þá dró ég þá ályktun, að þeir hefðu átt að hafa sérlega góða þekkingu á öðrum sviðum, m. a. til að forma sínar hugsanir og sín frv. Og hann segir, að ég hefði þá miðað við þessa skoðun átt að koma með fleiri brtt. heldur en brtt. þá, sem ég flutti ásamt hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 664.

Ja, það er til mikils ætlazt af mér í þessu efni. Ég er líka meðflm. að brtt., sem fjalla um 10 veigamikil atriði, á þskj. 660. Og sannleikurinn er sá, að þetta frv. er meira og minna allt endursamið, þegar litið er á brtt. á þskj., sem ég stend að, þannig að ég sé nú ekki ástæðu fyrir hv. þm. að fjölyrða mikið um þessa hlið málsins.

Þá vék hann að öðru atriði, sem ég talaði um, og það var þýðing tæknihliðarinnar. Hann sagði, að meinið hefði ekki verið tæknilegs eðlis í niðursuðuiðnaðinum, heldur varðandi söluna. Ég vil ekki draga úr þeim erfiðleikum, sem hafa verið í sambandi við sölu á þessari vöru og markaði fyrir hana, en það gefur auga leið, að þarna er mjög náið samband á milli. Það getur t. d. haft þýðingu fyrir söluna, hvernig varan er, og þarf raunar ekki að taka slíkt fram. Ég held þess vegna, að þrátt fyrir þessi ummæli hv. þm. sé það í fullu gildi, sem ég sagði um þetta efni hér fyrr í þessum umr., að það væri mjög athugandi að setja á stofn slíka tæknistofnun niðursuðuiðnaðarins, sem hinn norski sérfræðingur lagði til árið 1960. Og ég held, að það, sem hv. ræðumaður sagði um þetta hér í ræðu sinni áðan, dragi ekki á neinn hátt úr mikilvægi tæknihliðarinnar. En ég sagði, að ég hefði ekki hugsað mér að bera fram brtt. um þetta efni. Það væri hyggilegt að sjá betur, hvernig framvinda mála yrði og starfsemi stofnunarinnar, enda er gert ráð fyrir því, eins og ég tók fram, í sjálfu frv., að það skuli stefnt að því að koma á fót tækniþjónustu. Og það er nákvæmlega það sama eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, og ég skil raunar ekki, hvað hv. þm. gengur til að vera að draga úr í þessu efni.

Þá kom hv. þm. að því, sem hefur verið aðalágreiningsefni okkar á milli. Það er spurningin um æðstu stjórn stofnunarinnar, valdsvið fulltrúaráðsins og skipun stjórnarinnar, sem kveðið er á um í 4. gr. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Reykv., eins og ég gerði grein fyrir fyrr í umr., borið fram brtt. um þetta efni á þskj. 664. Hún er um það, að fulltrúaráðið skuli fara með æðsta vald í stofnuninni og að stjórnin skuli valin þannig, að það skuli þrír vera valdir af fulltrúaráðinu, en ekki tveir eins og frv. gerir ráð fyrir, og tveir valdir af Alþ. með hlutfallskosningu. Þetta segir hv. síðasti ræðumaður, að sé óeðlilegt. Og það var vegna þess, eins og hann margoft tók fram, að þessi leið var ekki valin. En ég spyr, og það er kjarni málsins, hvaða ástæða var til þess að velja þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir? Og það var það, sem ég vék að í minni fyrri ræðu, að það væru engar efnisástæður til þess að gera slíkt, það væri algerlega andstætt þeim venjum, sem hefðu tíðkazt, þegar ríkisvaldið hefði boðið eða lagt fram aðstoð sína í einu eða öðru formi til þess að efla og styrkja atvinnuvegina eða einstakar greinar þeirra. Það hefur alltaf verið gert, án þess að af hálfu ríkisvaldsins væri sett skilyrði um það, að viðkomandi atvinnugrein slægi af sjálfstæði sínu eða sjálfstæðri tilveru fyrir það eitt að þiggja aðstoð af hálfu ríkisins. Og það hefur verið bent á það bæði af mér og hv. 2. þm. Vesturl., að þó að það sé þakkarvert, sem gert er ráð fyrir að ríkið leggi fram til sölustofnunarinnar, þá sé það ekkert einsdæmi. Annað eins hefur verið gert. Það hefur margoft – og það vitum við öll – verið varið úr ríkissjóði svo að skiptir hundruðum millj. króna vegna einstakra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til þess að efla og styrkja eða koma til aðstoðar einhverri þýðingarmikilli atvinnugrein, sem í vök átti að verjast.

En hv. síðasti ræðumaður sagði, að þó að framleiðendur eða fulltrúar þeirra væru aðeins ráðgefandi, þá væru verksmiðjur þeirra ekki að láta af neinu sjálfstæði, vegna þess, eins og hann tók fram, að þær þyrftu þá ekki að vera í sölusamtökunum. Þær geta farið úr þessum samtökum, sagði hv. þm. Já, það er nú kannske ekki ástæða að þakka sérstaklega fyrir það, þó að verksmiðjunum sé ekki bannað að fara úr þessum samtökum. En það breytir ekki því, að á meðan verksmiðjurnar og atvinnurekendurnir eru í samtökunum, þá eru þeir ekki nema ráðgefandi aðili í þeim málum, sem varða þá svo miklu. Og ef það ætti að fara eftir ráði hv. síðasta ræðumanns, ef atvinnurekendur ættu að fara úr þessum samtökum, vegna þess að þeir ná ekki rétti sínum, þá er nú hætt við, að þessi samtök verði ekki mikils virði.

Þá sagði hv. þm., að þess væru engin dæmi, að ríkið legði eitthvað álíka fram eins og hér er um að ræða til stuðnings atvinnugreinum eða atvinnuvegum öðruvísi en tryggja sér eftirlit um leið. Ég er algerlega sammála hv. ræðumanni um það. Það er sjálfsagt, að ríkið tryggi sér eftirlit. Frá mínu sjónarmiði kemur annað ekki til greina. Og ég get bætt því við, að það kann vel að vera frá mínu sjónarmiði, að þessa atriðis hafi ekki alltaf

verið jafnvel gætt. Þegar lagt er fram almannafé, þá er sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi eftirlit með því, hvernig þessu fé er varið. Annað kemur ekki til greina. En það er einmitt þetta, sem gert er ráð fyrir, að sé gert eins og frv. eða lögin mundu líta út, ef brtt. mín á þskj. 664 væri samþ., því að í þeirri brtt. er ekkert fellt niður úr frv. sjálfu, sem flokkazt getur undir eðlilegt eftirlit af ríkisins hálfu. Því er öllu haldið. Það segir í brtt. minni, eins og það er í frv. sjálfu, m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðh. ítarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur.“ Það segir enn fremur: „Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.“ Enn fremur tek ég fram í brtt. minni, okkar félaga, að ráðh. skuli skipa annan hinn þingkjörna fulltrúa í stjórninni formann stjórnar stofnunarinnar. Ég verð að segja það, að það er ekki hægt að segja með miklum rétti, að ekki sé gert ráð fyrir eftirliti af hálfu ríkisins í þessu efni. Ég held, að það sé einmitt mjög tryggilega gengið frá því, og ég tel það líka sjálfsagt. Þar með er fullnægt sjálfsögðum hagsmunum ríkisins. En það er svo bezt fullnægt eðlilegum hagsmunum atvinnurekenda sjálfra, að þeir fari sjálfir með æðstu stjórn og framkvæmd sinna mála, og það eru líka hagsmunir beggja, bæði ríkisins og atvinnurekenda, vegna þess að með þeim hætti má vænta árangurs af starfsemi sölustofnunarinnar.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. (RA) talaði með nokkurri vandlætingu um þær skoðanir, sem ég hef lýst, bæði hér áður og nú í þessari ræðu. Það er þó upplýst, að þessar skoðanir voru uppi í þessari nefnd, sem samdi þetta frv., og það er upplýst af hv. 1. þm. Vestf., að hann hafi verið nákvæmlega á sömu skoðun og 5. þm. Vestf. um þessi efni, nákvæmlega á sömu skoðun. Ég vænti þess, að hv. 1. þm. Vestf. haldi áfram að vera mér sammála um þetta efni. Og það verður að segjast eins og er, að við hv. 1. þm. Vestf., og þá er það raunar fyrst og fremst hann, hann hefur þegar haft veruleg áhrif á 4. þm. Norðurl. v., því að eftir allt er nú þessi skoðun, sem ég hef verið að lýsa hér, ekki fjarstæðari í augum hv. 4. þm. Norðurl. v. en það, að hann vill framkvæma þetta, sem ég er að segja, en aðeins eftir fimm ár. Það er þá ekki eðlismunur á skoðunum okkar. Það er hægt að segja, að það sé stigsmunur. En mér sýnist eða ég ætla, að þeirri skoðun, sem ég hef hér verið að halda fram, ætti að vaxa fylgi, og ég viðurkenni það, að frv. er betra eins og það er úr garði gert, þannig að yfirráð ríkisins skuli aðeins vera miðuð við fimm ár. Það er betra heldur en ef alls ekki hefði verið slíkt ákvæði.

En ég er hræddur um, að hv. síðasti ræðumaður skjóti nokkuð yfir markið, þegar hann segir það við mig og aðra hv. þm., sem gagnrýnum þetta, að fyrst við séum ekki með þessu atriði frv., þá hefðum við ekki átt að fylgja frv. Þá hefði hv. 1. þm. Vestf. væntanlega ekki átt að fylgja því. Kannske frv. hefði þá aldrei orðið til. En það hefði ég talið, að hefði verið mjög slæmt. Ég fagna framkomu þessa frv. Ég tel, að það sé mjög þýðingarmikið, mjög mikið atriði, að það verði afgreitt á þessu þingi. En mér sýnist, að ummæli hv. 4. þm. Norðurl. v. sýni ekki mikla ábyrgðartilfinningu í þessu efni, og það sé ekki vottur þess, að hann beri þetta mál svo mjög fyrir brjósti eins og hann ætti að gera, ef hann ætlar að halda fast við þá skoðun sína, að þeir, sem eitthvað hafa við þetta frv. að athuga, ættu að snúast gegn því.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. iðnn. fyrir jákvæða afstöðu til meginatriða í þessu frv., til þeirrar stefnu, sem þar er mörkuð. Um það er samstaða í n., sem ég tel vera ánægjuefni, og raunar hefur sú samstaða áður komið fram í viðræðum stjórnvalda við atvinnurekendur í þessari grein, sem hafa fagnað mjög þessum hugmyndum, sem gert er grein fyrir í þessu frv.

Hins vegar hefur hér komið fram ágreiningsefni, sem ég harma mjög og á raunar dálítið erfitt með að skilja. Því er haldið fram af tveimur hv. þm., Þorv. Garðari Kristjánssyni og Birgi Kjaran, að með ákvæðum 4. gr. frv. um skipan stjórnar fyrstu fimm árin sé gengið á eðlilegan rétt atvinnurekenda í þessari iðngrein og ríkisvaldið sé þar að sitja yfir hlut þeirra. Mér finnst þessi ásökun vera algerlega ómakleg, og mér hefði fundizt miklu eðlilegra, að þetta frv. hefði verið gagnrýnt á þveröfugum forsendum, því að það er gert ráð fyrir því í þessari gr., að eftir fimm ár, þegar búið er að byggja upp þessa sölustofnun og fyrst og fremst með framlögum af almannafé, mjög stórfelldum framlögum, með beinum fjárframlögum, sem verða 100–200 millj. kr. á þessum fimm árum, og með ríkisábyrgð fyrir 100 millj. kr. í viðbót, þegar búið er að byggja upp þetta fyrirtæki, og við skulum vona, að það verði þá orðið mjög arðbært og öflugt fyrirtæki, eigi stórfelldar eignir, þá eigi að afhenda það atvinnurekendum, þeir fái meiri hl. þar í stjórn, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir þessi framlög ríkisins. Þetta finnst mér, að hefði verið hægt að gagnrýna, en ekki hitt, að ríkisstj. með þeirri tilhögun, sem hún leggur til í þessu frv. sínu, sé að ganga á rétt atvinnurekenda. Sú gagnrýni er óréttmæt með öllu.

Við erum þarna að efna til samvinnu ríkisvaldsins við einkaatvinnurekendur í þessari iðngrein og ég tel, að þarna sé um að ræða ákaflega mikilvæga samvinnu. Og ég geri mér vonir um, að hún verði til þess að efla þessa iðngrein, lyfta henni eins og öll rök benda til, að hægt sé að gera hér á landi. Ég gerði grein fyrir því, þegar ég mælti fyrir frv. í upphafi, að það er ástæða til þess að binda mjög miklar vonir við starfsemi þessarar sölumiðstöðvar. En fyrstu fimm árin leggur ríkið til meginhluta fjármagnsins, eins og ég benti á áðan, 125 millj., með beinum framlögum eftir till. nefndarinnar og auk þess kemur svo ríkisábyrgðin, og þau útflutningsgjöld, sem til falla samkv. 6. gr., munu á óbeinan hátt vafalaust lenda á ríkissjóði, vegna þess að þau eru tekin af sjóði, sem stendur undir tryggingum fiskiskipa og er févana, eins og menn vita, og verður þar vafalaust einnig að koma til aðstoð ríkisins til þess að jafna þau met. Ég tel, að það sé skylda okkar alþm., þegar við leggjum fram almannafé til slíkra hluta, að fulltrúar almennings fari þá með stjórn og ábyrgð í því sambandi. Mér hefur stundum fundizt, að þeir, sem segjast vera sérstakir málsvarar hins frjálsa framtaks á Íslandi, séu furðulega metnaðarlitlir fyrir hönd síns frjálsa framtaks. Þeir koma ákaflega oft og fara fram á fjárstuðning af almannafé, þegar illa gengur. En þegar vel gengur, þá á hið opinbera ekki að koma neitt nálægt málunum. Þetta hefur stundum verið kallað að þjóðnýta töpin. Ég er algerlega andvígur slíkum vinnu-

brögðum, tel þau vera óhrein, og mér finnst, að einka-atvinnurekendur eigi að sjá metnað sinn í því, að halda ekki þannig á málum. Mér finnst, að þegar þarna er efnt til samvinnu, sem er í því fólgin, að ríkið leggur til fyrstu fimm árin meginhluta fjármagnsins, þá sé það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið hafi þarna forustu, og mér er eins og ég segi ómögulegt að sjá, að menn geti gagnrýnt þá tilhögun með nokkrum rökum.

Hins vegar verð ég að lýsa yfir því, að mér finnst það ákaflega miður, að þessi ágreiningur skuli hafa komið upp. Ég tel, að það skipti ákaflega miklu máli, að það takist sem nánust og bezt samvinna á milli ríkisvaldsins og atvinnurekenda um þessa sölustofnun. Og ég taldi mig hafa ástæðu til að ætla, að slík samvinna mundi takast mjög greiðlega. En ef menn ætla að fara að gera þetta að einhverju hita- og ágreiningsefni, þá lít ég svo á, að með því sé hreinlega verið að grafa undan þessari hugmynd, og það getur leitt til þess, að þessi starfsemi, sem við bindum allir mjög miklar vonir við, verði ekki eins myndarleg eins og öll rök stóðu til, að hún gæti orðið. Þess vegna vil ég mjög eindregið fara fram á það við hv. þm., að þeir hugi einnig að þessari hlið málsins og séu ekki að óþörfu að vekja upp ágreining og úlfúð út af málefni, sem mér virðist, að allir menn séu sammála um, að sé mjög mikilvægt og þurfi að ná fram að ganga á þessu þingi.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, 5. þm. Vestf., á þá leið, að samstarfsmenn mínir hafi haft þau áhrif á mínar skoðanir, að ég telji nú eðlilegast, að framleiðendur fái meiri hl. í stjórn þessarar stofnunar eftir fimm ár, þá sé ég mér ekki annað fært en að leiðrétta þessa missögn. Þetta hef ég aldrei sagt. Þvert á móti sagði ég áðan, að ég teldi eðlilegast, að samtök, sem ríkið hefur byggt upp að öllu leyti fjárhagslega, verði áfram undir stjórn opinberra aðila. En hitt er allt annað mál, að ég hef fallizt á það, að þessi tilhögun verði viðhöfð. Það er allt annað mál.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það er fátt nýtt, sem ég þarf að bæta við það, sem ég sagði hér í gær um þetta mál. Þó vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að því ágreiningsefni, sem hér er um að ræða. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í gær, að ég tel, að það sé mjög gott fyrir niðursuðuiðnaðinn að fá þetta frv., sem hér er um að ræða, og í því felist margvíslegar fyrirgreiðslur fyrir þennan atvinnuveg og til þess að efla hann. Og vegna þess að það hefur orðið svo góð samstaða eða samkomulag um að byggja þetta frv. upp, því hefur verið mikið breytt frá því að það kom úr höndum þeirrar nefndar, sem undirbjó frv. og var til þess kjörin af hæstv. iðnrh., þá hefðum við, sem stöndum að þessum verksmiðjum, sem hér er um að ræða, vænzt þess, að það næðist einnig samkomulag um þetta atriði, sem við höfum margskýrt frá, að við leggjum mjög mikla áherzlu á. Það er nokkuð annað að vera aðeins með í stjórnuninni og eiga bara að vera ráðgefandi ellegar að geta ráðið meira yfir málefninu, eins og við teljum að sé nauðsynlegt. Við þökkum fyrir þann stuðning, sem felst í þessu frv. við þessa starfsemi, sem var af hæstv. ríkisstj. talin það mikilsverð í okkar þjóðarbúskap, að þess var getið í hennar stjórnarsamningi, að reynt yrði að styðja og efla þennan atvinnuveg og þennan iðnað, sem hefur átt í vök að verjast, eins og rétt er og hér hefur verið margskýrt frá á undanförnum árum, þrátt fyrir þá staðreynd, að þróunin í nágrannalöndum okkar hefur verið í þá átt, að það hefur verið æ stærri hluti af fiskframleiðslunni, sem hefur gengið til niðursuðuiðnaðarins. En því miður kemur mjög lítið brot af okkar útflutningsverðmætum frá niðursuðuiðnaðinum í dag, þrátt fyrir það að við höfum úrvalshráefni til þess að byggja á þessa framleiðslu.

Hv. frsm. þessa frv. sagði í gær, að hér væri ekki verið að koma upp þjóðnýtingarstofnun eða neinu þess háttar. Þetta ættu að vera frjáls samtök framleiðenda. Það væri meiningin með þessu frv. Og ég verð nú að segja það, að ég kann ekki við þann tón í sambandi við umr. um þetta mikilsverða mál, sem ég legg mikla áherzlu á, að náist sem bezt samvinna um og samkomulag, því að ég er ekki í neinum vafa um það, að ef það næst, þá verður hægt að gera stórt átak í þessum efnum með þeim fjárstuðningi, sem hér er heitið. Svo er annað, sem ég vil líka láta koma fram, af því að hv. frsm. n. er búinn að margsegja það hér í umr., að framleiðendur eða verksmiðjueigendur leggi enga peninga fram í þessum efnum. Ég vil upplýsa það, að það hefur ekki verið farið fram á það við undirbúning þessa máls, að framleiðendur eða verksmiðjueigendur legðu neina peninga fram, sem rynnu í sameiginlegan sjóð til þess að byggja þessa stofnun upp. Ég skal ekkert segja um það, að hve miklu leyti þeir eru færir um að koma með stórar fjárhæðir í þessum tilgangi, en mér er ekki kunnugt um, að farið hafi verið fram á það. Vikið hefur verið að því, að útflutningsgjöldin af niðursoðnum sjávarafurðum og grásleppuhrognunum komi í sjóð hjá þessari stofnun, það sé framlag ríkissjóðs. Sannleikurinn er sá, að í fjöldamörgum og flestum okkar nágrannalöndum, sem byggja afkomu sína að verulegu leyti – þó ekki í námunda við það, sem við Íslendingar gerum – á sjávarútvegi, er það í mörgum tilfellum, að það er ekki aðeins, að engin útflutningsgjöld séu greidd þar af sjávarútvegsframleiðslunni, heldur eru verðbætur frá því opinbera, ríkinu, til viðbótar. Og enda þótt útflutningssjóðurinn verji þarna nokkru fjármagni, er ég ekki búinn að sjá, að það komi stórar upphæðir í þennan sjóð. Það kann vel að vera, að á prjónunum sé að koma með stórar upphæðir úr ríkissjóði í þennan sjóð til þess að bæta honum það tjón, sem hann kann að verða fyrir. Ég veit, að útflutningssjóðurinn eða vátryggingarsjóðurinn er í mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Það kann vel að vera, og það mundi gleðja mig, að ríkisstj. sjái sér fært að veita verulegar fjárupphæðir til þess að efla þann sjóð, því að það er vissulega mikil þörf á því. Hann er nú þegar orðinn á eftir með greiðslur til þess að standa við sínar skuldbindingar a. m. k. sem nemur 8–9 mánuðum, og þar verður vissulega að gera eitthvert átak. En þó að þessi upphæð komi vissulega að verulegu gagni við þessa starfsemi, þá er þarna ekki um neina verulega upphæð að ræða á mælikvarða þess sjóðs, sem þar er um að ræða.

Nei, ég veit og ég trúi því, að það sé einlægur ásetningur þeirra, sem hafa staðið að því að semja þetta frv., að um þessa starfsemi náist sem bezt samvinna og einnig þeirra aðila, sem ætlað er að veita styrk í þessum

efnum. Og þess vegna mundi ég segja, að það væri mjög mikilsvert, ef iðnrh. vildi fallast á og stuðla að því, að stjórn þessarar væntanlegu stofnunar verði þannig skipuð, að það verði þrír af fimm frá framleiðendum, en hins vegar finnst mér koma til greina, að þeir aðilar verði þá látnir leggja eitthvað fram. Það mætti vel koma einhver fyrirvari um það og eins einhver varnagli af hendi þess opinbera, svo að tryggt verði, að því fjármagni, sem það opinbera leggur þarna af mörkum, verði ráðstafað á þann hátt, sem sæmilegt mætti teljast, og það yrði þá vel séð fyrir því, að ekki væri farið illa með það fé, sem ríkið veitti til eflingar þessum iðnaði. Ég held, að það hljóti að vera hægt að finna leiðir til þess að hafa þann varnagla á í þessum efnum af hendi þess opinbera, að tryggt verði, að vel verði farið með það fé, sem þarna verður lagt af mörkum af hálfu þess opinbera, enda þótt ríkið hafi ekki endilega meiri hl. í stjórn þeirrar stofnunar, sem á að fara með sölumál þessarar framleiðslu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins vegna þess að vísað hefur verið til þess í umr. hér, að ég var í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., og hafði um það nokkra sérstöðu, vil ég leyfa mér að segja örfá orð. Raunar þurfa þau ekki að verða mörg, því að ég hafði áður gert grein fyrir minni afstöðu við 1. umr. þessa máls.

Það er rétt, að í hinni svonefndu niðursuðunefnd var ég í minni hl. hvað viðvíkur skipun stjórnar þessarar stofnunar. Ég taldi eðlilegt, að meiri hl. yrði í höndum framleiðenda, og þarf ekki að rökstyðja það með mörgum orðum. Mér sýnist, að hið opinbera sé fyrst og fremst sameiginlegt þjónustufyrirtæki okkar allra, sem innheimtir fjármagn með sköttum og tollum og beinir því aftur út í atvinnulíf og þjóðlífið á þann máta að styrkja það, sem styrkja þarf, og sem betur fer er það yfirleitt gert, án þess að krefjast þess, að hið opinbera hafi meirihlutaákvörðunarvald í einstökum greinum atvinnulífsins. Þetta gerir hið opinbera í dag á fjölmörgum sviðum. Það er rekin hér viðamikil rannsóknastarfsemi. Það eru reknar hér athuganir á útflutningi iðnaðarvara með miklu fjármagni, bæði erlendis frá og innlendu, og þannig mætti lengi telja. Mér er að vísu ekki vel kunnugt af eigin raun, hvernig þróun frystiiðnaðarins var, en þó veit ég, að það opinbera lagði þar mjög mikið af mörkum upphaflega og kom raunar þeirri grein á fót, en afhenti síðan samtökunum sjálfum, sem síðan hafa rekið þetta af miklum myndarbrag.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að framleiðendur eigi stærstra hagsmuna að gæta í öllu slíku sambandi. Þeir, sem tengjast slíkri stofnun einu sinni, fara ógjarnan frá henni aftur. Þeir eiga ekki hægt um vik að losa sig þaðan. Þeir eru orðnir háðir henni meira eða minna um alla framtíð.

Ég taldi hins vegar eðlilegt, að hið opinbera hefði eftirlit með því fjármagni, sem það ráðstafar til þessara atvinnugreina, t. d. á þann máta, að fjárhagsáætlun væri háð samþykki ráðh., meðan fjármagn kæmi frá hinu opinbera til þessa fyrirtækis, og einnig gæti hið opinbera að sjálfsögðu haft endurskoðanda og aðrar leiðir til að fylgjast þar með.

Um þetta varð ekki samkomulag. Ég taldi aftur á móti svo nauðsynlegt fyrir þennan atvinnuveg að fá þetta frv. fram, því að það er sannfæring mín, eftir að ég tel mig hafa kynnzt þessum málum vel, við störf í umræddri nefnd, að fyrst og fremst hái þessari atvinnugrein mjög veik eða nánast því engin sölu- og markaðsstarfsemi eða skipulag. Og því taldi ég rétt að fallast á það, sem hér er orðið samkomulagsatriði milli þeirra, sem undirbjuggu frv., að hið opinbera hafi meiri hl. í stjórn þessarar stofnunar fyrstu fimm árin, en eftir það snúist það við. Ég skal viðurkenna, að þó að ég hefði kosið hina leiðina fremur, sé ég ekki, að mjög miklu sé fórnað. Ég geri ráð fyrir því og vænti þess, að áhrifa einstaklings, sem hefur hagsmuna að gæta í þessari grein, gæti verulega í þessari stjórn þegar frá upphafi, og ég treysti því, að þeir menn, sem þarna verða skipaðir af hinu opinbera, og sé enga ástæðu til annars, taki fyllilega tillit til sjónarmiða framleiðenda. Ég held, að annað komi ekki til greina, enda ljóst, að eftir tiltölulega skamman tíma fá framleiðendur meiri hl. í stjórninni eins og er með önnur sölufyrirtæki sjávarútvegsins.

Ég vil taka undir það með hæstv. iðnrh., að það er afar nauðsynlegt, að samstaða náist um þetta mál. Ég held, að það sé svo með hvert mál, að fyrst og fremst verði það til farsældar, að góð samstaða náist, og ekki sízt með þetta mál. Framkvæmd þessa máls er afar mikið háð því, að framleiðendur verði með í þessum samtökum frá upphafi, og ég held, að allir hv. þm. ættu að stuðla að því, að svo gæti orðið. Ég fyrir mitt leyti tel, að miðað við þann ágreining, sem er, sé það skásta leiðin að fallast á þetta mál eins og það er nú. Ég mun gera það, styðja málið eins og það er lagt fram, og vil beina því til annarra hv. þm., að þeir geri það sama með það í huga, að sem bezt samstaða náist.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, að það væri ekki rétt, sem hann hafði eftir mér, að samstarfsmenn hans hefðu haft þau áhrif á hann, að hann hefði fallizt á fimm ára frestinn varðandi skipun stjórnarinnar, samstarfsmenn hans í nefnd þeirri, sem samdi frv. Hins vegar hefði hann, eins og hann orðaði það, fallizt á það sjónarmið. Ég tek þessa aths. og mótmæli henni ekki, en lýsi ánægju minni yfir því, að hv. þm. skyldi sjá þetta, án þess að það þyrftu að koma til áhrif frá hv. 1. þm. Vestf. í sömu átt og ég hef talað í þessu máli.

Ég vil aðeins víkja að því, sem hæstv. iðnrh. sagði, að það skyldi varast að stofna til úlfúðar í þessu máli. Ég vil taka undir það. Ég hef í báðum fyrri ræðum mínum lýst yfir fylgi mínu við þetta frv. og fagna framkomu þess. En það er ekki að ástæðulausu, sem ég kem með mína brtt. Sú till. er algerlega shlj. óskum, sem Félag ísl. niðursuðuverksmiðja hefur lagt fram um þetta efni. Og með því að ég er sammála þeim, sem vilja, að það geti orðið sem beztur árangur af hinni væntanlegu sölustofnun, þá þykir mér, að það sé sjálfsagt og eðlilegt að koma á framfæri vilja og skoðunum þeirra aðila, sem mest eiga undir stofnuninni og mestu ráða um það, hvort hún nær árangri eða ekki. Ég tel, að það sé eðlilegt að koma með þessa till. hér, vegna þess að það er bezta leiðin til þess að tryggja þessu máli farsæla lausn

og góðan árangur af sölustofnuninni að samþykkja þessar sanngjörnu óskir framleiðenda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 660,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 660,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 664 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AuA, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG, Eggþ.

nei: ÁB, BGuðbj, BFB, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, PÞ, RA, StH.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 660,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 660,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 660,5 samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

7.–9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 660,6 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 707).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði í Ed., þá rakti ég nokkuð sögu niðursuðuiðnaðarins á Íslandi og þá ýmsu erfiðleika, sem hann hefur átt við að etja. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka þá frásögn hér. Ef menn hafa áhuga á, þá geta þeir kynnt sér umr. í Ed. í þingskjölum eða hér á skrifstofu Alþingis, og ég vildi leyfa mér að fylgja málinu eftir í þessari hv. d. með frekar stuttri ræðu, því að ég hef mikinn áhuga á því, að þetta mál verði afgreitt hér á þessu þingi.

Ég vil minna á það, að núna eftir stríð hafa orðið anzi miklar sveiflur í niðursuðuiðnaðinum eða lagmetisiðnaðinum á Íslandi. Í stríðslok og fyrstu árin eftir stríð var þarna um allumtalsverða starfsemi að ræða, útflutningur komst upp undir 1000 tonn, en síðan dróst þessi framleiðsla saman á nýjan leik og svo var komið árið 1954, að útflutningur á niðursoðnu og niðurlögðu fiskmeti var ekki nema 44 tonn, þessi starfsemi hafði í raun og veru lagzt niður. Síðustu árin hefur svo aftur orðið aukning sem betur fer, og sérstaklega þrjú síðustu árin, þannig að nú er útflutningur á þessum vörum kominn yfir 1000 tonn, og verðmætið á síðasta ári var hátt í 200 millj. kr., þannig að þarna er þegar orðið um allverulegt magn að ræða. Engu að síður erum við í samanburði við aðra algerir byrjendur á þessu sviði. Það hráefni, sem við notum í niðursuðuiðnað, er ekki nema 1–2‰ af fiskafla okkar, en samkv. skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna 1969 fór yfir 9% af heildaraflamagni fiskafurða í heiminum til niðursuðu og niðurlagningar, og í þessu sambandi má minna á það, að árið 1969 veiddu Vestur-Þjóðverjar í allt 805 þús. tonn og notuðu í niðursuðu og niðurlagningu 204 þús. tonn, eða hvorki meira né minna en fjórða hlutann af öllu aflamagninu, þannig að hagnýting okkar á því fiskmeti, sem hægt er að nýta til lagmetisiðju, er ákaflega lítil enn sem komið er, og þarna er tvímælalaust hægt að gera mjög stórfellt átak. Árið 1970 framleiddum við t. d. 4255 tonn af sykursöltuðum þorskhrognum, en það er hráefni í þorskhrognakavíar í áltúpum. Við nýttum þetta hráefni ekkert sjálfir, en fluttum það úr landi, aðallega til Sviþjóðar. Ef við hefðum hagnýtt þetta magn, hefði það nægt til að framleiða um 38.3 milljónir af túpum með 100 g nettóþyngd. Svipað má segja um söltuð ufsaflök, sem eru notuð til sjólaxframleiðslu, en við notum aðeins sáralítið brot af því, sem við getum, til að framleiða sjólax. Sama er að segja um grásleppuhrognin og þorsklifur o. s. frv., o. s. frv. Við framleiðum sem sé verulegt magn af hráefnum, beztu hráefnum, sem fáanleg eru til lagmetisframleiðslu, en eftirlátum öðrum að fullvinna þessa vöru að mjög verulegu leyti.

Að sjálfsögðu hefur einn af þeim þröskuldum, sem þarna hefur verið í vegi, verið forustuleysi og skipulagsleysi í þessari atvinnugrein. Niðursuðuverksmiðjurnar hafa flestar verið byggðar upp af einstaklingum, dugmiklum og bjartsýnum mönnum, en þá hefur oft skort bæði fjármagn og nauðsynlega sérþekkingu og milli þeirra hefur verið lítið um samvinnu, en stundum því miður mjög fráleit samkeppni á erlendum mörkuðum, sem hefur torveldað þessa starfsemi einnig. Fyrirtækin hafa yfirleitt verið smá, þau voru 26 á síðasta ári, og mörg þeirra eru þannig skipulögð, að þau geta aðeins starfað hluta úr ári. Skipulagsleysið hefur einnig leitt til óhagkvæmni í fjárfestingu. Við höfum komið okkur upp vélbúnaði, sem er langt umfram þarfir á ýmsum sviðum eins og nú standa sakir o. s. frv. En langalvarlegasta vandamálið er án efa skortur á sölusamtökum, sem mundu vinna í þágu þessarar iðngreinar í heild. Við þekkjum það mjög vel úr hraðfrystiiðnaðinum t. d., hvert gildi slíkra sölusamtaka er, og að forsendur þeirra eru nákvæm skipulagning og verulegt fjármagn. Það er í sjálfu sér einfalt verkefni að selja hráefni og verða þá jafnframt að una þeim stórfelldu sveiflum á magni og verði, sem fylgja hráefnaframleiðslu í iðnaðarþjóðfélögum okkar tíma. En að framleiða fullunninn iðnaðarvarning og koma honum á framfæri sem næst neytendum sjálfum er vandasamt og sérfræðilegt verkefni. Hins vegar er það það, sem ræður úrslitum um arðsemi framleiðslunnar. Enda þótt verð á hráefnum sveiflist mjög, er sú sjaldnast raunin um fullunninn iðnaðarvarning, og því tryggja fullkomin sölusamtök ekki aðeins stóraukinn ábata af fram-

leiðslunni, heldur einnig miklu stöðugra verðlag. Þetta á við um alla iðnaðarframleiðslu og í sérstaklega ríkum mæli um framleiðslu á matvælum. Á því sviði hefur þróunin orðið sú í löndunum umhverfis okkur, að fólk sækist í sívaxandi mæli eftir matvælum, sem hægt er að nota fyrirhafnarlaust. Þess vegna hefur neyzla á niðursoðnum fiskafurðum aukizt mjög stórlega. Þannig jókst innflutningur Bandaríkjamanna á niðursoðnum fiskafurðum úr 53 millj. dollara 1958 í 111 millj. dollara 1969 og eru þá skeldýr ekki meðtalin. Innflutningur Efnahagsbandalagslandanna jókst á sama tíma úr 52 millj. dollara í 135 millj. dollara, og innan EFTA-landanna var aukningin á sama tíma úr 106 millj. dollara í 152 millj. dollara. Hér er því um að ræða mjög hraðvaxandi markaði, sem munu halda áfram að aukast með breyttum neyzluvenjum. Ef við eigum að ná tökum á þessum mörkuðum, verðum við að koma okkur upp því heildarskipulagi og kosta til þeim fjármunum, sem til þess þarf. Þetta eru staðreyndir, sem mönnum hafa verið ljósar æðilengi, og um það hafa verið samdar skýrslur og grg. Árið 1968 framkvæmdi kanadíska fyrirtækið Stevenson & Kellogg markaðsrannsóknir í þágu niðursuðuiðnaðarins og safnaði að sér merkri vitneskju og komst að þeirri niðurstöðu, að unnt væri að tífalda útflutning niðursuðuiðnaðarins á stuttum tíma, og um þær mundir unnu Sameinuðu niðursuðuverksmiðjurnar mikið og merkilegt undirbúningsstarf að stofnun sölusamtaka undir forustu Gísla Hermannssonar verkfræðings, en því miður varð raunin sú, að rannsóknirnar og athuganirnar hlóðust upp og rykféllu að lokum í skápum, en ekkert varð úr framkvæmdum. Það er þess vegna sem þetta frv. hefur nú verið flutt af núv. ríkisstj., að hún taldi það vera eitt af veigamiklum verkefnum sínum, að gera stórfellt átak í þágu lagmetisiðnaðar á Íslandi, og með þessu frv. er lagt til, að tekin verði upp sérstök samvinna á milli framleiðenda á þessu sviði og ríkisvaldsins. Þessir aðilar bindist samtökum um að koma á laggirnar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sem verði sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Í 2. gr. frv. er hlutverk stofnunarinnar rakið í sjö liðum. Henni er m. a. ætlað að annast sölu og dreifingarstarfsemi á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og skipuleggja hvers kyns markaðsöflun, samræma framleiðslu verksmiðjanna með skipulögðum vinnubrögðum og greiða fyrir öflun hráefnis með það markmið í huga, að gott hráefni verði ekki flutt úr landi óunnið, ef hægt er að nýta það hérlendis. Þarna er einnig ákvæði um gæðaeftirlit, og í því sambandi vil ég láta þess getið, að nú er verið að vinna að því að semja nýja reglugerð um framleiðsluhætti þessarar iðngreinar í samræmi við ströngustu nútímakröfur og hollustuhætti og gæði, en þar er að minni hyggju um að ræða grundvallaratriði, ef við ætlum að ná árangri á þessu sviði.

Í þessari gr. er einnig ákvæði um, að stofnunin geti annazt sameiginlegan innflutning fyrir aðila sína og gerzt eignaraðili að dósa- og umbúðaverksmiðju, en einnig þar er um mjög veigamikið atriði að ræða. Hérlendis er aðeins starfrækt ein dósaverksmiðja, vanbúin að tækjum og framleiðslugetu, auk þess sem þrjár niðursuðuverksmiðjur framleiða dósir til eigin nota. Verð umbúðanna er tiltölulega stór hluti af framleiðslukostnaði niðursuðuvara, auk þess sem gerð og útlit umbúðanna er afar veigamikið atriði á mörkuðum. Því þurfum við að efla einnig þessa iðngrein til mikilla muna, og reynslan af Kassagerð Reykjavíkur sýnir, að einnig á sviði umbúða eigum við að geta háð árangursríka samkeppni við aðra.

Í 3. gr. er fjallað um aðild að sölustofnuninni, en hún er öllum opin, án þess að nokkur sé til þess knúinn að taka þátt í henni. Jafnframt er stofnuninni veitt vald til að kveða á um gæði framleiðslunnar og um refsiaðgerðir, ef út af er brugðið, og auk þess eru ákvæði um vörumerki, en kynning á sameiginlegu vörumerki er ævinlega mjög veigamikið atriði í markaðsöflun.

Í 4. gr. er svo fjallað um stjórn stofnunarinnar, en þar er gert ráð fyrir því, að atvinnurekendur, sem aðild eiga, myndi fulltrúaráð með einum fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki og sé fulltrúaráð þetta ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar. Þá er einnig lagt til, að fulltrúaráðið tilnefni tvo menn í stjórn stofnunarinnar, en þrír verði tilnefndir af iðnrn., viðskrn. og fjmrn. Er lagt til, að þessi skipan haldist um fimm ára skeið, meðan ríkið leggur stofnuninni til, ábyrgist eða útvegar meginhluta þess fjármagns, sem hún fær til starfsemi sinnar. En að fimm árum liðnum, þegar bein fjárframlög ríkisins falla niður og stofnuninni hefur vonandi vaxið fiskur um hrygg, er ákveðið, að fulltrúaráðið tilnefni meiri hl. stjórnarinnar, þrjá af fimm. Þetta er það atriði frv., sem ágreiningur varð um í hv. Ed. Þar kom fram brtt. flutt af tveimur þm. Sjálfstfl. þess efnis, að atvinnurekendur hefðu meiri hl. í stjórn þessa fyrirtækis frá upphafi. Í því sambandi vil ég leggja áherzlu á það, að þegar upp er tekin samvinna ríkis og einkaaðila, þá held ég, að það sé hollast og skynsamlegast fyrir báða aðila að hafa þau samskipti sem allra hreinust og skýrust. Ég er ákaflega andvígur þeim vinnubrögðum, sem oft hafa tíðkazt hér á Íslandi, að opinberir aðilar eru látnir hlaupa undir bagga með einkaaðilum, þegar illa gengur, en eiga svo ekki að hafa nein afskipti af hlutunum, þegar vel gengur. Þetta er sú stefna, sem kölluð hefur verið þjóðnýting á töpum. Ég held, að þessi stefna sé óskynsamleg, bæði fyrir ríkisvaldið og eins fyrir einkaatvinnurekendur.

Í sjálfu sér hefði ég ekkert haft við það að athuga, að samvinnu við einkaatvinnurekendur á þessu sviði hefði verið þannig háttað, að einkaatvinnurekendur hefðu haft meiri hl. í stjórn frá upphafi. En þá verður að breyta fleiru en 4. gr. Þá hefði einnig orðið að breyta 5. gr. Í 5. gr. er tiltekið, að ríkissjóður leggi fram sem óafturkræft framlag 25 millj. kr. ár hvert fyrstu fimm árin, þ. e. 125 millj. á fimm árum. Ef ætti að hafa þann hátt á, að einkaaðilar hefðu meiri hluta í stjórn frá upphafi, teldi ég, að þyrfti að breyta þessari gr. þannig, að ríkissjóður legði fram 10 millj. kr. gegn því, að einkaaðilar í þessari iðngrein legðu fram 15 millj. Ég gæti vel hugsað mér samvinnu af þessu tagi. En ég hef rætt þetta við einkaaðila í þessari iðngrein. Þeim ber saman um það, að þeir hafi ekki tiltækt slíkt fjármagn. Það fjármagn, sem þarna er um að ræða, verði að koma frá ríkissjóði, og á meðan sakir standa þannig tel ég, að ríkið verði að taka á sig gagnvart almenningi þá ábyrgð að fara með stjórn þessa fyrirtækis.

Það er lagt til samkv. þessu frv., að síðan eftir fimm ár verði þetta fyrirtæki, sem vonandi verður þá orðið öfl-

ugt og auðugt, afhent án þess að nokkur endurgreiðsla komi til ríkissjóðs á móti, og það er að minni hyggju ákaflega stórfelld gjöf. Ég skil það ákaflega vel, að einhverjir gagnrýni frv. á þeim forsendum. En um þetta hefur orðið samkomulag, ég hef fallizt á þetta, enda þótt ég viðurkenni, að þarna er verið að færa einkaaðilum mjög stórfelldar gjafir af ríkisfé. Þetta er gert til þess að efla atvinnugrein, sem er ákaflega mikilvæg fyrir þjóðarbúið í heild, atvinnugrein, sem við eigum að hafa alveg sérstaka möguleika á að efla þjóðfélagi okkar til heilla.

Í 5. gr. frv. er, eins og ég gat um, ákvæði um framlag ríkissjóðs. Enn fremur er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, er nemur allt að 100 millj. kr., þannig að þarna er um að ræða 225 millj. kr. á fimm árum, og óneitanlega er það ákaflega myndarleg fyrirgreiðsla við þessa mikilvægu starfsemi. Þá er gert ráð fyrir því, að niðursuðuverksmiðjurnar greiði sölulaun til stofnunarinnar, sem nota skal til að mæta sölukostnaði, og skal hundraðshlutinn vera ákveðinn að fenginni umsögn fulltrúaráðs. Í sambandi við þetta má geta þess, að árið 1970 nam heildarútflutningur niðursuðuiðnaðarins um 143 millj. kr., og ef sölustofnunin hefði annazt þennan útflutning og tekið 3% sölulaun, þá hefðu tekjur af þeirri starfsemi numið 4.3 millj. kr. Þarna er einnig um það rætt, að stofnuninni sé heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar. Samkv. ákvörðun stjórnar árið 1970 voru fluttar inn í þágu niðursuðuiðnaðarins umbúðir, krydd og aðrar rekstrarvörur fyrir 42.3 millj. kr. Ef sölustofnun hefði haft alla þá starfsemi með höndum og tekið 5% umboðslaun, hefðu tekjur hennar af þeirri starfsemi numið 2.1 millj. kr. Ég nefni að sjálfsögðu þessar tölur aðeins til viðmiðunar. Mér dettur engan veginn í hug, að stofnunin muni í reynd annast alla þessa starfsemi í þágu niðursuðuiðnaðarins, en grunnurinn mun vonandi aukast til mikilla muna eftir því sem stofnunin eflist og þeir aðilar, sem að henni standa.

Í 6. og 7. gr. er ákvæði um það, að stofna skuli sérstakan sjóð, sem næstu fimm árin fái öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum. Eins og frv. var upphaflega lagt fram í Ed., þá var ætlazt til þess, að þarna yrði um að ræða allmiklu hærri upphæðir eða fleiri vörur. Það var lagt til í upphafi, að þarna yrðu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskhrognum og salt- og kryddsíld. Þessu hefur hins vegar verið breytt, vegna þess að eins og menn vita eru þessi útflutningsgjöld notuð til þess að greiða tryggingakostnað af fiskiskipum og sá sjóður, sem annast þær greiðslur, er mjög fjárvana og það þarf að leysa vandamál hans, þannig að það þótti ekki fært að ganga lengra en hafa þarna útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum. Ef miðað er við útflutningsmagnið 1970 og það útflutningsgjald, sem nú er í gildi, þá væri þarna um að ræða tæpar 10 millj. kr. En í þessu skyni á sem sagt að stofna sérstakan sjóð, sem hafi það verkefni að efla niðursuðuiðnað, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis, og ég tel, að slík sjóðsstofnun sé ákaflega mikilvæg. Þau frábæru hráefni, sem okkur eru tiltæk, bjóða upp á sérstaka tilraunastarfsemi á okkar vegum og auk þess ætti svo að nota þennan sjóð til þess að efla niðursuðuiðnaðinn á annan hátt.

Ég læt þá þessum skýringum lokið. Það var mjög mikil samstaða um þetta mál í Ed., þegar undan er skilið þetta ágreiningsefni, sem ég hef gert grein fyrir, og ég vona, að sams konar samstaða verði um málið hér í þessari hv. þd. Mér er það mikið áhugamál, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, þannig að hægt verði að nota sumarið til þess að hefja þá starfsemi, sem að er stefnt með þessu frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég ætlaði við þessa 1. umr. aðeins að segja örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég vil taka undir það með hæstv. iðnrh., að ég tel, að hér sé um stórmál að ræða fyrir þennan atvinnuveg og kannske miklu stærra mál heldur en þetta frv., svona við fyrsta yfirlestur, ber með sér. Hér er tekið á vandamáli og reynt að byggja grunn undir ónotaða möguleika, sem, eins og hæstv. ráðh. sagði, hafa verið notaðir að svo sáralitlu leyti í landinu enn sem komið er. Þetta er þó ekki vegna þess, að það séu ekki nægjanlega margar verksmiðjur í landinu, heldur er það vegna þess, að þetta hefur verið býsna skipulagslítið. Og því er mín spurning sú, hvort það sé talið líklegt, að framleiðendur yfirleitt muni fallast á þetta fyrirkomulag og nota þá aðstöðu, sem þarna er um að ræða.

Ég er öldungis sammála því, að vandamálið í þessu er efling sölustarfseminnar. Þessi starfsemi hefur á þessu sviði eins og raunar annars iðnaðar í landinu verið ákaflega lítil og mjög tilviljanakennd. Það vantar ekki, að það hafi verið kannske boðnar niðursoðnar vörur, en þetta hefur ekki verið gert á skipulegan hátt. Ég felli mig sem sé mjög vel við þau vinnubrögð og er í langflestum tilfellum sammála því fyrirkomulagi, sem hér er miðað við. Ég er alveg sammála hæstv. iðnrh. um það, að ég tel, að ríkið eigi að hafa meiri hl. í þessari stjórn stofnunarinnar, á meðan það tímabil er að líða, þar sem þarf virkilega að hafa fasta forustu um alla starfsemina. Ég held, að það sé eðlilegra og raunar sjálfsagt, að ríkið hafi á þessu tímabili meirihlutastjórn með höndum.

En ég get ekki látið þess ógetið, að það er til meiri iðnaður í landinu heldur en lagmetisiðnaður, svo ágætur sem hann nú annars er. Ég minnist þess, að í haust barðist ég þó nokkuð fyrir því að fá framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, eins og það var árið áður, þ. e. 6 millj. kr. Ónei, ekki aldeilis. Það var skorið niður um 33%. Ég kann illa við það, að það sé einhvern veginn verið að flokka iðnaðinn í landinu. Þarna er verið að taka myndarlega á vissum þætti iðnaðar gagnvart sölustarfsemi, og því er ég öldungis sammála. En mér finnst líka, að það hefði þurft að taka tillit til annars iðnaðar í landinu, sem er þó nokkur og sem verður á næstu árum líka að leita að erlendum markaði að verulegu leyti fyrir framleiðslu sína. Og það er sízt minni vandi eða ódýrara að selja annan iðnvarning í útlöndum heldur en lagmeti. Mér finnst sem sé óþolandi, að iðngreinar séu flokkaðar eftir einhverri forgangsröðun í góðar og ekki eins góðar greinar.

En ég tel sem sé, að það sé stefnt mjög í rétta átt með þessu frv. Reynslan verður að sýna, hvort hér er nægjanlega stórt tekið á, en við fljótan yfirlestur sýnist mér það einmitt vera. Ég kann þessum vinnubrögðum vel, en ég tel, að það hefði líka þurft að gera eitthvað álíka fyrir annan iðnað í landinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður að þessu sinni um það mál, sem hér er til umr. Ég tel þó rétt að gera nú strax við 1. umr. þessa máls með aðeins örfáum orðum grein fyrir minni afstöðu til frv. Ég tel, að í meginatriðum stefni þetta frv. í rétta átt. Það hefur verið vanrækt um langt árabil að gera nokkuð fyrir þann atvinnurekstur, sem hér er til umr. Ég get því verið sammála í meginatriðum allflestu því, sem í frv. er.

En þó er í því einn póstur, sem ég hef hnotið um og tel, að þyrfti að breyta. Það er í sambandi við 4. gr. frv., sem fjallar um skipan stjórnar fyrir stofnunina. Eins og frv. liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að í fimm manna stjórn eigi ríkið að skipa meiri hl. stjórnar, þ. e. þrjá. Þetta er rökstutt með því, að á fimm ára tímabili leggi ríkissjóður það miklar fjárfúlgur til þessa atvinnurekstrar, að það sé nauðsynlegt að „sósíalísera" hann á þennan hátt. En þessi rökstuðningur kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir. Ég vil spyrja þá menn, sem þessu halda fram, hvaða atvinnurekstur er það í okkar landi, sem ekki er á beinan eða óbeinan hátt styrktur af ríkissjóði? Ég vil benda á það t. d., að það liggur nú fyrir hv. Alþ. stjfrv. um breytingu á jarðræktarlögum, sem áætlað er, að kosti a. m. k. 17 millj. á þessu ári til viðbótar því, sem sá atvinnurekstur fær frá ríkinu. Ég segi þetta ekki til þess að vera neitt að átelja þetta. Ég tel þetta ósköp eðlilegt. En þarna er engin ástæða talin til að vera með neina sérstaka „sósíalíseringu" á málum. Svo er víðar. Sjávarútvegurinn hefur um margra ára skeið fengið ekki kannske 100 millj., heldur hundruð millj. úr ríkissjóði til styrktar.

Og annað er í þessu, sem ég tel mjög óæskilegt, og það er það, sem ég óttast, að framleiðendur sjálfir verði ekki tiltækir til þess að koma inn í stofnunina, ef þetta verður látið standa óbreytt. Og hver verður þá tilgangurinn og hver verður þá árangurinn? Ég óttast það mjög, eins og fram hefur komið í umsögn Félags ísl. niðursuðuverksmiðja og maður hefur heyrt um getið, að með þessu fyrirkomulagi í stjórnun stofnunarinnar verði þeir alls ekki með í fyrirtækinu, og þá er enginn árangur. Ég legg þess vegna áherzlu á það, að á þessari gr. fáist breyting. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að í meginatriðum stefnir frv. í rétta átt, en ég tel þetta það mikilvægt atriði, að ég tel, að þarna þurfi breyting á að verða. Ég vænti þess, að sú hv. n., sem málið fær til meðferðar, skoði það í ljósi þessa, sem ég hef nú sagt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Í 3. gr. frv. þessa er gert ráð fyrir því, að atvinnurekendur séu frjálsir að því, hvort þeir taka þátt í þessari stofnun eða ekki, ef þessi lög verða samþ. Byrjunin hljóðar svo:

„Atvinnurekendur í niðursuðuiðnaði, sem vilja eiga aðild að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þurfa að gefa um það skriflega yfirlýsingu og eru þeir þá bundnir af aðild sinni í a. m. k. eitt ár og geta ekki slitið henni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót."

Þessi ákvæði fela það í sér, að þeir, sem stunda niðursuðuiðnað og starfrækja hann nú, eru alls ekki skyldugir að standa að þessari stofnun. Og ef lög eru samþ., sem þeir eru óánægðir með, þá gera þeir það sennilega ekki, heldur mynda bara annað félag, önnur sölusamtök á frjálsum grundvelli, svo framarlega sem ekki er barin úr þeim öll dáð.

Svo eru ýmis ákvæði í 4. gr., sem ég er ekki sérlega hrifinn af. 2. mgr. byrjar þannig:

„Ráðh. skipar stofnuninni 5 manna stjórn til þriggja ára í senn og skulu tveir tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, einn samkv. tilnefningu viðskrn., einn samkv. tilnefningu fjmrn. og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar."

Fulltrúaráðið á að hafa rétt til að tilnefna tvo menn og ráðh. eða rn. eiga að tilnefna þrjá. Og þar að auki eiga þessir atvinnurekendur rétt til þess að kjósa sér fulltrúa á fund, sem árlega á að halda, en þeir hafa aðeins ráðgefandi vald. Þó eru það eigendur framleiðslunnar, sem kjósa þessa fulltrúa og verða sennilega oft sjálfir mættir, en þeir hafa aðeins ráðgefandi vald. Það er stjórnin, sem hefur allt framkvæmdavaldið. Þeir mega nefnilega ekki ráða þessari starfsemi, þó að þeir eigi hana og þeirra hagsmunir séu við hana bundnir. Þeir hafa aðeins tillögurétt. Þetta finnst mér of langt gengið. Við vitum t. d. um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og við vitum um sölusamtök hraðfrystiðnaðarins. SÍS hefur sín samtök og hinir hafa sín samtök, og ég held, að það sé óhætt að segja, að a. m. k. í flestum tilfellum hefur þetta gefizt vel og í sumum tilfellum mjög vel. Og þetta hafa þeir starfrækt, án þess að fá beinan ríkisstyrk, a. m. k. ekki nema þá aðeins í byrjun. Og þetta eru orðin öflug fyrirtæki. Satt að segja held ég, að það sé eðlilegast og bezt, að menn vinni sig sjálfir upp, hafi ábyrgðartilfinningu, en þeim séu ekki fengnir allt of miklir fjármunir fyrirhafnarlaust upp í hendurnar, sem eru þá misvel notaðir. Í öðru lagi er það venja, ef þing kýs í eitthvað eða ráðh. skipar, að þá er það ákaflega oft pólitískur gæðingur, sem þar er valinn, og oft er það af því að hann hefur of lítið til að lifa af. Það er í mörgum tilfellum af því, að hann er þá ekki meiri ráðdeildarmaður en það, að hann þarf að fá einhverja viðbót til þess að geta komizt af persónulega, og ég held, að þetta geti þá farið svo, að meiri hl. stjórnarinnar yrði skipaður mönnum, sem ekki hefðu vit á þessum málum, þarna væru einhverjir pólitískir gæðingar. Það má vera, að þessir tveir, sem framleiðendurnir tilnefndu eða hafa rétt til að tilnefna, yrðu valdir með einhver þekkingarsjónarmið fyrir augum, en það er alltaf minni hl.

Svo er ákvæði um það í 5. gr., að ríkið leggi fram 25 millj. óendurkræfar árlega í fimm ár og þar að auki eiga þeir að fá útflutningsgjöldin, og reikna má með, að þetta verði samtals 35 millj. Ég held nú satt að segja, að ríkið hafi nóg að borga, þó að það sé ekki að kasta þarna 25 millj., og ég mundi hallast að því að láta atvinnurekendurna hafa þarna meiri hl., en ekki nema 5 millj. á ári. Ég held satt að segja, að í fjármálunum verði að taka upp allt aðra stefnu en ríkt hefur undanfarin ár, sífelldar hækkanir og endalaus eyðsla. Og ef

eitthvað ber út af, held ég, að það gangi heldur illa að skrapa saman í það, sem ríkissjóður þarf.

Ég gæti talið upp mörg atriði, þar sem ríkisstj. gæti sparað, ef hún vildi gera það. Við 1. umr. fjárlaga var ekki tækifæri til að segja neitt. Það eru einhverjir, sem tala fyrir hönd flokkanna, einn maður, og það er aðallega lýðskrum, en ekki raunhæft talað um fjárlög eða hvað hægt væri að gera til umbóta á því sviði. Ég á yfirleitt við allan rekstur þessara mála síðan ég kom á þing. Það er ekkert sérstaklega verið að hyllast til að tala af einhverju viti, þegar verið er að tala við útvarpshlustendur. Þetta er áróður. Það er hægt að spara hundruð millj., ef rétt væri á öllu haldið í fjármálum þjóðarinnar. Það er varið til að styrkja námsmenn 190 millj. nú í fjárlögum. Þetta er gert án allra skilyrða og án þess að nokkurt yfirlit sé fengið um það, hvað þjóðin hefur þörf fyrir, að margir læri í hverri grein. Vitanlega er þetta alveg skipulagslaus eyðsla. Það á að hafa eitthvert yfirlit yfir, hvað þjóðin hefur þörf fyrir marga lækna, marga lögfræðinga, marga verkfræðinga o. s. frv., svo á að styrkja þessa menn sómasamlega, en ekki ausa fé í menn, sem eru að læra það, sem þjóðin hefur ekkert með að gera, og koma svo kannske aldrei til landsins aftur. Fyrir utan þessar endalausu kröfur, sem þessir ágætu menn gera eftir alla þessa styrki, sem við sjáum í læknadeilunni og kaupkröfum þeirra. Samt er ég ekki sérstaklega að deila á iðnrh. í þessu efni. Við vitum, að hann er betur gefinn en almennt gerist um menn og í heilbrigðismálum hefur hann tekið á margan hátt skynsamlega á hlutunum. Ég er ekki sérstaklega að deila á hann fyrir þetta. Ég get nefnt mörg fleiri dæmi um óþarfa eyðslu. T. d. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 230 millj. til atvinnuleysistrygginga og svo einstaklingar eða atvinnurekendur aðrar 230 á móti. Ég ábyrgist þetta ekki upp á milljón, þó að ég sé minnugur á tölur, enda skiptir það ekki máli. Auk þess eru allir vextirnir af tryggingasjóðnum. Ég sé ekki annað en þarna sé eytt nærri 500 millj. í óþarfa, því að bara vextirnir af sjóðnum gætu algerlega staðið undir kostnaðinum og orðið mikil aukning, ef sæmilega er á öllu haldið og ekki sífellt verið að fella gengi krónunnar, eins og gert var nú hjá fyrrv. stjórn. En svona mætti lengi telja. Ég held, að það verði að taka upp aðra efnahagsstefnu, ef eitthvert vit á að vera í hlutunum. Ef við eyðum meiru heldur en við öflum, rýrnar verðgildi peninganna og þá erum við komnir í vandræði um leið og eitthvað ber út af. Ég hallast því að því að verja miklu minna fé úr ríkissjóðnum, vil ekki hafa nema 5 millj. kr., og lofa þeim þá að hafa þennan útflutningsskatt, hann er yfir 10 millj. á ári, láta svo þessa menn spjara sig sjálfa að mjög miklu leyti og lofa þeim vitanlega að ráða. En það, að ríkisstj. fari að skipa einhverja menn, sem kannske hafa ekki nokkurt vit á þessu, því að auðvitað hafa þeir bezt vit á þessu, sem fást við þetta, það væri svona ámóta og Magnús Kjartansson væri að skipa einhvern herra yfir búið hjá mér og ég ætti að vera ráðgefandi. (Gripið fram í.) Mig langar nú ekki til að fá einhvern hálfvita frá honum til þess að segja mér fyrir verkum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður um þetta mál, en ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að niðursuðuiðnaðurinn á Íslandi hefur því miður þróazt nokkuð á annan veg heldur en æskilegt hefði verið. Ég ætla ekki að fara að kveða upp neinn dóm um það, af hverju þetta hefur stafað, en þetta er staðreynd, sem við stöndum frammi fyrir, og þannig hafa málin farið. Ég hygg þó, að kannske sé í sumum greinum niðursuðuiðnaðarins nokkuð farið að rofa til og kominn sæmilega öruggur grundvöllur. Ég tel því ekki óeðlilegt, þó að varið sé úr ríkissjóði einhverju fé til þess að reyna að bæta þarna um og skapa meiri festu í þessum málum heldur en verið hefur. En ég er mjög sammála hv. 7. landsk. þm. um það, að þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, geti verið ákaflega tvíeggjað í þessu sambandi. Ég held, að þeir, sem þessa atvinnugrein stunda, eigi að hafa yfirráðin í stjórn þess fyrirtækis, sem hér er um að ræða og frv. þetta gerir ráð fyrir, að stofnað verði. Ég er sammála hv. 7. landsk. þm. um það, að það mundi geta orðið til þess að draga mjög úr þátttöku í stofnun þess fyrirtækis, sem við erum hér að ræða um, ef þannig væri staðið að málum, að þarna ættu að vera skipaðir að meiri hl. í stjórn menn af hinum ýmsu rn. Og ég verð að segja það, að fyrst ekki hefur nú kannske í öllum tilfellum tekizt betur til heldur en orðið er fram að þessu í sambandi við þennan iðnað, þá er ég ákaflega vantrúaður á það, að þó að iðnrn. eða fjmrn. ætti að fara að skipa fulltrúa, sem þá ætti að taka við rekstri þessa fyrirtækis, – auðvitað mundi þá fyrirtækið starfa beinlínis á ábyrgð ríkisins, – mundi það verða til þess að koma þessum málum í fastari skorður og betra horf heldur en verið hefur. Ég er því mjög fylgjandi þeim sjónarmiðum, sem hér hafa komið fram, að stjórnin verði skipuð á þann veg, að það verði hinir raunverulegu eigendur og framleiðendur í niðursuðuiðnaði, sem hafi þarna meiri hl. Mér finnst það mjög eðlilegt. Og ég tel það ekkert óeðlilegt, þó að það ákvæði standi í 5. gr., að ríkið skuli um visst árabil leggja þessari fyrirhuguðu stofnun til fjármagn til þess að reyna að koma þarna á betra skipulagi. Ef það tekst, þá eru þessir fjármunir fljótir að koma inn í þjóðfélagið aftur, ef það tekst að ráða þarna bót á eða ef það yrði til þess að niðursuðuiðnaðurinn skilaði þjóðarbúinu meiri eftirtekjum eftirleiðis heldur en verið hefur hingað til, þannig að ég get samþykkt það alveg og tel það ekki á neinn hátt óeðlilegt, þó að þetta ákvæði sé í frv. En einhvern veginn fannst mér liggja í loftinu hjá hæstv. iðnrh., – og það kann ég ekki við, – að það væri eiginlega skilyrði fyrir því, að þetta framlag yrði innt af hendi úr ríkissjóði, að stjórnin yrði skipuð eins og frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að þrír menn væru skipaðir af hinum ýmsu rn. Mér finnst það ekki frambærilegt að vera að veifa framan í þingheim þessari upphæð og það sé raunar skilyrði fyrir því, að 4. gr. verði óbreytt frá því, sem hún nú er.

Ég hef áður lýst skoðun minni á því ákvæði í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þetta fyrirtæki fái hluta af útflutningsgjöldum. Ég lýsti því áður í sambandi við þá till., sem kom fram um, að framleiðendur saltsíldar fengju útflutningsgjaldið til ráðstöfunar. Ég tel þetta mjög hæpið, ekki vegna þeirra 10 millj., sem þarna er um að ræða, heldur vegna þess að þarna er verið að brjóta það „prinsip“, sem verið hefur, að meginhluti útflutningssjóðsins hefur gengið til ákveðins máls í sambandi við sjávarútveginn, en það er til að greiða niður tryggingariðgjöld fiskiskipa. Ef frv. þetta fengist

lagað hér í hv. Nd., eins og komið hefur fram, bæði hjá hv. 7. landsk. þm. og hv. 3. þm. Norðurl. v., ef umræddar lagfæringar fengjust á því, þá mundi ég ekki fara að gera þessa 6. gr. að ágreiningsefni, þó að ég telji, að það sé mjög varhugavert að brjóta niður það „prinsip", sem útflutningssjóðurinn hefur verið byggður á.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af ýmsum ummælum, sem hér hafa hrotið af vörum manna. Ég geri mér alveg ljóst, að helztu vandræði í sambandi við niðursuðu- og niðurlagningariðnað á Íslandi hafa verið fólgin í því að koma vörunni á markað. Það er út af fyrir sig ekki mikill vandi að sjóða niður. Hitt hefur reynzt miklu erfiðara að koma vörunni á markað í útlöndum. Þessi markaður er sennilega einn sá allra þrengsti, sem við þurfum að reyna að koma okkar framleiðsluvörum á framfæri á.

Með þessu frv. er stefnt að því að sameina fyrirtækin, hvað snertir sölu afurðanna. Og ég álít það mjög skynsamlegt og raunar einu leiðina að gera þetta þannig, að allir selji sína framleiðslu undir einu merki í útlöndum. Og til þess þarf einmitt myndarlegt átak, sem ég held að hér sé verið að gera. Reynslan hefur sýnt, að núverandi fyrirkomulag hefur ekki dugað og þess vegna er þetta átak, svo að ég álít, að lausn hv. þm. Björns Pálssonar, að lækka upphæðina 25 millj. ofan í 5 millj. og leyfa síðan atvinnurekendunum að hafa meiri hl. í stjórn, muni ekki duga. Það hefur ekki sýnt sig.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði hér áðan, að íslenzkur sjávarútvegur hefði fengið og fengi hundruð millj. úr ríkissjóði í styrk. Það er sá atvinnuvegur, sem allir landsmenn vita, að stendur undir öllum rekstri þessa þjóðfélags. Þessi atvinnuvegur er hér af hv. þm. kallaður styrkþegi, atvinnuvegur, sem skaffar ríkissjóði beint og óbeint mest af tekjum hans. Mér er óskiljanlegt, hvernig þm., sem kennir sig við flokk vinstri manna, getur barizt fyrir því, eins og fulltrúi Sjálfstfl., 3. þm. Sunnl., á sama hátt, að einkaaðilar eigi að hafa meiri hl. í stofnun, þegar peningar hennar eru að meiri hluta fengnir sem óafturkræft framlag frá ríkinu. En þó er þetta aðeins hugsað fyrstu fimm árin.

Ég hef nú ekki hugsað mér að þessu sinni að gera fleiri aths. við það, sem hér hefur verið sagt, en vil taka undir þau orð hv. þm. Péturs Pétursonar, að hér sé verið að stefna í rétta átt og þetta frv. til laga geti komið lagmetis- og niðursuðuiðnaði á Íslandi á réttan kjöl.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar. Hæstv. iðnrh. gat þess áðan, að flutt hefði verið á síðasta ári út fyrir 200 millj. kr., þ. e. a. s. ekki neitt. Þennan atvinnuveg ætti að vera hægt að efla, svo að úr yrði stórkostlegur útflutningur, ef markaður væri fyrir hendi. Það er allt annað fyrir hendi í landinu. Að vísu er kannske ekki atvinnuleysi mjög mikið þessa stundina, en það hefur verið hér. En ég lít á þetta frá atvinnulegu sjónarmiði fyrst og fremst. Það er spurningin um það, hvort menn vilja yfir höfuð byggja þennan atvinnuveg upp eða ekki. Hitt er afturhald og þröngsýni að tala um það, að það þurfi að lækka þessa upphæð niður í 5 millj. Og að þetta skuli koma frá hv. þm. Birni Pálssyni, þar sem einmitt er atvinnuleysi í hans eigin kjördæmi! Ég kann ómögulega við þessa vantrú og mér heyrðist á einhverjum áðan, að það væri eins og verið væri að taka eitthvað frá einhverjum, þessum blessuðu niðursuðuhöldum. Hvað hafa þeir gert? Hvað hafa þeir gert síðustu 30 árin? Hversu líklegt er, að þeir muni fara að standa sig allt í einu nú? Það er eins og eigi bara að leggja þeim til peningana og svo sé því treyst, að þeir fari allt í einu að gera það, sem þeir ættu að vera fyrir löngu búnir að gera. Ég fyrir mitt leyti vantreysti því fullkomlega. Ég held því, að það verði að taka á þessu máli af dálitlum stórhug, og ég felli mig vel við málið eins og það er lagt fyrir í trausti þess, að hér sé um framtíðaratvinnuuppbyggjandi atvinnugreinar að ræða.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Sunnl., þar sem hann lét í það skína, að í þeim orðum, sem ég sagði áðan, hefði ég verið að vega að sjávarútveginum. Það, sem ég sagði og var að benda á, var, að það eru fleiri atvinnugreinar í landinu, sem njóta styrks, hvort sem menn vilja kalla það styrk eða eitthvað annað, úr ríkissjóði til eflingar, en gert er ráð fyrir í þessu tilfelli. Ég er hvorki að vega á neinn hátt að sjávarútvegi né landbúnaði. Þetta eru bara staðreyndir, sem við stöndum frammi fyrir. Og það er ástæðulaust að vera að hártoga það neitt hér, sem menn eru að segja. Það er staðreynd, að úr ríkissjóði fara peningar bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar, án þess að þar sé um neina „sósíalíseringu" að ræða á þeim málum.

Mér skildist nú, að það, sem hefði hneykslað þennan hv. þm. hvað mest, væri það, að ég, sem tilheyrði flokki vinstri manna, eins og hann sagði, skyldi leyfa mér að hafa eitthvað svipaða skoðun og sjálfstæðismenn. Ég ætla nú að segja þessum hv. þm. það í eitt skipti fyrir öll, að ég hef ekki hingað til metið mál eftir flokkum og ætla mér ekki að gera það. Ég get fylgt sjálfstæðismönnum, flytji þeir mál, sem ég tel þess virði að fylgja. Ég gæti líka, hugsa ég, fylgt Alþb.-mönnum, ef ég teldi málið þess virði, að það væri hægt að fylgja því, svoleiðis að ég geri engan greinarmun þannig. Ég met málið eftir því, sem um er að ræða hverju sinni, og tek afstöðu mína eftir því.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of, þar sem ég á sæti í iðnn. þessarar d., sem ég býst við, að þetta mál fari til, svo að ég fæ tækifæri til að fjalla um það á öðrum vettvangi. Ég vildi aðeins hér við 1. umr. varpa fram einni spurningu til hæstv. iðnrh. út af þessu máli.

Fyrst vil ég segja, að ég tel, að þetta frv. sé merkileg tilraun til þess að koma á samvinnu milli ríkisvaldsins og framleiðenda í sölumálum á niðurlögðum og niðursoðnum vörum. Ég tel, að það sé einmitt þannig, sem ríkisvaldið á að vinna. Það á að taka höndum saman við framleiðendur á þeim sviðum, sem erfiðleikar eru á, og við vitum, að sölumálin, markaðsmálin hafa einmitt verið Akkillesarhæll þessarar iðngreinar í landinu. Ég er alveg sammála þeirri meginhugsun frv. að efna til samvinnu milli ríkisvaldsins og framleiðenda á þessu sviði. En sú samvinna þarf auðvitað að vera raunhæf og ég vil aðeins spyrja hæstv. ráðh., hvort hann telur, að í þessu formi sem frv. er nú, þ. e. að ríkisvaldið ráði meiri hl. í stjórn þessarar stofnunar, geti orðið heils hugar

samvinna með þessu fyrirkomulagi milli framleiðenda og ríkisvaldsins. Liggur það fyrir, að framleiðendur muni sætta sig við þessa tilhögun? Það er aðeins þetta atriði, sem ég vildi, að hæstv. ráðh. upplýsti við þessa umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umr., en ég hef hug á því, að málið komist sem fyrst til n. Út af þessari fsp., sem til mín var beint, þá vil ég geta þess, að nefnd sú, sem samdi frv. á sínum tíma, gekkst fyrir sérstakri ráðstefnu, sem var haldin á Hótel Esju 30. nóv. í fyrra, og þar voru mættir atvinnurekendur og sérfræðingar hvaðanæva að af landinu, 63 talsins. Og þar voru lögð fram drög að þessu frv. og um það urðu miklar umr., en ákaflega mikil samstaða um meginefni þessa frv. Ég er sannfærður um það, að framleiðendur munu yfirleitt heils hugar koma til þessarar samvinnu. Eins og ég sagði áðan, hefði ég ekkert haft á móti því að hafa þessa samvinnu í öðru formi, þ. e. þau fjárframlög, sem þarna er talað um og sem ég tel vera algerlega óhjákvæmileg. Ef þau hefðu komið að meirihluta til frá framleiðendum, þá teldi ég sjálfsagt, að þeir fengju meiri hl. í stjórn frá upphafi, t. d. ef ríkið legði til 10 millj., en framleiðendur 15, þá yrði sjálfsagt, að þeir hefðu meiri hl. í stjórn. En á meðan fjármagnið kemur allt frá ríkinu, þá getur ríkið ekki verið þekkt fyrir annað en taka á sig þá ábyrgð að hafa forustu fyrir þessari starfsemi á meðan. Og ég vil benda á það í þessu sambandi, að það er talað um þrjú rn. Það er talað um fjmrn. eins og eðlilegt er, vegna þess að þarna er um að ræða stórfellda fjármuni af almannafé. Það er talað um viðskrn., og ég hygg, að þessi nýja stofnun þurfi mjög á því að halda að hafa sem nánust tengsl við viðskrn. vegna þeirrar vitneskju, sem það rn. hefur, og vegna þess að það rn. fer með mjög veigamikla viðskiptasamninga, þar sem einnig er um að ræða þessar vörur. Og ég hygg, að það verði naumast talið óeðlilegt, að iðnrn., sem þessi mál heyra undir, hafi þarna mann í stjórn einnig. Ég er sannfærður um, að þarna geti tekizt mjög góð samvinna á milli framleiðenda og ríkisins, og ég vil vara menn mjög við því að magna deilur um þetta atriði, því að einmitt þessar deilur gætu orðið til þess að torvelda samvinnu, sem annars hefði tekizt algerlega árekstralaust. Ef menn fara að gera þetta að of miklu hitamáli, þá getur það hreinlega torveldað framgang þessa máls, sem ég lít svo á, að sé stórmál.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. við það atriði, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Sunnl. og einnig nú síðar hjá hæstv. iðnrh. Hv. 5. þm. Sunnl. sagði réttilega, að sjávarútvegurinn stendur undir verulegum hluta og langstærstum hluta af útflutningstekjum þjóðarinnar og hlýtur þar af leiðandi beint og óbeint, eins og þessi hv. þm. sagði, að standa undir verulegum hluta af þjóðartekjunum og þá einnig tekjum ríkissjóðs. Nú kom það fram hjá báðum þessum hv. þm., að vegna þess að ríkissjóður legði þarna fram tiltekna upphæð, þá ætti ríkisvaldið að skipa meiri hl. stjórnarinnar. En ég spyr nú: Ef það er rétt, sem ég tel vera rétt hjá hv. 5. þm. Sunnl., að sjávarútvegurinn standi beint og óbeint undir verulegum tekjum bæði ríkissjóðs og þjóðarinnar, hvaðan kemur þá þetta fé, sem þarna er verið að ræða um? Kemur það ekki að meiri hluta, langmestum hluta, frá sjávarútveginum? Og er þá nokkuð óeðlilegt, að þeir menn, sem vilja vinna að þessari iðngrein innan sjávarútvegsins, hafi meiri hl. í stjórninni? Ég tel það alveg rökrétt, að þeir fái meiri hl., þegar þeir standa, eins og hv. 5. þm. Sunnl. réttilega benti á, undir verulegum hluta af tekjum ríkissjóðs og þjóðfélagsins í heild.

Hv. 2. landsk. þm. lét þess getið hér í sinni ræðu, að hann tryði ekki á, að þeir menn, sem áður hefðu staðið fyrir fiskiðnaðinum, væru þess megnugir að gera það í framtíðinni, þess vegna yrði ríkisvaldið að grípa inn í. Það er alveg rétt. Það hafa orðið ýmis mistök hjá niðursuðuiðnaðinum og er ekkert óeðlilegt. Þetta er til þess að gera ný iðngrein hér á landi. Þar hafa margir góðir menn lagt hönd á plóginn, en það hefur farið því miður á annan veg heldur en til hefur verið ætlazt. Þetta verðum við að viðurkenna. En ég segi: Dettur nokkrum manni í hug, þó að hæstv. iðnrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. skipi sinn manninn hver í meiri hl. stjórnarinnar, að það verði til að ráða úrslitum í þá átt, að þarna verði gerbreyting á? Ég hygg, að því sé alveg öfugt farið, og þó að það yrði farið að ráða einhverja pólitíska gæðinga til þess að standa fyrir þessari stofnun og veita henni forstöðu, þá yrði það ekki til bóta fyrir niðursuðuiðnaðinn í heild. Ég er alveg sannfærður um, að það verður ekki. Ég held, að það sé bezt, eins og hér hefur komið fram, að þeir menn, sem þarna vilja leggja fram bæði fjármagn, vinnu sína og hætta eignum sínum, þeir fái að ráða þessum málum. Ég hygg, að það fari miklu betur úr hendi heldur en að rn. fari að skipa meiri hl. í fyrirtæki kannske mönnum, sem litla eða enga reynslu hefðu í þessum málum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að af mínum sjónarhóli sýnast mér þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, harla innihaldslitlar og hér sé verið að deila um keisarans skegg, þegar verið er að tala um stjórn væntanlegrar stofnunar, sem við erum að ræða um. Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e., að hér er verið að gera mjög merkilega tilraun. Það er verið að gera tilraun til þess að ná samvinnu á milli framleiðenda í atvinnuvegi, sem mikið hefur verið lagt til á undanförnum árum og áratugum, ekki aðeins af þeim, sem fyrirtækin eiga og reka, heldur m. a. af opinberu fé og opinberum og hálfopinberum sjóðum. Og það er anzi hlægilegt að hlusta m. a. á hv. 3. þm. Norðurl. v., þegar hann hamast eins og naut í flagi að Atvinnuleysistryggingasjóði, sem ég hygg, að hafi kannske lánað einna mest til þessarar starfsemi í þeirri von, að þessi atvinnuvegur gæti orðið til eflingar og uppbyggingar atvinnulífi hér á landi. Nú er sú staðreynd fyrir hendi, að þessi starfsemi hefur ekki tekizt sem skyldi. Það liggur líka fyrir frá hæstv. ráðh., að það hafi verið leitað til þessara aðila og þeir spurðir, hvort möguleiki væri á því, að þeir gætu lagt fram fé til þess að gera stórátak til eflingar markaða erlendis. Það liggur fyrir, að svo er ekki. Ég get ekki annað heldur en fallizt að miklu leyti á rök hæstv. ráðh. um það, að þegar verið er að taka úr sjóðum almennings tugi millj., sem nema á fimm árum á annað hundrað millj. kr., þá sé það eðlilegt, að fulltrúar ríkisstj. vilji hafa þar hönd í bagga. Hitt er annað mál, að mér finnst, eins og ég segi,

að þegar um þetta er rætt, þá sé verið að deila um keisarans skegg. Auðvitað fer þetta mikið eftir þeim þrem mönnum, sem verða skipaðir af hinu opinbera. Hins vegar er tillögugerð að mér skilst frá fulltrúaráðum þeirra, sem þetta eiga, og þeir geta komið sínum aths. á framfæri hverju sinni við þessa skipuðu stjórn, þannig að það á ekkert að fara á milli mála hverju sinni, að till. þeirra og skoðanir geta komið fram.

Í sjálfu sér er kannske ástæðulaust að vera að ræða mjög efnislega þetta frv. hér við 1. umr. Auðvitað þarf það að komast til n., ef það á að ná fram að ganga, vegna þess hve liðið er á þingið, en ég vil aðeins undirstrika þær skoðanir, sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., að það er verið að gera hér merkilega tilraun til þess að lyfta þýðingarmiklum atvinnuvegi okkar þjóðar úr þeirri lægð, sem hann óneitanlega hefur aldrei komizt upp úr á undanförnum árum þrátt fyrir góðan vilja bæði þeirra, sem reka fyrirtækin, opinberra aðila og annarra, sem þar hafa lagt hönd á plóginn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 707, n. 782).

Frsm. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. og athugað umsagnir, sem komið hafa frá Ed., og leggur til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það kemur þaðan. Tveir nm., Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson, áskildu sér rétt til þess að flytja brtt. og hafa gert það á sérstöku þskj. og munu vafalaust gera grein fyrir þeim.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 779 felld með 21:14 atkv.
4.–5. gr. samþ. með 26:1 atkv.
6. gr. samþ. með 23:5 atkv.
7.–9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Áðan, þegar þetta frv. kom til 2. umr., sá ég, að frsm. þess máls hafði beðið um orðið við 1. málið á dagskránni, frv. um námulög, og mér varð það á, að ég heyrði alls ekki, þegar forseti frestaði umr. um það frv., og vissi ekki fyrr en þessi sami þm. var kominn hér í ræðustólinn vegna næsta máls á dagskrá, en 2. umr. um þetta stórmál var lokið á sennilega nálægt 40 sekúndum. Þess vegna ætlaði ég að passa mig á því að ná forseta áður en hann sliti umr. núna, og hefur mér heppnazt að komast í ræðustólinn í sambandi við afgreiðslu þessa máls, þó að það sé á síðasta snúningi.

Það hafa orðið nokkrar deilur í sambandi við þetta frv. og þó einkum í sambandi við stjórn þessarar stofnunar. Það hefur verið lögð á það mikil áherzla af hæstv. iðnrh., að sagt er, að frá þessu verði engan veginn hvikað, sem hann hefur einu sinni ákveðið, að gert skuli, þrátt fyrir það að sú nefnd, sem núv. hæstv. ríkisstj. skipaði skömmu eftir valdatöku sína til þess að kanna ástand og horfur í niðursuðuiðnaðinum og sem samið hefur þetta frv., sú nefnd hafi rætt við framleiðendur 30. nóv. á s. l. ári og þar hafi komið fram mjög ákveðin gagnrýni í sambandi við þessi ákvæði í því frv., sem þeir félagar höfðu samið. Í fundargerð frá þessum fundi segir, að einn nm., Ólafur Hannibalsson, hafi sagt, að hann teldi ekki óeðlilegt, að komið hefði fram gagnrýni á, að ríkisstj. ætti meiri hl. í stjórn útflutningsmiðstöðvarinnar. Taldi hann þetta engan veginn vera fastbundið og nefndina vera reiðubúna til viðræðna um þetta mál. Benti Ólafur á þá till., að ríkið skipaði tvo menn í stjórn og annar þeirra væri formaður stjórnarinnar. Þetta er bókað á þessum fundi. Annar nm., sem var fundarstjóri á þessum fundi, Steingrímur Hermannsson, segir um þetta atriði í þessari fundargerð: Var hann bjartsýnn á, að hægt yrði að ná samkomulagi um, að meiri hl. hennar (stjórnarinnar) yrði í höndum framleiðenda. Þar með lýstu tveir af þrem fulltrúum í þessari nefnd, sem ríkisstj. skipaði, yfir því, að þeir væru hlynntir því, að framleiðendur ættu meiri hl. í stjórn þessarar stofnunar. Hins vegar sagði annar þessara manna, sem sæti á á Alþ., í umr. í Ed., sem ég las nýlega, að hann hefði orðið í minni hl. í nefndinni. Ég verð nú að segja það, að ég á ákaflega bágt með að skilja það, að þegar tveir nm. af þrem lýsa yfir því, að þeir vilji gera þessa breytingu, en einn mun þá sennilega hafa verið á móti, þá hafi þessir tveir orðið í minni hl., en þessi eini hafi skipað meiri hl. Það getur vel verið, að þetta séu orðin úrelt fundarsköp og stjórnvísindi og vizka, sem ég er að nefna, en ef þetta er orðin ný regla, þá væri fróðlegt og mjög ánægjulegt, ef okkar ágæti og glöggi hæstv. iðnrh. skýrði hv. þd. frá því, hvernig þetta geti átt sér stað.

Það er mikið talað um, að það sé eðlilegt, þar sem ríkissjóður kemur til með að leggja fram mikið fjármagn til slíkrar stofnunar sem þessarar, að hann eða ríkið eigi meiri hl. í stjórninni. En því er auðvitað við að bæta, að það yrðu auðvitað engar vörur til að selja, ef ekki væru verksmiðjur og hráefnið, sem þar yrði framleitt og síðan selt af þessari stofnun. Þess vegna verður auðvitað að líta á þessa stofnun sem heild, líta á undirstöðu þessarar stofnunar, sem er auðvitað veiðarnar og verksmiðjurnar, þannig að auðvitað er það miklu minna fé, sem ríkissjóður mun í heild leggja til þessarar atvinnugreinar. Og nú má spyrja: Hvernig stendur á því, að það er ágreiningur um þetta atriði? Ég fyrir mitt leyti er alger andstæðingur þess, að ríkisvaldið skipi meiri hl. í stjórnum sölusamtaka atvinnuveganna, því að það hefur farið bezt á því, að sölusamtök framleiðenda sjálfra hefðu forustu um sölu á sjávarafurðum, hefðu forustu um sölu á öllum útflutningsafurðum okkar, og ég held, að það verði affarasælast, að svo verði einnig í sambandi við þessa stofnun. Hins vegar má nefna, að það hefur verið gerð sú breyting á, að ríkið

ætlar að afsala sér eftir fimm ár meiri hl. í stjórn þessarar stofnunar, þegar niður falla framlög og tekjur af útflutningsgjaldi, sem ég ætla síðar að koma að. Ég tel það vera til bóta, en hefði auðvitað verið því fylgjandi, eins og ég er búinn að segja, að meiri hl. sölusamtakanna væri í höndum framleiðenda sjálfra. Ég vil því leyfa mér að flytja þá brtt. hér við 3. umr., við 4. gr. frv., að 3. mgr. 4. gr. orðist þannig:

„Að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna skulu ákvæði seinustu mgr. um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að þrír stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en tveir af ráðh. samkv. nánari ákvörðun ríkisstj."

Þetta er í raun og veru engin breyting frá því sem er núna í frv., að öðru leyti en því, að í stað fimm ára komi þrjú ár. Ég hef því miður ekki getað látið vélrita till., því að ég þorði ekki að fara fram, ég vissi ekki nema forseti laumaðist til þess að afgreiða málið.

Kannske segir hæstv. iðnrh. hér á eftir, að það sé allt í bezta lagi, að ríkisvaldið hafi stjórn þessarar stofnunar, ríkisvaldið muni vanda mjög valið á þeim fulltrúum, sem eiga að stjórna þessari stofnun. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er nú ekki svo kreddubundinn, að ég gæti ekki vel sætt mig við það, ef ég mætti treysta því, að það væru valdir í þessi störf menn með þekkingu á þessari atvinnugrein og menn með þekkingu á útflutningsverzlun almennt, menn, sem hefðu bæði áhuga og tíma til að sinna því. En þegar ég sá á s. l. sumri, að ríkisstj. skipaði nefnd til þess að kanna ástand og horfur í niðursuðuiðnaði, og þegar ég sá, hvaða menn ríkisstj. valdi til þessa verkefnis, þá vantreysti ég henni alveg fyllilega til þess að skipa hæfa menn sem stjórnendur þessarar stofnunar. Og með allri virðingu fyrir öllum þessum þremur mönnum, sem hver fyrir sig og allir þrír eru mætir menn og hafa þekkingu á ýmsum sviðum, þá held ég, að sé óhætt að segja, að enginn þeirra hafði minnstu þekkingu á niðursuðuiðnaði eða útflutningsverzlun, enda er það táknrænt, að skírnarnöfn þessara þriggja manna eru Ragnar, Ólafur og Steingrímur og það mátti stytta í rós, enda hefur þetta frv. verið mikið rósaverk frá því að það fyrst sá dagsins ljós, þó að það hafi tekið töluverðum breytingum til þess betra frá því, sem þeir fyrst lögðu til, því að það var tekið nokkurt tillit til sjónarmiða framleiðenda á þeim fundi, sem nefndin hélt með þeim.

En það er eitt, sem sýnir líka glöggt, hvað þessir ágætu menn hafa verið gersamlega ókunnugir því, sem þeir voru að fjalla um, og ég furða mig á því, að það skuli hafa hlotið samþykki ríkisstj. að leggja til, að á næstu fimm árum skuli öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum vera undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum og útflutningi hans samkv. 7. gr. Þetta sýnir eðlilega, að menn, sem ekki eru inni í þessum málum, hafa ekki vitað það, að útflutningsgjöldin renna til ákveðinnar starfsemi. Samkv. frv., sem gerð var nokkur breyting á og lagt var hér fyrir og afgr. á þingi í vetur, er varið af þessu útflutningsgjaldi 82% til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa og 11.4% til Fiskveiðasjóðs Íslands og 3.1% til Fiskimálasjóðs og sömuleiðis smáhluta til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips, byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins, til Landssambands ísl. útvegsmanna og til samtaka sjómanna samkv. nánari reglum, sem sjútvrn. setur. Nú er ástandið þannig með þennan útflutningssjóð, að höfuðútgjöld hans eru greiðsla á vátryggingariðgjöldum og þennan sjóð vantar sennilega hátt í 100 millj. til þess að standa við skuldbindingar sínar í sambandi við greiðslu útflutningsgjalda. Og það hefur ekki farið fram hjá hæstv. iðnrh., þegar hann lagði þetta frv. fyrir Ed., að þessi sjóður væri illa á vegi staddur, því að hann segir, að útflutningsgjöld, sem til falla samkv. 6. gr., muni á óbeinan hátt vafalaust lenda á ríkissjóði, vegna þess að þau eru tekin af sjóði, sem stendur undir tryggingum fiskiskipa og er févana, og verður þar vafalaust að koma til aðstoð ríkisins einnig til þess að jafna þau met. Þetta sagði hæstv. iðnrh. í Ed., þegar þetta frv. var lagt þar fram.

Nú spyr ég: Hvernig stendur á því, að það er talin heppileg leið til þess að standa undir kostnaði við sölusamtök eins og þessi að klípa af tekjum sjóðs, sem vantar hátt í 100 millj. þegar til þess að standa við sínar skuldbindingar? Ég tel, að hér sé bent á alranga leið. Og ég spyr jafnframt hæstv. sjútvrh. um það, sem væri fróðlegt að vita, – það hefur nú komið hér fyrir áður, að ræðumenn hafi beðið í ræðustól eftir ráðh., þegar þarf að fá upplýsingar um mál, en þar sem hæstv. iðnrh. hefur nú gegnt um alllangan tíma embætti sjútvrh., þá hlýtur honum að vera málið kunnugt, svo að ég fer ekki fram á það, að það sé endilega sent eftir sjútvrh. af þessu tilefni, en ég fer mjög ákveðið fram á það, að hæstv. iðnrh. gefi hér við þessa umr. málsins upplýsingar um það, hvernig ríkisstj. ætli að sjá fyrir útflutningssjóðnum, hvað snertir greiðslu vátryggingariðgjalda.

Það var lagt fram, eins og ég sagði áðan, frv. á þessu þingi um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þar sem var gert ráð fyrir því, að hið svokallaða magngjald af frystum fiski hækkaði úr 1900 kr. í 2300 kr. Þetta átti að gefa vátryggingarsjóði nokkra tekjuaukningu, en það varð ekki til þess að hækka útflutningsgjöld á frystum afurðum, vegna þess að þetta var magngjald, en afurðaverðið hafði hækkað sem þessu nam, þannig að þetta gjald varð ekki hærra, en þegar það var fyrst sett á og var 1900 kr. Því miður var einnig klipið af þessari hækkun við afgreiðslu þess máls hér á hv. Alþ., því að því var bætt við í meðferð þingsins að undirlagi sjútvrh., að heimilt væri að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum. Svo gerðist það, að hv. 3. þm. Sunnl. bar fram fsp. til sjútvrh. og spurðist fyrir um vátryggingarsjóð, og hæstv. sjútvrh. svaraði því á þann veg, að það væri nefnd starfandi, sem væri að gera till. um breytingar á starfsemi vátryggingarsjóðs og jafnvel um tekjuöflun fyrir sjóðinn. Mér er kunnugt um það, að þessi nefnd lauk störfum að mig minnir 6. marz s. l. og þar leggur hún fram ákveðnar till. Nú er það ekki þar með sagt, að ráðh. eða ríkisstj. fallist á þær till., en hitt liggur ljóst fyrir, að þennan sjóð vantar tæpar 100 millj. kr. og því tel ég vera fyllstu ástæðu til, að ríkisstj. geri grein fyrir því, fyrst hún flytur ekkert frv. um tekjuöflun fyrir þennan sjóð, á hvern hátt hún ætlar að mæta

útgjöldum eða skuldbindingum þessa sjóðs á þessu ári. Það er þegar búið að ákveða reglur um greiðslu úr sjóðnum fyrir árið 1972, svo að þar verður ekki aftur snúið, því að þessar reglur voru ákveðnar í sambandi við fiskverð og mundi hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, ef það ætti að fara að breyta þeim nú, þegar svona langt er liðið á árið. En mér finnst óeðlilegt, að það sé verið að klípa af sjóði, sem vantar 80–100 millj. kr. til þess að standa við sínar skuldbindingar, án þess að gefa nokkra yfirlýsingu um það, hvernig eigi að mæta þessum erfiðleikum. Ég skal fyrir hæstv. iðnrh. bæta því við, að greiðslur úr sjóðnum eru nú rúmlega níu mánuðum á eftir. Það hlýtur að draga það á eftir sér, að greiðslur tjónbóta verða að dragast, ef ekkert er gert til fjáröflunar fyrir þennan sjóð. Ég vona, að hæstv. iðnrh. svari þessum fsp., því að honum hlýtur að vera vel kunnugt um þetta mál og sömuleiðis því, hvernig það mátti verða, að tveir af þrem nm. urðu minni hl. en einn varð meiri hl. Og svo aftur að síðustu: Það á að skipa fulltrúa ríkisstj. til þriggja ára. Mér finnst því fara mjög vel á því, fyrst þetta hefur verið samþ. hér við 2. umr., að ríkið hafi fyrst í stað meiri hl. í þessari sölustofnun, mér finnst sanngjarnt að koma á þann veg til móts við sjónarmið okkar hinna að láta þessa fyrstu skipun nægja, hún standi þrjú ár í stað fimm eins og er nú í frv. eftir samþykkt þess við 2. umr. hér í hv. þd.

Forseti (GilsG): Í tilefni af þeim orðum, sem hv. 2. þm. Vestf. mælti til mín í sambandi við afgreiðslu þessa máls við 2. umr., þá vil ég aðeins segja það, að ég er mér ekki þess meðvitandi að hafa flýtt afgreiðslu málsins með óeðlilegum hætti, – framsaga var að vísu stutt, – og ég held, að málið hafi gengið fyrir sig á algerlega eðlilegan máta. Ég er nú raunar hissa á því, að jafnsprettharður maður og hv. 2. þm. Vestf. skuli hafa verið of seinn að kveðja sér hljóðs við þá umr., en það er bót í máli, að hann varð nægilega fljótur til nú, og hefur nú gert grein fyrir sínu máli og lagt hér fram skrifl. brtt., sem þarf afbrigða við, og mun ég leita afbrigða, svo að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 817) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hafði nú talið mér trú um það, að þm. almennt væru mjög hlynntir þeirri stofnun, sem hér er ætlunin að setja á laggirnar, og hefðu trú á því, að hún yrði til framdráttar iðnaði, sem allt of lengi hefur verið á mjög frumstæðu stigi hér á landi. En ég verð að segja það, að málflutningur hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og tilraunir hans til þess að tefja málið hér á lokastigi bera ekki vott um það, að hann hafi áhuga á framgangi þessa máls.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til neinna meiri háttar umr., vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því, að hægt verði að koma þessari stofnun á laggirnar á þessu þingi og þar geti tekizt sú góða samvinna á milli ríkisvalds og framleiðenda, sem ég geri mér ekki aðeins vonir um, heldur tel mig hafa örugga vitneskju um, að muni verða afleiðing af þessari lagasetningu. En hv. þm. beindi til mín nokkrum fsp., sem ég skal leitast við að svara.

Í þeirri nefnd, sem samdi frv., komu fram þrenns konar sjónarmið um stjórn stofnunarinnar. Eins og menn hafa séð, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram allt stofnfjárframlag eins og það leggur sig, og á þeim forsendum kom fram sú hugmynd hjá einum nm., Ragnari Arnalds, að samvinnan yrði í því formi til frambúðar, að ríkið færi með meiri hl. í þessari stofnun. Hjá öðrum nm., Steingrími Hermannssyni, kom fram sú hugmynd, að þarna yrðu þrír fulltrúar framleiðenda en tveir fulltrúar ríkisins. Hjá þriðja nm., Ólafi Hannibalssyni, kom svo fram sú miðlunartill., sem felst í þessu frv., og á hana var fallizt af hinum aðilunum og um hana er svo full samstaða innan ríkisstj. Þannig gekk þetta fyrir sig og þetta er ekkert dularfullt á neinn hátt. Þetta er ósköp eðlilegt, að þegar koma fram mismunandi sjónarmið, þá reyna menn að aðlaga sig hver öðrum og það er það, sem hefur gerzt í þessu máli.

Till. hv. þm. um, að þessi skipan breytist eftir þrjú ár er í sjálfu sér algerlega órökrétt nema hann flytji þá hliðstæða brtt. við 5. gr., þ. e. um það, að fjárframlög ríkisins standi ekki nema í þrjú ár. Ef hv. þm. er reiðubúinn til að bera fram slíka brtt., þá tel ég, að hann sé hér með rökrétta afstöðu, en með því að fara fram á einhliða fjárframlög frá ríkinu í fimm ár, þá getur hann ekki komið með þessa till. sína um, að einkaaðilarnir fái meiri hl. í stjórninni eftir þrjú ár. Hitt má vel vera, að þessi hv. þm. hafi ekki hug á því, að þarna komi þau ríkisframlög, sem boðin eru fram, a. m. k. virtist mér það í sambandi við afar neikvæð orð, sem hann lét falla um 6. gr. Mér virtist, að það væru allt önnur sjónarmið en áhugi á gengi niðursuðuiðnaðarins, sem réð þeim málflutningi, sem þar var uppi hjá þessum hv. þm.

Upphaflega var gert ráð fyrir því í 6. gr., að þarna *yrði um að ræða útflutningsgjöld af miklu fleiri vörum* en niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, þ. e. að þarna yrðu tekin útflutningsgjöld af öllum hráefnum, sem hægt væri að nota hér innanlands. Það var upphaflega till. En þessu var breytt í meðförum Ed. *einmitt af þeim ástæðum*, sem hv. þm. minntist á, að þarna er um að ræða sjóð, sem greiðir vátryggingargjöld af fiskiskipum og sá sjóður er févana. En engu að síður var þessi hugmynd alveg rökrétt að sporna gegn því, að hráefni séu flutt óunnin úr landi og reyna að tryggja það, að þau séu í staðinn unnin hér innanlands og láti þannig þjóðarbúinu í té miklu meiri verðmæti.

Hv. þm. spurði mig einnig að því, hvernig ætti að leysa vanda þessa sjóðs, sem stendur undir vátryggingu fiskiskipa. Þetta er nú einn liðurinn í þeirri hrollvekju, sem núv. stjórn tók við. Hún tók við galtómum sjóðum á ákaflega mörgum sviðum, og þ. á m. var þessi sjóður galtómur eftir ráðsmennsku fyrrv. ríkisstj., ráðsmennsku, sem þessi hv. þm. ætti að vita mjög vel um, vegna þess að hann er nátengdur einmitt þessum tryggingamálum. Og mér finnst, að hann hefði átt að taka það mál upp við sína flokksbræður í fyrrv. ríkisstj., áður en hún skilaði af sér þessum galtóma sjóði. En eins og hv. þm. gat um, þá hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls og það er í athugun hjá ríkisstj. og auðvitað verður að leysa þennan vanda. Það er okkur gersamlega ljóst. En það lendir á öðrum heldur en

flokksbræðrum þessa hv. þm. að leysa hann, því að þeir höfðu auðsjáanlega ekki neina fyrirhyggju til þess að gera það.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af aths. forseta skal ég segja honum það, að ég skal reyna hér eftir að vera enn sprettharðari heldur en ég var hér, þegar málið var til 2. umr. Læt ég svo útrætt um það mál.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ég hefði gert tilraun til að tefja málið. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar hofmóður er þetta í hæstv. ráðh.? Hafa ekki þm. málfrelsi? Við búum a. m. k. enn þá við lýðræði og þingræði, og ég ætla ekki að spyrja Magnús Kjartansson að því, hvort ég ætli að biðja um orðið hér við umr. um frv., þó að hann sé flm. að þeim, og ég mun gera aths. við þau alveg eins og mig lystir. Ég ætla ekki að spyrja Magnús Kjartansson að því. Það verður ábyggilega bið á því. Og ég kalla það ekki að tefja mál, þó að ég geri aths. við frv., jafnvel þó að þessi hæstv. ráðh. hafi farið um þau föðurlegum höndum.

Ég held, að ég hafi ekki sagt eitt einasta orð í þá átt, að ég væri á móti því, sem hér væri verið að gera. Ég benti á tvö atriði, atriði um stjórn þessarar stofnunar og svo hitt atriðið, sem ég meina alveg fullkomlega, að það nær ekki nokkurri átt, hvernig að er unnið. Og svo bætti hann gráu ofan á svart, hæstv. iðnrh., þegar hann sagði, að fyrrv. ríkisstj. hefði skilið eftir tóma sjóði. Var það ekki veizla, sem hæstv. núv. ríkisstj. hélt, þegar hún tók við, til þess að eyða úr sjóðum, sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir, fram eftir öllu hausti? Hins vegar skal ég alveg játa það, að þessum sjóði hefur ekki verið séð fyrir tekjustofnum. Það hefur verið breytt oft lögum um útflutningssjóð, tekjur hans auknar, en þær hafa ekki alltaf staðizt. Þegar verðhrunið var, þá auðvitað hrundu tekjur þessa sjóðs, en útgjöldin ekki. Hins vegar náði sjóðurinn sér fyrir tveimur árum nokkuð á strik, hann var þá kominn niður í sex mánuði, en hann er með því versta, sem hann hefur nokkru sinni verið, þegar uppbyggingarmennirnir taka við. Er þetta leiðin til þess að efla þennan sjóð að vísa á meiri peninga úr honum, en skuldbindingarnar fara alltaf hækkandi við hvert frv., sem afgreitt er í þessum málum? Ég held, að þetta tryggi ekki, að þessi sjóður standi við skuldbindingar sínar. Og það er þetta, sem ég er á móti. Ég vil alls ekki, að niðursuðuiðnaður eða annar iðnaður, önnur atvinnugrein, þurfi að sækja peninga í sjóð, sem engir peningar eru fyrir í, í sjóð, sem vantar 80–100 millj. kr. Þetta er alveg sama og gefa út falska tékka, og það hefur ekki til þessa þótt vera til sóma. Það getur vel verið, að það sé í þann veginn að verða það með nýjum herrum. Þetta er það, sem hæstv. ráðh. bendir á, og það á að teljast fjandskapur við málið að leyfa sér að gera aths. við það, sem hans herradómur, hæstv. iðnrh., hefur lagt til og ákveðið, að gert verði.

Hæstv. iðnrh. sagði, að till. mín um breytingu úr fimm árum í þrjú ár væri órökstudd nema það fylgdi með, að framlög ríkissjóðs hætti að þremur árum liðnum í staðinn fyrir fimm ár. Ég sagði hér áðan, að ég teldi, að framleiðendurnir legðu miklu, miklu meira til uppbyggingar þessarar atvinnugreinar, þó að ríkið kæmi til aðstoðar ungum iðnaði, sem er að vinna sér brautargengi á erlendum mörkuðum. Og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að segja, að það sé órökstutt. Mín skoðun er sú, að framleiðendur eigi að eiga meiri hl. meira að segja þessi þrjú ár, en það hefur verið samþ. hér og ég freista þess með þessari till. að fara úr fimm árum niður í þrjú ár. Þetta breytir engu um það, að ég vil ekki lækka tekjur þessarar stofnunar, annars hefði ég flutt till. um það, svoleiðis að hæstv. iðnrh. þarf ekkert að spyrja um þær till. Þetta er alveg ljóst og auðskilið mál hverjum sem vita vill, og ég efast ekkert um það, að hæstv. iðnrh. hefur skilið þetta óskaplega vel. Hann hefur bara talið betra að reyna að gera eitthvert veður út af þessu. Það er þannig með suma menn, sem komast til áhrifa, að þeir eiga ákaflega bágt með að sætta sig við það, að aths. séu gerðar við það, sem þeir leggja til. En ég læt mér það í léttu rúmi liggja.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. um þetta mál, að ég mundi eftir atvikum geta fallizt á ákvæði 6. gr., ef breyting yrði á frv. þess efnis, að stjórn stofnunarinnar yrði skipuð þremur fulltrúum framleiðenda, en aðeins tveimur fulltrúum frá ríkisvaldinu. Nú hefur það gerzt, að till. þar að lútandi hefur verið felld, og tel ég mig þá lausan af þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf um þetta efni við 1. umr. Ég þarf ekki að fjölyrða mikið frekar um þetta atriði. Ég sagði það við 1. umr. og það hefur einnig verið sagt nú af hv. 2. þm. Vestf., að þarna er verið að skerða tekjur útflutningssjóðs, sem að langmestu leyti eða 82% renna til að greiða vátryggingargjöld fiskiskipa. Ég tel það mjög miður farið, að það skuli vera farið inn á þá braut að breyta þeim reglum, sem upphaflega voru um þetta, að sjóðurinn gengi fyrst og fremst til þessara mála, sem ég hér minntist á, en er auðvitað skertur með því að nú á að fara að dreifa honum í fleiri áttir, sem ekki áður hafði verið gert ráð fyrir.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að flytja hér skrifl. brtt. og fara fram á við hæstv. forseta, að um hana verði leitað afbrigða, en hún er þannig: „Við 6. gr. Greinin falli niður.“ Ef svo færi, að þessi till. yrði samþ., þyrfti einnig að breyta ákvæðum 4. gr., þar sem vitnað er til 6. gr., og er ég með brtt. um það, að niður falli orðin „og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld“ í 3. mgr. 4. gr., sú till. verði einnig borin upp, ef fyrri till. skyldi verða samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. og of seint fram komna brtt. (sjá þskj. 818) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 707, 817, 818).

ATKVGR.

Brtt. 817 felld með 19:16 atkv.

– 818 felld með 20:10 atkv.

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

47. Íþróttakennaraskóli Íslands.

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands [149. mál] (stjfrv., A. 286).

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fyrir, hefur átt hér alllangan aðdraganda. Það var 9. jan. 1958, sem menntmrn. skipaði nefnd til að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um Íþróttakennaraskóla Íslands. Frv. barst frá nefndinni með bréfi 7. nóv. 1964. Enn leið og beið, og frv. var ekki lagt fyrir Alþ. fyrr en á síðasta ári. Þá varð það ekki útrætt. Síðan hafa þeir tveir menn, sem mestan þátt áttu í samningu frv., skólastjóri Íþróttakennaraskólans og íþróttafulltrúi ríkisins, farið yfir frv. enn einu sinni og gert á því nokkrar minni háttar breytingar, og síðan er það hér lagt fyrir í annað skipti í þeirri von, að það hljóti nú afgreiðslu háttv. Alþ. Meginmarkmið þessa lagafrv. er að gera þær breytingar á starfsháttum Íþróttakennaraskólans, að hann verði færari um það en nú er að útskrifa íþróttakennara, sem fullnægja þeim kröfum, sem til slíkra kennslukrafta þarf að gera í nútímaskólakerfi. Það verður æ ljósara, hversu brýn þörf er á því, að íþróttakennslunni sé vel hagað og vel fyrir komið. Enginn mun mæla á móti því lengur, að flestum mönnum í nútímaþjóðfélagi er þörf á að stunda líkamsrækt, eftir því sem hugur beinist til, og grundvöllinn að þeirri líkamsrækt þarf að leggja á skólaárunum. Það er því töluvert heilsufarsatriði, töluvert atriði fyrir þjóðarheilsuna, hvernig til tekst um íþróttakennsluna í skólakerfinu.

Meginatriðið, sem frv. gerir ráð fyrir við eflingu íþróttakennaranámsins, er það, að skólinn skal gerður að tveggja ára skóla, honum skal breytt úr eins árs skóla með 9 mánaða námstíma í tveggja ára skóla með 8½ mánaðar námstíma hvort ár. Þar að auki er ætlazt til, að nemendur starfi við íþróttakennslu sumarið á milli námsvetranna í 70 klst. hið minnsta.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að verulega sé fjölgað kennslugreinum í Íþróttakennaraskólanum, hann útskrifi fjölhæfari kennara en hingað til – ekki aðeins í íþróttagreinunum sjálfum, heldur einnig kennara, sem færir séu um að taka að sér kennslu í líkams- og heilsufræði á barna- og gagnfræðaskólastigi, kennslu í skyndihjálp, eftir því sem nauðsyn kann að krefjast, og aðstoð og kennslu í félagsstörfum hjá ungmennafélögum, íþróttafélögum og einnig auðvitað innan skólanna sjálfra, eftir því sem ástæða þykir til að gera félagsstörf að þætti í náminu.

Að sjálfsögðu býr sú hugsun hér að baki, að með þessari skipan verði unnt að tryggja einnig hinum smærri skólum íþróttakennara með fullt nám og þá hæfni, sem bezt fæst í Íþróttakennaraskólanum, því að eins og skólakerfi okkar er úr garði gert, er ekki við því að búast, að í öllum hinum smærri skólum sé fullt verkefni við íþróttakennsluna eina fyrir íþróttakennara. Með því að víkka námssvið íþróttakennaranna er reynt að búa svo um hnútana, að fullur starfsvettvangur sé fenginn manni með íþróttakennaramenntun einnig við hina smærri skóla. Þá er ætlazt til samkv. frv. þessu, að inntökuskilyrði í Íþróttakennaraskólann séu þyngd nokkuð. Þar er gert ráð fyrir prófi frá framhaldsdeildum gagnfræðaskóla með ákveðinni lágmarkseinkunn, prófi frá undirbúningsdeild sérnáms við Kennaraháskóla Íslands, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi. Þetta eru hin almennu inntökuskilyrði, sem frv. gerir ráð fyrir, en hingað til hefur nægt miðskólapróf. En til þess að útiloka ekki þá, sem þegar hafa lokið einhverri þjálfun í íþróttakennslu, frá því að ganga í Íþróttakennaraskóla Íslands með hinum fullkomnari kennsluháttum er tekið inn ákvæði um, að skólinn hafi heimild til þess að veita öðrum skólavist, sem ekki uppfylla hin almennu skilyrði, ef skólastjórn telur, að ástæða sé til.

Einnig eru nýmæli í frv. um stjórn skólans. Gert er ráð fyrir skólaráði, sem í eiga sæti skólastjóri, fastir kennarar við skólann og fulltrúar úr hópi nemenda. Að auki er gert ráð fyrir skólanefnd, sem skipuð sé fulltrúum Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, íþróttafulltrúa ríkisins, fulltrúa Íþróttakennarafélagsins og form. tilnefndum af rn. Ljóst er, að þessi efling Íþróttakennaraskólans krefst þess, að við hann sé bætt starfskröftum í kennaraliði. Vegna þess, hvernig til hagar á Laugarvatni, þar sem aðrir skólar starfa, sem hafa að sjálfsögðu fulla þörf fyrir íþróttakennara, er gert ráð fyrir, að Íþróttakennaraskólinn skuli leggja þeim til íþróttakennara af sinni hálfu. Með því móti á að vera unnt að tryggja, að við Íþróttakennaraskólann starfi menn með fjölþættari undirbúningsmenntun en ella væri, þannig að þeir vinni hluta af starfi sínu við Íþróttakennaraskólann, en hinn hlutann við almenna íþróttakennslu við aðra skóla á skólasetrinu.

Að lokum vil ég taka það fram, að eins og fskj. bera með sér, eru ekki allir á einu máli um, að rétt sé, að Íþróttakennaraskóli Íslands sé á Laugarvatni. Uppi eru raddir um, að flytja beri hann þaðan og þá helzt hingað til Reykjavíkur. Ég vil taka fram fyrir mitt leyti, að ég teldi það mjög misráðið að gera breytingu hér á, rífa skólann upp frá Laugarvatni, að svo komnu máli.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil fagna því, að hæstv. menntmrh. hefur lagt hér fram þetta frv. um Íþróttakennaraskóla Íslands, en eins og hann tók fram, var þetta frv. lagt fram á síðasta þingi af fyrrv. menntmrh., en varð þá ekki útrætt. Ég verð að segja það, að mér finnst, að það hafi verið alllangur dráttur á því frá því, að nefnd var skipuð til þess að semja frv. um Íþróttakennaraskóla Íslands og þar til frv. var lagt fram á s. l. ári. Ég vænti þess því, að hæstv. menntmrh. og hv. menntmn. þessarar d. leggi á það áherzlu, að þetta frv. fari nú í gegn á þessu þingi.

Uppbyggingu Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni hefur miðað fremur seint áfram þangað til nú á síðustu árum, að veitt hefur verið talsvert fé til að byggja þar mjög myndarlegt heimavistarhús, og fjárframlög síðustu fjögur árin hafa verið mjög myndarleg, og þau mál hafa verið leyst m. a. með góðri samvinnu við Íþróttasamband Íslands. En hins vegar skaut nokkuð skökku við í sambandi við afgreiðslu síðustu fjárl., að þá er ekki

farið eftir till. skólastjóra Íþróttakennaraskólans um áframhaldandi fjárveitingar til skólans og þær eru skornar niður það mikið, að þær nægja vart til þess að ljúka endanlega við frágang á heimavistarhúsnæði. Þó að vitað sé, að frá því að þessi skóli var gerður að ríkisskóla, eru liðin, að mig minnir, tæp 30 ár, þá er enn þá kennt í bráðabirgðahúsnæði í þessum skóla, og þegar breytt er nú um stefnu og námstími tvöfaldaður í þessum skóla, þá er ekki jafnframt hægt að draga úr eða jafnvel fella niður framkvæmdir til uppbyggingar á þessum skóla. Ég vil mjög ákveðið vænta þess, að hæstv. menntmrh. taki það upp í till. síns rn. við gerð fjárl. fyrir árið 1973, að myndarlegt stofnframlag verði til þessa eina íþróttakennaraskóla á landinu.

Hæstv. menntmrh. gat þess, að ekki væru allir sammála um, að Íþróttakennaraskóli Íslands ætti að vera á Laugarvatni. Þetta kemur fram í bréfi, sem er prentað hér sem fskj. með þessu frv., en það er bréf frá Íþróttakennarafélagi Íslands varðandi staðsetningu skólans, en þar segir svo um staðsetningu skólans að Laugarvatni:

„Í þessu sambandi vill stjórnin . . .“ þ. e. stjórn þessa félags, Íþróttakennarafélags Íslands, „. . . taka fram, að hún telur, að staðsetning skólans að Laugarvatni hafi ýmsa ókosti í för með sér og geri til að mynda skólanum illmögulegt að fá sérmenntaða kennara til starfa.“

Mér finnst rétt og mér fannst vænt um það, að það kom órækt fram hjá hæstv. ráðh., að hann telur óráð að hverfa frá því, að Íþróttakennaraskólinn verði á Laugarvatni, þar sem honum var á sínum tíma ætlaður staður og þar sem búið er að byggja mikið fyrir hann. Þess vegna kemur manni þessi hugmynd mjög á óvart í umsögn félags eins og félags íþróttakennara, og í raun og veru má segja það sama um það álit svo margra, að það sé eiginlega ekki hægt að staðsetja neina stofnun nema í Reykjavík. Ég skil ekki í því, að við getum haldið áfram að byggja allt landið, ef þessi sjónarmið eiga að vera lengur ráðandi. Og þá spyr maður: Var þessi skóli settur niður á einhverjum stað, þar sem erfitt var um samgöngur og þar sem lítil byggð var? Ég held, að flestir verði að viðurkenna það, að Laugarvatn er stór og vaxandi staður. Þar eru fimm menntastofnanir staðsettar: 1) Barnaskóli Laugardalshrepps, 2) Húsmæðraskóli Suðurlands, 3) Héraðsskólinn á Laugarvatni, 4) Menntaskólinn á Laugarvatni og 5) Íþróttakennaraskóli Íslands. Ég held, að hver sæmilega dómbær maður sé mér sammála um það, að slík staðsetning ætti að tryggja það, að það væri hægt að fá kennslukrafta að þessum skóla eins og öðrum skólum á þeim stað. Ég held, að þetta sjónarmið sé orðið svo ríkt hjá mörgum, að a. m. k. Alþ. verði að fara að taka harðar á þessu en hefur verið gert oft áður. Mér fannst eiginlega ekki hægt að láta þessa umr. fara fram, án þess að þessu sjónarmiði væri mótmælt, því að ég tel, að fyrst skólanum var ákveðinn staður á Laugarvatni í upphafi og fyrst búið er að vinna þar að framkvæmdum upp á tugi millj. kr., þá sé nú eiginlega varla hægt að hlusta á þá aths., að nú þurfi endilega að hlaupa frá því og færa þennan skóla til Reykjavíkur. Það er líka búið að koma upp aðstöðu til íþróttaiðkana og íþróttakeppni á Laugarvatni á undanförnum árum, og enginn ætti að gera lítið úr því, sem þegar hefur verið gert, þó að margt sé ógert við þennan skóla, og ég held, að það væri stigið spor aftur á bak, ef taka ætti tillit til slíkra sjónarmiða sem þessara.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek það, að ég fagna því, að hæstv. menntmrh. hefur lagt fram þetta frv. að nýju svo til óbreytt, eins og fyrrv. menntmrh. lagði það fram hér á síðasta þingi, og ég vænti þess, að þetta frv. fari nú í gegn á þessu þingi og í framhaldi af því beiti hæstv. menntmrh. sér fyrir því, að upp verði teknar í fjárl. næsta árs myndarlegar upphæðir til framkvæmda við þessa einu menntastofnun sinnar tegundar hér á landi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir orð síðasta ræðumanns, hvað snertir ánægju með endurflutning á þessu frv. um Íþróttakennaraskóla Íslands. Varðandi umr. um staðsetningu skólans er það í sjálfu sér engin goðgá, þótt skólinn þyrfti skólans vegna að vera staðsettur í Reykjavík; það er í sjálfu sér engin höfuðsynd. En ég get tekið undir það, að það væri mjög æskilegt, að skólinn gæti starfað áfram að Laugarvatni, þar sem að mörgu leyti er mjög ákjósanleg aðstaða fyrir slíka kennslu og fyrir slíka starfsemi. En það, sem skiptir máli, þegar rætt er um staðsetningu skólans, er náttúrlega einfaldlega það, hvort hægt er að reka skólann með eðlilegum hætti á einum eða öðrum stað, þ. e. ef í ljós kemur, að ekki er hægt að reka íþróttakennaraskóla að Laugarvatni, vegna þess að ekki fæst þangað fólk og aðstaða er ekki fullnægjandi; að sjálfsögðu verður það að ráða úrslitum.

Nú kemur það fram í fskj. með þessu frv., að þeir aðilar, sem virðast hafa fengið þetta frv. til umsagnar, hafa gert ýmsar aths. um einstök ákvæði þessa frv., og þar sýnist mér vega þyngst aths. þeirra varðandi staðsetninguna að Laugarvatni. Ráðh. hefur þegar lýst þeirri skoðun sinni, að hann telji þetta ekki vera þess eðlis, að hægt sé að taka tillit til þess, og er hægt að virða það sjónarmið, og mér skilst, að hann leggi frv. fram að þeirri ákvörðun tekinni, að staðsetning skólans skuli áfram vera að Laugarvatni og þess vegna þurfi ekki að bera þetta mál frekar undir þessa eða aðra aðila, eins og farið er fram á í þessum umsögnum nefndra aðila, þ. e. Íþróttakennarafélags Íslands og Samtaka ísl. kennaranema. Með leyfi hæstv. forseta segir m. a. í fskj. eða umsögn Íþróttakennarafélagsins:

„Stjórnin dregur hins vegar mjög í efa, að þær breytingar á skólanum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, séu nægjanlegar til að koma menntun íþróttakennara í viðunandi horf og getur því ekki lýst yfir stuðningi sínum við frumvarpið, heldur telur nauðsynlegt að ítarleg endurskoðun á því fari fram hið bráðasta og áður en það verður tekið til umr. á ný á Alþingi. Þessu til stuðnings leyfir stjórnin sér að benda á, að sérstaklega þurfi að endurskoða þær greinar frumvarpsins er fjalla um hlutverk og stjórn skólans, námsgreinar, inntökuskilyrði og staðsetningu skólans að Laugarvatni.“

Það má vel vera, að það sé misskilningur hjá mér, en ég skil það svo, að þessi endurskoðun, sem þarna er farið fram á, hafi ekki farið fram, þ. e. að þetta félag hafi ekki fengið aðstöðu til að láta í ljósi frekara álit sitt á þessu frv., síðan þessi umsögn var send, en hún er dags. 21. okt. 1971. En af þessum upplestri mínum má sjá, að félagið gerir ýmsar aðrar aths. en þær, sem snerta staðsetninguna, þ. e. svo sem um stjórn skólans, náms-

greinar, inntökuskilyrði o. s. frv. Þetta álit kemur enn fremur fram í umsögn Samtaka ísl. kennaranema, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í umsögninni kemur fram, að fjölmargt má betur fara og betur ræða. Má þar nefna atriði eins og inntökuskilyrði, námsgreinar og próf, stjórn skólans og starfsmenn, auk staðsetningar skólans að Laugarvatni."

Síðan fylgja nokkuð ítarlegar brtt. þessari umsögn. Nú skal ég engan dóm leggja á það, hvort það sé hægt að taka þessar aths. til greina. Ég skal játa það, að ég hef ekki rannsakað þetta mál niður í kjölinn. Mér er hins vegar ljóst, að Íþróttakennaraskólinn hefur verið hálfgerð hornreka. Öll aðstaða hans hefur verið mjög takmörkuð, og af þeim sökum hafa þeir nemendur, sem útskrifazt hafa úr skólanum, kannske ekki verið nægilega vel menntaðir til þeirra starfa, sem til stendur, að þeir taki að sér. Þess vegna fagna ég því, að þetta frv. kemur nú fram og getur orðið til þess að bæta íþróttakennslu og menntun íþróttakennara, en það má ekki vera að mínu viti gert á þann hátt, að það sé í fullri andstöðu við það fólk, sem nú þegar hefur hlotið þessa menntun, eins og virðist koma fram með þeim umsögnum, sem með þessu frv. fylgja. Ég veit þess vegna satt að segja ekki, hvort ég á að spyrja ráðh. um það, hvort hann hyggist leita umsagnar þessara aðila eða taka tillit til þeirra að einhverju leyti, hvort hann líti svo á, að það verði gert í meðförum Alþ., eða hvort hann hafi tekið þá ákvörðun að mæla með, að þetta frv. sé samþ., eins og það liggur fyrir nú þrátt fyrir þessar aths. En ég vil sem sé ítreka það álit mitt, að ég tel það mjög til bóta og fagna því, að þetta frv. er komið fram og vænti þess, að það verði samþ. á þessu þingi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands á þann veg, að allir geti vel við þau unað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég hafði ætlað að gera hér örstutta fsp. til menntmrh. út af þessu máli. Hún er í stuttu máli vegna þess, að ég tel, að það sé mikil ástæða til þess að endurskoða nú alla tilhögun kennaramenntunar í landinu. Þess vegna spyr ég: Er uppi einhver athugun á kennaramenntuninni í landinu með það fyrir augum, að henni verði skipað á annan hátt að einhverju verulegu leyti en nú er? Hefur af hálfu rn. eitthvað verið gert í þessu efni?

Fyrst ég er hér staðinn upp, þá vildi ég lýsa þeirri skoðun minni, sem kom raunar fram hjá báðum ræðumönnum hér á undan, að það sé mjög varhugavert að taka Íþróttakennaraskóla Íslands og rífa hann upp með rótum frá Laugarvatni og flytja hann hingað til Reykjavíkur. En eins og við vitum, þá hefur það verið og hefur raunar komið fram núna í frv., sem liggur fyrir Alþ. um fiskiðnskóla, að svo virðist, sem mörgum þyki, að það sé ekki hægt að hafa neina ríkisstofnun nokkurs staðar annars staðar en í Reykjavík. Þetta held ég, að sé mikill misskilningur og sé mikil ástæða til þess að kanna rækilegar, hvaða stofnanir væri hægt að reka úti á landi til þess, að þær geti þar um leið þjónað því markmiði að treysta byggð í landinu, um leið og þær þjóna hinu almenna markmiði fyrir landið í heild. Mér er það fyllilega ljóst, að það er ekki sama, um hvaða stofnanir er hér að ræða, en margar hverjar og ekki sízt Íþróttakennaraskóli Íslands virðast vera mjög vel settar úti á landi, þar sem skilyrði eru fyrir hendi, en svo virðist sem það sé einhver árátta á mönnum að líta svo á, mörgum hverjum a. m. k., að engar stofnanir geti verið annars staðar en hér í Reykjavík. En ég vona, að hæstv. menntmrh. geti gefið mér einhverjar upplýsingar um það, hvort einhver athugun hafi farið fram á skipan kennaramenntunar í landinu í heild og hvers sé að vænta í þeim efnum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég fagna góðum undirtektum hv. þm., sem hér hafa talað, við þetta frv., þeirra hv. 2. þm. Vestf., 9. landsk. þm. og 5. þm. Norðurl. e. Ég vona, að þessar góðu og jákvæðu undirtektir viti á það, að þetta frv. verði nú að lögum eftir langa mæðu, eftir að það er búið að vera á döfinni í 13 ár.

Hér hefur verið beint til mín fsp., og ég ætla að leyfa mér að svara fyrst fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. um, hvort uppi séu á vegum menntmrn. formlegar athuganir á endurskipan kennaramenntunar í landinu. Því er þar til að svara, að engin slík heildarathugun er í framkvæmd. Nýjasta stórbreyting, nýjasti stóratburður, í endurskipan kennaramenntunarinnar var stofnun Kennaraháskóla Íslands nú fyrir tiltölulega skömmu, og með samþykkt þeirra l. tók Alþ. svo örlagaríka ákvörðun um framkvæmd kennaramenntunarinnar, að ekki eru að mínu viti efnisleg tök á því að hefja allsherjarendurskoðun á kennaramenntuninni fyrr en nokkur reynsla er fengin af því, hvernig sú skipan, sem l. um Kennaraháskóla Íslands mæla fyrir um, reynist í framkvæmd. Kennaraháskóli Íslands tók í fyrsta skipti til starfa á nýliðnu hausti. Nú í dag var verið að skipa við hann fyrstu lektorana og kosning rektors mun líklega eiga sér stað alveg á næstunni, svo að þessi stofnun er rétt aðeins að hlaupa af stokkunum. Þetta er það svar, sem ég get gefið við fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. Honum kann máske að þykja það ófullnægjandi, en því miður get ég ekki meira um málið sagt, eins og það horfir við frá mínu sjónarmiði.

Spurning hv. 9. landsk. þm. var á þá leið, hvort farið hefði verið eftir óskum þeim, sem settar eru fram í fskj. með frv. frá tveim aðilum. Af sjálfu sér leiðir, að það hefur ekki verið farið eftir þeim óskum. Ef svo hefði verið gert, hefði rétt ein nefndin verið sett á stofn, henni verið fengið frv. til athugunar. Það hefði orðið, eins og gefur að skilja, mjög mikill ágreiningur og átök um veigamikil efnisatriði frv. Þar með hefði verið rækilega fyrir því séð, að málið hefði verið tafið í kannske nokkur ár enn. Að því vil ég ekki standa. Hins vegar liggja fyrir álit þessara aðila. Þau liggja hér fyrir allítarleg og – að því er virðist – þó nokkuð vel hugsað álit frá Samtökum ísl. kennaranema, námsfólkinu í Kennaraháskólanum. Álit Íþróttakennarafélagsins er hvergi nærri eins ítarlegt né þaulhugsað, en þar koma þó ákveðnar viljayfirlýsingar í ljós. Með því að fá þessum aðilum og reyndar fleirum, sem ekki svöruðu, frv. til athugunar, er fyrir því séð, að sjónarmið þessara aðila liggja fyrir Alþ., þegar það afgreiðir nú málið endanlega.

Ég hef séð ástæðu til að taka hér þegar í stað afstöðu af minni hálfu til eins meginatriðis í þessu máli – sem sé, hvort eigi að slá striki yfir það, sem gert hefur verið á Laugarvatni til að efla þar íþróttakennaraskóla, og fara

að koma upp nýrri stofnun hér í Reykjavík. Þetta er svo mikið höfuðatriði, að ég vildi alls ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa minni skoðun á því þegar í upphafi.

Svo koma fram í þessum álitum ýmis önnur atriði, sem ekki snerta jafnmikið kjarna málsins – sem sé, hvort uppbygging Íþróttakennaraskóla Íslands á að geta haldið áfram sem snurðuminnst á þeim grunni, sem þegar hefur verið lagður. Ég sé ekki ástæðu til að vera að gefa þeim till., sem fram koma í umsögnunum, einkunnir af minni hálfu. Það er alþm. og þá fyrst og fremst þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, að líta á það og taka afstöðu til þess.

Ég mæli eindregið með því, að þetta frv. sé afgreitt frá Alþ. eftir þeim meginsjónarmiðum, sem þar koma fram. En ég ætla síður en svo að fara að gera það að kappsmáli eða gefa á nokkurn hátt í skyn, að ég ætli að beita mér fyrir því, að þar sé engum stafkrók haggað, öðru nær. Ég mun engin mál leggja fyrir háttv. Alþ. með því hugarfari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 59. og 61. fundi í Nd., 12. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 286, n. 520, 515).

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Frv. það til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands, sem hér liggur fyrir hinu háa Alþ., var sent til hv. menntmn. Nd., og hún skilaði einróma áliti, sem hljóðar svo á þskj. 520. N. hefur fjallað um frv. að fengnum nokkrum umsögnum og leggur til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem n. gerir till. um á þskj. 515. Á þskj. 515 eru svo upp taldar nokkrar brtt. frá n., og þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þær.

Grg. frv. ber með sér, að endurskoðun l. um Íþróttakennaraskóla Íslands frá 1947 hafi staðið yfir – að vísu með nokkrum hvíldum – í 14 ár. Án efa liggja ýmsar orsakir til þessa seinagangs eða tafa, en meginskýringin virðist þó liggja í augum uppi. Það virðist hafa smám saman þróazt nokkur skoðanaágreiningur um framtíðarskipan þessa skóla og stöðu í skólakerfinu. A. m. k. er þessi ágreiningur bersýnilegur af fskj. með frv. og ekki síður af þeim umsögnum, sem nefndinni bárust, en þær voru frá eftirtöldum aðilum: Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, íþróttanefnd ríkisins, fjórum skólastjórum á Laugarvatni, Íþróttakennarafélagi Íslands, skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, íþróttakennurum sama skóla og loks frá kennarafélagi sama skóla.

Hér verður þessi skoðanaágreiningur ekki rakinn, svo að nokkru nemi, en hann mun felast einkum í því, að Íþróttakennarafélagið og Kennaraháskóli Íslands og reyndar aðilar tengdir honum vilja leggja skólann niður að Laugarvatni, flytja hann til Reykjavíkur og fella hann inn í Kennaraháskóla Íslands á þá lund að færa hann yfir á háskólastig eins og Kennaraháskóli Íslands er nú í dag, m. ö. o. áskilja stúdentspróf sem inntökuskilyrði eins og tíðkast í þeim skóla. Frv. hins vegar gerir ráð fyrir því, eins og kunnugt er, að skólinn verði áfram sjálfstæður skóli að Laugarvatni og undirbúningsmenntun mun vægilegri en stúdentspróf. Bæði Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands styðja þetta viðhorf frv. Af þessu er ljóst, að um er að ræða nokkuð djúpstæðan skoðanaágreining. Það fer ekki á milli mála, að Íþróttakennarafélag Íslands og aðrir, sem eru sama sinnis, hafa sitt hvað til síns máls, en einkum eru tvær ábendingar frá þessum aðilum, sem gefa verður fullan gaum að.

Eins og kunnugt er, er Kennaraháskóli Íslands þriggja ára skóli að loknu stúdentsprófi, og öðlast nemendur þaðan réttindi til almennrar kennslu á skyldunámsstigi og einnig til sérkennslu svo sem í handavinnu. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir hins vegar ráð fyrir tveggja ára námi fyrir íþróttakennara og að auki mun minni kröfum til undirbúningsmenntunar. Nú má segja, að tveggja ára nám í Íþróttakennaraskóla Íslands sé mikil bót frá því, sem verið hefur, þar sem hann er nú eins árs skóli. Engu að síður blasir við með hinum nýju l. um Kennaraháskóla Íslands, að íþróttakennarar fengju skemmra nám en aðrir kennarar, sem kenndu á sama skólastigi. Það mundi leiða án efa til lægri launa, þeir yrðu settir skör lægra en t. d. handavinnukennarar, þeir yrðu einhvers konar 2. flokks kennarar, og íþróttir og líkamsrækt yrðu þar af leiðandi vanræktar.

Í öðru lagi bendir Íþróttakennarafélagið á og reyndar fleiri, að próf frá Íþróttakennaraskólanum veitir samkv. frv. aðeins réttindi til íþróttakennslu og það hljóti að vera miklu æskilegra, ekki sízt fyrir minni skóla á landsbyggðinni, að íþróttakennarar hefðu einnig réttindi til kennslu í öðrum greinum. Aðrar ábendingar Íþróttakennarafélagsins virðast ekki jafnveigamiklar. Ein helzta þeirra er, að Kennaraháskóli Íslands taki við menntun íþróttakennara og styðja það ýmsum rökum, m. a. vöntun á sérmenntuðum kennurum að Laugarvatni, vöntun á æfingakennslu í öllum aldursflokkum skyldunáms, vöntun á íþróttamannvirkjum og aðbúnaði hvers konar – allt þetta sé fyrir hendi nú eða á næstunni í Reykjavík og þá í tengslum við Kennaraháskóla Íslands. Að lokum benda þeir svo á kostnaðarauka við að hafa skólann að Laugarvatni.

Þrátt fyrir þennan mikla ágreining hefur menntmn., eins og fyrr segir, náð samstöðu um að skila einróma áliti með þeim till., sem gerðar hafa verið á þskj. 515. Var n. sammála um, að skólinn skyldi vera áfram sjálfstæð stofnun að Laugarvatni, en taldi einsýnt að sporna gegn því, að íþróttakennarar yrðu verr settir en aðrir kennarar á skyldunámsstiginu. Ein meginbreytingin við frv. eða tillögubreytingin er að tengja Íþróttakennaraskólann við Kennaraháskóla Íslands á þá lund, að þeir nemendur, sem æskja þess, geti bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands. Á þann hátt gætu duglegir nemendur bætt við sig námi og fengið kennarapróf með íþróttakennslu að sérgrein. Þannig stæðu þeir jafnfætis öðrum kennurum á skyldunámsstigi og öðluðust réttindi til kennslu í annarri eða öðrum greinum en íþróttafræðslu einni. Í brtt. n. segir m. a., að tilhögun viðbótarnámsins fari eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum till. skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans.

Í þessu sambandi má benda á, að í l. um Kennaraháskóla Íslands, 6. gr., er talað um, að námsefni skiptist í 12 hluti í Kennaraháskólanum og hver hlutur jafngildi um það bil 6 ársvikustundum, sem mun merkja 6 stundir á viku á skólaárinu. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að nám handavinnukennara skuli vera tveir hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, einn hlutur í kjarna, tveir í bóklegri valgrein og sjö í handlistum. Af þessu virðist mega ráða, að það sé ekki fjarri lagi, að nemendur Íþróttakennaraskólans taki sem svari sjö hlutum í íþróttafræðilegum greinum og einn hlut í bóklegri grein eða samtals átta hluti á tveimur árum. Ef unnt reyndist að byggja námið þannig upp í Íþróttakennaraskólanum, væru fjórir hlutir eftir, sem ljúka mætti á einum vetri í Kennaraháskóla Íslands. Þetta væri ákjósanleg lausn, hvort sem hún reynist fær eða ekki, en það kemur í hlut Kennaraháskóla Íslands og Íþróttakennaraskólans að ganga frá reglugerð um viðbótarnámið, að sjálfsögðu að fengnu samþykki menntmrn. Af þessu leiðir, að Íþróttakennaraskólanum er lögð sú skylda á herðar að sníða nám sitt nokkuð á þá lund, að viðbótarnám nemenda í Kennaraháskóla Íslands yrði sem árekstra- og erfiðleikaminnst. Það gefur því auga leið, að sumir nemendur Íþróttakennaraskólans munu hafa svo litla undirbúningsmenntun, að þeim reynist næsta örðugt að halda áfram í Kennaraháskóla Íslands. Þótti n. rétt að setja í frv. heimild í reglugerð um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskóla Íslands sem skilyrði fyrir inngöngu í Kennaraháskólann. Grundvallaratriði er þó það, að allir, sem spjara sig á þessari tilskildu lágmarkseinkunn, hafa sama rétt til viðbótarnámsins í Kennaraháskóla Íslands, án tillits til undirbúningsmenntunar, þegar þeir setjast í Íþróttakennaraskólann.

Í heild má segja, að með þessari breytingu á frv. sé Íþróttakennaraskólinn kominn í eðlileg tengsl við þá skólastofnun, sem annast kennaramenntun skyldunáms í landinu. Um þetta skulu ekki viðhöfð fleiri orð, en gerð grein fyrir nokkrum helztu brtt. við frv. eftir því, sem ástæða þykir til.

Brtt. við 1. gr. felur ekki í sér efnislegar breytingar, heldur hefur þótt ástæða til að orða hlutverk skólans á ótvíræðari hátt, einkum það er varðar hlutverk hans í þágu íþróttahreyfingarinnar í landinu, sbr. c-lið 2. brtt., en stofn þess liðar er færður úr 3. gr. í 1. gr., þ. e. í 3. gr. segir: „Skólinn efnir til námskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur í íþróttum eftir því sem fé er veitt til." N. þótti ástæða til þess að færa þetta upp í 1. gr. til þess að leggja meiri áherzlu á þetta atriði en frv. gerir.

Varðandi 2. gr. er rétt að taka fram, að það þótti eðlilegt að halda því ákvæði frv., að próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veiti full réttindi til íþróttakennslu í öllum skólum landsins. Hins vegar er rétt að taka fram, að eftir eðli málsins leiðir það af sjálfu sér, að þeir nemendur, sem bæta við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, hljóta að öllum jafnaði að standa betur að vígi og vera rétthærri til starfa við íþróttakennslu við æðri skóla landsins en þeir, sem eingöngu hafa próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands.

Um 2. gr. og tengslin við Kennaraháskóla Íslands hef ég þegar fjallað lítillega, en ég vil þó aðeins bæta nokkrum orðum við. Það er um hinn mikla vanda sem við blasir, um tengsl Íþróttakennaraskólans við annars vegar Kennaraháskóla Íslands og hins vegar jafnvel Háskóla Íslands. Nú standa yfir, að því er mér hefur skilizt, athuganir á verkaskiptingu milli annars vegar Kennaraháskólans og hins vegar Háskóla Íslands. Og ef svo fer, að þar verði veruleg verkaskipting milli þessara tveggja skóla, þá leiðir það af sjálfu sér, að það getur haft veruleg áhrif á stöðu Íþróttakennaraskólans og þá þurfi að taka það mál aftur til athugunar.

Við 3. og 4. gr. hefur verið aukið nokkrum ákvæðum eða þeim breytt, og er þar eingöngu um að ræða smávægilegar efnis- og orðalagsbreytingar. Ég tel enga ástæðu til að telja þær upp; þm. geta kynnt sér þetta sjálfir.

Í 5. gr. og víðar hafa verið teknar upp hugmyndir, sem nú eru ofarlega á baugi í lagasetningu skóla, en það er um aukið skólalýðræði. Það kemur fram einnig ósk um þetta atriði í umsögn frá Samtökum ísl. kennaranema, og menntmn. hefur tekið verulegt tillit til þeirra óska, sem þar koma fram. Þess má geta, að á tveimur stöðum í frv. er í stað skólastjóra sett inn skólaráð, og hugmyndin er sú, að nemendur, sem eru flestir um tvítugsaldur, taki að nokkru þátt í ákvörðunum varðandi skólann.

Varðandi inntökuskilyrði 5. gr. er vert að geta þess, að undirbúningsdeild sérnáms við Kennaraháskóla Íslands er að leggjast niður og hið almenna kennarapróf er að hverfa. Loks er allt óráðið um framtíð framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna. Gera má því ráð fyrir, að stúdentspróf verði, eins og segir í grg. með frv., innan tíðar meginskilyrði fyrir inngöngu í Íþróttakennaraskólann; það er eðlileg og æskileg þróun. Sum inntökuskilyrði 5. gr. eru því tímabundin og verða sjálfdauð á næstu árum. Segja má, að sá ágreiningur, sem ríkir um inntökuskilyrðin í Íþróttakennaraskóla Íslands muni leysast að verulegu leyti af sjálfu sér.

Varðandi 6. gr. frv., þar sem fjallað er um námsgreinar, þótti rétt að telja námsgreinar eingöngu upp í reglugerð, en í stað 6. gr. kæmi að verulegu leyti ný gr., þar sem gert er ráð fyrir skiptingu námsins í kjarna, kjörsvið og valgreinar, og er það nokkuð í samræmi við þann háttinn, sem á er hafður, m. a. í menntaskólum landsins.

Ég skal ekki rekja þetta öllu meir en gert hefur verið, en ég vil þó aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem varða starfsaðstöðu skólans á Laugarvatni og þeim vanda, sem skólinn á við að etja. Þar sem hið háa Alþ. virðist að öllum líkindum ætla að halda uppi starfsemi skólans að Laugarvatni, verður að ganga svo frá hnútunum, að hann geti sinnt hlutverki sínu. Veran að Laugarvatni má ekki vera innantóm dreifbýlisrómantík, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð úr grg. skólastjóra Íþróttakennaraskólans, og hygg ég, að það sé mjög til skýringar fyrir þm. á þeim atriðum, sem hljóta að fylgja þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir á starfi Íþróttakennaraskólans. Í grg. skólastjórans segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru starfandi að Laugarvatni íþróttakennarar, sem hér segir: Við Menntaskólann er starfandi íþróttakennari í hálfri stöðu og við Héraðsskólann starfar einn fastráðinn íþróttakennari. Önnur íþróttakennsla við þessa skóla, svo og við Húsmæðraskólann og barnaskólann, er unnin af stundakennurum. Við Íþrótta-

kennaraskóla Íslands starfa skólastjóri, og að auki er ráðið í 2.5 stöður. Samtals verða þetta 4 íþróttakennarar auk skólastjóra Íþróttakennaraskóla Íslands. Að auki eru svo starfandi stundakennarar, og talsverð stundakennsla fellur undir hlut hinna fastráðnu kennara. Gera má ráð fyrir, að við Menntaskólann verði 36 kennslustundir í íþróttum, við Héraðsskólann 40 stundir, Húsmæðraskólann 12 stundir og við barnaskólann álíka margar. Samanlagt verða þetta um 100 kennslustundir í íþróttum á viku.

Þetta er tekið fram í sambandi við það, að það er gert ráð fyrir því í frv., að Íþróttakennaraskólinn annist íþróttakennslu þá, sem fram á að fara í skólunum að Laugarvatni. Þá er eftir að áætla kennsluna í Íþróttakennaraskóla Íslands og mannaflaþörf þess skóla. Getur þörfin vart orðið minni en þrír kennarar auk skólastjóra Íþróttakennaraskóla Íslands. Áætluð kennaraþörf verður því 6 kennarar og skólastjóri. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir heimild í l. fyrir, að ráða megi stundakennara, og er þessi áætlun byggð á því. Er það m. a. vegna kennslu einstakra námsgreina, sem e. t. v. yrði að einhverju leyti í höndum kennara annarra skóla á staðnum, t. d. lífeðlisfræði og uppeldis- og sálarfræði. Annað starfsfólk þyrfti að ráða að skólanum, því að vart er að búast við því, að lengur verði unað við það, að öll önnur störf, sem vinna þarf við skólann, verði eftirleiðis unnin af skólastjóra og kennurum, enda hafa aðrir skólar, þótt ekki séu heimavistarskólar, fengið heimild til að ráða slíkt fólk. Ráðsmann og ráðskonu þyrfti nauðsynlega að ráða. Hlutverk slíkra starfsmanna væru fyrst og fremst umsjónarstörf. Ráðsmaðurinn hefði umsjón með íþróttamannvirkjum og lóð skólans, húsum og húsmunum, ræstingu, ljósi, hita og tækjum skólans. Ráðskona hefði á hendi stjórn mötuneytis og umsjón í heimavistum. Baðvörður annaðist baðvörzlu og ræstingu á bað- og búningsherbergjum íþróttahúsa og sundlaugar."

Varðandi mannvirkin tekur skólastjórinn fram eftirfarandi: „Íþróttahús þarf að byggja. Það þarf að vera það stórt, að það rúmi þær innanhússíþróttir, sem hér eru iðkaðar. Nauðsynlegt er, að í húsi þessu verði rými fyrir áhorfendur. Íþróttir skipa orðið mjög mikið rúm í félagslífi nemenda skólanna að Laugarvatni. Um helgar dveljast þeir löngum í íþróttahúsinu og eru þátttakendur eða áhorfendur að kappleikjum og sýningum, sem þar fara fram. Íþróttahús það, sem nú er að Laugarvatni, er of lítið, auk þess sem það annar ekki lengur þörfum allra skólanna í þessu efni. Nú fara þar fram milli 90–100 kennslustundir í íþróttum á viku. Sundlaug þarf einnig að byggja. Héraðsskólinn að Laugarvatni er eigandi sundlaugarinnar á staðnum. Hún er aðeins 12.5 metrar á lengd og svarar ekki lengur kröfum tímans, hvað það snertir. Sundlaug er einnig mjög aðkallandi vegna sumarstarfseminnar að Laugarvatni, hótelrekstrar og ferðamanna. Ferðamálaráðstefnur hafa gert ályktanir vegna skorts á góðri sundlaug að Laugarvatni. Kennslustofubygging þarf að rísa, e. t. v. samtengd íþróttahúsinu. Íþróttakennaraskóli Íslands hefur nú til umráða eina litla kennslustofu í tengibyggingu íþróttahúss og sundlaugar. Vinnuaðstaða fyrir nemendur og kennara er þar frumstæð, enda húsnæðið ætlað til annarra nota í upphafi. Íbúðarhúsnæði fyrir kennara þarf að byggja. Forsenda þess að fá kennara og annað starfslið til starfa að Laugarvatni virðist vera, að íbúðir séu fyrir hendi."

Enn fremur segir skólastjórinn í þessari grg.: „Þá leyfi ég mér að setja fram þá skoðun mína, að nauðsynlegt er fyrir Íslendinga að eiga íþróttamiðstöð, stað eins og Laugarvatn, sem íslenzka ríkið leggur metnað sinn í að byggja upp og búa þeim húsakynnum og öðrum íþróttamannvirkjum, sem sómi er að. Laugarvatn er kjörinn staður fyrir slíkt, veðursæld mikil, gróður og iðandi líf. Vatnið gefur möguleika til baða, róðrar og siglinga auk skautaferða yfir vetrarmánuðina. Fjallið með skógarkjarr í hlíðum er kjörið til gönguferða. Ég þekki ekki annan stað á Íslandi, sem er jafnvel fallinn til þess að vera gerður að íþróttamiðstöð og útisamkomustað landsmanna. Þetta veit fólk, enda flykkist það til Laugarvatns á sumrin sér til hressingar og ánægjuauka, þótt enn vanti svo til alla þá aðstöðu, sem hér ætti að skapa. Sumargestir kvarta yfir aðstöðuleysi við vatnið, vatnsströndin er grýtt, böð ófullkomin og útisundlaug vantar. Allt þetta væri hægt að nýta sameiginlega af skólunum og sumargestum. Þessi aðstaða þarf að koma og það strax, og þá hafa Íslendingar eignazt einstakan stað til útilífs og íþróttaiðkana."

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að taka undir þessi orð skólastjórans, og þó að þetta lúti dálítið að almennum ferðamálum, þá er alveg ljóst mál, að þau eru í allmiklum tengslum við Íþróttakennaraskólann og starfsemi hans að Laugarvatni.

Ég mun nú láta þetta nægja við þessa umr. málsins, nema að því leyti að ég vænti þess, að ríkisstj. og Alþ. sjái sér fært að bæta svo um aðbúnað Íþróttakennaraskólans að Laugarvatni, að honum reynist unnt að framfylgja þeim l., sem nú verða væntanlega samþykkt á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 515,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
– 515,2 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
– 515,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 515,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 515,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 515,6 (ný 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
– 515,7 (ný 6. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
– 515,8 (ný 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
– 515,9 (ný 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
– 515,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.–13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.–15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 515,11 samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
17.–18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Nd., 21. og 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 593, 628).

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Þetta mál er nú komið til 3. umr. og fékk shlj. stuðning þessarar hv. d. við 2. umr., þannig að full samstaða virðist vera í d. um afgreiðslu þessa máls, svo að ég mun nú ekki vera langorður. Ég vil aðeins fyrst benda á, að það er komin fram brtt. á þskj. 628 frá menntmn., þar sem gerð er sú litla breyting við 5. gr. frv., að í stað orðsins „Kennaraháskólans" komi „Kennaraskólans". Þetta er í c-lið gr. Þetta er í raun og veru ekkert annað en leiðrétting, því að við komumst að því síðar í n., að þó að Kennaraskólinn sé í raun og veru lagður niður og Kennaraháskólinn hafi leyst hann af hólmi, þá heitir þessi deild enn undirbúningsdeild sérnáms Kennaraskólans, og er rétt að hafa það, sem sannara er, svo að þetta er eðlileg breyting.

Að öðru leyti vil ég aðeins drepa á það, að einn mesti vandinn varðandi þetta frv. hefur verið að tengja Íþróttakennaraskólann við annað kennaranám í landinu. Full samstaða varð um það í n., að Íþróttakennaraskólanum yrði valinn staður að Laugarvatni, en hins vegar var því aukið við frv. af n., að að loknu prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands væri nemendum hans heimilt að sækja nám í Kennaraháskóla Íslands, öðlast viðbótarnám, þannig að nemendur frá Íþróttakennaraskóla Íslands gætu, ef þeir æsktu þess, bætt við sig því námi, að þeir hefðu fyllilega launalega samstöðu og önnur jafnhliða réttindi við aðra kennara á skyldunámsstiginu. Hugmyndin er sú, að Íþróttakennaraskólinn verði tveggja ára skóli, öll kennsla fari fram að Laugarvatni, og bætt verði við bóklegum greinum í reglugerð. Þá er hugmyndin sú, að notast megi við t. d. kennara Menntaskólans að Laugarvatni. Að loknu prófi í Íþróttakennaraskóla Íslands geta hins vegar þessir nemendur að sjálfsögðu leitað inngöngu í Kennaraháskóla Íslands, en þá hverfa þeir að sjálfsögðu frá Laugarvatni. Þá tekur önnur stofnun við þeim, en á meðan þeir eru við íþróttakennaranám, heyra þeir að sjálfsögðu undir þær námskröfur og þá stjórnsýslu, sem ríkir við Íþróttakennaraskólann að Laugarvatni.

Ég vildi aðeins gera þetta ljóst, að hér fer ekki á milli mála, að skólinn hefur sitt aðsetur að Laugarvatni, annast uppfræðslu sinna nemenda um tveggja ára skeið, en síðan geta þeir, sem hyggja á framhaldsnám, horfið þaðan á brott og hlíta þá reglum þeirra skóla, sem þeir hverfa til.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. form. menntmn. fyrir þá skilgreiningu, sem hann gaf hér á frv., eins og það nú er, og sem er alveg í samræmi við þann skilning, sem ég hef haft á því. En það var eigi að síður gott að fá þetta skilgreint svo nákvæmlega, sem hv. þm. gerði. Það er vitað mál, að undanfarið hefur verið nokkurt tal um Íþróttakennaraskólann og jafnvel það að flytja hann frá Laugarvatni. En eins og frv. er nú, eftir að n. hefur komið sér saman um breytingar á því, má segja, að það sé ákveðið, að Íþróttakennaraskólinn verði að Laugarvatni og nemendurnir ljúki þar að öllu leyti sínu námi. Og það er þetta, sem skólastjóri Íþróttakennaraskólans lagði einnig áherzlu á, að lægi alveg skýrt fyrir og þar væri ekki um nokkurt vafamál að ræða. Ég er mjög ánægður með, að það er ekki lengur. Íþróttakennaraskólinn hefur nú starfað nokkuð lengi að Laugarvatni með miklum ágætum og myndarbrag undir öruggri forustu þess skólastjóra, sem þar er nú. En það er alveg ljóst, að um leið og þetta frv. er lögfest, er náttúrlega enn brýnni nauðsyn en áður á því að auka fjárveitingu til skólans. Það er ýmislegt þar, sem enn er ógert. Það þarf að auka við húsnæði skólans. Það vantar t. d. alveg tilfinnanlega sundlaug, ekki aðeins vegna Íþróttakennaraskólans, heldur einnig vegna þess mikla ferðamannastraums, sem til Laugarvatns er, og það þarf að gera ýmsar lagfæringar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vildi aðeins taka undir þetta, sem hv. form. menntmn. sagði hér áðan og lýsa ánægju minni yfir því, að frv. er komið í þetta horf, sem engum misskilningi getur lengur valdið.

ATKVGR.

Brtt. 628 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 654).

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 654, n. 767).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands. Í meðferð hv. Nd. urðu töluverðar breytingar á þessu frv., æðimargar umsagnir bárust, og um það hafa orðið töluverð blaðaskrif, eins og hv. þm. hafa eflaust fylgzt með. Engu að síður sér hv. menntmn. þessarar d. sér ekki annað fært en að gera að till. sinni eina breytingu enn á frv., eins og fram kemur á þskj. 767. Breytingin er í því fólgin, að inn í 2. gr. á eftir orðunum „með íþróttakennslu að sérgrein" komi: „enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti."

Vegna þess, hve málið hefur verið mikið rætt í dagblöðum og á opinberum vettvangi, vil ég leyfa mér að fara um það fáeinum orðum. Eins og ég sagði, bárust allmargar umsagnir um þetta frv. og sumar mjög ítarlegar. Einkum voru ítarlegar umsagnir frá Íþróttakennarafélagi Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Í þessum umsögnum var frv. fundið mjög margt til foráttu, en hv. menntmn. Nd. og hv. Nd. tók

ýmislegt þar til greina og gerði á frv. margvíslegar breytingar. M. a. kom fram sú aths., að rétt væri að tengja Íþróttakennaraskólann Kennaraháskóla Íslands á einhvern máta, en það var ekki í upphaflegu frv. Þetta gerði hv. Nd., en í ljós kemur, að nokkuð vafasamt er, á hvern máta þetta er gert. Augljóst er, að nemendur eiga ekki að eiga þess kost að fara um eins konar bakdyr úr Íþróttakennaraskóla Íslands inn í Kennaraháskólann eins og rektor Kennaraháskólans hefur bent á í umsögn, sem barst, eftir að frv. hafði verið breytt á þennan hátt. Sú breyting, sem hv. menntmn. gerir að till. sinni, er til þess að koma í veg fyrir slíkt og er samkvæmt till. rektors Kennaraháskóla Íslands.

Eins og ég hef sagt, komu fram margar aths. Langsamlega mest hafa verið ræddar tvær aths. og mikið um þær ritað og deilt í blöðum.

Annars vegar er það sú aths., að nemendur Íþróttakennaraskóla Íslands séu settir skör lægra en aðrir kennaranemendur, og er þar vísað til þess, að Kennaraskóli Íslands var gerður að Kennaraháskóla á s. l. ári. Ég fyrir mitt leyti hef nokkra meðaumkun með þessu sjónarmiði. Ég er sannfærður um, að það ber að auka kröfur til nemenda við íþróttakennslu, og get í því sambandi vísað til grg. með frv. til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands, en þar kemur fram athyglisverður samanburður á inntökuskilyrðum og námstíma íþróttakennara í nokkrum löndum. M. a. kemur þar í ljós, að á Norðurlöndunum, þ. e. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, er krafizt stúdentsprófs eða almenns kennaraprófs. Í því frv., sem hér liggur fyrir, hefur þetta verið sett nokkru neðar og framhaldsdeild gagnfræðaskóla talin geta fullnægt inntökuskilyrðum í skólann. Hins er þó að gæta, að þessi skóli er verulega aukinn frá því, sem verið hefur. Hann er gerður að tveggja ára skóla, og er það nálægt því tvöföldun á því, sem áður var, og nokkuð meiri skólaganga en t. d. í Danmörku og víðar við íþróttakennaranám. Mér sýnist ljóst, að samræma þarf betur en nú er menntun að stúdentsprófi, menntun í framhaldsskólum, gagnfræðaskóla o. fl., með tilliti til inngöngu í æðri skóla, m. a. í Íþróttakennaraskóla Íslands. Því tel ég fyrir mitt leyti réttlætanlegt, að þessi krafa um inntökuskilyrði sé nokkru neðar sett en annars staðar á Norðurlöndum, á meðan þessi almenna samræming á námi hefur ekki farið fram. Ég fyrir mitt leyti fellst því á inntökuskilyrðin á þeirri forsendu, að námið er verulega aukið og eflt, og sömuleiðis í þeirri von, að fljótlega fari fram nauðsynleg endurskoðun á námsbrautum öllum.

Annað atriði, sem hefur vakið miklar deilur og mikið verið um rætt, er staðsetning skólans að Laugarvatni. Ég vil taka það fram í upphafi, að fjölmargar umsagnir hafa borizt, einkum eftir að staðsetningin hafði verið í hámælum höfð í dagblöðum, og eru þær allar, ef ég man rétt, aðrar en þær, sem ég gat um áðan, mjög hlynntar því, að Íþróttakennaraskólinn verði staðsettur að Laugarvatni. Ég vil fyrir mitt leyti leggja mikla áherzlu á þá skoðun mína, að ég tel, að starfsemi skólans þar sé vel valinn staður og það hljóti að verða skólanum, ef rétt er að honum búið, til framdráttar.

Ég vil taka undir fáein atriði, sem fram hafa komið í umr. Fyrst og fremst vil ég leggja áherzlu á, að hið opinbera verður að gera sér grein fyrir því, að þegar stofnun eins og skóli er staðsett fjarri höfuðborgarsvæðinu, fylgir því nálægt því alltaf töluvert meiri kostnaður vegna mannvirkja en verða þarf á Reykjavíkursvæðinu sjálfu. Það er rétt, að á Reykjavíkursvæðinu er líklegt, að íþróttakennaranemar gætu fengið aðgang að íþróttamannvirkjum, sem hér eru að sjálfsögðu fleiri en t. d. á Laugarvatni og annars staðar á landinu, aðgang að sundlaugum, íþróttasölum, knattspyrnuvöllum o. s. frv. Einnig er það staðreynd, að á Laugarvatni eru þessi mannvirki orðin æðigömul, t. d. er íþróttahús síðan 1946 og aðeins 12×24 m að flatarmáli. Má ljóst vera, að það fullnægir hvergi nærri nútímakröfum til fjölmargra hópíþrótta, og er það vissulega illt, þegar um íþróttakennaraskóla og íþróttamiðstöð eins og á Laugarvatni er að ræða. Sundlaugin er aðeins 12½ m á lengd, og mun líklega óvíða þekkjast á stærri stöðum svo lítil sundlaug. Fleira þarf að gera. Það þarf að koma upp kennslustofum, íbúðarhúsnæði o. fl., sem ég ætla ekki að rekja hér, en verður að koma upp að Laugarvatni, ef Íþróttakennaraskólinn verður staðsettur þar.

Á Laugarvatni hefur þegar myndast og er að eflast myndarlegt menntahverfi, menntamiðstöð, og sýnist mér, að íþróttakennarar geti hlotið þar hina ágætustu þjálfun í íþróttakennslu á öllum stigum menntunar unglinga og barna, ef rétt og vel er að þeim búið.

Um staðsetninguna sjálfa á Laugarvatni vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vísa í það, sem fram hefur komið hjá skólastjóra Íþróttakennaraskólans. Hann lýsir þeirri skoðun sinni, að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að eiga íþróttamiðstöð, og segir, „stað eins og Laugarvatn, sem íslenzka ríkið leggur metnað sinn í að byggja upp og búa þeim húsakynnum og öðrum íþróttamannvirkjum, sem sómi er að. Laugarvatn er kjörinn staður fyrir slíkt, veðursæld mikil, gróður og iðandi líf. Vatnið gefur möguleika til baða, róðrar og siglinga auk skautaferða yfir vetrarmánuðina. Fjallið með skógarkjarr í hlíðum er kjörið til gönguferða.“ Undir þessi orð skólastjórans tek ég af heilum hug og legg áherzlu á þá skoðun mína, að það sé ekki síður mikilvægt fyrir íþróttakennaraefni að hljóta sína menntun í slíku umhverfi. Ég er sannfærður um það, að þeirra verkefni verður með tíð og tíma í vaxandi mæli að leiðbeina ungmennum í gönguferðum og hvers konar heilbrigðum afnotum af okkar ágæta landi.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en vil segja það að lokum, um leið og ég mæli með samþykkt þessa frv. með þeirri breytingu, sem hv. menntmn. hefur sett fram, að það er von mín, að hið opinbera taki myndarlega til höndum og komi upp á Laugarvatni nauðsynlegum mannvirkjum fyrir þennan skóla sem og fyrir aðra skóla, enda er það sannfæring mín, að sú var hugsun þeirra sem af stórhug afhentu hinu opinbera þennan myndarlega stað til afnota í menntaskyni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

8.–13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14.–18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 801).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það hefur orðið ágreiningur í menntmn. deildanna um eitt atriði varðandi Íþróttakennaraskóla Íslands, og mér þykir því hlýða að greina frá því í nokkrum orðum, í hverju þessi skoðanamunur liggur. Þessi skoðanamunur kemur fram í 2. gr., þar sem segir svo:

„Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess", þ. e. nemendur í Íþróttakennaraskólanum, „bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein." Síðan hefur bætzt við í Ed.: „enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti."

Eins og þm. munu e. t. v. vita, þá mun þorri nemenda í Íþróttakennaraskóla Íslands vera án stúdentsprófs. Þess vegna kom menntmn. Nd. það til hugar, þar sem átti að reyna að tengja þessa skóla saman, að hafa ekki þetta ákvæði með, að þessir nemendur fullnægðu inntökuskilyrðum Kennaraháskólans. Það merkir í sjálfu sér stúdentspróf, þannig að einungis þeir nemendur, sem hafa stúdentspróf í Íþróttakennaraskólanum eða sambærilegt próf, geta vænzt þess að halda áfram í Kennaraháskólanum. M. ö. o., þetta ákvæði, sem kemur inn frá Ed., felur í sér, að líklega allur þorri nemenda í Íþróttakennaraskólanum eru útilokaðir frá því að halda áfram í Kennaraháskólanum. Ég vil ekki fella dóm á þetta atriði. Þetta eru bara ákveðin viðhorf, sem birtast í þessu. Hér kemur fram viðhorf menntmn. Ed., að þeir einir nemendur, sem hafa stúdentspróf eða sambærilegt próf, eigi erindi í Kennaraháskólann. Hins vegar er sú stefna að vinna á að meta stúdentsprófið ekki jafnmikils, þegar um inntöku í skóla er að ræða, og má ég minna þar á háskólalögin. Þar er verið að opna háskólann fyrir nemendum, sem ekki hafa stúdentspróf.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég tel, að hver og einn þm. geri þetta upp við sig, og menntmn. Nd. hefur ekki séð ástæðu til þess að fara að gefa út sérstakt álit varðandi þessa viðbót, sem kemur frá menntmn. Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

---

48. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 5. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar [39. mál] (stjfrv., A. 40).

Á 7. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir d., var lagt fram á s. l. vori og þá einnig fyrir þessa hv. d. Frv. kom þá fram mjög skömmu fyrir þingslit, og gafst því ekki tími til, að það gæti fengið venjulega athugun í n., þótt því væri formlega vísað til hv. allshn., og þykir því þegar af þeirri ástæðu rétt, að frv. verði lagt fyrir d., svo að það megi hljóta þinglega meðferð. Fyrirrennari minn sem dómsmrh., sem einnig á nú sæti í þessari hv. d., hv. 6. þm. Reykv., fylgdi frv. úr hlaði í apríl s. l. með ítarlegri framsöguræðu, en sá hv. þm. hafði, eins og fram kemur í aths. við það frv., starfað að undirbúningi lagafrv., einnig áður en það kom í hennar hlut að leggja það fram hér sem dómsmrh.

Frv., sem nú er lagt fram óbreytt að efni til, fylgir einnig umfangsmikil grg., þar sem rakin er þróun sifjalöggjafar hér á landi og á Norðurlöndum yfirleitt, svo og að nokkru leyti í öðrum löndum. Enn fremur er lýst aðdraganda þeirrar endurskoðunar, sem stofnað var til eftir ályktun Norðurlandaráðs 1955, á löggjöfinni um stofnun og slit hjúskapar og löggjöfinni um réttindi og skyldur hjóna. Leiddi sú endurskoðun til þess, að samin voru lagafrv. í löndunum, sem voru í höfuðatriðum shlj., þótt ekki næðist nú frekar en fyrir 50 árum alger samstaða og samsvörun. Það kom hins vegar fram einkum í Svíþjóð, að þær breytingar, sem áformað var að gera á hinni 50 ára gömlu sifjalöggjöf, væru of veigalitlar. Frv. voru því lögfest í Danmörku og Noregi, en aðeins þættir úr till. sænsku sifjalaganefndarinnar hafa verið lögfestir, og 1969 var skipuð ný sifjalaganefnd í Svíþjóð, sem fékk nýtt erindisbréf um stöðu sína, þar sem tekið skyldi tillit til breyttra félagslegra viðhorfa. Einnig hefur verið skipuð ný sifjalaganefnd í Danmörku að nokkru leyti vegna samsvarandi l. þar í landi. Fyrirhugað hefur verið, að hin löndin þrjú fylgist með störfum þessara nefnda. Eins og fram kom á fundi Norðurlandaráðs á s. l. vetri, eru allskiptar skoðanir um hin nýju viðhorf í erindisbréfi sænsku nefndarinnar og erfitt að segja fyrir um, til hvers störf hinna nýju nefnda leiði. Það getur því verið athugunarefni fyrir hv. Alþ., sem eflaust mun verða til athugunar við nefndarmeðferð, hvort e. t. v. væri réttara að fara sér hægt um afgreiðslu þessa lagafrv. og bíða þess að viðhorf skýrist til möguleika á framhaldi samræmdrar löggjafar á þessu sviði á Norðurlöndum. Og ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, að ég mun hér ekkert á eftir ýta.

Eins og ég hef þegar sagt, var í framsögu á s. l. vetri gerð grein fyrir einstökum atriðum lagafrv., sem einnig var þá nokkuð rakið í fjölmiðlum. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að rekja nú að neinu ráði einstök efnisatriði þessa frv. Segja má, að höfuðþættir breyt., sem þetta lagafrv. ráðgerir frá núgildandi l., séu niðurfelling

löggjafar um festar, nokkrar breytingar á hjónavígsluskilyrðum, þ. á m. lækkun aldursmarka karla í 18 ár og breyttar lagareglur til rýmkunar á nokkrum hjúskapartálmum vegna sjúkdóma, skyldleika og tengsla. Lagt er til, að niður falli reglur um lýsingu, sem ekki hafa nú verið tíðkaðar í reynd hér á landi um langa hríð, að telja má. Þá eru ráðgerðar nokkrar breytingar á lagareglum um hjónaskilnaði, þ. e. um skilnaðarskilyrði, aðdraganda, veitingu skilnaðar og um réttaráhrif skilnaðar. Þá eru formaðar reglur um umgengnisrétt foreldris við barn, sem hitt foreldrið fær forráð yfir fyrir skilnaðinn. Eru flest þau atriði, sem breytingum sæta samkvæmt frv., sameiginleg með till. allra norrænu sifjalaganefndanna, sem eins og áður hefur verið sagt – hafa nokkrar verið lögfestar. Þá má líka nefna það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, ef að l. verður, að taka algerlega fyrir þann óvana, sem hér hefur átt sér stað og látinn hefur verið viðgangast lengi, að uppgjafaprestar framkvæmdu hjónavígslur. Ég held, að í þessu frv. séu margar eðlilegar og sjálfsagðar breytingar, en hins vegar eru svo aðrar, sem geta verið fullkomið álitamál.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál af ástæðum, sem ég hef áður greint, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir, að þetta frv. er hér aftur lagt fram. Shlj. frv. var lagt fram, eins og hæstv. dómsmrh. minnti á, í lok síðasta þings, og var því vísað til n. N. gafst ekki tími til þess að vinna neitt í málinu vegna þess, hve áliðið var orðið þingtímans, enda hefði vart verið ætlazt til þess, að slíkt frv. væri afgreitt á stuttum tíma, og þótti rétt að gefa mönnum tækifæri til þess að kynna sér efni þess. Hins vegar er frv. nú komið fram í þingbyrjun og ætti því með allri sanngirni að mega ætlast til þess, að það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Þetta frv. er, eins og um hefur verið getið, árangur af margra ára samstarfi Norðurlandanna – samstarfi, sem að því hefur miðað að samræma hjúskaparlöggjöfina breyttum tímum og samræma löggjöf landanna innbyrðis. Það er auðvitað alltaf matsatriði, hve langt er hægt að ganga í því að samræma algerlega löggjöf fleiri landa, og maður gengur ekki út frá því, að það takist í öllum atriðum fremur en – eins og hæstv. dómsmrh. gat um – það tókst á sínum tíma á árunum milli 1920–1930 þrátt fyrir undangengið samstarf að samræma hjúskaparlöggjöfina að öllu leyti þá. En ég held, að það geti ekki verið neinn ágreiningur um það, að það sé mjög æskilegt, að hjúskaparlöggjöf þessara landa sé samræmd, að svo miklu leyti sem mögulegt er talið, að unnt sé, og veldur því t. d. það, hve títt það er, að ríkisborgarar hinna ýmsu Norðurlanda stofni til hjúskapar.

Í þessu frv. eru ýmsar breytingar, en óhætt er að segja, að það hafi engin bylting verið gerð á núgildandi löggjöf um stofnun og slit hjúskapar með þessu frv. Það hefur töluvert margar breytingar að geyma, og það skal ég ekki fara að rekja hér, því að frv. fylgir mjög ítarleg grg., þannig að það er auðvelt fyrir alla að kynna sér þessar breytingar, sem hér er um að ræða. Í því sambandi vil ég koma að því, sem hæstv. dómsmrh. áðan sagði, er hann fylgdi frv. úr hlaði, að það væri e. t. v. ekki ástæða fyrir okkur til þess að gera mikið í þessu eða réttara sagt, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, að við gætum e. t. v. farið okkur hægt, eða ég skildi það svo, að það gæti verið álitamál, hvort það ætti að stefna að því að lögfesta frv. með hugsanlegum breytingum að svo stöddu, vegna þess að nú yrði e. t. v. framhald samstarfs á Norðurlöndum um ítarlegri og róttækari endurskoðun á þessari löggjöf.

Nú vil ég segja það, að það er ekkert nema gott um það að segja, að samstarfið haldi áfram og leitazt verði við að samræma hjúskaparlöggjöfina enn betur breyttum tímum og samræma hana enn betur innbyrðis milli Norðurlandanna. En það er enginn vafi á því, að niðurstöður af slíku framhaldssamstarfi munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir mörg ár, og ég held, að það út af fyrir sig eigi alls ekki að halda aftur af okkur með að lögfesta þau ákvæði þessara l., sem til bóta horfa að dómi Alþ. Það er sjálfsagt rétt, eins og hæstv. ráðh. sagði, að það má líta misjöfnum augum á þær breytingar, sem hér eru lagðar til. Ég held þó, að margar þeirra séu þess eðlis, að hv. alþm. geti verið um það algerlega sammála, og það er líka rétt að vekja athygli á því, að á okkar l. um stofnun og slit hjúskapar hafa sáralitlar breytingar verið gerðar, meðan annars staðar á Norðurlöndum hafa aftur verið gerðar töluverðar breytingar, sem nú hafa verið, eftir því sem rétt hefur þótt að gera hér hjá okkur, teknar upp í þetta frv.

Ég vil því nú þegar við þessa umr. leggja á það áherzlu, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, og vil jafnframt taka það fram, að það verður mjög að hafa það í huga, að hér er gerð tilraun til þess að samræma hjúskaparlöggjöf okkar því, sem er annars staðar á Norðurlöndum, þótt, – eins og ég áður sagði – ekki sé til þess ætlazt, að öll atriði falli mönnum svo, að þeir telji rétt að lögfesta þau, en ég ætla, að það séu samt svo mörg atriði, sem menn geta verið sammála um, að til bóta horfi, að það eigi að vera full ástæða til þess, að frv. fái afgreiðslu á þinginu, því að – eins og ég gat um áðan – má gera ráð fyrir, að það þurfi að bíða mörg ár eftir niðurstöðum af þeirri endurskoðun, sem nú er aftur hrundið af stað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það liggur í hlutarins eðli, að ég hef síður en svo á móti því, að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi. Til þess er það vitaskuld lagt hér fram, að á því fari fram athugun og afgreiðsla, ef mönnum sýnist svo. Ég taldi hins vegar rétt að benda hv. þm. á það, að þessi mál eru í deiglunni annars staðar á Norðurlöndum, og þar eru nefndir, sem eru að athuga þessi mál, og ég tel eðlilegt, að þm., sem um þetta fjalla sérstaklega, kynni sér það og meti það, hvort ástæða er til þess að bíða eftir því, að einhverjar niðurstöður fáist þaðan. En eins og ég gat líka um í máli mínu áðan, þá tel ég það vafalaust, að í þessu frv. séu ýmsar þær breytingar, sem við munum telja sjálfsagðar. Aftur á móti er því ekki að leyna, eins og ég líka drap á þá, að það eru um ýmis atriði í hjúskaparlögunum uppi mismunandi skoðanir, kannske í sumum tilfellum skoðanir, sem okkur sýnast ganga nokkuð langt, en eigi að síður er að sjálfsögðu rétt að kynna sér. En þetta mál er þess háttar, að það er allveigamikið og flókið, og þess vegna legg ég til, að hér verði ekki farið að ræða um það í einstökum atriðum, heldur verður bezt að þessu máli

unnið á þann veg, að sú hv. n., sem fær það til meðferðar, setji sig vel inn í það og kynni sér það.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, til þess að orð mín yrðu ekki misskilin á þann veg, að ég væri að draga úr því, að frv. fengi afgreiðslu á þessu þingi. Sjónarmið mitt var aðeins að benda þm. á það, að málin eru enn í athugun a. m. k. sums staðar á Norðurlöndum og – að ég held raunar – alls staðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 577, 578, 627).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft með þetta frv. að gera, rætt það og fengið umsagnir víða að. Eins og kunnugt er, er hér um allmikinn lagabálk að ræða, og í heild er hann orðinn nokkuð gamall að aldri – 50 ára gamall. L., sem nú gilda, eru sem sé frá 1921. Við í n. sendum þetta mál til umsagnar Dómarafélagi Íslands, biskupi Íslands, Lögfræðingafélagi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands. Allar þessar umsagnir voru misjafnlega ítarlegar, en allar voru þær þó á þá lund, að umsagnaraðilar töldu rétt og sjálfsagt að samþykkja þær að meginefni. Nokkrar till. komu frá umsagnaraðilum, en ekki um viðamikil atriði í frv., og n. hafði þann hátt á að ganga fram hjá þeim, þegar hún gekk frá nál., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv., ef fram kæmu.

Íslenzk hjúskaparlöggjöf hefur frá upphafi fylgt mjög hinni almennu norrænu og hefur verið nokkurn veginn óbreytt hjá okkur frá 1921. Hitt er annað, að um langa hríð hefur verið samvinna með okkur Íslendingum við aðrar Norðurlandaþjóðir um þessi mál og sifjaréttarmál almennt, en hjúskaparlöggjöfin er eitt atriði þeirra mála. Ég held, að það hafi verið fyrir röskum áratug, sem íslenzk sifjalaganefnd var skipuð, og hún hefur haft það hlutverk á hendi að vinna með sams konar nefndum annarra Norðurlandaþjóða. Að sjálfsögðu hlýtur það að vera svo, að það sé hagkvæmt fyrir þessar fimm vina- og frændþjóðir að hafa samvinnu um þessi mál svo mikil sem samskiptin eru á milli þeirra. Enn er í endurskoðun þessi hluti sifjalagaréttar og mun verða sjálfsagt um langa hríð, og breytingar munu eiga sér stað, eftir því sem tímar líða og eðlilegt má telja, þar sem margt kemur til – eðlilegar breytingar vegna þjóðfélagshátta og annars á langri leið. Eins og ég segi, er þetta löggjafarefni sífellt í athugun og mótun, og það er nokkurn veginn víst, að innan fárra ára muni fleiri breytingar koma til athugunar og frv. verða flutt um þær hér á þingi, en nm. álitu, að þær breytingar, sem felast í frv. og okkar menn í sifjalaganefnd af hálfu Íslendinga hafa mælt með, yrðu gerðar.

Ég vil draga aðeins saman í stuttu máli töluvert efni, þar sem breytingarnar eru, en vísa að öðru leyti til grg., sem fylgir frv. Grg. er mjög ítarleg og alveg sérlega fróðleg í þessu efni.

Það er í fyrsta lagi, að ákvæði um svokallaðar festar eru niður felld. Ákvæðin um festar hafa eiginlega aldrei komizt í framkvæmd í raun og veru, og sá kafli hefur verið dauður bókstafur lengst af eða kannske alla tíð. Því þykir sjálfsagt að fella hann niður.

Hjónavígsluskilyrði eru nokkuð rýmkuð. Það má t. d. nefna hjónavígslualdur karla. Hann er færður niður í 18 ár, og afdráttarlaust bann við hjónavígslu vegna vissra sjúkdóma er afnumið. Þarna fylgjum við Norðurlandaþjóðunum í þessu efni, og þessi ákvæði í frv. sýna, að stefnt er í átt til meira frjálslyndis en áður hefur verið, og svo má segja um allar þessar breyt., sem nú eru gerðar á þessu frv.

Þá er lýsing með hjónaefnum felld niður. Hún hefur nú verið, eftir því sem ég bezt veit, svo að segja formið eitt og því ástæðulaust að halda þeirri gr. l. við.

Þá er að geta þess, að frv. kveður svo á, að þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af embætti, sé óheimilt að framkvæma hjónavígslu.

Um skilyrðin til hjónaskilnaðar gildir að sjálfsögðu það, sem ég sagði um frv. í heild, þ. e. þau stefna í frjálsræðisátt, þau eru mjög rýmkuð og færð til samræmis við fengna reynslu við meðferð slíkra mála, en mál af þessu tagi eru mjög áþekk – ekkert síður hér á landi en með þjóðunum kringum okkur.

Þá eru settar upp reglur, sem telja verður til nýmæla um umgengnisrétt þess foreldris, sem ekki fær forræði barns við hjónaskilnað. Í samhengi við það er rýmkaður kostur þess að úrskurða maka framfærslueyri eftir lögskilnað. Þá er í frv. ákvæði um það, að skilnaðarsökin sjálf geti ekki ráðið neinu um forræði barns, þannig að það hjóna, sem á sök að öllu eða einhverju leyti á hjónaskilnaði, getur eftir atvikum fengið forræði barns þrátt fyrir það.

Ég hef nefnt hér aðeins nokkur atriði, sem helzt má telja til nýmæla. Þó eru mörg fleiri, sem kannske væri rétt að geta, en í grg. er þeirra ítarlega getið og þau verulega skýrð, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa upptalningu mína öllu lengri.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls, hefur allshn. samþ. að mæla með því, að frv. fái góðan og greiðan framgang, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að koma fram með brtt. eða fylgja þeim, ef þeim sýnist svo.

Allshn. hefur flutt eina brtt., og hún er á þá lund að breyta gildistökutímanum. Í frv. segir, að l. taki gildi 1. jan. 1972, en brtt. allshn. er á þá lund, að í stað þess ákvæðis komi 1. jan. 1973, og verður að telja það mjög eðlilega breytingu.

Aðrar brtt. hafa komið fram frá einum nm., hv. 5. þm. Vestf. Önnur þeirra er á þá leið að breyta ákvæði í 16. gr. frv. 1. mgr. þannig:

„Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, er heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests þjóðkirkjunnar."

Þetta er brtt., sem við ræddum um í n., og kannske eðlilegt, að hún komi fram. Þessari reglu, sem sett er upp í brtt., hefur verið haldið mjög lengi uppi með þjóð okkar, og má kannske segja um hana, að það megi deila eitthvað um þetta. Aðallega er þetta nú tilfinningamál að minni hyggju a. m. k., og ég vil láta það líka fylgja með, að ég tel það ekki eðlilegt, að þjóðkirkjuprestur, sem látið hefur af embætti, framkvæmi hjónavígslur, vegna þess að hann er ekki lengur sá embættismaður, sem á að hafa á hendi slíka framkvæmd. Þetta er em-

bættisaðgjörð, og viðkomandi er alls ekki í embættinu lengur, og þess vegna finnst mér og raunar mörgum fleiri, að það sé ekki eðlilegt, að þeir prestar, sem þannig er ástatt um, megi framkvæma þetta embættisverk fremur en önnur, og þess vegna legg ég til – og tala þá ekki út af fyrir sig í umboði n. um þetta – að þessi brtt. nái ekki fram að ganga.

Ég held svo, herra forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta mál að sinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. gerði grein fyrir hér áðan, mælti nefndin með samþykkt þessa frv., og er ég einn af þeim, sem gera það. En í nál. á þskj. 577 áskildum við nm. okkur rétt til að mæla með eða flytja brtt. við frv., og hef ég notfært mér þennan rétt og borið fram brtt. á þskj. 627. Þar er lagt til, að nýr málsl. bætist við 1. mgr. 16. gr. og verði svohljóðandi: „Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, er heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests þjóðkirkjunnar.“ Og í öðru lagi er lagt til, að lokamálsliður 2. mgr. 16. gr. falli niður, en þar segir í frv.: „Frá 1. janúar 1972 að telja skal þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslur.“

Ég er andvígur því að taka þennan rétt af prestum þjóðkirkjunnar, sem látið hafa af embætti. Það hefur tíðkazt um langan aldur, að þeir hefðu heimild til að framkvæma hjónavígslur og önnur viss prestsstörf, og ég tel, að það séu engin rök fyrir því að afnema rétt þeirra til þessa. Hér er um venju að ræða, sem hefur tíðkazt svo lengi sem elztu menn muna, hygg ég. Það hefur ekki verið lögbundið, en það gekk dómur um þetta efni í Hæstarétti árið 1968, og Hæstiréttur úrskurðaði, að það væri venjuhelguð íslenzk réttarregla, að uppgjafaprestar hefðu heimild til að framkvæma hjónavígslur.

Ég sagði áðan, að þessi venja hefði tíðkazt lengi. Mér þykir rétt að gera nokkru nánari grein fyrir því, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í dóm Hæstaréttar frá 9. apríl 1968, þar sem fjallað er um þetta mál. En þar segir, að lagt hafi verið fram í Hæstarétti bréf frá dóms- og kirkjumálarn. dags. 2. apríl 1968 varðandi þessi mál, og vil ég leyfa mér að fara með nokkurn kafla hér úr þessu bréfi, en í bréfinu segir:

„Ráðuneytið hefur átt viðræður við starfsmenn biskupsembættisins um möguleika á almennri könnun á framkvæmd á hjónavígslum með þessum hætti. Hefur biskupsembættið upplýst, að ekki muni unnt að upplýsa, svo að tæmandi verði talið, um fjölda slíkra embættisverka, þar sem ekki sé óyggjandi, að við skráningu vígslu sé ávallt getið vígslumanns, þótt hann sé annar en sá sóknarprestur, sem vígslu færir til bókar.

Ráðuneytið hefur gert nokkra könnun á færslum á hjónavígslum, þar sem athugasemd er gerð um slíkan vígslumann í ministerialbókum dómkirkjunnar í Reykjavík frá s. l. aldamótum. Kemur í ljós við þá athugun, að vígslur, þar sem slíkir vígslumenn eru skráðir, eru mjög fáar á 2 fyrstu áratugunum eftir aldamótin, þó koma þær fyrir öðru hvoru allt árabilið, bæði fyrir og eftir útgáfu stjórnarráðsbréfs nr. 99 31. júlí 1911. Vígslumenn eru þá einkum biskupar þeir, sem í embættum eru á árabilinu . . ., en einnig prestaskóla- og guðfræðideildarkennarar . . . Einnig á þessu árabili koma til einstakar vígslur framkvæmdar af öðrum prestvígðum mönnum utan sóknarprestsembætta . . . Þá kemur ennfremur í ljós, að upp úr 1920 fjölgar slíkum vígslum töluvert. Eru þær t. d. 21 árið 1925, 20 árið 1930, 12 árið 1935. Á þessu árabili fjölgar töluvert vígslum framkvæmdum af uppgjafaprestum, og má sjá við þá athugun, að svo sem vænta má, eru slíkar vígslur fleiri þau ár, er sóknarprestar í stórum prestaköllum hafa látið af störfum og eru ernir . . . Allveruleg fjölgun á þess háttar vígslum hefur orðið á tímabilinu eftir 1950, og munu þær ástæður, eins og að ofan greinir, valda miklu rúman áratug. Á þessum áratug eftir 1920 er jafnframt framhald á vígslum af hendi guðfræðideildarkennara og biskupa.

Sýnistalning hefur verið gerð af einu ári á síðastnefndu tímabili (1962) af Hagstofunni. Um þá talningu verður að hafa í huga fyrstnefndan fyrirvara um skráningu athugasemdar um vígslumann. Við þessa talningu kemur fram, að á því ári hafi á landinu verið 65 slíkar vígslur, þar af í Reykjavík 51. Hafa verður í huga, þegar bornar eru saman tölur frá þessu tímabili, að láta mun nærri, að tala hjónavígslna hafi þrefaldast frá 1920 til áranna um 1960.“

Hér lýkur tilvitnun í dóm Hæstaréttar.

Ég hef vitnað í þennan dóm vegna þess, að hér koma glögglega fram upplýsingar í málinu. Og þær staðfesta það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að það hefði tíðkazt um langan aldur, að prestar þjóðkirkjunnar, sem látið hafa af embætti, hafa framkvæmt hjónavígslur. Það kann að vera, að sumum þyki, að þetta séu nokkuð lágar tölur, en það er, eins og getið er um í bréfi dómsmrn., sem ég vitnaði í, ekki alltaf fært til bókar, ef uppgjafaprestur hefur framkvæmt þessa athöfn. En það þarf líka að athuga það, að þessi könnun, sem fram hefur farið, er ekki eins viðtæk og vera skyldi, og þetta dregur því ekki úr þeirri fullyrðingu minni, að þetta hafi mjög tíðkazt um langan aldur, að uppgjafaprestar hefðu þennan rétt.

En hver eru rökin fyrir því að afnema þennan rétt? Ég hef ekki heyrt þau rök, og ég heyrði þau ekki af munni hv. frsm. n. hér áðan. En það eru ýmis rök, sem hníga að því, að þessari venju sé haldið við. Það fer vel á því, að við leggjum okkur ekki fram um það að ryðja úr vegi gömlum og góðum siðum, sem hafa tíðkazt í þjóðfélagi okkar. Það þurfa ekki að vera rök fyrir því að afnema slíkt, þó að Svíar geri það, en það er vitnað í Svía í grg. með þessu frv. Ef við höfum góða reynslu í þessum efnum, eigum við að taka mið af henni, en engri erlendri reynslu, sem reyndar liggur ekki fyrir í þessu máli. Hvaða samræmi er í því að leyfa prestum og forstöðumönnum ýmissa trúfélaga, sem fjöldi er af í þessu landi núna, að framkvæma þessa athöfn – mér liggur við að segja að leyfa Pétri og Páli þetta oft og tíðum, og ríkisvaldið hefur enga umsjón með því, hvaða menn þetta eru – en neita mönnum, sem hafa verið sína starfsævi embættismenn ríkisins og eru þaulvanir, að framkvæma þessa athöfn? Ef frv. væri samþ. óbreytt, er um slíkt ósamræmi að ræða, að það á ekki að líðast. Það segja sumir, að þetta sé ekki viðurkvæmilegt vegna þess, að mennirnir séu ekki lengur embættismenn. En svo er líka um forstöðumenn og presta sértrúarsafnaða.

Er ekki aðalatriðið, að þessir menn séu færir um að framkvæma verkið?

Það hefur verið venja um langan aldur, að menn hafa haft heimild til að gera og vinna ýmis hin þýðingarmestu störf í umboði annarra. Þannig hefur það verið fram að þessu, að fulltrúar dómara hafa haft heimild til þess að kveða upp dóm. Þeir hafa haft heimild til þess að annast málsrannsóknir. Mönnum, sem eru nýkomnir út úr skóla frá prófborðinu, er treyst til þess að vinna svo þýðingarmikil störf sem þessi, en mönnum, sem eru búnir að vera alla starfsævina í embætti, er ekki treyst til að annast hjónavígslu. Sjá allir, hvílíkt ósamræmi er í þessu efni. Ég hef heyrt því haldið fram, að það væri ekki vogandi að leyfa uppgjafaprestum að framkvæma þessa athöfn vegna þess, að það gæti verið, að þeim væri farið að förlast – ýmsir hæfileikar, sem þyrftu að vera í góðu lagi, til að þeir gætu framkvæmt þetta, farnir að gefa sig, og þeir kannske orðnir elliærir. Það getur nú alltaf skort á hjá embættismönnum í þessu efni, jafnvel þótt þeir séu fyrir innan embættistakmörk, eins og ákveðið er í l. um aldur embættismanna. Þetta hefur engin úrslitaáhrif í þessu máli. En það verður líka að hafa í huga, að eins og till. mín er orðuð er gert ráð fyrir því, að prestur, sem látið hefur af embætti, framkvæmi hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests. Ég fæ nú ekki séð, að það þurfi þá að vantreysta svo starfandi sóknarpresti, að það sé honum eigi heimilt að veita uppgjafapresti heimild til þess að vinna þetta starf í sínu umboði.

Það er sama, hvernig við veltum þessu fyrir okkur. Það eru engin skynsamleg rök fyrir því að falla frá þeirri venju og þeim venjuhelgaða íslenzka rétti, eins og Hæstiréttur orðaði það, sem hér hefur gilt. Ég hef hér talað frá skynsemissjónarmiði. En hér er um einstakan verknað að ræða, þar sem er stofnun hjónabands. Þar koma ýmis önnur sjónarmið til greina, og þar á ég við tilfinningaleg sjónarmið. Hjónaefnin vilja gjarnan geta á þessari stund, þessari mikilvægu stund í lífi þeirra, snúið sér til prests, sem hefur kannske skírt þau og fermt. Þeim er það hjartans mál til að undirstrika helgi athafnarinnar að fá þann mann, sem þau helzt kjósa, til þess að vígja sig. Er það ekki orðin nokkur afskiptasemi af hálfu ríkisvaldsins, ef það ætlar að ástæðulausu og ósekju að hindra íslenzka borgara í jafnsjálfsögðum hlut sem þessum? Ég held, að allir sanngjarnir menn sjái, að það er ekki rétt að samþykkja frv. eins og það er. Hv. frsm. n. sagði, að n. hefðu borizt umsagnir og ein umsögnin var frá Kvenréttindafélagi Íslands. Hvað sagði Kvenréttindafélag Íslands? Það mælti gegn frv. í þessu efni. Konurnar skilja þetta. Og ég segi: Er það ofverk fyrir okkur karlmennina, sem gerum svo margt fyrir konurnar, að taka tillit til þessarar ábendingar frá Kvenréttindafélagi Íslands? Ég treysti því, að hv. þm. geri það og till. mín verði samþ.

Auður Auðuns: Herra forseti. Síðasti ræðumaður sagði: Konurnar eru skilningsríkar, og hann átti þá þar við umsögn frá Kvenréttindafélaginu, en ég verð þá að hryggja hann með því, að hér kemur líklega ein, sem er ekki sérlega skilningsrík, því að ég er andvíg þessari brtt. hans. Ég skal ekki tala um það mál af neinni tilfinningasemi. Það er ofur einfaldlega það, sem reyndar kom fram hjá frsm. n., að ég tel það óeðlilegt, að embættismenn, sem hafa látið af embætti, séu að vinna embættisstörf, og ég tel, að þetta eigi við presta eins og aðra. Hitt er annað, að þetta hefur tíðkazt hér nokkuð, að uppgjafaprestar framkvæmdu hjónavígslur, og svo mun hafa verið áður á Norðurlöndunum. Ég held, að þetta hafi alls staðar verið lagt niður. Ég veit ekki til, að það gegni einhverju sérstöku máli í þeim efnum í Svíþjóð. En ég vil benda á það, sem segir einfaldlega í grg. með frv. og kemur þar skýrt fram, þ. e. rökin fyrir þessu um 16. gr. Það er hér á bls. 25, og eru í aths. taldar fram ástæður fyrir því, að n. leggur til, að þessi siður verði lagður niður. Segir þar, að nú sé auk þess ekki neinn hörgull á hjónavígslumönnum hér almennt, og það getum við öll verið sammála um, að það geti verið hætta á, að embættisbókfærsla verði ekki jafntryggileg og ella, ef uppgjafaprestar framkvæmdu vígslurnar og um embættisábyrgð þeirra geti einnig ríkt nokkur óvissa.

Síðan er í aths. vikið að hæstaréttardóminum og það rakið, að Hæstiréttur hafi komizt þarna 1968 að þeirri niðurstöðu, að það sé venjuhelguð réttarregla, að menn, sem prestvígðir hafi verið í þjóðkirkjunni, þótt ekki séu þjónandi sóknarprestar, geti löglega gefið saman hjónaefni. En tveir dómendur dæmdu þó málið á öðrum grundvelli. Hæstiréttur hafði viðað að sér upplýsingum. Það voru nokkrar – ekki ýkjamargar – hjónavígslur framkvæmdar af uppgjafaprestum miðað við heildartölu hjónavígslna. En ég verð að segja, að ég sé ekki, hvernig Hæstiréttur hefði getað úrskurðað ógilt viðkomandi hjónaband, sem þetta hæstaréttarmál var rekið út af, því að það hefði auðvitað skapazt töluverð ringulreið, ef tugir – eða við skulum segja e. t. v. hundruð – hjónabanda hefðu þarna með einum dómi verið lýst ógild.

Ég skal svo undirstrika það, sem kemur hér fram í aths. við frv., að ég ætla ekki að gera þetta að neinu tilfinningamáli. Ég efast um, að fólki sé það alveg eins mikið tilfinningamál og flm. brtt. vill láta í veðri vaka, en mér finnst einfaldlega, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að embættismenn, sem hafa látið af embætti, eigi ekki að framkvæma embættisverk. Ég vil líka leggja áherzlu á það, sem fram kemur í aths. við frv., að það er ákaflega óviðkunnanlegt, að það liggi ekki ljóst fyrir í l., hvað eigi að gilda í þessum efnum, og ekki sé þar bara byggt á hæstaréttardómi um, að það sé venjuhelguð réttarregla, að uppgjafaprestarnir framkvæmi vígslur.

Ég vil þá aðeins víkja að því, sem flm. brtt. sagði – ég skal reyndar reyna að stytta mál mitt – um það, að verið sé að taka rétt af uppgjafaprestum. Ég held, að það sé tæpast hægt að orða það þannig. Eigum við ekki heldur að segja, að það hafi verið umborið sem venja, að þeir framkvæmdu vígslur, en ekki, að það sé tekinn af þeim einhver réttur, og þegar vitnað er í fulltrúana, sem framkvæmi vígsluathafnir á ábyrgð og í umboði yfirmanna sinna, þá er bara sagt, að þetta eigi við um embættismenn. Ég held, að það sé ekki neinn óskaplegur vandi að framkvæma hjónavígslur. Það er hægt að lesa sér til um það mestallt af bók, og það er ekki verið að vantreysta neinum til þess, þó að auðvitað geti prestar orðið elliærir eins og við hin. Það er ekkert vantraust á þeim til að framkvæma athöfnina, heldur bara það, að þetta er ekki eðlilegt. Það gildir um þetta

eins og allt, sem orðið er að venju, að fyrst í stað þykir fólki þetta kannske ekki rétt, en ég held, að þegar frá líður, verði allir á eitt sáttir um, að þetta sé ofur eðlilegt, þ. e. að maður haldi sig að þeim reglum, sem gilda um embættismenn yfirleitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 578 samþ. með 15 shlj. atkv.
– 627 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BGuðbj, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, StH, SteinG, ÞK.
nei: BFB, GeirG, MJ, OÓ, PÞ, AuA.
EÁ, HFS, BJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (MÓ, RA, ÁB) fjarstaddir.
16. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
17.–89. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 708).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 708, n. 803).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er ánægjulegt hlutverk að fá það verkefni að færa hæstv. ríkisstj. sérstakar þakkir fyrir vandað og stórmerkilegt frv., sem nú liggur hér fyrir til afgreiðslu. Frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar er unnið í samstarfi við norrænar hjúskaparlaganefndir, og hefur sú samvinna á ýmsum sviðum sifjaréttar staðið um árabil. Í íslenzku sifjalaganefndinni hafa setið prófessor Ármann Snævarr, fyrrv. háskólarektor, sem var formaður n., frú Auður Auðuns, fyrrv. dómsmrh., og Baldur Möller ráðuneytisstjóri.

Frv. þetta er mjög vel unnið tæknilega séð, eins og vænta má, og felur í sér ýmis nýmæli. Ég vil aðeins geta þeirra helztu, vegna þess að fyrir frv. var ekki mælt við 1. umr. þess hér í hv. d. Helztu nýmæli frv. eru fólgin í því, að niður er felldur úr núgildandi l. frá því, sem nú gildir um stofnun og slit hjúskapar, kaflinn um festar; hann þykir ekki hafa raunhæft gildi. Þegar um það er að ræða, að fólk vilji fara í mál vegna bóta fyrir skaða, sem hefur orðið af völdum festarslita, þá má venjulega ná þeim rétti eftir almennum reglum og þykir ekki ástæða til að hafa sérstakan kafla í hjúskaparlögum um það efni.

Gerðar eru allvíðtækar breytingar á reglum þeim, sem gilda um hjónavígsluskilyrði. Það er fyrst og fremst um það að ræða, að hjónavígslualdurinn verður, ef þetta frv. verður að l., hinn sami fyrir bæði kyn, þ. e. 18 ár. N. öll varð sammála um þessa breyt. sem og önnur atriði í frv. Þetta horfir til skilnings og viðurkenningar á ýmsum nútímasjónarmiðum, og get ég ekki séð, að ástæða sé til, að annar aldur gildi sem skilyrði til inngöngu í hjúskap fyrir karla en konur. Eftir sem áður verður áskilið samþykki foreldra eða forráðamanna, ef hjónaefni eru innan við 20 ára aldur, og það er óbreytt frá því, sem nú er.

Í þessu frv. er kveðið svo á, að ýmiss konar hjúskapartálmar, sem áður voru í l., verði hér eftir undanþægir. Geri ég ráð fyrir, að menn hafi í huga, að hið raunverulega líf felur í sér ýmis tilbrigði, sem e. t. v. er ekki alltaf hægt að sjá fyrir við lagasetningu, og varasamt getur verið að hafa slík bönn, sem þar er um að ræða, algerlega afdráttarlaus. Það gildir um t. d., að nú er lagt til, að bann við hjónavígslu geðveikra manna eða hálfvita verði undanþægt, en ekki afdráttarlaust, eins og áður var. Ég get ekki séð annað en í þessu felist mikil mannúðarstefna. Það er mjög varasamt að taka ákvörðun samkv. núgildandi hjúskaparlögum um, að bannað sé að vígja geðveikan mann, ef engar batahorfur eru fyrir hendi. Ég get ekki séð, að það sé mannúðlegt að leggja þá skyldu á lækni, að hann lýsi því yfir, að ekki sé hægt að lækna sjúkan mann og hann verði því að taka á sig þessa afdrifaríku ákvörðun. Þegar um sjúkleika er að ræða, þurfum við alltaf leyfi til þess að halda í einhverja von, og ef það getur að einhverju leyti stuðlað að hamingju þess ógæfusama fólks, sem á hér í hlut, að leyfa því að ganga í hjúskap, þá get ég ekki séð, að það sé nokkur ástæða til, að lög meini það.

Bann er einnig fellt niður við hjónavígslu þeirra, sem haldnir eru holdsveiki, sóttnæmum kynsjúkdómum, smitandi berklaveiki og flogaveiki. Bann þetta er fellt niður fyrst og fremst með það í huga, að framfarir á sviði læknisfræði hafa verið svo örar, að nú búa menn yfir betri læknisráðum gegn þessum sjúkdómum. Nú er gert ráð fyrir, að undanþægt sé bann við því, að hjúskaparaðilar tengdir í beinan legg gangi í hjúskap. Þegar um það er að ræða, að hjónaefni séu e. t. v. þannig tengd, að annað hjónaefni er e. t. v. dóttir eða dótturdóttir konu, sem maður hefur misst, þá var ekki heimilt að stofna til slíks hjúskapar áður, en eftir samþykkt þessara l. verður hægt að fá undanþágu í slíkum tilvikum, ef ástæða þykir til. Þá er fellt niður bann gegn hjónavígslu konu, sem gift hefur verið áður, næstu 10 mánuði eftir hjúskaparslit, en þetta hefur einnig verið gert annars staðar á Norðurlöndum, og raunar eru þessar breytingar í samræmi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á sams konar l. annars staðar á Norðurlöndum. Þetta eru helztu breytingar á þeim reglum, sem gilda um hjónavígsluskilyrði.

Þá felur þetta frv. í sér fleiri breytingar, t. d. að felldur er úr lögunum kafli um lýsingarreglur. Ég verð að segja, að ég sakna þeirra reglna á vissan hátt. Mér þótti svo einstaklega skemmtilegt að sjá – þá sjaldan það skeði, að hjónaefni létu lýsa með sér, – þegar auglýst var eftir fólki á dyrum Dómkirkjunnar, sem kynni að vita meinbugi á fyrirhuguðum ráðahag, en það hefur komið í ljós, að það var aðeins ein stétt manna, sem notfærði sér þessa heimild í l., og það voru laganemar. Það þykir ekki ástæða til að hafa þessa sérstöku reglu gildandi aðeins fyrir þá til að nota að gamni sínu, og því er þessi kafli niður felldur úr núgildandi l. sem ástæðulaus vegna þess, að hans sé ekki þörf.

Þá eru gerðar nokkrar breytingar, að því er varðar hjónavígslumenn. Í frv. var lagt til, að prestar, sem látið höfðu af embætti, hefðu ekki rétt til að vígja hjónaefni, en sú breyting var gerð í hv. Ed., að þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, yrði heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests þjóðkirkjunnar. Í Nd. sáum við ekki ástæðu til að gera till. til breytingar á þessari samþykkt Ed.

Þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar á kaflanum um ógildingu hjúskapar. Þessi ákvæði breytast til samræmis við þá mildun hjónavígslutálma, sem þetta frv. felur í sér, en á það má benda í þessu sambandi, að það mun enginn hjúskapur hafa verið ógiltur á Íslandi, síðan l. um stofnun og slit hjúskapar tóku gildi árið 1921, svo að það er vandséð, hvort þessi kafli hefur raunverulegt gildi nema þá e. t. v. til varnaðar, og því þykir rétt að láta hann standa.

Að því er varðar hjónaskilnaði hafa verið gerðar nokkrar veigamiklar breytingar. Í fyrsta lagi er tíminn, sem líður frá því, að skilnaður er veittur að borði og sæng og þar til lögskilnaður er fenginn, ávallt eitt ár samkv. frv., en ekki eins og nú er ýmist eitt ár eða tvö. Sú núgildandi regla hefur þótt valda ruglingi hjá fólki, og engin ástæða er til annars en ætla, að eftir eitt ár hafi fólk komizt að endanlegri niðurstöðu um það, hvort það vill æskja lögskilnaðar eða ekki. Hins vegar hefur aftur á móti verið örlítið þrengd leiðin til að ná lögskilnaði strax frá því, sem nú er, með því að niður er felld sú regla, að hjúskaparbrot feli fortakslaust í sér ástæðu til lögskilnaðar. Það þykir einnig rétt í þeim tilvikum að láta fólk hafa þennan eins árs umþóttunartíma, eins og þegar öðruvísi stendur á. Á það má benda, að þessi biðtími er mjög þýðingarmikill, því að það hefur víða komið í ljós, að fjöldi hjónabanda, sem hefur verið slitið með skilnaði að borði og sæng, enda yfirleitt ekki á þann veg, að þeim verði svo slitið með lögskilnaði, því að ef hjón hafa skilið að borði og sæng, þarf ekki annað en taka sambúð upp að nýju, þá heldur hjúskapurinn áfram, eins og ekkert hafi í skorizt. Í Danmörku mun þetta hafa átt við 15% af þeim hjónaböndum, sem lokið hafði í bili með hjónaskilnaði að borði og sæng.

Þá má geta þess, að lögð er meiri áherzla á ákvæði um sáttaumleitanir fyrir skilnað, og loks er nokkuð breytt ákvæðum um það, að sök á skilnaði geti nokkru ráðið um það, hvernig mál skipast varðandi forræði yfir börnum. Menn hafa sem sé viðurkennt það, að sök í þessum málum er vandmetin, og sjaldan veldur einn, þegar tveir deila, og fyrst og fremst er það hagur barnsins, sem er látinn ráða í þeim tilvikum, sem þarna er um að ræða, en ekki það, hvernig hjónunum innbyrðis hefur komið saman. Raunar er það svo, að þess hefur mjög lítið gætt í framkvæmd hjúskaparlaga hér á landi, að tillit væri tekið til sakar varðandi þetta efni.

Loks vil ég geta um eitt atriði, sem ég tel raunverulega vera mikilvægasta atriði þessa frv., og það eru skýrari reglur um umgengnisrétt fráskilins foreldris við barn sitt, ef það foreldri hefur ekki fengið umráðarétt yfir barninu. Í gildandi l. skortir með öllu ákvæði um þetta efni, og það er mjög brýn þörf á ákvæðum um þetta. Það hefur valdið ósegjanlegum erfiðleikum – og ég vil segja böli – fyrir sum börn, að lagaákvæði hefur skort um þetta efni. Oft verður að vísu framkvæmd á þeim erfið, en skýr lagaákvæði um þetta veita foreldrum vissulega aðhald, sem full þörf er á.

Ég hygg, að ekki sé frekari ástæða til að hafa fleiri orð um þetta viðamikla frv. Það eru mjög mörg atriði í þessu, sem er fróðlegt að athuga. Grg. skýrir það mikið, og ég vil eindregið ráðleggja þeim hv. þdm., sem ekki hafa lesið hana gaumgæfilega, að gera það. Og síðan ítreka ég það, að sú n., sem fékk þetta mál til meðferðar í Nd., var raunar heilbr.- og félmn. Það mun vera venja, að allshn. fái mál af þessu tagi til meðferðar, en ég hygg, að það hefði engu breytt. Fyrir liggja miklar athuganir og umsagnir um þetta mál, og allt þetta höfum við athugað og erum öll sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
14.–23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
24.–30. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
31.–54. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
55.–60. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
61.–81. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
82.–89. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 890).

---

49. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um

ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl., sem útgefin voru af núv. ríkisstj., og fjallar það um breyt. á l. frá 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð. Meginefni þessa frv. er það að breyta ákvæðum l. frá því í desember 1968, þar sem ákveðnar voru sérstakar reglur varðandi skiptakjör sjómanna. En í 3. gr. l. frá 31. des. 1968 var ákvæði, sem fól það í sér, að áður en aflahlutur sjómanna væri reiknaður út samkv. gildandi kjarasamningum, þá skyldi m. a. taka sem næmi 11% af brúttósöluverði aflans og afhenda útgerðarfélagi eða útgerðarmanni þá upphæð, áður en skiptahlutur væri ákveðinn. Það er vel kunnugt, að um þetta atriði hafa verið þrálátar deilur á milli fulltrúa sjómanna annars vegar og fulltrúa útvegsmanna hins vegar, síðan þessi lagaákvæði voru sett. Vinnudeilur hafa risið út af þessu ákvæði, og samtök sjómanna hafa hvað eftir annað krafizt þess, að þessum ákvæðum yrði breytt.

Nú var það í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að nauðsyn bæri til þess að hækka kaup sjómanna. Til þess að efna þetta loforð ákvað ríkisstj. strax á sínum fyrstu starfsdögum að gera ráðstafanir til þess, að aflahlutur sjómanna gæti hækkað í flestum tilvikum um 18–19%. Það var gert með þeim hætti fyrst og fremst að breyta þessu lagaákvæði, sem hér hefur verið vitnað til, en samkv. því hækkaði aflahlutur sjómanna yfirleitt um 11%. Í öðru lagi voru svo gerðar ráðstafanir til þess, að greiðslum af söluverði útfluttra fiskafurða í Verðjöfnunarsjóð væri breytt frá því, sem áður hafði verið, þannig að hægt var að hækka fiskverð til viðbótar við þessi 11% gagnvart sjómönnum um um það bil 7.5%, en sú verðlagshækkun náði að sjálfsögðu einnig til útgerðarinnar. Um leið og fyrra atriðið var framkvæmt, þ. e. að breyta l. frá því í desember 1968, þá var að sjálfsögðu raskað skiptahlutföllunum á milli sjómanna og útgerðarmanna, og hefði ekki komið fleira til, hefði hlutur útgerðarinnar versnað frá því, sem áður var. En vegna þess að jafnframt var reglunum um greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins breytt á þann hátt, sem ég lýsti, þ. e. gerðar voru ráðstafanir til þess að hægt væri að hækka fiskverð um 7.5% eða þar um bil, þá var talið samkv. útreikningum Efnahagsstofnunarinnar, að hlutur útgerðarinnar væri, eftir þessa breytingu nokkurn veginn jafn því, sem hann hafði verið áður. En útkoman úr þessum breytingum báðum varð sem sé sú, að aflahlutur sjómanna hækkaði um 18–19%, en sá hlutur, sem féll til útgerðarinnar sjálfrar, var nokkurn veginn óbreyttur frá því, sem verið hafði, og þessar ráðstafanir voru gerðar, eftir að samráð hafði verið haft við helztu hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna, og ég ætla, að nú séu flestir sammála um, að það hafi verið nauðsynlegt að grípa til þessara ráðstafana, sem ákveðnar voru með brbl. og nú er leitað eftir staðfestingu á hér með þessu frv.

Nokkrar umr. urðu á sínum tíma um þessa ráðstöfun að því leyti, sem hún snerti reglurnar um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Því var nokkuð haldið fram af ýmsum aðilum, að hér væri verið að minnka greiðslur til Verðjöfnunarsjóðsins og á þann hátt væri verið að veikja ákveðið tryggingakerfi útgerðarinnar í landinu. Þessi fullyrðing er í rauninni byggð á misskilningi. Hið rétta er það, að hvað eftir annað hefur þurft að taka til endurskoðunar þau ákvæði, sem gilt hafa um greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þannig voru þær reglur t. d. endurskoðaðar um s. l. áramót, þegar gerð var allveruleg breyting á fiskverðinu. Þessar reglur hafa jafnan verið endurskoðaðar með það í huga, hvað rétt væri að taka af útflutningsverðinu mikla upphæð hverju sinni, leggja til hliðar og geyma í Verðjöfnunarsjóði og hve mikið ætti þá að vera eftir af sjálfu útflutningsverðinu, sem kæmi til eðlilegra skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna og fiskiðnaðarins í landinu. Í rauninni var það svo, að þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið um greiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn, áður en núv. ríkisstj. tók við, höfðu ekki reynzt réttar, vegna þess að verð á erlendum markaði hafði hækkað allmiklu meira en gert hafði verið ráð fyrir í útreikningum. Það var því hægt að gera þá ráðstöfun, sem gerð var, án þess að í krónum minnkaði það framlag, sem áætlað hafði verið, að ætti að renna í Verðjöfnunarsjóð, þótt hundraðshlutinn af útflutningsverði afurðanna hefði að sjálfsögðu breytzt frá því, sem áður var. Þrátt fyrir þessa ráðstöfun er það sem sé enn í gildi, að allverulegur hluti af því verði, sem fæst fyrir útfluttar sjávarafurðir og þá einkum frosnar afurðir, rennur enn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og hann kemur til með að eflast á þessu ári mjög verulega þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem gerð var í þessu tilfelli. Það er að sjálfsögðu alltaf nokkurt efamál, hve mikla fjárhæð er rétt að taka af útflutningsverði vöru og leggja það til hliðar, en láta það ekki fara til þeirra aðila, sem raunverulega eiga þetta verð, vegna þess að í slíkum ráðstöfunum geta verið fólgnar verulegar hættur vegna misræmis á verðlagi. Þannig var þetta tvímælalaust orðið hjá okkur í þessu tilfelli. Það er enginn vafi á því, að þær reglur, sem giltu hjá okkur um greiðslur í Verðjöfnunarsjóð, voru þannig, að fiskverð hér innanlands var orðið óeðlilega lágt í samanburði við það, sem fiskverð er víða í löndum í kringum okkur. Af þeim ástæðum var það, að framleiðendur hér innanlands sóttu orðið mjög í það að fá að flytja fiskinn úr landi óunninn til þess að ná þar í hið háa verð, sem ekki þurfti að taka neitt af í þennan svonefnda Verðjöfnunarsjóð. En vitanlega hefur það aldrei verið tilgangurinn að skapa slíkt misræmi í fiskverði innanlands og í nálægum löndum, að það leiddi til þess, að fiskurinn yrði fremur fluttur út óunninn til þess að fá þar fullnaðarverð fyrir fiskinn en hann yrði unninn í landinu og aukinn þar í verði, eins og eðlilega verður með vinnslunni í landinu sjálfu.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar í sjálfu sér ekki um þessa breytingu, sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, þ. e. breytinguna á reglunum um Verðjöfnunarsjóð, heldur fjallar frv. eingöngu um breytinguna á ákvæðunum, sem í gildi hafa verið varðandi skiptinguna á aflahlutnum á milli sjómanna og útgerðarmanna. En af því að þessi mál voru þannig samhnýtt, þá hefur mér þótt ástæða til þess að gera hér grein fyrir þeim báðum í einu.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er enn þörf á því að taka gildandi ákvæði um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til rækilegrar athugunar og það hlýtur í rauninni að verða gert fyrir næstu áramót, þegar tekin verður ákvörðun að nýju um fiskverð og það, hvort áfram á að halda jafnmiklum fjárgreiðslum í þennan verðjöfnunarsjóð og nú er gert eða hvort á að draga nokkuð úr þeim og hækka þá um leið fiskverðið í landinu og koma þar á eðlilegra samræmi en enn er milli fiskverðsins innanlands og fiskverðs hér í nálægum löndum.

Ég tel rétt, að sjútvn. þessarar d. fjalli um þetta frv., og legg því til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. og hæstv. sjútvrh. hefur fylgt úr hlaði, þá get ég fyrst komið að því, sem ég er honum sammála um. Ég er honum alveg sammála í því, að fiskverð hlaut að geta hækkað og átti að hækka, enda lá það ljóst fyrir vegna hagstæðs aflurðaverðs, að fiskverð mundi hækka frá því, sem það var áður, án þess að til þessara hluta hefði komið. Hitt er svo annað mál, að það mátti einnig koma til móts við sjómenn á annan hátt en þann, sem frv. gerir ráð fyrir, og þá vil ég fyrst og fremst nefna það, að það hefði verið ólíkt hyggilegra hjá hæstv. ríkisstj. að koma til móts við sjómenn með því að veita þeim undanþágu frá tekjuskatti í einhverri mynd fram yfir þau hlunnindi, sem sú stétt hefur núna og fékk nokkra breytingu á á síðasta Alþ. Ég hygg, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hafi með þessari aðferð verið að ýta undir verðbólguna, sem þeir skömmuðu mest fyrrv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki getað haldið í skefjum. En ég held, að aðgerðir hæstv. núv. ríkisstj. hafi allar verið með þeim hætti að halda ekki í við verðbólguna, heldur hreint og beint að auka verðbólguna, eins og raun ber vitni. Við skulum líka líta á það, hvað sjómenn fá í aðra hönd með þessum hækkunum. Hverjir þeirra eru það, sem fá mest af þessum hækkunum? Það eru auðvitað fyrst og fremst sjómennirnir á þeim skipum, sem mest afla. Fólkið á skipunum, sem minna afla – kannske ekki fyrir kauptryggingu, fær enga hækkun við þessa breytingu; sá hluti sjómannastéttarinnar fær enga hækkun. En þeir, sem yfirleitt afla vel og fá fiskverðshækkunina að öllu leyti, fá auðvitað mesta hækkunina. Og hverjir njóta svo þessarar hækkunar aðrir en sjómennirnir – yfirmennirnir – á þessum skipum og aðrir, sem hafa fyrir nokkuð háar tekjur? Það eru fyrst og fremst ríkið og sveitarfélögin, sem taka um 53% af þessu fólki aftur. En hvað gerir það svo aftur að öðru leyti? Það ýtir auðvitað undir kröfur hinna, sem hafa orðið á undanförnum árum að sætta sig við kauptrygginguna, um að fá kauptrygginguna hækkaða verulega í næstu kjarasamningum. Þetta hlýtur að liggja ákaflega ljóst fyrir öllum. Og ég veit, að það liggur líka mjög ljóst fyrir hæstv. sjútvrh.

Það hefur verið mikið rætt um það gjald, sem ákveðið var með l. frá 31. des. 1968, að fiskkaupandi greiði til útgerðarinnar – 17% ofan á fiskverðið, sem ekki kæmi til skipta. Hv. stjórnarandstæðingar, sem þá voru, gerðu sér mikinn mat úr þessu gjaldi, og alltaf er hægur vandi að koma af stað leiðindum og illindum í þjóðfélaginu. En við skulum líta á aðstæðurnar, sem voru fyrir hendi eftir þau miklu áföll, sem sjávarútvegurinn og útflutningsatvinnuvegir okkar urðu fyrir á árunum 1967 og 1968. Hagur útgerðarinnar var með þeim hætti, að það varð að gera þessar aðgerðir í efnahagsmálum til þess að bæta rekstraraðstöðu útvegsins, svo að hann gæti starfað með eðlilegum hætti og aftur yrði vakin sú trú í landi okkar, að það væri nauðsynlegt og jafnvel ábatasamt að byggja og reka fiskiskip fyrir þjóðarbúið.

Með efnahagsaðgerðunum 1968 varð gerbreyting á rekstraraðstöðu útvegsins, og það var aftur stofnað til þess, að þeir menn, sem fengjust við þennan atvinnuveg, tryðu á framtíð hans, og aftur hófust í ríkum mæli skipabyggingar í landinu og endurnýjun fiskiskipastólsins. Það getur hver maður spurt sjálfan sig að því og svarað því, að þegar gengisbreytingin var gerð 1968, gat það ekki gengið, ef við ætluðum að rétta við starfsemi útflutningsatvinnuveganna, að ein stétt nyti gengisbreytingarinnar með því að fá þá kauphækkun, sem gengisbreytingin leiddi af sér fyrir útfluttar sjávarafurðir, því að þá hefðu aðrar stéttir komið á eftir og heimtað einnig þá þegar sinn hlut af kökunni. Það hefði auðvitað þýtt það, að innan skamms tíma hefðum við staðið alveg í sömu sporum eftir þessar efnahagsaðgerðir, útflutningsatvinnuvegirnir hefðu verið komnir í vanda og hin góðu áhrif gengisbreytingarinnar orðið að engu á skömmum tíma. Þessu bar ríkisstj. auðvitað ábyrgð á og þeir flokkar, sem að henni stóðu. Hitt skal svo aftur sagt, að sumir stjórnarandstæðingar vildu nota sér óánægju sjómanna yfir, að gengið væri þannig á rétt þeirra, eins og þeir sögðu, og ýfðu upp sár og leiðindi í sambandi við þessi mál. En ég staðhæfi það, þó að þessi tími sé liðinn, að þessar ráðstafanir voru nauðsynlegar, og það var jafnframt skylda ábyrgrar stjórnar í landinu að gera þessar ráðstafanir, hvort sem henni var það ljúft eða leitt. Og auðvitað er það alltaf leitt, þegar þarf að grípa til þess að skerða kjör einhverrar ákveðinnar stéttar, en það getur verið nauðsynlegt að gera það vegna heildarinnar; ekki hefði verið hægt að ráða við þetta í þessu tilfelli með öðru móti. En hvað skeður svo síðar? Eftir að þessi 17% eru lögð á, staða útgerðarinnar verður aftur sterk og útgerð er á þessu tímabili rekin með góðum árangri, verðum við samhliða fyrir því mikla láni, að verðlag á útflutningsafurðum okkar fer stígandi yfirleitt í öllum greinum útflutningsafurða, þannig að við gátum þegar mjög fljótlega veitt sjómönnum nokkrar kjarabætur bæði í nokkuð hækkuðu fiskverði og svo síðar í því að semja um að lækka þessi 17% niður í 11%. Á það féllust sjómannasamtökin og Alþ. staðfesti þetta á s. l. vetri.

Í ársbyrjun 1969 var samið að nýju og þá samið um, að sjómenn fengju verulegar kjarabætur í mynd lífeyrissjóðs og ókeypis fæði að verulegu leyti. Þegar þetta hafði verið gert, gengu útvegsmenn auðvitað út frá því, að hér væri um endanlega breytingu að ræða, hvað snerti gerð þessara samninga. Hitt er svo annað mál, að það hefði getað orðið samningsatriði að nýju, því að nú eru allir samningar lausir, hvort það hefði átt að lækka þetta gjald enn úr 11% og færa það eitthvað niður, en þá hleypur ríkisstj. til, um leið og hún er mynduð, með þessum makalausa málefnasamningi sínum, því að með málefnasamningnum bauð hún allri þjóðinni upp í dans, en þjóðin hefur ekki dansað síðan, en ráðh. hafa

dansað síðan. En það hafa ekki komið neinar frekari skýringar á fjölmörgum greinum þess, hvernig á að uppfylla þennan mikla óskalista. Það, sem ríkisstj. átti auðvitað ekki að gera í þessu tilfelli, var að hlaupa til og gefa út brbl. Hún átti fyrst og fremst að leita eftir samstöðu og áliti hagsmunasamtakanna í þessu máli, L. Í. Ú. og sjómannasamtakanna. Hún er með þessum aðgerðum að koma enn fleiri og stærri upphæðum inn í verðlagið og ýta undir verðbólguna. Þetta átti auðvitað allt að bíða. En það má kannske segja, að ríkisstj. hefði haft það sér til afsökunar og varnar í þessu máli, ef hún hefði samið um vinnufrið við stéttasamtökin í landinu og látið hér við sitja. Það liggur ekkert fyrir enn þá þrátt fyrir þessar aðgerðir. Vitaskuld hefðu sjómannaleiðtogarnir borið fram sínar kröfur. En þegar ríkisvaldið gengur á þennan hátt á undan, þá finna menn upp á því að bera fram kannske nýjar kröfur og stærri kröfur en við verður ráðið. Ég tel, að þeir menn séu ekki sjómönnum verri, sem vilja halda rekstraraðstöðu útgerðarinnar sterkri og tryggja áframhaldandi rekstur hennar, en hinir, sem vilja ýta fyrst og fremst undir það að bjóða mönnum miklar tekjur, bjóða mönnum að hafa mikið fé á milli handanna, sem svo aftur er tekið af þessu sama fólki í auknum sköttum og með aukinni dýrtíð.

Hæstv. sjútvrh. gerði nokkuð að umræðuefni Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég skal ekki á þessu stigi málsins vera langorður um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en við getum auðvitað talað mikið og langt mál um hann. En ég vil aðeins minna á, að þegar frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var til umr. á Alþ., þá sagði hæstv. núv. forsrh. um Verðjöfnunarsjóðinn, að að baki hugmyndarinnar um Verðjöfnunarsjóð lægi heilbrigð hugsun að hans dómi. Það væri skynsamleg regla að leggja til hliðar í góðum árum og geyma til hinna lakari. Þetta sagði hæstv. forsrh., þegar hann var í stjórnarandstöðu, um frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þegar það kom til 1. umr. í Ed. Alþ. og hæstv. þáv. sjútvrh. hafði fylgt því úr hlaði.

Ég er sammála þessum orðum hæstv. forsrh., en mér finnst, að hann og ríkisstj. hans hafi ekki munað eftir þessum orðum hans í sambandi við Verðjöfnunarsjóðinn, þegar hún ákvað að gefa út þessi brbl. og skerða framlög til sjóðsins um 310 millj. kr. á ári, sem auðvitað gerir sjóðinn óhæfari til að gegna sínu hlutverki. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh., að það verður að endurskoða ákvæði um greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og við verðum auðvitað að leggja til grundvallar rekstrarkostnað sjávarútvegsins á hverjum tíma. Við megum ekki taka það mikið í Verðjöfnunarsjóðinn, að hann skerði eðlilega rekstrarafkomu allra greina sjávarútvegsins. Þar er ég honum algerlega sammála.

Ég ætla ekki á þessu stigi að flytja miklu lengra mál, en það gefst aftur síðar tækifæri á seinna stigi þessa máls hér í þessari hv. þd., þegar sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar. Ég vil benda á það, að stjórn L. Í. Ú. hefur lýst sig andvíga þeirri fyrirætlun ríkisstj. að afnema þessa kostnaðarhlutdeild, sem fiskkaupendur greiða útvegsmönnum og ekki hefur komið til hlutaskipta. Um það voru eins og flest önnur mál eitthvað skiptar skoðanir. Sjútvrh. núv. er snjall maður í ræðuflutningi og hefur ákaflega mikla og góða eiginleika til að fá menn til þess að fallast á sitt mál, þegar hann er á þeim buxunum, og það var hann sannarlega, þegar þetta mál var á döfinni, því að hann talaði við nokkra útvegsmenn á svæðafundum útvegsmanna. Hann ætlaði sér nú að fara um landið allt, en hefur ekki lokið því ferðalagi enn þá, en honum tókst að sannfæra útvegsmenn um það, að með því að hækka fiskverðið svo verulega með þessum hætti, eins og hann og ég hafa lýst, væri hér um stórfellda kjarabót að ræða fyrir sjómenn og enga skerðingu á rekstraraðstöðu útgerðarinnar. En ég er hræddur um það, að sumir þeirra, sem þá létu sannfærast, verði orðnir sannfærðir á annan hátt, þegar liðið er á þetta haust, því að við auðvitað sjáum það og skiljum, að eftir því sem kaup og verðlag hækkar, hækka allir kostnaðarliðir útvegsins að sama skapi og rekstraraðstaða útgerðarinnar versnar. Þetta liggur mjög augljóslega fyrir. Og ég efast ekki um, að jafnglöggur og greindur maður og hæstv. sjútvrh. er í hjarta sínu mér algerlega sammála, þó að það henti honum ekki að viðurkenna það enn, af því að hann stóð fyrir þessum darradansi fyrir kosningarnar út af þessu máli. Og ég held líka, að hann sé mér sammála um það, að það hefði verið ólíkt hyggilegri leið að láta fiskverðið hækka um það, sem hagstæðari sala á erlendum markaði leyfði; þar ber ekkert á milli hjá okkur.

En hitt hefði verið ólíkt hyggilegra að grípa til þess að veita sjómannastéttinni meiri fríðindi í sambandi við álagningu tekjuskatts. Það er varhugavert og hættulegt að hafa áhrif á álagningu útsvara, hvað það snertir, vegna þess að það kemur svo ójafnt niður á sveitarfélögunum. Það kemur hart niður á mörgum, litlum sveitarfélögum, sem eru með tiltölulega fáa sjómenn, að hækka þessi fríðindi, því að það kippir grundvelli undan rekstri margra sjávarplássa, en hitt hefði verið auðvelt verk fyrir ríkisstj. og ríkið að auka skattfríðindi sjómanna án þess að ýta neitt undir það, að aðrar stéttir kæmu á eftir. Ég fyrir mitt leyti tel það ekki vera neitt áhorfsmál, að þeir, sem eru fjarri heimilum sínum vikum og mánuðum saman og geta ekkert gert heima hjá sér vegna starfa sinna, eigi að njóta þessara fríðinda umfram allar aðrar stéttir og þau fríðindi hefðu ekki farið inn í verðlagið; það hefði verið ólíkt skynsamlegra. Það hefðu ekki verið neinar „hundakúnstir“ að gera það, eins og þegar ríkisstj. ákvað að afnema söluskatt af smjöri og lækkaði svo niðurgreiðslur á smjörinu um það sama. Það kallar maður „hundakúnstir“. En þetta hefði verið sú leið, sem hefði verið skynsamlegt að fara, og þetta hefði vafalaust orðið niðurstaðan og orðið samkomulag um hana, ef ríkisstj. hefði ekki tekið ákvörðunina, áður en hún fór að hugsa, eins og hún hefur gert í svo mörgu öðru. Ef hún hefði rætt þessi mál við samtökin. (Gripið fram í.) Ég ætla nú að benda þessum hv. áheyranda á það, að það er alveg bannað að taka hér fram í og þá menn á bara að láta út af þingpöllum, sem geta ekki hlustað á ræður þm. Ég ætlaði að segja það, að það hefði verið ólíkt hyggilegra að fara þessa leið að veita þessi skattfríðindi. Þá hefði sjútvrh. staðið ólíkt betur að vígi, ef hann hefði leitað samstarfs við bæði útvegsmenn og sjómannasamtökin í þessu máli, en með því að taka þessa ákvörðun fyrir fram og flýta sér svo að gefa út þessi brbl.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég að geyma mér frekari umr. í þessu máli, þar til sjútvn. hefur skilað áliti um frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég er næstum undrandi á því, að hv. 2. þm. Vestf. skuli halda ræðu á þá lund, sem hann gerði hér nú. En svona er það. Menn geta stundum þurft að stíga nokkuð þungt til jarðar til þess að halda taktinum við hina, sem búnir eru að segja of mikið og miklu meira um þetta mál en þeir vita þó, að er rétt. Ég veit það, að hv. 2. þm. Vestf. á að vita miklu betur í þessu máli. Þegar hann ræðir hér um það, að í þessu tilfelli hefði ríkisstj. átt að láta sér nægja að veita sjómönnum nokkur fríðindi í skattamálum, þá veit hann það mætavel, að það gat ekki leyst þann vanda, sem við var að glíma vegna kjara sjómanna í landinu. Hann hlýtur að vita það, að í okkar stærstu verstöðvum hafði meiri hluti sjómannanna komið þannig frá borði á s. l. vertíð, að þeir yrðu að búa við lágmarkskauptryggingu, og það var vitanlega allsendis ófullnægjandi að bjóða þessum mönnum, sem þannig stóð á fyrir með tekjur, upp á það, að þeir skyldu fá nokkur skattfríðindi. Sannleikurinn er sá, að mikill hluti af þessum mönnum borgaði tiltölulega lítið í tekjuskatt, en við erum einmitt sammála um það, að það eru ekki tök á því nema með allmiklum öðrum tilfærslum að veita sérstaka ívilnun á útsvari vegna þess, hvernig það kemur út, m. a. fyrir útgerðarbæina í landinu.

Nei. Hér stóðum við frammi fyrir því, að sjómenn okkar höfðu mjög skertan hlut í kaupgjaldsmálum, og það var mjög farið að bera á því víða í verstöðvum landsins, að sjómenn gengu í land og leituðu annarrar vinnu, af því að þeir höfðu þar meira upp úr sér. Í einni stærstu verstöðinni í landinu sögðu útgerðarmenn beinlínis við mig, að það væri farið að bera á því, að þeir yrðu að yfirborga menn til þess að halda þeim hjá sér á bátunum. Hér var um það að ræða, að það þurfti að bæta launakjör sjómanna með einum eða öðrum hætti. Sú leið að ætla að gera það með auknum skattfrádrætti var allsendis ófullnægjandi. Ég álít fyrir mitt leyti, að það komi vel til mála enn að bæta kjör sjómanna eftir þeirri leið, af því að ég álít, að það hallist enn verulega á um launakjör sjómanna og margra annarra vinnandi stétta í landinu. Það er mín skoðun nú, að einn mesti vandinn, sem við eigum við að glíma, sé einmitt manneklan við sjóinn – sá mikli vandi að fá fólk til þess að starfa að undirstöðuframleiðslu okkar.

Og það er alveg furðulegt, þegar þm., sem er eins nákunnugur sjávarútvegsmálum og hv. 2. þm. Vestf., talar um það hér æ ofan í æ, að þessar ráðstafanir, þ. e. að hækka laun sjómanna um 18–19%, sem auðvitað nær þó ekki yfir alla sjómenn, hafi ýtt undir verðbólgu í landinu. Verðbólgan er ill. Menn standa á móti henni, og þess vegna hefði auðvitað þurft að standa á móti hækkun á launum sjómanna til þess að vera ekki með verðbólgunni. Hér er auðvitað um mestu fjarstæðu að ræða. Auðvitað þurfti það ekki að hafa nein sérstök áhrif almennt séð á verðlag hér í landinu, þó að launakjör sjómanna, sem höfðu greinilega dregizt aftur úr, væru bætt, og hefur ekki heldur gert það. Það vissu allir, sem eitthvað vildu vita í launa- og kjaramálum í landinu, að það höfðu orðið stórkostlegar launabreytingar í landinu áður hjá fjölmennum vinnustéttum, og það vissu einnig allir, að það stóð til, að fulltrúar verkamanna krefðust fyrir þeirra hönd verulegra launabóta til samræmis við það, sem orðið var í landinu. Þeir höfðu lausa samninga frá 1. okt., en sjómenn voru hins vegar yfirleitt samningsbundnir til áramóta. Það var því alls ekki þannig, eins og hv. þm. sagði hér, að ríkisstj. hefði hlaupið til að ástæðulausu, þar sem allir samningar hafi verið lausir. Sjómenn voru bundnir af samningum til næstu áramóta, og ef ekkert hefði verið gert, hefði sú óheillaþróun haldið hér áfram, að fleiri og fleiri sjómenn hefðu farið í land og leitað sér annarrar vinnu og framleiðslan í landinu hefði orðið minni. Og það var verið að koma í veg fyrir slíka óheillaþróun.

Ég vil líka segja það, að það bar að mínum dómi mjög vott um það, hve hv. þm. voru mislagðar hendur í þessum málflutningi sínum, þegar hann vék að því, að hann vildi gera tortryggilegar þessar launabætur til sjómanna, þar sem fiskverð er almennt hækkað, með því að segja: Hverjir fá aðallega þessa launahækkun? Það eru þeir, sem fiska mest. Það eru þeir, sem eru yfirmenn á skipunum, þeir fá auðvitað mest, en sjálfur boðar hann ákveðin skattfríðindi til sjómanna. Heldur hann kannske, að þeir yrðu aðnjótandi mestra skattfríðinda, sem hafa hæstu tekjurnar, eða heldur hann, að skattfríðindin mundu aðallega lenda hjá hinum, sem hafa lægstu tekjurnar? Nei, auðvitað er þessu ekki svona farið. Sannleikurinn er sá, að 18–19% hækkun á venjulegum aflahlut er umtalsverð launahækkun til sjómannastéttarinnar almennt séð. Það er auðvitað alveg rétt, að launakjörin eru byggð upp með þeim hætti, að hækki fiskverð, þá fá þeir mestan hlut, sem mest afla og eru ráðnir með þeim kjörum, að þeir eru með einfaldan hlut. En það lá vitanlega ekki fyrir, að ríkisstj. væri að hlutast til um neitt af slíku tagi.

Þegar hv. 2. þm. Vestf. víkur hér að l., sem hann sér mjög eftir, að gerð er breyting á, þessum margumtöluðu deiluákvæðum l. frá 1968, þá talar hann mikið um það, að þessi l. hafi verið alveg nauðsynleg, það hafi verið nauðsynlegt að hafa áhrif á hlutaskiptakjörin á þennan hátt vegna hinna miklu áfalla, sem við urðum fyrir á árunum 1967 og 1968. Mér dettur ekki til hugar að neita því, að þá stóðum við frammi fyrir miklum vanda. Það hef ég margendurtekið sem mína skoðun hér á Alþ. Við þurftum að sjálfsögðu að grípa þá til mjög róttækra ráðstafana. En ég hef bent á það og bendi á það enn, að þeir menn í landinu, sem þá urðu harðast úti vegna þess, að síldaraflinn brást, hvarf á stuttum tíma svo að segja alveg, voru þeir, sem tóku laun sín sem aflahlut, m. a. úr síldveiðiaflanum, sem hvarf. Þeir misstu svo miklar tekjur, að þær lækkuðu um meira en helming. Engin önnur launastétt í landinu varð fyrir slíku áfalli – engin. Það var því full ástæða til þess að gera þær efnahagsráðstafanir, sem þá voru gerðar, með þeim hætti, að það væri ekki verið að veitast að þessum mönnum sérstaklega, en það var gert með þessum ákvæðum alveg tvímælalaust. Og það er svo enn þá furðulegra, að þeir, sem rökstyðja sitt mál með því, að l. *frá 1968 hafi verið nauðsynleg vegna áfallanna, skuli* þráhalda í þessi ákvæði, þegar áföllin hafa gengið yfir og nýtt ástand hefur skapazt. Nei, í þessum efnum áttum við auðvitað að vera raunsæir. Við áttum tvímælalaust að hækka launahlut sjómanna. Það var þjóðinni allri nauðsynlegt, og þegar við gátum gert það með þeim hætti, að við þurftum ekki að gera hlut útgerðarinnar í landinu almennt séð verri en hann var, þá var sjálfsagt að velja þá leið, því að það er mín skoðun, að

það sé alveg grundvallaratriði að tryggja það, að sá atvinnurekstur, útgerðin í landinu, sem flest annað verður að byggja á að meira eða minna leyti, sé rekinn með þeim hætti, að reksturinn sé sæmilega tryggur. Ég held, að undan þeirri ráðstöfun að hækka laun sjómanna hafi ekki verið hægt að víkjast.

Ég neita því algerlega, að þessi hækkun á hlut sjómannanna sé einhver orsök til þess, að annað kaup í landinu kunni að verða hækkað. Hver er sá, sem heldur því fram, að laun verkamanna hefðu ekki hækkað eitthvað nú 1. okt., þó að fiskverðið hefði ekki hækkað neitt í sumar? Er virkilega einhver, sem býst við því, að hér hefði staðið óbreytt kaup hjá öllum þeim launastéttum, sem nú hafa sagt upp kaupgjaldssamningum sínum, eftir allt það, sem gerzt hafði almennt í launamálum í landinu? Ég held, að sá maður sé varla til. Nei, ég veit, að það, sem hér er á ferðinni, er þvermóðska nokkurra aðila, og því miður eru þeir í stjórn L. Í. Ú. og haldnir þeirri þrákelkni, að þeir segja: Þangað til allt keyrir um þverbak í stórátökum eins og þeir hafa þurft að standa frammi fyrir stundum, halda þeir í ákveðin atriði í kjarasamningum og eru jafnvel tilbúnir að fara út í löng verkföll að ástæðulausu til þess að deila um slík atriði. Það, sem ég tel, að skipti máli fyrir útgerðina í landinu, er að tryggja henni rekstrargrundvöll. Hún þarf að hafa ákveðna útkomu úr sínum rekstri. Það hefur verið séð um það, að sá rekstrargrundvöllur, sem hún samdi um sjálf og stjórnarmennirnir í L. Í. Ú. héldu fram, að væri nú betri en hann hefði nokkurn tíma áður verið, skyldi haldast óbreyttur, þó að laun sjómannanna væru hækkuð. Ef menn hefðu valið aðra leið og hækkað laun sjómannanna með einhverjum öðrum hætti, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að áfram hefði haldið gamla baráttumálið um það að breyta þessum lagaákvæðum, og ef þingið hefði ekki breytt þeim, hefði þeim ákvæðum verið breytt eftir langvinn og kostnaðarsöm verkföll. Það var ekki hyggilegt.

Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Vestf. minntist að sjálfsögðu á það, að stjórn L. Í. Ú. hefði haft þessa skoðun og reyndi að halda henni nokkuð fram við útvegsmenn. Það er rétt líka, sem hann minntist síðan á, að ég hefði farið á allmarga fundi og hefði ætlað að fara á fleiri. Það er alveg rétt. Mig langaði t. d. sérstaklega til þess að komast í hans kjördæmi, og ég á kannske eftir að gera það. Ég hef kannske dregið eitthvað af mér í þessum efnum, þegar ég fann það, að útvegsmenn voru, þegar farið var að ræða þessi mál við þá, allir á annarri skoðun en stjórn L. Í. Ú. Þeir voru nálega allir á annarri skoðun, þeir voru á sömu skoðun og ég og töldu, að þessi ráðstöfun væri rétt og hún væri þeim sjálfum gagnleg. Og undarlegt þykir mér það, ef hv. 2. þm. Vestf. hefði verið í mínum sporum og hefði ekki bara af raunhyggju gripið til sömu ráðstafana. En ég held, að hann ætti að láta sér þetta að kenningu verða og fara fremur í þessum efnum eftir sínu eigin hyggjuviti en elta þann áróður, sem flokkur hans og blað hafa uppi svona stundum að lítt athuguðu máli í málaflokkum, sem þeir þekkja miklu minna til en hann. Nei, það er alveg ábyggilegt, að af þeirri hækkun á fiskverðinu, sem ákveðin var í sumar, leiðir enga sérstaka verðbólgu hér á Íslandi. Hún miðar að því að tryggja okkur það vinnuafl, sem við þurftum að tryggja okkur.

Aðeins eitt atriði langar mig til, að komi hér fram að lokum í sambandi við Verðjöfnunarsjóðinn, sem mér sýndist á því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér, að okkur greindi ekki svo mikið á um. Þó virtist hann eitthvað efast um, að þessi ráðstöfun væri að öllu leyti rétt, og því vil ég geta þess, að samkvæmt útreikningum Efnahagsstofnunarinnar var gert ráð fyrir því í júní-mánuði í sumar, að til langsamlega stærstu deildarinnar, sem er í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, þ. e. hraðfrystideildarinnar rynnu samkvæmt þeim reglum, sem þá giltu, 391 millj. kr. á þessu ári til viðbótar því, sem til deildarinnar var komið áður. En vegna verðbreytinga, sem orðið höfðu fram að þeim tíma, sem þessar ráðstafanir voru gerðar, sem ég stóð að, taldi Efnahagsstofnunin, að sennilegra væri, að til hraðfrystideildarinnar rynnu ekki 391 millj. kr., heldur 520 millj. kr., og að loknum þeim ráðstöfunum, sem ég stóð að, að gerðar voru, taldi hún, að áfram mundu renna til þessarar deildar 326 millj. kr., en gamla áætlunin hafði verið upp á 391 millj. kr. Það er því alveg augljóst, að það er svo fjarri lagi, að hér hafi verið gerðar ráðstafanir, sem miðuðu að því að skerða þennan sjóð. Allt, sem komið var í sjóðinn, átti að vera í honum áfram, og miklar greiðslur áttu að halda áfram og halda enn áfram að renna í þennan sjóð. En það er rétt, að það voru gerðar ráðstafanir til þess, að framlagið til hans yrði ekki eins mikið og eldri reglur gerðu ráð fyrir, en þær eldri reglur miðuðu að því að halda niðri fiskverði hér á landi í algeru ósamræmi við það, sem var t. d. bæði í Bretlandi og Færeyjum, en þangað leituðu okkar bátar til þess að fá hærra verð.

Ég skal svo taka undir það með hv. 2. þm. Vestf., að það gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess að ræða þessi mál enn þá betur, þegar n. hefur fjallað um þau, en ég ítreka þá skoðun mína, að sú ráðstöfun, sem gerð var til þess að hækka launahlut sjómanna, var nauðsynleg, og ég álít, að það þurfi að gera viðbótarráðstafanir í ýmsum greinum til þess að bæta launakjör sjómanna. Mér var það ljóst, að þessar ráðstafanir náðu ekki til allra íslenzkra sjómanna. Þeir t. d., sem stunda veiðar á fjarlægum miðum og leggja afla sinn upp í Danmörku eða annars staðar, fengu hér enga kjarabót – enga, heldur aðeins hinir, sem leggja aflann upp hér heima. Í þeim miklu breytingum, sem hafa orðið á launamálum í landinu á undanförnu ári og alveg er fyrirsjáanlegt, að verða nú, þá tel ég, að það þurfi enn að endurskoða ýmislegt varðandi launakjör sjómanna, ef við ætlum að tryggja okkur það að hafa nægilega marga menn til þess að stunda sjávarútveg okkar og ef við ætlum okkur að fá full afköst í sjávarútvegi okkar. Það efast ég ekkert um, að um það atriði erum við a. m. k. fyllilega sammála, ég og hv. 2. þm. Vestf., að reyna að halda þannig á málinu, hvort sem við verðum fyllilega sammála um leiðir til þess að ná því marki eða ekki.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur lagt til, að þessu máli verði vísað til n., sem ég á sæti í, þ. e. sjútvn., og þarf ég þess vegna ekki við þessa 1. umr. að vera langorður um málið. Það kom fram bæði hjá hv. 2. þm. Vestf. og hæstv. sjútvrh., að ráðstafanirnar, sem gerðar voru 1968 til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, hefðu verið nauðsynlegar, þar sem aðstæður í þjóðfélaginu hefðu þá verið á þann veg, að hjá róttækum ráðstöfunum varð ekki komizt.

Það hefur alltaf frá fyrstu tíð verið nokkur ágreiningur um það ákvæði, þar sem tekin var viss upphæð og undanskilin skiptaverði til handa sjávarútveginum og kom ekki til skipta handa sjómönnum. Ég tel, að þetta hafi nokkuð háð alla tíð eðlilegum samskiptum sjómanna og þeirra, sem útveg reka. Og ég hef alltaf verið sannfærður um það, að þetta mundi hverfa með tímanum, enda er það reynslan, að þetta var lækkað í samningum um síðustu áramót, og ég er alveg sannfærður um það, að hvaða ríkisstj. sem nú hefði tekið við eftir kosningar hér s. l. sumar, hefði tekið þetta ákvæði út úr l. annaðhvort eftir samkomulagi milli fiskseljenda og fiskkaupenda eða þá með beinu lagaákvæði, þannig að ég tel og hef alltaf litið þannig á, að þetta ætti að fara út, þegar aðstæður breyttust þannig, að hægt væri að gera það með eðlilegum hætti. En það er eitt í sambandi við ráðstafanirnar 1968, sem hvorki kom fram hjá 2. þm. Vestf. né hæstv. sjútvrh., en var þá grundvallaratriði, og ég ætla, að öllum þm. hafi verið það ljóst, að ef ráðstafanirnar hefðu ekki verið settar fram á þann veg, sem gert var, bæði með þessu ákvæði, sem ég hef hér minnzt á, og öðrum fleiri, þá hefði gengisbreytingin orðið að vera allmiklu hærri en hún þó var, og það hefði ekki verið til hagsbóta, hvorki fyrir sjómenn né þjóðfélagið í heild. Það var farið eins varlega í þá gengisbreytingu, þó að hún væri nokkuð há, og unnt var og áhrif hennar milduð með þeim hliðarráðstöfunum, sem þá voru gerðar.

Það var auðvitað að sjálfsögðu mjög skemmtilegt fyrir hæstv. núv. sjútvrh. að hafa aðstæður til þess að gera þær ráðstafanir, sem hann gerði. En hann hafði aðstöðu til þess eingöngu vegna þeirrar lagasetningar, sem sett var 1968, og síðan vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru með l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þetta fór, sem betur fer, allt nokkuð á annan og betri veg en menn þó þorðu að vona á þeim tíma. Verðjöfnunarsjóðurinn var orðinn fjársterkur. Það var þegar farið að grípa til hans til þess að breyta hlutaskiptunum í samningunum – um síðustu áramót var hlutfallið lækkað um 6%, en þrátt fyrir það var fyrirsjáanlegt, eins og hér hefur komið fram, að þarna var um mjög fjársterkan sjóð að ræða. Það, sem einfaldlega gerist með brbl., er það, að hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. á þarna aðgang að fjármagni, sem er bein eign fiskvinnslunnar, útgerðarmanna og sjómanna. Ríkisstj. færir þarna á milli úr þessum sjóði, sem á að standa á bankabók í Seðlabankanum, yfir til þessara aðila aftur, en eftir öðrum reglum en áður hafði verið gert. Um þetta má kannske deila; ég segi það ekki. En ég segi bara fyrir mitt leyti, að ég er sannfærður um það, að þetta ákvæði hefði horfið úr þessum lögum, hvaða ríkisstj. sem hefði tekið við, annaðhvort með beinum samningum á milli þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli, eða þá á annan hátt.

Vegna þess að hv. 2. þm. Vestf. lét að því liggja, að hæstv. sjútvrh. hefði farið um landið og blekkt útgerðarmenn, og vegna þess að samkv. því virtist ekki vera samræmi í skoðunum útvegsmanna og stjórnar L. Í. Ú., þá vil ég taka fram, að ég sat á einum þessara funda, sem hæstv. ráðh. hélt í Vestmannaeyjum. Ég held, að útgerðarmenn bæði í Vestmannaeyjum og annars staðar þekki orðið vel hæstv. sjútvrh. Hann hefur lengi haft afskipti af þessum málum, og ég held, að þeir taki hann alveg með sæmilegri varúð. Þeir gera sér fulla grein fyrir hlutunum burtséð frá því, hvernig hann reynir að túlka málin. Þeir þekkja þessi mál ekkert síður en hann og eru að mínum dómi alveg dómbærir um það að taka afstöðu í þeim málum, hvort sem núv. hæstv. sjútvrh. líkar það betur eða verr.

En það er eitt í þessum málum, sem við skulum gera okkur alveg fulla grein fyrir og þeir menn vita, bæði ég og aðrir, sem í útgerð standa, að erfiðleikar eru fram undan þrátt fyrir þær miklu hækkanir, sem orðið hafa á kjörum sjómanna á þessu ári, því að það er um verulegar hækkanir að ræða, það held ég, að öllum sé ljóst. Fyrst hækka laun sjómanna um síðustu áramót, ef ég man rétt, um 25%, síðar á árinu um 5–10% og svo með þessum brbl. aftur um 18–19%. Þetta er veruleg hækkun til einnar stéttar á einu ári, og ég tel það vel, að þessi hækkun skuli hafa orðið. En þrátt fyrir þetta stöndum við frammi fyrir þeim vanda – og ég hygg, að það séu flestir útgerðarmenn sammála um það – að það hefur kannske aldrei verið erfiðara að fá sjómenn á bátaflotann til fiskveiða en kannske einmitt nú. Þetta er mikið vandamál, sem þarf að ráða fram úr, og getur vel komið til afskipta hv. Alþ. í því efni að leggja þar eitthvað til málanna, þannig að úr þessu verði bætt. Hv. 2. þm. Vestf. benti hér réttilega á eina leið, sem ég hygg, að muni verða nokkurs – kannske verulega – metin af hendi sjómanna, en það er, ef horfið væri að sérstökum auknum skattfríðindum umfram það, sem nú er. Það er alveg rétt, sem hér kom fram. Það kemur kannske ekki öllum að sama gagni, en við verðum að treysta því, að fiskverð verði þannig og aflabrögð verði þannig, að það verði ekki almennt um kauptryggingu að ræða, heldur verði um að ræða aflahlut, og ef það er, þá koma bein skattfríðindi mjög að gagni öllum, sem fiskveiðar stunda. Mér þótti vænt um, að hæstv. sjútvrh. tók þó ekki af skarið með það, að hann teldi ekki þá leið færa, heldur taldi hana mjög athyglisverða, og er þess að vænta, að þetta atriði verði tekið til sérstakrar athugunar á yfirstandandi þingi.

En ég fór aðallega í ræðustólinn til þess að undirstrika það, að mér er kunnugt um það, að það eru skiptar skoðanir hjá útgerðarmönnum um landið, hvort þessar ráðstafanir, sem gerðar voru, hafi verið eðlilegar og réttmætar eða hvort breyting á aðstöðu sjómanna hefði átt að gerast eftir öðrum leiðum, og þar eru ekki allir sammála stjórn L. Í. Ú.

Ég skal svo við þessa 1. umr. ekki fjölyrða frekar um málið. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að þessu máli er vísað til n., sem ég á sæti í, og fæ ég þar aðstöðu til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, þegar n. tekur það fyrir og skilar áliti.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en vil aðeins segja út af ræðu hæstv. sjútvrh., að það er alveg rétt hjá honum, að við erum auðvitað um margt algerlega sammála. Við erum einnig sammála um það, að þó að einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar, sé alltaf eðlilegt, að þær séu endurskoðaðar og metnar, þ. e. hvort þær eigi að vera óbreyttar eða falla niður. En það, sem ég lít hvað alvarlegustum augum, er, að þegar útgerðin fékk þessi hlunnindi, sem við getum kallað svo, eftir gengisbreytinguna, og næst var samið við sjómenn – þá auðvitað á

þeim grundvelli og með það í huga, að þetta höfðu útgerðarmenn fengið – þá var auðvitað gengið til móts við sjómenn á ýmsan annan hátt, ekki beint með hækkun á kaupi eða aflahlut eins og með lífeyrissjóðunum og öðru fleira, sem var mjög sjálfsögð og eðlileg leið, heldur var það einnig með hluta af fæði og annað þess háttar. Það, sem núna skiptir höfuðmáli, er það, að við erum alveg sammála um það, að við viljum hækka kaup og tekjur sjómannsins eða réttara sagt kaupmátt sjómannsins, og teljum, að það hafi verið tröppugangur á því í landinu. Ég skal fúslega játa það, að ég hef oft verið óánægður með það, sérstaklega eftir að tekið var upp viðast hvar bónuskerfi í frystihúsunum og störfin þar orðin langstærsti þátturinn í vinnslu sjávarafurða, að á vissum tímum var launabilið á milli sjómanna og þeirra, sem nutu þessa bónuskerfis í landi, orðið sjómönnum óhagstætt, sem er mjög óeðlilegt, því að þjóðfélag, sem byggir jafnmikið á sjávarútvegi og við, verður auðvitað að viðurkenna sérstöðu þessarar stéttar og sjá til þess, að hún beri meira úr býtum en þeir, sem í landi eru, undir flestum kringumstæðum til þess að laða menn til að stunda þessa atvinnu og til þess að tryggja eðlilegan rekstur sjávarútvegsins og bátanna.

Sjútvrh. sagði, að með hækkun fiskverðsins hefði ekki náðst til síldveiðiskipanna. En það hefði, að mér skildist á honum, verið komið að verulegu leyti í veg fyrir siglingar innlendra fiskiskipa með ísvarinn fisk á erlendan markað, en þessar siglingar standa nú með miklum blóma þrátt fyrir fiskverðshækkunina. Það er auðvitað óvenjuhátt verð á fiski í Bretlandi um þessar mundir, og þrátt fyrir fiskverðshækkunina siglir nú fjöldi íslenzkra fiskiskipa með afla sinn á brezkan markað.

Ráðh. sagði, að það hefði auðvitað legið á að hækka fiskverðið. Það lá auðvitað fyrir að hækka fiskverðið, þó að hækkunin yrði ekki í þessu formi, og það hefur legið á að gera það vegna þess, að menn voru að fara í land. Hann lýsti líka yfir, hve stór hluti flotans hefði ekki náð kauptryggingu á s. l. vetri. Hvers nutu þeir sjómenn með þessum ráðstöfunum hæstv. ráðh., ef þeir ekki höfðu náð kauptryggingu? Þeir, sem helzt þurftu á því að halda, nutu ekki nema kauptryggingar, þ. e. þeir, sem ekki hafa náð kauptryggingu eða a. m. k. ekki farið upp fyrir hana. Þeir hafa ekki fengið neitt, og það má segja, að þeir, sem voru rétt innan við markið, hafi kannske helzt náð markinu, en það eru enn þá margir, sem hafa ekki náð því. Það var ekki séð fyrir því. En hverjir njóta fyrst og fremst þessarar fiskverðshækkunar? Ráðh. sagði: Ég er sammála því, að þeir sjómenn, sem hæstar tekjur hafa og afla mest, fá auðvitað mest af þessum hækkunum. En hverjir fá svo líka stóran hluta af hækkununum? Ríkið og sveitarfélögin, sem taka yfirleitt af þessum mönnum, sem eru svona ofarlega í þrepum skattstigans, um 53% af þessari hækkun. Það var verið að velta þessu inn í verðlagið, og það var þetta, sem ég var að gagnrýna, en ekki það, að sjómennirnir fengju þessa hækkun. Ég tel, að það hefði verið miklu skynsamlegri leið að láta þetta ganga beint til þeirra manna, sem áttu að fá þessar úrbætur. – Það hefði komið þeim miklu betur, en okkur greinir á um það.

Við vitum það, að það eru margvíslegar hækkanir í þjóðfélaginu og hækkanir eru líka miklar vegna þess, að það er mikil spenna í þjóðfélaginu. Það var hægt að ráða við ýmsa útgjaldaliði atvinnuveganna, t. d. sjávarútvegsins, á meðan ekki var spenna í þjóðfélaginu. Það var hægt að fá tilboð í viðgerðir skipa, smærri viðgerðir og annað. Það er eiginlega að verða útilokað aftur nú, því að það bíða hundruð verkefna á hverjum stað, og nú er komið í sama farið og var fyrir 7–8 árum, að við ráðum ekki við þessa spennu. Hún er það mikil. Þetta hefur í för með sér geigvænlega hækkun rekstrarkostnaðar fyrir jafnmikil framleiðslutæki og bátarnir eru og fiskiðnaðurinn í landinu yfirleitt. Þetta hefur í för með sér, að rekstraraðstaða þessara atvinnutækja fer versnandi, og það stenzt engan veginn, sem hæstv. ráðh. fullyrti í sumar, rétt eftir að hann varð ráðh. og gaf þessi brbl. út, að rekstraraðstaða útgerðarinnar breyttist ekkert við þessa breytingu, sem gerð var með þessum brbl. Það er engan veginn rétt, og það munu þeir, sem honum tókst að sannfæra í sumar, verða jafnsannfærðir um og ég er í dag, að er ekki fyrir hendi. Það, sem er alvarlegast á hverjum tíma, ef atvinnufyrirtækin í landinu eru rekin með halla, er, að launþegarnir, hvorki sjómenn né verkamenn í landi, iðnaðarmenn eða aðrir, njóta ekki þess öryggis, sem þeir þurfa að njóta. Það er sameiginleg krafa, og það er sameiginlegt áhugamál allra landsins barna, að atvinnutækin séu rekin hallalaust og atvinnureksturinn sé öruggur. Það er langöruggasta leiðin fyrir launþega til þess að geta byggt á þessum atvinnutækjum og geta lifað góðu lífi. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. skilur mætavel. En það er bara þetta, sem hefur verið gengið fram hjá. Það hefur verið með þessu gengið hættulega mikið á hlut útgerðarinnar bæði af þessum ástæðum og eins hinum, sem ég nefndi hér áðan. Það hafa orðið óviðráðanlegar hækkanir á ýmsum rekstrarliðum útvegsins. Fram undan eru svo nýir kjarasamningar.

Mér fannst nú ástæðulaus kveðjan, sem hæstv. ráðh. sendi einstökum stjórnarmönnum í L. Í. Ú. Mér fannst hún svona heldur kuldaleg, því að þó að stjórnarmeðlimir í þeim samtökum séu ekki hæstv. ráðh. sammála um allt, þá eru þeir þó sammála honum um flest atriði miklu oftar en ekki, enda hlýtur það að fara saman að vinna að hagsmunamálum sjávarútvegsins, hvort sem menn gera það á vegum hagsmunasamtaka, stjórnar L. Í. Ú. eða sem sjútvrh. Það er því ekki ástæða til, finnst mér, að senda svona heldur kaldar og skítlegar kveðjur, eins og hæstv. ráðh. varð á hér áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Nd., 21. og 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 3, n. 586, 228).

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut vegna breytts fiskverðs. Þetta er 3. mál Nd., og þar eru prentuð sem fskj. brbl., sem gefin voru út s. l. sumar, 21. júlí. Þetta

frv. hefur verið margrætt á fundum sjútvn. og er loksins að koma nú til afgreiðslu. Við sendum það til umsagnar fleiri aðilum, en fengum aðeins svar frá tveimur, frá Fiskveiðasjóði og L. Í. Ú. Ég ætla aðeins í nokkrum orðum að geta umsagna þessara aðila og lesa þá upp úr þeim, með leyfi forseta.

Í umsögn Fiskveiðasjóðs segir: „Um frumvarpið sjálft teljum vér ekki ástæðu til að fjölyrða, þar sem það snertir á engan hátt Fiskveiðasjóð. Öðru máli gegnir um breytingartillögu við frumvarpið á þingskjali 228, þar sem svo er fyrir mælt að lækka skuli greiðslu til Stofnfjársjóðs fiskiskipa af þeim afla, sem landað er í erlendri höfn úr 16% af brúttósöluverðmæti í 10%."

Ég ætla ekki að lesa meira af þessari umsögn, þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. 10. þm. Reykv. segi eitthvað um þetta atriði, en lesa, með leyfi forseta, úr umsögn L. Í. Ú. Þar segir m. a.:

„Fundur stjórnar L. Í. Ú., varastjórnar og formanna útvegsmannafélaga innan L. Í. Ú., lýsir sig andvígan þeirri fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að afnema kostnaðarhlutdeild þá, sem fiskkaupendur greiða útvegsmönnum og ekki kemur til hlutaskipta. Greiðslur þessar eru bætur fyrir kostnaðarhækkun, sem varð vegna gengisbreytingarinnar 1968, og er hluti af rekstrargrundvelli sjávarútvegsins og hluti af lagagrundvelli rekstrar hans. Voru þær óhjákvæmilegur þáttur í að styrkja rekstraraðstöðu útgerðarinnar og réðu úrslitum um, að það tókst að rétta við hag hennar eftir áföllin 1967 og 1968."

Síðan segir síðar í umsögninni: „Þessa samþykkt ber að skoða sem umsögn vora um fyrrgreint frv. Oss er ljóst, að vegna ákvæðis til bráðabirgða í fyrrgreindum bráðabirgðalögum, hefur verið ákveðið fiskverð þar sem tekið hefur verið tillit til efnis laganna og gerðir hafa verið kjarasamningar er grundvallast á efni þeirra, kemur vart annað til greina en umrætt frv. verði samþykkt."

Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um þetta, en lesa það, sem stendur hér í nál.: „Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt." Vil ég einnig láta þess getið, að Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það lá ekki fyrir hér á Alþ. – og reyndar þótt víðar væri leitað – sú staðreynd, að við undirritun nýrra kjarasamninga milli útvegsmanna og sjómanna 31. des. s. l. var undirrituð yfirlýsing, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samninganefnd L. Í. Ú. hefur fallizt á að draga til baka till. sína um, að frádráttur frá brúttósöluverði afla, sem seldur er erlendis, verði aukinn í 25%, þegar seld er síld, og í 30%, þegar seldur er ísfiskur, gegn því, að ekki verði felld niður ákvæði um 16% framlag í Stofnfjársjóð. Samninganefnd Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er kunnugt um þetta skilyrði samninganefndar L. Í. Ú. fyrir samþykkt á samkomulaginu um nýja kjarasamninga. Sjútvrh. er einnig kunnugt um þessi skilyrði."

Undir þetta rituðu fulltrúar samninganefndar þessara tveggja sambanda stéttarfélaga ásamt formanni L. Í. Ú. og hæstv. sjútvrh., sem tók þátt í síðustu átökum þessara samninga. Þar sem hér er um bæði beint og óbeint samkomulag að ræða, þá hef ég ákveðið að draga þessa brtt. mína til baka, enda óskað eftir því af sumum þeim aðilum, sem undir þetta samkomulag skrifuðu. Brtt. mín á þskj. 228 er því dregin til baka.

ATKVGR.
Brtt. 228 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 832).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er staðfesting á brbl., sem út voru gefin 21. júlí s. l. Í l. nr. 79 frá 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, er m. a. gert ráð fyrir í 3. gr. l., að áður en aflaverðmæti sé skipt, skuli 11% af brúttósöluandvirði aflans dragast frá og ganga til útgerðaraðila sem hlutdeild í útgerðarkostnaði. Efni brbl. er um, að þessi kostnaðarhlutdeild falli niður og kaup sjómanna hækki um um það bil 18–19% með þessari ráðstöfun og öðrum – á aðaltegundum fiskaflans, en Verðlagsráð skyldi taka til nánari ákvörðunar lágmarksverð annarra fisktegunda.

Frv. þetta var afgr. shlj. úr Nd., og sjútvn. þessarar hv. d. leggur shlj. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 899).

50. Getraunir.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um getraunir [251. mál] (stjfrv., A. 548).

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ætíð ber það við svona tvisvar til þrisvar á ári, að upp skýtur í heimsfréttunum fregnum af því, að fólk í nálægum löndum hafi með skjótum hætti komizt í tölu milljónara og þá gjarnan þeir, sem ólíklegastir mættu þykja til þess að verða auðkýfingar. Þessar fregnir herma frá því, að strætisvagnastjóri í Birmingham eða ellilífeyrisþegi í Örebro í Svíþjóð eða einhver hreppakerling á Írlandi hafi unnið í knattspyrnugetraunum upphæðir, sem nema jafnvel 1–2 millj. sterlingspunda, sem sé hundruðum millj. ísl. kr. Sú gífurlega fjáröflun, sem býr að baki þessum ævintýralegu happdrættisvinningum, er til komin með þeim hætti, að fjöldi fólks um allar jarðir greiðir tiltölulega litlar fjárhæðir fyrir réttinn til að geta sér til á þar til gerðum eyðublöðum um úrslit íþróttaleikja, fyrst og fremst knattspyrnuleikja.

Þessi starfsemi hófst í Bretlandi sem einkaframtak og er það enn. Það eru mjög fjársterk einkafyrirtæki, sem að þessu standa. Fyrir alllöngu kom upp sú hugmynd hjá ýmsum aðilum á Norðurlöndum að virkja þessa happdrættisleið til tekna fyrir íþróttahreyfinguna og einnig aðra menningarstarfsemi, og þær hugmyndir bárust hingað til lands um 1940, þegar verið var að setja íþróttalög. Því var þar tekið inn ákvæði, sem gerði ráð fyrir getraunastarfsemi, og var þó ekki eins nákvæmlega orðað og ákjósanlegt hefði verið, vegna þess að mönnum var ekki nákvæmlega ljóst, hvernig þessi starfsemi fer fram. En þrátt fyrir þetta ákvæði varð töluverð bið á því, að hér á landi væru teknar upp íþróttagetraunir. Það var ekki fyrr en 1951, að íþróttanefnd ríkisins tók málið upp og gerði gangskör að því að kynna sér til hlítar íþróttagetraunastarfsemina á öðrum Norðurlöndum. Sú kynning, sem þá átti sér stað, varð til þess, að hleypt var af stokkunum árið 1952 félagi, sem nefndist Íslenzkar Getraunir og starfaði fram til 1956, en með hverfandi litlum árangri, og var loks gert upp með halla, þegar sýnt þótti, að þessi starfsemi gæti ekki blessazt.

Síðan liðu nokkur ár þannig, að engin getraunastarfsemi fór hér fram. Að vísu áttu sér stað viðræður, bæði við enska einkaaðila og norsku getraunastarfsemina, um að þessi fyrirtæki önnuðust getraunastarfsemi hér í umboði íslenzku íþróttahreyfingarinnar, en góðu heilli, vil ég segja, varð ekkert úr þeim bollaleggingum – góðu heilli, vegna þess að nú var þess skammt að bíða, að getraunastarfsemin væri tekin upp á ný og þá af þeim aðilum, sem höfðu lag á að koma henni á rekspöl og gera hana að fjárhagslegri máttarstoð fyrir íþróttahreyfinguna svo sem ætlunin hafði verið frá upphafi. Það voru í fyrstu knattspyrnufélögin Þróttur og Víkingur frá Reykjavík, sem riðu á vaðið haustið 1968 og höfðu þá aðeins innanfélagsgetraunir, en Knattspyrnufélag Reykjavíkur fylgdi á eftir og tók upp getraunarekstur á opnum markaði. Þegar þessi starfsemi félaganna var komin á nokkurn rekspöl, varð það að ráði hjá forustumönnum íþróttahreyfingarinnar á öndverðu ári 1969 að koma á getraunastarfsemi á ný á landsmælikvarða, og þá var ákveðið að breiða út þá starfshætti, sem reynzt höfðu hjá félögunum í Reykjavík líklegir til að bera góðan árangur. Sem sé, íþróttafélögin og héraðssamböndin fengu söluumboð fyrir getraunirnar, og félagar í íþróttahreyfingunni önnuðust sölustarfið að verulegu leyti af íþróttaáhuga og í sjálfboðavinnu.

Ég fer ekki að rekja hér þá sögu, sem síðan hefur gerzt, en niðurstaðan af þessari starfsemi er sú, að á 101 söluviku, sem liðin var um síðustu áramót frá því, að þetta fyrirkomulag var tekið upp, höfðu selzt um 2 790 354 getraunaseðlar og það sem af er þessa árs hefur salan enn farið vaxandi. Af þessari sölu hafa íþróttafélög haft tekjur, sem nema 17.4 millj. kr., héraðssamböndin 2 millj. kr., Knattspyrnusamband Íslands 1 millj. kr., Íþróttasamband Íslands 4.2 millj. kr. og Ungmennafélag Íslands 906 þús. kr. á þessum tíma. Og þessar tölur leiða glöggt í ljós, hvílík máttarstoð getraunirnar eru orðnar undir starfsemi íslenzkrar íþróttahreyfingar.

Eins og ég gat um áðan, var lagagrundvöllur undir getraunastarfseminni ekki eins traustur og skyldi í öndverðu, og nú, þegar komið er á daginn, hversu umfangsmikil starfsemin er orðin og hversu miklum fjármunum þarna er velt, er öllum aðilum ljóst, að full ástæða er til að treysta þennan lagagrundvöll, og það er höfuðmarkmið þess frv., sem hér er lagt fram. Segja má, að undirbúningur að þessari lagasetningu hafi hafizt þegar á árinu 1970, þegar rætt var um heildarendurskoðun l. um tekjuöflun til Íþróttasjóðs. Það verkefni út af fyrir sig hefur dregizt á langinn, en þegar samningurinn um getraunir var endurnýjaður á síðasta ári, var ákveðið, að leggja skyldi kapp á að koma fram nýjum l. um getraunir, áður en sá samningur á að renna út á miðju þessu ári. Íþróttanefnd ríkisins var falið að beita sér fyrir þessu verkefni, og það hefur hún gert í samráði við forustumenn samtaka íþróttafélaganna, menn frá Ungmennafélagi Íslands, frá Íþróttasambandi Íslands, frá Knattspyrnusambandi Íslands, frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur og auk þess frá stjórn Íslenzkra Getrauna, sem hefur mesta reynslu af þessum starfsvettvangi.

Það frv., sem hér er lagt fram, er einróma niðurstaða af starfi þessara aðila, sem öllum hnútum eru kunnugastir. Þar er, eins og ég hef tekið fram, ákveðið að byggja áfram á þeim grundvelli, sem reynzt hefur traustur og vænlegur til árangurs – á þegnskaparstarfi félaganna í ungmenna- og íþróttafélögunum. Það er ákveðið, að ungmennafélög, íþróttafélög og íþróttasambönd skuli hafa fortakslausan forgangsrétt til að selja getraunaseðlana í umboði Getrauna, og jafnframt er ákveðið, að frá öllum slíkum umboðum skuli gengið

með formlegum samningi. Jafnframt er ákveðið, að félag það, sem stofnað verði til að sjá um getraunareksturinn, fái einkaleyfi til slíkrar starfsemi, og enn fremur er lagt til, að því verði veitt einkaleyfi til að reka talnagetraunir svonefndar, sem ekki hafa verið reyndar hér á landi, en ryðja sér nú nokkuð til rúms í ýmsum nágrannalöndum. Hins vegar er í 11. gr. l. ákvæði um, að óheimilt sé að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppnirnar sjálfar. Hvað varðar skiptingu teknanna af getraunastarfseminni, er sú eina breyting gerð frá ríkjandi skiptingu, að gert er ráð fyrir, að til Íþróttasjóðs ríkisins renni 10% af hagnaði, og dregst sá skerfur frá hluta Íþróttasambands Íslands, sem verður samkv. lögunum 70%, en hefur verið 80%. Til Ungmennafélags Íslands skulu renna 20% af hagnaðinum, svo sem verið hefur. Sérstök greiðsla er ákveðin til Knattspyrnusambands Íslands, þar sem það eru knattspyrnuleikir, sem eru undirstaða getraunastarfseminnar. Er gert ráð fyrir, að sá háttur sé óbreyttur frá því, sem verið hefur. En það er nýmæli, að til stjórnar héraðssambands skuli renna 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði – þeirri sölu, sem einstök íþróttafélög kunna að annast, enda á héraðssamband að staðfesta virka félagslega aðild umboðsaðila að þeim samtökum.

Ég mun ekki, herra forseti, hafa miklu fleiri orð um þetta mál, en vil að síðustu ítreka, að hér er um svo umfangsmikla starfsemi að ræða og velt það miklum fjármunum, að ég hygg, að allir geti verið á einu máli um, að þörf er að leggja að þessari starfsemi sem traustastan lagagrundvöll, og ég veit, að allir, sem við getraunastarfsemina fást og við íþróttastarfsemi fást og ég hef haft tal af, eru þess mjög hvetjandi, að Alþ. sjái sér fært að lögfesta á þessu þingi ákvæði um getraunastarfsemina, sem orðið geti til frambúðar.

Að svo mæltu vil ég leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vildi ekki láta þessa umr. fara fram öðruvísi en kveðja mér hljóðs og lýsa yfir ánægju minni yfir, að þetta frv. er komið fram. Eins og hæstv. ráðh. getur um, þá er hér lagður traustur lagagrundvöllur að starfi, sem unnið hefur verið nú um nokkurt skeið – starf, sem hefur verið ómetanlegt fyrir íþróttahreyfinguna, og ef þetta frv. verður að l., sem ég vænti fastlega, þá er hér um merk tímamót að ræða fyrir þessa starfsemi, sem rekin er af hinni frjálsu íþróttahreyfingu.

Eins og fram kemur í grg. og tekið var fram af hæstv. ráðh., þá hafa verið gerðar hér tilraunir áður með getraunastarfsemi, en þær tilraunir fóru út um þúfur, vegna þess að þar var allt kerfið of viðamikið, of þungt í vöfum, náði ekki til almennings og höfðaði ekki til sjálfboðaliðsvinnu, sem er undirstaða allrar frjálsrar starfsemi á þessum vettvangi eins og reyndar víða annars staðar. Á árinu 1968 voru hins vegar hafnar að nýju tilraunir með getraunastarfsemi af hálfu einstakra félaga, og var sú starfsemi byggð upp nær eingöngu af sjálfboðaliðsstarfi félagsmanna hjá viðkomandi íþróttafélögum. Á örskömmum tíma eða nokkrum mánuðum var sala getraunaseðla komin upp í 2500, en þá held ég, að engan hafi órað fyrir, að þarna var verið að velta af stað víðtæku starfi, sem nú, eins og segir í grg., gefur af sér millj. kr., og alls er þann 1. jan. 1972 um að ræða heildarsölu að upphæð 70 millj. kr. Af þessum 70 millj. kr. höfðu þá komið 17.4 millj. kr. í hlut félaganna sjálfra. Þegar þarna var orðið um svo mikið fjárhagsmál og hagsmunamál að ræða fyrir íþróttahreyfinguna, þá var eðlilegt, að upp vöknuðu spurningar um, hvort um rétta skiptingu hagnaðarins væri að ræða, og þá sýndist sitt hverjum, þar sem ýmsir aðilar vildu fá stærri hluta af kökunni en upphaflega var gert ráð fyrir. Í þessu frv. er hins vegar haldið þeirri skiptingu, sem á þessu hefur verið í meginatriðum frá upphafi, og fagna ég því mjög, að samkomulag hefur náðst um það og rn. hefur séð sér fært að leggja fram till. óbreyttar.

Þetta starf er, eins og ég segi, byggt upp af sjálfboðaliðum og áhugasömum félagsmönnum og stendur og fellur með því starfi, sem unnið er hjá hinum einstöku íþróttafélögum af hinum óbreyttu liðsmönnum íþróttafélaganna, og því er eðlilegt, að hagnaður af því starfi og ávinningur falli til þessara sömu manna í aðalatriðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vildi aðeins láta í ljósi ánægju mína með, að það skuli vera komið fram, og vonast til, að það náist að samþykkja það á þessu þingi. Ég vildi undirstrika, að nú á seinni tímum, þegar þjóðfélagið hefur vaxandi áhyggjur af ungu fólki og iðju þess í einu og öðru, þá held ég, að íþróttahreyfingin og íþróttastarfið sé sá vettvangur, sem ætti að beina æskufólki inn á í ríkara mæli, því að þar er unnið mjög hollt og heilbrigt starf.

Því er ekki að neita hins vegar, að það starf hinna fórnfúsu og áhugasömu einstaklinga, sem hafa verið í forystu, hefur of mikið verið í þeim tilgangi að afla fjár og oft og einatt hefur starfið reyndar nánast eingöngu verið betl eða sníkjur til að afla fjár til nauðsynlegrar íþróttastarfsemi. Með lögfestingu á getraunastarfseminni og eflingu hennar er fundinn mjög veigamikill þáttur til þess að afla fjár til íþróttastarfseminnar, þannig að starf þeirra fjölmörgu áhugasömu og ágætu manna, sem starfa á þessum vettvangi, ætti að geta beinzt í ríkari mæli að félagsstarfinu sjálfu, að því að hlúa að því unga fólki, sem þar starfar og efla með því félagsþroska og siðferði almennt. Það er spor í rétta átt. Að þessu stuðlar þetta frv., og ég lýsi ánægju minni með þá þróun.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera komið hér fram, og vona það, að okkur takist á þessu þ. að afgreiða þetta frv. En ég hef ekki haft mikinn tíma til að skoða þetta. Þó er eitt atriði í þessu frv., sem ég vil vekja athygli á og er að velta fyrir mér, hvort ekki þurfi að athuga um breytingu á, og það er í sambandi við það, hvernig hagnaðinum skuli skipt á milli sambandanna. Það kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., að þessir aðilar, sem eiga að fá þann hagnað, sem verður af getraunastarfseminni, hafi fjallað um þetta mál, og kannske mætti ætla, að það hafi orðið samkomulag um þetta. Þó hef ég orðið mjög var við það, að Ungmennafélag Íslands og ýmis sambönd þess telja, að þeirra hlutur sé ekki eðlilegur í sambandi við það fjármagn, sem hefur komið með þessum hætti til þessarar starfsemi í landinu. Ég held, að ég fari rétt með það, að Íþróttasamband Ís-

lands hafi dálitlar tekjur af sölu vindlinga, en ég held t. d., að Ungmennafélagið – það verður þá leiðrétt, ef ég fer rangt með – hafi engan hlut af þeim tekjum, og mig minnir, að ég hafi séð það einhvers staðar, að þessar tekjur muni nema töluvert mikið á þriðju milljón kr. Ég vil minna á það, að í Ungmennafélaginu eru liðlega 14 þús. meðlimir. Ég skal ekki segja, hversu margir meðlimir eru í Íþróttasambandi Íslands eða hvernig það er talið, en ég vil ætla, að þetta hlutfall sé fjarri lagi, þ. e. að Ungmennafélag Íslands fái aðeins 20% eða 2/9 hluta af þeim hagnaði, sem getraunirnar kunna að gefa af sér og hafa gefið af sér, og hins vegar ekkert – ef það er rétt – af því fjármagni, sem vindlingasalan gefur af sér; það er fjarri lagi, að þetta sé réttlát skipting.

Ég þekki það mjög vel úr mínum heimabyggðum, hvað starfsemi ungmennafélaganna er mikils virði fyrir byggðarlögin, og ég vil því beina því til hv. menntmn., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún athugi mjög vel, hvort þessi skipting á fjármagninu sé réttlát miðað við þá starfsemi, sem liggur þarna á bak við. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ef til vill ræði ég þetta frekar við 2. umr. og áskil mér rétt til að koma með brtt., ef hv. menntmn. sér sér ekki fært að standa að brtt. um þessa skiptingu, því að ég trúi því ekki, að þetta geti talizt réttlátt. Jafnvel þótt Ungmennafélag Íslands hafi af einhverjum ástæðum, t. d. til þess að ná samkomulagi – ég veit þetta ekki nógu vel – samþykkt þessi hlutföll, er ég á því, að þetta sé ekki réttlátt og þess vegna þurfi að athuga þetta miklu betur. Við vitum, að það er fyrst og fremst fjármagnsskortur, sem háir þessari starfsemi, og ég veit, að það er líka svo í bæjunum, en það er þá enn þá frekar í hinum dreifðu byggðum, og þar eru ungmennasamböndin fyrst og fremst starfandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 739, 740).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Frv. þetta til l. um getraunir hefur menntmn. haft til athugunar og orðið ásátt um að samþykkja það með þeim breyt., sem um getur á þskj. 740. Þær breyt., sem eru á því þskj., eru þannig til komnar, að dómsmrn. gerði ýmsar aths. við frv. þetta, sem leiddu til þess, að þær aths. voru síðar teknar upp af þeirri n., sem um málið hafði fjallað, og féllst menntmrn. á þetta fyrir sitt leyti. Þessar breyt. stefna í raun og veru nær allar í þá átt að gefa eða veita dómsmrn. eðlilega aðstöðu til að hafa eftirlit með starfrækslu getraunanna, þannig að það er ástæðulaust að fjölyrða um þessar breyt. Þó hefur hv. menntmn. til að sýna, að hún sé ekki með öllu skoðanalaus, fellt brott þau orð í 1. gr., þar sem talað er um hið frjálsa framtak áhugamanna. Okkur þótti bara rétt að tala um áhugamenn, því að í orðinu áhugamaður felst auðvitað hið frjálsa framtak, ef svo mætti segja. Einnig höfum við fellt niður orð úr 8. gr., þar sem talað er um virka félagslega aðild, enda er einsýnt, að félagsleg aðild hljóti að vera virk – að öðrum kosti er hún naumast félagsleg.

Um þetta frv. skal ég nú ekki orðlengja, nema aðeins benda á, að fjárþörf íþróttahreyfingarinnar er gífurleg og skiptir tugum millj. það fé, sem hún þarf á að halda árlega. Með getraununum er að verulegu leyti leystur þessi vandi, þótt enn sé óbrúað stórt bil, til þess að kostnaður, tekjur og gjöld standist á, en væntanlega munu tekjur af getraunum aukast, ef svo fer fram sem horfir, og verður þá aðstaða íþróttahreyfingarinnar í landinu öll önnur.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég vil í upphafi geta þess, að ég er í meginatriðum sammála þessu frv., sem hér er lagt fyrir, og tel, að það sé gott og gilt. Þó vil ég gera eina aths. við eina gr. frv., sem ég tel, að betur mætti fara, en það er 10. gr. frv. Þar segir: „Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hefur verið greiddur, skal ágóði skiptast þannig: Til Íþróttasjóðs 10%. Til Ungmennafélags Íslands 20%. Til Íþróttasambands Íslands 70%." Ég tel það að öllu leyti óeðlilegt, að ríkisvaldið sé farið að kroppa utan í þær tekjur, sem íþróttahreyfingin sjálf hefur byggt þarna upp með sínu sjálfboðaliðsstarfi víðs vegar um landið, og ég tel, að það sé ekki eðlilegt, að Íþróttasjóði sé aflað tekna á þennan hátt.

Í 5. gr. íþróttal. um Íþróttasjóð segir orðrétt: „Alþingi veitir árlega fé í sjóð til eflingar íþróttum í landinu, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann íþróttasjóður."

Mér sýnist, að samkv. fjárl. bæði síðasta árs og ársins þar áður hafi þessi sjóður fyrst og fremst fengið tekjur á fjárl. beint frá ríkisvaldinu, á fjárl. 1971 5 millj. kr., en 13 millj. kr. á fjárl. 1972. En nú er tekið upp það nýmæli, að taka á hluta af þeim tekjum, sem íþróttafólk út um allt land hefur aflað með fórnfúsu sjálfboðastarfi, og finnst mér þetta óeðlilegt. Ég tel, að ríkisvaldið verði hér eftir sem hingað til að afla Íþróttasjóði tekna á fjárl., og er ég satt að segja undrandi á því, að þetta skuli koma svona frá n., þar sem eiga sæti núv. og fyrrv. íþróttamenn, sem eru kunnugir málefnum íþróttahreyfingarinnar. Ég geri þessa aths. hér af því, að ég hef orðið var við óánægju. Það hafa komið til mín einstaklingar úr íþróttafélögunum hér í Reykjavík og tjáð sig áhyggjufulla vegna þessa atriðis. Og þótt fram komi í grg., að framkvæmdanefnd ÍSÍ hafi fallizt á þetta, finnst mér það ekki skipta höfuðmáli. Ég tel, eins og ég hef sagt áður, óeðlilegt að skattleggja á þennan hátt þetta sjálfboðaliðsstarf íþróttafólksins. Ég mun ekki flytja neina brtt. um þetta hér við 2. umr. Ég vona, að n. fjalli um þetta, og vona, að hún endurskoði afstöðu sína til málsins, og hef það þá í hendi mér að flytja um það brtt. síðar, ef ég tel ástæðu til.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en þar sem síðasti ræðumaður, hv. 8. þm. Reykv., vék að því, að í hv. menntmn. hefðu átt sæti menn, sem væru kannske kunnugir íþróttahreyfingunni, þá tók ég a. m. k. þetta að einhverju leyti til mín, og af því tilefni vildi ég sem sé taka fram, að ég er síðasta ræðumanni sammála um það, að það sé vissulega óeðlilegt, að Íþróttasjóður og ríkisvaldið, eins og hann orðaði það, væru að taka þarna fé, sem væri aflað

af hálfu hinnar frjálsu íþróttahreyfingar með fórnfúsu sjálfboðaliðsstarfi. Þetta sjónarmið get ég fyllilega tekið undir og tel þetta að öllu leyti vera miður, að þetta ákvæði skuli vera komið inn. En í mínum huga var það svo, að þetta frv. er lagt fram, eftir að þar til kjörin yfirstjórn íþróttahreyfingarinnar hefur fjallað um málið og náð ákveðnu samkomulagi um skiptingu tekna af þessari getraunastarfsemi. Skiptingin er að margra dómi nokkuð viðkvæm og erfið viðureignar, þar sem margir girnast stærri hluta af þessum tekjum en þeir fá. En þar sem samkomulag náðist um þessa skiptingu, þá taldi ég a. m. k. persónulega ekki rétt að vera að krukka frekar í það og fallast frekar á þetta frv., eins og það hefur verið samþ. af viðkomandi aðilum og lagt fram af hæstv. rn. Ég er hins vegar sammála þeim sjónarmiðum, sem hér komu fram.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni fyrir það að hafa tekið undir málflutning minn hér, en ég vil hins vegar trúa því, að íþróttahreyfingin, framkvæmdanefnd ÍSÍ, íþróttafélög yfirleitt og ungmennafélagshreyfingin út um land, geti líka tekið undir þetta og það sé ástæða til að endurskoða þetta, úr því að málið hefur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Ég er viss um það, að íþróttafólk út um land allt í öllum félögum muni fagna því, og ég trúi því, að hv. þm. muni sjá sig um hönd, þegar málið kemur aftur til n.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 740,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 740,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 740,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 740,4 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

– 740,5 (6. gr. falli niður) samþ. með 26 shlj. atkv.

– 740,6 samþ. með 25 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 740,7 samþ. með 27 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 740,8 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 740,9 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 740,10 (ný 12. gr., verður 11. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

13.–14. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 768).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem lagt var fram á þskj. 548 og hér er komið til hv. d. frá Nd. með áorðnum breyt. á þskj. 768, miðar að því að koma á traustan lagagrundvöll mjög árangursríkri fjáröflunarstarfsemi íþróttahreyfingarinnar. Mjög árangursríkri segi ég, og gildir það tvímælalaust um það skeið í sögu getraunastarfsemi hér á landi, sem nú stendur yfir, en því var ekki að heilsa frá öndverðu. Gerðar voru tvær árangurslausar tilraunir til að koma getraunastarfsemi á rekspöl, en þær ultu um sjálfar sig. Það var ekki fyrr en sú leið var fundin að byggja sölustarf og útbreiðslustarf getraunanna á frjálsu sjálfboðaframtaki félaganna í íþróttafélögunum, að verulegur árangur fór að nást. Hann er líka svo mikill, að um munar. Á 101 söluviku, frá því að núverandi getraunastarfsemi hófst 3. maí 1969 til 1. jan. 1972, hafði heildarsala numið 70 millj. kr. Þar af fengu ungmenna- og íþróttafélögin fyrir sölustarf félagsmanna sinna 17.4 millj. kr., Íþróttabandalag Reykjavíkur og héraðasambönd tæpar 2 millj. kr., Knattspyrnusamband Íslands 1 millj. kr., Íþróttasamband Íslands 4.2 millj. kr. og Ungmennafélag Íslands 960 þús. kr., þannig að af heildarsölunni runnu 36.4% til íþróttafélaga og íþróttasambandanna.

En þessi blómlega starfsemi hvílir á lagagrundvelli, sem er bæði gamall og ótraustur, og því voru forráðamenn íþróttahreyfingarinnar og stjórnvöld sammála um það, að sjálfsagt væri að setja ítarlegri lagaákvæði í samráði við fengna reynslu. Þar er áfram haldið þeirri stefnu að fela framkvæmd getraunastarfseminnar íþróttahreyfingunni sjálfri, og sömuleiðis eru tekin upp ákvæði um traust eftirlit með þeirri starfsemi af hálfu dómsmrn. eins og með annarri happdrættisstarfsemi. Þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., miða fyrst og fremst að því að treysta þetta eftirlit af hálfu dómsmrn., en framkvæmdin verður áfram hjá íþróttahreyfingunni í umboði menntmrn. Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta mál að sinni, en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 768, n. 837).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti.

Menntmn. hefur haft frv. þetta til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem hv. Nd. gerði og fram koma á þskj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 900).

---

51. Jöfnun á námskostnaði.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði [259. mál] (stjfrv., A. 575).

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Á s. l. áratug a. m. k. hafa verið bornar fram hér á Alþ. ýmsar till. og frv. til að jafna námskostnað nemenda. Markmið þessa tillöguflutnings hefur verið að létta undir með því námsfólki, sem sækja þarf framhaldsnám langt frá heimili sínu. Þingheimi er ljóst, að það fer mjög oft saman, að þeir, sem lengst þurfa að sækja nám frá heimabyggð sinni, búa oft og tíðum við þrengri efnahag en jafnaldrar þeirra annars staðar. Í hinum afskekktari byggðum eru meðaltekjur gjarnan allmiklu lægri en í þéttbýlinu. Ýmsir, sem á þingi hafa setið, hafa staðið að þessum tillöguflutningi, en ég held, að ég geri engum rangt til, þó að ég nefni sérstaklega þá hæstv. núv. félmrh., Sigurvin Einarsson fyrrv. alþm. og hv. 3. þm. Norðurl. e.

Árangur af upptöku þessa máls varð loks, þegar afgreidd voru fjárlög fyrir árið 1970. Þá voru veittar 10 millj. kr. til jöfnunar á námsaðstöðu. Á næstu fjárl. ársins 1971 var sú upphæð hækkuð í 15 millj. kr., og á núgildandi fjárl. ársins 1972 hefur enn orðið hækkun á þessari fjárveitingu í 25 millj. kr. Sem fskj. með því frv., sem hér liggur fyrir, eru prentaðar bæði skýrsla um úthlutun þessara fjárhæða, hinna svonefndu dreifbýlisstyrkja, og sömuleiðis margvíslegar töflur um, hvernig þeir hafa komið niður. Enn var flutt á síðasta þingi frv. um frekara átak til að jafna námsaðstöðu eftir búsetu, og í meðförum þess máls var því heitið, að það skyldi tekið upp á víðari grundvelli. Fyrir tæplega ári síðan ákvað fyrirrennari minn í starfi menntmrh. að biðja þingflokkana að tilnefna menn í nefnd, sem fjallaði um þetta mál, „... til þess að semja frumvarp til laga um aðstoð við skólanemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu“, eins og segir, með leyfi hæstv. forseta, í því bréfi, sem sent var til þingflokkanna. Nefndin var fullskipuð s. l. haust, og sátu í henni Runólfur Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúi, formaður, Sigurvin Einarsson, fyrrv. alþm., Helgi Seljan alþm., Ingvar Gíslason alþm., Kári Arnórsson skólastjóri, Kristján J. Gunnarsson skólastjóri og Sigurþór Halldórsson skólastjóri. Frv. það, sem nú er lagt fyrir Alþ., er árangur af starfi þessarar nefndar.

Í 1. gr. frv. er því lýst yfir, að ríkið veiti námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum.

Í 2. gr. er tekið fram, hverjir njóta skuli þessara styrkja. Í fyrsta lagi þurfa menn að hafa lokið skyldunámi til þess að koma þar til álita. Þeir þurfa í öðru lagi að vera nauðbeygðir til þess að njóta þeirrar skólagöngu, sem hugur þeirra stendur til, að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu vegna námsins. Í þriðja lagi þurfa þeir að stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi. Gert er ráð fyrir, að menntmrn. setji reglugerð um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla þá, sem lengstan námstíma hafa á ári og eigi færri stundir á viku en 30. Síðan er tekið fram, hverjir ekki skuli njóta þeirra styrkja, sem þessi l. gera ráð fyrir. Það eru í fyrsta lagi þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkv. lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki, í öðru lagi þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, og í þriðja lagi þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um, hversu úthlutun styrkjanna skuli háttað. Úthlutun skal vera í höndum fimm manna námsstyrkjanefndar, sem menntmrn. skipar og skal leggja fyrir rn. till. um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna. Tveir þessara nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar og annar vera formaður, einn skal skipa samkv. tilnefningu fjmrn. og einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn í nefndina. Auk þess skal menntmrn. skipa einn mann til eins árs í senn eftir tilnefningu félags samtaka þeirra skólanemenda, sem l. taka til, og skal rn. setja reglur um val þess fulltrúa.

Í 4. gr. er kveðið á um, á hverjum forsendum úthlutun skuli byggð. Þar er námsstyrkjanefnd falið að afla sér upplýsinga um námskostnað skólanemenda, sem miðuð sé við nægilegt úrtak frá einstökum skólum, svo og upplýsingar frá Hagstofu Íslands eða öðrum hliðstæðum opinberum stofnunum um almennan framfærslukostnað. Þessar upplýsingar skulu m. a. taka til fæðiskostnaðar við skóla með eða án mötuneytis, húsnæðiskostnaðar við skóla með eða án heimavistar og ferðakostnaðar nemenda miðað við mismunandi skólasókn. Síðan skal nefndin gera samanburð á námskostnaði annars vegar þeirra nemenda, er verða að dvelja fjarri lögheimilum sínum við nám, og hins vegar þeirra, er stundað geta nám sitt án þess að hverfa

að heiman til námsdvalar. Á grundvelli þessara upplýsinga gerir síðan nefndin till. um, hvað greiða skal í styrk vegna nemenda í heimavistarskólum annars vegar og heimangönguskólum hins vegar. Menntmrn. er falið að setja reglugerð um, hvernig þessara upplýsinga skuli aflað, og grundvallarreglur um mat á upplýsingum.

Loks eru í 5. gr. ákvæði um undanþágur frá þeim takmörkunum, sem styrkjakerfi þetta er háð að öðru leyti samkv. lögum. Þar er í fyrsta lagi ákvæði um, að veita megi skólanemanda námsstyrk, þó að hann fullnægi ekki ákvæðum 2. gr., ef sannanlegt er, að hann getur að öðrum kosti ekki stundað nám vegna efnaleysis. Í öðru lagi, að veita megi nemendum hærri námsstyrki, ef þeir eru frá fjölskyldum, sem þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur samtímis við framhaldsnám. Í þriðja lagi, að veita megi skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þó að hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. Til þessa ákvæðis er sérstaklega vísað í b-lið 2. gr., þar sem rætt er um þá, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, því að ljóst er, að það kaup eða þau hlunnindi koma mjög misjafnlega niður, og þótt um það sé að ræða, er ekki tryggt, að það nægi til þess að vega upp eðlilegan námskostnað.

Það fer ekki á milli mála, að nauðsyn ber til að jafna þann aðstöðumun, sem sannanlega ríkir um námsaðstöðu eftir því, hvort nemendur geta sótt skóla heiman frá sér eða hvort þeir þurfa að sækja hann langan veg og vistast allan skólatíma sinn í byggðarlögum fjarri heimilum sínum. Markmið þessa lagafrv., sem hér er lagt fram, er að ná sem fyllstum jöfnuði; að jafna þann aðstöðumun til náms, sem búsetan að öðrum kosti skapar. Erfitt er að segja, hver kostnaður verður samfara þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir. Fullnægjandi athugun hefur ekki farið fram á því atriði, en nefndin, sem samdi þetta frv., reyndi þó að áætla kostnaðarhliðina eftir þeirri vitneskju, sem hún hafði yfir að ráða, og getur hún þess til, að búast megi við, að heildarupphæðin nemi 100–120 millj. kr. á næsta skólaári.

Það er almennt viðurkennt, að framhaldsmenntun verður mönnum æ nauðsynlegri til þess að njóta sín í nútímaþjóðfélagi hér á Íslandi. Það er allra manna vilji, að hverju mannsefni nýtist sem bezt hæfileikar til náms og til að skapa sér þar með aðstöðu í lífinu. Það hefur ætíð verið hefð á Íslandi og þótt sómi að að styðja menn til þess náms, sem hugur þeirra stefnir til. Það er eindregið álit mitt, að þegar þetta styrkjakerfi, sem hér eru lögð drög að, kemur til sögunnar, muni það ásamt lánum og styrkjum, sem veitt eru úr Lánasjóði ísl. námsmanna, bæta úr brýnustu þörfinni í þessu efni. Og sérstaklega er mikilsvert, að þetta frv. stefnir að því að jafna metin milli þéttbýlis og strjálbýlis. Það varðar ekki aðeins menntunaraðstöðuna, að þetta sé gert, heldur einnig búsetuskilyrðin. Búseta í strjálbýli er eftirsóknarverðari, ef þeir, sem þar búa, stunda atvinnu sína og ala upp börn sín, vita, að þeir mega ganga að því vísu, að búseta á afskekktum stöðum torveldar þeim ekki úr hófi fram að koma börnum sínum til mennta. Ég er ekki í vafa um það, að frv. þetta, ef að l. verður, er stærsta skref, sem stigið hefur verið lengi í þá átt, að öll uppvaxandi kynslóð á Íslandi njóti jafns réttar til að afla sér menntunar, eins og hugur hvers og eins stefnir til.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og menntmn., og ég vil láta þá eindregnu von í ljós, að n. hraði svo störfum sínum, að þetta frv. geti hlotið afgreiðslu á því Alþ., sem nú situr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem nú er til umr., er flutt með það markmið fyrir augum að ná fram jafnrétti á milli þeirra nemenda, sem búa í strjálbýli, og þeirra, sem í þéttbýli búa, að því er námsaðstöðu snertir. Þetta var og mjög ítarlega fram tekið í ræðu hæstv. menntmrh. nú áðan. Ég vil lýsa því yfir, að ég tel, að þetta frv. sé þýðingarmikið og eðlilegt skref, sem stigið er í beinu framhaldi af því, sem þegar hefur verið unnið í þessu efni. Það er rétt að minna á það, að þessi mál hafa verið á döfinni um alllangan tíma og miklar umr. um þau farið fram. Fyrstu skrefin, sem stigin voru til þess að jafna aðstöðu skólanemenda úr strjálbýli, voru á grundvelli framlags á fjárl. ársins 1970, 10 millj. kr. Síðan var þessi upphæð hækkuð í 15 millj. kr. á árinu 1971. Sú nefnd, sem skipuð var til þess að úthluta þessu fé, komst fljótlega að raun um það, að það fjármagn, sem veitt var í þessu skyni, var ekki fullnægjandi til þess, að fullum jöfnuði yrði náð. Því var það, að hún fór fram á það á sínum tíma, að þetta fé væri nokkuð hækkað, og á síðasta ári, árinu 1971, voru veittar úr ríkissjóði umfram fjárl. tæplega 3 millj. kr. til þess að fullnægja þeim reglum, sem settar höfðu verið um úthlutun styrkja í þessu skyni, en þær styrkgreiðslur fóru fram úr áætlun vegna þess, að umsóknir urðu mun fleiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Sú lagasetning, sem stefnt er að með þessu frv., er í beinu framhaldi af þeim aðgerðum, sem þegar hafa verið gerðar í þessu efni og þeirri stefnu, sem mörkuð var af fráfarandi ríkisstj., enda kom það fram í ræðu hæstv. ráðh., að grunnurinn að skipun þeirrar nefndar, er samdi þetta frv., var lagður af fráfarandi ríkisstj. Ég sakna þess hins vegar nokkuð, að það frv., sem hér liggur fyrir, skuli ekki vera skýrara að efni en raun er á. Það er í mjög mörgum atriðum ákaflega óljóst, bæði að því er snertir rétt einstakra nemenda til styrkja og eins í því, hvernig á að finna fjárhagslegan grunn styrkjanna og upphæð styrkjanna. Í grg. frv. er ekki að finna neitt, er að því lýtur, hversu há þessi fjárhæð muni verða, að öðru leyti en því, að slegið er fram í lok grg. án nokkurs rökstuðnings, að það fé, sem til þessa þarf, muni nema á næsta skólaári 100–120 millj. kr.

Ég vil geta þess, að í þessu frv. eru nokkur nýmæli umfram það, sem komið hefur fram í þeim reglum, sem gilt hafa um úthlutun námsstyrkja til þessa. Þau nýmæli eru einkum í 5. gr. frv., þar sem rætt er um heimildir fyrir úthlutun til þeirra nemenda í einstökum tilvikum, sem ekki fullnægja þeim reglum, sem settar eru. Það er vissulega rétt, að það getur verið þörf á því að hafa slíkar heimildir, en það mun koma í ljós, þegar á að fara að úthluta styrkjum sem þessum, þar sem ekki eru settar fastar skorður, sem fara á eftir, að erfitt verður fyrir úthlutunarnefnd að setja mörkin. Ég vil þó lýsa því yfir, að þarna getur verið um þýðingarmikil atriði að ræða og einstakir nemendur geta átt siðferðilegan rétt

til að njóta styrks, þó að þeir falli ekki nákvæmlega undir þær reglur, sem l. ákveða.

Í 4. gr. þessa frv. er um það rætt, að námsstyrkjanefnd skuli afla sér upplýsinga, sem hún skuli byggja reglur sínar á og úthlutunina í heild. Ég hefði álitið, að eðlilegra væri, að menntmrn. hefði slíka gagnasöfnun með höndum. Ef svo er, sem um er rætt í þessu frv., að það sé úthlutunarnefndin, sem aflar þessara upplýsinga, þá kann það að verða til þess, að starf þeirrar nefndar verði viðamikið og hún þurfi að hlaða sjálf utan á sig starfskröftum, sem eðlilegra væri, að væru bundnir sjálfu menntmrn.

Ég hef þegar um það rætt, að frv. er nokkuð óskýrt að efni og fjarri því að vera jafnskýrt og reglurnar hafa verið, sem úthlutað hefur verið eftir. Það má e. t. v. segja, að eðlilegt sé að setja reglugerð um einstök atriði, sem breytast frá ári til árs, en það er líka sannarlega gert ráð fyrir því í þessu frv., því að í eigi færri en 6 skipti eru gefin fyrirmæli um það, að sett skuli reglugerð eða reglur um einstök atriði, sem fara á eftir, og eru þó frvgr. ekki nema 7 talsins. Það er því augljóst, að það þarf að vinna mikið verk, áður en komið er niður á þær reglur, sem fara á að í þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar hér. Ég endurtek það, að flutningur þessa frv. er skref á þeirri braut, sem hafin er ganga á, og ég vil vænta þess, að það skref verði þýðingarmikið, því að þörfin er brýn. Þörfin er sú að ná þeim áfanga, að allir þeir, sem æskja skólanáms, geti búið við sama rétt, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða strjálbýli. Jöfn menntunaraðstaða er eitt hið mesta réttlætismál og hagsmunamál byggðarinnar í landinu, því að aðstaða til menntunar hefur einnig sitt hagræna gildi – það gildi, að ef menn hafa ekki aðstöðu til þess að hljóta sambærilega menntun á einum stað sem annars staðar, þá mun búsetan raskast. Og ég undirstrika þau orð hæstv. ráðh., að verði fullum jöfnuði náð í þessu efni, þá er þýðingarmiklum áfanga náð, sem ég lýsi fullum stuðningi við, enda þótt ég hefði, eins og ég hef þegar tekið fram, óskað þess, að þetta frv. væri nokkuð skýrar orðað og markaði skýrari stefnu en það gerir í einstökum greinum.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég vildi gera aðeins smáaths. við þetta frv., sem hér liggur frammi til umr., en áður en ég vík að því, sem ég vil sérstaklega gera aths. við, vil ég lýsa yfir fyllsta stuðningi mínum við megintilgang frv. – þann að jafna efnahagslegan mismun milli þeirra, sem búa í þéttbýli, og þeirra, sem búa í strjálbýli, með tilliti til menntunar. En mér þykir örlítið vanta á það í þessu frv., að öllum námshópum sé tryggð með þessum lögum sama staða – staða, sem þeir eiga kröfu til. Þar vil ég minna á, að í b-lið 2. gr. frv., þar sem fjallað er um þá, er ekki skulu njóta styrks eftir lögum þessum, er sagt, að þeir, sem taki samningsbundið eða fast kaup á námstímanum o. s. frv., njóti ekki þessara styrkja. Reyndar er þó undanþáguheimild í c-lið 5. gr., en ég álít, að það breyti ekki málinu. Meginregla frv. er sú, að þeir, sem fá samningsbundið kaup á námstímanum, heyra ekki undir l. Með þessu ákvæði laganna er verið að mínum dómi að útiloka ýmsa hópa námsmanna, og vil ég þar sérstaklega tilnefna þann hóp námsmanna, sem ég þekki hvað bezt, og það eru iðnnemarnir. Þeir, sem standa að samningi þessa frv., hafa með þessu útilokað iðnnemana – kannske ekki vísvitandi, heldur vegna þess að þeir eru haldnir þeirri fjarstæðu, sem virðist furðu útbreidd, að iðnnemar yfirleitt séu hópur, sem taki veruleg laun. Ég vil þó upplýsa það hér á hv. Alþ. í sambandi við þetta, svo að við tökum eina iðngrein sem dæmi, að meðalkaup iðnnema er nú í rafvirkjun á fjórum námsárum 117 þús. kr. eða um það bil, og ég vil halda því fram, að þessi árslaun séu ekki mikið hærri en árslaun ýmissa annarra námshópa, sem vinna á frjálsum vinnumarkaði 3–4 sumarmánuði, eins og gerist í mörgum tilvikum. Í þessu efni eru iðnnemarnir eins og í svo mörgum atriðum öðrum svolítið á skjön við hið almenna.

Ég geri ráð fyrir, að þegar þessar reglur eru settar eða þessi lög, þá sé haft í huga, að þeir hinir sömu, sem ekki eru við fast skólanám nema 3–4 mánuði á ári og þurfa þess vegna ekki að falla undir lögin, séu þá hinn hluta ársins í vinnu og á fullu kaupi. En þetta gildir ekki um iðnnemana. Þeir eru hinn hluta ársins við nám líka á tiltölulega lágu kaupi, og heildarárslaun þeirra eru í mörgum tilfellum ekki hærri en árslaun ýmissa annarra námshópa, sem stunda vinnu á frjálsum vinnumarkaði yfir sumarmánuðina. Reyndar held ég, að þetta eigi ekki bara við iðnnema. Ég held, að hér séu ýmsir aðrir námshópar, sem þurfa að fá leiðréttingu sinna mála svo sem nemendur í hjúkrunarnámi, en fyrsta árskaup þeirra er eitthvað rúmar 8 þús. kr. á mánuði og árslaunin þá eftir því, og þannig er vafalaust með fleiri hópa. Það samrýmist væntanlega ekki hugmyndum hv. Alþ. á sama tíma og við viljum stuðla að fjölgun hjúkrunarkvenna að setja þennan hemil á menntunarmöguleika þeirra með þessu frv., sem hér er gert ráð fyrir.

Í aths. um 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt 3. lið þessarar greinar er lagt til, að með reglugerð verði sett nánari ákvæði um lágmark námstíma sem skilyrði fyrir námsstyrk, svo og um hlutfallslega upphæð styrkja eftir námstímalengd."

Um þetta vil ég segja, að það er eðlilegt að setja í reglugerð ákvæði um hlutfallslega upphæð styrkja eftir námstímalengd – það er mjög eðlilegt, að slíkt sé gert, og nauðsynlegt, en ég held, að miklu hæpnara sé ákvæðið um lágmarks námstíma, því að oft og tíðum getur þetta verið töluverð fjárhagsleg byrði fyrir nemendur, þó að ekki sé um langan námstíma að ræða. Það eru ferðir að heiman og ýmiss konar stofnkostnaður í því sambandi og önnur fjárhagsleg útlát, þó að ekki sé um mjög langan námstíma að ræða fjarri heimili. En hlutfallslega upphæð styrkja er nauðsynlegt að hafa og er það í samræmi við það, sem ég hygg, að skattyfirvöld geri, þegar ákveðinn er skólafrádráttur nemenda, en þá er farið eftir hlutfallslegri lengd námstíma.

Ég vil svo einnig, að það komi hér fram, að með l. um iðnfræðslu frá 1966 er gert ráð fyrir því, að á næstu árum verði byggðir upp verknámsskólar iðnaðarins, og þegar hefur verið hafizt handa um að nokkru leyti að byggja þá, og hér í Reykjavík er til að mynda starfandi slíkur verknámsskóli, 8–9 mánaða skóli. Ýmsir, sem þann skóla sækja, eru t. d. þegar komnir á námssamning og taka samningsbundið kaup. Samkv. þessum lögum eru þeir útilokaðir frá styrkjum, þó að námstími þeirra sé langur eins og í þessu tilfelli í verknámsskól-

anum hér í Reykjavík. Á næstu árum mun þessi þróun síðan væntanlega halda áfram, og því held ég, að ákvæði 2. gr. frv. séu röng.

Að öðru leyti vil ég enn fremur undirstrika það, að mér finnst það ekki viðeigandi að á sama tíma er aldrei í reglum, sem fyrr hafa gilt um þetta og væntanlega verður tekið mið af einnig í þetta sinn, tekið tillit til tekna vandamanna umsækjanda né slíkrar aðstoðar, sem hann í ýmsum tilfellum fær. Þrátt fyrir það á að setja ákveðin mörk um, hvort hann sé styrkhæfur með tilliti til námstíma. Þetta finnst mér ekki í samræmi við anda laganna.

Ég ætla ekki að hafa þessa aths. neitt lengri, og ég flyt enga brtt. við frv. þetta, en ég óska þess eindregið og treysti því, að sú n., sem um þetta fjallar, fjalli um þetta á réttlátan hátt og tryggi það, að staða þeirra, sem samkv. þessum lögum verða út undan og afskiptir í þessum styrkveitingum, verði tryggð í þessu styrkjakerfi. Ég hef oft sagt það áður, að verkmenning á Íslandi og verkmenntun öll er olnbogabarn í þjóðfélaginu, og ef við ætlum að bæta þar um betur, þá þarf einnig að breyta þessu frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég kann ekki við það að hlusta á það án þess að vekja á því athygli, að farið sé hér í d. með hrein öfugmæli, eins og mér virtist hv. 5. þm. Norðurl. v. gera áðan. Hann lét þau orð falla, að það væri óumdeilanlegt, að fyrrv. ríkisstj. hefði haft forustu í því að jafna námskostnað nemenda í strjálbýli og þéttbýli. Það tók nefnilega ekki minna en tvö kjörtímabil að þræla hér í gegnum þingið ályktun um það að taka þessi mál til athugunar. Fyrir því börðust þeir, sem þá voru í stjórnarandstöðu. Og þegar það loksins tókst og málið var tekið til athugunar og það kom í ljós, hve gífurlegur aðstöðumunur þarna var, þá fékkst aðeins 10 millj. kr. fjárveiting í þessu skyni. En nú er áætlað, að til þurfi upp undir 120 millj., svo að verulegt gagn verði að. Og svo á næsta ári gekk hér maður undir manns hönd við að reyna að þoka þessari upphæð, 10 millj. kr., upp um örfáar millj. og komust að því fullkeyptu við að ná 15 millj. kr. Og svo á að láta líta svo út, sem það hafi verið forusta fyrir þessu máli af hálfu fyrrv. ríkisstj. Mér finnst það ekki gefa þessum hv. þm. neinn rétt til þess að segja slík öfugmæli hér í d., þó að ég efist ekki um það, að hann hefur tekið þátt í því og barizt fyrir því öfluglega innan stjórnarliðsins, að sá litli árangur náðist þó, sem fólst í aðgerðum fyrrv. ríkisstj. í þessu máli.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. taldi mig hafa farið hér með öfugmæli í ræðustóli áðan. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvaða orð ég viðhafði, en sé það rétt, sem hv. þm. segir, að ég hafi talið fráfarandi ríkisstj. hafa haft forustu í þessu máli, þá vil ég segja það, að enda þótt búið hafi verið að ræða þetta mál á ýmsum vettvangi, áður en aðgerðir hófust, þá er það óumdeilanlegt, að fyrrv. ríkisstj. tók fyrstu skrefin í því máli að rétta hlut þeirra nemenda, sem í strjálbýli búa, og ef það er ekki forusta um aðgerðir, þá veit ég ekki, hvað það er.

Hins vegar er það rétt, að undir forustu þeirrar ríkisstj. náðist ekki fullur jöfnuður, og það tók ég einnig fram. Ég vænti þess, að með því skrefi, sem væntanlega er verið að stíga með samþykkt þessa frv., þá fari svo, að sá jöfnuður náist, sem ekki hafði tekizt að hrinda að fullu í framkvæmd á fyrri árum. Það er engin nýlunda, að fyrstu aðgerðir, sem gerðar eru í einstökum málum til þess að rétta hlut þessa aðila eða hins í þjóðfélaginu, verði ekki til þess, að fullur jöfnuður náist. Það er jafnan svo, að það þarf að þreifa sig áfram í málum og rekast kannske á ýmsa agnúa – atriði, sem sigla þarf fram hjá, og kanna þarf, með hvaða hætti bezt er að hrinda máli í framkvæmd. Og það var svo með þetta mál, að það varð ekki gert í einu vetfangi, sem stefnt er að. Með því að nú hefur fengizt reynsla í þessum efnum af tveggja til þriggja ára starfi, þá er þess að vænta, að á grundvelli þeirrar reynslu megi byggja aðgerðir, sem megi verða til þess, að fullur jöfnuður náist, og þá verðum við væntanlega báðir ánægðir, ég og hv. 5. þm. Austf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 575, n. 688, 689).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og fram kemur í nál., þá leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. með tilteknum breytingum, sem fluttar eru á þskj. 689. Eins og fram hefur komið áður, þá er þetta frv. samið af mþn., sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum, og þannig hefur ríkisstj. lagt málið fyrir þingið. Menntmn. telur, að hér sé um það mikilvægt frv. að ræða, að ástæða sé til þess að hraða sem mest má verða samþykkt þess hér, þannig að það geti komið til framkvæmda á þeim tíma, sem ætlazt er til, en það er á næsta skólaári, ef að lögum verður.

Við athugun þessa máls í n. varð sú niðurstaða, að ekki væri ástæða til þess að fara út í miklar efnisbreytingar á því. Hins vegar var eitt atriði tekið til sérstakrar skoðunar vegna ábendingar, sem fram hafði komið hjá hv. þm. hér við 1. umr. málsins. Það var um réttindi iðnnema, og þær lyktir urðu, að menntmn. tók að nokkru undir þetta álit – þessa skoðun þess hv. þm., sem þessu hreyfði hér á sínum tíma, þannig að n. leggur til, að iðnnemar, sem aðeins hafa lágmarkslaun samkv. iðnnámssamningi, skuli heyra undir þessi l. Annars er það heildarstefna þessara l. eða þessa frv., ef að l. verður, að hafa það að meginreglu, að þeir, sem taka samningsbundið kaup á námstíma sínum, skuli ekki koma undir ákvæði þeirra. Hins vegar þykir það vera réttlætismál og eðlilegt, að ákvæðið nái til þeirra iðnnema, sem hafa mjög lág laun, og þeirra laun margra eru mjög lág; það er sannanlegt. Þau eru allt niður í 30% af sveinakaupi og verða, held ég, aldrei meira en 60%, þannig að það er fjarri því, að þeirra hagur sé góður.

Þess vegna er það till. menntmn., að ákvæði 3. mgr. 2. gr., b-liðar, verði breytt nokkuð eins og segir á þskj. nr. 689, þannig að það opnist leið með því að setja heimildarákvæði inn í l. um það, að iðnnemar, sem verða vegna skólanáms síns að sækja skóla utan heimilissveitar, komist undir ákvæði þessara l.

Aðrar breytingar, sem menntmn. hefur flutt, eru mjög smávægilegar, t. d. við 2. gr. Þar er aðeins um að ræða leiðréttingu á málfari, og á 5. gr. er gerð tiltölulega lítilvæg breyting, aðeins gerð til þess að skýra efni gr. betur.

Sem sé, menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem finna má á þskj. nr. 689.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 689,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 689,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 706).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem lagt var fram á þskj. 575 og hingað kemur að breyttum tveimur frvgr. í Nd., eins og sjá má á þskj. 706, er árangur af starfi nefndar, sem skipuð var í fyrrahaust til þess að semja frv. til l. um aðstoð við skólanemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu. Þessi nefndarskipun var niðurstaða af margra ára tillöguflutningi á Alþ. um ráðstafanir af ríkisvaldsins hálfu til þess að styðja til framhaldsnáms fram yfir skyldunám þá nemendur, sem vegna búsetu eru nauðbeygðir til að sækja allt framhaldsnám út fyrir heimabyggðir sínar og flytja búferlum til að geta gengið í skóla. Alkunna er, að hjá þeim, sem búa lengst frá þéttbýlissvæðunum, fer það gjarnan saman, að þar er efnahagur þrengri og atvinnumöguleikar minni að jafnaði en hjá þeim, sem búa svo nærri skólastöðum, að þeir þurfa ekki að taka sig upp og vista sig utan síns heimilis til að sækja skóla.

Frv., sem er niðurstaða af starfi nefndarinnar, kveður á um námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum. Í 2. gr. er tekið fram, hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að verða þessara námsstyrkja aðnjótandi, og sömuleiðis, hverjir eigi skulu hljóta þá, þ. e. þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkv. lögum um námslán og námsstyrki, þeir, sem taka samningsbundið kaup eða fast kaup á námstímanum, þó með tilteknum undantekningum, sem gerð er grein fyrir í b-lið 2. gr. eins og hún er á þskj. 706, og loks þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma.

Í 3. gr. eru ákvæði um, hvernig úthlutun skuli hagað á þessum námsstyrkjum, í 4. gr. er kveðið á um, á hvaða forsendum úthlutun skuli byggð og loks eru í 5. gr. ákvæði um undanþágur, sem hægt sé að veita, þegar sérstaklega stendur á eins og þar er tilgreint, frá öðrum ákvæðum laganna. Ég held, að ekki blandist neinum hv. þm. hugur um, að nauðsynlegasta ráðstöfun, sem nú þarf að gera til þess að ná því marki að jafna aðstöðumun til menntunar, er einmitt sú, sem þetta frv. fjallar um, að bæta mönnum það upp, þegar þeir standa höllum fæti fjárhagslega við að sækja skóla vegna búsetu.

Þetta mál varðar ekki aðeins réttinn til menntunar. Það varðar einnig að mínu áliti búsetuskilyrðin í landinu. Það er einn liður í framkvæmd þeirra stefnumiða, sem í einu orði hafa verið nefnd byggðastefna, þ. e. að draga eftir því, sem kostur er, úr þeim ókostum, sem því fylgja, að búa fjarri þéttbýlissvæðum landsins. Á því er enginn vafi, að eitt af því, sem stuðlar að fólksfækkun í ýmsum byggðarlögum, er einmitt það, að fólk, sem þar býr, hefur að jafnaði átt erfiðara fjárhagslega með að koma börnum sínum til mennta en fólk á þéttbýlissvæðunum. Þetta mál varðar því bæði jöfnun menntunaraðstöðu og jöfnun búsetuskilyrða í landinu.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði hér, sem mig langaði til að drepa á, þó að hæstv. ráðh. hafi fylgt frv. rækilega úr hlaði. Það er aðeins af því, að ég átti sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta lagafrv., og vildi örlítið ræða það, hvernig nefndin vann þetta verk sitt. Hlutverk þessarar nefndar, sem ráðh. skipaði, var allákveðið og afmarkað, eins og reyndar vera bar. Frv. skyldi ná til þess fólks, sem sækja þarf nám fjarri heimili sínu, og skyldi reynt að jafna aðstöðu þess fólks sem allra mest til að geta notið skólagöngu til jafns við þá nemendur, sem búa heima hjá sér og hafa skólahúsið svo að segja við húsvegginn alla tíð. Það námsfólk, eins og áður hefur verið tekið fram, sem nefndin átti um að fjalla, er sá stóri hópur, sem þarf að sækja nám sitt fjarri sínu heima allt frá skyldunámi og til þess náms, þar sem Lánasjóður ísl. námsmanna veitir sína aðstoð. Ég legg áherzlu á búsetusjónarmiðið, sem nefndin átti fyrst og fremst að taka tillit til, einmitt vegna þess að okkur var fyllilega ljóst, að um erfiðleika getur verið að ræða varðandi skólagöngu unglinga þrátt fyrir það, að skólinn sé nærri, einkum þó efnalegar ástæður, sem því miður eru víðar fyrir hendi en marga grunar. Nefndin sá sér vitanlega ekki fært að fara að ráði út fyrir þann ramma, sem henni var settur, en tók þó upp heimildarákvæði að vísu, þar sem námsstyrkjanefnd hefur möguleika á annars vegar að veita efnalitlum nemendum aðstoð utan við aðalákvæðin og hins vegar einnig að hjálpa sérstaklega, þar sem svo stendur á, að margir nemendur eru frá sama heimili samtímis í framhaldsnámi.

Ég þykist þess fullviss, að það komi að því, að nauðsynlegt reynist að koma upp kerfi námslauna eða námsstyrkja einmitt til að tryggja það, að fjárhagslega hliðin þurfi engan að hindra í námi, ef vilji og hæfileikar eru fyrir hendi, en aðalhlutverk sitt og hið mest knýjandi reyndi nefndin að rækja eftir beztu föngum. Þó að í smáum stíl hafi verið, þá veit ég þó, að sú fjárhagsaðstoð, sem nemendur á þessum skólastigum hafa notið síðustu tvö árin, hefur mörgum komið að gagni, og einmitt það hefur sýnt betur en nokkuð annað, hver þörf var hér á, að raunhæft og stórt átak yrði gert til að jafna aðstöðu þessa fólks og gera hana sem bezta í samanburði við þá, sem námið sækja heiman að frá sér daglega.

Eins og áður hefur verið tekið fram, eru höfuðþættir þessarar aðstoðar tveir, annars vegar aðstoð vegna dvalarkostnaðar og hins vegar vegna ferðakostnaðar, og nefndin lagði það til, eins og hér hefur komið fram, að sem raunhæfastur samanburður verði gerður í því skyni að bæta nemendum að fullu þann mismun, sem verður, þegar sækja þarf námið fjarri heimilinu. Um það má vafalaust deila, á hvern veg megi þar ná sem mestu réttlæti, og eins hitt, hvort nokkurn tíma verði fundin algild regla til að fara hér eftir. Án efa kunna einhverjir erfiðleikar að koma fram varðandi einstaka framkvæmdaliði – ekki sízt varðandi þann mismun, sem 5. gr. frv. kveður á um, að reyna eigi að leiðrétta. Eins var það skoðun nefndarmanna, að ferðakostnaður nemenda hlyti að miðast við jólaleyfi einnig, en ekki aðeins við ferðir til og frá skóla vor og haust.

Einni meginbreytingu hefur frv. þetta tekið í Nd., en það snertir þá nemendur, sem taka fast eða samningsbundið kaup á námstímabilinu. Nefndin hafði ekki séð sér fært að leggja til, að þessir nemendur fengju sams konar styrki og aðrir nemendur. Hins vegar skal það fúslega játað, að ég tel breytinguna til bóta með þeim takmörkunum, sem hún er háð. Ég held, að við höfum hreinlega ekki gert okkur ljóst, hvað hér getur verið um lág og bágborin launakjör að ræða, og ég sjálfur hef sannfærzt æ betur um það, að þessir nemendur eiga fyllilega rétt á styrkjum að vissu marki. Það er reyndar allmikill ágalli, að ekki skuli vera mögulegt að taka tillit til þess, hverjir fjáröflunarmöguleikar hvers nemanda hafa verið og hver fjárhagsaðstaða hans er í raun réttri. En að okkar dómi – og ég hygg flestra – er hér um nær óframkvæmanlegan hlut að ræða og auk þess svo umdeildan, þar sem aðeins er um að ræða jafnrétti til náms án tillits til búsetu.

Einn er sá hópur nemenda, sem ég hef óttazt, að yrðu kannske hér út undan. Það eru nemendur, sem að einhverju leyti eru utan skóla, en þurfa þó af ýmsum ástæðum að vera fjarri heimilum sínum við nám. Um þetta náðist ekki samkomulag, enda er það erfitt við að ráða, og eins hygg ég, að þessir nemendur geti náð rétti sínum, að því er styrk varðar, samkv. heimild í 5. gr., c-lið. Vona ég a. m. k., að þar verði sá skilningur fyrir hendi, er nægi til að tryggja þessu fólki styrki, ef það telst eiga þar rétt á að öðru leyti.

Á eitt atriði hefur mér verið bent alveg sérstaklega nokkrum sinnum, eftir að ég skilaði frumvarpsdrögunum frá mér, en það er 3. gr., þ. e. um skipun námsstyrkjanefndar. Á það hefur verið bent, að hlutur nemenda sé fyrir borð borinn með aðeins einum fulltrúa. Nú má á það benda, að ráðh. getur hæglega úr þessu bætt, ef honum þykir til ástæða, þar sem tveir nefndarmenn eru skipaðir án tilnefningar, og hygg ég, að vel mætti hugsa sér það frjálslyndi af hálfu ráðh. að bæta þar inn í nefndina öðrum fulltrúa nemenda eða þeim, sem nákominn væri þeirra högum. Ég held hins vegar, ef frv. þetta verður að l. og eins rösklega verður tekið til hendi og það ákveður, þá sé ótti nemenda sumra hverra ástæðulaus með öllu. Svo stórkostleg úrbót hlýtur lagasetning þessi að vera fyrir þá.

Ég tel ástæðu til þess að lokum að minna á það, hversu stórt það skref er, sem lagt er til, að tekið verði fram á við til aðstoðar því unga fólki, sem er á framhaldsskólastiginu svokallaða og ekki á þess kost að stunda nám í heimabyggð sinni. Það kann að vera, að einhverjum vaxi í augum, hve háar fjárhæðir hér er um að ræða, en sé litið til Lánasjóðs ísl. námsmanna með framlagi ríkisins upp á nær 300 millj. kr. á þessu ári sést glögglega, að miðað við þann fjölda, sem áætlað er, að aðstoðarinnar komi til með að njóta, er upphæðin hvergi nærri svimandi, þó að hún sé að vísu miklu hærri – margfalt hærri en sú upphæð, sem nú er varið til þessara mála. Ég hef þá trú, að eftir þessum peningum þurfi ekki að sjá, þeir muni ávaxta sig vel og rækilega. Ég vil aðeins óska þess, að landsbyggðin muni njóta sem bezt og mest þessa fólks að námi loknu, að þessi aðstoð, sem hér er lagt til, að tekin verði upp, megi verða til þess að efla hag fólksins í hinum dreifðu byggðum, eins og til er ætlazt, og skila sér aftur heim í byggðarlögin með vel menntuðu fólki, sem vissulega er aldrei nógu mikið af.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 706, n. 842).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Í þessu frv. eru ýmis stórmerk nýmæli. Í fyrsta lagi er ákvæðið um að bæta stórlega aðstöðu nemenda, sem sækja skóla utan af landsbyggðinni, og í öðru lagi ákvæði, sem til þess eru fallin að rétta hjálparhönd þeim nemendum, sem eiga efnalitla foreldra eða erfiða aðstöðu að öðru leyti. Hér er tvímælalaust um að ræða mikilvægt spor í þá átt að auka jafnrétti til menntunar. Það er rétt að minna á í þessu sambandi, að áður hefur Alþ. afgr. frv., sem gengur í sömu átt, en þar á ég við, að nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans hefur verið veitt aðild að Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál af hálfu menntmn. Það er samdóma álit n., að hér sé um mjög mikilvægt framfaraspor að ræða, og hún mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 901).

52. Höfundalög.

Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til höfundalaga [238. mál] (stjfrv., A. 505).

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Um frv. það til höfundalaga, sem hér er lagt fyrir, mætti vissulega hafa langt mál í framsögu, en ég mun láta mér nægja að drepa á nokkur höfuðatriði málsins m. a. sökum þess, hvernig það ber að. Þetta er enginn nýgræðingur hér í þingsölunum, heldur hefur áður komið fyrir augu hinna eldri alþm.

Aðdragandi að flutningi þessa frv. nú hefst í rauninni þegar 12. maí 1959, þegar hv. Nd. samþykkti rökst. dagskrá, þar sem látin var í ljós von um, að þáv. ríkisstj. léti fram fara endurskoðun á löggjöfinni um höfundarétt. Þetta varð til þess, að þáv. menntmrh., dr. Gylfi Þ. Gíslason, fól dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frv. til höfundalaga. Það gerði dr. Þórður og gekk frá frv. ásamt aths. Það frv. var lagt fyrir Alþ. árið 1962, en hlaut ekki afgreiðslu. Eftir að þetta frv. var samið, vildi svo til, að mjög ör þróun varð í höfundarétti á alþjóðavettvangi, bæði hjá einstökum ríkjum og í hinum alþjóðlega höfundarétti, sem fólginn er í alþjóðasamningum. Ráðstefna kom saman í Stokkhólmi 1967, þar sem samþykktar voru víðtækar breytingar á Bernarsáttmálanum um höfundarétt, sem að stofni til er frá 1886, og er sú útgáfa hans kennd við Stokkhólm. Enn hefur þessari nýlegu útgáfu verið breytt á ráðstefnu í París s. l. sumar, og þegar í þessu frv. er vísað til Bernarsáttmálans, er átt við þessa nýjustu gerð, Parísartextann frá 24. júlí 1971.

Af hálfu íslenzkra stjórnvalda var málið tekið upp að nýju árið 1970. Þá fól fyrrv. menntmrh. þeim Knúti Hallssyni deildarstjóra, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni og dr. Þórði Eyjólfssyni að taka hið óafgreidda frv. frá 1962 til endurskoðunar og gera á því breytingar, sem hæfðu, í samræmi við þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á Bernarsáttmálanum og í samræmi við breyttar aðstæður. Frv. þeirra allmjög breytt frá gerðinni 1962 var svo lagt fyrir Alþ. 1970, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Eftir að ég tók við starfi menntmrh., fól ég sömu mönnum að athuga frv. enn á ný, og enn hefur því verið breytt, ekki þó mjög, en í nokkrum greinum, og er nú lagt fram í því formi, sem þessi nefnd gekk frá því. Öllum, sem málum þessum eru kunnugir, ber saman um, að mjög sé aðkallandi, að íslenzkur höfundaréttur, sem byggist að meginstofni á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905 um rithöfundarétt og prentrétt, sé lagaður að þeim breytingum, sem orðið hafa á meira en hálfri öld, bæði á réttarvenjum og á aðstæðum – breytingum – á því, hver listaverk eru á þeim markaði, sem höfundaréttur nær til, og hvaða tækni er beitt til að dreifa þeim og útbreiða þau. Breyting hefur að vísu verið gerð á l. frá 1905. Sú breyting var gerð með lögum nr. 49 frá 1943, en hún var aðeins gerð til bráðabirgða til að bæta þá úr helztu ágöllum og koma því til leiðar, að Ísland gæti fengið inngöngu í Bernarsambandið, samband þeirra ríkja, sem gagnkvæmt hafa skuldbundið sig til að virða hvert gagnvart öðru ákvæði Bernarsáttmálans, eins og hann er á hverjum tíma.

Það leiðir af líkum, að lagasetning um eignarrétt á hugverki þarf að vera á allt annan hátt en sú réttarvernd, sem veitt er efnislegum eignum, áþreifanlegum munum. Og þar að auki er tiltölulega skammt, síðan lagasetning kom til um verndun höfundaréttar. Loks hafa listir þróazt mjög ört á síðustu öldum og áratugum, nýjar listgreinar komið til, ný listtækni, ný flutningstækni og ný fjölföldunartækni. Allt hefur þetta gífurlega mikil áhrif á stöðu eigenda höfundaréttar og þeirra aðila, sem notfæra sér verk, sem höfundaréttarverndar njóta, á opinberum vettvangi og á kaupsýslumarkaði. Hin mikla aukning á útbreiðslu og útbreiðslumöguleikum hugverka, sem höfundaréttur nær til, bókmenntaverka, tónverka, leikhúsverka og myndlistarverka, gerir það að verkum, að enn nauðsynlegra er en áður að vernda ekki aðeins fjárhagsleg réttindi höfundaréttareigenda, heldur einnig siðferðilegan rétt þeirra, rétt þeirra til að láta það til sín taka, hvernig með verk þeirra er farið í meðförum annarra aðila. Til þessa hefur verulegt tillit verið tekið í þeim breytingum, sem átt hafa sér stað á höfundarétti á síðustu árum. En ekki hefur síður þurft að gæta þess, að eintakagerð er á margvíslegan hátt langtum auðveldari og í stærri stíl nú en áður, einkum vegna margvíslegrar rafeindatækni, sem þar er beitt, bæði við eintakagerðina sjálfa og flutning hugverka.

Eins og ég sagði áður, var Bernarsáttmálinn frá 1886 fyrirmynd að löggjöf í fjölda landa um verndun höfundaréttar, og síðari gerðir hans hafa einnig hvarvetna verið hafðar til fyrirmyndar í flestum ríkjum, þó að einstöku ríki og þá sér í lagi tvö stórveldi, Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin, hafi af einhverjum ástæðum séð sér hag í því að standa utan Bernarsambandsins. Það hefur að ýmsu leyti auðveldað starfið að því að semja þetta frv., sem hér liggur fyrir um höfundarétt, að ekki er nema rúmur áratugur frá því, að önnur Norðurlandaríki, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, settu sér höfundalög á árunum upp úr 1960. Norðurlönd hafa bundizt fastmælum að hafa sín á milli samstarf um höfundarétt, og við samningu þess frv., sem hér liggur fyrir, hefur þess verið gætt að samræma hina norrænu löggjöf af Íslands hálfu, svo sem við verður komið og ástæða þykir til. Sömuleiðis var þess sérstaklega gætt að haga ákvæðum þessa frv. þannig, að þau fullnægðu

kröfum Bernarsáttmálans og Genfarsáttmálans, hinna alþjóðlegu samninga um gagnkvæma vernd höfundaréttar.

Eins og ég sagði í upphafi, mun ég ekki rekja hér að neinu ráði einstakar greinar eða ákvæði þessa frv., sem er geysi-yfirgripsmikið, en vil aðeins drepa á þýðingarmikil almenn sjónarmið, sem gætt hefur verið við samningu þess. Það er í fyrsta lagi, að lögð hefur verið áherzla á að tryggja rétt höfunda betur en áður, og eins og ég drap á áðan, er þess mjög mikil þörf hér eins og annars staðar vegna breyttrar tækni og vegna breyttra markaðsskilyrða fyrir margs konar hugverk. Þessa er sérstaklega gætt í mun ítarlegri ákvæðum en áður giltu um eintakagerð og birtingu verka, sem njóta verndar höfundaréttar. En jafnframt þessu eru gerðar í 11. gr. tilteknar undantekningar frá algerum einkarétti höfunda til að birta verk sín, en jafnframt leitazt við að hafa þessi ákvæði svo þröng, að þar sé aðeins um eftirgerðir eintaka til einkanota að ræða. Sömuleiðis eru ákvæði um rétt safna til ljósritunar á verkum til eigin afnota innan þessara stofnana, og gert er ráð fyrir, að um slíka eftirgerð sé sett reglugerð til að girða sem bezt má verða fyrir það, að þessi undanþága sé misnotuð.

Ég vil geta þess hér, að dráttur sá, sem orðið hefur á, að þetta mál hlyti afgreiðslu, mun að verulegu leyti eiga rót sína að rekja til þess, að að sjálfsögðu gætir nokkuð mismunandi sjónarmiða þeirra, sem eiga höfundaréttinn, og þeirra, sem notfæra sér verk, sem njóta höfundaréttarverndar. Ég hef þá trú, að þessi ágreiningsatriði hafi verið leyst í því frv., sem hér liggur fyrir, á þann hátt, að báðir aðilar megi við una. Það leikur ekki á tveim tungum, að um gerð frv. hafa fjallað hinir hæfustu menn og fróðustu, sem við eigum völ á á þessu sviði. Starf þeirra er nú búið að standa, með nokkrum uppstyttum að vísu, í áratug. Stofnanir, samtök og einstaklingar, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, hafa því haft mjög rúman tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, og í allra síðustu lotu er mér kunnugt um, að haft var samráð við þessa aðila enn einu sinni og var þá aðeins um að ræða nokkurn ágreining um mjög fá og tiltölulega einangruð atriði frv., og m. a. s. það, sem skiptastar munu hafa verið skoðanir um, varðar ekki nema á annan bóginn fyrst og fremst íslenzka aðila. Þar á ég við afnotarétt Ríkisútvarpsins af hljóðupptökum og rétt gagnvart því af hálfu flytjenda og útgefenda, ekki höfunda. Þar er eins og menn vita fyrst og fremst um að ræða erlenda aðila. Ég veit ekki betur en þeir aðilar, sem mest hafa látið sig þetta mál varða, séu ásáttir um þau ákvæði, sem hér hafa verið tekin upp í þetta frv. Ég vil svo leggja til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að láta í ljós ánægju yfir því, að þetta frv. skuli nú flutt og lýsa yfir stuðningi við framgang þess. Það sætir eflaust engum tíðindum, að ég skuli lýsa ánægju yfir flutningi frv., því að ég hef áður flutt það í meginatriðum eins og það nú er flutt í tvö skipti, meðan ég veitti menntmrn. forstöðu, eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh., fyrst 1962 og svo aftur á síðasta þingi. Ástæðan til þess, að það hlaut ekki afgreiðslu í fyrra skiptið, 1962, voru fyrst og fremst ýmsar eðlilegar aths. á þeim tíma af hálfu Ríkisútvarpsins, sem m. a. benti á það, að höfundalög væru einmitt um það leyti í mjög örri þróun og viðtækar breytingar stæðu fyrir dyrum í öðrum löndum, eins og einnig hefur komið á daginn. Í endurskoðun, sem fram fór á málinu 1970, eins og hæstv. ráðh. gat um í framsöguræðu sinni, var tekið tillit til þeirra breytinga, sem orðið höfðu á erlendri höfundaréttarlöggjöf, og til þeirra tæknilegu aths., sem Ríkisútvarpið hafði áður fært fram og voru eðlilegar. Ástæðan til þess, að málið náði hins vegar ekki fram að ganga, þegar það var flutt 1970 eða á síðasta þingi, mun fyrst og fremst hafa verið sú, að Ríkisútvarpið taldi sig tæplega geta staðið undir þeim fjárhagslegu byrðum, sem frv. legði því á herðar. Þar yrði um mjög mikinn útgjaldaauka að ræða, sem Ríkisútvarpið var ekki á því stigi tilbúið til þess að takast á hendur, og óskaði það því eftir nánari athugun á frv., eins og hæstv. ráðh. raunar gat um í ræðu sinni og vikið er að í grg. frv., þar sem segir, að á frv., eins og það var flutt síðast, hafi verið gerðar nokkrar breytingar m. a. samkv. tillögum frá Ríkisútvarpinu.

Þess vegna langar mig til þess að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh. – það hlýtur að skipta verulegu máli í sambandi við það, hverjar horfur eru á því, að frv. nái fram að ganga núna – hvort Ríkisútvarpið hafi formlega samþykkt fyrir sitt leyti, að frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi. Auðvitað geri ég mér það ljóst, að það er Alþ., sem hefur löggjafarvald, en ekki Ríkisútvarpið, en hins vegar skiptir það að sjálfsögðu mjög miklu máli, að sú stofnun, sem nýmæli þessa frv. snerta fyrst og fremst, er Ríkisútvarpið. Nýmælin snerta fyrst og fremst íslenzka Ríkisútvarpið og starfsemi þess. Þessi stofnun þarf að vera sátt við frv., eins og það nú er, og þarf að geta mælt með framgangi þess. Það lá ekki fyrir í fyrra. Þess vegna náði frv. ekki fram að ganga á því þingi. Ég mundi mjög fagna því, ef það lægi nú fyrir, að Ríkisútvarpið væri málinu samþykkt, því að þá efast ég ekki um, að hv. menntmn. og þingheimur yfirleitt væri reiðubúinn til þess að veita þessu mikla nauðsynjamáli íslenzkra höfunda á öllum sviðum og íslenzkra mennta yfir höfuð að tala brautargengi. Þetta kemur ekki, að því er ég fæ bezt séð, alveg skýrt fram í grg., hvort um slíkt samþykki af hálfu Ríkisútvarpsins er þegar að ræða eða ekki.

Í þessu sambandi langar mig til þess að fara fáeinum orðum um fjármál Ríkisútvarpsins eða fjárhag Ríkisútvarpsins í framhaldi af blaðaummælum nú fyrir skömmu, en í blöðum hefur þess verið getið, að Ríkisútvarpið teldi fjárhag sinn nú vera mjög þröngan – svo þröngan, að til vandræða horfði. Í einhverju blaðanna var þess jafnvel getið, að fjárhagur Ríkisútvarpsins væri nú á þessu ári þannig, að verið gæti, að grípa þyrfti til samdráttar í dagskrá bæði sjónvarps og hljóðvarps.

Nú ber auðvitað að treysta blaðafregnum um efni sem þessi varlega, og þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvort eitthvað sé til í þessu, hvort fjármál Ríkisútvarpsins séu nú þannig, að hætta sé á því, að það telji sig verða að draga saman seglin. Ef svo væri, bæri að harma það mjög, og á það bæði við um sjónvarp og hljóðvarp, því að enginn vafi er á því, að þessi stofnun, báðir þættir hennar, gegna mjög miklu menningarhlutverki í íslenzku þjóðfélagi. Það var á döfinni í Ríkisútvarpinu að auka starfsemi sjónvarpsins að því leyti að hætta við það að fella niður sjónvarp á

fimmtudögum, svo sem verið hefur frá því, að sjónvarpið tók til starfa. Það var stefna, held ég, að ég megi segja, fyrrv. útvarpsráðs að vinna að því sem fyrst, að enginn dagur þyrfti að vera sjónvarpslaus, þ. e. hægt væri að sjónvarpa einnig á fimmtudögum. Ef þessar blaðafregnir, sem birzt hafa, eru réttar, þá virðist svo sem á því sé ekki von, heldur jafnvel hinu, að úr sendingum sjónvarpsins dragi að einhverju leyti. Það mundi ég og ábyggilega allir aðrir, sem gagn og gaman hafa bæði af sjónvarpi og hljóðvarpi, harma mjög mikið, og ég vona, að þessar blaðafregnir séu ekki á rökum reistar. En mig fýsir að heyra frásögn hæstv. menntmrh. varðandi þetta atriði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það er fyllilega eðlilegt, að hv. 7. þm. Reykv. skuli sérstaklega spyrja eftir því, hversu háttað sé afstöðu stjórnenda Ríkisútvarpsins til tiltekinna ákvæða þessa frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess, eins og hann réttilega skýrði frá, að framgangur málsins mun tvisvar hafa stöðvazt á því, að ráðamenn Ríkisútvarpsins töldu sig ekki geta búið við þau ákvæði, sem þá var þar að finna. Eins og ég drap á í þeim orðum, sem ég flutti hér til framsögu fyrir málinu, hefur verið lögð á það áherzla að komast að niðurstöðu, sem bæði fullnægði ákvæðum núgildandi alþjóðasamninga um höfundarétt og gætti eðlilegra hagsmuna ríkisstofnunar eins og Ríkisútvarpsins, sem mjög þarf að nota höfundaréttarverndaðar upptökur frá ýmsum aðilum til að halda uppi dagskrá sinni, en hefur, eins og allir vita, miklu rýrari tekjugrundvöll til að starfa á en sambærilegar stofnanir í öðrum löndum. Það er mitt álit, að með ákvæðum þess frv., sem hér er lagt fram, hafi þetta tekizt, og mér er tjáð, að Ríkisútvarpið telji sig fyrir sitt leyti geta búið við þau ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir, svo að ég vona sannarlega með hv. þm., að þetta atriði verði ekki til að tefja framgang málsins að þessu sinni.

En svo er það allt annað mál, hvernig fjárhagur Ríkisútvarpsins er almennt, en að því vék hv. þm. Það er alveg rétt, að við ákvörðun afnotagjalds Ríkisútvarps var hvergi nærri fullnægt óskum forráðamanna stofnunarinnar um þá hækkun, sem þeir óskuðu eftir, og eins og hjá öðrum fyrirtækjum, hvort sem þau eru ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki, hlýtur það auðvitað að hafa áhrif á starfsáætlanir, en ég hef enga ástæðu til að ætla, að af þessu munu leiða samdrátt t. d. í dagskrá útvarps eða sjónvarps, sem mér skildist hv. þm. telja, að skýrt hefði verið frá opinberlega. Allt annað mál er það, hvort fresta eigi lengur eða skemur lengingu dagskrár, eins og t. d. sjöunda sjónvarpsdeginum í vikunni. Mér er ekki kunnugt um, hversu langt fyrirætlanir um að taka upp sjöunda sjónvarpsdaginn hafa verið komnar, þegar skipt var um útvarpsráð. En hins þykist ég hafa orðið var bæði fyrr og síðar, að mjög eru skiptar skoðanir meðal sjónvarpsnotenda um, hvort þeir kæri sig um að fá sjöunda sjónvarpsdaginn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil taka undir ummæli hæstv. ráðh. og annarra ræðumanna um nauðsyn þess, að þetta mikla frv. nái nú fram að ganga, þannig að höfundar listaverka fái aukin réttindi. Ég vil einnig leggja á það ríka áherzlu, að afgreiðsla málsins verði í samvinnu við Ríkisútvarpið, þar sem málið getur skipt okkur millj. kr. Komi til þeirra milljónaútgjalda, verða þau lögð beint á almenning í afnotagjöldum. Kjarni þessa máls er sá, að undanfarin ár hafa ekki aðeins höfundar, heldur einnig flytjendur listaverka, fært sig upp á skaftið og fengið aukinn rétt. Þetta hefur þá þýðingu hér, að ef Ríkisútvarpið ætti að greiða gjald til flytjenda á allri þeirri tónlist, sem það flytur af hljómplötum frá morgni til miðnættis og einnig í sjónvarpinu, þá mundu það verða stórar upphæðir, sem mundu hafa áhrif til hækkunar á afnotagjöldum svo að segja þegar í stað. Viðleitni Ríkisútvarpsins hefur því verið sú, að farið yrði eins hægt og mögulegt er að þessu leyti til þess, að þessi útgjaldaaukning vegna flutningsréttar skylli ekki á í einu lagi.

Það eru mjög erfið mál við að fást, sem hér er fjallað um, og eru einnig til höfundaréttarmál, sem eru utan við ramma þessa frv., hvimleið og valda erfiðleikum. Ég vil geta þess, að það er óleyst vandamál í sjónvarpinu, hverjir eigi höfundarétt að dagskrárliðum, sem þar eru framleiddir. Þar er ekki aðeins um að ræða þá, sem koma fram, ekki þá, sem skrifa handritið, ekki þá, sem stjórna upptöku, heldur einnig þá, sem annast ljósaútbúnað, sviðsútbúnað o. s. frv. Ég get sagt mönnum frá því sem dæmi, að fyrir einum þrem árum var flutt í sjónvarpinu mjög gott efni um Jón Sigurðsson, sem Fræðslumyndasafn ríkisins vildi gjarnan fá á kvikmynd til að láta ganga til skólanna, en það hefur ekki verið hægt til þessa dags, vegna þess að það er ósamið við starfslið útvarpsins um það, hverjir eigi höfundarétt að slíku verki, þegar það er selt út úr stofnuninni.

Hér hefur fjárhag Ríkisútvarpsins einnig borið á góma, og skal ég ekkert um hann segja almennt. Það er ljóst, að Ríkisútvarpið þarf á miklum tekjum að halda og þar bíða nú óleyst allmikil verkefni, sérstaklega á sviði húsbygginga og annarrar aðstöðu. En í sambandi við áhrif þess, að fjárhagur Ríkisútvarpsins er nú þröngur, vil ég taka það fram, að fyrrv. útvarpsráð hafði engin áform um að taka upp sjöunda sjónvarpsdaginn. Það hefur undanfarin 2–3 ár verið einróma skoðun útvarpsráðs þess, sem fór frá um áramót, og útvarpsstjóra, að dagskrá bæði hljóðvarps og sjónvarps væri nú hæfilega löng og ætti héðan í frá að vinna að því að bæta hana, en ekki lengja hana. Frá þessu er þó ein undantekning, og ég hygg, að minn ágæti flokksformaður hafi þar ruglað tveimur málum saman. Ríkisútvarpið fellir niður sjónvarpssendingar sínar í júlímánuði, og það hefur verið deiluatriði. Ég og fleiri hafa verið mjög harðir andstæðingar þess að loka sjónvarpinu algerlega í mánuð. Ég hef haldið því fram, að það gerði ekkert til fyrir okkur, sem erum á bezta aldri, getum hreyft okkur um landið og förum í sumarleyfi, þó að við misstum af sjónvarpinu mikinn hluta sumarsins. En við megum ekki gleyma því, að stærsti hlutinn af þeim, sem nota sjónvarpið, er fólk, sem verður að sitja heima af ástæðum, sem það ræður ekki við. Það er gamla fólkið, það eru sjúklingar, það eru húsmæður og aðrir, sem eru bundnir við heimili sín. Þetta fólk er ekki á flakki um landið allan júlímánuð. Ég hef því verið þeirrar skoðunar, að það ætti að stytta sjónvarpsdagskrána almennt yfir sumarmánuðina, en ekki loka fyrir sjónvarpið algerlega í heilan mánuð. Þetta er eina atriðið varðandi lengd dagskrár, sem hefur verið umdeilt,

en það hafa sárafáar hugmyndir heyrzt og alls engar í útvarpsráði um að taka upp sjöunda sjónvarpsdaginn.

Þegar fjárhagur Ríkisútvarpsins þrengist til muna, þannig að það gengur út yfir dagskrána, þá mun það ekki koma fram í því, að dagskráin verði stytt. Það út af fyrir sig sparar ekki mikið fé, heldur mun fjárskortur fyrst og fremst koma fram í því, að það verða skornir niður dýrustu dagskrárliðirnir, sem eru yfirleitt beztir, íslenzku dagskrárliðirnir. Nú er t. d. flutt að jafnaði eitt íslenzkt sjónvarpsleikrit í mánuði hverjum, og ég geri ráð fyrir, að þessi eini liður kosti 3–5 millj. kr. Ég geri líka ráð fyrir því, að það yrði freistandi að reyna að spara þarna, en flestir munu sammála um, að þetta sé eitt það merkasta af því efni, sem íslenzka sjónvarpið flytur. Hættan er sú, ef fé skortir til dagskrár, að lítið verði hægt að spara með því að stytta hana, því að fólkið, sem vinnur að dagskránni, er margt á vöktum og sæti þá aðgerðalaust, ef dagskráin væri stytt um hálfan eða einn klukkutíma, svo að kostnaðurinn minnkar ekki sem því svarar. Fjárskortur til dagskrár mun ganga út yfir það efni, sem við viljum sízt missa.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða efnislega það frv., sem hér liggur fyrir. Ég tel eðlilegt, að höfundar njóti sömu verndar og réttinda með verk sín hér á landi og gerist í nágrannalöndum okkar. Ég hef ekki kynnt mér frv. nægilega til þess að geta metið þetta, en auðvitað gefst tími til að skoða það nánar, þó að manni svona við lauslegan yfirlestur sýnist þar vera sumt, sem kannske mætti öðruvísi vera. En um það ætla ég ekki að dæma á þessu stigi.

En ég vildi leyfa mér að vekja athygli á öðru í sambandi við þetta frv., sem ég tel vera mál skylt því, sem hér er um að ræða. En það eru þær reglur, sem gilda um úthlutun listamannalauna, og fleiri atriði varðandi fjármál í sambandi við rithöfunda og listamenn, sem ég tel, að mjög hafi farið úrskeiðis á undanförnum árum. Ég held, að það hafi ekki farið fram hjá neinum, hvorki þm. né öðrum, að í hvert skipti, sem búið er að úthluta listamannalaunum, upphefjast umr., og ég tel, að í mörgum tilvikum sé það hreint þjóðarhneyksli, hvernig að þeim hefur verið staðið. Nú síðast endaði þetta með því, eins og kunnugt er, að sú nefnd, sem Alþ. kaus til að úthluta listamannalaunum, var kölluð fram í sjónvarpinu, og þar var ætlazt til, að hún gerði grein fyrir, hvernig hún hefði metið fjárhagslegan styrk eiginlega hvers og eins listamanns, sem úthlutað var listamannalaunum, og einnig, hvers vegna hún hefði ekki úthlutað ýmsum listamönnum launum, sem sumir töldu, að frekar hefðu átt að fá listamannalaun en þeir, sem fengu þau. Ég tel, að þegar þannig er komið málum um nefnd, sem Alþ. skipar til að vinna ákveðið verk eins og þarna er ætlazt til, þá verði að sjá fyrir því, að nefndin hafi a. m. k. einhverjar þær starfsreglur, sem verndi hana fyrir því, að það þurfi að koma til, að eðlilegt sé talið, að hún sé kölluð upp í sjónvarp og látin þar gera grein fyrir störfum sínum og í einstökum atriðum úthlutun til einstakra listamanna. Auðvitað hlýtur það að vera mjög viðkvæmt mál, þegar nefndin er að meta fjárframlög til listamanna. Þar kemur margt til greina, sem útilokað er, að hægt sé að skýra frá í sjónvarpi eða fyrir alþjóð.

Ég vildi því leyfa mér við þetta tækifæri að vekja athygli hæstv. menntmrh. og menntmn. á því, hvort ekki sé tímabært í sambandi við þetta mál að endurskoða einnig þær reglur, sem fram að þessu hafa gilt um úthlutun listamannalauna og önnur fjárframlög til listamanna. Ég tel á því fulla nauðsyn og tel, að ekki geti haldið áfram, eins og verið hefur og alltaf er að færast í aukana, þær hvimleiðu deilur – og ég segi mannskemmandi deilur – sem hafa átt sér stað í sambandi við úthlutun á fé til listamanna og greiðslur til þeirra, sem þeir telja sig eiga kröfu á til ríkisins. Það er ekki aðeins, að þetta bitni á nefndinni, sem Alþ. kýs til að úthluta þessum fjárframlögum til listamanna almennt, heldur höfum við séð það í blöðum og málgögnum, að það upphefjast deilur innbyrðis milli listamannanna sjálfra, sem margar hverjar eru á þann veg, að það er þeim lítt til sóma, sem þar eiga hlut að máli, og þar hefjast innbyrðis illvígar deilur bæði um störf nefndarinnar og kannske úthlutun til einstakra listamanna. Ég tel þetta, eins og ég sagði, vera slíkan blett, að það verði að vinna að því að setja einhverjar ákveðnar reglur, sem nefnd sú, sem Alþ. skipar til að vinna þetta verk, geti farið eftir, svo að hún verði ekki gagnrýnd eins og verið hefur að undanförnu. Einstakir nefndarmenn hafa jafnvel mannskemmt sig á afstöðu sinni til einstakra mála.

Það hefur komið fyrir – sennilega einu sinni átt sér stað – að samtökum og forsvarsmönnum listamanna var afhent viss, tiltekin upphæð úr ríkissjóði til úthlutunar innbyrðis til hinna ýmsu listgreina og einstakra listamanna. Ég tel, ef á að halda þessu áfram eins og verið hefur, að Alþ. leysi bezt sinn vanda á þann veg að taka þetta upp aftur, þ. e. að afhenda listamönnum í heild ákveðna upphæð, sem þeir svo innbyrðis komi sér saman um, hvernig úthluta skuli til hverrar listgreinar og hvers listamanns. Ekki er ráðlegt að setja þingkjörna menn í þann vanda, sem þeir vissulega hafa verið settir í á undanförnum árum og flestir hlotið, að því er ég segi, vansæmandi ummæli að launum og síður en svo þakklæti þeirra, sem þar eiga hlut að máli, þó að þeir án efa hafi gert það, sem þeim í hverju tilfelli fannst skynsamlegast og réttast.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mér virðist þessi umr. vera að snúast nokkuð á kynlegan veg, ef l. umr. um höfundalagafrv. ætlar að verða að almennum eldhúsdagsumræðum um mál lista og listamanna. En vegna þeirra ábendinga, sem hv. 3. þm. Sunnl. bar hér fram, vil ég þó aðeins segja það, að ef hann skoðar hug sinn aftur í tímann, og hann mun vera langminnugri en ég, held ég, að það hljóti að rifjast upp fyrir hv. þm., að deilur um úthlutun listamannafjár eru ekki ný bóla. Þær eru eldri en við báðir, þó að þetta fyrirkomulag, sem nú er, hafi ekki loðað við nema í nokkra áratugi.

Það er sjálfsagt mál að skoða allar ábendingar og allar till. um breytt fyrirkomulag til bóta til að draga úr þeim ágreiningi, sem hlýtur þó eðli málsins samkv. ætíð að loða við þessi mál. Það er sjálfsagt að taka allt eðlilegt tillit til þessa og fullnægja hinum mismunandi sjónarmiðum, sem þarna hljóta alltaf að verða uppi. Það er ekki hægt að búast við því, að um jafntormetin verðmæti og listir verði allir á einu máli. Þess má hins vegar vænta bæði af þeim, sem um slík mál fjalla af hálfu opinberra aðila, og af hálfu listamanna sjálfra,

að þeir gæti hófs í framsetningu sjónarmiða sinna. En það verður ekki tryggt með neinum úthlutunarreglum né neinni lagasetningu né neinni skipun úthlutunarnefnda. Það er aðeins þetta, sem ég vildi taka fram að gefnu tilefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 505, n. 714, 724).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Íslendingar búa enn við höfundalög frá árinu 1905 og eru að sögn kunnugra nú ein hin elztu í heimi. Þessi l. hafa tekið sáralitlum breytingum hér á landi, enda þótt þróun þessara mála hafi verið mjög ör erlendis, og er þetta varla talið samboðið listelskri bókmenntaþjóð.

Frv. það, sem hér er til 2. umr., hefur verið til athugunar og endurskoðunar í rúman áratug frá því, að fyrstu drög að því lágu fyrir. Með lögfestingu þessa frv. mundi höfundaréttarmálum komið í nútímahorf á Íslandi, svo að nálgast það, sem ríkir í næstu löndum. Réttur höfunda mundi aukast nokkuð og verða betur tryggður að ýmsu leyti en áður. Margvísleg ákvæði mundu verða samræmd aðstæðum samtíðarinnar, og loks mundi flytjendum listanna verða tryggður réttur til þóknunar í fyrsta sinn.

Meginástæðan til þess, að frv. hefur ekki náð fram að ganga fyrr, þótt það hafi verið til meðferðar í áratug, hefur verið ótti Ríkisútvarpsins við stóraukin útgjöld vegna mikillar notkunar þess á hljómplötum. Af þessum sökum er farinn í frv. sá meðalvegur að veita aðeins íslenzkum flytjendum rétt til þóknunar, en erlendum flytjendum er ekki veittur sá réttur hér á landi fyrst um sinn. Á þennan hátt hefur náðst samkomulag þeirra aðila, sem málið snertir mest, en höfundar og flytjendur mæla að sjálfsögðu með samþykkt frv.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að greiðslur til höfunda eru veigamikill þáttur í fjárhag Ríkisútvarpsins. Á árinu, sem leið, mun Ríkisútvarpið hafa greitt bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp um 12 millj. kr. í greiðslur til höfunda. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt, en engu að síður mikill þáttur í rekstri stofnunar, sem fámenn þjóð verður að standa undir. Hefur þegar náðst samkomulag um, að Ríkisútvarpið greiði íslenzkum flytjendum, – en þar munu fyrst og fremst koma til tónlistarmenn, hljóðfæraleikarar og söngvarar – 500 þús. kr. fyrsta árið, en síðan hækkar greiðslan um 100 þús. kr. á ári upp í 800 þús. kr. Ríkisútvarpinu hefur aðallega staðið stuggur af greiðslum fyrir notkun á erlendum hljómplötum. Miðað við þann taxta á íslenzkum hljómplötum, sem hér um ræðir, er það ágizkun mín, að greiðslur fyrir flutningsrétt til útlendinga mundu nema 4–6 millj. kr. Þetta mundi að sjálfsögðu leggjast á íslenzka útvarpsnotendur í auknum gjöldum á einn eða annan hátt. Það er eingöngu af þessari ástæðu, sem Ríkisútvarpið hefur sýnt nokkra tregðu í þessu máli, en ekki af því, að skort hafi hjá forráðamönnum útvarpsins skilning á því, að listamenn, bæði höfundar og flytjendur, eigi fullkominn rétt á eðlilegum greiðslum fyrir verk sín og þá sérstaklega fyrir endurnotkun, þegar hljómplata er notuð aftur og aftur.

Í viðræðum, sem menntmn. átti við höfunda þessa frv., var upplýst, að réttur höfunda samkv. frv. gangi hvergi, svo að umtalsvert sé, lengra en réttur höfunda er annars staðar á Norðurlöndum, en í sumum atriðum gengur réttur höfunda hér á landi samkv. þessu frv. skemmra. Sérstaklega hygg ég, að íslenzkir höfundar muni una illa því ákvæði, að náist ekki samkomulag við þá, hefur Ríkisútvarpið rétt til að flytja verk þeirra áfram og greiða síðan eftir á fyrir það samkv. þeim taxta, sem um kann að semjast. Við þetta er samningsaðstaða listamanna veikt, og segja má með orðum, sem eru skiljanlegri fyrir allan þorra manna, að þessi ákvæði þýði, að þeir listamenn, sem selja vinnu sína til Ríkisútvarpsins, sem nú veltir 2–300 millj. kr. á ári og lifir á verkum þessa fólks, hafi þar ekki verkfallsrétt. Slíkur réttur er til annars staðar á Norðurlöndum, og ég hygg, að hann muni koma hér, en samtök höfunda og flytjenda hafa gengið inn á að láta þetta atriði bíða með tilliti til þess, að frv. flytur þeim að öðru leyti mjög margvíslegar kjara- og réttarbætur.

Í lagabálki sem þessum eru að sjálfsögðu mörg atriði, stór og smá, sem skoðanir kunna að vera og eru skiptar um. Menntmn. hefur þó talið meira virði að tryggja framgang frv. en að stofna til deilna um einstök atriði og mælir því einróma með samþykkt þess án breytinga. Þetta þýðir, að þeir menntmnm., sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins, hafa ákveðið að sitja á ýmsum hugmyndum, sem þeim kynni að þykja freistandi að flytja, í þeirri von, að það verði sem minnstur ágreiningur um frv. og það fáist afgr. á þessu þingi, enda er það ljóst af reynslu, að lagabálkur sem þessi hlýtur að koma aftur til nýrrar endurskoðunar 2–3 árum eftir að hann hefur gengið í gildi, þegar reynsla hefur fengizt af þeim ákvæðum, sem eru ný og sett í íslenzk l. í fyrsta skipti. Má því búast fastlega við, að tækifæri gefist til að hefla þetta verk innan fárra ára. Þess vegna hefur menntmn. lagt aðaláherzlu á, að meginatriði málsins nái fram að ganga, enda ekki skammlaust fyrir Alþ. og þjóðina, að mál sem þetta skuli hafa strandað hvað eftir annað og setið fast í rúmlega áratug og þessi þjóð bókmennta og listamanna skuli búa við höfundalög, sem eru frá því um aldamót.

Ein brtt. hefur verið lögð fram á þskj. 724 frá hv. 2. þm. Norðurl. v. Hún er við 21. gr. og er um, að 4. tölul. falli niður. Þessi tölul. er um það, að opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, sé heimill eins og þar segir, þ. e. að heimilt sé að flytja verkin án þess að biðja um sérstakt leyfi hverju sinni: „Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir.“ Síðan er það, sem á að falla niður: „Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulið eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.“

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að þeir höfundar, sem fást við að semja texta við sálmalög, njóti sama réttar og allir aðrir höfundar, ef verk þeirra eru notuð. Það mun vera meginhugsunin á bak við þetta atriði í 21. gr., og virðist ekki óeðlilegt, að sálmahöfundar njóti nákvæmlega sama réttar og aðrir höfundar, hvað þetta snertir. Hins vegar er þetta nokkuð óvenjulegt og mun ekki vera bundið í norrænum lögum. Ég vil ekki leggja

á þetta atriði áherzlu. Hæstv. þd. getur ráðið því, ef hún vill, og mun það ekki breyta neinu um meginreglur eða megintilgang þessa frv., hvort hún samþykkir þessa till. eða ekki. Þetta mál var rætt í n. og rætt við höfunda frv., og n. tók, eins og ég áður sagði, þá afstöðu að flytja engar brtt. hvorki við þetta né annað. Í þessu sambandi má benda á, að nú er allathyglisverð og – að því er margir telja – mjög lofsverð þróun í gangi á þá lund, að æskan hneigist meira til guðsþjónustu og kirkjulegra athafna en hún hefur gert um langa hríð. Þessari þróun hefur fylgt það, að farið er að nota við guðsþjónustur og kirkjulegar embættisathafnir ýmsa tónlist aðra en þar hefur verið notuð undanfarnar aldir, þ. á m. svokallaða popptónlist og tónlist, sem er tekin beint úr söngleikjum, sem sýndir eru við metaðsókn í næstu löndum.

Ég vil taka það fram að lokum, að nm. spurðu höfunda frv., sem eru þessum málum kunnugir, hvernig slíkt atriði sem þetta yrði framkvæmt. Kom í ljós, að sennilega mundu samtök, sem semja fyrir höfunda og flytjendur, gera í einu lagi samkomulag við þjóðkirkjuna um, að greidd yrði einhver upphæð fyrir not á tónlist og textum og öðru, sem höfundaréttur nær til, við guðsþjónustur og kirkjulegar embættisathafnir. Þessi eina upphæð yrði síðan færð sem útgjöld kirkjunnar og væntanlega greidd af ríkissjóði, á meðan þjóðkirkjan er ríkiskirkja. Ætti þetta ákvæði því ekki að þurfa að valda hinum minnstu áhyggjum þeim, sem hafa með að gera eða taka einn eða annan þátt í guðsþjónustum eða kirkjulegum embættisathöfnum í landinu. Ég vil að lokum endurtaka, að ég tel það ekki skipta meginmáli, hvort till. á þskj. 724 verður samþ. eða ekki.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. hv. menntmn., þá var ég ekki viðstaddur lokaafgreiðslu þessa máls úr n. vegna fjarveru minnar úr bænum, en ég hafði þó látið þess getið á fundi í n., þegar fjallað var um þetta mál áður, að vera kynni að ég mundi skrifa undir nál. með fyrirvara og jafnvel áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. Hins vegar var ég í öllum höfuðatriðum mjög sammála því, sem fram kemur í nál., að hér væri um mál að ræða, sem ekki væri svo þægilegt að fara að gera stórvægilegar breytingar á nú á síðustu dögum þingsins, enda er það svo, eins og hv. frsm. n. sagði, að þessi mál geta alltaf komið til endurskoðunar og hægt að gera á þeim lagfæringar, eftir því sem reynslan telur rétt vera. Brtt. mín er við 21. gr. frv. og er í því fólgin, að STEF-gjöld verði ekki greidd vegna flutnings sálma eða kirkjulegrar tónlistar í guðsþjónustum og við kirkjulegar athafnir. Ég veit, að ekkert af hv. þingsystkinum mínum hér í hv. d. tekur þessa brtt. mína þannig, að ég sé að gera minna úr þeim skáldum, sem yrkja sálma, né að ég telji þau ekki eiga eins mikinn rétt á því að fá höfundalaun og hver önnur skáld og höfundar. Það, sem kom mér til að flytja þessa brtt., var nú fyrst og fremst það, að mér sýndist, að það mundi verða nokkuð örðugt að framkvæma þetta ákvæði. Ef réttlæti ætti að ríkja, þá þyrfti í rauninni að halda nákvæma skrá yfir hverja guðsþjónustu, sem haldin er og þá sálma, sem notaðir eru, og síðan yrði sú skrá athuguð síðar og úthlutað þessum STEF-gjöldum eftir henni.

Annað, sem kom mér til þess að flytja þessa brtt., var það, að einn aðalhöfundur frv. og raunar aðalhöfundur þess, dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómari, gerði sér ferð hingað niður í Alþ. í gærmorgun beinlínis í þeim tilgangi að benda mér á það – sennilega vegna þess að ég var ekki staddur á fundi n., þegar höfundarnir komu á fund hennar – að það væri ekki rétt, sem stæði í aths. við 21. gr., að samsvarandi ákvæði væru í hinum nýju norrænu höfundalögum. Þessi ákvæði munu ekki vera enn komin inn í norrænu höfundalögin, og í Bernarsáttmálanum eru engar reglur, sem svara til efnis þessarar gr., og dr. Þórður taldi jafnvel ástæðu til þess að fella niður úr gr. þetta ákvæði. Aftur á móti hef ég rætt þetta mál betur við einn höfunda frv. í morgun, Knút Hallsson deildarstjóra í menntmrn., og hann skýrði nokkuð fyrir mér, hvernig menntmrn. hugsaði sér að framkvæma þetta ákvæði, og ég komst á þá skoðun, að ef framkvæmdin yrði slík, þá mundi það verða til þess að efla kirkjusöng og tónlistarlíf í kirkjum okkar, og þess vegna hef ég ákveðið að draga þessa till. til baka. (Gripið fram í.) Já, þeir hafa hugsað sér, að það yrði á eitthvað svipaðan hátt og hv. frsm. skýrði hér frá áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
11.–26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 724 tekin aftur.
27.–42. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
43.–44. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
45.–50. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
51.–53. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
54.–59. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
60.–65. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Nú þegar þetta mál er komið til 3. umr. í þessari d., vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta frv. og láta í ljós stuðning minn við framgang þess.

Ég vil gera það, um leið og ég í upphafi vek athygli á því megininntaki í þessu frv., sem felst í 1. gr. þess, þar sem segir: „Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.“ Í inngangi grg. er síðan sagt um þetta meginákvæði frv.: „Hlutverk og efni höfundalaga er að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum: bókmenntum og listum. Með lögunum er viðurkenndur réttur þess, sem verkið hefur gert, þ. e. höfundarins, til umráða yfir því, sem ýmist eru fjárhagslegs eða persónulegs eðlis.“ Á þessum meginkjarna þessa frv. vildi ég vekja athygli, þ. e. á þeirri stefnumótun, sem það felur í sér. Með þessu frv. er verið að undirstrika betur en áður höfundarétt, þ. e. rétt hvers

höfundar til síns huglæga verks; það er verið að viðurkenna enn betur og herða enn frekar á eignarréttarsjónarmiðinu á þessum vettvangi.

Í grg. með þessu frv. er nokkuð rakin saga þeirrar baráttu, sem háð hefur verið fyrir þessari viðurkenningu, og rifjað upp, hversu lítilsvirt voru um aldaraðir hugverk manna og hversu höfundar voru oft hart leiknir. Í grg. segir m. a., með leyfi forseta:

„Ekki er í fornum lögum, hvorki innlendum né erlendum, neinn vísir að vernd bókmenntaverka eða listaverka. Það var líka fjarri hugsunarhætti hinna fornu menningarþjóða, t. d. Grikkja og Rómverja, að viðurkenna eignarrétt að öðru en líkamlegum munum. Höfundar áttu vitanlega, eins og nú, þau eintök að verkum sínum, sem þeir gerðu sjálfir, handrit, málverk, höggmyndir o. s. frv., og gátu áskilið sér gjald fyrir þau, ef þeir létu þau af hendi. En eftir það var hverjum manni heimilt án samþykkis höfundar að gera ný eintök af verkunum og með þeim breytingum, sem henta þótti."

Þessu til áréttingar segir enn fremur í grg.: „Þegar bókaútgefanda tókst að ná í handrit að verki, sem hann taldi vænlegt til sölu, gat hann gefið það út undir nafni höfundar án þess að spyrja hann um leyfi. Það var einnig algengt, að verkin væru gefin út eftir breyttum og afbökuðum handritum, og stóðu höfundar varnarlausir gegn því. Enn síður var um það að ræða, að höfundar ættu rétt til þóknunar fyrir prentun og útgáfu verkanna eða til arðs af sölu þeirra. Þó að höfundar teldu sig hart leikna, höfðu þeir öldum saman engin samtök með sér til að hrinda þessari ágengni, enda var það rótgróið í almenningsáliti, að þegar höfundur hefði látið verk af hendi, væri það þar með orðið almenningseign, sem hver mætti gera við það, sem hann vildi." Svo segir í grg.

Að því er vikið í þessari sömu grg., að á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar hafi verið samin allfullkomin höfundalög þess tíma, sem markaði ákveðna stefnu og ruddi brautina fyrir seinni tíma lagasetningu á þessu sviði, og skal ég ekki rekja þá sögu. Það fór hins vegar vel á því og var eðlilegt, að orsakasamband væri þar á milli, þ. e. höfundalaga og stjórnarbyltingarinnar í Frakklandi á sínum tíma, þar sem meginkrafa þeirrar byltingar var einmitt friðhelgi eignarréttarins.

Á öllum tímum og nú ekki síður á okkar tímum hefur þeim þjóðfélagskenningum eða skoðunum vaxið nokkuð ásmegin, þar sem fordæmdar eru kenningarnar um séreignarréttinn, og í sumum hverjum af þessum kenningum er jafnvel beinlínis lagt til að afnema þennan séreignarrétt. Þeir einstaklingar, sem keppa að því að fá uppskeru af starfi sínu í tekjum og arði, eru stundum kallaðir arðræningjar þjóðfélagsins og sagðir vera stærstu ljónin á vegi fyrir hinni félagslegu lausn útópíunnar og alræðis öreiganna. Ekki þarf að taka fram, hversu eignarrétturinn er lítils metinn samkvæmt kenningum Marx, og reyndar er hann talinn orsök alls hins illa í hinu spillta, borgaralega þjóðfélagi.

Því er ekki að neita, að sérstaklega allt of margir rithöfundar og reyndar aðrir skapandi höfundar og listamenn hafa látið ánetjast þessum kenningum marxismans, en á sama tíma hefur þetta fólk gert háværar og að mínu viti sjálfsagðar kröfur um aukna vernd verka sinna og krafizt óskerts hlutar af hinni andlegu framleiðslu sinni. Um leið og ég fyrir mitt leyti tek heils hugar undir slíkar kröfur, vil ég í mestu vinsemd benda á, að þær kröfur samrýnast að sjálfsögðu engan veginn kenningum gamla Marx, sem lítið hefði lagt upp úr svo harðsvíraðri séreignarstefnu. Sannleikurinn er auðvitað sá, að réttur höfunda til verka sinna er í eðli sínu sá sami og réttur eigenda til afraksturs af framleiðslutækjum, og í báðum tilfellum býr sú hugsun að baki, að einstaklingarnir eiga að njóta hæfileika sinna, hugvits og handverka.

Sú stefna, sem áréttuð er í þessu frv. og undirstrikar mjög skilmerkilega eignarrétt höfunda að verkum sínum, er vissulega í anda þeirra stjórnmálaskoðana, sem snúast öndverðar gegn kenningum Marx, og þeirra kenninga, sem vilja afnema eignarréttinn, og væri betur, að mönnum væri ljóst samhengi hinnar eðlilegu baráttu höfunda fyrir ótvíræðum eignarrétti að verkum sínum og hinnar almennu þjóðfélagsstefnu um verndun eignarréttarins á líkamlegum munum, fasteignum og framleiðslutækjum. Þessi sjónarmið vildi ég setja hér fram við þessa umr. og lýsa því yfir, að einmitt út frá þessari grundvallarskoðun er ég mjög eindreginn stuðningsmaður þessa frv., og ég álít satt að segja, að það megi og eigi að ganga miklum mun lengra en í þessu frv. er gert, og ég lít svo á, að hér sé eingöngu um áfanga að ræða, sem sé í sífelldri endurskoðun.

Í grg. þessa frv. er reyndar vakin athygli á því, að ýmis atriði séu til athugunar og megi betur fara. M. a. er vakin athygli á atriðum eins og rétti höfunda vegna upptöku tónsmíða á segulbönd til einkanota, og í því sambandi er bent á, að segulbandstæki hafa gert mönnum í vaxandi mæli kleift að taka upp tónlist og talað mál eftir hljómplötum eða útvarpi til afnota í heimahúsum og – eins og þessum málum er háttað – hafi ekki verið teknar í frv. neinar sérreglur um segulbandsupptökur, en gefið í skyn, að það sé fyllilega tímabært að taka það til athugunar; undir það sjónarmið tek ég.

Í öðru lagi er vakin athygli á rétti höfunda vegna útlána á bókum, en það er gamalt og nýtt baráttumál rithöfunda, og þar er sporið ekki stigið til fulls. Um það segir í grg., með leyfi forseta: „Í höfundarétti er viðurkennt, að almennt eigi eigandi eintaks af bókmenntaverki eða tónverki, t. d. bók, nótnahefti eða hljómplötu, að hafa sömu eignarréttarheimildir að því sem hverjum öðrum líkamlegum hlut, enda virði hann sem aðrir einkarétt höfundar til eintakagerðar og opinbers flutnings á verkinu. Spurning hefur einkum risið um afstöðu höfunda til útlána á bókum til almennings frá opinberum bókasöfnum ... Útleiga frá verzlunum á bókum, hljómplötum eða öðrum eintökum bókmenntaverka eða tónverka hefur ekki tíðkazt hér. Þykir því ekki ástæða til að setja reglur, sem þar að lúta", segir áfram í þessari grg. Þarna er því áfram verkefni til athugunar og lagasetningar.

Ég vek í þriðja lagi athygli á því, sem segir hér í grg., að höfundum í ýmsum löndum sé áskilinn hluti af söluverði listaverka á uppboðum. Það er ekki tekið upp í þetta frv., en hlýtur að vera mjög mikilvægt mál fyrir alla listamenn og höfunda slíkra verka. Enn fremur er vakin athygli á skattlagningu í þágu höfunda á útgáfu rita, en það er ekki háð höfundarétti. Um þetta fer ég ekki fleiri orðum, en vek athygli á því, að þetta frv. er

mjög merkilegt spor og afskaplega mikilvægur áfangi í þeirri baráttu höfunda almennt að fá viðurkenningu á eignarrétti á verkum sínum, en um leið er það aðeins einn áfangi að fullri viðurkenningu.

Eins og sjá má af þeirri upptalningu, sem ég hef hér af handahófi, eru mörg vandamál óútkljáð og frekari verndun og viðurkenning á höfundarétti verkefna, sem hlýtur að vera í sviðsljósinu, þegar þess gætir í vaxandi mæli í þjóðfélaginu, að sælzt sé æ lengra inn í einkalíf einstaklinga og skert æ meir friðhelgi eignarréttarins.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það er raunar óþarft fyrir mig að koma hér í ræðustólinn til þess eins að lýsa stuðningi mínum við þetta frv., því að ég hef átt sæti í þeirri n., sem hefur um málið fjallað, og n. hefur afgr. þetta samhljóða frá sér. Þó að ég væri ekki viðstaddur á síðasta fundi n., þegar frv. var afgr., var afstaða mín til málsins sú, að ég studdi það. Ég bar að vísu fram eina brtt. við það, eins og ég sagði frá á fundi hér í hv. þd. í fyrradag, en tók hana til baka. Ég skýrði ástæðurnar fyrir því, en ég vil gjarnan láta þetta koma fram hér og tek þá undir með hv. síðasta ræðumanni, að með samþykkt þessa frv. er Alþ. Íslendinga að lýsa andstyggð sinni á því prælahaldi, sem ríkir í hinum kommúniska heimi yfir skáldum og rithöfundum.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Hér hafa farið fram heldur undarlegar hugmyndafræðilegar umræður af hálfu hv. 9. landsk. þm. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Ef á að fara að draga Marx inn í umr. um höfundarétt, skulum við aðeins rifja upp, hver er kjarni þess, að við viðurkennum höfundarétt listaverka. Tilgangurinn er tvenns konar. Í fyrsta lagi að tryggja það, að verkamaðurinn fái fjárhagslegan arð af vinnu sinni. Þannig eru kenningar Marx í fyllsta samræmi við höfundaréttinn. Í öðru lagi á höfundarétturinn að tryggja, að enginn fái afskræmt eða notað sér verk annars í annarlegum tilgangi eða fyrir eigin fjárhagslegan ábata. Ég læt nú útrætt um þessar djúpu þenkingar manna hér um eignarrétt og marxisma í sambandi við höfundarétt.

En það var algjör misskilningur hjá hv. 9. landsk. þm., að þetta frv. væri stórt spor í þá átt að tryggja höfundum það, sem hann nefndi með mikilli áherzlu eignarrétt. Lögfræðingur Rithöfundasambands Íslands metur þetta frv. svo, að það sé mjög óverulegur bjargareða réttarauki fyrir höfunda vegna þess, að gömlu höfundalögin, enda þótt þau væru í úreltum búningi, tryggðu höfundaréttinn miklu betur en af hefur verið látið. Hann lætur þess enn fremur getið, að fjárhagslegur ávinningur rithöfunda sé sáralítill af þessu frv., það séu listflytjendur, sem hafi mestan hagnað af þessu nýja frv. Hann segir hér orðrétt í bréfi, með leyfi hæstv. forseta, og er þá að ræða þetta nýja frv.:

„Við erum sem sagt að fara úr gömlu vaðmálsbrókunum í höfundaréttarlegu tilliti og taka upp nýtízkulegri klæðnað. Við þau fataskipti verður þó vandlega að gæta þess, að hinn nýi búningur sé a. m. k. jafnskjólgóður og helzt skjólbetri höfundum en sá eldri."

Það er einn alvarlegur ágalli á þessu frv., sem ég hefði haldið, að hv. 9. landsk. þm. hefði fremur átt að nefna hér en nokkuð annað, því að það er atriði, sem er ekki samboðið lýðræðisþjóðfélagi. Það hefur ekki náð fram að ganga, að rithöfundar eða höfundar hugverka ættu frjálsan samningsrétt, þegar um er að ræða flutning verka þeirra í útvarp. Alls staðar á Norðurlöndum hafa rithöfundar þessi réttindi, og þess er skemmst að minnast, að norskir rithöfundar náðu mikilvægum áfanga í kjarabaráttu sinni með því að leggja bann við flutningi verka sinna, meðan á samningum stóð. Hér á Íslandi og í þessu nýja frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið megi halda áfram að leika og flytja verk höfunda, enda þótt samtök höfunda hafi sagt upp samningum. Ríkisútvarpið verður að vísu að greiða gjald fyrir – gjald, sem væntanlega yrði samið um, en með því að rithöfundar eru sviptir því valdi að banna flutning verka sinna, þá segir sig sjálft, að við samningsgerð eru hendur þeirra mjög bundnar. Auk þess verða þeir að hlíta gerðardómi, sem engin önnur samtök höfunda á Norðurlöndum verða að hlíta. Nauðsynlegt er fyrir samtök höfunda að vinna að því, að frjáls samningsréttur þeirra sé viðurkenndur eins og annarra vinnandi stétta. En hins vegar er af mörgum ástæðum talið mjög mikilvægt, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, og hafa höfundar því talið réttara að láta þetta fara að svo stöddu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér þykir það leiðinlegt, að hv. 4. landsk. þm. vill ekki – á sama tíma og hann tekur þátt í baráttu rithöfunda fyrir viðurkenningu á rétti þeirra til verka sinna og til fulls gjalds af notkun þessara verka – viðurkenna þessa baráttu rithöfundanna í verki og lokar augunum fyrir því, að þetta er vissulega barátta fyrir því að fá viðurkenndan rétt sinn, eignarrétt viðkomandi af sínum verkum, og í eðli sínu er sú barátta sú sama og háð er fyrir séreignarrétti á öðrum sviðum. Hins vegar þykir mér það miður, ef þessi ágæti þm. telur það frekar vera í sínum verkahring að taka upp hanzkann fyrir Marx gamla í slíkum umr. Ég veit ekki, hvort ég á að skilja þm. svo, að hann vilji gera ummæli lögfræðings þess, sem hún vitnar til, að sínum, þegar hún vitnar til ummæla, þar sem sagt er um þetta frv., að það sé óverulegur áfangi. Þó var það því miður svo að skilja með upplestri á þessari tilvitnun, að þar væri tekið undir þessi ummæli. Ég get ekki fallizt á það, þegar verið er að breyta 50 ára gömlum lögum, úreltum lögum, koma á margvíslegum bótum og endurskoðun á þessum viðamiklu málum, setja mjög vandvirknislega unna löggjöf og kanna málið ítarlega, sem er til mikilla hagsbóta fyrir höfunda almennt, að það sé kallaður óverulegur áfangi. Ég sagði, að þetta væri mjög mikilsvert frv. og ég styddi það af heilum hug, en teldi hins vegar, að það væri einungis áfangi að því marki, að full viðurkenning fengist á eignarrétti höfunda, en ég tel það langt frá því að vera óverulegan áfanga.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem hér er lagt fyrir og komið er frá Nd., þskj. 505,

á sér langan aðdraganda. Langt er síðan, að samþ. var 1959 í Nd. rökst. dagskrá, þar sem látin var í ljós sú von, að ríkisstj. léti fara fram endurskoðun á löggjöf um höfundarétt. Þá þegar var dr. Þórði Eyjólfssyni, þáv. hæstaréttardómara, falið að annast endurskoðun gildandi laga og undirbúa nýtt frv. til höfundalaga. Það frv. var lagt fyrir Alþ. árið 1962, en hlaut ekki afgreiðslu. Eftir 1962 urðu ýmsar breytingar á alþjóðlegum höfundarétti með breytingum á hinum alþjóðlega sáttmála, sem um hann gildir, Bernarsáttmálanum svonefnda. Honum var breytt í Stokkhólmi 1967 og síðar í París sumarið 1971.

Á árinu 1970 fól þáv. menntmrh. Knúti Hallssyni deildarstjóra, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni og dr. Þórði Eyjólfssyni að taka frv. frá 1962 til endurskoðunar og breyta því, eins og hæfa þætti, m. a. til samræmis við breytingarnar á Bernarsáttmálanum. Þeir gerðu allvíðtækar breytingar á frv. frá 1962. Var það lagt fyrir Alþ. 1970, en hlaut ekki afgreiðslu. Nú hafa sömu menn enn á ný athugað frv. og breytt því nokkuð, og er það flutt, eins og þeir gengu frá því. Eins og menn sjá, er þetta mikill lagabálkur og margbrotinn, og sé ég ekki ástæðu til að rekja einstök atriði, sem þar er um fjallað. Málið er komið hingað frá Nd., og vil ég leyfa mér að láta í ljós eindregna ósk um, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða það sem lög á þessu þingi.

Ég vil að svo mæltu leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 505, n. 843).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til höfundalaga, sem komið er frá hv. Ed. Eins og kunnugt er, eru íslenzk höfundalög orðin mjög aldin að árum eða meira en 60 ára gömul og þarfnast tvímælalaust endurskoðunar, en þau hafa ekki verið endurskoðuð allan þennan tíma nema að því leyti, sem snertir aðild Íslands að Bernarsáttmálanum. Hér er tvímælalaust um mikið nauðsynjamál að ræða, sem náðst hefur góð samstaða og samkomulag um, og ber brýna nauðsyn til, að þetta frv. geti orðið að lögum.

Ég sagði, að gott samkomulag væri um efni frv., og á því er ekki vafi, að allir aðilar telja til mikilla bóta, að það geti orðið að lögum, en hitt er annað mál, að til eru þeir aðilar, sem telja, að viss atriði frv. hefðu gjarnan mátt vera með öðrum hætti, og það eru þá einkum rithöfundar, sem ekki eru alls kostar ánægðir með þau ákvæði, sem snerta viðskipti rithöfunda við Ríkisútvarpið. Rithöfundar hafa ekki samkv. frv. raunverulegan stöðvunarrétt gagnvart Ríkisútvarpinu, þ. e. rétt til þess að banna, að efni, sem þeir eru höfundar að, sé flutt í Ríkisútvarpinu, en slíkar heimildir og slík ákvæði eru í lögum nágrannaþjóða okkar. Og ég held, að slíkar heimildir og slík réttindi verði hreinlega að teljast til almennra mannréttinda nú á dögum, þ. e. að menn hafi samningsrétt um það, sem telst þeirra réttmæt eign. En um þetta hefur sem sé ekki orðið samkomulag, og þar af leiðir, að þetta er á þennan veg í frv., að rithöfundar hafa ekki þennan rétt. Ég vildi hins vegar undirstrika það, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til þess, að úr þessu verði bætt og um það takist samkomulag, að þeir öðlist þennan rétt. En þar sem mér er kunnugt um það, að rithöfundar eru þess fýsandi eins og allir aðrir aðilar þessa máls, að frv. verði að lögum, og þar sem vænta má þess, að ef farið væri að breyta ákvæðum frv. að þessu leyti, þá væri það samkomulag rofið og það mundi kosta það, að frv. næði ekki fram að ganga, þá hef ég talið og fleiri, sem hefðu kannske viljað gera aths. við þetta atriði, að til þess sé ekki ástæða, eins og málin standa nú, en þetta atriði verður að taka til athugunar síðar meir.

Með þessari aths. læt ég það koma hér fram, að menntmn. mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–65. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 902).

---

53. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1972.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972 [270. mál] (stjfrv., A. 652).

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 652 er frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Áður en ég vík að þessu frv. vil ég aðeins gera grein fyrir skýrslu þeirri, sem lögð hefur verið fram hér á hv. Alþ. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa upp úr þeirri skýrslu, enda skýrir hún sig sjálf og er aðgengileg mjög. Samt vil ég aðeins vekja athygli á þeim meginatriðum, sem í skýrslunni eru. En í sambandi við þá framkvæmdaáætlun, sem hér liggur fyrir og er seint á ferðinni sem kunnugt er, vil ég minna á það, að þegar ég

gerði grein fyrir fjárlagafrv. á s. l. hausti gerði ég einnig grein fyrir því, að drög að framkvæmdaáætlun fylgdu ekki fjárlagafrv. þá, sem stafaði af þeirri breytingu, að Efnahagsstofnunin var að hætta störfum og við störfum hennar o. fl. tók Framkvæmdastofnunin. Það var því talið eðlilegt að geyma framkvæmdaáætlunina, þar til þessi stofnun væri farin að starfa og fleiri atriði væru ljósari, sem þá voru óljós. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til að breyta um vinnubrögð í þessu og að framkvæmdaáætlun verði afgr. með fjárlagafrv. Það er afar óeðlilegt og afar óæskilegt að hafa þann hátt á að afgreiða fjárlög í raun og veru tvisvar, eins og gert er með framkvæmdaáætluninni, sem er framhald af fjárlögum. Ýmis atriði eru einnig inni í framkvæmdaáætluninni og hafa verið þar, sem eiga beinlínis að afgreiðast á fjárlögum. Það hefur verið reynt að fækka þessum atriðum, en þó er langt frá því, að þetta sé komið í æskilegt horf. Þetta er ekki nýtt. Ég minnist þess, að fyrirrennari minn í fjmrh.-embættinu vék að því, að þessi vinnubrögð væru æskileg og þróunin hefur orðið sú, að skýrari mynd af framkvæmdaáætlun hefur fylgt fjárlagafrv., þar til á s. l. hausti, vegna þess sem ég hef nú tekið fram. Hins vegar mun vera að því stefnt, eins og kemur fram í þessari skýrslu, að breyta þessu á þann hátt að hefja nú þegar undirbúning að næstu framkvæmdaáætlun jafnhliða því sem fjárlagafrv. verður undirbúið.

Skýrsla sú, sem hér liggur fyrir, er samin í áætlunardeild Framkvæmdastofnunarinnar, og hefur Bjarni Bragi Jónsson unnið það verk að mestu leyti. Um skýrsluna er það að segja, að fyrsti hluti hennar er almennt yfirlit um framkvæmdaáætlun, fjáröflun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. II. kaflinn fjallar almennt um viðhorf í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar er vikið að því, að framleiðsla hefur farið ört vaxandi og þjóðartekjur. Stórfelld aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé almennings í landinu og framkvæmdir hafa einnig farið ört vaxandi. Almenn eftirspurn eftir vörum og þjónustu, vinnuafli og fjármagni hefur einnig farið vaxandi og hefur magnazt örar en þróun framleiðslunnar. Þá er gerð grein fyrir fjármunamyndun á árinu 1971 með samanburði við fyrri ár. Einnig er gerð spá um þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og fjármunamyndun á þessu ári. Sömuleiðis er í þessari skýrslu vikið að þróun sparnaðar og nauðsyn sparnaðar, gjaldeyrisstöðunni og horfum á vinnumarkaði. Í skýrslunni er bæði gerð grein fyrir þessum atriðum með almennu orðalagi og frásögn, en einnig er gerð grein fyrir því með skýrum töflum, sem fylgja með grg. þessari og eru mjög ljósar og aðgengilegar. Þá er í framhaldi af þessu grg. um framkvæmdir og fjáröflun vegna þeirra á árinu 1972, og er sú grg. miklu ítarlegri heldur en er að finna í frv. á þskj. 652. Eins og öllum hv. þm. er ljóst, er meginefni í fjáröflun og því, sem fram kemur í sambandi við framkvæmdaáætlun, öflun fjár til lánasjóða, fjárfestingarlánasjóða, og opinberra framkvæmda, skýrslur um samanburð á fjáröflun til framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða og útlán fjárfestingarlána. Um framkvæmdaáætlunina 1972 vil ég segja það, að þar er í fyrsta lagi um að ræða, að heildarfjáröflun áætlunarinnar er rúmar 2000 millj. kr. á móti 778 millj. á árinu 1971, eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Hins vegar varð nokkur breyting á þessu síðar á árinu 1971, vegna þess að framkvæmdir urðu öllu meiri heldur en gert var ráð fyrir þar.

Um hinar einstöku framkvæmdir, opinberar framkvæmdir á árinu 1972 vil ég segja þetta. Það er í fyrsta lagi um að ræða landshafnir, sem gert er ráð fyrir að útvega fé upp á 28 millj. kr. Þær hafnir, sem eiga að njóta þeirrar fjáröflunar, sem gert er ráð fyrir, eru Rifshöfn 15 millj. kr., Njarðvíkurhöfn 8 millj. kr. og Þorlákshöfn 5 millj. kr. Það, sem gert er ráð fyrir að gera í Rifshöfn, er annaðhvort að dýpka höfnina eða ljúka þar frágangi á hafnarmannvirkjum eins og grjótgörðum og fleiru, sem eftir var, þegar síðast var unnið að framkvæmdum í þeirri höfn. Það er gert ráð fyrir því, að Njarðvíkurhöfn verði dýpkuð, og varðandi Þorlákshöfn er fyrst og fremst um skuldagreiðslur að ræða, auk þess sem á að gera rannsóknir á stækkun hafnarinnar.

Til flugöryggismála eru ætlaðar 16 millj. kr. og er hér um að ræða endurgreiðslu á láni vegna framkvæmda eða kaupa á flugöryggistækjum, sem farið hafa fram áður.

Í fjáröflun til rafmagnsveitna er stærsti liðurinn til Rafmagnsveitna ríkisins vegna framkvæmda 172 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því, að af þessari fjárhæð fari 59 millj. til framkvæmda við Lagarfossvirkjun, 14 millj. til framkvæmda við Mjólkárvirkjun, Langavatnsmiðlun, og til virkjanarannsókna og hannana fari 3 millj. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að stofnlína verði lögð frá Búrfelli að Hvolsvelli, sem kostar um 20 millj. kr., frá Laxárvirkjun til Þórshafnar, sem kostar 13 millj., frá Hornafirði í Öræfin, sem kostar 6 millj., og gert er ráð fyrir aðveitustöðvum á Dalvík og Egilsstöðum, 4.5 millj., og spennistöð á Borgarfjarðarkerfi, 2 millj. Þessi liður er áætlaður um 46.5 millj. kr. Þá eru aðrar framkvæmdir, sem eru um 50 millj. kr. eða 57 millj. kr., og meðal þeirra framkvæmda er virkjun ár einnar á Snæfjallaströnd. Þá er gert ráð fyrir því, að 57 millj. kr. fari til framkvæmda í sveitarafveitunum, en það er það fjármagn, sem vantar umfram það, sem áður er útvegað, en 115.3 millj. kr. mundi verða kostnaður við þær á yfirstandandi ári. Af þeim eru 50 millj. á fjárl. og 8.3 millj. heimtaugagjöld. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að Rafmagnsveitur ríkisins fái 20 millj. kr. til þess að lengja lán, sem áður hafa verið tekin og er talið ofvaxið rafveitunum að borga nú. Þá er ætlazt til, að 15 millj. fari til vatnsorkurannsókna, til jarðhitarannsókna fari 17 millj. kr. og til jarðvarmaveitna ríkisins er gert ráð fyrir 7 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að það fari til jarðvarmaveitu í Hveragerði, á Eyrarbakka og Stokkseyri og í jarðhitaleitarlán. Til rannsóknastofnananna á Keldnaholti eru ætlaðar 6 millj. kr. og 3 millj. vegna endurbóta á Landssmiðjunni í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir 14 millj. kr. vegna lögreglustöðvarbyggingarinnar hér og svo til að borga af lánum vegna Reykjanesbrautar 45 millj. kr., en á undanförnum árum hefur verið í framkvæmdaáætlun tekið sérstakt lán til þess að greiða af þessum lánum Reykjanesbrautar. Ljóst er, að hér verður að verða breyting á og ekki verður komizt hjá því að útvega fé með öðrum hætti til þess að greiða af þessum lánum.

Þá er og sama að segja um Hafnarfjarðarveg í Kópavogi. Þar er gert ráð fyrir 30 millj. kr. Af því eru 24 millj. vegna afborgana og vaxta af lánum, en aðeins 6

millj. kr. til framkvæmda. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að hér er um mun minni fjárhæð að ræða heldur en þeir í Kópavogi fóru fram á, og gerðu þeir ráð fyrir því, að til þess að ná þeim áfanga, sem skilaði verulegu marki, þyrfti 50 millj. í framkvæmdafé á yfirstandandi ári. Við gerð þessarar áætlunar þótti ekki fært að útvega það fjármagn að sinni. Hins vegar er það mál til betri athugunar áfram og einnig verið að athuga, hvaða möguleikar kunna að vera á því að nýta fjármagn til framkvæmda, þótt minna sé.

Þá eru þrír næstu liðir, til Austurlandsvegáætlunar, Norðurlandsvegáætlunar og Skeiðarársandsvegar, en það eru um 270 millj. kr. og kemur þetta fé einnig inn í vegáætlun. Halli varð á framkvæmdaáætlun á árunum 1970 og 1971, og er gert ráð fyrir því að greiða um helming hallans á yfirstandandi ári, en draga aftur þar til síðar það, sem eftir er.

Annar meginþáttur í þessari fjáröflun eða fjárnotkun er það að fjármagna þá fjárfestingarlánasjóði, sem hafa verið fjármagnaðir samkv. fjáröflun á framkvæmdaáætlun. Hér er um allverulega upphæð að ræða, sem á að ná í þessu skyni, og skipting á því fjármagni, sem Framkvæmdasjóður mundi hafa yfir að ráða í sambandi við stofnlánadeildirnar, er sem hér segir: Það er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeild landbúnaðarins fái um 200 millj. kr., en á s. l. ári fékk hún fyrst 60 millj. kr. og svo s. l. haust 70 millj. kr. eða samtals 130 millj. á vegum Framkvæmdasjóðs. Heildarútlán deildarinnar urðu 254 millj. á s. l. ári og með þessari fjárútvegun mundi hún geta lánað um 310–320 millj. kr. á næsta ári. Hins vegar er í áætlun deildarinnar gert ráð fyrir því, að útlán verði meiri eða um 350–360 millj. kr., og verður þá síðar á árinu að mæta þeirri fjárþörf, þegar ljóst er, hver hún verður. Hins vegar var ekki talið framkvæmanlegt að útvega deildinni meira að þessu sinni gegnum fjáröflun Framkvæmdasjóðs. Til veðdeildar Búnaðarbankans er gert ráð fyrir að útvega 35 millj. kr., en í framkvæmdaáætlun á s. l. ári var hér um 10 millj. kr. að ræða. Hins vegar er það svo, að deildin hefur ekki alla þessa fjármuni til útlána, vegna þess að hún hefur verið fjármögnuð með bráðabirgðalánum, sem verður að greiða á næsta ári. Ljóst er, að ekki mun þetta nægja veðdeildinni til þess að sinna þeim verkefnum, sem hún þarf að sinna á þessu ári.

Gert er ráð fyrir því, að útlán Fiskveiðasjóðs verði 1051 millj. kr. á árinu 1972, en urðu 853 millj. á s. l. ári. Aukningin er um 200 millj. eða 23%. Hlutdeild Fiskveiðasjóðs í lánum Framkvæmdasjóðs nemur um 50% af heildarlánum hans. Enn sem fyrr fer meginhluti af lánveitingum til fiskiskipa, en veigamikil verður þó útlánaaukning Fiskveiðasjóðs á árinu 1972 til vinnslustöðva fiskiðnaðarins, en til þeirra eru ætlaðar 237 millj. kr. Af því eru 127 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við endurbætur vegna aukinna krafna um hreinlæti og hollustuhætti.

Þá er gert ráð fyrir því, að 25 millj. kr. gangi til dráttarbrauta, og í því sambandi eru nefndar dráttarbrautirnar í Njarðvík, Hafnarfirði, Akranesi og Fáskrúðsfirði. Í sambandi við þetta mál vil ég geta sérstaklega um dráttarbrautina á Akranesi, en eins og kunnugt er varð hún fyrir óhappi á þessum vetri, þar sem hún bilaði með mjög alvarlegum afleiðingum. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá ríkisstj., því að þann 23. febr. s. l. kom til mín Jósef Þorgeirsson framkvæmdastjóri dráttarbrautarinnar og ræddi fjárhagsvandræði þeirra út af þessu óhappi. Mun hann í sama sinn hafa hitt iðnrh. og rætt þetta einnig við hann. Í framhaldi af því fóru fram viðræður á milli fjmrn. og Seðlabanka Íslands út af þessu máli. Fjmrn. fól hagsýslustofnuninni að gera athugun á þessu og þá enn fremur ástæðunum fyrir því, að þetta óhapp átti sér stað. Hörður Sigurgestsson, starfsmaður í hagsýslustofnuninni, sá um framkvæmd á þessari athugun af hálfu hagsýslustofnunarinnar og hafði sér til ráðuneytis verkfræðing, Stefán Örn Stefánsson. Þeir fóru allmargar ferðir upp á Akranes út af þessu máli, og enn fremur kom hingað til lands einn af fulltrúum fyrirtækis þess, sem seldi skipasmíðastöðinni á Akranesi skipalyftuna. Það er talið ljóst af þeim athugunum, sem fram fóru á þessu máli, að ástæðan til þess að óhappið varð var sú, að vír mun hafa slitnað, þegar verið var að draga bátinn Gissur hvíta upp. Frekari orsök fyrir því, að svo fór, mun ég ekki ræða að þessu sinni, en hins vegar held ég, að það séu ekki neinar ýkjur þó að ég segi, að af hálfu fjmrn. hefur verið lögð allmikil vinna í þetta mál, og var á sínum tíma, það mun hafa verið í marz, haldinn fundur með framkvæmdastjórum fyrirtækisins, bæjarstjóranum á Akranesi, seðlabankastjórunum, verkfræðingnum, sem vann þetta verk hjá hagsýslustofnuninni, og þm. Vesturl. Inn í þetta mál hafa komið að sjálfsögðu margir þættir og m. a. það, að það virðist hafa vakað fyrir þeim á Akranesi að gera sína stöðu betri en áður hefur verið í sambandi við uppbyggingu á þessu fyrirtæki. Hins vegar var það svo, að þann 24. apríl s. l. afhentu trúnaðarmenn hagsýslustofnunarinnar, Hörður Sigurgestsson og Stefán Örn Stefánsson verkfræðingur, mér skýrslu, endanlega skýrslu um málið og tillögur um uppbyggingu. Á næsta fundi ríkisstj. nú s. l. þriðjudag lagði ég málið fyrir ríkisstj. og var þá samþykkt að fara að tillögum þeirra og bjóða fram útvegun á láni, sem væri um 80% af þeim kostnaði, sem talið var, að fyrirtækið yrði fyrir af þessum ástæðum, og þannig, að sú breyting, sem gerð yrði, mundi nægja til þess að gera notagildi fyrirtækisins eins mikið og það áður var með því að bæta þar við tveimur spilum, en jafnhliða átti svo að stytta bilið á milli spilanna, svo að öryggið átti að verða mun meira. Áður hafði ríkisstj. samþ. að leggja fram fé til þess að aðstoða við að ná skipum þeim, sem voru innilokuð í dráttarbrautinni, niður, og hefur skipasmíðastöðin fengið 2 millj. kr. til þess að koma því í framkvæmd. Og sem betur fór tókst það, og a. m. k. annað skipið, Skinney frá Hornafirði, hefur fiskað verulega síðan hún komst á flot aftur. Ég átti svo viðræður við framkvæmdastjóra fyrirtækisins s. l. miðvikudag eða daginn eftir ráðherrafundinn og skýrði frá þessum athugunum og því tilboði eða því liðsinni, sem ríkisstj. vildi veita vegna þessa óhapps, og það var ákveðið, að mér yrði gefið svar í gær um það, hvort dráttarbrautin eða forustumenn hennar teldu þetta vera á þann veg, að þeir mundu þiggja það. Að sjálfsögðu var enginn að neyða þá til þess að taka þessu, enda hefur til þessa ekki verið talið, að þyrfti að neyða menn til að taka við 25 millj. kr. aðstoð. Svona á milli kl. 3 og 4 í gær hringdi svo forstjórinn til mín og sagði mér það, að hann óskaði eftir því, að þetta mál yrði lagt fyrir þingið eins og gert var

ráð fyrir. Ég sá svo hins vegar ekki fyrr en í gærkvöld, vegna þess að ég fór úr bænum snemma í gærmorgun, frásögn í Morgunblaðinu um þetta mál, sem mér þótti með nokkuð kynlegum hætti. Og ég verð að segja það, að ég hef nú litið svo á, að það væri ekki mitt hlutverk eða okkar í ríkisstj. að standa í fjárútvegunum fyrir þetta fyrirtæki, þó að við hins vegar vildum vegna byggðarlagsins – hér er um stórt fyrirtæki að ræða, sem veitir atvinnu 100–150 manns – veita þá aðstoð, sem eðlileg var og mætti verða til þess að tryggja það, að fyrirtækið gæti starfað áfram, og teljum okkur hafa gert það með þessu tilboði, þar sem um er að ræða hagstæðari lán en veitt hafa verið til slíkrar starfsemi og líka án fyrirhafnar af þeirra hendi. Það er svo þeirra mál, hvernig þeir telja eðlilegt að koma fram við menn. Það er ekki mitt að meta það, þó að ég hefði talið það skemmtilegra að fá svar við þessu og geta skýrt frá því í þinginu, áður en það kom fram í blöðum, því að það var mín hugsun, að svo yrði gert.

Ég skal ekki á þessu stigi ræða þennan þátt meira eða fara um hann fleiri orðum. Hins vegar var gert ráð fyrir því að leggja fram till. við framkvæmdaáætlunina eða meðferð hennar hér á þinginu, þar sem fjáröflun þessi væri tekin til athugunar og innlent lán yrði veitt til hennar.

Þá vil ég einnig geta þess, að ég geri ráð fyrir því, að í sambandi við meðferð málsins hér á hv. Alþ. komi fram till. vegna kaupa Landhelgisgæzlunnar á flugvél, sem þegar eru ákveðin og vantar heimild fyrir í sambandi við lánið.

Í sambandi við lagafrv. um framkvæmdaáætlun vil ég svo sérstaklega geta tekjuöflunarinnar, sem er annar meginþáttur þessa máls. En ég átti eftir að geta um nokkra útgjaldaliði, sem ég skal lauslega víkja að, og er þar næstur Iðnlánasjóður. Gert er ráð fyrir því, að útlán hans á árinu verði um 150 millj. kr. Hann hafði 12 millj. frá Framkvæmdasjóði á s. l. ári, en gert er ráð fyrir 40 millj. til hans núna. Þá er gert ráð fyrir því að hækka verulega lánsútvegun til Lánasjóðs sveitarfélaga og reiknað með, að lánveitingar sjóðsins tvöfaldist frá því á árinu 1971. Hér er gert ráð fyrir 100 millj. kr. lánsútvegun og þar er gert ráð fyrir því, að helztu verkefni sjóðsins verði vegna hitaveituframkvæmda í Hveragerði, Kópavogi og á Seltjarnarnesi og til vatnsveituframkvæmda. Þetta er einn þáttur í því stranga eftirliti, sem nú er hafið með hollustuháttum í matvælaiðnaði, og undirstaða þeirra er að allra dómi gott og öruggt vatn, en víða skortir á, að það sé fyrir hendi, í mörgum byggðarlögum. Þess vegna hefur nú fjárútvegun til Lánasjóðs sveitarfélaga aukizt svona gífurlega mikið, auk þess sem hækkað var framlag til hans á fjárlögum.

Þá er gert ráð fyrir því, að Ferðamálasjóður muni lána um 43 millj. á þessu ári, sem er 5 millj. kr. minna en var á síðastliðnu ári, og að Framkvæmdasjóður láni vegna þess arna 25 millj. Helztu lán sjóðsins er gert ráð fyrir að verði til Húsavíkur, Stykkishólms og til Reykjavíkur vegna Hótel Holts og svo til Flókalundar í Barðastrandarsýslu. Gert er ráð fyrir, að stofnlánasjóður verzlunarfyrirtækja láni 36 millj. á árinu, en þær voru 40 á árinu áður. Hins vegar er gert ráð fyrir, að stofnlánasjóður samvinnuverzlunar fái 10 millj. til útlána á þessu ári.

Þá er fjárútvegun til Byggðasjóðs í þessari áætlun. Gert er ráð fyrir 75 millj. kr., en það er reiknað með, að útlán hans geti orðið á árinu 372 millj. kr., þar af eru 50 millj. vegna innlendra skipasmíða, og er það veruleg aukning frá því sem áður hefur verið. Sum þessara lána eru framkvæmd á fyrirheitum, sem búið var að gefa þegar Byggðasjóður varð til, og það er gert ráð fyrir því, að svo geti farið, að það þurfi að taka mál hans til sérstakrar athugunar síðar á árinu.

Þá er reiknað með því, að Framkvæmdasjóður taki erlent lán og verði það endurlánað Laxárvirkjun og Áburðarverksmiðju ríkisins, 56 millj. til Áburðarverksmiðju ríkisins og 81 til Laxárvirkjunar. Þessi fjárhæð, 56 millj., mundi nægja til Áburðarverksmiðju ríkisins, hitt orkar miklu meira tvímælis, fjárþörf Laxárvirkjunar, og samkv. þeim áætlunum, sem þeir hafa gert þar, mundi þetta ekki nægja til þess að mæta fjárþörfinni.

Varðandi tekjuhlið þessa þáttar, sem ég hef vikið að, er gert ráð fyrir því, að fjármögnun verði með þeim hætti, að áfram verði haldið með það, að bankarnir láti 10% af auknum innlánum sínum og að svo verði haldið áfram að selja verðtryggð spariskírteini, og á þessu ári verði selt fyrir um 500 millj. 200 millj. eru svo til vegna sölunnar á fyrra ári. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að erlend lántaka vegna framkvæmdaáætlunarinnar verði veruleg, þannig að Fiskveiðasjóður fái til sinna þarfa 330 millj., og vegna framkvæmda sveitarfélaganna verði teknar 70 millj. að láni, og er það hugsað fyrst og fremst í sambandi við hitaveituframkvæmdirnar. Enn fremur, eins og ég gat um áðan, verði erlent lánsfé tekið vegna Laxárvirkjunar og Áburðarverksmiðju ríkisins. Ég geri ráð fyrir því, að fjárþörfin verði meiri en gert er ráð fyrir í frv. um framkvæmdaáætlunina, sem hér liggur fyrir, m. a. vegna aukinna lánveitinga til sveitarfélaga.

Eins og ljóst er af þessari framkvæmdaáætlun, eru tengslin á milli framkvæmdaáætlunarinnar nú og þess, sem áður hefur verið, allveruleg. Mörg af þeim verkefnum, sem hér er unnið að, eru framhaldsverkefni, sem áður voru hafin og þarf að halda áfram við, og er mikill meiri hluti verkefnanna þannig til orðinn. Enn fremur er það svo með lánasjóði atvinnuveganna, eins og Stofnlánadeildina og Fiskveiðasjóð, að þörf þeirra fyrir aukið lánsfé og aukin lán hefur vaxið verulega, vegna þess að framkvæmdir hafa yfirleitt aukizt og eru að aukast og ný verkefni eru að koma til, eins og ég gat um áðan í sambandi við hollustuhættina, uppbyggingu sláturhúsa og fleiri slík stórverkefni, sem ég sé ekki ástæðu til að víkja frekar að.

Hins vegar er það svo, að enda þótt hér sé um verulega aukningu að ræða á framkvæmdum og hækkandi fjárútvegun, bæði til opinberra framkvæmda og einnig til opinberra sjóða, þá er mér það ljóst, að það er mjög langt frá því, að hægt sé að sinna þeim verkefnum, sem nauðsyn ber til og hefði þurft að sinna. Hins vegar eru möguleikar til athafna alltaf takmarkaðir bæði af getu til framkvæmda og þeim afla, sem er til á hverjum tíma, og þess verður náttúrlega alltaf að gæta, að ekki sé gengið lengra í framkvæmdum en svo, að framleiðslan fái til sín það vinnuafl, sem nauðsyn ber til og hægt er að koma þar að. Hitt er svo einnig, að það takmarkast að sjálfsögðu af framleiðslugetu þjóðarinnar fjárhagslega og þeim áhrifum í efnahagsþróuninni, sem slík starfsemi hefur. Mér er það ljóst og hæstv. ríkisstj., að í

þessari framkvæmdaáætlun er gengið langt í framkvæmdum og í fjárútvegun. Það er reynt að ná til fjárins hér innanlands, eins og tök eru á og skynsamlegt er talið, og það er reynt líka að hafa hemil á þessum þáttum, þó að erfitt reynist. Það ber brýna nauðsyn til þess að reyna að finna það sparnaðarform á landi hér, sem gerir það að verkum, að um sparnað geti orðið að ræða hjá þjóðinni, og sú fjáröflun eða fjárútvegun, sem hefur verið reynd með sölu spariskírteina, hefur gefizt vel til þeirra hluta, þó að ljóst sé, að hér er um nokkuð dýra leið að ræða. Fleiri form til sparnaðar er nauðsynlegt að reyna, og verður reynt að vinna að því í sambandi við framhaldsvinnu í skattaendurskoðun.

Þá verður reynt að hafa hemil á framkvæmdum ríkisins á þessu ári með þeim hætti, að að sjálfsögðu verður framkvæmdum ríkisins haldið áfram og að þeim unnið, þar sem fullt fjármagn er til af hálfu fjárveitingavaldsins, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að ríkisframkvæmdir verði unnar með lánsfé umfram það, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Það er öllum ljóst, að nauðsyn ber til að halda einnig þannig á, að fjármagn til atvinnuveganna verði svo sem þörf þeirra með eðlilegum hætti krefst og svo að gangur atvinnulífsins geti nýtzt fullkomlega, því að það er þjóðinni nauðsyn, að svo verði.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, því að skýrsla sú, sem lögð er fram með frv., er eins greinileg og verða má og skýrir þá þætti, sem þar er fjallað um, og ég held, að ekkert sé þar undan dregið. Ég vil hins vegar endurtaka það, að þetta hljóta alltaf að verða tengsl milli fortíðar og nútíðar, það kemur greinilega fram í þessari skýrslu og þessu frv., og svo mun einnig verða á næstu árum. Mörg stór verkefni bíða okkar þar eins og t. d. það, að mæta auknum kröfum í hollustuháttum og uppbyggingu fiskiðnaðar, sláturhúsa og mjólkurbúa. Þetta eru allt stór verkefni, sem fram undan eru, auk þess sem áframhaldandi virkjanir, dreifingu raforkunnar um landið o. fl. o. fl. mætti nefna.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hafði orð á því við mig fyrr í þessari viku, að hann hefði mikinn hug á því, að 1. umr. þessa máls gæti lokið í þessari viku og það kæmist til n., sérstaklega með hliðsjón af því, að ríkisstj. legði áherzlu á að ljúka þinghaldinu fyrir hvítasunnu. Nú er það svo, að það hefur ekki staðið á, álít ég, þm. Sjálfstfl. að afgreiða mál hér í þinginu. Hins vegar er að vissu leyti álitamál, hversu langt má ganga í því að reyna á þolinmæði þm. að afgreiða mál á mjög skömmum tíma. Við höfum t. d. vegáætlun, sem lögð var fram hér í þinginu í dag, og það er mál sem út af fyrir sig þarf mjög vandlegrar athugunar við. Eins og ég segi, þá munum við eins og fært er gera okkar til þess að verða ekki til hindrunar því, að þinghaldi geti lokið á þeim tíma sem stjórnin óskar í dag, þó að hins vegar gætu þau atvik komið fyrir á þeim tveim vikum, sem eftir eru, að öllum sýndist eðlilegt, að eitthvað þyrfti lengra þinghald, en um það skal ég ekki spá og er það fyrst og fremst í höndum hæstv. ríkisstj.

Ég mun ekki lengja mál mitt við þessa umr. og einkum og sér í lagi vegna þess, að sú skýrsla, sem hæstv. fjmrh. vitnaði til um framkvæmd á fjáröflunaráætluninni, sem samin er núna af áætlunardeild Framkvæmdastofnunarinnar, felur að sjálfsögðu í sér mjög miklar upplýsingar. Hún gat nú ekki borizt í hendur okkar fyrr en í dag, rétt fyrir hádegi, og ég hef ekki getað lesið hana neitt, aðeins kannske litið á nokkrar blaðsíður meðan hæstv. ráðh. var að tala, sem er náttúrlega ekki góður tími til þeirra hluta. Ég get ekki varizt því að segja, að það er ekki nema eðlilegt að það setji nokkuð mikinn ugg að mönnum, er þeir sjá þá geysilegu fjárvöntun, sem virðist vera, og þá miklu þörf á fjáröflun, sem hæstv. ríkisstj. telur óhjákvæmilega. Við skulum aðeins líta á 1. gr. frv. Þar er verið að biðja um heimild til þess að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr. og í grg. er svo vikið að því, að þetta hafi nú ekki verið á undanförnum árum nema árlega um 75 millj. kr., en þess er svo að minnast í þessu sambandi og að því er vikið síðar, að fyrir áramótin fékk ríkisstj. heimild til að afla 200 millj. kr. með spariskírteinum á þennan hátt. Enn fremur kemur fram, ef ég skil greinina rétt, að hugsunin sé að endurselja 300 millj. af spariskírteinum, eldri spariskírteinum, sem innleyst hafa verið, þannig að hér sé í raun og veru um 1000 millj. kr. að ræða, sbr. 6. gr., en þar er einmitt talið upp, að verja eigi 1000 millj. kr. til tiltekinna opinberra framkvæmda, 640 millj. til opinberra framkvæmda plús 360 til Framkvæmdasjóðs Íslands. Síðan er einnig í 5. gr. talað um viðbótarfjáröflun og gerð grein fyrir því í grg., að sökum mikilla opinberra framkvæmda og fjárþarfa fjárfestingarsjóða er séð, að ekki verður unnt að afla alls nauðsynlegs fjármagns innanlands og því verður að freista að afla lánsfjár á erlendum mörkuðum, samtals að jafnvirði allt að 467 millj. kr. og hugsanlega 60 millj. kr. til stofnlína á Norðurlandi. Þá er þetta komið yfir 500 millj. kr. Og sjálfur greindi hæstv. fjmrh. frá því, að hér væri um 2000 millj. kr. fjárvöntun að ræða, sem mér sýnist, að sé í samræmi við það, sem kemur fram í inngangínum að skýrslunni á 1. síðu, sem ég leit á, að lánsfjáröflun innan ramma áætlunarinnar til opinberra framkvæmda nemi 816 millj. kr. og svo lánsfjáröflun til Framkvæmdasjóðs til þess að sinna þörfum fjárfestingarlánasjóðanna nemi 1206 millj. kr., – þarna séu þessar 2000 millj. kr., sem þurfi að afla. Ég sé nú ekki alveg, að það sé gert ráð fyrir þessari lánsfjáröflun til hlítar í þessu frv., en það getur verið, að mér sjáist yfir það, og þarf að athuga það nánar, enda kannske hægt að fá nánari upplýsingar um það, hvernig mismunurinn er, því að mér sýnist samkv. 6. gr., að sé um 1000 millj. kr. fjáröflun að ræða og samkv. 5. gr. geti hún verið rúmlega 500 millj. kr. Þetta er nú á þeim tíma, sem mikið góðæri er í landinu og mikil þensla, og þó að ég dragi ekki í efa nytsemi allra þessara opinberu framkvæmda og einnig það, sem sjóðirnir hafa með að gera eða þurfa að lána til, þá er auðvitað vafamál og spurning, hversu mikið ríkissjóður með opinberum framkvæmdum á að auka á þá þenslu, sem fyrir er í þjóðfélaginu, og hvort það getur ekki alveg eins farið svo, að það hefni sín að spenna bogann til hins ýtrasta. Ég skal ekkert fara út í það, hvernig horfurnar eru núna almennt í efnahagsmálunum. Okkur gefst tækifæri til þess. En það segir m. a. í 3. gr. skýrslunnar, að þótt nokkur slaki

hafi verið á nýtingu framleiðsluafla við upphaf þessarar framvindu eftir erfiðleikaárin á sínum tíma, 1967 og 1968, megi fastlega gera ráð fyrir því, að allt þanþol sé á þrotum. Það er þá allt þanþol á þrotum. Þá er nú vel að verið.

Þá kemur einnig þetta, að þegar talað er um að spara og reyna að koma á góðum sparnaði hjá þjóðinni, þá getum við allir verið sammála um það, en þegar útveg- að er svo gífurlegt fjármagn sem með sparifjárskírteinunum er gert, 200 millj. fyrir áramót, 300 millj. endursala og 500 millj. eða sem sagt 1000 millj. kr., þá hlýtur auðvitað meginhlutinn af þessu fé að fara beint úr sparisjóðum og bönkum landsins og þá verða menn að gera upp við sig, eins og ég sagði áðan, hvort leggja skal svona mikla áherzlu á fjárfestingarframkvæmdir, því að það getur engum dulizt, að þetta hlýtur að koma niður á atvinnuvegunum í minnkuðu rekstrarfé þeirra, þar sem bankar og sparisjóðir munu fá minni aðstöðu til þess, sérstaklega bankarnir, heldur en áður að veita atvinnuvegunum rekstrarfé. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði réttilega, að gangur atvinnulífsins væri auðvitað það, sem skipti máli, en ef við sækjum fé til þeirra aðila, sem nota að miklu leyti hið almenna sparifé landsmanna til þess að fullnægja rekstrarþörf atvinnuveganna, eftir því sem hægt er, þá getum við lent í því, að þenslan verði svo mikil í fjárfestingarmálunum, að rekstur atvinnuveganna lamist í stórum stíl. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál, og ég skal ekki fullyrða meira um það heldur en ég nú hef gert og vil þá áskilja mér og mínum flokki rétt til þess við síðari meðferð málsins að gera frekari athuganir og hugleiðingar við það, á hvaða leið við erum með þessu móti. Mér skildist, að þegar gerð var grein fyrir lðnlánasjóði, þá væri áætluð útlánaþörf 151 millj. Mér leikur nokkur forvitni á að vita, hvort tekið er tillit til 10 millj. kr. aukins framlags úr ríkissjóði samkv. frv., sem ég hef flutt og er til meðferðar í þinginu um að auka ríkisframlagið úr 15 millj. í 25 millj.

Svo skildi ég það einnig á máli hæstv. ráðh., að fyrir verulegri endurskipulagningu í fiskiðnaðinum, þ. e. endurbyggingu og nýbyggingu hraðfrystihúsanna væri í raun og veru ekki séð nema að sáralitlu leyti í þeirri fjáröflun, sem hér er um að ræða, og það er alvarlegt mál, ef ég hef skilið það rétt. En eins og ég sagði áðan, þá verður vissulega að hafa fyrirvara á því, sem maður við fyrstu sýn festir sjónir á í sambandi við svona mál, og það er eðlilegra og hefur kannske verið svo á undanförnum árum líka, að það sé frekar ætlazt til þess, að stjórnarandstaðan gefi sér tóm til þess að athuga það undir meðferðinni í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, þegar um jafnyfirgripsmiklar skýrslur er að ræða eins og þá, sem nú hefur verið afhent í dag.

Ég sé hér á bls. 4 í grg. með frv., að í síðasta liðnum er talað um halla á framkvæmdaáætlun 1971, sem talinn er hafa verið eitthvað 76 millj. kr. og skiptir ekki miklu máli. Svo segir enn fremur:

„Enda þótt æskilegt hefði verið að jafna hallann að fullu á þessu ári, þá var horfið að því ráði að skipta hallanum á tvö ár með tilliti til þess, að fjáröflunarmöguleikana verður að telja fullnýtta."

Það verður að skipta halla frá fyrra ári, 76 millj., á tvö ár, þar sem telja verður fjáröflunarmöguleikana fullnýtta. En nú spyr ég: Ef flugbrautin í Keflavík hefði ekki komið til með þeirri afgreiðslu, sem varð, hvar átti þá að ná í þessar 500–1000 millj. kr., sem til þeirra framkvæmda var ætlað, því að okkur var sagt á sínum tíma, að það hefði verið gert ráð fyrir að afla fjár til þess í framkvæmdaáætlun? En ég skil auðvitað, að hún er ekki í framkvæmdaáætluninni núna, því að eitthvað hefur þá þurft að víkja, úr því að þessi áætlun um fjáröflun er túlkuð þannig, að það er ekki einu sinni hægt að jafna 76 millj. kr. halla nema á tveimur árum, af því að fjáröflunarmöguleikarnir verða að teljast fullnýttir. Þetta er út af fyrir sig fróðlegt að fá upplýsingar um.

Ég vil svo áskilja mér og þm. Sjálfstfl. rétt til þess að koma fram með frekari aths. um þetta mál, eftir að þeir hafa fengið tækifæri til þess að kynna sér það í fjhn., sem fær það til meðferðar, en við leggjum ekki stein í götu þess, að 1. umr., eins og hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir, geti okkar vegna lokið í dag og málinu verði vísað til hv. n.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tek undir þau ummæli hæstv. fjmrh., að þetta mál er því miður allt of seint á ferðinni. Það hefði verið æskilegt, að það hefði verið komið til umr. og athugunar þingsins miklu fyrr heldur en nú, eins og það hefði einnig verið æskilegt, að þm. hefðu fengið að kynna sér málavöxtu, kynna sér hin miklu fskj. með frv. fyrr en átt hefur sér stað, en þeir munu hafa séð skýrsluna, sem fylgir, fyrst nú á þessum fundi almennt. Það er því ekki ástæða til þess að ræða málið efnislega ítarlega á þessu stigi. Það verður verkefni n. Og ég skal einnig taka það fram, að ég tel sjálfsagt, eins og þinghaldi nú er hagað, að greiða fyrir því, að málið komist til n. í dag. En þar hlýtur málið að fá mjög rækilega athugun.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á nokkur grundvallaratriði, sem skipta meginmáli í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða. Ég vil fyrst minna á þá miklu verðbólguþróun, sem á sér stað. En mat þessa máls hlýtur að eiga sér stað í því ljósi, að íslenzk þjóð er nú að upplifa mikla og öra verðbólguþróun. Þeir eru meira að segja til, sem telja, og álíta sig jafnvel geta gert það með gildum rökum, að verðbólguvöxturinn sé nú þessa mánuðina örari en hann hefur nokkru sinni verið áður síðan á styrjaldarárunum. Hvort sem þetta mat er rétt eða ekki, þá getur enginn ágreiningur verið um það, að verðbólguvöxturinn er mikill og hann fer vaxandi frá mánuði til mánaðar. Það verður að hafa í huga, þegar þetta frv. um framkvæmdaáætlun ríkisins er skoðað. Meginspurningin í sambandi við það er þessi: Er þessi framkvæmdaáætlun, sem við fáum nú lagða fyrir okkur, líkleg til þess að örva verðbólguþróunina, til þess að auka verðbólguhættuna eða draga úr henni? Mat okkar á þeim fyrirætlunum, sem hér er um að ræða, hlýtur fyrst og fremst að byggjast á þessu meginatriði. Ekki þarf að minna á það, hverjar afleiðingar verðbólga, að ég ekki tali um ört vaxandi verðbólga, hefur. Meginhættan, sem verðbólga hefur í för með sér, er sú, að hún stofnar verðgildi krónunnar í hættu og þar með sönnum hag allra launþega í landinu. Afleiðingarnar af verðbólguþróun út á við eru auðvitað þær, að afkoman gagnvart útlöndum er í hættu. Það er hætt við því, að sá gjaldeyrisvarasjóður, sem þjóðin hefur eignazt með skynsamlegri fjármálastjórn, efnahagsstjórn á

undanförnum árum, hverfi smám saman og gamla skuldasúpan komi í staðinn. Allt bendir til þess, að á þessu ári muni verða verulegur halli í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, sem ekki er hægt að jafna öðruvísi en þannig að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn, og þeim mun meir sem verðbólgan eykst, þeim mun örari hlýtur minnkun gjaldeyrisvarasjóðsins að verða.

Ef nokkur meginatriði þessarar skýrslu eru skoðuð, þá er niðurstaðan þessi: Í fyrra var heildarfjáröflun til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða, 778 millj. kr. Framkvæmdirnar voru 778 millj. kr. Á þessu ári er gert ráð fyrir heildarframkvæmdum og heildarfjáröflun að upphæð 2022 millj. kr. Heildarframkvæmdamagnið og þar af leiðandi nauðsynleg fjáröflun til þess næstum því þrefaldast. Dettur nokkrum manni annað í hug en að þreföldun á framkvæmdamagni og fjáröflun til slíkra framkvæmda hljóti að hafa verðbólguaukandi áhrif undir þeim kringumstæðum, sem nú eru í íslenzku efnahagslífi? Ég held, að engum manni, sem af alvöru skoðar málið, ég held, að engum alþm. geti blandazt hugur um það, að þreföldun á framkvæmdamagni eða fjáröflun, hvort sem hún er innlend eða erlend, hlýtur að hafa verðbólguaukandi áhrif. Innlenda fjáröflunin var í fyrra upphaflega ráðgerð 75 millj. kr. Síðan voru seld spariskírteini undir árslokin fyrir 200 millj. kr., þannig að innlend fjáröflun með sölu spariskírteina var í fyrra 275 millj. kr. Samkv. skýrslunni er hún nú áætluð 500 millj. kr. að viðbættu Skeiðarársandsláninu, sem þegar hefur verið boðið út og nemur 100 millj. kr. Það verður því a. m. k. um 600 millj. kr. fjáröflun með sölu spariskírteina að ræða á þessu ári. Hér er um meira en tvöföldun á innlendri fjáröflun með sölu spariskírteina að ræða. Þetta bendir enn í sömu átt. Slíkar ráðstafanir geta ekki annað en haft verðbólguaukandi áhrif, ef efnahagsstefnan væri ekki að öðru leyti þannig, að þessar ráðstafanir hefðu ekki þessi áhrif. Þess vil ég svo geta, að lántökur erlendis eiga að minnka, en það vegur engan veginn upp á móti þeirri miklu aukningu, sem verður á innlendu fjáröfluninni. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. fjmrh., að hann gæfi upplýsingar um, hvernig hugmyndin væri að selja þau spariskírteini, sem hér er um að ræða. Sú spurning hlýtur að vakna: Hefur verið samið við bankana um að kaupa einhvern aukinn hluta af spariskírteinum ríkissjóðs miðað við það, sem áður hefur átt sér stað? Engar upplýsingar hafa verið gefnar um það, og ég dreg mjög í efa af reynslu fyrri ára, að bankarnir væru fúsir til þess að auka kaup sín á spariskírteinum. Ef það er rétt, þá hlýtur þessi aukna spariskírteinasala ríkissjóðs að verða bein samkeppni við banka og sparisjóði um sparifé landsmanna.

Ég minni á það, að sparnaður er nú áætlaður minni en hann var í fyrra. Ef litið er á sparnað í hlutfalli við þjóðartekjur, þá var hann í fyrra 26% af þjóðartekjunum. Í þeirri skýrslu, sem við höfum fengið núna, er sparnaðurinn áætlaður aðeins 23% af þjóðartekjunum. Sérfræðingar ríkisstj. gera því ráð fyrir minnkandi sparnaði, en um leið er gert ráð fyrir því að þrefalda opinberar framkvæmdir. Samfara minnkandi sparnaði, sem er eini raunverulegi grundvöllurinn undir auknum framkvæmdum, eiga því framkvæmdir að þrefaldast. Þetta hlýtur enn að stuðla að því, sem ég sagði áðan, að þær fyrirætlanir, sem hér eru á prjónunum, ef ekki annað kæmi þar á móti, hljóta að verka verðbólguaukandi. Meginspurningin, sem hér þarf að athuga í n. og fá svarað, er, hvaða athugun hefur verið gerð á því, hvernig það framkvæmdamagn, sem hér er gert ráð fyrir, samrýmist öðrum þáttum í efnahagslífinu, samrýmist öðrum þáttum efnahagskerfisins. Það er auðvitað hægt að halda uppi því framkvæmdamagni, sem hér er gert ráð fyrir, það er auðvitað hægt að auka framkvæmdir, auka opinberar framkvæmdir, eins og hér er gert ráð fyrir, en þá verður efnahagsstefnan að öðru leyti að vera þannig, að hún geri það kleift. Og það er það, sem mér sýnist hér alvarlega skorta á. Það er ekki um að ræða samræmi milli framkvæmdastefnu ríkisstj. annars vegar og svo stefnu hennar í efnahagsmálum að öðru leyti hins vegar. Það vantar m. ö. o. samræmda heildarstefnu af hálfu ríkisstj. í efnahagsmálunum. Mér býður í grun, að þessi skýrsla sé enn ein staðfesting á því, að í raun og veru hafi ríkisstj. enga heildarstefnu í efnahagsmálum. Því miður lætur hún reka á reiðanum. Hún stjórnar ekki, heldur lætur stjórnast fyrst og fremst af alvarlegu innbyrðis ósamkomulagi milli stjórnarflokkanna, og slíkt kann auðvitað ekki góðri lukku að stýra. Sem dæmi um það, að hér er virkilega alvarlegur vandi á ferðinni, vil ég aðeins nefna, að til þess að gera þær framkvæmdir í byggingarstarfsemi að raunveruleika, sem ráðgerðar eru í skýrslunni, þá mun þurfa að fjölga í byggingarstarfsemi, auka mannaflann sem svarar til þúsund mannára, þ. e. til starfsemi þúsund manns í heilt ár. Og þetta er eingöngu á sviði byggingarstarfseminnar. En venjuleg og eðlileg aukning á mannafla er um 1700 manns, þ. e. 1700 mannár. M. ö. o., hér er gert ráð fyrir því, að ⅔ hlutum af eðlilegri aukningu mannafla verði varið eingöngu í þágu byggingarstarfsemi, og þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort afgangur mannaflans er nægilegur til þess að standa undir öðrum framkvæmdum og þá þeim framkvæmdum, sem auðvitað eru nauðsynlegastar af öllum framkvæmdum, framkvæmdum í þágu atvinnuveganna. Hefur þetta verið athugað eða er hér algerlega látið reka á reiðanum? Þetta eru spurningar, sem síðar verður að athuga nánar og hlýtur að fást svar við.

Því miður virðist mér við fljótlega athugun á þeim viðamiklu skýrslum, sem hér er um að ræða, vera enn eitt dæmi um það, hvernig veikar ríkisstj. leysa mikilvæg vandamál, þ. e. með því að taka í raun og veru alls ekki á þeim, heldur með því, eins og ég sagði, að láta reka á reiðanum. Afleiðingin af slíku stjórnleysi er alltaf ein og hin sama, aukin verðbólga. Veikar ríkisstj. leysa sinn vanda að svo miklu leyti sem lausn má kalla einmitt á þann máta, að afleiðingin verður aukin verðbólga. Við fyrstu lauslegu athugun á þessum gögnum virðist vera ómögulegt að draga aðra ályktun en þá, að sú framkvæmdastefna, sem hér er boðuð, sé ekki í samræmi við stefnu ríkisvaldsins í efnahagsmálum á öðrum sviðum eða m. ö. o. eitt dæmi um það, að það skortir heildarstefnu í efnahagsmálunum. En þegar slíkt á sér stað, er þjóðinni boðið upp á aukna verðbólgu. Og það er það, sem ég óttast og óttast í vaxandi mæli með hverjum deginum sem líður, að óðfluga stefni til sívaxandi verðbólgu, og þá eru sannarlega miklir erfiðleikar fram undan.

Ég vil síðan að endingu endurtaka það, að ég tel sjálfsagt að stuðla að því, að þessari 1. umr. geti lokið í dag, þannig að málið komist til n. N. þarf sannarlega

góðan tíma til þess að athuga það mikla vandamál, sem því miður er hér á ferðinni.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta umr. um þau atriði, sem fram hafa komið hér í ræðum hv. þm., enda var það ósk mín að koma þessu máli til n. nú, og síðar getum við talað um þau efnisatriði, sem fram komu í þeirra ræðum. Það eru aðeins tvö atriði, sem voru beinar spurningar og ég vildi svara.

Það var í ræðu hv. 1. þm. Reykv., Jóhanns Hafstein, um 15 millj. kr. framlag til lönlánasjóðs, sem hann gerir ráð fyrir, að ríkissjóður bæti við samkv. frv. hans hér í þinginu. Ég vil segja um þetta, að það er ekki gert ráð fyrir því. Ég hef ekki gert ráð fyrir því, að þau frv., sem kynnu að verða afgreidd hér á þessu þingi og útgjöldum valda úr ríkissjóði, gætu komið til framkvæmda á þessu ári, enda hefur það yfirleitt ekki verið venjan. Það er ekki gert ráð fyrir því.

Í öðru lagi vildi ég svara því, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, spurði um, hvort gert hafi verið samkomulag við bankana um að kaupa hluta af spariskírteinunum. Það hefur ekki verið gert samkomulag við bankana um annað en 10% af innstæðuaukningunni, eins og verið hefur. Þessi spariskírteini verða, eins og spariskírteini hafa verið, seld á frjálsum markaði, og hefur ekki verið samið um þá sölu.

Frekar skal ég ekki fara út í umr. um þetta mál nema annað tilefni gefist til en fram er komið, því að þó að ég hafi ýmsar aths. við það að gera, þá skal ég fús ganga til þess samkomulags, að þar sem skýrsla þessi var ekki lögð á borð þm. fyrr en í dag, þá hafi þeir tíma til þess að skoða hana, áður en frekari umr. verði um þetta mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, enda vil ég eins og aðrir stuðla að því, að þetta mál geti komizt til n. á þessum fundi. Ætlun mín er heldur ekki að ræða hér almennt um þá framkvæmdaáætlun, sem fyrir liggur. En ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf, að fjármál Byggðasjóðs mundu verða tekin til nánari athugunar síðar á árinu. Á því hygg ég, að sé full þörf, að það verði gert, og í því sambandi vil ég minna á það, að í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins hefur Byggðasjóður heimild til 300 millj. kr. lántöku á árinu eða sem því svarar með ríkisábyrgð og þarf að líkindum fyrirgreiðslu til þess að afla sér þess fjár. En aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn var að beina til hv. fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar, tveim atriðum í sambandi við þetta mál, sem ég vil biðja hana að taka til athugunar.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir, að varið verði til vatnsorkurannsókna 15 millj. kr. af lánsfé. Um þetta segir í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðbótar þeim hluta fjárveitingar til Orkustofnunar, er gengur til vatnsorkurannsókna, er hér gert ráð fyrir að afla 15 millj. kr. lánsfjár. Eru þá einkum höfð í huga sérstök stór rannsóknarverkefni, svo sem á Þjórsár- og Hvítársvæði."

Í þessu sambandi vildi ég rifja það upp til athugunar fyrir hv. n., að hæstv. raforkumálaráðherra hefur nú fyrir nokkru gefið yfirlýsingu um það, að unnið verði að gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum, og gert ráð fyrir, að þessari fullnaðaráætlun verði lokið á næstu tveimur árum, 1972 og 1973. Nú sakna ég þess, að í þessari grg. skuli ekki sérstaklega að því vikið, að bróðurpartinum af þessu fé verði varið til fullnaðaráætlunar um virkjun Dettifoss, og vil ég biðja n. að athuga það mál sérstaklega, hvort ekki þurfi að víkja að þessu í nál., að séð verði fyrir því, að framkvæmd verði yfirlýsing hæstv. ráðh. um þetta mál.

Hitt atriðið, sem ég vil leyfa mér að beina til n., er varðandi þá fjárupphæð, sem ætluð er til Norðurlandsáætlunar, sömuleiðis í 6. gr., sem gert er ráð fyrir, að verði 100 millj. kr. Ég vil aðeins um þetta segja það og biðja n. að athuga, að miðað við þau gögn, sem fyrir liggja um framkvæmdaþörf í landshlutunum, þá er hér um allt of lága upphæð að ræða og hlýtur að minni hyggju að byggjast á vangá. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það. Ég hef rætt þetta efni nú nýlega við hæstv. samgrh., og að sjálfsögðu verður þetta nánar rætt við umr. um vegáætlunina, sem bráðum fer fram, en hér þarf að gera leiðréttingu á. Annars vil ég vekja athygli n. á því, að í raun og veru hefur verið um að ræða tvær Norðurlandsáætlanir, það, sem kalla má eiginlega Norðurlandsáætlun, sem er áætlun um vegamál í Norðlendingafjórðungi, og hins vegar það, sem kalla mætti Norðurlandsáætlun hina meiri, þar sem tekinn er til viðbótar hluti af Vestfjörðum, þ. e. Strandasýsla, og nyrzti hluti Norður-Múlasýslu. Um þetta hvort tveggja eru til áætlanir um framkvæmdaþörf. Ég vil gera ráð fyrir því, að þessi upphæð eigi aðeins við Norðurlandsáætlun hina minni, þ. e. Norðlendingafjórðung. En jafnvel þó að svo væri, þá sýnist mér, að hér sé um of lága upphæð að ræða. Þessu vil ég nú beina til n., en ekki ræða að öðru leyti um Norðurlandsáætlunina. Það kann að gefast tækifæri til þess síðar og þá að gera grein fyrir þeim rökum, sem ég tel vera fyrir hendi um þetta efni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi ræða hér við þessa 1. umr., út af því frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972, sem hér liggur fyrir. Og þá vildi ég gjarnan undirstrika það strax í upphafi máls míns, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. var að tala um núna áðan, að ég fæ ekki séð, hvers konar reglu hefur verið beitt í þessari áætlunargerð, þegar ákveðið hefur verið fjármagn til svonefndrar Norðurlandsáætlunar og Austurlandsáætlunar. Austurlandsáætlun er eins og kunnugt er einungis fyrir eitt kjördæmi og var byrjað á þeirri áætlun í fyrra. Þar er um samgönguáætlun að ræða og það er ætlazt til, að varið sé 75 millj. kr. til þessarar áætlunar í ár. Á Norðurlandi, sem nær yfir tvö kjördæmi og ríflega það, þar sem mér hefur borizt vitneskja um, að a. m. k. 13–14 millj. af þessu fé verði varið til Strandasýslu, er einungis ætlað að verja 100 millj. kr. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. fjmrh., hvers konar regla eða óregla hefur verið notuð til þess að finna út þessar tvær tölur, 75 millj. kr. til Austurlandsáætlunar og 100 millj. kr. til Norðurlandsáætlunar. Ég vildi gjarna fá greinargóð svör við því, hvaða regla hefur verið notuð. (Gripið fram í.) Þetta er allt önnur áætlun heldur en hæstv. fjmrh. heldur, sem hefur verið rætt um hér á þingi, að hafi verið kannske illa gerð og hafi ekki verið nema drög eða í versta tilfelli það. Hér er

um að ræða vegáætlun fyrir Norðurland, sem hefur verið gerð m. a. undir yfirstjórn núv. hæstv. ríkisstj. Ég vona, að það sé góð áætlun. En ég vildi gjarnan fá einhver svör um þetta atriði.

Í þessu þskj. stendur hér síðast, – það finnst mér nú einna athyglisverðasta setningin í þessu þskj., – þar stendur á þá leið, að með tilliti til þess, að fjáröflunarmöguleikar verði að teljast fullnýttir, algerlega fullnýttir með þeim áformum, sem hér eru um lántökur, þá sé ekki hægt að gera meira á þessu ári heldur en í þessari áætlun stendur. Þetta má vel vera, að megi til sanns vegar færa. En hvernig á þá að fara með fjárvöntun t. d. í húsnæðismálakerfið? Hvað vantar mikið fjármagn í húsnæðismálakerfið til þess að hægt sé að framkvæma það sama í húsbyggingum á þessu ári og á síðasta ári? Hvað vantar mikið? Ef fjáröflunarmöguleikar eru fullnýttir í þjóðfélaginu í dag með þessari áætlun, hvernig fer þá með húsbyggingar í landinu? Mér skilst, að það vanti 350–500 millj. til þess að hægt sé að gera það sama og á síðasta ári í húsnæðismálakerfinu. Ég hefði gjarnan viljað fá svör við því, hvernig hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hugsa sér að leysa þau mál.

Annars má segja, að óðaverðbólgan, sem er að skella yfir og er skollin yfir efnahagskerfi okkar í dag, setji mark sitt á þetta frv. í einu og öllu. Það er í rauninni umhugsunarvert, hvernig hægt er í raun og veru að leggja fram slíkt frv., sem hæstv. ráðh. taldi hér, að væri í raun og veru seinni hluti fjárlaga, án þess að gera grein fyrir því, hvernig þetta frv. er hugsað við þær aðstæður, sem nú eru uppi. Það kom fram hér í ræðum hv. 1. þm. Reykv. og 7. þm. Reykv., hve alvarlegt ástand er hér um að ræða. Ég vil aðeins til að leggja áherzlu á það benda á, að launakostnaður atvinnuveganna mun sennilega hækka um nærfellt 30% frá því í des. í fyrra, um nærfellt 30% á þessu ári, þegar reiknað er með því, hvernig vinnutímastyttingin, orlofshækkunin, grunnkaupshækkunin og visitöluhækkanir verka á launakostnað atvinnuveganna. Og mér er næst að spyrja hæstv. ráðh., hversu mikið hann telji, að þessi hækkun á launakostnaði atvinnuveganna og þ. á m. hins opinbera muni draga úr framkvæmdamagni eftir þessari áætlun, sem hér er til umr.

Annars ætla ég ekki að ræða þessa óheillaþróun, sem því miður er orðin. Ég hef orð hæstv. forsrh. fyrir því, að þetta var með öðrum hætti, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Hann svaraði mér hér í haust því til, þegar ég spurði hann eftir því, hvort ríkisstj. hefði haft gögn og hefði kynnt sér rækilega ástand efnahagsmála og gjaldþol atvinnuveganna, þegar hún gerði sinn málefnasamning um það, að hægt væri að hækka kaup, rauntekjur lægst launuðu stétta þjóðfélagsins um 20%, stytta vinnuviku og lengja orlof, hvort hún hefði haft gögn um þetta, að þetta væri hægt að gera. Og hæstv. ráðh. sagði það þá, að ríkisstj. hefði tekið þessa ákvörðun að mjög vel athuguðu máli, og þess vegna tel ég, að hann hafi þá undirstrikað það rækilega, að ástand efnahagsmála var slíkt við valdatöku núv. ríkisstj., að þetta hefði verið hægt að gera með fyrirhyggju, ef fyrirhyggja hefði ráðið. Þess vegna vil ég líka undirstrika það, að þetta ástand efnahagsmálanna, sem ég tel að sé svo alvarlegt, að hæstv. ríkisstj. geri sér kannske ekki grein fyrir því enn, hvað það er alvarlegt, það sé slíkt, að það muni á næstunni valda verulegum vandræðum og því, að þessi áætlun hér muni skerðast stórkostlega í framkvæmdinni, að framkvæmdamagn þess fjármagns, sem hér er ætlað að afla, skerðist stórkostlega.

Það er kannske rétt að benda á það hér, að þegar fyrrv. vinstri stjórn sat að völdum í landinu árið 1958, þá var einungis deilt um 8% kauphækkun, og þá sagði þáv. forsrh., sem var raunsær maður, að það væri slík óðaverðbólga skollin yfir og engin samstaða væri um úrræði í ríkisstj. til þess að leysa þau, en þá var einungis um 8% kauphækkun að ræða. Nú er að vísu annað uppi á teningnum. Nú eru til sjóðir. Það eru til fyrningar frá fyrrv. ríkisstj., það voru til 4.7 milljarðar að mér skilst um síðustu áramót í gjaldeyrisvarasjóðnum. En sérfræðingar hæstv. ríkisstj. benda á það, að á þessu ári muni gjaldeyrisvarasjóðurinn sennilega rýrna um helming með því áframhaldi, sem nú er á þessum málum.

Ég vil aðeins bara benda hæstv. ráðh. á það, af því að þeir eru nú hér viðstaddir, að það eru fleiri en ég, sem hafa áhyggjur af þeirri þróun, sem er fram undan. Ég las það í Nýju landi, málgagni eins stjórnarflokksins, sem styður núv. hæstv. ríkisstj. Þar skrifar hv. þm. Bjarni Guðnason leiðara og hann er líka áhyggjufullur út af þessari verðbólguskriðu, sem nú er að skella yfir okkur. Hann segir svo, með leyfi forseta, í þessari grein sinni:

„Verðbólgan étur fljótt upp allar kjarabætur launþega, elur á gróðabralli, ruglar öllum lífsverðmætum. Takist þessari ríkisstj. ekki að ganga í skrokk á verðbólgunni og halda henni í skefjum með skipulegum aðgerðum, étur verðbólgan sjálfa ríkisstj."

Ég vildi aðeins benda hæstv. ráðh. á þessa grein, ef þeir hafa ekki lesið hana. Hún er mjög lærdómsrík.

Ég ætlaði fyrst og fremst að fá upplýsingar um það, sem ég spurði hér um fyrst. Ég gat ekki stillt mig um að ræða svolítið þann bakgrunn, sem þetta frv. til l. um framkvæmdaáætlun og fjáröflunaráætlun ríkisstj. er byggt á, og vara enn hæstv. ríkisstj. við því, hvað er að gerast í efnahagsmálum okkar. En ég vildi gjarnan fá svar við þessum spurningum mínum, sem ég spurði hæstv. fjmrh. að áðan. Í fyrsta lagi, hvaða regla hefur verið notuð til þess að áætla, að til Norðurlandsáætlunar í vega- og samgöngumálum þurfi 100 millj. kr., til tveggja kjördæma og einnar sýslu, en 75 millj. kr. til Austfjarða? Hv. þm. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e. hefur lýst fyrir þingheimi ástandinu í vegamálum á Norðurlandi á mjög dramatískan hátt. Hann lýsti því þannig, að það væru í rauninni ekki vegir, sem við færum á Norðurl. e., heldur færum við oft og tíðum frekar um skurðina, sem væru sitt hvorum megin við vegina, þannig að ég held, að hv. stjórnarsinnar hljóti að gera sér ljóst, að ástand í vegamálum á Norðurlandi er mjög alvarlegt, og ég vildi gjarnan fá upplýst, hvers konar regla hafi þarna verið viðhöfð. Og í öðru lagi, ef allir lánsmöguleikar eru tæmdir, hvað á að gera í húsnæðismálum á þessu ári? Mér skilst, að þar vanti 350–500 millj. kr. til þess að halda því framkvæmdamagni, sem var á s. l. ári.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar umr. mikið, en ég get þó ekki látið

hjá líða að fara hér upp í ræðustólinn til þess að lýsa ánægju minni og raunar þakklæti til hæstv. fjmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan, þegar hann lýsti yfir því, að fjárveiting til Hafnarfjarðarvegar gegnum Kópavog væri til frekari athugunar og meðferðar hjá honum. Fljótlega eftir að frv. um lántökuheimildir vegna framkvæmdaáætlunar 1972 var lagt fram og ég hafði séð, að sú fjárveiting, sem ætluð var til þessarar framkvæmdar, gerði lítið meira en greiða áfallandi vexti og afborganir af lánum vegarins, þá átti ég samtal, og hef átt fleiri en eitt samtal, við hæstv. ráðh. um afleiðingar þess, ef ómögulegt yrði að vinna að neinum framkvæmdum við veginn á þessu ári. Framkvæmdum er þannig komið, að ef þær ætti að stöðva nú um eitthvert skeið, þá mundi það verða til mjög mikilla vandræða fyrir kaupstaðinn vegna þess einfaldlega, að þeim er ekki lengra komið en svo, að öll innanbæjarumferð um kaupstaðinn líður stórlega fyrir það, ef framkvæmdum verður ekki hægt að halda lengra áfram og framkvæma nauðsynlegan lágmarksáfanga í vegagerðinni, er gerir það mögulegt að tengja innanbæjarumferðina við þá vegagerð, sem þarna fer fram.

Ég skal ekki tefja tíma hv. d. með því að lýsa því hér, í hverju þessir erfiðleikar eru fólgnir. Geta þess aðeins, að mörg fyrirtæki, sem setzt hafa að í Kópavogskaupstað á undanförnum árum, hafa með undirskriftum lýst yfir verulegum áhyggjum sínum af því, að það kunni að leiða til þess, að þau þurfi að flytja sína starfsemi úr kaupstaðnum, ef ekki fáist greiðfærari innanbæjarumferð en nú er. Það gleður mig því sérstaklega að heyra þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh., og í fullu trausti þess, að hann muni finna leiðir til þess að fjármagna frekari framkvæmdir en mögulegt væri að gera innan þess ramma, sem áætlunin heimilar nú, þá mun ég að sjálfsögðu styðja framgang þessa frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal aðeins svara tveim spurningum, sem til mín var beint hér áðan. Í fyrsta lagi um reglur um Austurlandsáætlun og Norðurlandsáætlun. Ég vil segja það í sambandi við Austurlandsáætlun, að þar mun fyrst og fremst vera um að ræða framreikning til vegamála á þeim vegum, sem voru á vegáætluninni í fyrra, og einhverja lítils háttar breytingu þar á.

Um Norðurlandsáætlun verð ég að segja það, að þá áætlun hef ég ekki séð og veit ekki, hvernig hún er upp byggð. Hins vegar vona ég það, að allmikið sjáist eftir í vegum á Norðurlandi að fjórum árum liðnum, ef búið verður að veita þangað 600 millj., eins og vegáætlunin gerir ráð fyrir, umfram það sem áður var, svo að ég held nú, að hvernig sem áætlunin er upp byggð þá muni þetta marka þáttaskil í vegamálum þar, og er ekki nema gott um það að segja. Hitt held ég, að þessi hv. þm., sem er áhyggjufullur mjög, verði einnig að gera sér ljóst eins og við hinir, að ef við ætlum að sinna þessum hugðarefnum okkar og jafnframt hafa vald á efnahagsmálum, þá getum við ekki látið allt eftir okkur, sem okkur langar til, og ég efast ekkert um, að hann verður í hópi þeirra manna, sem vilja leggja það á sig að bíða í eitt ár með einhvern vegarspotta, þegar hann á það víst, að hann getur fengið hann á næsta ári.

Út af því, sem hann sagði um tæmda möguleika, þá er auðvitað miðað við önnur atriði eins og þann þátt, að nú er unnið að því að ná samkomulagi við lífeyrissjóði um fjármögnun á húsnæðismálakerfinu til viðbótar þeim tekjum sem Byggingarsjóður hefur, sem eru nú um 900 millj., og það eru þegar farin að berast jákvæð svör frá lífeyrissjóðaaðilum um þetta, og því verkefni verður haldið áfram. (**LárJ:** Eru það 350–500 millj.?) Ja, það hefur nú verið rætt um ca. 250 millj. í því sambandi. Ég held, að það sé óhugsandi, að menn treysti sér til þess að bæta 500 millj. kr. fjármögnun í húsnæðismálunum ofan á annað, sem talið er nauðsyn að gera. Og ég veit, að þessi hv. þm. með sínar áhyggjur af efnahagskerfinu er mér sammála um, að það er of mikið gáleysi.

Ég skal svo ekki fara út í frekari umr. um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 652, n. 757, 758 og 778, 765).

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða almennt um framkvæmdaáætlunina við þessa umr. Hæstv. fjmrh. fylgdi henni úr hlaði með ítarlegri ræðu við 1. umr. og þá urðu um hana allmiklar umr. Einnig hefur verið rætt talsvert um hana í þeim eldhúsdagsumr., sem nú standa yfir, og sé ég því ekki ástæðu til þess, eins og ég sagði áðan, að ræða almennt um einstök atriði hennar við þessa umr.

N. kynnti sér frv. allítarlega og kvaddi á fund sinn nokkra menn, sem eru sérfróðir um þessi efni, eins og forstöðumann áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og bankastjóra Seðlabankans og ríkisviðskiptabankanna. Þær skoðanir komu fram, að ekki mætti öllu lengra ganga í framkvæmdum og lántökum en gert væri í áætluninni. Niðurstaðan varð sem sagt sú, að engar till. um lækkun á framkvæmdum eða lækkun á lántökuheimildum komu fram, en hins vegar varð n. sammála um eftir nána athugun að flytja sameiginlega till. um að hækka lántökuheimildirnar um 288 millj. kr. Og þessi lántökuheimild skiptist þannig: Til vegáætlunar 95 millj., til Lánasjóðs sveitarfélaga vegna hitaveituframkvæmda 60 millj., hækkun á láni vegna Laxárvirkjunar 69 millj., lántaka vegna Mjólkárvirkjunar 11 millj., lántaka vegna flugvélakaupa Landhelgisgæzlunnar 30 millj., og loks 23 millj. vegna skipasmíðastöðvarinnar á Akranesi, sem hefur orðið fyrir sérstöku óhappi.

Það er till. meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. með þessari breytingu, sem n. stendur sameiginlega að.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði í hinum almennu stjórnmálaumræðum í gærkvöld, að andrúmsloftið væri breytt á Íslandi. Hann valdi sér síðan haganleg lýsingarorð til þess að gera hlustendum sínum grein fyrir, með hvaða hætti andrúmsloftið væri breytt. Hann sagði, að nú ríkti stórhugur og djörfung og fram-

kvæmdavilji á Íslandi og nú ætti þjóðin von á því að verða leyst úr ánauð erlends herveldis. Nú loksins gætum við farið að lifa sem frjálsir menn í frjálsu landi.

Þessi ræða hæstv. iðnrh. var mjög eftirtektarverð, ekki vegna þess, sem ráðh. sagði, heldur fyrir hitt, til hvaða hlustenda hann talaði og fyrir þá pólitísku sálfræði, sem ráðh. augsýnilega notaði. Það er öllum ljóst, hverjir það eru, sem nú ráða ferðinni í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, og kjósendur Framsfl. gera sér nú betur grein fyrir því en áður, að ráðh. og þm. Framsfl. hafa ekkert þar um að segja. Það eru ráðh. Alþb., sem hafa þar nær öll völd. Þess vegna flutti iðnrh. ræðu sína í gærkvöld til kjósenda Framsfl., ef vera mætti, að honum tækist að slá ryki í augu þeirra og með hástemmdum lýsingarorðum sýna þeim fram á, hversu andrúmsloftið á Íslandi hefði gerbreytzt og hversu dásamlegt væri orðið á Íslandi eftir að formaður Framsfl. væri orðinn forsrh. og einn af forustumönnum Framsfl. á fjármálasviðinu orðinn fjmrh. Það er að sjálfsögðu hægt að halda margar ræður um andrúmsloftið á Íslandi, hvort heldur þær verða eðlisfræðilegar eða stjórnmálalegar. Og það er hægt að velja fjölmörg lýsingarorð, sem við getum talið, hver sá sem ræðuna heldur, að viðeigandi séu. Allt verður nú þetta orðagjálfur, sem fellur í gleymsku, en það getur sjálfsagt borið einhvern stundarárangur og sefað óánægða kjósendur, til þess að forustumenn í stjórnmálum geti haldið áfram að sitja í ráðherrastólum enn um sinn.

Hæstv. iðnrh. er enginn viðvaningur í stjórnmálum. Allt sitt líf hefur hann lifað og hrærzt í heimi stjórnmálanna. Hann gerði það hins vegar að hlutskipti sínu að gerast málsvari yfirráðastefnu erlends heimsveldis og því oft orðið að nota fagurgalann í málflutningi sínum, og honum tókst mjög sæmilega upp í gærkvöld, en um eftirtekjuna verður ekki vitað fyrst um sinn. En hæstv. iðnrh. fór ekki með rangt mál í gærkvöld, síður en svo. Andrúmsloftið á Íslandi hefur breytzt. En hvernig munu spjöld sögunnar í framtíðinni segja, að andrúmsloftið hafi breytzt? Skyldi sagan, þegar hún verður skrifuð, verða sammála hæstv. iðnrh. í ræðu hans í gærkvöld? Ég held ekki. En það skiptir miklu, hvað sagan segir, því að hún er hinn hlutlausi dómur, og þar munu tölurnar tala sínu máli. Skýrendur hinnar pólitísku sögu munu fyrst og fremst benda á, að andrúmsloft efnahags- og fjármálalífs á Íslandi muni hafa breytzt. Þeir munu benda á, að í stað skynsamlegrar efnahags- og fjármálastefnu áratugsins 1960–1970, sem byggð var á ákveðinni samræmdri stefnu vegna vaxandi rannsókna á þjóðarbúskapnum, samfara frjálsum athöfnum einstaklingsins, er hafði það í för með sér, að eitt mesta framfaratímabil í sögu íslenzku þjóðarinnar varð til, stefnir nú eftir valdatöku núv. vinstri stjórnar í átt til aukinnar þenslu í efnahagsmálum, meiri halla á viðskiptajöfnuði og meiri verðbólgu en hér hefur átt sér stað í nær 30 ár.

Flestar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur framkvæmt frá því, að hún kom til valda, hafa stefnt í þessa átt. Fræga-sta dæmið er afgreiðsla fjárlaga. Á einu ári hækka fjárlög ríkisins úr 11 milljörðum og 500 millj. kr. í 16 milljarða og 900 millj. eða um 5 milljarða og 400 millj., sem er meiri hækkun á útgjöldum en dæmi eru til um. Sú framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem nú er lögð fram, er með sama markinu brennd og aðrar aðgerðir ríkisstj. Hún felur í sér mikla aukningu útgjalda og ráðstafanir til fjáröflunar innanlands og utan, sem hljóta að auka þann vanda, sem við er að etja, í stað þess að draga úr honum. Í frv. og í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir útvegun fjár að upphæð 1700 millj. kr. í stað þess, að á s. l. ári var gert ráð fyrir útvegun fjár til framkvæmdaáætlunar að upphæð 155 millj. kr. Þessar 1700 millj. eru þannig fengnar eða þannig er hugsað að fá þær: 500 millj. með útgáfu spariskírteina nú, 200 millj. frá því að spariskírteinaútgáfan var samþ. í des. s. l., 95 millj. með happdrættisláninu, 240 millj. annað innlent lán, sem ekki hefur verið útvegað, og svo 665 millj. útlend lán. Það liggur í augum uppi, að slík framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem lögð hefur verið fram, stefnir að því, sem ég gat um áðan, að auka á verðbólguna meira en nokkru sinni fyrr. Af sparifé landsmanna var gert ráð fyrir á s. l. ári, að rynnu 75 millj. kr. í þá framkvæmdaáætlun, en hér er gert ráð fyrir 795 millj. kr. eða rúmlega tífalt meira heldur en á s. l. ári. Er nokkur furða, þó að fyrirsvarsmenn viðskiptabankanna, sem verða að sjá atvinnulífinu fyrir rekstrarfé, séu uggandi um hag atvinnurekstrarins? Er nokkur furða, þó að þeir á fundi fjhn. lýsi yfir því, að þeim finnist hér svo langt gengið, að þeir geri sér ekki grein fyrir því, með hvaða hætti eigi að veita atvinnurekstrinum rekstrarfé á þessu ári?

Núv. ríkisstj. hefur látið mjög í veðri vaka, að áætlanagerð skuli aukin og efld og framkvæmdum raðað í forgangsröð, þannig að þær, sem mikilvægari væru, gengju fyrir öðrum. Eins og alkunnugt er, var sett á laggirnar Framkvæmdastofnun ríkisins nú á þessu ári í því skyni að vinna að þessum málum undir yfirstjórn sjö manna þingkjörinnar stjórnar og þriggja manna framkvæmdaráðs stjórnarflokkanna sjálfra, hinna svokölluðu „pólitísku kommissara."

Sú framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem nú er lögð fram, er fyrsta áætlunin, sem runnin er undan rifjum hinnar nýju stofnunar. Ekki ber þó þessi áætlun nein merki um bætt vinnubrögð eða eflingu áætlunargerðar frá því, sem áður var, nema síður sé. Jafnframt felur áætlunin ekki í sér neitt skipulegt val á milli framkvæmda og verkefna, sem ætti þó að vera annar megintilgangur slíkrar áætlunar.

Skýrsla fjmrh. er lögð óvenju seint fram. Hún er lögð fram nú í þinglok, 5. maí, en á s. l. ári var hún lögð fram 18. marz. Að formi til fylgir skýrslan nákvæmlega þeim skýrslum, sem fyrrv. fjmrh. hefur gefið um margra ára skeið. Innihald skýrslunnar, áætlunin sjálf og frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar 1972 bera þess hins vegar glögg merki, að hvorki hin nýja stofnun né ríkisstj. sjálf hefur náð neinum tökum á þeim verkefnum, sem fyrir liggja. Verkefnið er að meta framkvæmdagetu í ljósi almenns ástands og þróunar efnahagsmála og velja framkvæmdir innan þess ramma, sem það mat setur. Þetta er vandasamt verkefni, sem samhentri ríkisstj. hefur þó tekizt að leysa á undanförnum árum. Nú bregður hins vegar svo við, að engin alvarleg tilraun er gerð til að finna raunhæfan ramma fyrir framkvæmdagetuna. Á sama tíma sem vinnuaflsskortur er meiri en um langt skeið og ekki eru horfur á, að unnt sé að reka sjávarútveg og iðnað með fullum afköstum af þeim sökum, er stefnt að aukningu framkvæmda, sem að mati fjmrh.

kallar á 1000 manna aukningu. En slíkt mundi að sjálfsögðu valda vaxandi erfiðleikum hjá undirstöðuatvinnuvegunum. Á sama tíma sem minnkandi sparnaður í landinu torveldar bönkum að fullnægja þörf atvinnuveganna fyrir rekstrarfé á að tífalda sölu sparisskírteina og annarra skuldabréfa og draga þannig miklar fjárhæðir frá bönkum og sparisjóðum. Á sama tíma og viðskiptajöfnuður landsins er með miklum halla er stefnt að auknum framkvæmdum, sem ásamt vaxandi neyzlu munu, samkv. mati fjmrh. sjálfs, leiða til 18–20% aukningar innflutnings á þessu ári, enda þótt gert sé ráð fyrir minni innflutningi skipa og flugvéla en árið áður.

Hvorki skýrsla fjmrh. né frv. um lántökuheimildina bera þess merki, að nokkur alvarleg tilraun hafi heldur verið gerð til þess að velja á milli framkvæmda og viðfangsefna. Enga röksemdafærslu eða skýringar er að finna fyrir þeirri ráðstöfun fjár, sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í útvarpsumræðum í gærkvöld spurði forsrh.: Hvað vildu þeir skera niður? Hvers óskuðu þeir? Hvað vildu þeir láta framkvæma? Og átti hann þá við stjórnarandstöðuna. Svipuðum spurningum var beint til stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu fjárlaga frá hæstv. forsrh., en honum þá bent á, að hann hefði í sínum málflutningi við síðustu kosningar bent á, að þær aðferðir, sem þáv. ríkisstj. og stjórnarflokkar notuðu til vals á framkvæmdum, væru með öllu ómögulegar. Nú þyrfti að breyta um og fela Framsfl. forustu í þessum málum. Þegar hann svo stendur frammi fyrir því, að fram undan er mikil verðbólga, þegar hann stendur frammi fyrir því stjórnleysi í efnahags- og peningamálum, sem núv. ríkisstj. stendur að, þá er hrópað til þeirra, sem áður voru gagnrýndir, og spurt: Hvað viljið þið? Hvað lögðuð þið til?

Af öllum þessum vinnubrögðum er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að innan ríkisstj. og Framkvæmdastofnunarinnar hafi í sífellu togazt á mismunandi sjónarmið, án þess að tekizt hafi að ná almennri yfirsýn yfir viðfangsefnið og samræma sjónarmiðin innan marka raunhæfrar framkvæmdagetu. Í samræmi við þetta er sú framkvæmdaáætlun, sem hér hefur verið lögð fram, í rauninni engin áætlun, heldur hrærigrautur alls konar fyrirætlana. Verkið, sem leysa þarf af hendi, hin raunverulega áætlunargerð, er enn þá ógunnið, og það er auðsjáanlega ekki á færi ósamstæðrar og forustulausrar ríkisstj. að leysa það af hendi. Enda má sjá, að ráðh. Alþb. notfæra sér forustuleysið og móta þá stefnu, sem hér er farin í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar í dag.

Ég hef haldið því fram, að ráðh. Alþb. mótuðu þessa stefnu, enda er ríkið hvarvetna að yfirtaka peninga og hlaða undir sig völdum. Fjárlögin eru höfð svo há, að skatta einstaklinga og fyrirtækja verður að hækka burtséð frá því, hvort það er réttlátt eða ekki. Ríkisstj. hyggst með framkvæmdaáætluninni taka meira sparifé en nokkru sinni áður auk þess sem byrjað er á nýrri útgáfu, víxlaútgáfu af hálfu ríkissjóðs, sem aldrei hefur þekkzt áður, og með þessu móti rýrna möguleikar lánsfjárstofnananna til þess að sinna atvinnuvegunum. Öll eru þessi vinnubrögð með þeim hætti, að ég læt mér ekki detta í hug, að þau séu runnin undan rifjum hæstv. fjmrh. Ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh., sem m. a. á undanförnum árum hefur gagnrýnt efnahags- og fjármálastefnu þáv. hæstv. ríkisstj., standi að þeim fjárlögum og þeirri framkvæmdaáætlun, sem hér er til umr.

Skömmu fyrir síðustu kosningar talaði hæstv. fjmrh. til þjóðarinnar og óskapaðist þá mjög yfir því, að fjárlög hefðu hækkað á fjórum árum úr 4 milljörðum og 700 millj. kr. í 11 milljarða og 500 millj. kr. Ég trúi því ekki, að sá maður, sem gagnrýnir hluti með þessum hætti, standi að eða móti stefnu um hækkun fjárlaga úr 11 500 millj. í 16 900 millj. Ég trúi því ekki á ráðh., sem í ræðu á haustþinginu 1970 um stöðugt verðlag og atvinnuöryggi sagði:

„Framsfl. er eini stjórnmálaflokkur landsins, sem látið hefur af völdum, af því að honum tókst ekki að ná samstöðu um leið til baráttu gegn verðbólgunni, sem hann taldi nauðsyn bera til.“

Ég trúi því ekki, að þessi ráðh., sem þarna talaði í stjórnarandstöðu, sé forustumaður fyrir þeirri verðbólgustefnu, sem fjárlög ríkisins fyrir 1972 og sú framkvæmdaáætlun, sem hér er til umr., boðar. Ég trúi því ekki á þennan mann, sem í þessari sömu ræðu sagði: „Framsfl. er ljóst, að ef nú á að ná árangri í baráttunni gegn verðbólgunni, þarf markvissa stefnu og þrotlaust starf. Sýndarmennska og uppþot rétt fyrir kosningar gagnar þá lítið, eins og ljóst er af fyrri vinnubrögðum núverandi valdhafa, svo sem ég mun víkja að síðar.“ Ég trúi því ekki, að sá maður, sem gagnrýndi fráfarandi ríkisstj. með þessum orðum varðandi stefnu hennar í efnahags- og fjármálum, standi nú að því frv., sem hér er til umr., og fjárlagastefnu ríkisstj., sem er meira verðbólguaukandi heldur en nokkur önnur s. l. 30 ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja fleiri ummæli hæstv. fjmrh. Hann er búinn að vera lengi þm., hann er búinn að ræða lengi fjármál ríkisins. Hann hefur gagnrýnt þau af hálfu framsóknarmanna og verið einn af þeim, sem hefur talið sig hafa ráð undir rifi hverju, bara ef hann og hans flokkur fengi forustuna í stjórnmálum landsins, og þá ævinlega haft á bak við eyrað, að hann þá tæki við fjármálum ríkisins og þá mundi þetta allt saman verða lagfært.

Ég vil fá að heyra það hjá hæstv. fjmrh., að hann standi að þessari stefnu, en ekki ráðh. Alþb., eins og ég gerði grein fyrir hér í upphafi. Ef hæstv. fjmrh. vill vera forsvarsmaður þeirrar fjármálastefnu, sem rekin er af ríkisstj., og ég skil það mætavel, að hann komi hér upp og telji hana sína, þá um leið gerir hann að engu alla þá gagnrýni, sem hann hefur haft uppi um áratuga skeið á fjármála- og efnahagsstefnu fyrrv. ríkisstj. Öll sú gagnrýni og öll þau orð, sem hann hefur látið falla um þá efnahagsstefnu, verða að skoðast sem áróður, kosningaáróður, aðeins til þess að reyna að villa fyrir kjósendum, reyna að blekkja þá til þess að Framsfl. næði þeirri aðstöðu í íslenzkum stjórnmálum, sem hann hefur náð í dag.

Sá vitnisburður prófessors Ólafs Björnssonar, sem hæstv. ráðh. hefur oft vitnað til, að verðbólgan muni nú verða meiri hér á landi heldur en nokkru sinni síðan 1942, er vitnisburður, sem ég trúi varla, að hæstv. fjmrh. vilji telja vitnisburð fyrir sig. Það skyldi þó ekki vera, eins og ég benti á hér í upphafi, að stefnan sé mótuð af ráðh. Alþb. og það sé aðeins hugsun ráðh. Framsfl., að nú sé gaman að vera Íslendingur, eins og hæstv. forsrh. sagði í útvarpsumræðunum í gær. Maður mátti búast

við því að heyra á eftir sönginn „Nú liggur vel á mér"!

1. minni hl. fjhn. mun ekki standa að samþykkt þessa frv., með tilvísun til nál. og þess, sem ég hef hér sagt, hvort sem hæstv. fjmrh. viðurkennir að vera forustumaður þessarar stefnu eða ekki. Við flytjum hins vegar ásamt öðrum nm. brtt. við frv., sem sumpart er til þess að leiðrétta og samræma á milli áætlunarinnar, eins og hún hefur verið lögð fram, og frv., og sumpart til þess að koma framkvæmdum af stað, sem frv. ekki gerði ráð fyrir, en nm. telja engu að síður nauðsynlegar og að taka hefði átt meira tillit til við samningu frv.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Öllum Íslendingum mun ljóst, að þjóðin býr nú við betri aðstæður í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr á síðari áratugum a. m. k. Enginn getur hins vegar látið sér hugkvæmast þá skýringu á þessu, að ástæðan sé sú, að Íslendingar fengu nýja ríkisstj. á miðju s. l. ári. Síðasta heimildin, sem við höfum um efnahagsafkomu þjóðarinnar, er einmitt um s. l. ár, en núv. ríkisstj. var við völd aðeins um helming þess árs. Afkoma undanfarins árs, hvað þá áranna 1970 og 1969, gæti með engu móti hafa orðið slík sem hún varð fyrir tilverknað núv. ríkisstj. Ef við skoðum þjóðarframleiðsluna undanfarin þrjú ár, 1969, 1970 og 1971, þá kemur í ljós, að hún hefur vaxið um 18.5%, og er það meiri vöxtur en nokkurn tíma hefur áður átt sér stað á þriggja ára tímabili. Vegna hagstæðra og batnandi viðskiptakjara hefur það fé, sem þjóðin hefur haft til raunverulegrar ráðstöfunar, verið meira en þau verðmæti, sem hún framleiddi sjálf. Þjóðartekjur hafa m. ö. o. verið meiri en þjóðarframleiðsla. Og það fé, sem þjóðin hefur ráðstafað, hefur verið miklu mest, því að til viðbótar því sem góð viðskiptakjör auka þjóðarframleiðslu og gera þjóðartekjur meiri en þjóðarframleiðslu þá hefur þjóðin enn fremur haft erlent lánsfé til ráðstöfunar, svo að verðmætaráðstöfun hefur verið miklu mest, enn meiri en þjóðarframleiðsla og enn meiri en þjóðartekjur. Á undanförnum þremur árum hefur verðmætaráðstöfunin aukizt um hvorki meira né minna en 48% og er þá talin saman verðmætaráðstöfun til einkaneyzlu og til hvers konar fjárfestingar. Það er ómótmælanleg staðreynd, að eftir að Íslendingar yfirunnu hina miklu efnahagsörðugleika, sem á þeim dundu á árunum 1967–1968, – það tókst með markvissum ráðstöfunum á sínum tíma, sem komu illa við almenning, eins og hlaut að verða, en hefur hins vegar leitt í ljós, að voru nauðsynlegar, vegna þess að í kjölfar þeirra erfiðleika, sem þá dundu á, hefur komið afturbati og meira að segja sívaxandi afturbati, sem náði hámarki á s. l. ári, á árinu 1971, – í framhaldi af þessum öra afturbata þriggja s. l. ára, hefur nú á allra síðustu mánuðum, einmitt nú á allra síðustu mánuðum dregið alvarlegar blikur á loft. Einmitt á þeim tíma eða síðan núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda eða þó öllu frekar síðan á s. l. hausti hefur efnahagsástandið á Íslandi mótazt af sívaxandi þenslu. Það hefur komið í ljós, að mikill þrýstingur hefur verið á verðlag. Peningatekjur í landinu hafa af mörgum ástæðum farið mjög vaxandi og stuðlað að hækkun verðlags. Jafnframt hefur í vaxandi mæli borið á skorti á vinnuafli. Það hefur verið áberandi, að innflutningur hefur á undanförnum mánuðum aukizt mjög hröðum skrefum. Jafnframt sýnir athugun á reikningum eða skýrslum bankakerfisins það, að sparnaður fer minnkandi. Þegar slíkt gerist, að í kjölfar mjög batnandi efnahags, stóraukinnar þjóðarframleiðslu og sívaxandi þjóðartekna fer að bera á vaxandi þenslu, skorti á vinnuafli, hækkandi verðlagi, rýrnandi gjaldeyrisstöðu, þá er einmitt tími til kominn fyrir ábyrga ríkisstj. að huga að gangi mála og grípa í taumana, gera ráðstafanir til þess að samræma eftir því sem frekast er unnt innlenda eftirspurn annars vegar raunverulegum vexti þjóðarteknanna hins vegar. Það er undir þessum kringumstæðum, sem gildi áætlunargerðar er sérstaklega mikið. Það er einmitt undir þessum kringumstæðum sem raunhæf áætlunargerð getur sýnt, hvers hún er megnug sem hagstjórnartæki, ef henni er vel og skynsamlega beitt. Þess vegna var það í sjálfu sér fagnaðarefni, að ríkisstj. skyldi láta þess getið í stjórnarsáttmála sínum á s. l. sumri og staðfesta það í frv. sínu um Framkvæmdastofnun ríkisins, að hún hugsaði sér að beita áætlunargerð eða halda áfram að beita áætlunargerð í vaxandi mæli sem hagstjórnartæki. En á undanförnum áratug hafði verið tekin upp hér á Íslandi víðtæk áætlanagerð, sem fór vaxandi ár frá ári og sýndi stöðugt aukið gildi sitt fyrir skynsamlega hagstjórn. Einmitt þess vegna var þess að vænta, að hæstv. ríkisstj. með tilliti til skoðunar á þeirri þróun, sem þarna er að bera á í íslenzkum efnahagsmálum, mundi leggja á það sérstaka áherzlu að vanda nú vel til framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972 og hafa að grundvallarsjónarmiði þeirrar áætlunargerðar að hamla gegn vaxandi þenslu, að beita henni til þess að koma í veg fyrir verðbólgu og tryggja þannig kaupmátt launa og áframhaldandi batnandi hag með heilbrigðum hætti.

Því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að veita ríkisstj. nauðsynlegar lántökuheimildir til að standa undir þeirri framkvæmdaáætlun, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir hið háa Alþ. En skoðun á þeirri framkvæmdaáætlun og því frv., sem hér liggur fyrir, hlýtur að leiða til þess harða dóms, að bókstaflega ekkert tillit sé tekið, hvorki í framkvæmdaáætluninni né heldur í fjáröflunarfrv., til þeirra raunverulegu hættumerkja, sem fram undan eru í íslenzku efnahagslífi. Þegar þannig háttar, eins og nú á sér stað, að í kjölfar mjög vaxandi þjóðarframleiðslu og mjög vaxandi þjóðartekna fer að bera jafngreinilega á ofþenslueinkennum eins og átt hefur sér stað hér síðasta misserið, þá er það skylda ábyrgrar og skynsamrar ríkisstj. að grípa í taumana og einmitt að beita áætlanagerð til þess að samræma hina einstöku þætti þjóðarbúsins, þannig að ofþenslunni linni og heildarframþróun geti átt sér stað með samræmdum hætti. En sú framkvæmdaáætlun, sem hér er raunverulega til umr., og tekjuöflunarfrv. til hennar bera þess engan veginn vott, að ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því, hverjar hættur eru hér á ferð, né heldur að hún hafi vilja til þess að grípa til þeirra ráðstafana, sem þarf til þess að hamla hér á móti.

Við þær aðstæður, sem nú eru í íslenzku efnahagslífi, þegar um mikið hágengi er að ræða og hættu á stórkostlegri þenslu, þarf ríkisvaldið að hafa forustu um heilbrigt aðhald í efnahagsmálum. Þá ber ríkisstj. að hafa forustu um það, að eftirspurn í peningum sé samræmd raunverulegri framboðsgetu í þjóðarbúinu, að eftirspurn í peningum sé samræmd hinni raunverulegu gjaldeyrisöflun, sem á sér stað. En því er nú verr og

miður, að því er ekki að heilsa í framkvæmdaáætluninni eða þessu frv., sem hér er um að ræða. Hér er enn fylgt þeirri sömu stefnu, sem mótaði fjárlagaafgreiðsluna, þegar útgjöld fjárlaga voru stóraukin. Hér er enn um það að ræða, að gert er ráð fyrir stórauknum framkvæmdum af hálfu hins opinbera í öllu mögulegu skyni. Ef bornar eru saman framkvæmdaáætlun síðastliðins árs og framkvæmdaáætlun núna, þá kemur í ljós, að heildarframkvæmdir á framkvæmdaáætluninni í fyrra voru 778 millj., en eru nú 2022 millj. eða næstum þrisvar sinnum meiri. Í framkvæmdaáætluninni í fyrra var gert ráð fyrir að afla fjár til framkvæmdanna þannig, að ráðstöfunarfé Framkvæmdabankans og spariskírteinalán voru áætluð samtals 623 millj. kr., heildarframkvæmdirnar voru fyrir 778 millj. kr. Þess, sem á vantaði, átti að afla með hagnýtingu á vörukaupalánum í Bandaríkjunum og útgáfu viðbótarskírteina, 75 millj. kr. Raunveruleg fjárvöntun, þegar framkvæmdaáætlun í fyrra var lögð fram, var því 155 millj. kr. af 778 millj. kr. og það bil átti að brúa með þeim hætti, sem ég gat um áðan, og var brúað með þeim hætti. En þegar þessi framkvæmdaáætlun er skoðuð út frá sama sjónarmiði, kemur í ljós, að með hliðstæðum hætti og í fyrra var aflað 623 millj. kr. af 778 millj. kr. fjárþörf er nú aflað 595 millj. kr. af 2022 millj. kr. fjárþörf. Bilið, sem þarf að brúa með sérstökum hætti og var í fyrra 155 millj. kr., er því nú rúmar 1400 millj. kr. eða næstum tíföld sú upphæð, sem um var að ræða í fyrra, og þetta bil á nú að brúa fyrst og fremst með stóraukinni skuldabréfaútgáfu ríkisins. Í stað þeirra 75 millj. kr. í skuldabréfum, sem útgefin voru undir árslokin til að standa undir framkvæmdaáætluninni í fyrra, og í stað þeirra 75 millj. kr. í nýjum skuldabréfum, sem gefin voru út til að brúa bilið á framkvæmdaáætluninni 1971, á nú að gefa út ný bréf að upphæð 500 millj. kr., eða allt að sjö sinnum hærri upphæð, auk 200 millj. kr., sem eru til ráðstöfunar frá fyrra ári, og 95 millj. í bréfum, sem þegar hafa verið gefin út vegna vegagerðar á Skeiðarársandi. Heildarskuldabréfaútgáfan í ár verður því um tíföld á við það, sem gefið var út af nýjum skuldabréfum í fyrra, og er það í fullu samræmi við það, sem ég sagði áðan, – hafði fengið þá niðurstöðu með öðrum hætti, – að hin sérstaka fjáröflun, sem verður í ár nauðsynleg, er um það bil tíföld á við það, sem hún var í fyrra. Það gefur auga leið, að jafn stórfelld aukning á framkvæmdamagni og skuldabréfaútgáfu getur ekki orðið án nýs þrýstings á verðlagið, og þar með er hún orðin orsök að aukningu þeirrar verðbólgu, sem að öðru leyti er þörf á að draga úr.

Þá er og þess að geta, að skuldabréfaútgáfa dugar ekki til að brúa allt bilið á milli hinnar eðlilegu fjáröflunar, sem ég vildi kalla svo, og heildarmagns framkvæmdanna. Þó að skuldabréfaútgáfa sé tífölduð, dugar það ekki að öllu leyti til. Það verður einnig að auka erlendar lántökur. Þær munu í ár verða 632 millj. kr. til ýmissa framkvæmda og opinberra sjóða, samanborið við 80 millj. kr. í fyrra, og er þar líka um varhugaverða þróun að ræða. Erlendar lántökur verða í ár næstum átta sinnum meiri en þær voru í fyrra. Þetta mun að vísu hjálpa upp á greiðslujöfnuðinn, en heilbrigt er það ekki, þegar haft er í huga, að heildarupphæðin lánuð til langs tíma er nú orðin 17 milljarðar kr. og greiðslubyrðin mun í ár nema um 300 millj. kr. Þetta eru þær tölur, sem voru í framkvæmdaáætluninni, og 1000 millj. kr. – ég bið ast afsökunar auðvitað. Þessar tölur eru miðaðar við það, sem stendur í framkvæmdaáætluninni og því frv., sem hér er um að ræða.

Það er rétt að vekja athygli á því, þó að ég geri ekki neitt sérstakt veður út af því, að það hefur ekki einu sinni tekizt að hafa fullt samræmi á milli framkvæmdaáætlunarinnar og frv., þar ber nokkuð á milli, en úr því skal ég samt ekki gera mikið. Á hitt tel ég mig ekki komast hjá að minnast, að þó að fæðingartími framkvæmdaáætlunarinnar og frv. hafi verið lengri en nokkru sinni áður, þá tókst samt ekki að koma öllum fyrirætlunum ríkisstj. inn í framkvæmdaáætlunina og frv. og þess vegna varð hæstv. ríkisstj. að biðja fjhn. þessarar hv. d. á síðustu stundu, eftir að frv. og áætlunin höfðu verið lögð fram, að flytja brtt. um verulegar hækkanir, um hækkanir, sem nema hvorki meira né minna en 286 millj. kr. á lánsheimildunum. M. ö. o.: þegar frv. er lagt fram, eftir að framkvæmdaáætlunin hefur verið í smíðum í marga mánuði, þá er ríkisstj. ekki enn búin að koma sér saman um, hvaða heimildir hún vill raunverulega biðja hið háa Alþ. um, og nú fyrir tveim dögum aðeins er lögð fram við fjhn. beiðni um að auka enn heimildir ríkisstj. um 286 millj. kr. Þetta er eitt dæmi af mörgum, sem taka af öll tvímæli um það, að því fer víðs fjarri, að þessi framkvæmdaáætlun eða þetta frv. sé eins rækilega og vel undirbúið og nauðsynlegt væri.

Undir þessum kringumstæðum, þegar samþ. eru hæstu fjárlög í sögu landsins í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið, en þegar farið er að bera verulega á hættumerkjum ofþenslu og vaxandi verðbólgu, hefði það átt að vera skylda ríkisstj. að gera samræmt átak í íslenzkum efnahagsmálum til að stemma stigu við ofþenslunni, til að stemma stigu við verðbólguaukningu. Ég þykist vita, að það sé sagt af hálfu hæstv. ríkisstj., að í þessum orðum mínum felist andmæli við þeirri aukningu opinberra framkvæmda, sem hér er um að ræða. En orð mín má samt ekki skilja þannig. Það, sem er mergur málsins, það, sem ég vil leggja megináherzlu á, er það, að það er skylda ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, hvaða heildarframkvæmdamagn opinberra aðila og einkaaðila er samrýmanlegt þjóðarframleiðslunni eins og hún er núna, heilbrigðum sparnaði og þeirri aðstöðu, sem við búum við gagnvart öðrum þjóðum. Af þessu má ekki draga þá ályktun, að endilega þetta opinbera framkvæmdamagn sé í sjálfu sér óframkvæmanlegt, óæskilegt eða jafnvel óeðlilegt, en ef menn vilja þetta magn opinberra framkvæmda, þá verða menn að gera sér grein fyrir því, að það getur þýtt að draga verði úr einkaframkvæmdum sem þessu svarar. Ég skal engan dóm um það fella hér á þessu stigi og hef raunar ekki aðstöðu til þess, – ég hef ekki nægilegt yfirlit yfir heildarefnahagsástandið eins og það er núna og er það varla von, það hefur ríkisstj. ein, – það, sem ég legg megináherzlu á, er það, að skylda ríkisstj. er að gera sér grein fyrir því, hvert hlutfall er eðlilegt og hæfilegt milli opinberra framkvæmda annars vegar og einkaframkvæmda hins vegar, því að það, sem nauðsynlegt er að samræma, eru heildarframkvæmdirnar annars vegar og heildarfjárhagsgetan m. a. að því er snertir gjaldeyrisstöðuna hins vegar. Ef það er skoðun ríkisstj., að allar

þær opinberar framkvæmdir, sem hér er um að ræða, séu nauðsynlegar, þá ber ég ekki á móti því, en vek aðeins athygli á því, að þá er það skylda ríkisstj. að taka í sínar hendur stjórn einkaframkvæmdanna í svo ríkum mæli og til þess hefur hún Framkvæmdastofnunina, að heildarframkvæmdamagn verði ekki of mikið og stuðli ekki að greinilegri áframhaldandi ofþenslu og beinni verðbólgu. Það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur algjörlega látið undir höfuð leggjast. Þetta plagg, þessi skýrsla ríkisstj. ber ekki vott um, að hún hafi yfir höfuð nokkurt heildaryfirlit um, hvert líklegt sé heildarframkvæmdamagn þjóðarinnar á þessu ári. Það eina, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, er að safna saman óskum úr öllum mögulegum áttum um opinberar framkvæmdir, í þessu kjördæmi í hinu kjördæminu, á þessu sviðinu á hinu sviðinu, tína þær saman í framkvæmdaáætlunina og lánsfjáröflunarfrv. og óska eftir lánsheimild til að framkvæma þetta allt saman, án þess að hafa hugmynd um, hvort hún getur framkvæmt það eða ekki, og án þess að hafa gert nokkra tilraun til að hafa nokkra heildarstjórn á þjóðarbúinu, sem hún sagðist þó ætla að reyna að hafa með aðstoð Framkvæmdastofnunarinnar. Þess vegna andmæli ég því algjörlega, að þessi viðvörunarorð mín um ofþenslu og vaxandi verðbólgu séu í sjálfu sér túlkuð sem andstaða við þær framkvæmdir, sem hér er rætt um að efna til. Ég endurtek það og segi aðeins: Gott og vel, ef ríkisstj. vill framkvæma allt þetta, sem hér er um að ræða, og heldur að það sé heilbrigt að taka til þess lán með þeim hætti, sem hún hyggst fyrir, þá verður hún að hafa þess konar heildarstjórn á einkaframkvæmdunum, að heildarframkvæmdamagnið fari ekki fram úr því marki, sem telja má samrýmanlegt fjárhagsgetunni og gjaldeyrisstöðunni, en það er það, sem er vanrækt.

Með hliðsjón af þessari vanrækslu hæstv. ríkisstj. verður því miður ekki sagt, að horfurnar fram undan séu bjartar í íslenzku efnahagslífi. Þær eru bjartar að því er snertir afkomu þjóðarbúsins. Það er ekkert, sem bendir til þess á erlendum mörkuðum enn þá, að verðlag þar fari lækkandi, og þjóðarframleiðslan mun í ár, 1972, án efa vaxa eitthvað umfram það sem hún var 1971, þó að ekki sé líklegt, að hún vaxi jafnmikið og s. l. ár eða í fyrra miðað við árið þar áður. En hún mun halda áfram að vaxa, og meðan verðlagið erlendis er jafnhagstætt og það er núna eru afkomuhorfur þjóðarbúsins sem heildar án efa góðar og þess vegna þarf almenningur í landinu án efa ekki að óttast það, að kjör hans fari í heild versnandi á þessu ári, en þeim mun meir ber að harma það, að ríkisstj. skuli láta sem hún sjái ekki þær blikur, sem hafizt hafa á loft, sérstaklega á undanförnu misseri, og koma fram í síhækkandi verðlagi neyzluvöru, koma fram í síhækkandi verðlagi fasteigna, koma fram í stórauknum innflutningi og þar með aukinni gjaldeyriseyðslu, koma fram í stórauknum skorti á vinnuafli, koma fram í stórauknum rekstrarfjárskorti atvinnuveganna. Allt þetta eru þess konar tákn í augum allra manna, sem þekkingu hafa á, að það ætti að hvetja ábyrga og skynsama ríkisstj. til gagnráðstafana, til aðgerða. Sú verðlagshækkun og sú eftirspurnarþensla, sem nú á sér stað, mun án efa snúa hagstæðum viðskiptajöfnuði þjóðarinnar á árunum 1970–1971 í óhagstæðan viðskiptajöfnuð á þessu ári. Það er of snemmt að taka ábyrgð á ákveðinni spá í þeim efnum, en heyrt hef ég sérfræðinga áætla, að viðskiptajöfnuðurinn muni í ár rýrna um um það bil 2000 millj. kr., þar sem Íslendingar muni á þessu ári tapa um það bil helmingi þess gjaldeyrisforða, sem tekizt hefur að safna á undanförnum árum eða síðan sigrazt var á gjaldeyriserfiðleikunum árin 1967 og 1968. Það verður líka að gera sér algjörlega ljóst, hvaða þýðingu það mun hafa fyrir starfsmöguleika bankanna, að ríkissjóður hefur nú fyrirætlanir um að tífalda skuldabréfaútgáfu sína, tífalda það sparifé, sem ríkisstj. tekur beint til sín frá sparifjáreigendum í formi skuldabréfalána. Það er auðvitað mesti barnaskapur að láta sér detta í hug, að fjárhagsráðstöfun eins og útgáfa nýrra skuldabréfa, spariskuldabréfa ríkissjóðs, beinlínis auki sparnað, sparnaður hefur farið minnkandi, fór minnkandi á síðastliðnu ári. Venjulegur sparnaður á undanförnum árum hefur verið um 25 til 26% af þjóðartekjum. Á síðastliðnu ári hefur hann minnkað ofan í 23%. (Gripið fram í.) Er það spáin á þessu ári? Ég biðst afsökunar, ég sagði þetta eftir minni. Þá eru það sérfræðingar, sem spá því, að á þessu ári muni sparnaður minnka ofan í 23% miðað við 26% sem venjulegan sparnað á undanförnum árum. Auðvitað að árinu 1971 meðtöldu, því að skýrsla er til um það. Ég sé þetta núna, þetta er alveg augljóslega svona. M. ö. o.: sérfræðingar reikna með því, að sparnaður fari minnkandi frá því, sem tölur sýna að hafi verið undanfarin ár. En hitt er áreiðanlega misskilningur, að aukin spariskírteinaútgáfa sé rétta ráðið til að auka sparnað. Það hefur reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnt, sparnaðurinn eykst þá aðeins þegar menn öðlast aukna trú á gjaldmiðilinn, þegar menn öðlast aukna trú á stöðugt verðlag. Sparnaður minnkar ávallt, þegar trú almennings minnkar, þegar ótti við hækkandi verðlag gerir vart við sig. Þess vegna er mjög skiljanlegt, að sparnaður skuli einmitt fara minnkandi á þessu ári, að það skuli einmitt vera spáð minnkandi sparnaði á þessu ári af sérfræðingum, af því að allir vita, að verðlag fer mjög hækkandi og mun fara mjög hækkandi það sem eftir er af árinu. Það eina, sem við má búast, er það, að sparnaður minnki, enda spá sérfræðingar minnkandi sparnaði á þessu ári. Ráðið við þessu er ekki það að gefa út spariskírteini ríkisins, ráðið við þessu er það að gera þær ráðstafanir, sem stöðva verðlagshækkanirnar, gefa fólki aukna trú, nýja trú á stöðugt verðlag og nýja trú á stöðugt gildi gjaldmiðils. Allt annað er prjál og árangurslaust. Hins vegar hlýtur svo gífurlega aukin útgáfa spariskírteina eins og hér er um að ræða, allt að því tíföldun, að hafa áhrif á starfsmöguleika bankanna, enda hafa þeir bankastjórar viðskiptabankanna, sem á fund fjhn. komu, allir lýst yfir því, að þeir óttuðust mjög, að þessi aukna ríkisskuldabréfaútgáfa muni þrengja kosti bankanna. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að rekstrarfé atvinnuveganna fer einmitt nú þessa mánuði mjög vaxandi vegna hækkaðs framleiðslukostnaðar og hækkaðs verðlags. Það væri því fyllsta þörf á því, ef atvinnuvegirnir og sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir eiga að hafa óskertan starfsgrundvöll, að bankarnir gætu aukið fyrirgreiðslu sína við þá, en þessi aukna ásókn ríkissjóðs í sparifjármyndunina hlýtur, það er augljóst mál, hún hlýtur að minnka getu bankanna til þess að sinna lánsfjárbeiðnum atvinnuveganna. Samfara hækkandi framleiðslukostnaði og þess vegna aukinni rekstrar-

fjárþörf atvinnuveganna munu því bankarnir hegða sér þannig að æ fleiri munu fara þaðan bónleiðir til búðar, þegar þeir koma og biðja um aukið rekstrarfé vegna aukins rekstrarkostnaðar. Það er því ekki aðeins, að ríkið keppi við atvinnuvegina á vinnumarkaðinum með því að margfalda framkvæmdir sínar svo mjög sem raun ber vitni um, heldur keppir það einnig við atvinnuvegina um lánsfé í bönkum, og það gefur auga leið, að þetta er ekki ráðið til að draga úr verðbólgu og ofþenslu, þetta er vísasti vegurinn til að auka verðbólgu og auka verðþenslu.

Ég verð því að segja sem niðurstöðu bollaleggínga minna um framkvæmdaáætlunina og fjáröflunarfrv., að mér er hvort tveggja vonbrigði, mikil vonbrigði. Hæstv. ríkisstj. hefur betri aðstæður en nokkur ríkisstj. hefur haft um langt skeið undanfarið til þess að hegða sér skynsamlega, hafa heilbrigða og skynsamlega heildarstjórn á atvinnulífinu, vegna þess að bæði er framleiðsluaukning mikil og viðskiptakjörin óvenjulega góð. Hún lýsti því m. a. s. yfir, að hún hefði fullan skilning á því að hagnýta þessar góðu aðstæður með því að beita áætlanagerð í enn ríkara mæli en gert hefur verið á undanförnum árum. Þessi tækifæri hefur hún látið ónotuð. Þessi framkvæmdaáætlun ber ekki vott um altæka skynsamlega áætlunargerð, og hvað fjáröflunarheimildirnar snertir virðist vera um tilviljunarkenndan samtíning á óskum um framkvæmdir og fé úr öllum mögulegum áttum að ræða án grundvallaðrar heildarstefnu.

Um þetta ber t. d. vott 286 millj. kr. óskin, sem fram var borin á síðustu stundu eða fyrir tveim dögum og er að því er virðist ekki í nokkru minnsta samhengi við heildarframkvæmdaáætlunina né heildarfjáröflunaráætlunina. Ríkisstj. hæstv. hefur því að mínu viti ekki reynzt þeim vanda vaxin, sem öllum ríkisstj. hlýtur að mæta. Það er um vanda að ræða fyrir núv. hæstv. ríkisstj. eins og fyrir allar ríkisstj. á öllum tímum, vegna þess að það er raunverulega ekki auðveldara að stjórna landi á góðum tímum en á erfiðum tímum. Ýmsum kann að finnast þetta undarlegt. Það held ég þó, að sé sannmæli og viðurkennt af þeim, sem um það mál hugsa. Það þarf engu að síður ábyrgðartilfinningu og skilning á nauðsyn aðhalds á góðum tímum en erfiðum tímum. Það má jafnvel segja, að það þurfi meiri styrk, meiri viljafestu, meiri samheldni til þess að láta ekki leiða sig í freistni í góðæri en í hallæri. En hæstv. ríkisstj. hefur, – af ástæðum, sem ég skal ekki fjölyrða um að þessu sinni, því að hér er fyrst og fremst um efnahagsmál að ræða, eins og ég sagði áðan, – annaðhvort ekki reynzt hafa skilning á þeim vanda, sem henni er búinn, eða þá ekki reynzt nógu samhent til þess að taka með heilbrigðum hætti á honum, og það ber að harma. Sú venja hefur hins vegar skapazt, að stjórnarandstöðuflokkar beiti sér ekki gegn því, að hæstv. ríkisstj. fái þær heimildir til lántöku, sem hún telur sér nauðsynlegar vegna þeirra framkvæmda, sem hún vill leggja í. Þess vegna hefur það orðið niðurstaðan í hv. fjhn., að n. öll hefur orðið við óskum hæstv. fjmrh. um að flytja brtt. um nýjar heimildir við þetta, án þess að taka nokkuð efnislega afstöðu til brtt. eða framkvæmdanna í heild eða beita sér gegn því, að ríkisstj. fái þær heimildir, lánsheimildir, sem hún óskar eftir, og hef ég látið þess getið í niðurstöðu eða í lokaorðum nál., að Alþfl. mun ekki beita sér gegn því, að ríkisstj. fái þær heimildir, sem hún telur sér nauðsynlegar til þess að annast þær framkvæmdir, sem hún hefur tekið ákvörðun um að framkvæma.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera framkvæmdaáætlunina að umtalsefni, heldur aðeins minnast á það, að það hefur gleymzt að taka inn 7 millj. kr. til þess að gera raflínu yfir Mýrdalssand. Ákveðið er, að það skuli tengt rafmagn á 25 eða 26 sveitabæi fyrir austan sand, en það vantar orku. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að þessi lína yrði lögð yfir sandinn, og ég gerði mér vonir um, að hún mundi tekin inn í framkvæmdaáætlunina. Það hefur ekki orðið. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann sé ekki ákveðinn í því að útvega þetta fé þrátt fyrir það, þannig að það yrði þá tekið inn í framkvæmdaáætlun ársins 1973. Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að vita þetta nú þegar til þess að geta pantað efni, því að þetta verk þarf að vinna í haust.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þessi fsp. hv. 1. þm. Sunnl. sýndi það og sannaði, sem reyndar var vitað, að margt var eftir á óskalistanum, þó að mikið hefði verið tekið. Það er nú svo, að margt smátt gerir eitt stórt, og þannig reynist það í þessu tilfelli. En út af fsp. hv. þm. vil ég segja það, að samkv. upplýsingum, sem ég fékk um þessa lögn, þá var talið sama, þó að hún kæmi í byrjun næsta árs, og það er gert ráð fyrir því að afla fjár til hennar við slíka fjármagnsútvegun, sem hér er á ferðinni, á árinu 1973.

Í sambandi við það, sem fram hefur komið í ræðum hv. frsm., skal ég fara fljótt yfir sögu. Hitt langar mig til að minna á, því að menn eru oft fljótir að gleyma, að þann 16. marz 1971 var útbýtt hér á hv. Alþ. frv. til framkvæmdaáætlunar af fyrrv. ríkisstj., en 7. apríl lauk þingi. Mér sýnist, eftir því sem horfur eru á um þingslit nú, að muni muna einum degi. Það líði einum degi lengra frá því að þessari framkvæmdaáætlun er útbýtt á hv. Alþ. og þar til þingi lýkur en varð í fyrra. Þetta er svona til gamans gert, vafalaust hef ég og einhverjir fleiri gert aths. við það á fyrri árum, að áætlunin væri seint á ferðinni, en það er þá jafnt á komið eftir þetta.

Ég vil líka geta þess vegna þess, sem hv. 1. þm. Reykn. sagði hér um þá tilhögun núv. ríkisstj. að selja svo kallaða ríkissjóðsvíxla, að eitt af þeim bréfum, sem lágu á borðinu í fjmrn., þegar ég kom þar, var till. frá Seðlabankanum um það, að ríkissjóður fjármagnaði sína lánsfjárþörf með ríkissjóðsvíxlum hluta af árinu, þegar bezt væri að selja þá í bönkunum og ríkissjóður þyrfti á mestum yfirdrætti að halda. Rökin fyrir þessu voru þau, að það gæti orðið mjög óheppilegt fyrir viðskiptabankana að þurfa að verða úti með þá fjármuni að haustinu, sem þeir yrðu endilega að verða úti með vegna ríkissjóðsinnheimtunnar, og væri því betra að dreifa þessu á lengra tímabil. Önnur till. var og í þessu bréfi, þar sem bent var á þá leið, að heppilegt væri, að ríkissjóður gæti komið sér upp rekstrarlánasjóði. Fyrrv. fjmrh. skrifaði á spássíu bréfsins: „Mjög athyglisverð till., en verður að bíða fram yfir kosningar." Ég tek undir það, að báðar eru till. athyglisverðar. Og það er ekki það, að verið sé að bæta úr vandræðum ríkissjóðs í þessu tilfelli, heldur er verið að jafna um ekki sízt fyrir

viðskiptabankana, og ástæðan til þess, að flestir viðskiptabankarnir urðu í skuld við Seðlabankann 31. des. s. l., var fyrst og fremst sú, að t. d. þann dag fékk ríkissjóður inn um 600 millj. kr. Það er þessi sveifla, sem er verið að reyna að vinna á móti með skynsamlegum hætti. Þessir hv. þm. mega kalla þessa leið hvað sem þá langar til og þá lystir, en leiðin er rétt og skynsamleg og hana á að nota að því marki sem framkvæmanlegt er.

Ég hef að vísu sagt það svo oft áður, að ég þarf ekki að endurtaka það, en það var tiltölulega létt verk að hækka útgjöld fjárlaga fyrir árið 1972, vegna þess að svo mikill hluti var yfirfærsla frá fyrrv. ríkisstj. Mig hefur oft undrað það, og það síðast í gærkvöld, að heyra ráðh. úr fyrrv. ríkisstj. halda því fram, að fjárlög hafi hækkað um 50% 1971–1972, og veit hann þó vel, hvað skilið var eftir af útgjöldum ársins 1971. Dettur nokkrum hv. þm. í hug, að það sé hægt að gera samning um launakjör, sem kostar 1 milljarð, og láta það ekki koma fram í fjárlögum, þegar útgjöldin eru færð þar? Eða dettur nokkrum hv. þm. í hug, að þessi útgjöld hafi ekki orðið á árinu 1971, þótt þess sé í engu getið í fjárlögum þess árs? (Gripið fram í.) Það er ekki verið að ræða um það, hv. þm., hvað farið er fram úr fjárlögum núna, enda kannske of snemmt að fara að segja til um það, en það vil ég segja þessum hv. þm., að það lágu ekki eftir neinar 400 millj. við fjárlagagerðina í vetur, sem vitað var um að yrði þó að greiða. En það var gert 1971 með launasamningnum. Og dettur nokkrum hv. þm. í hug að halda því fram, að það sé hægt að nota málflutning eins og þann, að þegar ákvörðun var tekin hér á hv. Alþ. um að hækka tekjur Vegasjóðs um 236 millj. vegna hækkunar á benzíni og þungaskatti, var þess einskis getið í útgjöldum, en það urðu samt útgjöld á árinu 1971, – er það nokkur háttur í málflutningi að tala um þetta eins og það hafi ekki verið til? Menn eiga ekki að venja sig á slíkan málflutning. Hann kann engu að þjóna nema því að reyna að blekkja þá, sem ekki fylgjast með málunum.

Nú skal ég ekki láta það eftir mér að fara út í frekari umr. um fjármál eða fjárlagaafgreiðslu að þessu sinni. Ég vil bara segja þetta, vegna þess að hv. 1. þm. Reykn. vitnaði í orð mín í sambandi við verðbólguna: Það er alveg rétt. Til þess að fást við verðbólgu þarf markvissa stefnu og þrotlaust starf. Og það er afskaplega langt frá því, að ríkisstj. hafi á þeim mánuðum, sem hún hefur setið, getað tekið svo á því verki, að verulegur árangur hafi orðið, þó að nokkur hafi hann orðið, því að það vita allir, sem hafa kynnt sér þær kröfur, sem farið hefur verið fram á í sambandi við hækkanir, þar sem alltaf hefur verið vitnað í það, sem áður var, það vita allir, að það er langt frá því, að orðið hafi verið við þeim kröfum eins og til var ætlazt.

Það er alveg rétt, að þessi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir miklum framkvæmdum. Það er líka rétt, að hún gerir ráð fyrir meiri framkvæmd en framkvæmdaáætlunin 1971. En það urðu bara allt aðrar og meiri framkvæmdir og fjármagnsþörfin 1971 varð margfalt meiri en framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir. Ég vil nefna eitt lítið dæmi, sem ég er kunnugur vel, og það er Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það var gert ráð fyrir því í upphaflegri framkvæmdaáætlun, sem alltaf er verið að vitna í nú, að Stofnlánadeildin þyrfti 60 millj. kr. til útlána. Hvernig var þessu svo bjargað? Með því, að Framkvæmdasjóðurinn lánaði 70 millj. síðar á árinu, sem ekki er getið um í framkvæmdaáætlun, og til viðbótar var fengið lán í Seðlabankanum. Það er hægt að hafa margvíslegar aðferðir. Ef miðað er við upphaflegu áætlunina, þá er hér um margföldun að ræða. En ef miðað er við það, sem raunverulega varð, þá kemur allt annað upp. Og það mundi í engu bæta um, hvorki fyrir ríkisstj., hv. Alþ. né þjóðfélagið, þó að í gerð þessarar áætlunar hefði t. d. verið reiknað með því, að Stofnlánadeild landbúnaðarins þyrfti ekki nema 60, 70, 80 millj. kr. Það vita allir, að hún þarf miklu meira, og er vel, ef þetta dugar. Ég vil hins vegar segja það, ég er alveg sammála því, að hér er um miklar og háar tölur að ræða. Og ég get verið sammála um margt, sem að þessu lýtur, og það er auðvelt að tala um þetta þannig. En þegar á að fara að ræða um það, hvað það er, sem á að draga úr eða skera niður til þess að hægt sé að lækka þessar fjárhæðir, hver hefur þá till.? Ég hef ekki heyrt nokkurn hv. þm. nefna till. þar að lútandi, nema til hækkunar. Það er hægt að tala um, að það eigi t. d. að draga úr fjárútvegun til Fiskveiðasjóðs, en hvernig á að gera það? Er ekki verið að tala hér oft og mörgum sinnum á hv. Alþ. um það, að fjárþörfin til þess að koma frystihúsum okkar í það lag, að við séum ekki í hættu með okkar útflutning á fiskafurðum, hún skipti milljörðum. Á árinu 1972 á að byrja þetta verk með nokkrum hundruðum milljóna. Það hækkar auðvitað fjárþörfina hjá Fiskveiðasjóði og þörfina fyrir að útvega þetta fjármagn. Sama er að segja um skipasmíðastöðvarnar. Eru ekki alltaf umr. hér á hv. Alþ. og almennt um það að efla innlenda skipasmíði? En um leið og við eflum innlenda skipasmíði verðum við að sjá Fiskveiðasjóði fyrir fjármagni til að geta lánað þeim stöðvum, sem eru að byggja skipin, annars getur þetta ekki gengið og rekstur þeirra kemst í strand.

Það má halda áfram og telja upp fleira. Það var t. d. mat hæstv. ríkisstj., að fjárþörf Lánasjóðs sveitarfélaga væri óeðlilega mikil og það væri í raun og veru ofrausn að ætla Lánasjóði sveitarfélaga svo mikið, það mundi auka á spennuna í þjóðfélaginu. En við nánari athugun kom í ljós, að mörg þessi sveitarfélög höfðu gert samninga um hitaveituframkvæmdir, um vatnsveituframkvæmdir, sem voru svo bráðnauðsynlegar, að það var talið, að þörf væri á og ekki hægt að komast hjá því raunverulega að útvega þetta fé. Þannig mætti lengi telja. Það er auðvelt að tala um að draga úr þessu, þegar talað er um þetta í heild, en þegar á að fara að vinna að þessu sem einstökum þáttum, þá kemur annað upp. Og hverjum dettur í hug, að hægt sé t. d. að draga úr framkvæmdunum við virkjanirnar? Það voru gerðar athuganir á því, hvort fjármagnsþörf Laxárvirkjunar væri slík, að það væri þörf á að útvega það fé, sem talið var að þyrfti. Við nánari athugun kom í ljós, að framkvæmdaaðilinn var búinn að gera vinnusamning, sem mundi kosta skaðabætur, ef ekki væri staðið við hann. Þess vegna var horfið að því ráði að auka lánsheimildina með brtt., sem fjhn. ber hér fram. Þannig mætti lengi telja, en ég skal ekki eyða orðum í það. Ég vil hins vegar segja, að það er kannske ekki nýtt, að erfitt sé að finna leiðir, sem mönnum líki. Það er á sama tíma talað um, að allt verði þetta til að auka spennuna í þjóðfélaginu. Og það er rétt, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sagði áðan, að það, sem skiptir mestu máli í

sambandi við þessar framkvæmdir, eru heildarframkvæmdir þjóðarinnar.

Ríkisstj. hefur með þessu metið fjárþörfina hjá hinu opinbera, og með þeim tilraunum til fjáröflunar, sem hún gerir, hlýtur það að hafa áhrif á framkvæmdir einkaaðila. Ég fæ hins vegar ekki skilið það, að hægt sé að halda því fram samtímis, að ekkert sé gert til að draga úr spennunni og fordæma svo einnig það að fara út í sölu á spariskírteinum. Frá mínum bæjardyrum séð hefur það þau áhrif, að dregur úr spennunni. Það hefur einnig þau áhrif, að mínu mati, að tilraun er gerð til að auka sparnað. Þetta sparnaðarfyrirkomulag hefur hlotið þær vinsældir, að fólk sækir í það. Hitt þarf ekki að orðlengja, að þeir peningar, sem fara í það að kaupa skuldabréf, eru ekki lagðir inn á sparisjóðsbók, – það vita allir og þarf ekki orðum að því að eyða. En ég held, að okkur sé nauðsynlegt að finna fleiri sparnaðarform en við nú höfum og að þetta sé eitt af þeim, sem við eigum að nota. Og ég fæ ekki skilið þá túlkun, að það sé á sama tíma hægt að skamma fyrir það, að ekkert sé gert til að draga úr spennu, og einnig að afla teknanna með þessum hætti. Ég álít að það fari ekki saman, því að ef ætti að afla þessara tekna með lántökum á annan hátt, mætti frekar leggja það þannig út. Það, sem væri svo heppilegri leið að dómi þeirra hv. þm., sem þannig tala, er sú eina leið, sem má segja að við höfum verið of varfærnir við, og það er að innheimta meira í sköttum, eða bein tekjuöflun. Það er sennilega það, sem má mest á okkur deila fyrir. Og það er náttúrlega sjálfsagt að taka það til alvarlegrar athugunar. **(Gripið fram í:** Er kannske von á því?) Ég skal nú ekki svara fyrir framtíðina, hv. þm. Ég geri ráð fyrir því, að það geti aldrei farið svo, að ekki verði innheimtir meiri skattar en nú er á þessu landi. Það bæri þá til nýrri tíðinda.

Ég man, að Morgunblaðið hringdi til mín nú fyrir nokkru og spurði, hvort væntanlegur væri benzínskattur. Ég þakkaði þeim fyrir að benda mér á, að þarna væri þá tekjuleið til, sem yrði að taka til athugunar síðar. En ég er ekki að boða hér, að það eigi að gera. Það er ekki hægt að halda því fram, að draga eigi úr þenslu, ef á ekki með einhverjum hætti að ná til fjármagnsins, sem er í umferð. Sú leið, sem ríkisstj. hefur valið nú, er þetta sparnaðarform, og það verður ekki með rökum hægt að segja, að það sé verðbólguaukandi.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Enda þótt ýmislegt hafi komið hér fram, sem gæfi tilefni til frekari umr., þá sé ég ekki ástæðu til þess. Ég vil hins vegar undirstrika það, að það, sem hér er að gerast, er kannske fyrst og fremst að halda áfram að fjármagna framkvæmdir, sem hafnar voru. Það er verið að fjármagna framkvæmdir til að styrkja stöðu atvinnuveganna með auknum fiskiskipaflota með því að tryggja skipasmíðastöðvunum fjármagn. Það er verið að fjármagna stofnlánadeildirnar, eins og t. d. Stofnlánadeild landbúnaðarins með eðlilegri uppbyggingu í landbúnaði, og þörfin fyrir þetta er svo mikil vegna þeirrar bjartsýni og framkvæmdaþarfar, sem nú er í landinu. Ef ríkisstj. hefði svelt þetta eða brugðizt þessu hlutverki, þá hefði heyrzt í þessum þingsölum: Höft, höft, höft, skömmtun, skömmtun, skömmtun.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til að ræða þá framkvæmdaáætlun almennt, sem fyrir liggur nú til 2. umr. En við 1. umr. málsins gerði ég þá aths. við 6. gr. frv., að ég teldi þá upphæð, sem væri ætluð til Norðurlandsáætlunar, um 100 millj. kr., allt of lága miðað við þau gögn, sem fyrir liggja, og það, sem annars staðar hefur verið gert á sama sviði.

Ég beindi til hv. n. ósk um það, að þetta yrði sérstaklega tekið til athugunar. Nú sé ég, að hv. n. leggur til, að þessi upphæð til Norðurlandsáætlunar sé hækkuð um 20 millj. kr., þannig að heimilt verði að taka aukalán sem því svarar. Og vil ég þakka n. fyrir þá till. Hins vegar tel ég enn, að upphæðin sé þrátt fyrir þessa viðbót ekki í samræmi við þau gögn, sem fyrir liggja, en mun geyma mér að ræða það mál þangað til vegáætlunin kemur til umr., væntanlega í næstu viku.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, SM, EystJ, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, KP, SBl, MK, GilsG.

PJ, RH, StefG, BGr, EBS, FÞ, GunnG, GÞG, IngJ, LárJ, MB, MÁM, PP greiddu ekki atkv.

9 þm. (GS, GuðlG, GTh, BK, JónasÁ, ÓE, PS, SV, SvH) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, HES, HV, JJ, JSk, KP, SBl, MK, MG, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, SM, EystJ, GilsG.

GunnG, GÞG, IngJ, LárJ, MB, MÁM, PJ, PP, RH, StefG, BGr, EBS, FÞ greiddu ekki atkv.

9 þm. (GuðlG, GTh, BK, JónasÁ, ÓE, PS, SV, SvH, GS) fjarstaddir.

Brtt. 765,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 765,2 (ný 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

6.–7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 806).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 806 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1972 var lagt fram í hv. Nd. og hefur verið afgr. þaðan til þessarar hv. d. Það er nauðsynlegt, og ég vil leyfa mér að taka það fram um leið og ég fylgi þessu frv. úr hlaði hér í hv. d., að breytt

verði um vinnubrögð í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina, þannig að hún fylgi afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Að vísu var það svo, að hún var farin að verða fylgirit með fjárlagafrv. undanfarinna ára, sem skýrði að nokkru í hvaða átt hún mundi ganga, en afgreiðsla hennar var svo síðar. Hins vegar, þegar fjárlagafrv. var lagt fram hér á hv. Alþ. á s. l. hausti, fylgdi framkvæmdaáætlunin ekki, en ég gerði þá grein fyrir því, að það væri af þeim ástæðum, að gert væri ráð fyrir breytingum á störfum Efnahagsstofnunarinnar og hin nýja Framkvæmdastofnun mundi hafa áhrif á gerð áætlunarinnar. Ég vil samt undirstrika það, að ég tel, að nauðsyn beri til, að afgreiðsla á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fari fram um leið og afgreiðsla fjárlaga.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 806 eftir afgreiðslu í Nd., er svipað að uppbyggingu og verið hefur um framkvæmdaáætlun, og sú skýrsla um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem lögð var fram, þegar málið var tekið til umr., er með svipaðri uppsetningu og áður hefur verið. Í skýrslunni er í fyrsta lagi að finna almennt viðhorf í efnahagsmálum og sýnt er fram á ört vaxandi framleiðslu og þjóðartekjur, aukningu ráðstöfunartekna og auknar framkvæmdir. Það er tekið fram í skýrslunni, að almenn eftirspurn eftir vörum og þjónustu og vinnuafli hefur aukizt verulega og það meira en framleiðslan. Þá er gerð grein fyrir fjármunamyndun á árinu 1971 með samanburði við fyrri ár. Einnig er gerð skrá yfir þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og fjármunamyndun á þessu ári, sömuleiðis um þróun sparnaðar, gjaldeyrisstöðu og horfur á vinnumarkaðnum. Grg. er um framkvæmdir og fjáröflun fyrir árið 1972 og er hún allítarleg. Eins og hv. þm. er ljóst, er hér um tvenns konar efni að ræða. Í fyrsta lagi er hér um að ræða fjáröflun til opinberra lánasjóða og í öðru lagi skýrslu um væntanlegar opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra.

Fjáröflun til framkvæmdasjóðanna á þessu ári er verulega mikil, þar sem útlit er fyrir, að framkvæmdir verði miklar á þessu ári, og ásókn í það hefur vaxið verulega og eru yfirleitt þessar áætlanir byggðar á drögum þeim, sem þessar lánastofnanir gerðu sjálfar.

Helztu framkvæmdaliðir í opinberum framkvæmdum á árinu 1972 eru raflagnir, en þar er um að ræða fjáröflun, sem er á þriðja hundrað millj. fyrir utan Laxárvirkjun, en þar er gert ráð fyrir fjárútvegun um 150 millj. kr., svo að það er á fjórða hundrað millj. kr. vegna rafmagnsframkvæmda. Þá er líka á þriðja hundrað millj. kr. vegna framkvæmda í vegagerð, ef með eru taldar afborganir af lánum vegna Reykjanesbrautar og Kópavogsvegar. Aðrir liðir í þessum áætlunum eru smærri. Þar kemur næst hafnargerð upp á 28 millj. kr. og flugöryggismál upp á 16 millj. kr. Orku- og jarðhitarannsóknir og jarðhitaveitur eru rúmar 30 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því að fjármagna þessa framkvæmda- og fjáröflunaráætlun að verulegu leyti með sölu á smærri skírteinum innanlands, um 200 millj. kr., og að öðru leyti með endurkaupum á eldri spariskírteinalánum og svo ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs. Að öðru leyti en þessu er gert ráð fyrir að taka erlend lán til þeirra framkvæmda, sem hér er verið að fjármagna, og er þar um að ræða 467 millj. kr.

Þar sem ég gerði ítarlega grein fyrir þessu máli í hv. Nd., sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það að þessu sinni, en legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þótt ég að vísu eigi sæti í þeirri n., sem fær mál þetta til meðferðar, þá þykir mér rétt að víkja nokkuð að því þegar við þessa umr., og verða aths. mínar fyrst og fremst almenns eðlis og e. t. v. ekki óeðlilegt, að þær aths. komi fram og séu nokkuð á víðari grundvelli heldur en framkvæmdaáætlunin sjálf, þar sem nú liggja fyrir fyrstu staðreyndir, ef svo má segja, um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. Fjárlögin hafa verið afgreidd, skattamál hafa verið afgreidd, kjarasamningum er lokið og fyrsta framkvæmdaáætlunin er hér lögð fram. Mér sýnist því, að nokkurn veginn séu komin þau tímamörk, að það sé hægt að átta sig á því, hvaða stefnubreyting það sé, sem ætla hefði mátt að yrði í fjármálum þjóðarinnar og sem í rauninni var eitt grundvallaratriðið í stefnuskrá ríkisstj., þegar hún tók við völdum, að það yrði að gjörbreyta um stefnu í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Því miður er þessi skýrsla nú svo seint á ferðinni, að ekki gefst kostur að ræða málið eins ítarlega og skyldi, og ég skal því með hliðsjón af þeirri staðreynd, að Sjálfstfl. vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að þetta mál fái sem skjótasta afgreiðslu og þingi geti lokið fyrir hvítasunnu, reyna að stytta mál mitt svo sem mér er frekast auðið, en vona, að mér verði ekki lagt það til lasts, þó að ég víki hér að nokkrum almennum staðreyndum, sem framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin gefur tilefni til.

Sú skýrsla fjmrh., sem hér hefur verið lögð fram, er fyrsta skýrslan af því tagi, sem hæstv. núv. fjmrh. leggur hér fyrir þingið. Eins og ég gat um áðan, hefur verið lögð á það áherzla undanfarin ár og ekki sízt af núv. hæstv. fjmrh., að fjármálastefnan væri fráleit í mörgum greinum og það þyrfti að fara inn á algjörlega nýjar brautir til þess að koma efnahagskerfinu og fjármálastjórninni í eðlilegt og viðunandi horf. Ég mun nú víkja að því nokkru nánar, hvernig þetta blasir við miðað við afgreiðslu þeirra mála, sem ég gat um og sem eru grundvallaratriði varðandi efnahagsstefnuna hverju sinni. En skýrsla sú, sem hér liggur fyrir frá hæstv. ráðh., er að mörgu leyti athyglisverð, og ég skal segja honum það til lofs, að það er ekki gerð tilraun þar til þess að draga fjöður yfir það ástand, sem ríkjandi er með þjóðinni í efnahagsmálum hennar, og það hefði því mátt ætla, að hann fyrst og fremst sem leiðtogi í þeim efnum og ríkisstj. í heild hefði þá miðað framkvæmdaáætlunina nú og aðrar aðgerðir sínar í efnahagsmálum við það mat, sem ráðh. sjálfur leggur á ástandið. Á bls. 3 í skýrslu fjmrh. segir m. a., að það megi fastlega gera ráð fyrir því, að allt þanþol sé á þrotum, sem merkir það, að stefnan í efnahagsmálum, sem komið er að annars staðar í skýrslunni, sé orðin það alvarleg, að lengra verði ekki gengið. Og á bls. 7 í skýrslunni er sagt, að það, sem þjóðin hafi tekið til sinna þarfa fyrir nútíð og framtíð samanlagt, hafi aukizt um 34% á tveimur árum og væntanlega nærri 48% á þremur árum, og mun það því nær einstætt. Síðan segir í framhaldi af þessu: „er ljóst, að hér keyrir nokkuð úr hófi fram, en þótt vel ætti með þessu að vera séð fyrir öllum þörfum, er eigi að síður örðugt að lækka seglin nokkuð“, sem virðist nú vera nokkur uppgjafartónn um leið. Víðar í skýrslunni er að finna aðvörunarorð í þessa átt

og raunar er að því vikið á einum stað, að það verði að una þessu í von um að slakni á síðar. Spurningin verður þá sú, sem menn verða að svara við afgreiðslu framkvæmdaáætlunar og annarra stefnumarkandi frv. ríkisstj. um efnahagsmál, hvort horfur séu á með þeim aðgerðum, að það sé stefnt að þeim slaka á efnahagskerfinu, sem skýrslan víkur að.

Í skýrslunni er lauslega að því vikið, aðeins lauslega, að stefnt sé nú að og í rauninni hafi þegar verið unnið með nokkuð nýjum hætti að áætlanagerð. Að nafninu til mun hin svo kallaða nýja Framkvæmdastofnun hafa gengið frá framkvæmdaáætlun fyrir sjóðakaflann í skýrslunni, en eins og áður er framkvæmdaáætlunin í tveimur þáttum, annars vegar ríkisframkvæmdir og hins vegar fjáröflun til framkvæmdasjóða. Vitanlega hefur hér ekki orðið nein breyting á. Það eru sömu aðilar og áður, sem að þessari skýrslu hafa unnið. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur unnið að áætluninni varðandi ríkisframkvæmdir og áætlanadeild svo kölluð í Framkvæmdastofnuninni, sem er Efnahagsstofnunin gamla, hefur unnið að þeim kafla, sem snertir sjóðina. Framkvæmdastofnunin sem slík, sem ég m. a. á sæti í, hefur ekkert með það mál að gera, en á að fá það til yfirlestrar á síðustu stundu. Ég lýsti þar yfir því, að ég tæki ekki þátt í afgreiðslu málsins, ekki vegna þess að ég væri andvígur þeim áætlunum út af fyrir sig eða þörf þeirra sjóða, heldur vegna þess að ég hefði ekki haft neina aðstöðu til þess eða stjórnin í heild, hvort sem meiri hluti hennar hefur haft það eða ekki, að hafa nokkra heildaryfirsýn yfir það vandamál, sem við var að glíma.

En það, sem verið hefur kenningin í sambandi við efnahagsstefnu ríkisstj. og átti að vera frábrugðið vinnubrögðum fyrrv. stjórnar, var annar undirbúningur, m. a. framkvæmdaáætlunar, þar sem lagt væri kapp á að raða verkefnum innan þess ramma, sem þanþol atvinnulífsins hverju sinni leyfði. Enn sem komið er hefur ekki verið um neina slíka röðun að ræða. Nú er ég ekki þar með að segja, að ekki verði stefnt að því á næsta ári, ég veit ekkert um það, fyrir liggur ekkert í því efni, en það er a. m. k. ljóst nú, að það hefur ekki verið um neina röðun framkvæmda að ræða, heldur hefur verið reynt að mæta sem flestum þörfum með fjáröflun, þ. e. í framhaldi af þeirri stefnu, sem fylgt var við afgreiðslu fjárlaga, þar sem þau voru hækkuð meira en nokkru sinni áður hefur þekkzt eða um nær 50%. Þó að að vísu sé hluti af því millifærsla, þá er þar um hækkun að ræða, sem jafngilti næstum því samtals hækkun fjárlaga undanfarin fjögur ár, en slík aukning var af núv. stjórnarflokkum mjög harðlega fordæmd þá og talin vera óreiða í fjármálum. Í framkvæmdaáætluninni er haldið áfram sömu stefnu með stórkostlegar hækkanir, þar sem reynt er að mæta sem allra flestum óskum og þörfum, þó að auðvitað sé aldrei hægt að fullnægja öllum óskum og þörfum. Það vitum við, að þó að fjárlög hafi verið hækkuð um 100% og þó að framkvæmdaáætlun væri enn hækkuð um 50–100%, þá eru auðvitað, eins og menn hljóta að gera sér grein fyrir, alltaf til ómettaðar þarfir. Þess vegna eru spurningar um það, sem ég býst við að komi fram hér og hafa áður komið fram, hvað hafi átt að skera niður í fjárlögum og hvað hafi átt að skera niður í framkvæmdaáætlun, auðvitað spurningar út í hött, vegna þess að eins og hæstv. núv. fjmrh. réttilega hefur sagt undanfarin ár oft og tíðum, þegar við höfum deilt, að það hlýtur að vera heildarstefnan, sem ræður ferðinni, og lítið tjóar fyrir þá, sem ekki ráða málum, að fara að flytja till. um að skera niður einstaka liði. Það er grundvallarefnahagsstefnan, sem hlýtur að ráða úrslitum, og það verður ríkisstj. hverju sinni, sem hlýtur að marka þá stefnu. Þetta held ég, að sé alveg í samræmi við þá skoðun, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur áður oftlega látið í ljós og ég verð að játa, að er rétt, að ríkisstj. hverju sinni verður að taka á sig þann vanda að velja og hafna og tjóar ekki að vísa því á stjórnarandstöðuna að létta ríkisstj. þetta grundvallarvandamál, sem er einn helzti þáttur stjórnsýslunnar og það, sem ríkisstj. á hverjum tíma er kosin til að gera. En það er ljóst af þeirri framkvæmdaáætlun, sem liggur fyrir hér, að engin röðun hefur átt sér stað. Það er leitazt við að fullnægja svo sem verða má þörfum hinna einstöku sjóða fyrir fé til útlána og mæta því, sem talið er þarfir ríkisvaldsins sjálfs og ríkisaðila til framkvæmda á þessu ári. Og það hefur komið í ljós, eins og ég sagði áðan um fjárlögin, að framkvæmdaáætlunin hefur hér sprengt alla þá ramma, sem slíkri áætlun hafa áður verið settir. Hún hefur í senn sprengt rammana og auk þess er ekki í rauninni að finna neinar nýjar leiðir, sem farnar eru í sambandi við þessa áætlun nú.

Ég hef áður vikið að því, að skýrslan sjálf og fjárskiptingin er unnin eftir sömu reglum og af sömu aðilum og áður hafa unnið að þeim málum, og er ég ekki að lasta þau vinnubrögð, síður en svo. Það sannar aðeins það, að þarflaust var að setja upp það bákn, sem sett hefur verið á laggirnar, Framkvæmdastofnun ríkisins, og á vafalaust eftir að sýna sig betur síðar, að þar hefur ekki verið skynsamlega á málum haldið. En sleppum því, það er ekki til umr. hér, nema að svo miklu leyti sem það snertir undirbúning þessarar væntanlegu löggjafar um framkvæmdaáætlunina. Úrræðin í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið í sambandi við efnahagsstefnuna og þessa áætlun, eru í meginefnum algjörlega troðnar slóðir. Það eina, sem skilur á milli, er, að flestallir hemlar eru á brottu, sem áður hefur þó verið reynt að taka í í sambandi við fjáröflun og fjárkröfur hins opinbera. Ég hef áður vikið að fjárlagahækkuninni, sem nam á sjötta milljarð kr. eða um 50% á fjárlögum síðasta árs. Í annan stað er það enn við lýði og í tilefni af fsp. frá mér fyrir nokkru síðan var því svarað af hæstv. viðskrh., að ekki stæði til nokkur breyting í því efni, að Seðlabankinn bindi 20% af innlánsfé innlánsstofnana, en það var eins og menn muna eitt af því, svo kölluð frysting sparifjár, sem var talið með því vítaverðasta, sem fyrrv. ríkisstj. hefði gert og sem stefndi að því að lama getu lánastofnana til þess að veita atvinnulífinu nauðsynleg lán. Ég er ekkert að deila á þetta, vegna þess að þetta er stefna, sem við fylgdum sjálfir, en ég vek aðeins athygli á þessari staðreynd til þess að sýna, að hér virðist sannarlega hafa verið um þarfa og gagnlega ráðstöfun að ræða, úr því að hæstv. núv. ríkisstj. telur, að það sé fjarri lagi að hverfa frá þeirri bindingu.

Þá var tvennt gagnrýnt mjög. Á undanförnum árum sérstaklega í sambandi við framkvæmdaáætlun, raunar árlega, var að því vikið, að óhæfilega langt væri gengið í erlendum lántökum og raunar einnig innlendum lán-

tökum. Og það var orðað svo, að það væri verið að binda bagga varðandi framtíðina. En hvað er nú að gerast í þessum efnum? Framkvæmdaáætlunin sjálf eða fjáröflun til hennar er um það bil þrefalt hærri en var á s. l. ári. Það eru samkv. skýrslu fjmrh. og grg., sem þar fylgir með, svo að ég vitni í heimildir, sem væntanlega verða ekki vefengdar, gert ráð fyrir eftir breytingar, sem urðu í hv. Nd., að framkvæmdaáætlunin, báðir sektorar hennar, sjóðasektorinn og ríkissektorinn, nemi samtals um 2.3 milljörðum kr. til samanburðar við 778 millj. á árinu 1971. Ég þykist að vísu vita það, að hæstv. ráðh. muni svara því til, að hún hafi orðið nokkru hærri á árinu 1971, en mér leikur grunur á, að það muni einnig verða um hækkun að ræða á þessu ári og m. a. í sambandi við þann sjóð, sem ég heyrði að hann vék að í Nd., að hefði þurft að fullnægja betur þörfum hjá en gert hafði verið ráð fyrir þá, þ. e. Stofnlánadeild landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir, að fjárvöntun nú í þessari áætlun til þeirrar deildar verði áfram álíka mikil og þurfti að bæta við á s. l. ári, og einhvern veginn verður að afla þess fjár, að ég hygg.

Samkv. skýrslunni hækkar heildarlánsfjáröflun vegna áætlunarinnar í reynd, eins og segir í grg., um 25% eða úr 2888 millj. í 3605 millj., sem eru reyndar 3.9 milljarðar, þannig að hér mun hækkunin raunverulega vera nálægt 30% eftir breytinguna í Nd. Innlend fjáröflun í heild er núna áformuð um 1390 millj. kr. og er þar um að ræða tvöföldun innlendrar fjáröflunar, er á heildina er litið, en erlend fjáröflun hækkar um hvorki meira né minna samkv. áætlun eins og hún var lögð fram en 632 millj. kr., sem mun þó nú vera á níunda hundrað millj. miðað við þær lántökuheimildir, sem samþ. voru í Nd., en í fyrra var aðeins gert ráð fyrir 80 millj. kr. erlendu lánsfé. Hér er því sýnilegt, að menn óttast ekki eins og áður virðist verið hafa, að erlendar lántökur séu alvarlegur baggi á þjóðinni, en fyrir tveimur árum fóru hér fram mjög harðar umr. á Alþ., þar sem deilt var mjög á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að búið væri að binda framtíðinni slíka skuldabagga með lántökum erlendis og skuldasöfnun á erlendum vettvangi, að það væri í rauninni óbærilegt. Þá námu heildarskuldirnar miðað við núv. gengi milli 12 og 13 milljörðum kr. Nú segir í skýrslu hæstv. fjmrh., að skuldirnar hafi verið um síðustu áramót 17 milljarðar, og virðist eiga enn að halda áfram af fullum krafti án alls ótta við það, sem af slíku mundi leiða, og gefið í skyn í skýrslunni og beinlínis tekið þar fram, þar sem rætt er um væntanlegan viðskiptahalla, sem ég mun víkja að síðar, að það verði að gera ráð fyrir því, að sá viðskiptahalli, ef þörf krefur, verði jafnaður með erlendum lántökum eins og hafi verið gert á s. l. ári, en þá var um stórkostlegar lántökur og innflutning á erlendu fjármagni að ræða.

Ég skal síðan víkja að einstökum atriðum innlendrar lántöku. En í framhaldi af þessu, – raunar má þegar að því víkja, – vil ég minnast á það úrræði að biðja bankana um að leggja fram 10% af sparifjáraukningu sinni, sem er nákvæmlega það sama og gert hefur verið undanfarin ár. Það var t. d. síðast hér í hv. d. af einum núv. hæstv. ráðh., og reyndar oft áður, mjög að þessu fundið og talið, að það mundi skerða ráðstöfunarfé bankakerfisins óhæfilega. Og þó að mjög mildilega væri í þetta farið á s. l. ári, svo mildilega, að varla var hægt að hugsa sér vægar í sakirnar farið, 75 millj. kr. útgáfu spariskírteina, sem ég hygg að gagni lítið eins og sakir standa núna, þá spurði þessi hv. þm., núv. hæstv. ráðh., að því, hvort það væri ekki hægt að sleppa bönkunum við það að binda þessi 10% af sparifénu. Það var ekki talið mögulegt, enda er það sjáanlegt, að hæstv. núv. ríkisstj. telur það heldur ekki auðið.

Svo er fjáröflun, sem slær öll met, en það er spariskírteinaútgáfan, þar sem gert er ráð fyrir, að útgáfa spariskírteina, sem falla til framkvæmda í þessari áætlun, þ. e. ný spariskírteini, – endursala skírteina er svipuð og var í fyrra, – að þessi útgáfa tífaldist. Þegar hafa verið seldar í spariskírteinum 200 millj. fyrir áramót og eru geymdar til ráðstöfunar á þessu ári. Og til viðbótar þessu á að selja í nýjum spariskírteinum 500 millj. samkv. þessum heimildarlið og 100 millj. hafa sérstaklega verið seldar sem happdrættislán, sem eru í öðru formi, og ég skal játa, að það lánsútboð hefur haft hollari áhrif á fjármálakerfið í landinu en spariskírteinin að því leyti til, að ég hygg, að að allverulegu leyti hafi komið þar til nýr sparnaður. Skírteinin eða bréfin voru smá og eftir því sem ég bezt þekki til var þar um almenn kaup að ræða en ekki í stórum stíl, þannig að ekki er líklegt, að hafi gengið á innistæður í bönkum af þeim sökum.

Síðasta atriðið, sem ekki snertir sérstaklega þessa áætlun hér en er einn þátturinn í því að krækja í ráðstöfunarfé viðskiptabanka, er útgáfa svo kallaðra ríkissjóðsvíxla, sem eru töluvert fýsilegt form fyrir viðskiptabankana, vegna þess að hæstv. ráðh. ætlar að vera það rausnarlegur að borga af þeim 12% vexti og þess vegna má segja það, að bankarnir, sem flestir hverjir eru mjög hart keyrðir með afkomu sína, ættu að verja ráðstöfunarfé sínu, ef þeir hafa nokkurt ráðstöfunarfé laust, til þess að kaupa slíka víxla, því að það er, á lélegu máli, töluvert góður „bissness“. Það eru sem sagt þarna kannaðar allar leiðir, sem hugsanlegar eru til þess að krækja í sparifé frá hinu almenna viðskiptalífi í landinu með aðferðum, sem einstaklingunum er ekki mögulegt eða leyfilegt að hafa, jafnvel þó að þeir vildu, því að þeir mega hvorki gefa út veðbréf, spariskírteini né heldur borga hærri vexti af lánsfé sínu, þó að þeir gjarnan vildu gera það og keppa þannig við ríkisstj.

Þetta eru úrræðin, sem valin eru til þess að afla þess geysilega fjármagns, sem hér þarf í framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir yfirstandandi ár. Það er sem sagt keyrt á fullri ferð. Það eru notaðar allar þær leiðir, sem undanfarið hafa verið farnar til fjáröflunar, og nýjum bætt við. Og það er gengið það langt í þessum fjáröflunum, að uggvænlegt má þykja fyrir viðskiptalífið í landinu. Hitt skal ég játa, að séð frá öðrum sjónarhóli, þ. e. almennt frá sjónarmiði þeirrar nauðsynjar að draga inn sem mest fjármagn, þá má rökstyðja það, að rétt sé að gefa fólki kost á að verðtryggja sitt sparifé. E. t. v. er ekki vanþörf á því miðað við þá óðaverðbólgu, sem nú er að skella yfir og sem fróðir menn segja, að jafnvel séu verstu horfur, sem verið hafa í 30 ár, og það jafnmætur maður og sá, sem stjórnarliðar hafa nú oftast vitnað í, þegar talað er um hrollvekjuna. Þetta er síðasta mat hans á þeirri hrollvekju, sem nú blasir við augum. En sleppum því. Það má segja, að rétt sé að reyna að fullnægja þeim þörfum, sem hér er um að ræða, með þessum hætti, ef það er hagfræðilega skoðað niður í

kjölinn. En við stöndum andspænis þeirri staðreynd engu að síður, að þó að fjármagn hinna ýmsu sjóða renni að vísu til uppbyggingar almennt í efnahagslífinu og komi til góða atvinnuvegunum í ýmsum greinum, þá hefur ríkissektorinn þanizt svo geysilega út, að það er ekki í neinu hófi. Eins og ég áðan gat um, þá merkir það ekki, að allar þessar framkvæmdir séu ekki nauðsynlegar, og það er vafalaust hægt að benda á álíka margar framkvæmdir, sem nauðsynlegt væri einnig að fullnægja. En þetta er það mat, sem við hverju sinni stöndum andspænis, eins í okkar persónulega lífi og í stjórn ríkisfjármála ekki síður, að kunna eða þora að skilja eftir nauðsynlegar ófullnægðar þarfir til þess að eiga ekki á hættu að kollsigla okkur. Við verðum gjaldþrota sjálf persónulega. Það er hægt vissan tíma að safna skuldum, eins og hér virðist ætlunin að gera til að fullnægja framkvæmdaþörfinni og framkvæmdaþránni, en að lokum verður einnig sá möguleiki tæmdur, og þá horfir ekki annað við en fjárhrun og þrot. Þetta gildir jafnt um einstakling sem þjóðfélag, og það er því ekki að undra, þótt hæstv. fjmrh. samtímis því sem hann lætur undan öllum þessum kröfum úr öllum áttum sé uggandi og finnist margvíslegar blikur á lofti, eins og hvað eftir annað er að vikið í þeirri skýrslu, sem hann lætur fylgja frv. sínu. Ég sakna þess mjög í fyrsta lagi, að frv. er í engu samræmi við skýrsluna og þær hættur, sem þar er bent á, eða a. m. k. til vara, að þar skuli ekki vera gert ráð fyrir eða bent á nein sérstök úrræði til þess að sporna við þeim hættum, sem fjmrh. bendir á í skýrslu sinni en talar aðeins um, að verði að bíða síns tíma, í von um, að einhver bjargráð finnist.

Ég kann því nú hálf illa, herra forseti, að þurfa að ávarpa fjmrh. að honum fjarverandi, en hann er kannske upptekinn í Nd., ég veit það ekki. Mér finnst það dálítið óviðkunnanlegt, af því að þetta er nú ávarp til hans fyrst og fremst. Ég bið hæstv. ráðh. að afsaka. Ég stöðvaði ræðu mína, af því að ég kunni betur við, að hann heyrði þær aths., sem ég hef að gera, þó að þetta séu meira hugleiðingar en sérstakar ádeilur, eins og ég hef áður sagt. Þetta er aðeins nauðsynlegt til að átta sig á því ástandi, sem ríkjandi er og hlýtur illa að fara, ef menn ekki horfast í augu við þær staðreyndir og mæta vandanum, eins og raunar hæstv. ráðh. lýsir honum í sinni skýrslu.

Eins og ég var að ljúka við að segja, þá er ekki hægt að gagnrýna út af fyrir sig þær framkvæmdir, sem ætlunin er að verja fé til, hvorki innan ríkissektorsins né sjóðanna, og má jafnvel vera, að þar vanti eitthvað á, eins og kom fram í hv. Nd. og var þar breytt. Ég veit ekki, hvort enn þá er eftir eitthvað af slíku tagi. Mér hugkvæmist ekki og vonandi engum hv. þm., að vefengja, að það sé um mikilvægar framkvæmdir að ræða, en spurningin er aðeins um þanþolið og hvort hér sé ekki gengið of langt, eins og hæstv. ráðh. raunar staðfestir í sinni skýrslu. Það hefði verið æskilegt að þurfa ekki að gera, miðað við ríkjandi ástand.

Ég hef áður vikið að því, að hin almennu launakjör hafi batnað mjög mikið á undanförnum tveimur árum svo sem skýrslan greinir frá. Það mun vera rétt metið, að það eru um 28%, sem þjóðin hefur í rauninni, eins og það er orðað þar, tekið til sín þar samanlagt, um 34% meira á þeim tveimur árum heldur en árin áður, og þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því, að ráðstöfunarfé aukist eða tekjuhækkanir miðað við breytingar, sem verða á árinu í ár, muni nema um 15% í viðbót. Það fer þannig á þremur árum að nálgast 50%, sem ráðstöfunarféð vex, og það er mun meira en þjóðartekjurnar. Sérstaklega er þetta ískyggilegt á þessu ári, vegna þess að það er gert ráð fyrir, að þjóðartekjur vaxi minna en áður eða um 7%, en ráðstöfunarfé aukist um 15%. Hafa verður svo einnig í huga í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. hefur beinlínis lofað kaupmáttarauknингu á þessum tveimur árum, sem nemi 20%, þannig að hér er um að ræða á fjögurra ára tímabili allt að 50% hækkun tekna hjá almenningi.

Vissulega er þetta gleðiefni út af fyrir sig, en ég efast um, að nokkurt þjóðfélag þoli slíka aukningu eftirspurnar. Það efast ég stórlega um, enda hefur það komið í ljós. Það hefur orðið gjörbylting í sambandi við innflutningsjöfnuðinn. Viðskiptajöfnuðurinn var jákvæður árið 1969 og 1970 um 1 milljarð og 42 millj., en halli varð á s. l. ári um tæpa 4 milljarða á þessu eina ári, og eftir skýrslunni að dæma virðast horfur á, að það verði um mjög mikinn halla einnig að ræða á þessu ári. Það er gizkað á, að það muni verða svipað og árið 1971 eða jafnvel aðrir 4 milljarðar í viðbót, og í rauninni blasir það við augum, þar sem gert er ráð fyrir, að þjóðartekjur vaxi ekki nema um 5–6%, en ráðstöfunartekjurnar aukist um 15%. Slík umframeftirspurn hlýtur að leiða af sér stórfelldan viðskiptahalla og það er reyndar komið að því, að það má gera ráð fyrir að gangi á gjaldeyrisvarasjóðinn, og ég verð nú að segja, að það er með nokkuð miklu vonleysi, sem á því máli er tekið, því að þar segir, eftir að búið er að segja, að viðskiptahallinn verði álíka mikill eða jafnvel nokkru meiri en á síðasta ári, þá er svo komizt að orði: „Verður að sæta því, þó að nokkuð gangi á gjaldeyrisforðann á árinu, í von um, að miði í jafnvægisátt með næsta ári. Er þá gert ráð fyrir töku langra lána erlendis, eftir því sem eðlilegt tilefni gefst til af tegund og tilgangi framkvæmdanna.“ Hamingjan sanna! Mér finnst þetta í rauninni skelfileg setning. Í fyrsta lagi það, að ráðh. segir, að það verði að sæta þessu. Af hverju þarf að sæta því? Er engin leið að gera ráðstafanir til þess að sporna við þessari geigvænlegu hættu, sem þarna er um að ræða? Það á að mæta vandanum í ár með því að taka einhverja óljósa tölu erlendra lána til að forða því, að gjaldeyrisvarasjóðurinn renni algjörlega út í sandinn, sem hann mundi gera að fullu á þessu ári, ef ekki koma til stórfelldar nýjar erlendar lántökur í einhverja óljósa hluti. Væntanlega þá til að jafna gjaldeyrishallann. Ég verð að segja, að það er harla vonleysislega á málum tekið og linlega að láta frá sér fara yfirlýsingu um, að menn viti að allt stefni í óefni, það verði stórfelldur halli, en það verði að sæta því í von um, að eitthvert happ gerist. Og hverjum dettur nú í hug, að þetta happ gerist? Við fáum hámarksverð fyrir útflutningsvörur okkar og því miður ríkir sá kvíði hjá sumum, að verðlag sé að lækka. Hvað á að detta sem manna af himnum ofan yfir hæstv. ríkisstj. og fjmrh. til þess að jafna þann yfirvofandi stórfellda halla, sem annars verður á þjóðarbúskapnum?

Herra forseti. Af því að ég ætlaði nú sérstaklega að víkja að ríkissjóðnum. – Nú, hæstv. ráðh. er kominn. Það er erfitt tveim herrum að þjóna. – Það er auðvitað grundvallaratriði, þegar þensluástand er í þjóð-

félaginu, að ríkisbúskapurinn stuðli ekki að aukinni þenslu með hallarekstri. Það getur verið eðlilegt og raunar nauðsynlegt að halda uppi hallarekstri, þegar erfiðlega árar og atvinnuleysi vofir yfir, eins og var á árunum 1967–1969, enda voru þá gerðar ráðstafanir til sérstakrar fjáröflunar af ríkisins hálfu til þess í samráði við verkalýðssamtökin að efla atvinnulíf í landinu og uppræta atvinnuleysið, sem þá varð vegna þess neyðarástands, sem skapaðist í verðlags- og útflutningsmálum. Árið fyrir þessi áföll, 1966, var mjög verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, sem var notaður til þess að halda uppi kjörunum 1967 fram eftir ári með stórfelldum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, sem tryggðu almenningi kaupmátt launa sinna í rauninni alllöngu eftir að kaupmátturinn var fallinn í reynd. Síðan var halli hjá ríkissjóði í þrjú ár, sem nam um 600 millj. kr. og að hluta til, eða 100 millj. kr., var síðan á árinu 1970 jafnaður með fé, sem lagt hafði verið til hliðar á fyrri góðærum í Jöfnunarsjóð ríkisins, en 500 millj. hafði verið breytt í fast lán og var það lán að mestu greitt á árinu 1971, eftir að ljóst varð, að greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði 1970, sem nam nærri 500 millj. kr. Hefði ekki hæstv. fjmrh. sýnt þá miklu rausn, sem hann sýndi á árinu 1971, eftir að ríkisstj. í gleðivímu sinni kom til valda og þurfti að gera ýmislegt fyrir landsfólkið þá þegar, þá hefði einnig orðið allverulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði á árinu 1971, sem hefði miðað við þensluástandið einmitt verið mjög nauðsynlegt. Ég hef áður vikið að því í fjárlagaræðum, að nauðsynlegt væri að koma á rekstrarsjóði fyrir ríkissjóð, svo að hann þyrfti ekki að lifa eingöngu á lánsfé frá Seðlabankanum. Og ég tel, að hefði orðið greiðsluafgangur, – það þurfti auðvitað fyrst að borga skuldirnar, – hefði orðið viðbótargreiðsluafgangur á árinu 1971, þá hefði átt að leggja það fé til hliðar, sem hefði orðið upphaf að slíkum sjóði, þannig að ekki þyrfti að öllu leyti að nota Seðlabankann til þess að dæla út því fjármagni, sem ríkissjóður þarf til bráðabirgða að fá á vissum tímum árs, vegna þess að tekjur koma seinna inn heldur en gjöldin falla til. Þetta hefur því miður ekki verið gert að neinu leyti. Það má segja, að hugmyndin með svo kallaða ríkissjóðsvíxla sé þáttur í þessari viðleitni. Ég tel ekki, að sú leið sé hin rétta, heldur eigi að miða við það, að fjárlög séu afgreidd á þenslutímum með allverulegum greiðsluafgangi. Það var t. d. gert fyrir nokkrum árum í Danmörku, þar sem lagðar voru til hliðar mjög stórar fjárhæðir vegna þeirrar þenslu, sem var þar í landi, fjmrh. innheimti í fjárlögum milljónir króna, sem lagðar voru til hliðar til að mæta erfiðleikaárunum, og voru þær teknar hreinlega úr umferð. Eins má segja, að gæti verið rétt, að ríkið hlutaðist til um sölu skuldabréfa, skulum við segja, og það fé yrði tekið úr umferð. Það mundi hafa jákvæð áhrif á efnahagskerfið. Nú er því miður þannig ástatt, að þótt menn vonist til, og ég hygg, að fjmrh. geri sér vonir um það, að hann geti jafnað fjárlögin á þessu ári, þá blæs sannarlega ekki byrlega enn sem komið er, það sem af er árinu, í þessu efni. Það hefur hallað þar geysilega á ógæfuhlið frá því á s. l. ári og skal ég nefna þar mjög táknrænt dæmi máli mínu til sönnunar, en það er yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum, sem í rauninni er alltaf dæmi um það, hvernig rekstrarfjárstaða ríkissjóðs er.

Hinn 1. maí 1971 var samkv. skráningu fjmrn. 408 millj. kr. yfirdráttarskuld hjá Seðlabankanum. Ég tek það fram, að þetta er samkv. skráningu rn., vegna þess að það er nokkuð önnur tala, sem kemur fram hjá Seðlabankanum, en það skiptir ekki máli, ef miðað er við sömu tölu í samanburðinum eða beggja vegna. Sem sagt, yfirdrátturinn var 408 millj. 1. maí 1971, en 1. maí 1972 er yfirdrátturinn 1835 millj. Þessi tala ein út af fyrir sig sýnir, hversu óhugnanleg þróunin er og hversu hér er dælt fjármagni út úr Seðlabankanum til þarfa ríkissjóðs, ofan á allt annað.

Á þeim tímum, sem við lifum á, er hallalaus ríkisbúskapur grundvallarnauðsyn – ég tel ekki líklegt, að okkur hæstv. fjmrh. greini á um það, það er grundvallarnauðsyn – og í rauninni það fyrsta, sem ríkisstj. er skylt að gera til að leggja fram að sínu leyti jákvætt til efnahagsþróunarinnar. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. geti síðar á árinu jafnað þennan geysilega yfirdrátt, sem nú er hjá Seðlabankanum. Ég geri ráð fyrir, að hann eigi eftir að vaxa nokkuð enn, ef þróunin verður svipuð og undanfarin ár í maí og júní og fram í júlí og jafnvel lengur, því að ég hygg, að skattarnir innheimtist ekki fyrr en seint á árinu, vegna þess að það er allt mjög síðbúið. Þótt það takist nú kannske að leggja skattana á einhvern tíma svona undir jólin, þá skilst mér, að það sé allt á seinni skipunum af eðlilegum ástæðum. En vissulega er þetta sá spotti, sem hæstv. ráðh. þyrfti að taka í föstum tökum, svo að ekki komi til þess, að þessi vandræði verði einnig þess valdandi, að hallarekstur verði hjá ríkissjóði í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða einstaka þætti framkvæmdaáætlunarinnar. Ég hef engar sérstakar athugasemdir við hana að gera í einstökum atriðum, tel enda rétt að það bíði 2. umr., eftir að málið hefur verið skoðað í n. En ég vil aðeins að lokum leggja áherzlu á það og taka undir það með hæstv. ráðh., sem felst í þeirri grg., sem hann hefur hér lagt fyrir okkur, að efnahagsástandið er uggvænlegt. Það hafa að vísu verið mikil góðæri frá árinu 1969, sérstaklega árin 1970 og 1971, og enn þá má segja, að út úr flói, en það er vissulega að syrta að og hæstv. ráðh. sér það sýnilega greinilega af skýrslu hans að dæma, að það eru uggvekjandi horfur fram undan, ef ekki tekst að spyrna við fótum. Þenslan hefur, eins og ég hef vikið að hér í máli mínu að framan, vaxið geysilega. Ef ráðstöfunartekjur vaxa um 50% á einum þremur árum og jafnvel meira, þá sjá menn hvert stefnir, miðað við það að framleiðslan getur auðvitað aldrei vaxið með þessum hætti. Og ríkisstj. hefur bundið sér bagga með því loforði, sem hún gefur í stefnuyfirlýsingu sinni, að auka kaupmáttinn um 20% á árunum 1972 og 1973. Þetta er auðvitað mjög alvarlegur og ég vil segja fyrirhyggjulaus baggi að taka á sig, vegna þess að vitanlega fer það eftir afkomu þjóðarbúsins hverju sinni, hvað hægt er að auka kaupmáttinn. Allir eru sammála um að stefna að því að gera það svo sem auðið er hverju sinni, en að slá því föstu, ákveðinni prósentu í því efni, það finnst mér vera með því uggvænlegra, sem nokkur ríkisstj. hefur gert, og sá þyngsti baggi, sem kannske nokkur ríkisstj. hefur bundið sér, því að stéttasamtökin fylgjast áreiðanlega með því, að við þetta sé staðið, þó að það geti reynzt ríkisstj. gersamlega ómögulegt.

Þessi framkvæmdaáætlun, fjárlögin og framkvæmdaáform einstaklinga og samtaka í landinu eru nú með slíkum hætti, að það spennir yfir allt þanþol, eins og fjmrh. réttilega kemst að orði, og það segir hér á bls. 9, að framkvæmdaaukningin, sem gert er ráð fyrir á þessu ári, kalli á 1000 mannára viðbót. Þessi framkvæmdaaukning er tekin þá frá atvinnulífinu, framleiðsluatvinnuvegunum, og hljóta allir að sjá, hvert stefnir í þessu efni. Ég býst ekki við, að nokkrum dyljist það. Hér er talað um, að samtök atvinnurekenda hafi varað mjög alvarlega við þessari framvindu. Það segir í skýrslunni. Það er ekki að undra, því að ég hygg, að okkur sé öllum kunnugt um, hvað er að gerast núna þessa dagana. Ég hef hitt marga atvinnurekendur, sem hafa orðið að sæta því nú þessa dagana, að þeirra starfsmenn koma til þeirra og segja: „Ef þið ekki borgið mér hærra kaup, þá er ég farinn.“ Það er að verða svo geigvænleg spenna. Byggingarkostnaðurinn vex viku frá viku að segja má og nú síðast sjáum við eitt atriði, sem ég held, að sé nú gert ráð fyrir í framkvæmdaáætluninni, það er lenging flugbrautar á Keflavíkurflugvelli, sem mun eiga samtals að kosta 500 millj. Ég veit ekki, hvort á að ljúka því á þessu ári eða ekki. Þar er talað um að vinna dag og nótt og slegið upp í blöðum, og ekki mun það draga úr eftirspurninni. Þar á að vinna verulegur fjöldi manna einnig. Og hvaðan á að taka þetta fólk? Iðnreksturinn vantar í mörgum greinum fólk. Sjávarútveginn vantar fólk. Ég er ekki að segja, að þetta hafi ekki gerzt hér áður, en menn sáu einmitt þegar þenslan var mest á árunum, við skulum segja 1963 og 1964, hvernig þetta varð til þess að spenna upp kaupgjaldið í raun og veru meira en eðlilegt var. Það þurfti að taka á þessum málum með föstum tökum en ekki spenna allar framkvæmdir langt yfir þau mörk, sem nokkru sinni hafa áður þekkzt, þó að ég geri ráð fyrir því, að í bili fái hæstv. ráðh. þakkir fyrir það, að hann ráðstafi, útvegi og úthluti margfalt meira fé en íhaldssamur fyrirrennari hans hafi gert. Það er önnur saga, en það er ekki alltaf til góðs, þegar til lengdar lætur, og ég veit, að hæstv. ráðh. gerir sér fulla grein fyrir því.

Nú stöndum við frammi fyrir nýrri stórkostlegri hækkun kaupgjalds. Núna 1. júní. Það er ekki alveg vitað, hver sú hækkun verður, en það má gera ráð fyrir, að hún verði 10–12%, sennilega nær 12% í einum áfanga. Það eru 4% af umsaminni kauphækkun frá samningunum í haust og það er hækkun vísitölu, sem hefur verið gerð grein fyrir hér á Alþ., að muni verða milli 5 og 6%, en er líklegra að verði um 7%. Og er þá ekki tekið tillit til þeirra vísitölustiga, sem talið hefur verið og raunverulega er staðreynd, að launþegar misstu við það, að nefskattarnir voru felldir niður og álögurnar teknar í beinum sköttum, og var þá reiknað út, að næmu um fjórum stigum eða aðeins tæpt eitt stig af þeirri upphæð hefur verið tekið inn í vísitöluna. Þetta eru horfurnar eins og þær eru í dag.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa mál mitt lengra. Það er þegar orðið ærið langt. En mér fannst ég ekki geta komizt hjá því að benda á þessar staðreyndir við 1. umr. um þessa framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Ég endurtek það, að ég er sammála því, að það sé nauðsynlegt í sambandi við fjárlög að verja fé til þeirra framkvæmda, sem bæði þar og hér er gert ráð fyrir. Og ég geri ráð fyrir, að megi finna framkvæmdir fyrir milljarða króna, sem mætti áætla og segja með sama rétti, að væri æskilegt að koma í framkvæmd. En þetta getur aldrei verið afgerandi, þegar við erum að marka efnahagsmálastefnu, heldur hvað þanþol atvinnulífsins leyfir, hvað þanþol peningakerfisins leyfir án þess að við stefnum öllu í óefni. Og það væri vissulega mjög ömurlegt, ef svo mundi fara, að menn flytu hér sofandi að feigðarósi og gerðu ekki í tæka tíð nægilegar ráðstafanir í peningamálum og fjármálum á hinum ýmsu sviðum, svo að hið góða efnahagsástand, sem er í landinu og hefur verið nú undanfarið tveggja ára skeið, gæti orðið til þeirrar jákvæðu uppbyggingar, sem það getur tvímælalaust orðið, ef rétt og skynsamlega er á málum haldið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér neinar kappræður við hv. 2. þm. Norðurl. e., því að við höfum gert það oft áður og getum átt tækifæri til þess síðar. En mig langar aðeins til að segja honum það, þegar hann talar um það, að ég hugsaði mér að verða vinsæll í sambandi við ýmsar fjárveitingar og væri það annað en íhaldssamur fyrirrennari minn, að ég heyrði það í vetur, þegar ég fór á fundi hjá starfsmönnum ríkisins á vegum BSRB, að þeir sögðust biðja bara um Magnús aftur. Ekki hljómar þetta nú þannig, að ég geti gert mér vonir um miklar vinsældir í viðskiptum við þegnana almennt.

Hitt verð ég líka að segja, að það er nú svo um það, sem veita á í þessum efnum, að það er ekki laust við að ég telji, að því hafi verið ráðstafað fyrir fram og það sé aðeins mitt hlutverk að greiða það út. En út í þetta ætla ég ekki að fara og heldur ekki hitt í sambandi við vinnuaflið, að það eru ekki mörg ár síðan það var mikið í umr. manna hér, hvað ætti að gera við þá stóru hópa manna, sem kæmu á vinnumarkaðinn, hvernig ætti að sjá þessu fólki fyrir atvinnu. Sem betur fer er ekki við það að stríða nú, en hitt er rétt, að það verður einnig að gæta að því, ef of mikið framboð er á slíku, en út í það skal ég ekki fara.

Ég ætlaði hins vegar að segja í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vék að, stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands, að ég veit það vel, að hún var góð hinn 1. maí 1971, en ef farið er í árin þar á undan, þá var staðan mjög svipuð því sem hún er nú. Það hefur verið um langt árabil, að það má heita, að staðan hafi hlaupið á 10–12% af heildarútgjöldum ríkissjóðs einmitt á þessum mánuðum. Hitt vil ég líka benda á, að með þeirri skipulagsbreytingu, sem gerð var við fjárlagaafgreiðslu í vetur með tilfærslu á milli ríkis- og sveitarfélaga, hlýtur það að fara svo, að á ríkið falla útgjöldin í ríkum mæli miklu fyrr en innheimta skattanna, og það hefur greinilega verið á þessum fyrri hluta ársins, að útgjöldin, sem ríkissjóður tók að sér að greiða, hefur hann orðið að standa við, eins og t. d. framlag til trygginganna, en hins vegar er hann ekki búinn að fá nema sáralítinn hluta af því aukna hlutfalli í sköttum, sem hann mun fá. Þetta hefur að sjálfsögðu veruleg áhrif á stöðuna nú, svo að ég geri mér jafnvel vonir um það, að einmitt næstu mánuðir – ég var að segja hv. 2. þm. Norðurl. e., að vegna þeirrar skipulagsbreytingar, sem gerð var í vetur á milli ríkisins og sveitarfélaga, þá hafa gjöldin komið til nú þegar á fyrri hluta þessa árs, t.

d. framlagið til Tryggingastofnunar ríkisins, sem var aukið verulega frá því sem það var á fyrra ári, en tekjurnar af skattheimtunni, sem færast til á milli þessara aðila, hafa hins vegar ekki komið ríkissjóði að notum fram til þessa, – ég geri mér vonir um, því að það er háttur manna að reyna að trúa á það betra, að næstu mánuðir verði e. t. v. ekki eins óhagstæðir ríkissjóði í hlutfalli við fyrri ár, af því að þá fari þetta að breytast.

Ég skal nú ekki fara frekar út í þetta, en vil segja það, sem ég sagði í Nd., að eitt af þeim bréfum, sem á borði mínu lágu eða sem ég fór svona fljótlega að kíkja í eftir að ég kom í fjmrn., var bréf Seðlabankans um hugmyndina um ríkissjóðsvíxlana og rekstrarfjársjóðinn. Fyrirrennari minn hafði skrifað á horn bréfsins: „Athyglisverð tillaga, en verður að bíða fram yfir kosningar." Ég tek undir það með honum, að mér finnst báðar þessar tillögur réttmætar og athyglisverðar. Ég álít alveg eins og hann, að það sé brýn nauðsyn á því, að ríkissjóður komi sér upp rekstrarlánasjóði, svo að hann sé ekki eins háður eða verðbólguvaldandi og hann verður megnið af árinu með því að vera alltaf í yfirdrætti við Seðlabankann, og ég álít líka, að þetta víxlaform, sem verður nú ekki mikið mál nema í blöðum, sé réttmætt, því að það jafni stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann og tryggi betur árslokin, sem allir keppa nú að, heldur en ef ekkert væri reynt í þessa átt. Þess vegna tek ég undir það með honum, við erum sammála um það, að þessar tillögur eru athyglisverðar og ber brýna nauðsyn til að koma þeim í framkvæmd.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur ekki gefið mér tilefni til að lengja hér mikið fundartíma, hins vegar upplýsti hann mig um það, að hann væri glaður að ganga mínar brautir, og ég get út af fyrir sig verið honum sammála um það. Hann segist hafa fundið eitthvert merkisbréf, sem ég hafi skilið eftir. Mig rámar nú í ýmis bréf frá Seðlabankanum. Hann skrifaði gjarnan um ýmsar hugmyndir, og ekkert er nema gott um það að segja, því að flestar voru þær athyglisverðar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur þetta bréf við hendina. Það vonandi glatast ekki. Ég var nú að spyrjast fyrir um bréfið í rn. í morgun og það kannaðist enginn við það, en ekki efa ég, að hæstv. ráðh. fari með rétt mál. Þó að það hafi nú verið skrifað á bréfið, að mér fyndist hugmyndin athyglisverð! Mig rámar í, að eitthvert bréf hafi komið, sennilega hefur þetta verið í apríl- eða maímánuði. Það kom mikið af bréfum þá, sem ég gjarnan skrifaði á, að yrðu að bíða fram yfir kosningar. Ég vissi nú lítið um það, hver sæti í því sæti eftir kosningar. Í sannleika sagt var, miðað við þá greiðslustöðu, sem ríkissjóður var í þá, engin sérstök þörf á að grípa til þessara aðgerða, en ég tel þetta athyglisverða hugmynd og efast ekkert um það, að hæstv. ráðh. fari rétt þar með, þó að ég muni ekki nákvæmlega eftir bréfinu, að þetta hafi verið skrifað á spássíu þess.

En ég held, að þetta bréf hafi ekki fjallað um ríkissjóðsvíxla, – kann þó að vera, að það hafi verið tæpt á þeim, – heldur fyrst og fremst um það, að nauðsynlegt væri, að ríkissjóður eignaðist rekstrarfjársjóð. Það held ég, að sé nú kjarni málsins, og eins og ég sagði í ræðu minni hér áðan, þá hef ég vikið að þessu oftar en einu sinni í fjárlagaræðum undanfarin ár, að það væri óviðunandi með öllu, að ríkið gæti ekki átt rekstrarfjársjóð, og það er þess vegna nauðsynlegt að gera ráð fyrir því næstu árin. Auðvitað eru ríkissjóðsvíxlar engin lausn í því sambandi, það er aðeins hugsað sem lántökuform, heldur leggi ríkið til hliðar ákveðna fjárhæð á hverju ári í rekstrarfjársjóð. Það, sem Seðlabankinn óttaðist, var það, að þetta mundi aldrei fást hér á hinu háa Alþ., og kann það að hafa verið rétt metið hjá bankanum, það mundi aldrei fást að hafa nokkurn teljandi greiðsluafgang á fjárlögum, og því miður hefur það yfirleitt aldrei fengizt. Ef menn hafa haft einhvern grun um, að væri til króna eftir, þá var sjálfsagt að eyða henni. Þá var það hugsun bankans, og mun vera hugsunin með útgáfu ríkissjóðsvíxlanna núna, að Seðlabankinn veiti ríkissjóði fastalán til að mynda rekstrarfjársjóð, sem yrðu síðan tekin í fjárlög, í vissum áföngum sem afborgun á lánum, þetta geti menn þó ekki neitað að gera. Þetta held ég, ef ég hef skilið fjmrh. rétt, að sé ætlunin hjá Seðlabankanum með þessari hugmynd. En hugmyndin um ríkissjóðsvíxlana er ekki frá mér komin, þó að ég hafi ekkert á móti því að bent sé á, að ég hafi talið þetta athyglisverða hugmynd. Við nánari athugun held ég, að hún þjóni ákaflega litlum tilgangi, aðalatriðið sé, að það sé áætlað fyrir greiðsluafgangi á fjárlögum, þannig að það geti myndazt varasjóður og þó fyrst og fremst, að aldrei sé á þenslutímum greiðsluhalli á fjárlögum eða í reynd í ríkisbúskapnum eða á ríkisreikningi. Fjárlög nægja auðvitað ekki eða það nægir ekki að miða við þau ein, ef menn fara fram úr öllu valdi með útgjöld engu að síður. Ég held, að okkur hæstv. ráðh. greini ekki á í þessu efni, þó að okkur greini að ég hygg töluvert á um það, hvenær sé tímabært og hvað langt megi ganga á bankakerfið, á sparifjármyndunina í landinu, án þess að það leiði til stórfelldra vandræða fyrir atvinnulífið og fyrir borgarana, því að sannleikurinn er sá, sem við skulum ekki gleyma, að það er auðvitað alveg útilokað, þó að ætlazt sé til þess núna af stjórnvöldum, að loka sem allra mest fyrir öll lán til einstaklinga, það er ekki hægt nema að takmörkuðu leyti, vegna þess að það eru þó einstaklingarnir, sem eiga sparifé, og það getur leitt til mjög óheilbrigðrar og ranglátrar niðurstöðu og hættulegrar niðurstöðu, ef fólk er hrakið úr bönkunum, þá er ósköp hætt við, að sparifé fari smám saman sömu leiðina og leiti inn á aðra markaði. Þessu verðum við einnig að gera okkur grein fyrir og því miður er sparifjármyndun í bönkunum hlutfallslega minnkandi núna tvö síðustu árin. Þó að hún hafi vaxið í krónum, þá er hún minnkandi hlutfallslega, sem er uggvænlegt, og hún mun minnka hlutfallslega meira, ef of langt verður gengið í því að taka fé úr bankakerfinu, þannig að ekki sé hægt að fullnægja allra brýnustu þörfum atvinnuveganna og einstaklinganna um smálán.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 806, n. 851, 857 og 875).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972. Framkvæmdaáætlunin hefur verið til umr. í báðum d. og jafnframt hefur henni verið útbýtt á borðin til hv. þm. Niðurstaðan af störfum fjhn. varð sú, að n. klofnaði um afstöðu til málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. fjhn., 1. og 2. minni hl., taka ekki þátt í afgreiðslu málsins og skila séráliti.

Af hálfu okkar, sem skipum meiri hl. n., er ekki neinu við það að bæta, sem áður hefur komið fram í þessu máli, þar sem ekki hefur verið talin ástæða til þess að breyta efni frv. að neinu leyti. Í málflutningi þeim, sem fram kemur hjá 1. og 2. minni hl. fjhn. snertandi þetta frv., er á það lögð mikil áherzla að vara við dýrtíðarþróuninni og verðbólguþróuninni hér á landi, og er að sjálfsögðu allur varinn góður. Auðvitað verður því ekki neitað, að ævinlega eru allþýðingarmikil tengsl á milli framkvæmda ríkisvaldsins annars vegar og hins vegar ástandsins í dýrtíðar- og verðbólgumálum í landinu, en ekki verður séð, að undan því verði vikizt, þrátt fyrir það að nokkur vandi sé á höndum ótvírætt í sambandi við dýrtíðarmál almennt, að haga gerð framkvæmdaáætlunar með öðrum hætti en gert hefur verið. Ég verð var við það, að í málflutningi stjórnarandstæðinga er áherzla á það lögð, að of miklu sé kostað til og það gefið í skyn, að verið sé að kynda undir verðbólgunni með óeðlilegum hætti með svo viðamiklum framkvæmdum, en rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að af hálfu stjórnarandstæðinga hafa ekki komið fram neinar till. um lækkun á einstökum framkvæmdaliðum eða útlánum frá einstökum stofnlánasjóðum.

Sem sagt, meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kom hér áðan hjá frsm. meiri hl., varð ekki samstaða í fjhn. d. um frv. Við skilum þó ekki brtt., eins og hann gat um, og mun ég koma að því nánar. Hins vegar kemur fram í áliti okkar, að við munum ekki greiða atkv. á móti frv. og munu stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. bera einir ábyrgð á afgreiðslu þess. Ég ætla nú með nokkrum orðum að fjalla um þetta, en því sleppti ég, er frv. var til 1. umr.

Þetta er í annað sinn núna á þessu hálfa ári, sem hæstv. ríkisstj. leitar eftir mjög stórum heimildum til að selja spariskírteini. Hún lagði fyrst fram frv. nr. 71 á s. l. ári, í des. að því er mig minnir, og leitaði þá eftir heimildum fyrir 200 millj. kr. Það urðu alllangar umr. í sambandi við þetta frv. og bentum við þá á það, að á öllum valdatíma hinnar slæmu viðreisnarstjórnar, eins og hún var títt nefnd þá af þáv. stjórnarandstöðu en núv. stjórnarflokkum, voru á árunum 1964--1971 alls gefnar út heimildir til að selja skuldabréf fyrir 787 millj. og mest í einu 1970, 132 millj. kr. Þeir eru miklir afreksmenn, núv. ráðh., og er ekki nema gott um það að segja. Þetta eru hraustir menn og vilja halda þessu áfram og eflast mjög, því að salan gekk vel og er komin upp í 500 millj. Næsta skref gæti þannig orðið mikið á annan milljarð með næstu haustdögum, ef stefnan verður óbreytt.

Hvað sem þessu líður er gaman að geta framkvæmt mikið og gert mikið á stuttum tíma. Allir eru ánægðir með það. En því miður fylgja stundum þeirri gleði, sem verður af framkvæmdum, smáannmarkar og vaxtarverkir og ég held, að flestar ríkisstj., sem hafa ráðizt í mikið á Íslandi, hafi fundið fyrir slíkum vaxtarverkjum. Þessir vaxtarverkir eru fyrst og fremst verðbólga og spenna á launamarkaði, sem hefur orðið flestum ef ekki öllum ríkisstj. erfið í skauti og fellt sumar, og þarf ég ekki að rekja þá sögu nánar.

Það kom fram í útvarpsumr. og á því var tæpt hér áðan, að við værum heldur litlir karlar í stjórnarandstöðunni að geta ekki bent á neitt til sparnaðar, fyrst við værum svona hræddir við miklar framkvæmdir. Nú ráðum við ekki gerð fjárlaga, stefnu í fjárlögum eða ráðstöfun þess fjármagns, sem hér er verið að leita heimilda til að ráðstafa. Hins vegar leyfi ég mér, af því að hæstv. fjmrh. er líka landbrh., að benda á, að sú stefna að halda áfram miklum útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir getur verið hættuleg auk mikils stuðnings við framkvæmdir í því sambandi. Ekki svo, að ég ætli að fara að fjalla hér sérstaklega um landbúnaðinn og það megi misskilja orð mín þannig, að ég sé á móti honum, öðru nær, en það er með landbúnaðinn eins og aðra starfsemi, að það er heilbrigðast, þegar til lengdar lætur, að hann standi undir sjálfum sér, en sé ekki á mikilli ríkisframfærslu. Þetta veit ég, að forsvarsmenn landbúnaðarins eru mér sammála um, en svo mikil umsvif eru í landbúnaði hér á Íslandi og framkvæmdaþörf, að við höfum allir verið sammála um það, að rétt sé að hafa góð stofnlán í landbúnaði og veita líka framkvæmdastyrki. Hins vegar deilum við nokkuð um þá stefnu að veita mörg hundruð milljónir í beina útflutningsstyrki á umframframleiðslu. Á það hefur nú ekki verið hlustað, sem við segjum um það efni í Alþfl., og get ég sleppt þeim kafla í sambandi við þetta.

Varðandi till. um sparnað má benda á, að það þarf að skoða ráðstöfun þessa fjármagns og þarfir hinna einstöku framkvæmdaliða í heild, þá fyrst er hægt að gera till. Það, sem ég óttast fyrst og fremst, er það, að eftirspurn eftir vinnuafli vegna mjög mikilla framkvæmda geti orðið það mikil, að vissir þættir framleiðslunnar verði í erfiðleikum, og það hefur þegar bryddað á því á þessu vori. Nú er gleðilegt, að við þurfum ekki að kvíða atvinnuleysi, og má ekki blanda því saman út af fyrir sig. Ef það er rétt hermt t. d., að framkvæmdir miklar á Keflavíkurflugvelli þurfi fleiri tugi manna og það sé leitað eftir góðu vinnuafli og það sé vinna á vöktum dag og nótt, þá verða þessir menn, sem þeirra framkvæmda njóta, með vinnu sinni örugglega miklu, miklu launahærri heldur en margir við sjávarsíðuna og í vélsmiðum, og eftir þessu vinnuafli er sótzt. Það sögðu mér tveir menn, sem reka stórar vélsmiðjur, önnur vélsmiðjan hefur hátt í 40 manns í vinnu núna og hin rúmlega 20, að þeir væru búnir að auglýsa eftir vinnuafli dag eftir dag. Það er ekki aðeins, að þeir hafi misst menn, sem ætla að fást við hluta af þessum framkvæmdum þarna, að því er þeir tjá mér, og vera á vinnuvélum, heldur fá þeir enga menn, og það er þessi hætta við framkvæmd á verkunum, sem við erum að gagnrýna fyrst og fremst. Og sama kemur í ljós við sumar vegaframkvæmdir. Þær eru boðnar út. Við munum fá í Sþ. bráðum endanlegar till. fjvn. í því sambandi og er þar miklu fjármagni ráðstafað. Við

erum allir sammála um nauðsyn á stórkostlegum framkvæmdum fyrir þjóðfélagið, en það skiptir jafnan miklu máli, og er sama hvaða ríkisstj. á í hlut, að vel takist til um framgang þeirra, það sé ekki uppboð á vinnumarkaðinum, því að þegar dæmið verður endanlega gert upp, þá getur það orðið viðkomandi ríkisstj. erfitt og dýrt. Það sýnir reynslan.

Eins og kemur fram í nál. mínu, hefur það oft komið fram hér á hæstv. Alþ., að allar framkvæmdir nú eiga að vera afar vel skipulagðar. Svo vel eiga þær að vera skipulagðar, að allt, sem hefur verið gert hér áður, bliknar eða á að blikna, samanber orð stjórnarherranna. Nú er ég svo ákveðinn í nál., að ég dreg í efa, að þetta sé rétt, og hef ekki enn fundið og séð, að mikil breyting hafi orðið hér á frá fyrri stefnu og þeirri uppbyggingu, sem hefur átt sér stað í því sambandi varðandi áætlanagerð. Framkvæmdastofnunin er ung að árum og á vonandi eftir að sýna getu sína í því efni að raða niður framkvæmdum af skynsemi og kaldri rökhyggju, eftir þörfum og nauðsyn, þannig að atvinnulífið verði í jafnvægi og sá ótti, sem við berum í brjósti um of mikla spennu og uppboð á vinnumarkaðinum, sé ástæðulaus. Það væri gott, ef slíkt tækist, en því miður er ekkert enn komið fram, sem bendir til þess, að slíkt muni vera á döfinni.

Þessi lánsheimild upp á 500 millj. er með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Það er hér gerð grein fyrir því í frv., hvernig á að ráðstafa þessu fjármagni, og það þarf meira í viðbót. Spariskírteinin verða gefin út á nafn, en þau eru eins og verið hefur undanfarin ár ekki framtalsskyld og hefur það oft verið gagnrýnt og var mjög hart gagnrýnt af fyrrv. stjórnarandstæðingum, en þeir treysta sér enn ekki til að fylgja sínum orðum eftir og hafa þau framtalsskyld. Ég skal ekki fara að munnhöggvast við þá um það atriði, en þegar svona miklar fjármagnshreyfingar eiga sér stað í þjóðfélaginu, fer nú ekki að verða óeðlilegt, ef áfram heldur á þessari braut? Kemur ekki að því, að það sé rækilega athugað, hvort þetta skuli framtalsskylt eða almennt sparifé á móti þessum spariskírteinum fái sérstaka viðurkenningu? Ég held, að það sé kominn tími til þess, að það sé alvarlega athugað. Það sé ekki aðeins það fólk, sem kaupir þessi spariskírteini fyrir sparifé sitt, eða aðrir lífeyrissjóðir, sem fái verðtryggingu, það þarf að koma til almennt séð. Sjálfsagt eru ýmsir örðugleikar í þessu sambandi, en ég vil beina því til hæstv. ráðh., að hann hugleiði mjög alvarlega möguleika á þessu. Það yrði sannarlega afrek, sem munað yrði eftir.

Svo er annað atriði í sambandi við sölu á svona hárri upphæð spariskírteina á stuttum tíma, en það er fjármagnshreyfingin úr viðskiptabönkunum. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá kemur það niður á bönkunum eitthvað misjafnlega, en á sumum áreiðanlega mjög mikið. Auðvitað er tilgangurinn með því að selja svona háa upphæð spariskírteina í skyndi að vissu marki sá að draga úr verðþenslunni og gera viðskiptabönkunum erfiðara fyrir að þjóna vissri þjónustu, víxlasölu eða fjármagnsfyrirgreiðslu varðandi kaup á ýmsri neyzluvöru. Út af fyrir sig getur það verið eðlileg ráðstöfun miðað við þá þenslu, sem á sér stað í dag, mikla eftirspurn eftir vörum og innflutningi, en þetta þyrfti að gerast í meira samhengi, vera betur skipulagt fram á við, þannig að bankarnir kippi ekki að sér höndum alveg fyrirvaralaust gagnvart almenningi í landinu, sem nemur stórum fjárhæðum í sölu víxla eða kaupum á víxlum, því að það kemur mörgum illa og það kemur mörgum mjög illa einmitt, sem hafa staðið í að fá sér íbúðarhúsnæði, vegna þess að það er sagt, að mjög erfitt sé að fá vissu fyrir afgreiðslu lána til húsbygginga núna hjá húsnæðismálastjórn vegna fjármagnsvöntunar þar, en menn hafa getað fengið stutt lán út á fasta afgreiðslu hjá þeirri stofnun. Nú getur það verið nauðsynlegt að draga úr húsabyggingum, en það er líka jafnhættulegt að gera það í einu vetfangi. Það ber sem sagt að sama brunni, að heildarstjórn á þessum málum er nauðsynleg, þegar til lengdar lætur. Vissar hreyfingar munu alltaf eiga sér stað innbyrðis. Þær eru tengdar árferði. Vertíðin er nú þannig í vetur, að afli er að vísu svipaður og verið hefur undanfarin ár, en dreifing aflans er miklum mun jafnari um landið en hefur verið undanfarin ár og það mun segja til sín í eftirspurn eftir ýmsri neyzluvöru. Hér á þessu þéttbýlissvæði er afli verulega lítill, en þó nokkuð jafn á bátana, 350–450 tonn og rétt yfir það, en á Vesturlandi og Norðurlandi hefur afli verið nokkuð góður og sums staðar ágætur, þannig að dreifing er mun meiri á vetrarvertíð, sem ég tel mjög jákvætt og mun stuðla að því, að ekki verður eins geysileg eftirspurn eftir vinnu og þjónustu á þessu þéttbýlissvæði, en jafnari um allt land.

Ráðstöfun á þessu fjármagni, eins og ég sagði áðan, er hér sundurliðuð í þskj. og þarf ég ekki að fjalla um það sérstaklega. Hluti fer til beinna framkvæmda, einnig á að taka sérstakt erlent lán til fjármögnunar á mikilvægum framkvæmdum og svo fer auðvitað nokkur hluti til greiðslu á eldri lánum, þ. e. til spariskírteina frá fyrri ríkisstj., og er þetta í stórum dráttum sundurliðað á þskj.

Að lokum vil ég aðeins segja, að það er ósk mín, að þó að sala þessara skírteina gangi mjög vel og framkvæmdir geti hafizt eins og gerð er grein fyrir í frv., þá verði niðurröðun framkvæmda, því að það er orðið vinsælt að tala um slíkt í dag, niðurröðun framkvæmda verði þannig, að það trufli framleiðslustarfsemina sem allra minnst. Það er höfuðatriði og það mun verða jákvætt að geta komið hlutunum þannig fyrir, vegna þess að fari framleiðslustarfsemin til lands og sjávar mjög úr skorðum vegna aukinnar eftirspurnar á vinnuafli og margs konar þjónustu annarrar, sérstaklega ríkisframkvæmda, þá er öruggt mál, hvað sem hver segir, að það mun auka á þenslu og spennu í þjóðfélaginu og verða verðbólguvaldandi. En verðbólgan er þessari ríkisstj. augsýnilega erfið sem mörgum ríkisstj. áður.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt með tilvísun til þess, að við 1. umr. um mál þetta í hv. d. flutti 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, ítarlega ræðu um afstöðu Sjálfstfl. til máls þessa. Það er einnig svo, að komið er að þingslitum og samkomulag er um það að stuðla að því, að þau geti farið fram eins og ætlazt er til nú fyrir hvítasunnu. Ég get þó ekki stillt mig um að drepa á nokkur höfuðatriði þessa máls, sem raunar koma fram í nál. 1. minni hl. fjhn. í Nd., en þar er m. a. á það bent, að á síðasta ári hafi þjóðartekjur vaxið um 12.5%, sem er óvenju mikið, en á sama ári hafi ráðstöfun þjóðartekna í heild aukizt

um 21%. Þetta hafi m. a. haft það í för með sér, að greiðsluhalli hafi orðið að upphæð 4 þús. millj. kr. Þetta er uggvænleg niðurstaða í einu mesta góðæri, sem fyrir íslenzkt efnahagslíf hefur komið, og þótt segja megi, að hluti af þessum halla, sem ég gat um, byggist á sérstökum innflutningi skipa og flugvéla og aukningu útflutningsbirgða, þá er samt sem áður um 1 milljarðs kr. halla að ræða í þessu mesta góðæri, sem sögur fara af jafnvel. Á yfirstandandi ári gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir, að þjóðartekjur vaxi enn um 5–7%, en enn er gert ráð fyrir því, að sú óheillavænlega þróun haldi áfram, að ráðstöfun þjóðartekna aukist um enn hærra hlutfall, eða 10–11% á ári, og hallinn á viðskiptajöfnuðinum mun ekki minnka, heldur verða 4 þús. milljarðar kr., og þá er ekki gert ráð fyrir sérstökum innflutningi skipa eða flugvéla eða sérstakri söfnun útflutningsbirgða. Hér er ljóst mál, að verið er að spenna bogann of hátt, og það er ekki gæfusamleg byrjun á svo kölluðum áætlunarbúskap núv. hæstv. ríkisstj. að byggja hann á slíkum grunni.

Það fer heldur ekki á milli mála, að slíkar forsendur framkvæmdaáætlunar eru til einskis annars fallnar en þess að auka á verðbólguna í landinu, auka á þann vanda, sem við er að glíma og allir í raun og veru viðurkenna að fyrir hendi sé, eins og ummæli hæstv. fjmrh. sjálfs í þeirri skýrslu, sem hann hefur lagt fyrir Alþ., bera vitni um. Það hefur verið mjög látið í veðri vaka, að nú ætti að taka efnahagsmálin nýjum og ferskum tökum og byggja á samræmdri áætlunargerð, sem hafi það að markmiði að velja og hafna og láta það mikilvægara ganga fyrir hinu, sem minna máli skiptir. Hér sýnist ekki vera um miklar efndir að ræða, þegar litið er á framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. Hér er alls ekki um neina röðun framkvæmda að ræða. Hér er ekki verið að velja eða hafna. Hér ægir öllu saman og ekkert getið um neinn samanburð á einstökum framkvæmdum eða samanburð á valkostum framkvæmda. Það ber að harma, að svo er að hlutunum staðið, því að á undanförnum árum hefur það tekizt sæmilega vel að leggja fram hér á þingi framkvæmdaáætlun, sem er innan þess ramma, sem þjóðarframleiðsla og vöxtur þjóðartekna hefur leyft, eftir að þau ár liðu, þegar við sérstaka erfiðleika var að etja og sérstakar ráðstafanir þurfti að gera í atvinnumálum landsmanna til þess að vinna bug á atvinnuleysi. Hér er aftur á móti borið svo í bakkafullan lækinn, að í senn er gert ráð fyrir því, að vinnuaflsaukningin, sem þessi framkvæmdaáætlun hefur í för með sér, kalli á meira en 1000 menn í fulla vinnu í heilt ár. Raunar er hér um enn meiri vinnuaflsþörf að ræða, þar sem á áætluninni hefur verið gerð breyting frá því hún var lögð fram. Þegar það er hugleitt, að allir framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar búa við vinnuaflsskort, má gera sér ljósa grein fyrir, hver afleiðing af framkvæmd þessarar áætlunar verður. Á hitt verður líka að benda, að fjármögnun þessarar áætlunar er til þess fallin að auka verðbólguna í landinu og valda framleiðsluatvinnuvegunum miklum erfiðleikum. Þar á ég við annars vegar útgáfu ríkisskuldabréfa, sem nú er tífölduð frá því sem gert var ráð fyrir í framkvæmdaáætlun fyrra árs. Það er að vísu sagt, að útgáfa verðtryggðra spariskírteina auki ekki á dýrtíðina eða verðbólguna eða þensluna í þjóðfélaginu, þar sem verið er um leið að taka fjármagnið úr umferð hér á landi. Það fer samt sem áður ekki hjá því, að það er verið að taka þetta fjármagn frá viðskipta- og atvinnulífinu og það þrengir kosti atvinnufyrirtækjanna og framleiðslunnar, þegar þetta fjármagn er tekið úr hinum venjulega farvegi. Það er borin von að mínu áliti eins og horfir í verðbólgu- og dýrtíðarmálum, að hér verði um nettóaukningu á sparifjármyndun í landinu að ræða, heldur eru allar líkur á því og öll rök, sem til þess benda, að þarna verði um að ræða hreinan frádrátt þess fjármagns, sem ella væri til umráða fyrir atvinnu- og viðskiptalífið í landinu og til umráða fyrir einstaklinga í þeirra búsýslu hvers og eins, eins og t. d. til þess að fá bráðabirgðalán til húsbygginga, svo að dæmi sé nefnt.

Hitt atriðið, sem ég vildi nefna, er margföldun erlendrar lántöku til þess að fjármagna framkvæmdaáætlunina miðað við það, sem gert var ráð fyrir í framkvæmdaáætlun ríkisstj. frá fyrra ári. Þar er einnig um tíföldun að ræða og ljóst er, að innflutningur erlends fjármagns í stórum stíl sem hér er um að ræða á þeim tíma, sem boginn er svo hátt spenntur sem raun ber vitni um, er ekki til neins annars fallinn en að auka á dýrtíðina og verðbólguna í landinu. Það er einnig vert að benda á það, að slíkar erlendar lántökur í slíku góðæri, sem við nú lifum við, spilla fyrir möguleikum okkar og skilyrðum í framtíðinni og á næstu árum til þess að taka erlend lán til stórframkvæmda, sem eðlilegt er að taka erlend lán til og eru mér þá efst í huga fyrirætlanir um virkjanir, eins og t. d. Sigölduvirkjun, þar sem auðvitað hlýtur að verða um erlendar lántökur að ræða, en lántökugeta okkar verður metin þeim mun minni sem greiðslubyrði erlendra lána er meiri þegar að þeirri lántöku kemur. Hér hygg ég, að um sé að ræða mjög alvarlega staðreynd, sem hæstv. ríkisstj. hefur engan veginn tekið tillit til.

Ég gat um það hér í upphafi máls míns, að ég mundi ekki fjölyrða um dagskrármálið, og gat um ástæður fyrir því. Ég vil þó áður en ég lýk máli mínu aðeins drepa á þá ábendingu hv. frsm. meiri hl. fjhn., – sem ég sé reyndar, að virðir framkvæmdaáætlun ríkisstj. ekki meira en svo, að hann er ekki viðstaddur umr., og er hann þó formaður í Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á í orði kveðnu að bera veg og vanda af áætlunargerð af þessu tagi, – að gefnu tilefni frá formanni Framkvæmdastofnunar ríkisins, því tilefni, að hann vildi, að við stjórnarandstæðingar gerðum till. um lækkun á einstaka liðum framkvæmdaáætlunarinnar, þá vil ég aðeins geta þess, að hún hefur verið rétt rúma viku, þegar allt er talið með, til meðferðar hér á hv. Alþ. í báðum d. og nú í ár hafa ekki fylgt nein drög að þeirri framkvæmdaáætlun með frv. til fjárl., eins og verið hefur á undanförnum þingum. Þegar af þeirri ástæðu er algjörlega útilokað fyrir stjórnarandstöðuna að gera nokkrar brtt. Það er einnig mjög hæpið, að það sé hlutverk stjórnarandstöðunnar sem slíkrar að gera einstakar brtt. Hún hlýtur í málflutningi sínum og gagnrýni fyrst og fremst að benda á þann heildarramma og meginstefnu, sem að hennar áliti eigi að fylgja í gerð framkvæmdaáætlunar, og ég hygg, að það hafi verið gert með þeirri gagnrýni, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. flutti á þessa framkvæmdaáætlun við 1. umr. í d. og málflutningi okkar sjálfstæðismanna í Nd. Hann vill, að það komi skýrt fram, í hverju við teljum, að stefnumörkun framkvæmdaáætlunarinnar eigi að vera fólgin.

Nefnilega þeirri stefnumörkun, að ekki sé gert ráð fyrir meiri ráðstöfun þjóðartekna en vöxtur þeirra á hverjum tíma gefur tilefni til og sízt af öllu ber að gera það á tímum, þegar ofspenna er í efnahagslífinu og vinnuaflsskortur.

Ég hlýt svo áður en ég lýk máli mínu að vekja enn á ný athygli á því, að þótt Framkvæmdastofnun ríkisins hafi að vísu að því er þingkjörna stjórn Framkvæmdastofnunar snertir ekki fjallað um þetta mál eða framkvæmdaáætlunina sem slíka nema í einni sjónhendingu, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gat um hér í ræðu sinni við 1. umr. málsins, þá má vænta þess, að kommissararnir hafi verið með fingurna í spilinu eða í það minnsta, að stjórnarsinnar í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hafi fylgzt einkar vel með málinu. Það er eins og þessir menn, stjórnarsinnarnir í stjórn Framkvæmdastofnunar, fyrirverði sig fyrir málið, því að ég tek eftir því, eins og ég gat um áðan, að hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, og hv. 1. þm. Vestf., varaformaður Framkvæmdastofnunarinnar, Steingrímur Hermannsson, hafa lítið látið sjá sig við umr. um þetta mál í d., en látið hæstv. fjmrh. um það að hlýða á þessar umr. og bera ábyrgð á þeim vanskapnaði, sem hér er um að ræða, og svo sterkt tek ég til orða, þar sem af völdum þessarar framkvæmdaáætlunar mun leiða skaða yfir efnahagslíf þjóðarinnar, eins og á daginn mun koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 903).

---

54. Erfðafjárskattur.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt. Með l. nr. 12 frá 30. jan. 1952 var svo kveðið á, að erfðafjárskattur skyldi renna í sérstakan sjóð, sem nefndist erfðafjársjóður. Í 2. gr. þeirra laga, sbr. líka lög nr. 36 frá 10. maí 1965, segir svo:

„Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja ekki fram úr ⅓ af stofnkostnaði vinnuheimilis, eða vinnustofu og vinnutækja. – [Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.]“

Hlutverk erfðafjársjóðs er í raun og veru að endurhæfa það fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki séð sér farborða með eigin vinnu, eða skapa aðstöðu fyrir það til þess, að það geti starfað að nytsamlegum verkefnum. Tilgangurinn er þannig tvíþættur. Annars vegar bættur þjóðarhagur með aukinni sköpun verðmæta, sem fást við betri nýtingu vinnuafls, og hins vegar aðstoð við þá, sem sökum bæklunar eða af öðrum ástæðum geta lítið eða ekkert aðhafzt og verða þannig vonlausir og vansælir og finna engan tilgang með tilveru sinni. Markmiðið er að útvega slíku fólki verkefni við sitt hæfi, svo að það geti lifað hamingjusömu lífi.

Með l. nr. 27 frá 27. apríl 1970 voru svo sett lög um endurhæfingu. Í lögunum um endurhæfingu er gert ráð fyrir áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem bezt kröfum tímans. Þessi áætlun skal gerð fyrir árin 1972–1982. Með áætlun þessari skal stefnt að sem beztri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu. Í sambandi við áætlunargerðina skal endurhæfingarráð hlutast til um, að verksvið hinna ýmsu stofnana verði samræmt og skipulagt, svo að rekstur þeirra verði eins hagkvæmur og kostur er á. Endurhæfingarráðið hefur sem sé aðeins starfað skamman tíma eða frá því að lögin voru sett á árinu 1970.

Í lögum um endurhæfingu segir enn fremur, að til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skuli veita fé úr erfðafjársjóði, eftir því sem fé er fyrir hendi, svo sem hér greinir: a) styrk, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar, b) lán, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Þ. e. a. s. lán og styrk, ⅔ stofnkostnaðar. Lánið skal vera til 15 ára með 5% ársvöxtum, tryggt með 2. veðrétti í endurhæfingarstöðinni, næst á eftir 1. veðréttarláni, sem má nema allt að 20% af stofnkostnaðinum. Þar að auki er í þessum lögum gert ráð fyrir styrk úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja. Slíkur styrkur má nema allt að 40% af stofnkostnaði vinnustöðvanna. Loks er svo heimilt að veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja til íbúðabygginga slíkra sem Öryrkjabandalag Íslands er nú að koma upp, en þar er um að ræða byggingu ca. 250 leiguíbúða fyrir öryrkja. Í þessu skyni má veita lán úr erfðafjársjóði, sem nemur allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, og styrk,

sem nemur sömu upphæð, eða m. ö. o. lán og styrk, sem nemur allt að helmingi kostnaðar.

Af framansögðu er ljóst, að það er brýn þörf á því að auka mjög verulega tekjur erfðafjársjóðsins, ef hann á að geta risið undir sínu margþætta og viðamikla hlutverki, sem er afmarkað og honum ætlað samkv. gildandi lögum. Lög um erfðafjárskatt eru frá árinu 1921, 50 ára gömul, og eru því af skiljanlegum ástæðum úrelt í ýmsum efnum, t. d. eru þar allar fjárupphæðir, sem nefndar eru, út úr öllu korti og skattþrepin á milli þessara lágu upphæða, sem þar eru nefndar, aðeins 1000 kr. Í stighækkun skattsins samkv. lögunum er ¼% við hvert þrep í 1. erfð, ½% við hvert þrep í 2. erfð og um 1% við hvert þrep í 3. erfð. Sú breyting, sem felst í frv., er fólgin í stækkun og fækkun skattþrepanna. Þannig er lagt til, að hvert skattþrep verði nú 200 þús. kr. og að fullri hækkun verði náð, þegar arfur fer yfir 1 millj. kr. Hámarksskattur er eftir frv. sá hinn sami og er eftir gildandi lögum, og þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir 1., 2. og 3. erfð.

Í 1. erfð samkv. frv. er erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og þriðjungshluti, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra. Í 2. erfð er erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir 1. erfð. Í 3. erfð er fé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir 1. og 2. erfð.

Efnahagsstofnunin hefur athugað fyrir rn., hverju álagður erfðafjárskattur nemur miðað við skipt bú á árinu 1969 utan Reykjavíkur og á árinu 1970, að því er varðar Reykjavík. Athugunin sýnir, að skatturinn nemur miðað við þetta 10.1 millj. kr. Samkv. áætlun Efnahagsstofnunarinnar má gera ráð fyrir, að tekjur erfðafjársjóðs aukist allverulega við lögfestingu þessa frv. eða í ca. 36.1 millj. kr. á ári. Ástæðan fyrir þessari hækkun þrátt fyrir lækkun skattsins liggur í hinu nýja fasteignamati, sem öðlast gildi um þessi áramót. Fasteignir hækka mjög verulega miðað við hið nýja mat eða 15–20 faldast, og þegar arfur er fólginn í fasteign, hækkar skatturinn, þar eð matið er lagt til grundvallar á útreikningi skattsins.

Í fskj. nr. 2 með frv. eru nokkur dæmi um álagningu skattsins miðað við núgildandi og nýtt fasteignamat. Dæmin fjalla um arf til maka og tveggja barna, um arf til þriggja barna og um arf til þriggja systkina. Af þessu fskj. má sjá þær breytingar, sem hið nýja fasteignamat mun hafa í för með sér varðandi þennan erfðafjárskatt.

Ég vil að lokum árétta, að hin brýna þörf fyrir auknar tekjur til erfðafjársjóðs yrði að verulegu leyti leyst, ef þetta frv. verður að lögum. Og með tilliti til þeirra raka, sem ég hef áður gert grein fyrir um fjölþætt og viðamikið verkefni erfðafjársjóðs, þá treysti ég því, að hv. þd. fallist á það að samþykkja þessar breytingar á lögunum um erfðafjárskatt og erfðafjársjóð.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Á 59., 61., 62., 63. og 65. fundi í Nd., 12., 14., 17., 19. og 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 10, n. 518 og 542, 543, 544).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Frv. til l. um breyting á l. nr. 30 frá 27. júní 1921 um erfðafjárskatt hefur legið nokkuð lengi fyrir til afgreiðslu hjá heilbr.- og félmn., og hefur þetta mál dregizt nokkuð af ýmsum ástæðum. N. fjallaði um þetta á nokkrum fundum og umsagnir um þetta mál bárust frá Dómarafélagi Íslands, Hús- og landeigendasambandi Íslands og lagadeild Háskóla Íslands. Ekki tókst n. að fá samstöðu um þetta mál, og hún klofnaði, og mæli ég fyrir munn meiri hl. n.

Meiri hl. n. flytur á þskj. 518 brtt. við frv. Þessar brtt. eru fremur til skýringarauka, en í þeim felast ekki meiri háttar efnisbreytingar. Við 2. gr. frv., staflið D, hefur meiri hl. n. talið rétt að fá örlítið skýrari merkingu varðandi þá aðila, sem eiga að greiða 10% af erfðafé, þannig að í stað þess, sem segir í frv., að af erfðafé, sem fari til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana eða annars slíks, skal greiða 10%. Okkur þótti orðalagið „annars slíks“ eilítið ankannalegt, þannig að við höfum gefið þessu merkingarlega festu eða a. m. k. meiri festu með því að orða þetta á þessa lund: „Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.“ Þetta er í raun og veru engin breyting á framkvæmd, því að hér mun vera átt við líknar- og menningarstofnanir. Af sams konar skýringartagi er önnur breyting frá meiri hl. n., þar sem skotið er inn orðunum „öðrum en fasteignum“ í upphafi 6. gr. En í frv. segir svo: „Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skal“ o. s. frv. Þarna þótti rétt að skjóta inn „öðrum en fasteignum“, því að mat á fasteignum fer að sjálfsögðu eftir fasteignamati, svo að þetta er eingöngu orð til fyllingarauka. Þriðju breytinguna leiðir náttúrlega af sjálfu sér.

Lög um erfðafjárskatt munu vera hálfrar aldar gömul og einu ári betur. Þær breytingar, sem hér er um að ræða á þessum gömlu lögum, varða nær eingöngu skattstigann og skattþrepin, og aðaltilefni frv. er að sjálfsögðu hið nýja fasteignamat, sem tók gildi frá síðustu áramótum. Í umsögn frá lagadeild Háskólans er bent á, að æskilegt væri að framkvæma heildarendurskoðun á þessum lögum, og ég hygg, að n. öll geti tekið undir það.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um brtt. minni hl. n. Þessar till. frá minni hl. varða að verulegu leyti skattstigann, skattþrepin. Og slíkur skoðanaágreiningur stafar að verulegu leyti af því, að hér kemur til grundvallarmunur á pólitísku viðhorfi. Þetta pólitíska viðhorf minni hl. kemur fram á þskj. 542, þar sem raktar eru nokkrar þær ástæður, sem eiga að styðja það rökum, að erfðafjárskattur skuli vera sem minnstur. Í stuttu máli vil ég nú segja, að þetta nál. er svona einhvers konar evangelíum eignarréttarins eða hósíanna eignarréttarins, ef menn vilja orða það þannig, og ég skal nú ekki fara að ræða þetta sérstaklega, því að hér er komið inn á grundvallaratriði í stjórnmálum og lífsviðhorfum, þ. e. eignarréttinn, og hvernig hann skuli

túlkaður og metinn í nútímaþjóðfélagi. En ég get þó ekki stillt mig um að benda á, að hér kemur fram í nál. atriði, sem ég tel, að ekki sé unnt að fallast á. T. d. segir svo:

„Hár erfðafjárskattur er til þess fallinn að draga úr áhuga manna til eignamyndunar. Fáir unna ríkissjóði svo mjög, að þeir vilji slíta sér út til þess eins, að ríkissjóður eignist þeim mun meira að lokinni vist þeirra hérna megin grafar."

Það er einhver þóesía í þessu. Menn tala yfirleitt svona um andleg verðmæti, en nú eru hin eignarréttarlegu verðmæti meginatriði hérna megin grafar. Enn fremur segir: „Erfðafjárskattur er eitt af tækjunum til að jafna allt út í meðalmennsku." Nú er sannleikurinn sá, eins og allir vita, að erfðafjárskattur er nauðsynlegur til þess að geta haldið uppi umbótastarfi í þjóðfélaginu, og má minna á t. d. England, þar sem alveg fram á þessa öld var ríkjandi eins konar lénsaðall. Einstakir menn áttu miklar lendur og svo safnaðist múgurinn og öreigalýðurinn í stórborgirnar. Ef ekki kæmi til stórkostlegur erfðafjárskattur í Englandi, þá væri ekki unnt að gera neinar verulegar þjóðfélagsbreytingar eða vinna umbótastarf. Meginvandamál t. d. í Suður-Ameríkuríkjunum, svo að ég fari nú svo langt, er, að það eru yfirleitt örfáir menn, sem eiga lönd og búslóð, búpening, og þar er erfitt að koma við þjóðfélagsumbótum, af því að eignarrétturinn hefur safnazt á allt of fárra manna hendur. Mig langar aðeins í þessu sambandi að víkja að því, að það er vaxandi skilningur á því, að sumir menn auðgast ekki kannske eingöngu af eigin dugnaði heldur líka af hreinum félagslegum ástæðum, ekki sízt í þenslu- og verðbólguþjóðfélagi eins og á Íslandi, þar sem menn geta t. d. keypt móa og mela rétt utan við kauptún, átt það í nokkur ár og svo selt á margar millj. án þess að greiða eyri til ríkisins; engin verðmætaaukning hefur verið lögð fram að þessu leyti. Þannig vil ég minna á, að ýmsar hallir hér, kaupsýsluhallir við Suðurlandsbraut voru afhentar einstaklingum og fyrirtækjum, án þess að gatnagerðargjald væri greitt. Þessi aðstaða gefur þessum einstaklingum og hlutafélögum í aðra hönd margar millj., ef til sölu kæmi. Þetta er auðvitað arður eða fé, sem einstaklingarnir hafa komizt yfir af hreinum félagslegum orsökum, og er ekkert annað eðlilegra en þessir hinir sömu láti eitthvað, þegar frá þessu er horfið. Og ég vil líka halda áfram þeirri hugsun, að einmitt verðbólga knýr á um háan erfðafjárskatt. Og það er ekki hægt að mynda, reka velferðarþjóðfélag nema þar komi til hár erfðafjárskattur. En hitt vil ég svo benda á, að þessi erfðafjárskattur, sem hér er um að ræða samkv. frv., er óvenju lítill. Sannleikurinn er sá, að ég hygg, að það megi fullyrða, að hvergi í nálægum löndum muni vera eins lágur erfðafjárskattur og gert er ráð fyrir í þessu frv., þannig að allt tal um, að hér sé stefnt ofan í meðalmennsku eða hér sé einstaklingum með erfðafjárskatti gert erfitt um að halda saman fyrirtækjum, það á ekki við rök að styðjast.

Ég ætla ekki að fjalla um þetta meira, því að það er ástæðulaust. En ég hygg, að öll n. geti orðið sammála um það að æskja þess, að það dragist nú ekki hálfa öld að endurskoða erfðafjárskattslögin og þá megi fljótlega taka þau upp til heildarathugunar.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Í hv. heilbr.- og félmn. náðist ekki samstaða um frv. það, sem hér er til 2. umr., um breyt. á l. um erfðafjárskatt. Við fulltrúar Sjálfstfl. í n. höfum því skilað sérstöku nál. á þskj. 542 og flytjum brtt. á þskj. 543. Áður en ég vík að brtt. og frv. yfirleitt, þá vil ég fara nokkrum almennum orðum um erfðafjárskatt.

Segja má, að erfitt sé að ræða um erfðafjárskatt, án þess að athuga nokkuð spurninguna um það, hvort yfirleitt sé réttmætt, að fjármunir gangi í arf. Það er þó ljóst, að þær umr. eiga vart heima hér nú og verður því aðeins tæpt á þessu efni. Það er háð þeim efnahagslegu aðstæðum, sem menn búa við, hvort eðlilegt er talið, að fjármunir erfist frá einni kynslóð til annarrar. Í dreifbýli eða landbúnaðarhéruðum, þar sem ein kynslóð tekur hægt og hægt við af annarri eftir því sem fyrri kynslóð eldist, þá hljóta erfðir að teljast sjálfsagðar og sanngjarnar. Á ættaróðali, þar sem litið er á eignarrétt heimilisföður nánast sem formsatriði meðan raunin er sú, að fjölskyldan öll býr og vinnur á jörðinni, þá gerist í sjálfu sér ekkert sérstakt í efnahagslegu tilliti, þegar eigandinn eða heimilisfaðirinn andast. Vinnan heldur áfram sem áður. Hin nýja kynslóð finnur ekki, að hún sé komin í nokkra betri stöðu en áður. Í slíku tilfelli sýnist erfðafjárskattur óréttlátur, því að í sjálfu sér hefur engin ný eignamyndun átt sér stað hjá þeim, sem erfir. Það kann svo að vera, að í raun hafi hann tekið allar ákvarðanir viðvíkjandi eigninni í mörg ár áður. Nokkuð annað er uppi á teningnum í nútíma borgarþjóðfélagi, einkum þegar það, sem fellur í arf, er svo kallað „passívt kapítal". Sá, sem hlýtur arfinn, er hér í raun betur settur en hann var áður, þar sem um er að ræða aukningu fjármuna, sem erfingi hefur ekki haft mikið fyrir að vinna fyrir og hefur ekki haft kannske nein afskipti af áður. Og með hliðsjón af því er ekki óeðlilegt, að sú eignaaukning verði skattlögð að einhverju marki.

Í nútímaþjóðfélagi koma svo fram hugleiðingar um það, hvort arfur sé ekki óeðlilegur yfirleitt og leggja eigi því á þunga erfðafjárskatta. Skoðanamyndun í þessa átt að takmarka verulega þann hlut, sem fellur í arf, hefur að nokkru átt sér stað vegna þeirrar „demókratíseringar", sem pólitískt og efnahagslega hefur átt sér stað í hinum ýmsu þjóðfélögum. Hugsunin um það, að allir eigi að hefja sitt lífshlaup jafnir, helzt eignalausir. Háir erfðafjárskattar eru ein leiðin og e. t. v. hin áhrifaríkasta til þess að ná þessu marki. Sem málamiðlun milli þeirra aðila, sem vilja, að arfur sé ekki viðurkenndur, og þeirra, sem vilja vernda erfðaréttinn, hafa menn hallazt að erfðafjárskatti sem heppilegri lausn. Ríkið verður þá á sinn hátt meðerfingi. Rökin fyrir erfðafjárskatti fyrir utan það, sem nefnt hefur verið, hljóta að vera þau, hverja möguleika erfingi hefur til þess að greiða skattinn. Það er hinn auðfengni hagnaður, sem menn vilja skattleggja. En samtímis verða menn að gera sér ljóst, að möguleikinn til þess að greiða skattinn er mjög mismunandi eftir innbyrðis sambandi milli arfláta og erfingja.

Þar sem sonur erfir bújörð eftir föður, kann að reynast erfitt að greiða skattinn. Við slíkan arf losnar ekkert reiðufé úr læðingi, eins og ég sagði hér áðan. Auk þess kunna að vera aðrir erfingjar, sem þurfa að fá sitt. En nokkuð annað er, þegar skatturinn á að greiðast af

fjármunum, sem erfinginn hefur ekkert haft af að segja áður. Erfinginn verður þá betur settur og því í sjálfu sér ekki í neinum vandræðum með að greiða skattinn. Ef við föllumst á þessi rök, þ. e. að erfðafjárskattur verði lagður á eftir hæfi manna til að greiða hann, þá hljótum við að hafna í þeirri reglu, að skatturinn fari eftir stærð erfðahlutans. Og það er hæfi viðtakandans eða erfingjans, sem við leggjum mælistiku á. Fyrir hann skiptir það öllu máli, hver hlutur hans verður. Ef skatturinn væri hins vegar ákveðinn eftir þeirri heild, sem erfist, þ. e. til margra erfingja, þá færi matið eftir hæfi þess látna til þess að greiða skattinn, en slíkt hljómar nokkuð undarlega, enda hefur þeirri reglu yfirleitt verið hafnað. Reglan um hæfnina til að greiða skattinn leiðir eftir almennum skilningi til þess, að stighækkun skattsins eftir stærð erfðahlutans hefur verið tekin upp. Sú spurning vaknar, hvort ekki væri raunhæfara að meta skattinn eftir þeirri aukningu á heildareignum erfingjans, sem verður vegna arfsins, fremur en meta hann eftir erfðahlutanum einum. Segja má, að arfur, sem fellur í hlut þess, sem á fyrir miklar eignir, geri honum léttara að greiða skatta yfirleitt, léttara en þeim, sem engar eða litlar eignir á fyrir. Því mætti hugsa sér, að erfðafjárskattur yrði ekki aðeins metinn eða ákveðinn eftir stærð erfðahluta heldur einnig eftir eignum þeim, sem erfingi á fyrir, þegar arfurinn fellur. Hin venjulega regla í löggjöf flestra þjóða er hins vegar sú, að það er látið duga, að erfðafjárskattur sé stighækkandi eftir stærð arfsins.

Þetta, sem ég hef hér sagt, eru hugleiðingar um það, hver rök megi færa fram fyrir réttmæti erfðafjárskatta. Það eru hins vegar engin rök fyrir réttmæti erfðafjárskatts, að því fé, sem þannig kemur í ríkissjóð eða erfðafjársjóð, sé varið til hinna gagnlegustu málaflokka eins og t. d. til þess að byggja endurhæfingarstöðvar. Slíkum rökum hafna ég algerlega. En hversu háir eiga þá erfðafjárskattar að vera? Þar getur menn greint á, og sú hefur orðið raunin hér.

Ein röksemdin fyrir því, að erfðafjárskattar skuli vera hóflegir, er sú, að þá muni ekki dregið úr áhuga manna á því að spara, en óhófleg skattlagning á sparnað er í grundvallaratriðum röng. Þessi röksemd byggir á því, að sparnaður manna eigi sér m. a. stað vegna þeirrar löngunar að láta eftirkomendum sínum eitthvað eftir. Auðvitað á sparnaðarlöngun manna sér ýmsar aðrar forsendur, og það er heldur ekki hægt að fullyrða, að menn hætti að spara, þótt ein forsenda fyrir þeirri ákvörðun falli brott. Sá, sem sparar til þess að auka atvinnurekstur sinn, fær samtímis fullnægt þeim óskum sínum að geta leyst vissar þarfir eftirkomenda sinna. En þótt það síðara geti ekki orðið, t. d. vegna þess að niðjar hans deyi á undan, þá má vel hugsa sér, að hann spari samt til þess að auka rekstur sinn. Þá er það einnig fært fram gegn háum erfðafjársköttum, að þeir hafi skaðleg áhrif á efnahagslífið. Menn hafa áhyggjur af því, að hækkaðir erfðafjárskattar geri erfingjum erfiðara fyrir að taka við bújörðum, eins og ég hef nefnt, geri syni ómögulegt að taka við rekstri fyrirtækis að föður látnum o. s. frv. Þetta eru staðreyndir, en þeir, sem eru fylgjandi hækkun erfðafjárskatta, vilja einmitt hindra, að slíkt framhald á rekstri eigi sér stað. Þeir telja það hlutverk hins opinbera að sjá svo um, að allir hafi jafna möguleika í byrjun síns starfsferils. Það fyrirtæki eða bújörð, sem barn fær ekki haldið fyrir háum erfðafjárskatti, verður þá selt í annarra hendur. Þetta er einmitt sú lausn, sem þeir óska, sem eru á móti erfðarétti.

Ég ætla ekki að hafa þessar hugleiðingar öllu lengri um það, sem liggur til grundvallar álagningu erfðafjárskatts, þótt margt mætti hér vissulega segja fleira. Ég ætla því ekki að ræða hér, hvers vegna við höfum hafnað í þeirri reglu að hafa erfðirnar þrjár og miða skattþrepin annars vegar við þessa erfðaflokka og hins vegar við stærð erfðahlutans. Þessi regla hefur gilt hér, og það er gert ráð fyrir, að hún gildi áfram. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga. Okkar löggjöf er að þessu leyti líkust því, sem nú gildir í Danmörku. Segja má, að það sé höfuðregla í þeim löndum, þar sem eignarskattar eru notaðir, að þar séu erfðafjárskattar hóflegir. Þetta á t. d. við um Danmörku, Þýzkaland og Noreg. Aftur á móti eru erfðafjárskattar mjög háir í Englandi. Þar er bæði miðað við stærð erfðahlutans og alls þess, sem arfláti lætur eftir sig. En í Englandi þekkjast hins vegar ekki eignarskattar. Þar þekkjast fasteignaskattar, og þeir eru mjög svipaðir því sem þeir eru nú hér hjá okkur. En eiginlegir eignarskattar þekkjast ekki þar.

Ég sný mér þá að því að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. 12. þm. Reykv. á þskj. 543. Ég tek undir það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði hér áðan, að það kemur fram grundvallarmunur, pólitískur munur á þessum till. okkar og frv. En þá er það komið fram, að rökin fyrir hækkun erfðafjárskatta, sem færð eru fram með frv., eru ekkert aðalatriði. Þar eru aðalrökin þau, að erfðafjársjóð þurfi að efla til þess að hann geti staðið betur undir sínu hlutverki, en hér er það komið frá hv. 3. landsk. þm., að þetta er þeirra pólitíska mat, að erfðafjárskattar skuli vera hærri heldur en þeir hafa verið.

Við 1. gr. gildandi laga gerum við till. um þá breytingu, að eftirlifandi maki greiði ekki erfðafjárskatt af erfðahluta sínum. Það er því ekki rétt hjá hv. 3. landsk. þm., að þetta sé ekki efnisbreyting. Þetta er grundvallarbreyting frá því, sem verið hefur. Í fyrsta lagi eru þau rök fyrir þessari till., að það verður að teljast í fyllsta máta óréttlátt, að eftirlifandi maki skuli þurfa að greiða sérstakan skatt af eignum, sem hjónin hafa í sameiningu aflað á lífsleiðinni. Nóg er áfallið að missa maka sinn, þótt skattheimtan komi þar ekki til. Í öðru lagi er hér um hreina tvísköttun að ræða, en af slíku höfum við nóg í ýmsum ákvæðum skattalaga. Ef eftirlifandi maki þarf að skipta búinu til þess að niðjar fái sinn erfðahlut, þá greiðir hann skattinn af ⅓ úr hluta hins látna. Þegar svo hinn langlífari fellur frá, greiða niðjarnir aftur skattinn af sama hluta. Satt að segja þykir mér alveg furðulegt, að þessi regla skuli hafa verið í lögum allt frá árinu 1921. Raunar hafði hv. heilbr.- og félmn. fallizt á þessa till. En síðan var kippt í spottann, ég veit ekki af hverjum, kallaður saman fundur á ný, samþykkt gerð þannig, að frv. var fært í sitt upprunalega horf.

Við 2. gr. gerum við till. um önnur skattþrep og aðrar prósentur í hverju skattþrepi og þær eru þessar, að af fyrstu 500 þús. kr., sem falla í arf, greiðist 3%, af næstu 500 þús. 4%, af þar næstu 5%, af þar næstu 6% og því, sem þar er yfir, 7%. Við 2. erfð gerum við einnig brtt. og miðum skattþrepin við 500 þús. kr. mörk og erum með aðrar prósentur, 6% af fyrstu 500 þús., 8% af næstu, 10%

af þar næstu, síðan 12 og loks 14% af því, sem þar er fram yfir. Við 3. erfð erum við með sömu skattþrepin, 500 þús. kr., 15% af fyrstu 500 þús., þá 20, 25, 30 og hæst fari það í 35%, þegar komið er yfir 2 millj.

Við 3. gr. gerum við brtt. í samræmi við brtt. við 1. gr. laganna, þ. e. að undanþeginn skatti verði erfðahluti erfirlifandi maka.

Við 6. gr. gerum við þá till., að við síðasta málslið bætist orðin „að frádregnum áhvílandi skuldum". Þetta kann að vera óþarft, en þetta er gert til þess að taka af öll tvímæli um, að skatturinn reiknist af nettóeign. Málsliðurinn verður þá: Fasteignir skal telja á fasteignamati að frádregnum áhvílandi skuldum.

Þá vil ég geta þess, að ég mæli með samþykkt brtt. á þskj. 544, sem flutt er af hv. 10. þm. Reykv.

Ég skal svo aðeins nefna dæmi um skattinn, eins og hann yrði samkv. þeim brtt., sem ég hef hér gert grein fyrir, og bera það saman við dæmin, sem nefnd eru í fskj. II með frv. Arfurinn er íbúð, nýtt fasteignamat 1 millj. 50 þús. kr., eins og er í dæminu á fskj. II. Arfurinn fellur til eftirlifandi maka og tveggja barna. Þá yrði hrein eign til skipta 350 þús. kr. í staðinn fyrir 525 þús., þar sem niður er fallinn skattur eftirlifandi maka. Hlutur einstakra erfingja er hinn sami, 175 þús. kr. og skattur á hlut 5250 kr. í staðinn fyrir 8750 og skattur samtals 10500 í stað 26250.

Í öðru lagi, arfurinn fellur til þriggja barna. Þá er hlutur einstakra erfingja sá sami, 350 þús. kr., skattur á hlut 10500 kr. í stað 19000 og skattur samtals 31500 í stað 57 þús.

Í þriðja lagi, ef arfur fellur til þriggja systkina. Hlutur einstakra erfingja er hinn sami, 350 þús., skattur á hlut 21 þús. kr. í stað 55500 og skattur samtals 63 þús. kr. í stað 166500. Ég hef ekki lagt vinnu í það að áætla, hverjar tekjur erfðafjársjóðs kunna að verða miðað við þessar brtt., enda skiptir það engu máli. Eins og ég hef áður sagt, hafna ég þeirri röksemd, að erfðafjárskatt þurfi að hækka til þess að erfðafjársjóður geti betur gegnt hlutverki sínu, sem er að kosta að nokkru byggingu endurhæfingastöðva. Til þeirra mála þarf að veita það fé, sem þarf, og þörfin er vafalaust mikil. Og við heitum stuðningi okkar í því máli. En markaður tekjustofn sem þessi er alls ekki hafinn yfir alla gagnrýni, og menn hafa frekar verið að hverfa frá slíkri skipan mála, þ. á m. núv. hæstv. ríkisstj. Því er rétt að hreyfa því hér í umr., hvort ekki væri skynsamlegra að leggja erfðafjársjóð niður sem slíkan, en erfðafjárskattur rynni þá í ríkissjóð. Ríkissjóður mundi síðan fjármagna byggingu endurhæfingarstöðva eins og aðra þætti heilbrigðis- og félagsmála. Um þetta er þó ekki gerð till. núna, enda er þegar gengið frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Ég fer nú að stytta mál mitt, herra forseti. Mönnum kann að sýnast, að hér sé ekki neitt stórmál á ferðinni, þar sem áætluð upphæð erfðafjárskatts samkv. frv. er 36.1 millj. kr. Það þykir mönnum víst ekki há upphæð í dag miðað við þær þúsundir milljóna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að innheimta af þegnum þessa lands á þessu ári. En mér sýnist kominn tími til að staldra við og reynt verði að stöðva þessa gegndarlausu skattheimtu auk þess sem í þessu tilfelli er gengið gegn grundvallarhugsun meiri hluta þjóðarinnar. Það fullyrði ég. Það er, að einstaklingurinn megi ráðstafa eignum sínum eins og hann vill, án þess að ríkið hirði bróðurpartinn af þeim eignum úr hendi viðtakanda eða erfingja.

Hv. 3. landsk. þm. fann hér þósíu áðan í okkar nál. Má ég kannske að lokum koma með aðeins meiri þósíu. Tómas segir í kvæði sínu Hótel Jörð: „Því alls, sem lífið lánaði, dauðinn krefst." Það lán þurfa allir að greiða. En ríkið á hins vegar ekkert inni hjá okkur, þegar við hverfum héðan. Við höfum þegar greitt skatta af tekjum okkar, þ. á m. þeim tekjum, sem farið hafa til eignamyndunar. Því er raunverulega ekkert að greiða til ríkisins af því, sem niðjar okkar og venzlamenn hljóta að okkur horfnum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 1. brtt. meiri hl. hv. n., og sýnist mér vera full nauðsyn á því, þótt ekki væri til annars en að kveða nánar en gert er í brtt. n. á um þá aðila, sem þarna er getið um. Það er í till. meiri hl. n. getið um gjafasjóði, en engin frekari skilgreining á því. Virðist mörgum, að vel geti komið til mála, að ef þessi brtt. yrði samþ. svona óbreytt, þá sé komin opin heimild fyrir hina og þessa aðila til þess að setja á stofn hina og þessa gjafasjóði, sem hægt væri svo að ráðstafa fé til. Mér finnst rétt, að þarna komi frekari skilgreining á, þarna sé um að ræða gjafasjóði, sem hafi fengið staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá sinni.

Þá er eitt atriði í þessari brtt. hv. meiri hl. n. Þar er talað um félög og engin nánari skilgreining á því. Þarna virðist sem sagt geta verið um að ræða bridgefélög, hestamannafélög, íþróttafélög, ferðafélög og sitthvað fleira. Það má segja, að öll séu þessi félög góðra gjalda verð og sjálfsagt mikil umbótafélög og má vera, að meiri hl. n. stefni að því, að slíkur félagsskapur geti notið þessara ákvæða. Ég legg hins vegar til, að þetta orðist á þann veg, að það séu félög og stofnanir, sem vinna að líknar- og menningarmálum. Enn fremur legg ég til, að prósentutalan lækki úr 10 í 7%.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vil minnast á. Það fyrra varðar brtt. hv. 10. þm. Reykv. á þskj. 544. Hann lét orð að því liggja, að orðið „félag" í þeirri gr. mætti túlka sem hestamannafélag eða bridgefélag o. s. frv. Ég hugsa, að það hafi nú aldrei verið ætlunin né heldur verið þannig í framkvæmd. Um þessa brtt. er það að segja, að hún þrengir nokkuð merkinguna með orðunum: „sem fengið hafa staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá." Þetta er víðara í frv. og þá í þeirri breytingu, sem kemur frá meiri hl. n. Ég vil benda á, að rn., félmrn. er með dálítið rúmu orðalagi gefið svigrúm til að túlka þetta á sinn hátt, en binda það þó við mannúðar- og líknarsjónarmið. Það er grundvallaratriðið í þessu, þ. e. að eingöngu félög eða stofnanir, sem vinna að mannúðar- eða líknarmálum, njóta þessara hlunninda, sem skýrt er frá í þessari gr. Og ég hygg nú satt að segja, að það geti verið hagkvæmt fyrir rn. að geta haft dálítið svigrúm til þess að veita slíkum stofnunum þau hlunnindi, sem hér um ræðir, og að þetta sé ekki of bókstaflega orðað, þannig að ég tel rétt að halda því orðalagi, sem gert er ráð fyrir hjá meiri hl. n.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, var varðandi þá hugmynd minni hl., að eftirlifandi maki þurfi ekki að greiða erfðafjárskatt, m. ö. o. að eftirlifandi maki skuli

ekki teljast erfingi að eigum látins maka. (Gripið fram í.) Já, skuldlaus erfingi. Það er alveg rétt hjá hv. 11. landsk. þm., að um þetta var rætt mikið í n. og þetta kemur vissulega til álita. Ég hefði talið eðlilegt að hafa ákvæði um það, að arfahlutinn væri ekki umfram ákveðna eign, þannig að ef um óverulega eign sé að ræða, þá mætti sýna þarna einhvers konar linun. Hins vegar tel ég enga ástæðu til þess að gera það, ef þarna er um verulega fjármuni að ræða. En vafalaust mun þetta atriði ásamt öðrum koma mjög til álita síðar meir við næstu endurskoðun laganna.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég var nú farinn að óttast það, að þetta mál, sem var lagt fram í upphafi þings, ætlaði að verða úti á Kaldadal nefndanna, en ég fagna því, að svo verður ekki, þar sem það er komið úr n. og verður vafalaust afgreitt sem lög á þessu þingi.

Það er ekkert óeðlilegt, að það geti verið skiptar skoðanir um, að hve miklu leyti eða hvort skattleggja beri erfðafé, og eðlilega meta menn þetta pólitískt. Ég var því ekkert undrandi, þó að n. klofnaði um afgreiðslu málsins og menn greindi á um það, hve hár erfðafjárskattur ætti að vera, hve fljótt hann legðist á hinar mismunandi háu erfðafjárupphæðir og hverjir skyldu vera með öllu undanþegnir því að gjalda erfðafjárskatt. Það hefur líka sýnt sig, að n. hefur klofnað um þetta mál og er ekki um það að fást.

Ég tel það hafa verið bráðnauðsynlegt að breyta gildandi lögum um erfðafjárskatt. Lögin eru sem sé gömul, eins og hér var sagt af hv. frsm., frá 1921. Á þeim hafa að vísu verið gerðar smábreytingar síðan, en vegna hins gífurlega mismunar, sem er á verðgildi peninga nú og þá, þá voru ákvæðin um skattþrepin gersamlega orðin úrelt. Samkv. gildandi lögum er komið í hæsta skattþrep í 1. erfð við 36 þús. kr. upphæð, sem er engin upphæð í dag, og í 2. og 3. erfð er komið í hámark við 40 þús. kr. upphæð. Þetta eru óraunhæfar tölur. Nú er aftur sett hámark, og það er ekki komið í hámark fyrr en um milljónaupphæðir er að ræða. Meginatriðið er, að hámarksskattur samkv. frv. er hinn sami og samkv. gildandi lögum. Það er ekki farið yfir hámarkið, sem enn þá er í gildi. Það er staðnæmzt við það sama. Í 1. erfð er tekið 10% af erfðafénu, í 2. erfð 25% og í 3. erfð 50%. Af erfðafé til útarfa gengur sem sé helmingur til ríkisins. Svona hefur það verið og svona verður það, eftir að þetta frv. hefur verið lögfest. Hins vegar er því ekki að neita, að með tilliti til hins nýja fasteignamats verður afleiðingin af lögfestingu þessa frv. sú, að erfðafjársjóðurinn fær miklu meira fé inn, þó að þessi mörk séu óbreytt í hámarki, eins og þau hafa verið. Og það er líka að mínu áliti mjög eðlilegt, að niðurstaðan verði sú, að erfðafjársjóðurinn fái meira fé en hann hefur fengið samkv. gildandi löggjöf. Ég sé líka af nál. hv. minni hl., að um þetta hefur ekki verið ágreiningur í raun og veru, því að þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við erum samþykk því, að nauðsyn beri til, að lög nr. 27 27. apríl 1970, um endurhæfingu, nái tilgangi sínum."

Það þýðir, að þeir, sem að þessu nál. standa, hljóta að vera þeirrar skoðunar, að erfðafjársjóður megi ekki fá minni tekjur en áður, úr því að þau vilja, að hann geti gegnt hlutverki sínu. Hlutverk sjóðsins er mikið og fjárfrekt. Ég hefði þess vegna vænzt þess í framhaldi af þessu í nál., að till. hefðu orðið um það, að a. m. k. yrði eitthvað um aukningu tekna hjá sjóðnum að ræða, en ekki skerðingu. En þar brást bogalistin og till. eru allar um það að skerða tekjumöguleika erfðafjársjóðsins frá því, sem í frv. er lagt til.

Ég tel meginatriðið vera það, að við erum að gera breytingu á lögum um erfðafjárskatt með tilliti til þess að gera erfðafjársjóðinn hæfari til þess að inna hlutverk sitt af hendi. Og hvert er þá hlutverk hans? Um það virðast ekki vera skiptar skoðanir, að hann þjóni góðu markmiði. Hlutverk erfðafjársjóðsins er að endurhæfa það fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki séð sér farborða með eigin vinnu, eða skapa aðstöðu fyrir það fólk til þess, að það geti starfað að nytsamlegum verkefnum. Þetta er hlutverk bæði í þjónustu einstaklinga, sem illa eru settir í þjóðfélaginu, og þjónustu þjóðfélagsins sjálfs til þess að nýta vinnuafl þess fólks, sem án aðstoðar frá þjóðfélagsins hendi getur ekki neytt krafta sinna, andlegra eða líkamlegra. Hér á erfðafjársjóðurinn að koma til. Með lögum frá 1970 voru sett ákvæði um endurhæfingu, og ef þessi lög eiga að ná markmiði sínu, þarf að fá miklar fjárupphæðir úr erfðafjársjóði. Í lögunum var um það talað, að reynt skyldi að koma upp endurhæfingarstöðvum í samstarfi við Landsspítalann og Reykjalund. Þau mál hafa verið til athugunar hjá stjórn sjóðsins. En niðurstaða allra í endurhæfingarráði er sú, að hér verði, ef þetta eigi að ná að fullu tilgangi sínum, að setja upp sérstaka endurhæfingarstöð, sem vitað er nú þegar, að kosti margar millj. kr. Þetta er eitt af því, sem bráðnauðsynlegt er að gera undir eins á næsta ári, til þess að tilgangi erfðafjársjóðsins verði náð og hann sinni því hlutverki að koma upp endurhæfingarstöðvum. Auk þess verður svo að sjálfsögðu haft fullt samráð við Landsspítalann um alla aðstoð við þetta hlutverk.

Ég held því, að þó að mörkin um skattlagninguna séu ekki hækkuð frá því, sem nú er, þá fái sjóðurinn mikið aukið fé með þessari lagasetningu, og ég held, að sé hin fyllsta þörf á því, að Alþ. geri ráðstafanir til þess. Og þið, sem segizt vilja, að sjóðurinn nái tilgangi sínum og endurhæfingarhlutverkinu sé þjónað, hljótið held ég í framhaldi af því að staðnæmast við það, að tekjumöguleikar sjóðsins eigi að aukast við lagasetninguna.

Það er líka rökstutt í nál. minni hl., – þó að ræða hv. 11. landsk. þm. væri næstum slík, að hann væri á móti erfðafjárskatti yfirleitt, þá er hér getið um þá röksemd, – að þjóðfélagið taki í æ ríkari mæli að sér að tryggja lífsafkomu aldraða og öryrkja, og er gengið inn á þetta sem góð og gild rök fyrir því, að þá sé ekki óeðlilegt, að afgangsfé falli til ríkisins, fari í að inna þetta hlutverk af hendi, þegar fólk deyr. Ég sé ekki annað en að í nál. sé gengið inn á skattlagningu erfðafjár og færð fram gild rök fyrir réttmæti þess. Niðurstaðan er líka sú, að þau leggja ekki til í minni hl., að erfðafjárskattur sé felldur niður. Aðeins er um að ræða nokkra lækkun á gjaldstigunum. Þar sem í 1. erfð er lagt til, að hámarkið verði 10%, hjá meiri hl. n. og í frv., leggur minni hl. til, að staðnæmzt sé í 1. erfð við 7%. Þar sem í frv. er hámarkið í 2. erfð 25%, þar leggja þau í minni hl. til, að hámarkið verði 14%. Og þar sem í frv. er lagt til í 3. erfð, að hámarkið sé 50% af arfahlut, leggja þau til, að það sé

35%, þ. e. þau vilja fara svolítið vægara í sakirnar um skattlagningu erfðafjár. Um þennan skoðanamun er ekkert að segja. En ég tel, að við verðum að líta á það hlutverk, sem erfðafjársjóðsins bíður, og í framhaldi af því og í samræmi við það hljótum við að standa að till. um, að hann sé efldur, og það er gert á þann hátt, að það eru ekki hækkuð þau skattlagningarmörk, sem gilt hafa í lögum hér, 10%, 25% og 50% í 3. erfð og er þetta mjög hliðstætt, eins og hér var játað áðan í ræðu, hliðstætt því, sem er í þeim löndum, þar sem erfðafjárskattlagning er hvað hófsamlegust, og var Danmörk nefnd í því sambandi.

Ég vil vænta, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða nú þetta mál, þegar það er loksins til hennar komið, fljótt og vel og gangi frá afgreiðslu þess nú innan fárra daga.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það kom mjög greinilega fram hér í ræðu hæstv. félmrh., að hann taldi höfuðröksemdina fyrir þeim breytingum, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum um erfðafjárskatt, vera þá, að erfðafjársjóður þyrfti meira fé, vegna þess að þau verkefni, sem erfðafjársjóði er ætlað að sinna, eru fjárfrek. Þetta er alveg rétt, og þetta tökum við sérstaklega fram í okkar nál. og gerði hæstv. ráðh. það sérstaklega að umtalsefni. Ég vil byrja á því að taka fram, að ég held, að meira réttnefni á þessum sjóði væri endurhæfingarsjóður, ef menn leggja til grundvallar þá skoðun, að erfðafjársköttum beri að haga eftir því, hvaða fé þurfi til endurhæfingarmála. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að ég er anzi hrædd um, að jafnvel að samþykktum þessum brtt., sem hér liggja fyrir, verði fé þessa sjóðs ekki nægilega mikið til að sinna þeim stórmiklu verkefnum, sem eru í landi okkar á þessu sviði, sem lög um ráðstöfun erfðafjárskatts sérstaklega fjalla um. Þess vegna held ég, að það sé fallið til þess að rugla hugmyndir manna um skattlagningu á erfðafé að binda fjárhæð erfðafjárskatts við fjárþörf til endurhæfingarmála. Þetta er alveg tvennt ólíkt. Ég man eftir, að það var hugkvæmur þm. fyrir allmörgum árum, sem lét sér detta það í hug í fjárskorti okkar Íslendinga til þessara mála, að þarna væri nú kannske tilvalið að finna markaðan tekjustofn. Þetta er leið, sem hefur verið farin til þess að sinna fjárþörf á ýmsum sviðum, en eins og hv. 11. landsk. þm. tók hér fram áðan, hefur sú leið ekki reynzt affarasæl og viljað þá vinda upp á sig á ýmsum fleiri sviðum. Þykir heillavænlegra að snúa sér fremur að því, að ríkið sinni fjárþörf til slíkra mála eins og endurhæfingarmála, – sjái fyrir því fé, sem þar þarf.

Nú er að vísu talsvert fé, sem kemur í þennan margnefnda erfðafjársjóð, sem ég vildi heldur nefna endurhæfingarsjóð, en að svo miklu leyti sem það ekki hrekkur til sýnist manni einsýnt og eðlilegt, að ríkið komi til skjalanna. Ég held líka, að þessi hugsun að segja, að fé til endurhæfingarmála verði að fara eftir því, hvað er til í erfðafjársjóði, hún geti verkað sem dálítið lymskuleg aðferð til að skjóta sér undan því að veita það fé, sem nauðsynlegt er, til þessara mála. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég tel ekki beint samband á milli fjárhæðar erfðafjárskatts og þess fjár, sem nauðsynlegt er að veita til endurhæfingarmála. Þetta er tvennt ólíkt. Vitanlega er það rétt, sem hv. 3. landsk. þm. sagði hér áðan, að til þess að halda uppi velferðinni í þjóðfélaginu þurfi skatta. Eða e. t. v. var þetta misheyrn, hann sagði e. t. v.: „til þess að halda uppi velferðinni þarf erfðafjárskatta". (Gripið fram í.) Hvort það eru lifendur eða látnir, sem eru skattlagðir, það er út af fyrir sig tæknileg spurning. Mönnum sýnist nú auðveldara um innheimtu hjá lifendum. Erfðafjárskatt má kalla skattlagningu látinna, og í landi, þar sem skattar lifenda eru jafnháir og hér, þá sýnist manni eðlilegt, að sú skattlagning látinna, sem felst í erfðafjárskatti, sé þá mjög væg. Í þá átt hníga okkar brtt.

Ég vil vekja sérstaka athygli á 1. brtt. okkar, sem felst í því, að undanþeginn erfðafjárskatti skuli vera eftirlifandi maki. Mig grunar, að það ákvæði um þetta atriði, sem enn er í gildi, sé leifar þess úrelta og rangsnúna hugsunarháttar, að í hjúskapnum sé það maðurinn, sem eigi eignirnar og konan sé þar ómagi. Ef kona, sem ekki vinnur fyrir beinum tekjum, missir bónda sinn, verður hún að inna af hendi allmikinn erfðafjárskatt af þeim eignum, sem hún sjálf hefur tekið þátt í að skapa með sínu vinnuframlagi. Ef það er konan, sem fellur frá, er það mun léttari byrði fyrir manninn að snara út þessum skatti, vegna þess að hann hefur haft þá allajafna meiri tekjur til að standa undir útgjöldunum. Þar við bætist, að við teljum það þjóðfélaginu í hag, að jafnvel þótt annað hvort hjóna falli frá, þá beri að stuðla að því, að unnt sé að halda saman heimilinu, t. d. með eftirlifandi börnum, ef einhver eru. Erfðafjárskattur stuðlar ekki að því.

Ræða hv. 3. landsk. þm. einkenndist mjög af því, sem ég vil nú taka fram, að ég tel talsverðan skort á þóesíu, sem hann ræddi hér aðeins um. Það var þetta vanalega viðlag þeirra, sem aðhyllast svipaðar skoðanir og hann gerir, að enginn einstaklingur skuli eiga neitt, það sé hin mesta ógæfa, eða þá sem allra minnst. Sæluna sé helzt að finna í sem mestri forsjá ríkis. Eignirnar renni helzt allar til ríkisins og þeir útvöldu einstaklingar, sem því stjórna, rétti svo almenningi það, sem þeir telja hverju sinni viðurkvæmilegt, að verði hans hlutdeild í velferðinni. Við teljum hins vegar, að það, sem þetta þjóðfélag okkar hefur helzt hrjáð, sé ekki það, að menn eigi of miklar eignir. Það má vera, að stóreignamenn og aðalsættir mann fram af manni séu til eða hafi verið til í útlöndum. Svo hefur ekki verið á Íslandi, og ég vil segja, að ég held, að ef mönnum hefði verið kleift að safna eignum á Íslandi, þá væri þetta land jafnvel enn þá betur stætt heldur en nú er. Okkar till. miða að því að gæta þess, að fólki verði ekki refsað fyrir það að safna eignum með atorku og dugnaði í lifanda lífi, og sú hugsjón margra að koma fótum undir eftirkomendur sína verði ekki að engu gerð með því að stuðla að mikilli skattlagningu erfðafjár. Við viljum, að hún sé sem minnst, og þess vegna höfum við lagt fram þær brtt., sem nú eru hér til umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Menn geta sjálfsagt, eins og fram hefur komið hér í máli sumra, litið á þetta mál frá tvennu sjónarmiði, annars vegar má líta á þetta sem lítið mál, en hins vegar stórt mál. Ef menn líta aðeins á þá fjáröflun, sem hér er á döfinni, þá er málið ekki stórt, þar sem um er að ræða, að heildarfjáröflunin nemi 30–40 millj. kr., sem er ekki há upphæð á okkar mælikvarða nú í dag. Hitt er svo annað mál, hvernig menn líta á erfðafjárskatt sem slíkan, og það er miklu

stærra mál. Það hefur verið mjög ríkt í fari Íslendinga alveg frá fornu að bera mikla virðingu fyrir erfðum og hefur komið einnig fram í okkar löggjöf fyrr og síðar. Og það er rétt, að erfðafjárskatturinn hefur yfirleitt verið mjög lágur hér og er það vissulega, það skal ég viðurkenna. Hann er ekki hár í þeim till., sem hér eru gerðar af hæstv. ráðh. En hins vegar finnst mér, að mál eins og þetta verði að ræðast frá því sjónarmiði, að þm. geri sér efnislega grein fyrir því, hvað um er að ræða, og meti réttilega forsendur fyrir því, af hverju málið er svona, en ekki hinsegin.

Það er sjálfsagt erfitt að hafa áhrif á skoðanir þm. í þessu máli, þó að maður stígi hér í ræðustólinn. Það er við svo fáa að sakast. En því miður kemur fram í þessu mikill misskilningur, sérstaklega hjá hv. 3. landsk. þm., og skoðanir, sem ég tel nokkuð svona handahófslegar, kannske út í bláinn, e. t. v. alls ekki meintar. Því miður koma slíkar skoðanir líka fram hjá hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. leggur áherzlu á það, að erfðafjársjóðurinn, sem hv. 12. þm. Reykv. taldi réttilega, að ætti frekar að heita endurhæfingarsjóður, þurfi að fá aukið fé og þess vegna þurfi að hækka erfðafjárskattinn. Hv. 11. landsk. þm. gerði alveg ljósa grein fyrir því, að hér á milli er í raun og veru og á ekki að vera neitt samband eðli málsins samkvæmt. Það er rétt, að einum ágætum þm. hugkvæmdist það hér á sínum tíma að efla velferðarmál eins og endurhæfingarmálin með því að marka tekjur eða erfðafjárskatt. Það hefur verið misjöfnum augum á það litið fyrr og síðar, hinar einstöku og sérstöku markanir á vissum tekjustofnum ríkisins. En það, sem minni hl. gerir grein fyrir í sínu nál., er þetta: Við viljum sjá endurhæfingarsjóði, sem svo ætti að heita, fyrir nægjanlegu fjármagni. En það er í raun og veru óraunhæft að segja, að það fjármagn eigi að fara eftir því, hve mikið erfðafé leggst til á hverju ári og hve mikill erfðafjárskatturinn af þessum arfi er á hverjum tíma. Og auðvitað verður þetta áberandi augljóst mál nú í dag, þegar hér er verið að tala um, að tekjurnar hefðu verið óbreyttar, ef allt annað væri óbreytt, fasteignamat og annað, rúmar 10 millj., og þetta eigi að hækka upp í 36 millj., þ. e. 26 millj. kr. aukning til endurhæfingar í landinu. En þegar hæstv. heilbrmrh. er hér fyrir nokkrum dögum að tala um frv. um heilbrigðisþjónustu í landinu, og ekki var sérstaklega gerð grein fyrir fjáröflun, sem til þyrfti, vegna þeirra till. og ráðagerða, sem uppi væru, þá var hann að tala um þúsund millj. kr. Hvað er endurhæfingin annað en bara ein grein af heilbrigðisþjónustunni í landinu? Og þess vegna bendir minni hl. á, að það á að vera auðvelt verk – og við viljum leggja okkar hlut til þess, segir minni hl., – að afla raunverulegum endurhæfingarsjóði nægjanlegs fjármagns, og það er ekkert, sem liggur fyrir um það, engin grg. liggur fyrir um, að þó að þessi hækkun verði á erfðafjárskattinum, þá nægi það endurhæfingarsjóði. Þess vegna eigum við að slíta þetta í sundur og sameinast um það í öllum þingflokkum að afla nægjanlegs fjár til endurhæfingarsjóðs og endurhæfingarstarfsemi í landinu. En á þessari grundvallarhugsanaskekkju byggist nú frv. engu að síður, og það er fyrst og fremst og kemur greinilega fram í grg. fyrir frv., að til þess að fullnægja endurhæfingarmálunum verður að afla, ef lög þessi um endurhæfingu frá 1970 eiga að ná markmiði sínu, verður að afla aukins fjár til endurhæfingarmála. M. ö. o.: Það verður að auka tekjur erfðafjársjóðs. Þessi hugsanagangur og þessi röksemd fær ekki staðizt. Það er alveg rétt fram að þessu: Það verður að afla aukins fjár til endurhæfingarmála, en það er ekki nóg að segja bara, að auka skuli tekjur erfðafjársjóðs. Í raun og veru væri miklu eðlilegra, að erfðafjárskatturinn gengi til ríkisins, eins og aðrir skattar ríkissjóðs, og ríkissjóður sæi svo endurhæfingarmálunum fyrir nægilegu fjármagni, eins og öðrum þáttum í heilbrigðismálunum. Við eigum ekki að móta afstöðu okkar til málsins út frá þessu sjónarmiði. Á þetta lagði hæstv. ráðh. ríka áherzlu og það villir hugann í raun og veru, vegna þess að hver vill ekki vera með í því að afla fjár til endurhæfingarmálanna, og það er rangt, að það geti orðið röksemd fyrir því, hvort erfðafjárskattur á að vera hærri eða lægri.

Hv. 3. landsk. þm. sagði alveg berum orðum, að það væri ekki hægt að reka velferðarþjóðfélag nema til kæmi hár erfðafjárskattur. Velferðarþjóðfélag teljum við okkur nú hafa rekið hér á undanförnum árum. Þó var erfðafjárskattur eitthvað 10 millj. kr. af öllum tekjum ríkissjóðs. Nú eru tekjur ríkissjóðs 15 eða 16 þús. millj. á fjárlögum og mikill hluti þess fjár fer til ýmissa velferðarmála, heilbrigðismála, félagsmála, skólamála og annars slíks, sem er talinn þáttur í því að byggja upp velferðarþjóðfélag. En við sjáum bara, að erfðafjárskatturinn hefur engu áorkað í þessu sambandi, ekki hinu minnsta. Það er búið að skattleggja þessa blessaða menn, þegar þeir deyja, þ. e. a. s. áður en þeir deyja, og þess vegna hefur verið hægt að verja fé úr ríkissjóði fyrr og síðar, ekki aðeins í tíð þessarar ríkisstj., heldur allra annarra ríkisstjórna, til ýmissa velferðarmála. En sem sagt, það verður að viðurkennast, að þetta er ekki ýkjamikill munur á milli till., og ég held, að það sé einnig rétt að viðurkenna, að það getur orkað nokkurs tvímælis, hvernig tekjubilin eru, eins og þau eru í frv. eða eins og þau eru eftir till. minni hl. Það segir í frv. að greiða verði 5% af fyrstu 200 þús. kr., en 3% af fyrstu 500 þús. kr. eftir till. minni hl. Og svo er nokkur stigsmunur á þessu, þannig að samkv. frv. er hámarkið í 1. erfð 10%, þegar komið er yfir 1 millj., en í till. minni hl. er hámarkið 7%, þar sem erfðafé fer yfir 1 millj.

Ég er alveg sammála því, að við eigum að afgreiða þetta frv. á þessu þingi, og hæstv. ráðh. lagði á það áherzlu, sagði fljótt og vel. Ég verð að segja, að héðan í frá skiptir ekki máli, hvort það verður afgreitt fljótt, því að það er búið að liggja fyrir þinginu frá því í haust og nú er komið fram á vor, en ég tek undir það, að við eigum að afgreiða það vel. Og þá er mér efst í huga, hvort menn gætu ekki orðið sammála um að athuga svolítið betur tekjubilin, sem þá yrði helzt ekki gert nema með því að fresta umr. og athuga það betur í n., – hvort ekki mætti samræma þau eða fara milliveg á tekjubilum minni hl. og frv., því að í frv. eru tekjubilin og prósentan ekki miðuð út frá erfðafjárskattasjónarmiði. Þetta munar sáralitlu að vísu, eins og ég hef sagt. En hún er miðuð út frá því sjónarmiði að afla endurhæfingarstarfseminni tekna. Og það getur vel verið, að eitthvert mark þarna á milli væri kannske eðlilegra. Það er rétt, menn geta sagt: Þetta eru ekki svo háar upphæðir. Og sannleikurinn er sá, að þetta eru ekki háar upphæðir fyrir ríkissjóðinn eða þann sjóð, sem fær féð til meðferðar, en í hinu einstaka búi geta þetta verið

miklar upphæðir fyrir einstaklingana. Og kannske er stundum erfitt við þetta að ráða, einkum og sér í lagi þegar fyrirvinnan fellur frá og ekkjan missir tekjur, fyrirvinnuna, og á að sjá fyrir börnum og sjálf að brjótast áfram við ýmsa erfiðleika, sem því eru samfara að missa fyrirvinnu sína eða maka. Þar getur auðvitað munað miklu.

Í 3. erfðinni, c-liðnum, má náttúrlega segja, að það skipti ekki mjög miklu máli, hvort 35% fari í erfðafjárskatt eða 50%. Ég býst við, að við séum flestir þeirrar skoðunar, að sá flokkur sé það fjarskyldur arfleifandanum, að það sé eðlilegt, að skatta það hátt. En þá er það komið upp í 50%, eins og frsm. minni hl. gerði grein fyrir, eða í það sama mark eins og hann bara ráðstafaði þessu til annarra með gjöfum fyrir andlát sitt, og hann getur auðvitað gert það eftir sem áður. Og þá er það svona svipað, sem á af því að greiða, en hugsunin með að láta hámarkið vera 35% er sú, að á þessu væri þá nokkur mismunur, hvort þetta væri í erfð eða sem gjafafé í lifanda lífi.

Það hefur verið bent á það, að erfðafjárskattarnir séu mismunandi í einstökum löndum, – við erum svipaðir eins og Danir í því sambandi, – og það skipti miklu máli, hvernig eignarskattarnir séu áður í viðkomandi ríkjum og hvernig aðstaðan er í ríkjunum. Og það er alveg rétt, sem bent hefur verið á, að það eru auðvitað sáralitlar stóreignir, og lítil eignamyndun hefur verið í íslenzka þjóðfélaginu alveg gjörólíkt því, sem annars staðar er. Mér finnst það ósköp eðlilegt, að þegar svo háttar, að mikill auður hefur safnazt á fárra manna hendur öld fram af öld og af ýmsum ástæðum, þá sé ekkert óeðlilegt, þó að menn hafi seilzt til þess fjár í hærri erfðafjárskatti heldur en við erum með. Við erum þess vegna í raun og veru ekki að mínu áliti endilega að deila um það, hvort till. minni hl. um nokkra lækkun skattsins, sem er ekki mikil, – hún hefur ekki verið útreiknuð, kannske gæti þetta verið 10 millj. kr. í heild, ég veit það ekki, – heldur viljum við í raun og veru taka tillit til einstaklinganna þarna og til þess hugsunarháttar, sem ég held nú, að sé mjög ríkur í fari Íslendinga, að bera virðingu fyrir erfðum. Og ég efast stórlega um, að það mundi verða meiri hluti hér á Alþ. fyrir því, ef á það reyndi, – það reynir ekki á það í þessu frv., – að fara að stórhækka erfðafjárskatta. Hv. 3. landsk. þm. talaði hér meira, held ég, út frá því sjónarmiði, – að vísu af of miklu alvöruleysi vegna efnis málsins sem frsm., en meira út frá því sjónarmiði, – að hann vildi láta líta á sig sem ríkissósíalista og skilja mál sitt þannig, að ríkið ætti þess vegna að hirða meira og minna af því, sem menn létu eftir sig. Ég veit alls ekki, hvort hann væri það, ef á reyndi. Það reynir ekki á það efnislega í þessu frv.

Ég vissi ekki, hvað hann átti við, þegar hann fór að tala um gatnagerðargjald við Suðurlandsbraut, og hvaða samband það gat haft við erfðafjárskatt, ég veit það ekki. Hvort einhverjir eigendur húsa þar hafi ekki borgað gatnagerðargjald á þeim tíma, þegar ekkert gatnagerðargjald var greitt, ég veit það ekki. Og hvað er verið að finna að því? Ég fann ekki sambandið á milli þessa. Hins vegar fannst mér, að þeir, sem standa að minnihlutaálitinu, gerðu efnislega mjög skilmerkilega grein fyrir sínu máli. Ég verð að játa, að þegar mér varð þetta fyrst ljóst núna, þessi till. um að skattleggja ekki erfðahlut eftirlifandi maka, þá varð ég alveg hissa, að ég skyldi ekki hafa tekið eftir því áður, hve það er rangt að vera að skattleggja eftirlifandi maka. Bæði verður, eins og gerð var grein fyrir hérna, af þessu tvísköttun og svo er á hitt að líta, hvað þetta kemur illa við, kona missir mann sinn og hvort hún á börn eða ekki börn. Ekkjan hefur litið á þetta bú þeirra sem sameiginlega eign, þau hafa byggt þetta upp saman og svo þegar maðurinn deyr, þá á hún að borga kannske, ef eignin er eitthvað veruleg, 10, 20 til 30 þús. kr. í erfðafjárskatt eftir mann sinn. Henni er þetta alveg framandi, og ég veit af reynslu um dæmi þess, sem mér hefur verið bent á, nú í seinni tíð, að þetta hefur komið algerlega flatt upp á fólk. Og eins og sagt var hér réttilega áðan; var ekki nóg áfall fyrir hana að missa makann? Enn fremur er það upplýst, að menn hafi verið sammála um þetta í n., en svo hafi þetta samt sem áður ekki verið tekið út. Vilja menn nú ekki endurskoða þetta atriði? Þetta skiptir ekki nokkru máli fyrir ríkissjóðinn, erfðafjársjóðinn, endurhæfingarsjóðinn eða hvern, sem fær þetta gjald, en getur komið ákaflega óþægilega við einstakling, hinn einstaka aðila, sem á hlut að máli, og er í ríkara mæli sjálfsagt erfiðara fyrir konuna, sem verður ekkja, hvort sem hún á börn, þarf fyrir fleiri börnum að sjá eða ekki. Alla vega virðist vera nóg, að erfðafjárskattur greiðist af búinu í heild, þegar hún fellur þá frá, til barna eða annarra erfingja, sem þar er um að ræða. Ég bið menn nú virkilega um að athuga þetta og gætu einnig athugað, – ef umr. yrði frestað og menn hafa einhvern vilja til þess að athuga það, – einhvern milliveg á milli till. meiri hl. og minni hl.

Mér eru það mjög mikil vonbrigði, að frsm. meiri hl. skuli ekki vilja fallast á till. hv. 10. landsk. þm., sem ég get ekki séð að sé annað en bara alveg eðlileg brtt. til þess að ná þeirri meiningu, sem hv. 3. landsk. þm. vill. En hún stendur ekki í brtt., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga," þegar búið er að telja upp þessa aðila, kemur: „líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði."

Það er nú skemmtilegra að segja, að erfðaféð renni til kirkna en að það hverfi til þeirra, en sá munur á till. er nú bara aukaatriði. En eins og brtt. er og kannske eins og það hefur verið í lögunum, þó að það hafi ekki verið framkvæmt, þá getur maður ráðstafað fé sínu til hvaða félags sem er og með þeim afleiðingum, að það borgi bara 10% erfðafjárskatt. (Gripið fram í.) Þegar ekki er tekið undir svona brtt., skil ég ekki almennilega málið. Hitt er svo annað mál, að hv. 10. þm. Reykv. vill lækka erfðafjárskattinn í þessu tilfelli úr 10% niður í 7%. Mér finnst hann ætti bara að vera alveg „minimal" í þessu tilfelli, kannske gæti hann farið alveg niður í 3% og er það miklu eðlilegra. Ef menn vilja, að það geti orðið til styrktar slíkum stofnunum eins og kirkjum, opinberum sjóðum og gjafasjóðum og annarri líknarstarfsemi, félögum og stofnunum, sem vinna líknar- eða menningarstörf, það geti orðið þeim til styrktar, ef arfleifandi ætlaði þeim fé úr búi sínu, þá á ekki að vera að taka af því. Þá finnst mér, að það eigi að vera alveg í lágmarki, sem tekið er af þessu, ef það er talið þurfa. Ég get vel búizt við, að það sé talið þurfa til þess að hafa „kontrol", ef ég má nota það ljóta orð, eða eftirlit eða geta

fylgzt með uppgjöri búsins og erfðum, hvert þær renna. En alla vega held ég, að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því, að brtt. á þskj. 544 er í raun og veru ekki annað en leiðrétting, til þess að taka af öll tvímæli um það, sem ég efast ekki um, að meiri hl. meinar með brtt. sinni á þskj. 518, en till. er ekki þannig, ef hún er skilin eftir orðanna hljóðan.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég hef sagt, umfram það, að ég vildi mega biðja menn um að athuga þá ósk, sem ég vil bera fram, að þessari 2. umr. verði frestað, svo að menn þurfi ekki að greiða atkv. um þetta, ef hugsanlegt væri að ná samstöðu um einhverjar þær brtt., sem fram hafa verið bornar. Sumir hafa nú látið í veðri vaka í n., að þeir væru því ekki fjarri að vera þeim fylgjandi. Geta menn þá ekki sameinazt um að fresta umr.? Við í Sjálfstfl. munum að sjálfsögðu ekki gera neina tilraun til þess að hindra framgang þessa máls, og mín till. er ekki fram borin af því. Ég endurtek það, sem ég sagði: *Ég tel sjálfsagt að afgreiða málið á þinginu*, og við viljum ekki aðeins afgreiða þetta mál, heldur höfum við einnig lýst því yfir, talsmenn þingflokksins, að Sjálfstfl. er mjög viðmælandi um það að styrkja það málefni, sem blandazt hefur inn í þessar umr., þó að það sé í raun og veru ekkert eðlissamband á milli endurhæfingarinnar og erfðafjárskattsins. M. ö. o.: Við erum því samþykk að leita leiða til þess að styrkja fjáröflun á öðru sviði til endurhæfingarmálanna, ef þess er þörf. Og ég álít, eins og hv. 12. þm. Reykv., að þess muni verða þörf og e. t. v. nokkuð mikil þörf.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það hefur komið mér nokkuð á óvart, hvernig sjálfstæðismenn hafa brugðizt við þessum erfðafjárskatti. Í fyrsta lagi vegna þess að þessi erfðafjárskattur er lægri og í flestum tilvikum verulega lægri en nokkurs staðar annars staðar á Vesturlöndum. Í öðru lagi, þegar um það er að ræða, að maður, sem erfir milljón, þarf að greiða 70 þús. kr. í erfðafjárskatt, þá fara sjálfstæðismenn að tala um, að hér sé kominn ríkissósíalismi. Ég verð að segja, að svona málflutningur er furðulegur, því að það er verið að gera hér úlfalda úr mýflugu og reyna að villa um, hvað er hérna um að ræða. (**Gripið fram í:** Þetta sagði enginn.) Og ég vil bara taka það skýrt fram, að þessi erfðafjárskattur, sem hér er um að ræða, er mjög óverulegur, og þegar menn eru að tala um ríkissósíalisma eða kommúnisma í þessu sambandi, þá eru það steinaldarmenn.

Forseti (GilsG): Það hefur komið fram ósk um það frá hv. 1. þm. Reykv., að þessari umr. verði nú frestað og þá athugað, hvort hv. n. vill líta á málið að nýju í sambandi við ábendingar, sem fram hafa komið. Ég vil í tilefni af þessu aðeins minna á það, að málið er hér í fyrri d. og á eftir að fara til síðari d., en allt um það. Þar sem fram kom hjá hv. þm., að það muni ekki af hans hálfu eða hans flokksbræðra verða gerð tilraun til þess að tefja þetta mál á neinn hátt, mun ég verða við þessum tilmælum og fresta nú 2. umr. um málið og vænti þess þá, að hv. n. líti á málið að nýju, ef henni sýnist svo, en það þyrfti þá að geta orðið hér á dagskrá fljótlega eða strax eftir helgi.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég hafði vænzt þess, að formaður heilbr.- og félmn. Nd., hv. þm. Jónas Árnason, mundi greina hér frá því, hvaða tökum þetta mál var tekið í n., eftir að það kom til hennar aftur. Hæstv. forseti varð við þeim tilmælum hér við 2. umr. um þetta mál að fresta umr., þannig að n. gæti tekið málið fyrir að nýju, og reynt yrði að samræma þau sjónarmið, sem fram hefðu komið. En ég verð að greina frá því, að því miður var engin alvarleg tilraun gerð til þess að ná samstöðu í málinu, og ég held, að ég megi segja, að ekkert hafi verið um það bókað á nefndarfundi í gær.

Ég harma, að þessi tilraun skyldi ekki gerð. Ég held, að ekki sé annað hægt að segja en till. okkar í minni hl. n. hafi gengið í rétta átt, þó að nokkuð skiptar skoðanir kunni að vera um sumar þeirra og þá sérstaklega um skattþrepin og prósenturnar á skattinum. En við höfðum sérstaklega gert okkur vonir um, að það mætti ná samstöðu um brtt. við 1. gr. laganna, það að erfðafjárskattur eftirlifandi maka skyldi felldur niður. En við höfum ákveðið, flm. þessara brtt., að draga till. okkar til baka til 3. umr., þar sem við gerum okkur ekki vonir um, að umr. verði frestað enn á ný.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég átti hlut að því, að á það var fallizt, að umr. skyldi frestað til þess að athuga nánar a. m. k. eina af þeim brtt., sem fyrir lágu varðandi 2. gr. frv. Það hafði verið lagt til, að erfðafjárskattur yrði ekki tekinn af því hjóna, sem eftir lifði, og talið, að þar væri um tvísköttun að ræða á því sameiginlega fé hjónanna. Þetta hef ég nú kynnt mér nánar og kemst þá að þeirri niðurstöðu, að ef eftirlifandi maki yrði ekki látinn greiða erfðafjárskatt, væri þá ekki alveg eins ástæða til þess að börnin yrðu laus við slíka kvöð? Eða kjörbörnin? Eða fósturbörnin, sem öll eru þarna í sömu erfð, 1. erfð? 1. erfð félli þá bara niður, sem ég mundi nú ekki geta fallizt á. En þarna er skattlagningin væg. Af fyrstu 200 þús., sem hverfa til þess hjóna, sem eftir lifir, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá, þá kemur 5% skattur af fyrstu 200 þús., 6% skattur af næstu 200 þús., 7% skattur af þriðju 200 þús., 8% skattur af fjórðu 200 þús., 9% skattur af þeim fimmtu, og þegar komið er yfir milljón, er það 10% skattur í 1. erfð. Og þetta er sama hámark eins og er í gildandi lögum. Ég mundi ekki telja neitt minni ástæðu til þess að hlífa þá börnum, sem misstu foreldra sína, við greiðslu erfðafjárskatts heldur en því hjóna, sem eftir lifir, en skattur hefur einungis verið tekinn af helmingshlut makans, sem látizt hefur. Ég held, að við nánari athugun sé ekki hægt að taka þessa till. til greina nema því aðeins, að menn vildu þá hreint og beint ganga svo langt að fella niður 1. erfð og skattleggja ekki það hjóna, sem lifir hitt, eða börn þeirra. En í frv. er þetta lagt til, og ég legg til, að frv. sé samþ. eins og n. hefur mælt með því.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni þessara ummæla hæstv.

félmrh. Mér finnst vera meginmunur á því, hvort eftirlifandi maki er leystur undan þessari skattgreiðslu eða börn og kjörbörn. Það er sá munur, að hjónin hafa í sameiningu unnið að því að koma upp sínum eignum og það er meginröksemdin fyrir því, að við teljum rétt, að eftirlifandi maki losni við skattinn. Í öðru lagi er það svo tvísköttunin, sem er alveg ótvíræð.

Það hefur verið minnzt nokkuð hér á erfðafjárlöggjöf annarra þjóða og sérstaklega minnzt á, að löggjöfin í Danmörku sé kannske líkust því sem hún er hjá okkur. Í dönsku löggjöfinni er það þó svo, að eftirlifandi maki þarf ekki að greiða skatt af fyrstu 50 þús. kr. d. Ég man ekki alveg, hvað danska kr. er. Ætli það sé ekki 600–700 þús. kr. ísl.? Þetta hafa þeir talið réttlátt að hafa í sinni löggjöf. (Gripið fram í.) Já, það er þá um 600 þús. kr. Þetta hafa Danir talið réttlátt að hafa í sinni löggjöf. Ég veit, að það hefur verið boðuð breyting í Danmörku á löggjöfinni um erfðafjárskatt, og það er vissulega til hækkunar, en ég held, að þetta ákvæði sé látið haldast. Eitt af því, sem hefði getað komið til umr. í heilbr.- og félmn., ef vilji hefði verið fyrir hendi, var það að setja á þetta eitthvert hámark, eins og hv. 3. landsk. þm. minntist hér á í sinni ræðu við 2. umr. um daginn. En þetta var ekki reynt. En við höfum áreiðanlega verið og erum enn til viðtals um það að breyta eitthvað þeim till., sem við höfum lagt fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 544 tekin aftur til 3. umr.
– 543 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 518,1 samþ. með 20:10 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20:10 atkv.
3.–5. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 518,2 samþ. með 20:4 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.
7.–8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 518,3 (ný 9. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 9. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 543,1 felld með 24:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SvH, FÞ, GuðlG, GunnG.

nei: HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, KP, SBl, MK, ÓlJ, PP, StefG, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BGuðn, BP, SM, EystJ, GS, GíslG, GÞG, GilsG.

3 þm. (SV, EBS, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 543,2 felld með 23:11 atkv.
Brtt. 544 felld með 25:11 atkv.
– 543,3 felld með 23:11 atkv.
– 543,4 felld með 23:11 atkv.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 685).

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Frv. um erfðafjárskatt hefur verið til meðferðar í hv. Nd. og afgreitt þaðan. Ástæðan til þess, að frv. er fram borið, er, að erfðafjárlögin hafa lengi verið óbreytt og flestar tölur og viðmiðanir í þeim eru miðaðar við allt annað verðlag en nú gildir. Hámark í 1. erfð var t. d. komið við 40 þús. kr. upphæð, en nú veltur allt á margfalt fleiri krónum og þess vegna eru öll þrep í erfðastigunum þremur önnur í þessu frv. En hámarkið í hverri erfð fyrir sig er það sama og áður var. Það er í 1. erfð ekki farið yfir 10% arftöku, í 2. erfð ekki yfir 25% og í 3. erfð er hámarkið 50%. Þetta eru sömu hámörkin og gilt hafa í okkar erfðalöggjöf. Ísland mun vera í tölu þeirra ríkja, sem einna skemmst ganga í arftöku samkv. lögum, og er okkur helzt að jafna við nágrannaþjóð okkar Dani að þessu leyti, en þeir hafa mjög hófsamlega erfðalöggjöf.

Í 1. erfð, sem nær til þess hjóna, sem lifir hitt, til kjörniðja, niðja, fósturbarna og svo að þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara arfi, sem nemur aðeins 5% af fyrstu 200 þús., 6% af næstu 200 þús., 7% af þriðju 200 þús., 8% af þeim fjórðu og þegar kemur upp í millj., þá er komið í 10% arftöku og hækkar ekki prósentutalan úr því.

Erfðafé hverfur í 2. erfð til foreldra hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið A, og skal svara af arfi hvers erfingja um sig. Þar eru prósentutölurnar orðnar mun hærri eins og eðlilegt er, byrja á 15% af fyrstu 200 þús. og enda í 25%, þegar komið er upp í milljón eða þar yfir.

Þá er það, þegar komið er til útarfanna í 3. erfð. Þar er um að ræða afa og ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir stafliðina A og B, eða fjarskyldari erfingja eða óskylda, og skal þar svara af fyrstu 200 þús. 30% og síðan stighækkandi þar til komið er upp í milljón og þar yfir, þá er hámarkið 50% í 3. erfð til fjarskyldra erfingja og útarfa.

Þetta er meginefni frv. og vænti ég þess, að það fái skjóta afgreiðslu í hv. d. og verði að lögum fyrir þinglok. Erfðafjársjóðurinn hefur mörgum nytsamlegum hlutverkum að gegna. Hans aðalhlutverk er að bera uppi kostnað af endurhæfingarstöðvum í landinu og bjarga þannig starfsgetu þeirra manna, sem fyrir áföllum hafa orðið og þurfa á endurhæfingu að halda til að geta orðið sjálfum sér og þjóðfélaginu að gagni. Þetta er tilgangurinn með erfðafjársjóðnum, hans megintilgangur, og þarf frv. ekki sízt þess vegna að ná afgreiðslu, þar sem löggjöfin, eins og hún nú er, er mjög úrelt orðin. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 81. og 83. fundi í Ed., 15. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 685, n. 785, 796).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. komið frá Nd. og hefur hlotið þar afgreiðslu eins og það var lagt fram af hæstv. ríkisstj. Í hv. Nd. var nokkur ágreiningur um einstök atriði málsins og þá sérstaklega skattstigana, sem hér um ræðir, og skiluðu fulltrúar Sjálfstfl. séráliti um málið og fluttu brtt. eins eða a. m. k. mjög svipaðar og þær, sem hv. 6. þm. Reykv. flytur nú við frv. á þskj. 796, þ. e. um mjög mikla lækkun á erfðafjárskatti frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. fóru mál þó þannig, að málið var afgreitt samróma, en einstakir nm. áskildu sér rétt til að fylgja eða flytja brtt., og hefur 6. þm. Reykv. notað sér þann sjálfsagða rétt.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Meginefni þess er mönnum áreiðanlega ljóst, það, að vegna nýs fasteignamats og einnig til þess að samræma skatt, sem skal greiða af erfðum fasteignum og hins vegar reiðufé, hefur verið nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum og hefur verið óhugsandi að halda þeim skattstigum t. d., sem verið hafa, miðað við það, að með núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að hámark erfðafjárskatts sé þegar í hámarki skattprósentunnar, sem náði 36 þús. kr. í fasteignamati að því er varðar 1. erfð og við 2. og 3. erfð 40 þús. kr. Ef þessum stigum væri haldið óbreyttum, yrði skatturinn og skattþrepin algjörlega óraunhæf og færi langt fram úr því, sem nokkurt hóf gæti talizt á.

Samkv. frv. er um að ræða mjög verulega lækkun skatta af erfð reiðufjár miðað við óbreytt lög, hins vegar um verulega hækkun á skatti erfðra fasteigna miðað við áðurgildandi lög og eldra fasteignamat. Í heild er þó um allverulega hækkun skattsins að ræða, eins og greinilega má sjá á þskj. 10. Með því fylgir grg., með frv., og ég ætla ekki hér að orðlengja um hana. Hér er sem sagt ekki farin sú leið, sem sjálfsagt hefði komið fræðilega til, að leggja nýtt fasteignamat til grundvallar og halda óbreyttum skattstigum, og ekki heldur sú að lækka skattstiga, svo að óbreytt stæði nokkurn veginn heildarupphæð þess fjár, sem með erfðafjárskatti fæst. Það er farið hér nokkuð bil beggja þessara leiða eins og einnig er greinilega skýrt í grg. með frv. og fskj. Á sjálfri upphæð skattsins er fyrst lágmark 5%, en hámark 10%, en hámarkið, ef um er að ræða erfð til fjarskyldra ættingja, er allt að 50%. Í heild hefur þessi breyting það í för með sér, að tekjurnar af erfðafjárskatti vaxa úr, að mig minnir, 10 eða 11 millj. kr. í 36 millj., og er það auðvitað verulegt fé og kemur sér mjög vel fyrir þá ráðstöfun, sem mörkuð er með þessari skattheimtu. Ef lögunum hefði hins vegar ekki verið breytt, þá hefði heildarskatturinn orðið milli 50 og 60 millj. kr., eða um 56 millj., að ég held, eftir því sem segir í skýringum með frv.

Ég vil svo taka það fram, að frá mínu sjónarmiði er hér þó eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en enga endanlega endurskoðun á þessum skatti. Öll skattheimta ríkisins er í endurskoðun og öll slík mál, eins og hinir mörkuðu skattar, munu verða tekin til sérstakrar athugunar, enda er það kunnugt, að mjög margir eru þeirrar skoðunar, að það beri ekki að marka skatta, sem torveldar á ýmsan hátt eðlilega ráðstöfun þess fjár, sem með sköttum er heimt með einum og öðrum hætti, og hindrar það, að rétt hlutföll og eðlileg möt séu gerð á því fé, sem til ráðstöfunar í þjóðfélaginu er varið, og ég held, að þessi skoðun hafi mikið til síns máls. M. a. af þessari ástæðu álít ég, að áframhaldandi endurskoðun á þessu eigi að fara fram.

Um sjálfa upphæð skattsins, sem deila er þá helzt hér um, er það að segja, að ég tel það ekki óhæfilega heildarskattheimtu af kringum hálfum milljarði erfðafjár, sem gert er ráð fyrir, þó að teknar séu af því í skatt 36 millj. miðað við þessa heildarerfðafjárupphæð. Auðvitað getur þetta verið álitamál og eins einstök atriði í þessari löggjöf, eins og hún verður með þeim breytingum eða yrði að þeim breytingum samþykktum, sem lagðar eru til í frv. Þar er um ýmis álitamál að ræða, sem ég tel, að beri að skoða við áframhaldandi endurskoðun þessara mála. Ég er t. d. alls ekki viss um það, að rétt sé að taka erfðafjárskatt í öllum tilvikum. Ég nefni t. d., að það ber að skoða, þegar annað hvort hjóna deyr, hvort taka eigi nokkurn skatt í slíku tilfelli, og eins þegar um lágar upphæðir er að ræða, lágar erfðafjárupphæðir, sem ganga til barna, sem ekki eru komin til manns, og það fé, sem um er að ræða, er kannske tæplega nægilegt til þeirra hluta. Þetta og ýmislegt fleira tel ég að beri að skoða rækilega við áframhaldandi athugun málsins, en eins og nú er ástatt sýnist mér ekki annað mögulegt en að samþykkja frv. án breytinga og þá í trausti þess, að ýmis vafa- og álitamál í sambandi við þennan skatt og þá löggjöf, sem um hann fjallar, verði athuguð síðar og þá helzt á næsta Alþ., en ég tel þessa bráðabirgðalausn í aðalatriðum vera viðunandi og það sé ekki í heild gengið lengra en hóf er á. Þó geti auðvitað alltaf verið álitamál, eins og ég sagði, þegar um það er að ræða að ákveða, hve skattheimta skuli vera mikil, – og ætla ég ekki út af fyrir sig að fara að efna til neinna kappræðna um það, – hvort réttara er, að skattprósenta, lágmarksskattprósenta t. d. sé 3% eða 5%. Hér er auðvitað um algjört álitamál og afstætt atriði að ræða, sem menn sjálfsagt komast seint að alveg fullnægjandi og óyggjandi niðurstöðu um.

Um brtt. hv. 6. þm. Reykv. er það að segja, að við, sem skipum meiri hl. heilbr.- og félmn., leggjum áherzlu á, að þær nái ekki fram að ganga, og teljum, að bæði væri málinu sjálfu stefnt í hættu með því svo seint sem það er nú statt á þinginu og eins hitt, að fjárþörf er brýn til þeirra verkefna, sem erfðafénu er varið til, og öllum er það kunnugra en svo, að ég þurfi að eyða tíma hér til að útskýra það fyrir hv. þd. Heilbr.- og félmn. er sem sagt sammála um það, að málið hljóti afgreiðslu, en ágreiningur er um, hvort breyting skuli gerð varðandi skattprósenturnar, og ég legg það til fyrir hönd meiri hl., að ekki verði gerðar breytingar á frv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og hv. frsm. heilbr.- og félmn. einnig drap á, hefur heilbr.- og félmn. skilað áliti og mælir með því, að frv. verði afgr. á þinginu, en hins vegar áskildu einstakir nm. sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Eins og allir hv. þm. vita og viðurkenna, verður ekki

hjá því komizt eftir gildistöku hins nýja fasteignamats að færa ákvæðin um bæði skattþrep og skattprósentu erfðafjárskatts til samræmis við það, sem orðið er, breytt verðlag. Eins og þetta frv., sem liggur nú fyrir, gerir ráð fyrir, er ætlunin að gera það á þann hátt að hækka skattheimtuna um 260%, hvorki meira né minna, og til viðbótar má nefna, að það búast sjálfsagt allir við því, að fasteignamatið verði hækkað nú um væntanlega 20%, þannig að þá yrði orðin ferföld skattheimtan á við það, sem nú er. Ég tel, að þó að vel hefði komið til greina að hækka skattheimtuna nokkuð, þá sé hér allt of langt gengið með slíkum till. sem í frv. eru, að ferfalda hana. Þessi skattheimta hefur verið mikið rökstudd með því, að erfðafjársjóði, sem skatturinn rennur til, sé fjár vant til þess að standa undir þeim verkefnum, sem hann á að sinna. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. geti verið sammála um, að það hlutverk er nauðsyn, að rækt verði, og eins og nú standa sakir þyrfti erfðafjársjóður, ef hann einn ætti undir að standa, miklu meira fé. Það fé tel ég, að ætti að koma eftir öðrum leiðum en þeim að hækka skattinn svo gífurlega sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Mér er ljóst og okkur öllum, að frv. þarf að fá afgreiðslu, hvernig sem hún verður. Ég skal ekki fjölyrða um réttmæti erfðafjárskatts almennt, enda á ég ekki von á því, að horfið verði frá þeirri skattheimtu í okkar þjóðfélagi, a. m. k. varla á næstunni, en benda má á það, hve harkalega slík hækkun getur komið niður á einstaklingum og hve mikla erfiðleika hún getur skapað t. d. fyrirtækjum, sem mörg eru smá í okkar landi og hafa ekki getað myndað eigið fjármagn, svo að neinu verulegu nemi til rekstrar. Það hefur t. d. verið á það bent, þegar eigandi bújarðar fellur frá og einn af erfingjum tekur kannske við jörðinni, að þá gefur auga leið, hve það getur torveldað slíka yfirtöku, ef hlutaðeigandi á að borga svo háan erfðafjárskatt sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal þá víkja örlítið að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 796. Þessar brtt. eru samhljóða brtt., sem fluttar voru í hv. Nd. af fulltrúum Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. þeirrar hv. d. Ég vil þá fara örfáum orðum um fyrstu brtt., en efni hennar er það, að erfðafjárskattur verði ekki heimtur af erfðahluta eftirlifandi maka. Þetta má rökstyðja með því, að sú eignamyndun, sem átt hefur sér stað í hjúskapnum, verður til fyrir atbeina beggja hjónanna. Einnig má á það benda, að þarna er um tvísköttun að ræða og verður áfram skv. frv., því þetta hefur ávallt verið svo í okkar erfðafjárskattslögum reyndar, að þarna hefur verið um tvísköttun að ræða í 1. erfð. Við skulum t. d. setja upp dæmið þannig, að annað hvort hjónanna fellur frá, hitt borgar erfðafjárskatt af sínum erfðahluta eftir hinn látna, síðan kannske lætur hitt hjóna, sem eftir lifði, skömmu síðar og þá er tekinn aftur erfðafjárskattur af þessum erfðahluta, sem rennur þá til barnanna.

Þegar maki deyr, er það að sjálfsögðu mikið áfall fyrir þann makann, sem eftir lifir, og það skapast yfirleitt fjárhagserfiðleikar, alltaf einhverjir og oft kannske miklir í því sambandi, og ég vil þá sérstaklega nefna það til, ef það er ekkja, sem um er að ræða. Það er svo í okkar landi, að hér er það langtum tíðara heldur en annars staðar, sem maður þekkir til, að fólk eigi það húsnæði, sem það býr í. Það eykur að sjálfsögðu þá erfiðleika, sem oft eru í því sambandi að halda húseigninni eða íbúðinni, þegar þarf að fara til viðbótar öðrum áföllum og erfiðleikum að greiða erfðafjárskatt af erfðahluta eftirlifandi makans. Það er oft sem íbúðarhúsnæðið er kannske eina verulega verðmætið, sem til er í búinu, þegar maki fellur frá. Mér finnst þetta vera það sterk rök fyrir því, að ekki skuli leggja skattinn á erfðahlut eftirlifandi maka, að það hljóti að finna hljómgrunn hjá hv. þm., og það gladdi mig að heyra, að hv. frsm. heilbr.- og félmn. virtist skilja mjög vel þessa röksemd, þegar hann vék að því, að þetta væri mál, sem þyrfti að kanna í sambandi við heildarendurskoðun löggjafar um erfðafjárskatt.

Það hefur verið vitnað til þess í umr. um þetta frv., að okkar löggjöf um erfðafjárskatt væri að mörgu leyti svipuð dönsku löggjöfinni. Og í Danmörku er það svo, að erfðahluti eftirlifandi maka er að vísu ekki skattfrjáls, en hann er skattfrjáls upp að vissu marki, og í till., sem danska ríkisstj. boðar um breytingar á lögunum um erfðafjárskatt þar í landi, kemur það fram, að þeir ætla að hafa fyrstu 100 þús. kr. af erfðahluta eftirlifandi maka skattfrjálsar, fyrstu 100 þús. kr. danskar, sem mun nú vera um það bil 1200 þús. kr. íslenzkar. Þetta hefur verið þar í lögum og þeir hafa ekki uppi fyrirætlanir um, að frá því verði horfið.

Um brtt. að öðru leyti þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Þær skýra sig sjálfar og eru allar til lækkunar á prósentunni og hækkunar á skattþrepunum. Það skal að vísu tekið fram, að ekki hefur verið unnt að gera sér þá grein fyrir, hver skattheimtan yrði, ef þær till. yrðu samþykktar, að maður þori að nefna ákveðnar tölur, en hitt mun þó óhætt að fullyrða, að skattheimtan mundi tvímælalaust lækka frá því, sem nú er.

Ég hafði nú hugsað mér að flytja brtt. við B-lið 2. gr. frv. eins og það liggur nú fyrir, orðalagsbreytingu, en vegna þess að ég tel, að það sé rétt að fá fram í atkvæðagreiðslu vilja hv. þd. um, hver skattprósentan skuli vera, svo að samræmi verði þá í þeirri brtt., sem ég hafði ætlað mér að flytja, þá geymi ég mér rétt til þess að gera það til 3. umr.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv., a. m. k. ekki nema frekara tilefni gefist til, og vænti þess, að brtt. þær, sem ég flyt á þskj. 796, fái góðar undirtektir hjá hv. þdm.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Örstutt athugasemd, sem ég vil gera áður en ég greiði atkvæði um þetta mál. Ég skil það fyrir mitt leyti, að nauðsynlegt er að gera breytingar á gildandi lögum, og þarf ekki að fara út í það. Ég er fyrir mitt leyti fylgjandi því, að erfðafjárskattur sé nokkuð hár. Ég held, að enginn sé betri þótt hann erfi mikið og kannske stundum verri, og því tel ég, án þess að ég sé að taka afstöðu til upphæðarinnar, að hann megi hækka töluvert frá því, sem nú er. Hins vegar sýnist mér það vera mjög mikill galli á gildandi lögum og þessu frv., sem hér liggur fyrir, eins og kom fram hjá frsm., að krefja maka um erfðafjárskatt, þegar búi er skipt, ég tel það ósanngjarnt og sömuleiðis sýnist mér eðlilegt að athuga, hvort taka eigi erfðafjárskatt af lágmarksupphæð, sem hverfur til barna, eins og fram kom hjá frsm. Ég greiði atkv. með áliti meiri hl., en legg áherzlu á líka, að þetta verði tekið

til endurskoðunar þegar á næsta þingi, og mun gera mitt til þess að svo verði.

ATKVGR.
Brtt. 796,1 felld með 11:7 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 796,2 felld með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 796,3 tekin aftur.
3.–9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Svo fór mót vonum, að felldar voru þær brtt., sem ég flutti við frv. við 2. umr., en ég vil þó lýsa mikilli ánægju minni yfir jákvæðum undirtektum tveggja hv. þdm., undirtektum við það, að erfðahluti maka yrði skattfrjáls. Ég á þar við hv. deildarforseta og hv. 1. þm. Vestf., sem tjáðu sig báðir sérstaklega vinsamlega um þá hugmynd, og sá síðar nefndi kvaðst raunar mundu beita sér fyrir því, að við endurskoðun laganna yrði þetta atriði tekið til gaumgæfilegrar athugunar. Ég ætla þó að freista þess nú við 3. umr. að flytja brtt. varðandi þetta sama efni. Eins og ég lét getið við 2. umr., er hjá Dönum sú regla gildandi og boðað, að hún muni áfram standa, að fyrstu 100 þús. d. kr. af erfðahluta maka eru þar skattfrjálsar, eða sem svarar u. þ. b. 1200 þús. ísl. kr.

Sú brtt., sem ég hér flyt, er um það, að skattfrjáls verði ákveðinn hluti, sem sé takmarkaður þó, og ég fer skemmra en Danir gera, því að ég miða mína brtt. við, að það verði 1 millj. Þessi brtt. mín er við 2. gr. frv., að aftan við A-lið bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: „Ekki skal þó gjalda skatt af fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.“ Og í samhengi við hana og í beinu framhaldi af henni flyt ég brtt. við 3. gr. frv., svo hljóðandi: „Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: „fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.“ “

Eins og ég sagði áður, ætla ég að freista þess að flytja þessa till. og ég vona, að henni verði vinsamlega tekið í hv. þd. Ég hefði hins vegar helzt kosið, að fyrri till. mín hefði verið samþ., en um það er ekki að fást. Vonandi ber framtíðin það í skauti sér, að ákvæði um skattskyldu eftirlifandi maka verði fellt niður. En ef þessi brtt. mín um fyrstu 1 millj. kr. verður samþ., getur hún þó minnt á þetta mál, þegar lögin koma til endurskoðunar.

Önnur brtt., sem ég flyt og sem ég reyndar boðaði við 2. umr., er varðandi D-lið 2. gr. Þar segir í frv. eins og það nú liggur fyrir eftir breyt. í Nd.: „Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.“ Mér sýnist, að þarna sé nokkuð frjálslega kveðið á um gjafasjóði. Það má segja, að hver sem er geti stofnað sjóð og kallað hann gjafasjóð og mætti þá um það, sem rynni til slíks sjóðs, gera þá kröfu, að það væri í þessum lága skattflokki. Mér sýnist vera lágmarkskrafa, að slíkir sjóðir starfi samkv. staðfestri skipulagsskrá. Og svo er það orðið, sem á eftir kemur, og það er „félaga“. Það er alveg ótiltekið og nánast hvaða félög sem eru geta krafizt þess að njóta þessara hlunninda, eins og frv. er nú orðað. Brtt. mín er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, að D-liður orðist svo: „Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, er starfa samkv. staðfestri skipulagsskrá, félaga og stofnana, er vinna að menningar- og líknarmálum, skal greiða 10 af hundraði.“

Þessi brtt. er skrifleg og fyrst fram komin nú við umr. Ég vil leyfa mér að afhenda hana hæstv. forseta með beiðni um, að leitað verði afbrigða til þess, að hún megi koma hérna til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 897) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til fyrri umr. fyrr í dag, þá hafði ég ráðgert að segja örfá orð í tilefni af þeim brtt., sem hv. 6. þm. Reykv. flutti, og þá einkum að því er varðaði erfðafjárskatt af erfðahlut eftirlifandi maka, sem mér finnst vissulega ástæða til þess að endurskoða. Mér er ljóst, að þetta frv. þarf að fá framgang, enda er það samdóma álit allra þeirra, sem hér hafa til máls tekið og undir nál. skrifað. Ég ætla þess vegna aðeins að láta það nægja nú að vísa til þess, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um þetta mál, að ég tel, að þurfi að endurskoða ákvæði þessa frv., þó að lögum verði, og mun eins og hann reyna að stuðla að því, að svo verði gert.

ATKVGR.
Brtt. 897,1.a felld með 10:9 atkv.
– 897,1.b felld með 11:8 atkv.
– 897,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 904).

---

55. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 50. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og l. nr. 23 22. apríl 1967, um breyt. á þeim l. [217. mál] (stjfrv., A. 443).

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 443 er frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er, að samkv. 4. gr. núgildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er sjóðstjórn heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfé-

laga og stofnana, er þeim tilheyra og hafa sérstakan fjárhag. Á undanförnum árum hafa verið stofnuð samtök sveitarfélaga í ýmsum kjördæmum utan Reykjavíkur og hafa fjögur þeirra þegar ráðið sér framkvæmdastjóra. Starfslið þessara samtaka hlýtur að verða það fátt, að ekki verði grundvöllur til þess að stofna sérstaka lífeyrissjóði á þeirra vegum. Þrátt fyrir téð heimildarákvæði mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa talið leika vafa á því, að henni væri heimilt að taka slíka starfsmenn í tölu sjóðfélaga, þar sem þessi samtök væru ekki lögbundin, og er frv. flutt til þess að taka af allan vafa í þessu efni. Enn fremur er lagt til, að heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga starfsfólk sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta mál frekar, enda hefur það verið fram tekið, sem máli skiptir, en legg til, herra forseti, að að umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 735).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., leitað umsagna hjá stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins og átt viðtöl við tryggingafræðing um efni þess, en það hefur áður verið kynnt fyrir hv. d. Þá bárust n. tilmæli frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja um að bæta inn í frv. nokkrum ákvæðum.

Í fyrsta lagi, að starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins öðlist sama rétt og starfsmenn bandalagsins sjálfs. Í öðru lagi, að tekin verði inn í frv. ákvæði, er fela í sér lagfæringu á kjörum maka látinna starfsmanna þeirra, er lög þessi ná til. N. leggur til, að orðið verði við þessum tilmælum, og felst það í þeim brtt., sem lagðar eru fram hér með nál. á þskj. 735.

Enn eru svo tilmæli frá bandalaginu um að veita lausráðnum starfsmönnum ríkis og annarra, sem þessi lög ná til, lífeyrisréttindi. Þetta er talið allmikið mál umfangs og n. taldi skorta tryggingafræðilegar upplýsingar, til þess að hægt væri að taka á þessu máli nú og mælir því ekki með því, að orðið verði við þessum tilmælum og ákvæði, er gerðu þetta mögulegt, tekin inn í frv. Fjmrh. hefur hins vegar tjáð mér, að hann muni beita sér fyrir því, að þetta mál verði tekið til meðferðar og nánari athugunar á milli þinga. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem prentaðar eru með nál. á þskj. 735.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 735,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 735,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 735,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 764).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 764, n. 860).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir. Við meðferð málsins í Nd. var leitað umsagnar hjá stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og einnig Tryggingastofnunar ríkisins og einnig átti n. viðræður við tryggingafræðing.

Efni frv. er nánast það að tryggja starfsmönnum samtaka sveitarfélaga aðild að lífeyrissjóðinum, en nokkur vafi þótti leika á, hvort heimilt væri lögum samkvæmt að taka slíka starfsmenn í tölu sjóðfélaga, þar sem samtök þessi eru ekki lögbundin. Enn fremur er lagt til, að heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga starfsfólk sparisjóða, starfsfólk samnorrænna stofnana og starfsfólk uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum.

Fjhn. d. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. eins og það hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 906).

56. Bjargráðasjóður.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Bjargráðasjóð [249. mál] (stjfrv., A. 546).

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um Bjargráðasjóð byggist á heildarendurskoðun þessara laga. Því fylgja aths. og er einkum rækilega gerð grein fyrir þeim nýmælum, sem í frv. eru, en samt þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um hlutverk og starf Bjargráðasjóðs og þá í leiðinni að gera grein fyrir þeim nýmælum, sem í frv. felast.

Frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands, sem hér liggur fyrir, er samið af stjórn sjóðsins og flutt af ríkisstj. samkv. ósk bjargráðasjóðsstjórnar. Með þessu frv. er ekki lagt til, að tekjuöflun sjóðsins verði breytt í neinu frá því, sem nú er, en árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 50 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við þjóðskrá 1. des. árið á undan.

b. 0.25% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkv. stafl. a og b.

d. Vextir af fé sjóðsins.

Lagt er til, að deildir sjóðsins verði aðeins tvær: almenn deild og búnaðardeild, en samkv. gildandi lögum eru deildir sjóðsins þrjár; séreignadeild, sameignadeild og afurðatjónadeild landbúnaðarins. Ráð er fyrir því gert, að séreignadeild sýslu- og bæjarfélaga verði lögð niður sem sérstök deild í sjóðnum og því verði ekki lögð óafturkræf framlög til séreigna, en eldri ákvæði um ráðstöfun séreigna sýslu- og bæjarfélaga, eins og þær eru við gildistöku frv., haldist óbreytt. Þessar séreignir sýslnanna og kaupstaðanna námu við reikningslok 1971 samtals 32 462 961.90 kr. Gert er ráð fyrir, að ákvæðin, sem gilt hafa frá öndverðu um séreignir þessar, gildi framvegis um séreignirnar eins og þær verða, þegar frv. þetta öðlast lagagildi, með þeirri undantekningu, að 2. mgr. 8. gr. laganna falli niður, en hún hljóðar svo:

„Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkv. 1. málsgr. þessarar gr.“

Ákvæði þetta hefur aldrei komið til framkvæmda, enda mundi það engan vanda hafa leyst, þó að notað hefði verið. Lagt er til, að framvegis verði eins og nú er heimilt að veita deildum sjóðsins lán af séreignafénu gegn almennum vöxtum af sparifé. Þetta hefur verið gert undanfarin harðindaár. Samkv. reikningum sjóðsins fyrir árið 1971 nemur bráðabirgðalán, sem afurðatjónadeild fékk hjá séreignadeildinni, 6 millj. 940 þús. kr. auk ógreiddra vaxta að upphæð 485 800 kr.

Samkv. 8. gr. frv. er hlutverk almennu deildar sjóðsins að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem óveðurs, flóða og vatnavaxta, skriðufalla, snjóflóða, jarðskjálfta og eldgosa. Samkv. reikningum sjóðsins fyrir árið 1971 voru eignir sameignadeildar, sem svarar til almennu deildarinnar samkv. frv., 37 957 036.60 kr. Þar með er þá talin fasteign, 8.3% af fasteigninni að Laugavegi 105. Skuldir sameignadeildar eru hins vegar engar.

Hlutverki búnaðardeildar, sem svarar til afurðatjónadeildar samkv. gildandi lögum, er svo lýst í 9. gr. frv., að hún skuli veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til:

a. að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eiganda verður eigi um kennt;

b. fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár;

c. að bæta uppskerubrest á garðávöxtum;

d. að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum.

Um fjárhagsaðstoð samkv. þessari gr. fer samkv. reglum, sem sjóðstjórn setur.

Vegna undanfarandi harðæra er hagur þessarar deildar fremur bágborinn. Að vísu er hrein eign deildarinnar samkv. ársreikningum 1971 20 782 156.90 kr., en skuldir hennar nema hins vegar samtals 152 146 662.90 kr., sem greiða verður háa vexti af. T. d. námu vextir og lántökukostnaður þessarar deildar 11 588 362 kr. á árinu 1971, en heildartekjur námu þá aðeins 17 545 236.70 kr. Í hreina tjónastyrki var varið um 3 millj. kr. á því ári, svo að tekjuafgangur varð óverulegur miðað við þessa miklu skuldabyrði eða aðeins 2 817 099.35 kr. Jafnvel þótt árferði verði sæmilegt næstu árin er því augljóst, að efnahagur búnaðardeildar yrði mjög bágborinn, ef ákvæðin um skiptingu tekna sjóðsins á milli deilda væru óbreytt. Það er því lagt til, að 25% af framlagi ríkissjóðs miðað við íbúa renni til búnaðardeildar. Þetta svarar til 12.50 kr. á íbúa á ári eða hér um bil 2.5 millj. kr. á ári. Þrátt fyrir þessa bragarbót mun búnaðardeild hafa mikla skuldabyrði næstu árin.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa nefnd til að rannsaka tjón og gera tillögur um aðstoð, þegar um er að ræða almenn tjón í heilum byggðarlögum. Undanfarin ár hefur landbrh. skipað slíka harðærisnefnd. Eðlilegra virðist þó, að stjórn sjóðsins geri það, þar sem sú aðstoð, sem veita skal, er að jafnaði veitt úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins hefur jafnan leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um harðærisvandamál landbúnaðarins, og verður að sjálfsögðu engin breyting á því.

Í 12. gr. frv. er sérstaklega gert ráð fyrir styrkveitingum til þeirra sveitarstjórna, sem búið hafa við samfellt harðæri í tvö ár eða lengur og notið aðstoðar Bjargráðasjóðs af þeim sökum. Til þess að þessi heimild verði notuð verður þó tjón af völdum harðærisins að nema a. m. k. þriðjungi af tekjum sveitarfélagsins. Á árunum 1967–1970 námu vaxtalaus lán úr afurðatjónadeild vegna harðæris samtals 168 millj. 226 þús. kr. og heyflutningastyrkir úr sameignadeild 20 708 609.25 kr. eða samtals 188 934 609.25 kr. Á árinu 1971 námu vaxtalaus harðærislán úr afurðatjónadeild um það bil 45.8 millj. kr. og lán vegna sauðfjársjúkdóma o. fl. ca. 2.3 millj. kr. Styrkir, sem veittir voru vegna Heklugossins síðasta, námu rúmum 35 millj. kr., en fé í þessu skyni var lagt fram úr ríkissjóði að mestu eða öllu leyti.

Af þeim tölum, sem nú eru nefndar, má sjá, að viðfangsefni Bjargráðasjóðs geta verið allmikilvæg og stundum erfið úrlausnar. Sjóðurinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og þarf að vera svo öflugur, að hann geti mætt þeim erfiðleikum, sem breytilegt árferði hefur oftlega í för með sér hér á landi. Mjög auknar tekjur, sem sjóðnum var séð fyrir á undanförnum harðæristímum, ættu að efla efnahag hans, ef árferði verður ekki lakara en í meðallagi næsta áratuginn, hvað enginn veit um.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir starfsemi og stöðu Bjargráðasjóðs. Þetta mál er mál sveitarfélaganna og legg ég því til, að því verði vísað að umr. lokinni til hv. heilbr.- og félmn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Hæstv. félmrh. hefur lýst tilgangi Bjargráðasjóðs og er engu við það að bæta. Verkefni Bjargráðasjóðs er mikilvægt. Hann hefur hlutverki að gegna bæði fyrir landbúnaðinn og fyrir sveitarfélögin, eins við sjóinn sem í sveitinni, alls staðar, þar sem eitthvað kemur fyrir af náttúruvöldum, þarf Bjargráðasjóður að hlaupa undir bagga.

Bjargráðasjóður er gömul stofnun, en hún hefur lengst af verið lítils megandi fjárhagslega. Árið 1960 var gjald til Bjargráðasjóðs aðeins 2 kr. á mann, en er nú 50 kr. á mann. Þetta er vitanlega mjög mikil hækkun, enda þótt tekið sé tillit til verðhækkana, sem orðið hafa. Og eins og hæstv. félmrh. sagði hér áðan, þá mun sjóðurinn eflast með þessu framlagi, ef tíðarfar verður sæmilegt næsta áratug og Bjargráðasjóður þarf ekki að hlaupa undir bagga vegna árferðis eða náttúruhamfara. Þetta veit vitanlega enginn. Þetta frv., sem hér er um að ræða, er nokkur breyting á lögunum eins og þau nú eru. Það er sagt hér í grg. frv., að heildarendurskoðun hafi ekki áður farið fram á þessum lögum og m. a. þess vegna sé eðlilegt og sjálfsagt að endurskoða þau. Þetta er ekki rétt. Það er kannske ekki mikilvægt að vera að leiðrétta þetta, en lögin voru endurskoðuð 1967. Stjórnskipuð nefnd hafði starfað að undirbúningi laganna í tvö ár og þessi endurskoðun var talin mjög víðtæk og vel unnin, þegar lögin voru afgreidd hér á hv. Alþ. En þótt þetta hafi verið, þá getur eigi að síður verið réttmætt að endurskoða lögin nú. Ég tel eðlilegt, að það, sem kemur í opinberu þskj. og fylgir stjfrv., sé rétt haft eftir, þar sé rétt farið með staðreyndir, og það veit ég, að hæstv. félmrh. er á sama máli og ég um það. Hann hefur ekki samið frv. Hér er einhver ritvilla á ferðinni hjá þeim, sem gengu frá frv. En segja má, að það sé ekki neitt stórt atriði út af fyrir sig.

Spurningin er, hvort þær breytingar, sem hér er um að ræða, séu til bóta. Það er það, sem skiptir máli. Hvort deildirnar eru tvær eða þrjár, það er ekkert aðalatriði, hvort sjóðurinn er álitinn vera sjálfstæð stofnun eða ekki eða eins og hann hefur verið, það er heldur ekkert aðalatriði til þess að sjóðurinn geti gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað að gera. Ég tel, að þetta sé ekki neitt mikilvægt, sem hér er um að ræða í sambandi við breytingar á lögunum sjálfum, að öðru leyti en því, að ég tel mjög vafasamt, þegar um það er að ræða, að mikið tjón verður í einhverjum landshluta og það liggur fyrir, að verja þarf miklu fé til hjálpar, þá eigi stjórn Bjargráðasjóðs að skipa nefnd til þess að athuga það mál. Það segir í grg. með frv., að eðlilegt sé, að stjórn sjóðsins skipi þessa nefnd, vegna þess að það verði hlutverk sjóðsins að bæta tjónið. En ég vil nú segja það, að enda þótt Bjargráðasjóður hafi verið efldur undanfarið, þá mun hann ekki vera megnugur að bæta stórtjón af eigin fé, og það verður að fara til ríkisvaldsins og sækja þar fjármagn. Ég held, að það væri miklu hyggilegra frá sjónarmiði sjóðstjórnar, frá sjónarmiði þeirra, sem þurfa á fjármagninu að halda, að ríkisstj. skipaði nefndina, því að um leið og ríkisstj. hefur gengizt undir það að skipa nefnd í því skyni að kanna tjónið, þá hefur hún einnig tekið á sig siðferðislegar skuldbindingar um það að bæta tjónið. Ég tel, að miklu eðlilegra sé, að ríkisstj. skipi nefnd heldur en sjóðstjórnin, því að sjóðstjórnin hefur aldrei nema yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og alls ekki nægilegu, ef um stórtjón er að ræða, eins og oft vill verða. Ég minnist þess, að þegar Heklugosið varð, þá borgaði ríkissjóður beint 35 millj. kr., vegna þess að Bjargráðasjóður var ekki fær um það. Ríkisstj. skipaði nefnd, og um leið og hún gekkst inn á að skipa nefnd til þess að kanna málið hafði hún einnig gengizt inn á það óbeint að bæta tjónið.

Hæstv. ráðh. gat um það áðan, hversu mikið fjármagn það væri, sem hefði verið veitt í lánum og styrkjum. Og þetta er allmikil upphæð, jafnvel miðað við þær kr., sem við nú erum með í umferð. Það eru 240 millj. kr. á árunum 1967–1971. En heildartekjur Bjargráðasjóðs á ári eru ekki nema – heildartekjur af framlögum – ekki nema 20 millj. kr., þannig að við sjáum, að enda þótt Bjargráðasjóður hafi verið efldur, þá er þetta takmarkað fé, sem hann hefur, ef til stórtíðinda dregur. Og ég vil nú mælast til þess, að sú n., sem fær þetta frv., athugi það, hvort þetta er hyggilegt fyrir þá, sem ætla sér að sækja fé til ríkisstj., að taka af henni valdið til þess að kanna tjónið. Ég held, að ef ég væri í stjórn Bjargráðasjóðs, teldi ég þetta mjög óhyggilegt, og ég mundi byrja á því að reyna að klemma ríkisstj. með því að fá hana til þess að skipa nefnd til þess að athuga málið. Það væri hægari þá eftirleikurinn að sækja fé í hendur hennar, því að þótt ganga megi út frá því, hvaða ríkisstj. sem er í landinu, að hún sé alltaf reiðubúin að hlaupa undir bagga og bæta tjón, þá er það nú svo, að menn líta misjöfnum augum á málin og sumir telja þetta vera bráðnauðsynlegt, aðrir ekki. Þess vegna er nú það, að eðlilegt er, að hverju sinni sé kannað af velviljuðum og fróðum mönnum, hvernig málin standa, og til

ríkisstj. verður að leita, ef til stórtíðinda dregur og hjálp þarf að veita.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl. gerði nokkrar aths. við frv. og þá einnig aths. varðandi upphaf aths. við það. Þar segir, að Bjargráðasjóður Íslands hafi verið stofnaður með lögum nr. 45 frá 10. nóv. 1913, og þótt breytingar hafi verið gerðar á lögunum um hann á undanförnum árum, hafi engin heildarendurskoðun þeirra átt sér stað. Ég játa, að ég hef ekki haft aðstöðu til eða leitt hugann að því að aðgæta, hvort þetta er rétt staðhæfing, en ef þetta er rangt, þá ber vissulega heldur að hafa það, sem sannara reynist, ef einhver heildarendurskoðun hefur farið fram á lögunum, eins og hv. þm. staðhæfir. En þessar aths. með frv. eru einnig samdar af stjórn Bjargráðasjóðs.

Það má vissulega deila um það nýmæli í frv., að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa nefnd til þess að rannsaka tjón og gera till. um aðstoð, þegar um almennt tjón í heilum byggðarlögum er að ræða, eða hvort eigi að hafa þann háttinn á, sem verið hefur, að landbrh. í slíkum tilfellum skipi sérstaka harðærisnefnd. Ég ímynda mér nú, að nokkuð mikill kostnaður hafi orðið af starfi þessarar harðærisnefndar, og veit ekki nema e. t. v. yrði hægt að komast nokkuð hjá auknum kostnaði, ef stjórnin sæi um þetta að öllum jafnaði eða kysi til þess sérstaka nefnd. Þetta skal sannarlega athugað í þeirri þn., sem fær málið til meðferðar. Bjargráðasjóðsstjórnin telur heppilegra og eðlilegra, að hún tilnefni nefnd til rannsóknar og tillögugerðar, og getur þess í aths., að hingað til hafi landbrh. skipað harðærisnefnd undir slíkum kringumstæðum. Hins vegar segir, að það sé undir venjulegum kringumstæðum að jafnaði hlutverk sjóðsins að bæta úr áföllunum, og það er vissulega rétt. En verði stóráföll, þá verður að koma til kasta ríkissjóðs og enginn veit fyrir fram, hversu stór í sniðum slík áföll geta verið. Og þá má vel vera, að það yrði búið að koma fætinum inn fyrir þröskuld hjá ríkissjóði með því, að landbrh. hefði skipað nefndarmenn og þeir væru þannig meira á hans vegum. Um þetta skal ég ekki deila, en þetta var einasta veigameiri aths., sem hv. þm. gerði við frv., eins og það er hér fram lagt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Bjargráðasjóðslögin gera ekki ráð fyrir, að bætt verði aðeins tjón í sveitum, heldur einnig í sjávarplássum, ef tjón verður, og þess vegna tel ég ekki rétt, að í frv. væri sagt, að landbrh. skipaði nefnd, heldur ríkisstj., t. d. félmrh., ef tjónið er við sjávarsíðuna og ekki snertandi landbúnað. Það eðlilegasta væri, að ríkisstj. skipaði nefndina, en ekki sérstakur ráðh., því að hlutverk Bjargráðasjóðs er miklu víðara en svo, að það snerti aðeins landbúnaðinn. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann ætlar að beita sér fyrir því, að þetta mál verði athugað nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 727).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um Bjargráðasjóð og liggur fyrir nál. á þskj. 727. N. mælir einróma með samþykkt frv. Við 1. umr. gerði hæstv. félmrh. ítarlega grein fyrir frv. og þeim breyt., sem í því felast frá gildandi lögum, og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við. Ég vil geta þess, að stjórn Bjargráðasjóðs er samþykk þessu frv. og einnig stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, en umsögn þess lá ekki fyrir, þegar málið var afgr. úr n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 878).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er stjfrv. borið fram í Nd. og hefur hlotið þar einróma samþykkt án breytinga frá þeirri gerð, sem það var í, þegar það var lagt fyrir. Þetta frv. hefur legið alllengi fyrir þingheimi, þannig að ég geri ráð fyrir því, að ekki sé ástæða til að fara út í þær breytingar, sem þar eru gerðar á gildandi lögum. Þær eru engar mjög stórvægilegar, eins og raunar má sjá, þegar ég les aths. við frv. Hér er ekki um að ræða neina nýja gjaldheimtu af neinu tagi heldur ýmsar breytingar, sem hafa verið gerðar á fyrri lögum, m. a. í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. Heilbr.- og félmn. hefur athugað málið og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 908).

57. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands [260. mál] (stjfrv., A. 576).

Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar lög um breyt. á skipulagsskrá Stofnunar Árna Magnússonar höfðu verið samþykkt í annað skipti á þjóðþingi Dana 19. maí 1965, var gerður sáttmáli milli Íslands og Danmerkur og undirritaður í Kaupmannahöfn 1. júlí 1965. Vegna málaferla þeirra fyrir dönskum dómstólum, sem töfðu það, eins og öllum er kunnugt, að lögin um breytingu á skipulagsskrá Stofnunar Árna Magnússonar kæmust til framkvæmda, varð dráttur á fullgildingu þessa sáttmála allt fram til 1. apríl 1971. En þá nokkru áður var lokið málaferlunum í Danmörku.

Sáttmáli þessi fjallar um framkvæmd lagaákvæðanna um skiptingu handrita og skjalagagna í Árnastofnun í Kaupmannahöfn, á þann hátt, að skilað verði til Íslands þeim hluta safnsins, sem telst íslenzk menningareign, og sömuleiðis sams konar handritum og skjalagögnum úr Konungsbókhlöðu. Skipulagsskránni, sem Friðrik V. setti 18. jan. 1760, er breytt þannig með lögum, að Stofnun Árna Magnússonar skiptist í tvær deildir, svo að handrit og skjalagögn, sem teljast íslenzk menningareign, skal varðveita í vörzlu Háskóla Íslands. Sú deild Stofnunar Árna Magnússonar, sem sett verður á stofn á Íslandi, skal einnig fá til varðveizlu handrit úr Konungsbókhlöðu af sama tagi og þau af handritum Stofnunar Árna Magnússonar, sem til Íslands fara. Með þessum sáttmála ríkisstjórnanna tekur ríkisstj. Íslands að sér að varðveita með atbeina Háskóla Íslands þau handrit og skjalagögn, er koma í hlut stofnunardeildarinnar á Íslandi. Varðveizla og umsjón handritanna skal vera í samræmi við reglurnar, sem skipulagsskrá Legats Árna Magnússonar felur í sér. Af þessum handritum og skjalagögnum og fjárhlut af höfuðstól Stofnunar Árna Magnússonar skal mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Tekið er fram í sáttmála ríkisstjórnanna, að ríkisstj. Íslands muni staðfesta það heiti á stofnunardeildinni íslenzku.

Frv., sem hér er lagt fyrir, felur í sér efndir af Íslands hálfu á því fyrirheiti, sem í sáttmálanum er gefið. Efndirnar eru með þeim hætti, að lagt er til, að breytt sé lögum um Handritastofnun Íslands til samræmis við ákvæði sáttmálans milli Íslands og Danmerkur. Orðið hefur að ráði að tengja í heiti hinnar nýju stofnunar nöfnin tvö, það nafn, sem kveðið er á um í sáttmála Íslands og Danmerkur, Stofnun Árna Magnússonar, og það nafn, sem tíðkazt hefur hingað til, Handritastofnun Íslands. Í lögunum er skýrt tekið fram, að hér sé um að ræða háskólastofnun, því að það eitt er í samræmi við hin dönsku lög og sáttmálann milli ríkjanna, sem á þeim byggist. Gert er ráð fyrir, að forstöðumaður stofnunarinnar sé prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands og hann ásamt rektor Háskólans skipi meiri hl. í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Sömuleiðis eru ákvæði um það, að tilsjónarmenn með stofnuninni, eða eforar eins og þeir nefnast í skipulagsskrá Stofnunar Árna Magnússonar, skuli tilnefndir af háskólaráði.

Jafnframt þessum breytingum, sem leiðir af hinum dönsku lögum og sáttmála ríkisstjórna Íslands og Danmerkur, eru gerðar breytingar á stjórn hinnar nýju stofnunar frá því, sem ákveðið var í lögum um Handritastofnun frá 1961. Í aths. við frv. til þeirra laga var komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á s. l. vori um afhendingu íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda, og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi", ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar."

Með því frv., sem hér er lagt fyrir, er horfið að nokkuð öðru ráði. Ljóst þykir, að tilvist slíks kjarna innan vébanda Handritastofnunar Íslands kynni að hafa í för með sér ýmiss konar annmarka. Annars vegar mundi starfsemi stofnananna að miklu leyti falla í sama farveg, en að því leyti, sem þær gegndu sérstæðu hlutverki hvor um sig og lytu sérstakri stjórn, kynni að koma til árekstra. Og enn kemur til eitt atriði, sem máli skiptir, sem sé, að þegar Handritastofnun Íslands var sett á laggirnar, var henni ætlað mjög víðtækt hlutverk. Hún átti að verða nokkurs konar allsherjarstofnun íslenzkra fræða. Í tillögum háskólaráðs, sem voru fskj. með frv. frá 1961, er og talað um að koma á fót rannsóknastofnun í íslenzkum fræðum og skilgreining laganna á hlutverki stofnunarinnar, sem enn er látin haldast lítt breytt, bendir til hins sama. En nú hefur þannig þróazt, að settar hafa verið á stofn við Háskólann sérstakar rannsóknastofnanir í hverri þriggja aðalgreina íslenzkra fræða, í sagnfræði, í norrænum málvísindum og í bókmenntafræði. Af sjálfu leiðir, að þær stofnanir hljóta að taka að nokkru leyti við því hlutverki, sem Handritastofnuninni var ætlað í upphafi. En hins vegar er ekki hugsað til þess að setja upp sérstakar deildir í þessum fræðigreinum innan vébanda Handritastofnunarinnar. Samkv. þessari eðlilegu þróun verður hún því raunveruleg handritastofnun, bæði í nafni og ætlunarverki, og starfssvið hennar fellur að mestu leyti saman við svið hinnar fyrirhuguðu stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Þegar á þetta allt er litið, virðist augljóst, að heppilegasta lausnin sé sú að breyta lögunum um Handritastofnun Íslands og sameina hana hinni nýju Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Til þessa hefur stjórnarnefnd Handritastofnunar verið skipuð sjö mönnum, forstöðumanni stofnunarinnar sjálfrar, þrem öðrum prófessorum við Háskólann og þrem embættismönnum, landsbókaverði, þjóðskjalaverði og þjóðminjaverði. Þungt er í vöfum að hafa svo

fjölmenna stjórnarnefnd, og borið hefur á þeirri skoðun, að óeðlilegt megi telja, að forstöðumenn annarra stofnana séu skyldaðir til að sitja embættis vegna í stjórnarnefnd Handritastofnunar. Um prófessorana þrjá hefur sú venja tíðkazt upp á síðkastið, að þeir hafa verið fulltrúar fyrir hverja hinna þriggja aðalgreina íslenzkra fræða. En eins og ég gat um áðan, hafa þær greinar nú fengið hver sína rannsóknastofnun, en upphaflegt ætlunarverk Handritastofnunar þrengist að sama skapi, og því virðist nú ekki ástæða til, að þessar fræðigreinar eigi sérstaka fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Í frv., sem hér er lagt fyrir, er gert ráð fyrir þriggja manna stjórnarnefnd. Í sáttmála Danmerkur og Íslands um handritin og varðveizlu þeirra er varðveizla þeirra og umsjón falin ríkisstj. Íslands og Háskólanum, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi – Handritastofnun Íslands er sett á fót til að annast handritin og vinna úr þeim. Því er eðlilegt, að þessir þrír aðilar eigi hver sinn fulltrúa í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Sem sagt, forstöðumaður stofnunarinnar sitji í stjórn hennar, rektor Háskóla Íslands og fulltrúi ríkisstj. tilnefndur af menntmrh. Einnig er talið eðlilegt að taka beinlínis fram í lögunum, að starfsmenn stofnunarinnar skuli vera með í ráðum um fræðilega stjórn hennar, svo sem um val verkefna og skiptingu samkv. nánari ákvæðum, sem sett verði í reglugerð.

Með ákvæðinu um réttindi og skyldur starfsmanna stofnunarinnar í 8. gr. frv. er átt við starfstilhögun innan stofnunarinnar, þ. á m. að verkefnaval fari fram í samráði við starfsmenn eftir þeim reglum, sem mælt verður fyrir um í reglugerð. Starfsmenn slíkrar stofnunar vinna meira og minna sjálfstætt, eftir að verkefnin hafa verið ákveðin. Sömuleiðis er ætlazt til, að reglugerð kveði á um þá leiðsögn, sem starfsmenn skuli veita stúdentum, styrkþegum og innlendum og erlendum vísindamönnum við lestur handrita, mat á gildi þeirra og aðferðir við útgáfustörf. Hins vegar er í þessu frv. horfið frá því, sem mælt er fyrir um í núgildandi lögum, að sérfræðingar stofnunarinnar láti í té kennslu við Háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum greinum, sem þeir eru sérfróðir um. Sú hefur orðið reyndin, að forstöðumaður Handritastofnunar og sérfræðingar hennar láta mikla tilsögn í té, bæði styrkþegum við stofnunina og öðrum, sem koma þar til starfa, auk þess sem þeir hafa yfirumsjón með öllum verkum, sem út verða gefin hjá stofnuninni. Þetta hefur reynzt mjög tímafrekt, og er þó einsýnt, að það mundi verða enn tímafrekara, er fram í sækir, þegar fjölgar þeim gestum, sem vinna á vegum stofnunarinnar. Þegar þessa er gætt, virðist ekki fært að lögbinda frekari kennsluskyldu sérfræðinga við Háskólann, því að svo gæti þá farið, að þeir hefðu lítinn sem engan tíma aflögu til að sinna sjálfstæðum vísindastörfum við stofnunina sjálfa. Á það ber að leggja ríka áherzlu, að Handritastofnun á að vera rannsóknastofnun fyrst og fremst, en ekki kennslustofnun.

Ég býst við, að öllum, sem hér eru staddir, sé í fersku minni sú stund, þegar danska herskipið „Vædderen" lagði að landi fyrir næstum réttu ári, 21. apríl 1971, og færði Íslendingum þau tvö handrit, sem nefnd eru á nafn fullum stöfum í dönsku lögunum um afhendingu handritanna, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Með frv., sem hér er lagt fyrir, eru lögð að því drög, að íslenzka ríkið uppfylli að sínum hluta þau fastmæli, sem bundin hafa verið við hið gamla sambandsríki okkar, Danmörk. Málalok í handritamálinu eru svo einstæð og Íslendingum slíkt fagnaðarefni, að ég veit mig tala bæði í nafni þings og þjóðar, þegar ég lýsi því hér yfir, að af Íslands hálfu verður kappkostað af fremsta megni að taka þannig við hinum fornu ritum, varðveita þau og rannsaka á þann hátt, að uppfylli í hvívetna ákvæði stofnskrár Legats Árna Magnússonar og samboðinn er þeim þjóðarfjársjóði okkar Íslendinga, sem hér er um að ræða.

Háskólinn í Kaupmannahöfn og Háskóli Íslands hafa nú hvor um sig skipað tvo menn til að fjalla um skiptingu handritanna eftir þeim reglum, sem settar eru í hinum dönsku lögum. Þegar það frv., sem nú er lagt fyrir, er orðið að lögum, er ekkert því til fyrirstöðu, að handritaskiptin geti hafizt, þá hafa Íslendingar uppfyllt af sinni hálfu forsendurnar fyrir skiptingu Stofnunar Árna Magnússonar. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að það verk, sem enn er óunnið við skiptingu handritanna, verður unnið í þeim anda veglyndis og réttsýni, sem fulltrúar dönsku þjóðarinnar skópu með samþykkt laganna um handritaskilin til Íslands.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 787).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi – Handritastofnun Íslands. Frv. þetta er samið í framhaldi af sáttmála Dana og Íslendinga um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar til Íslands. Hinni nýju stofnun, sem varðveita mun handritin hér á Íslandi, hefur verið ætlað að bera nafnið Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi – Handritastofnun Íslands, enda kemur hún að öllu leyti í stað Handritastofnunar Íslands. Fullt samkomulag hefur nú hins vegar orðið um það að breyta fyrirhuguðu heiti stofnunarinnar þannig að nafn hennar verði Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, og þess vegna hefur menntmn. gert till. um það. Það er 1. brtt., að viðbótin, þ. e. orðin Handritastofnun Íslands, verði felld með öllu niður úr frv.

Ágreiningur hefur komið fram um stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir þriggja manna stjórnarnefnd, sbr. 4. gr. 2. mgr., en þar er gert ráð fyrir því, að í stjórnarnefndinni eigi sæti forstöðumaður, sem jafnframt sé formaður stjórnarinnar, rektor Háskólans og einn skipaður af menntmrh. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir sérstakri fræðilegri stjórn, sem skipuð verði starfsmönnum stofnunarinnar undir forustu forstöðumanns samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, sem ráðh. setur. Heim-

spekideild Háskóla Íslands og háskólaráð hafa borið fram till. um aðra stjórnskipan stofnunarinnar og henni hefur verið komið á framfæri við menntmn. fyrir milligöngu menntmrn. Í þessum till. er gert ráð fyrir því, að við stofnunina sé starfandi fimm manna yfirstjórn, þar af skipi Háskólinn þrjá menn í þá yfirstjórn; háskólabókavörður sé sjálfkjörinn í þessa fimm manna stjórnarnefnd, einn sé skipaður af menntmrh. án tilnefningar og sérfræðingar stofnunarinnar eigi rétt til setu á stjórnarnefndarfundum og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt gerir háskólaráð og heimspekideild Háskólans þá till., að fellt verði úr frv. það ákvæði, sem gerir ráð fyrir sérstakri fræðilegri stjórn stofnunarinnar, sem starfsmenn hennar standi að. Menntmn. hefur skoðað þessar till. og ábendingar. Hún telur sjálfsagt og óhjákvæmilegt, að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi sé háskólastofnun í nánum tengslum við Háskóla Íslands. Þessu til áréttingar má vitna í 1. og 2. gr. sáttmálans, sem gerður var á milli Danmerkur og Íslands, þar sem áherzla er lögð á það, að handritin skuli flytja til Íslands og Háskóli Íslands skuli varðveita þau og hafa umsjón með þeim. Þetta kemur fram bæði í 1. og 2. gr. sáttmálans. Menntmn. telur, að þessi samningsákvæði séu raunverulega alveg nægilega uppfyllt í sjálfu frv. með ákvæðum 1. gr. þess, þar sem segir, að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi sé háskólastofnun með sérstakri stjórn, með ákvæðum 7. gr. um tvo tilsjónarmenn stofnunarinnar, sem háskólaráð skuli kjósa, og með ákvæðum 2. mgr. 4. gr. um stjórnarnefnd stofnunarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að rektor Háskóla Íslands eigi sæti í stjórnarnefndinni. Til enn frekari áréttingar á tengslum stofnunarinnar við Háskóla Íslands leggur hins vegar menntmn. til, að frvgr. verði breytt á þann veg, að rektor Háskóla Íslands verði formaður stjórnarnefndar stofnunarinnar í stað forstöðumannsins eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er 2. brtt., sem n. flytur á þskj. 787.

Að öðru leyti telur n. eðlilegast og farsælast, að það stjórnarfyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, haldist óbreytt og fræðileg stjórn stofnunarinnar verði skipuð starfsmönnum hennar. Auk þessa hefur menntmn. gert till. um breytingu á 5. gr. frv. í samræmi við óskir háskólaráðs, eins og fram kemur í 3. brtt. n.

Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður hefur vakið athygli menntmn. á því, að æskilegt kynni að vera, að í frv. kæmi fram sá skilningur Alþ., að handritin væru eign Íslendinga. Eins og kunnugt er, hafa Íslendingar ávallt haldið því fram, að handritin væru eign íslenzku þjóðarinnar. Þrátt fyrir þetta var á það fallizt af hálfu íslenzkra stjórnvalda í febrúar 1961, að Íslendingar tækju á móti handritunum sem gjöf og var því augljóslega um að ræða nokkra tilslökun að hálfu Íslendinga í því skyni að auðvelda dönskum stjórnvöldum að koma málinu fram. Hin fyrirhugaða eignarréttaryfirfærsla var síðan staðfest af danska þinginu, sem beinlínis notaði hugtakið gjöf í samþykkt sinni um málið. Í ákvæðum samningsins milli Dana og Íslendinga, sem gerður var í júlí 1965, er hins vegar hvergi að finna nein afgerandi ákvæði um eignarréttinn að handritunum. Þar er talað um, að orðið sé við þeim óskum íslenzku þjóðarinnar, að hún hafi sjálf umráð þessara þjóðlegu minja og að handritin séu íslenzk menningarrit, en kjarni sáttmálans er sá, að handritin séu flutt til Íslands og Íslendingar eigi að hafa umsjón með þeim. En hver er eigandi handritanna? Það segir sáttmálinn ekkert um.

Eftir dönskum lögum er hins vegar ekki lengur vafi á, að afhending handritanna felur í sér yfirfærslu eignarréttar. Þetta var úrskurðað með dómi hæstaréttar Danmerkur 17. nóvember 1966, sem komst einróma að þeirri niðurstöðu, að lögin um afhendingu handritanna fælu í sér eignarnám. Það ætti í raun og veru ekki að standa á Íslendingum að staðfesta þann skilning á eignaraðild handritanna, sem Danir hafa áður fallizt á, bæði á þjóðþingi sínu og í hæstarétti, þó að sjálfur millirikjasamningurinn sé einkennilega fáorður um þetta mikilvæga atriði. Samningnum milli Dana og Íslendinga um lausn handritamálsins verður að sjálfsögðu ekki breytt héðan af, en Alþ. fær raunverulega með samþykkt þessa frv. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tækifæri til þess að staðfesta skilning Íslendinga á því, hver sé eigandi handritanna, þannig að ekki þurfi síðar um það að deila, og í framhaldi af þessu hefur Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður komið fram með þá till., að 2. gr. frv. verði þannig orðuð: Stofnunin varðveiti handrit þau og skjalagögn, þjóðareign Íslendinga, sem ríkisstj. Íslands hefur veitt og veitir viðtöku o. s. frv. Þarna verði skotið inn orðunum „þjóðareign Íslendinga". Þegar menntmn. ræddi þetta mál, voru nm. almennt sammála um, að til álita gæti komið að fallast á þessa till., en vegna þess að ekki hafði gefizt neinn tími til að leita álits sérfræðinga um þetta atriði áður en fundur menntmn. var haldinn, var ákveðið að kanna nánar fyrir 3. umr. hjá þeim, sem mestan þátt hafa átt í samningu þessa frv., hvort til greina kæmi að breyta frv. í þessa átt. Ég hef leitazt við að kynna mér skoðanir þeirra, sem gerst þekkja þetta mál, bæði frá lögfræðilegu sjónarmiði og frá öðrum sjónarmiðum, og eftir að það mál hefur verið athugað, þá virðast menn almennt vera sammála um, að þessi breyting, – þó að hún eigi raunverulega fyllsta rétt á sér og ekki sé vafi á því, að þessi er skilningur okkar Íslendinga á því, sem gerzt hefur í handritamálunum, – gæti verið varhugaverð og eins og á stendur sé hyggilegra að fara að með fullri gát. Ég vil taka það fram, að m. a. hef ég haft samráð við hæstv. menntmrh. um þetta atriði svo og forstöðumann Handritastofnunar Íslands, sem áður hafði haft samráð við m. a. Loga Einarsson hæstaréttardómara. Ég vil taka það einnig fram, að ég hef rætt þetta við þá meðnm. mína, sem ég hef náð til. Það er sem sagt samstaða um það að hreyfa ekki við frv. hvað þetta atriði snertir.

Eftir að menntmn. kom saman til fundar, hefur mér verið bent á, að við það að úr nafni stofnunarinnar eru felld orðin „Handritastofnun Íslands", þá sé óhjákvæmilegt að gera nokkrar breytingar á 9. gr. frv., þannig að skýrt komi fram, að þessi nýja stofnun skuli taka við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands. Þar sem þess verður vafalaust freistað að koma þessu máli til 3. umr. og þá jafnvel úr d. í dag, ef þess er nokkur kostur, hef ég talið hyggilegast, ef ekki koma nein mótmæli við því hér í umr. á eftir, að reyna að fá samþykkta við þessa umr. brtt. við 9. gr. frv., sem ég að vísu hef ekki átt kost á að ræða sérstaklega við menntmn. um. Ég leyfi mér því að flytja hér sem skriflega brtt. við frv. eftirfarandi till., að 9. gr. orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands."

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að afhenda þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 816) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 787,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 787,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 787,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6.–8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 816 samþ. með 14 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 787,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 819).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Lög um breytingu á skipulagsskrá Stofnunar Árna Magnússonar voru samþ. í annað skipti á þjóðþingi Danmerkur 19. maí 1965. Síðan var sáttmáli milli Íslands og Danmerkur undirritaður í Kaupmannahöfn 1. júlí 1965. Fullgilding þessa sáttmála beið þó fram til 1. apríl 1971. Þá var lokið endanlega málaferlum fyrir dönskum dómstólum, sem risu út af lögum danska þjóðþingsins um skiptingu Stofnunar Árna Magnússonar milli Íslands og Danmerkur.

Sáttmáli ríkjanna fjallar um framkvæmd hinna dönsku lagaákvæða um skiptingu handrita og skjalagagna í Árna Magnússonar stofnuninni í Kaupmannahöfn, þannig að skilað verði til Íslands þeim hluta safnsins, sem telst íslenzk menningareign og úr Konungsbókhlöðu enn fremur handritum og skjalagögnum, sem hið sama gildir um, sem telja verður íslenzka menningareign. Einnig er með lögunum breytt skipulagsskránni, sem Friðrik V. setti 18. jan. 1760 um Stofnun Árna Magnússonar, þannig að hún skiptist í tvær deildir samkv. ákvæðunum í hinum dönsku lögum og það af gögnum og handritum stofnunarinnar, sem íslenzk menningareign telst, verði falið Háskóla Íslands til varðveizlu. Sömuleiðis fái Íslandsdeild Stofnunar Árna Magnússonar til varðveizlu handritin, sem skilað verði úr Konungsbókhlöðu. Með sáttmálanum milli ríkisstjórnanna tekur ríkisstj. Íslands að sér að varðveita með atbeina Háskóla Íslands þau handrit og skjalagögn, sem til Íslands fara. Varðveizla og umsjón skal vera í samræmi við reglurnar, sem settar eru í skipulagsskrá Legats Árna Magnússonar.

Frv., sem hér er lagt fyrir hv. d., fjallar um það, að Ísland efni af sinni hálfu fyrirheitin, sem gefin voru í sáttmálanum við Danmörku. Það er gert með því að setja lög um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, sem taki við þeim handritum og skjalagögnum, sem skilað verður frá Danmörku, en taki jafnframt við hlutverki, eignum og skuldbindingum Handritastofnunar Íslands. Ég mun ekki rekja hér einstök efnisatriði þessa frv., en vil aðeins segja það að lokum, að málalokin í handritamálinu eru svo einstæð og öllum Íslendingum slíkt fagnaðarefni, að ég veit, að hv. Alþ. mun af sinni hálfu kappkosta, að tekið verði þannig við hinum fornu ritum, þau verði varðveitt og rannsökuð á þann hátt, sem bezt uppfyllir ákvæði stofnskrár Legats Árna Magnússonar og samboðið er þeim þjóðarfjársjóði okkar Íslendinga, sem um er að ræða.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 819, n. 880).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Menntmn. hefur á fundi sínum í dag fjallað um frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, eins og það liggur fyrir á þskj. 819 eftir meðferð Ed. á málinu.

Eins og fram kemur á þskj. 880, mælir menntmn. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Með samþykkt þessa frv. er Alþ. og þar með íslenzka þjóðin fyrir sitt leyti að fullnægja ákvæðum þess sáttmála, sem gerður var milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku heim til Íslands. Í ljósi þessa hlýtur það að vera alþm. ljúft og ánægjulegt að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

2.–9. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 912).

58. Tækniskóli Íslands (stjfrv.).

Á 27. fundi í Ed., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um Tækniskóla Íslands [124. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 29. og 31. fundi í Ed., 13. og 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 26. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það til l. um Tækniskóla Íslands, sem hér er lagt fyrir, er samið af nefnd, sem skipuð var s. l. sumar til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það, þó að margt mætti um segja, hversu Tækniskóli Íslands er á vegi staddur. Ég býst við, að hv. þm. sé allvel kunnugt um það, að þessi þarfi skóli, sem allir eru vafalaust áhugasamir um, að ræki sem bezt sitt hlutverk, hefur átt við margvíslega byrjunarörðugleika að stríða. Sérstaklega er hann enn á hrakhólum með húsnæði, og ekki hefur gengið allt of vel að halda saman þeim kennslukröftum, sem ákjósanlegastir eru taldir. En sem sagt, um það ætla ég ekki að fjölyrða að þessu sinni, heldur greina fyrst og fremst frá tilefni þess, að þetta frv. er borið fram, og lýsa nokkuð efnisþáttum þess.

Ástæðan til, að ráðizt var í að undirbúa frv. að nýjum lögum um Tækniskólann, er fyrst og fremst sú, að þegar að því kom, að hann útskrifaði í fyrsta sinn tæknifræðinga, þá komu upp nokkuð deildar meiningar um það, hvort það nám, sem hann hafði veitt þeim og mundi að því er séð yrði veita á næstunni, væri í raun og veru fullgilt tæknifræðinám, í samræmi við þær kröfur, sem til tæknifræðinga eru gerðar samkv. ríkjandi lögum um, hverjir hafi rétt til að bera það starfsheiti. Úr varð, að skipuð var þriggja manna nefnd, skipuð skólastjóra Tækniskólans, Bjarna Kristjánssyni, Jóni Sveinssyni, tæknifræðingi, samkv. tilnefningu Tæknifræðingafélags Íslands, og formaður hennar var Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntmrn. Skipunarbréf nefndarinnar felur í sér, hvert hlutverk henni er ætlað, og vil ég lesa úr því kafla, sem það varðar. Þar segir:

„Nefndin skal hlutast til um, að í frv. til laga og/eða reglugerðar um skólann verði ákvæði, er tryggi, að nemendur hans fái jafngóða menntun og nemendur viðurkenndra tæknifræðiskóla í nágrannalöndunum, að því er varðar kennslumagn, kennslu- og námstímalengd og annað, er máli skiptir í því efni. Enn fremur skal í lagafrv. gert ráð fyrir, að skipuð verði skólanefnd við skólann, þar sem eigi m. a. sæti fulltrúi frá Tæknifræðingafélagi Íslands og atvinnuvegunum."

Nefndin skilaði s. l. haust því frv., sem hér er lagt fyrir, og þar er í samræmi við skipunarbréf hennar tekið upp það ákvæði í 1. gr., að í starfi Tækniskóla Íslands skuli jafnan miðað við þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða. Svo er í 2. gr. sett ákvæði um, að menntmrn. skipi við skólann skólanefnd. Jafnframt er starfsheiti skólastjóra breytt í heitið rektor til samræmis við það, sem talið er eðlilegast á því skólastigi, sem hér er um að ræða. Loks er enn eitt atriði, sem máli skiptir. Það er, að í 8. gr. er bætt við ákvæði um, að verkskólun og verkleg þjálfun, sem krafizt er af mönnum til inngöngu í skólann, skuli ákveðin í reglugerð, en um þetta hafa ekki gilt skýr ákvæði til þessa.

Hvað varðar skólanefndarskipunina er lagt til, að í hana tilnefni fjórir aðilar menn. Þeir eru Tæknifræðingafélag Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Alþýðusamband Íslands. Formaður skal síðan skipaður af ráðh.

Enn fremur er bætt inn í þetta frv. frá því, sem er í gildandi lögum, ákvæðum um, að undirbúningsdeild undir Tækniskólann skuli ekki aðeins heimilt að starfa á Akureyri, heldur einnig á Ísafirði, en á báðum þessum stöðum starfa nú undirbúningsdeildir og hafa gert um skeið. Loks er hér einnig bætt við í 7. gr. ákvæði um, að stefnt skuli að því, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli.

Ég held, að um það verði alls ekki deilt, að þegar verið er að leitast við að færa inn í landið nám í verklegum greinum, sem áður hefur orðið að sækja til annarra landa, skipti það höfuðmáli, að þannig sé staðið að framkvæmdum, að þeir, sem útskrifast úr hinum íslenzku skólum, hafi fengið sambærilega kennslu og sambærilega þjálfun við það, sem gerist í hinum erlendu skólum, sem ella yrðu sóttir héðan. Ef ekki er leitazt við að efla skólastofnanirnar, svo að þær geti risið undir þessum kröfum, þá eigum við á hættu, að í raun og veru lækki færnistig í þýðingarmiklum starfsgreinum, og það verður að fyrirbyggja með öllum tiltækum ráðum. Að þessu marki stefnir það frv., sem hér er lagt fyrir, hvað Tækniskóla Íslands varðar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 658, 227, 491).

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur tekið frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum um Tækniskóla Íslands. Það er hér um að ræða nokkrar minni háttar orðalagsbreytingar, sem ég skal ekki fara út í að skýra, sé ekki ástæðu til þess við þessa umr. Það eru enn fremur ný ákvæði, sem varða inntökuskilyrði í skólann. Það er svo nýjung, sem er falin í því, að þetta frv. gerir ráð fyrir, að það verði sérstök skólanefnd skipuð fyrir Tækniskólann. Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að við skólann starfi fimm manna skólanefnd, skipuð af menntmrn. til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðn-

rekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en rn. skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Þetta er eitt af aðalnýmælunum í þessu frv. En samkv. gildandi lögum er engin skólanefnd, sem hefur um Tækniskólann að fjalla, heldur heyrir hann beint undir menntmrh.

Þá er nýjung, sem mér þykir rétt að vekja athygli á, í 2. mgr. 7. gr. frv., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Verði að því stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli.“ Starfræksla undirbúningsdeildar á Akureyri og Ísafirði, eins og hér er gert ráð fyrir, er í samræmi við það, sem verið hefur í raun á undanförnum árum. En það er nýjung í löggjöfinni að setja það í lög, að þessi undirbúningsdeild skuli starfa á Ísafirði. Samkv. gildandi lögum er í þessu efni einungis nefnd Akureyri. Þá er sú önnur breyting frá gildandi lögum í þessari mgr., að það er tekið fram, að stefnt skuli að því, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli.

Þetta eru meginbreytingarnar frá gildandi löggjöf, sem teknar eru upp í þessu frv. Eins og segir í grg. með frv., var sérstakri nefnd falið að vinna að endurskoðun laganna um Tækniskóla Íslands. Mér þykir rétt að benda á það, sem stendur í grg. varðandi starf þessarar nefndar. Þar segir, að í skipunarbréfi nefndarmanna hafi verið tekið fram, að nefndin skuli hlutast til um, að í frv. til laga um skólann verði ákvæði, er tryggi, að nemendur hans fái jafngóða menntun og nemendur viðurkenndra tæknifræðiskóla í nágrannalöndunum, að því er varðar kennslumagn, kennslu og námstímalengd og annað, sem máli skiptir í því efni.

Nefnd þessi, sem falið var að vinna þetta verk, mat það svo, að á þeim stutta tíma, sem óskað var, að hún lyki þessu verki, væri ekki hægt að koma við jafnumfangsmikilli og nákvæmri athugun og þyrfti til að gera samanburð á tækni og tæknifræðinámi í nágrannalöndunum og á Íslandi. Og með hliðsjón af þessu var ekki um að ræða hjá þessari nefnd heildarendurskoðun á þessari löggjöf eða tæknimenntun í heild, heldur aðeins gerðar þær breytingar á gildandi lögum, sem ég hef hér áður gert grein fyrir. En nefndin bendir á í grg. með frv. þessu, að frekari athugun þurfi á framtíðarstöðu Tækniskóla Íslands í skólakerfinu, og telur, að það sé æskilegt að fela sérstakri nefnd það verkefni með svipuðum hætti og lagt er til í álitsgerð um nýskipan verktæknimenntunar á Íslandi, sem menntmrn., skólarannsóknadeild, gaf út í júní 1971.

Af þessu má nokkuð marka, að þó að hér sé um að ræða nýtt frv. til l. um Tækniskóla Íslands, þá eru öll þessi mál mjög í deiglunni. Með tilliti til þess leitaðist hv. menntmn. við að athuga þessi mál af fyllstu kostgæfni, og frv. var sent ýmsum aðilum til umsagnar, svo sem Tæknifræðingafélagi Íslands, verkfræðideild Háskóla Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda og Alþýðusambandi Íslands, og n. bárust umsagnir um frv. og þessi mál frá öllum þessum aðilum nema Alþýðusambandinu.

Í umsögn frá Tæknifræðingafélagi Íslands kemur það fram, að Tæknifræðingafélagið telur mikla nauðsyn á því, að þetta frv. nái fram að ganga og efnislega í aðalatriðum óbreytt. Og ástæðurnar til þess eru þær, eins og Tæknifræðingafélagið bendir á, að það hafði komið upp sú spurning á s. l. vori, þegar fyrstu nemendur Tækniskólans voru útskrifaðir, hvort Tæknifræðingafélag Íslands gæti viðurkennt tæknifræðinga Tækniskóla Íslands. En það hafa ekki aðrir heimild til þess að kalla sig tæknifræðinga samkv. íslenzkum lögum en þeir, sem fá leyfi til þess hjá ráðh., en ráðh. getur ekki veitt leyfi nema með meðmælum Tæknifræðingafélags Íslands. Þetta skýrir þann áhuga, sem Tæknifræðingafélag Íslands hefur fyrir því, að frv. þetta nái fram að ganga, vegna þess að félagið telur, að með því sé svo bætt um kennslutilhögun og stjórn skólans, að félagið geti viðurkennt hann sem slíkan.

Umsögn frá verkfræðideild Háskóla Íslands var hins vegar á þá leið, að hér væri um svo umfangsmikil mál að ræða, framhaldsmenntun tækninám í landinu, að það þyrfti að taka málið allt til gaumgæfilegrar athugunar, áður en frv. þetta yrði lögfest eða breytingar gerðar á núgildandi löggjöf. Og verkfræðideildin lagði því til, að málinu yrði frestað.

Verkfræðingafélag Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda, þessir aðilar allir gáfu jákvæðar umsagnir um þetta frv. N. bárust einnig umsagnir frá bæjarstjóranum á Akureyri, frá bæjarstjórn Húsavíkur og bæjarstjórn Seyðisfjarðar m. a., en þær umsagnir vörðuðu fyrst og fremst spurninguna um staðsetningu Tækniskólans, en eins og kunnugt er, hefur verið mikill áhugi á því, að Tækniskólinn yrði staðsettur á Akureyri. Ég skal ekki fara sérstaklega út í það mál nú, en víkja þessu næst að brtt., sem menntmn. leggur fram á þskj. 658.

Önnur brtt. varðar 7. gr. frv., og lagt er til, að í lok gr. bætist orðin „og skal þegar á næsta skólaári hefja þar starfrækslu á raungreinadeild“. Þetta þýðir það, að það skuli, eins og í frv. segir, ekki einungis stefnt að því, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli, heldur er með þessari breytingu því slegið strax föstu, að það sé farið að vinna að þessu og ein deild eigi að bætast við undirbúningsdeild skólans, sem þegar er fyrir á Akureyri, þegar á næsta skólaári. Þetta undirstrikar að mínu viti mjög þá stefnu, sem frv. gerir ráð fyrir, að það skuli rísa sjálfstæður tækniskóli á Akureyri.

Þá er 2. brtt. n., og hún er um það, að á eftir 13. eða lokagr. frv. komi bráðabirgðaákvæði, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðh. skal jafnframt láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.“

Eins og ég gat um áðan, þá kemur það fram í grg. með frv., að nefnd sú, sem vann að samningu þess, telur eðlilegt, að það fari fram almenn athugun á framhaldstækninámi í landinu, og einnig lagði verkfræðideild Háskóla Íslands til, að svo yrði gert. En af ástæðum, sem ég hef áður greint, taldi menntmn. samt rétt að mæla með því, að það frv., sem hér liggur fyrir, yrði þegar samþ. En n. fellst á þau sjónarmið, að það sé

nauðsynlegt að endurskoða í heild framhaldstækninám í landinu, og gerir þess vegna till. um bráðabirgðaákvæði þar að lútandi. En í þessu bráðabirgðaákvæði segir: „Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tæknihráskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands.“ Það er bent sérstaklega á þetta atriði, vegna þess að það hefur komið fram hugmynd og till. í nál. um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi, sem ég greindi áðan frá, um það, að það skuli stofnaður tæknihráskóli og með þeim hætti fellt saman verkfræðinám háskólans og hluti af verkefnum Tækniskólans. Menntmn. telur rétt, að þetta sé sérstaklega athugað, og tekur það þess vegna fram. En þá segir enn fremur í þessu bráðabirgðaákvæði: „Ráðh. skal jafnframt láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tæknihráskólinn verði starfræktur á Akureyri.“ Þetta vill n. benda sérstaklega á með tilliti til þess, að það hafa verið uppi mjög háværar raddir og till. um það, að tæknimenntunin verði flutt eða Tækniskóli Íslands verði fluttur til Akureyrar. Menntmn. finnst eðlilegt, að við heildarathugun þessara mála sé þetta atriði sérstaklega athugað í þeim tilgangi, að það verði komizt að hinni heppilegustu lausn í þessu efni, hver sem svo niðurstaðan að lokum kann að verða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hafði leyft mér á milli 1. og 2. umr. að flytja brtt. Ég átti ekki sæti hér á þingi, þegar frv. var til 1. umr., og varamaður minn þá hér hafði flutt brtt., sem gengur nokkuð í sömu átt, en ekki þó eins langt og brtt. mín gerir. Ég skal ekki segja um, hvernig ber að meðhöndla þá till. hér. Ég mundi telja eðlilegast, að hún verði tekin til baka, en vafasamt, að aðalþm. geti ákveðið, hvað verður um till. varamanns hans, svo að það er forsetamál að ákveða um það, en það kannske skýrist, þegar ég vík að minni eigin till. og vilja mínum um meðferð hennar, vegna þess að það hlýtur að rísa nokkur vandi um það, hvernig á að fara með þessa tillögu Halldórs Blöndals.

Það er öllum hv. þdm. kunnugt, enda vék hv. frsm. n. að því, að það hefur verið mikið áhugamál Norðlendinga — og reyndar hafa fleiri stutt það mál, að Tækniskóli Íslands yrði fluttur til Akureyrar. Og með hliðsjón af þeirri ósk var till. mín orðuð eins og raun ber vitni um, og í rauninni var naumast annarra kosta völ með hliðsjón af því, hvernig frá frv. er gengið. En ég skal taka það fram strax, að ég í rauninni gerði mér aldrei í alvöru vonir um það, enda skiptir það engu meginmáli fyrir mig efnislega í þessu máli, að það yrði ekki starfræktur tækniskóli í Reykjavík, heldur að n. mundi taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að slá því föstu, að tækniskólar skyldu vera tveir, annar starfa í Reykjavík og hinn á Akureyri. Ég álít, að þetta frv. sé ákaflega óheppilega orðað eða upphaf þess, þar sem talað er um, að Tækniskóli Íslands starfi í Reykjavík. Mér finnst nánast broslegt að láta sér detta það í hug, að einhver skóli beri heitið Tækniskóli Íslands, vegna þess að það kemur í rauninni fram í 7. gr. frv., að það er gert ráð fyrir því, að á öðrum stað á landinu rísi fullkominn tækniskóli, og hvað á hann þá að heita — Tækniskóli Akureyrar og Tækniskóli Íslands? Það hefur engum dottið í hug, held ég, að tala um Menntaskóla Íslands, og það er öllum vitanlegt og hlýtur að hafa verið þeim ágætu mönnum, sem undirbjuggu þetta mál, að tækniþróunin, þetta er mjög vaxandi námsgrein í landinu. Aðsókn að þessum skóla fer mjög vaxandi og mun áreiðanlega gera það á næstu árum og áratugum, og ég skil ekki í, að nokkrum í alvöru hafi getað komið til hugar, að til langframa yrði það svo, að allt tækninám eða eini fullkomni tækniskólinn yrði hér í Reykjavík og héti Tækniskóli Íslands. Það er út af fyrir sig að segja, að tækniskóli skuli starfa í Reykjavík. Og eins og ég segi, þá brýtur þetta algerlega í bága við orðalag 7. gr., úr því að það er þó stefnt að því, að sjálfstæður tækniskóli rísi á Akureyri og undirbúningsdeildir verði stofnaðar raunar víðar, sem hljóta þá í tímanna rás að þróast upp í fullkomna tækniskóla. Það væri miklu nær að gera ráð fyrir því, að tækniskólar yrðu settir á stofn í landinu, eftir því sem einhverjar almennar reglur segðu til um og eftir nánari ákvörðun menntmrh., eins og ég hef raunar orðað það í síðari brtt. minni. En ég hafði látið mér detta það í hug eða gert mér vonir um það, að hv. n. mundi fallast á þá niðurstöðu í málinu að breyta 1. gr. á þann veg, að tækniskólar skyldu starfa í Reykjavík og á Akureyri, og síðan almennt ákvæði um fleiri staði, sem kæmu til álita, eftir því sem nauðsyn krefur. Hins vegar, eins og ég segi, flutti ég till. mína með þessum hætti, þar sem frv. gefur beint tilefni til þess, að það sé einhver aðaltækniskóli til í landinu, og þá voru óskir manna nyrðra um, að hann yrði fluttur til Akureyrar.

Nú hefur komið hér á borð þm. ákaflega ósmekklegt bréf frá ýmsum aðstandendum Tækniskóla Íslands. En látum það vera, aðrir hafa bætt þar úr og séð sóma skólans borgið í því að senda annað öllu meira viðeigandi bréf í sambandi við þetta mál. En þessir róttæku menn, sem ekki geta hugsað sér annan stað en Reykjavík fyrir tækninám, ég veit ekki, hvað yfir þá kemur, þegar þeir sjá till. hv. n. um það að athuga möguleikann á því, að tæknihráskóli rísi á Akureyri. Ég er sammála hv. n. um, að sjálfsagt sé að rannsaka þetta, og ég er n. þakklátur fyrir það, hvernig hún tekur á þessu máli. Engu að síður, vegna þeirrar afstöðu n. og þar sem hún sameiginlega stendur að sínu áliti og gert er ráð fyrir að efla nokkuð undirbúningstækninám á Akureyri, þá mun ég taka a. m. k. við þessa umr. brtt. mínar til baka, því að það er þó nokkur vinningur að því í fyrsta lagi að fá raungreinadeild ákveðna á Akureyri nú þegar og jafnframt að þessi athugun fari fram á möguleika þess, að þar verði settur upp tæknihráskóli. En ég verð þó að láta í ljós þá skoðun mína, að ég hefði talið það æskilegra og vil raunar leyfa mér að beina því til hv. n., þótt ég taki till. mína aftur nú í þetta sinn eða við þessa umr., að hún taki vinsamlega til athugunar, og það hefur engin áhrif á það ákvæði til bráðabirgða, sem hún hér flytur, en taki vinsamlega til athugunar, hvort n. geti orðið sammála um — og það sýnist mér í anda hennar starfs í rauninni — að gera þá breytingu á 1. gr. frv., að þar segi svo, að tækniskólar skuli starfa í Reykjavík og á Akureyri, og síðan verði í 7. gr. haldið niðurlagi hennar, að undirbúningsdeildir tækniskóla verði á Ísafirði og öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Þá er enginn sviptur neinu, svo sem frv. gerir ráð fyrir og hv.

n., eins og nál. hennar er nú, því að sannleikur málsins er sá, að þótt raungreinadeild sé sett á laggirnar á Akureyri, þá verður aðeins um undirbúningsnám að ræða, og ég held, að það hljóti að vera öllum ljóst, að yrði niðurstaðan sú, að tækniháskóli yrði settur á Akureyri, þá yrði óumflýjanlegt, að byrjunin yrði sú, að þar yrði fullkominn tækniskóli, en ekki að menn yrðu að fara úr undirbúningsdeild tækniskóla á Akureyri hingað suður til Reykjavíkur til þess að ganga gegnum tækniskólann hér og fara svo aftur norður til Akureyrar í tækniháskólann. Það held ég, að yrði ákaflega óeðlileg þróun, og býst ekki við, að hv. n. geri ráð fyrir, að þannig yrði á málum haldið. Þess vegna eru það nánast tilmæli mín, — og eins og ég segi, ætla ég ekki á þessu stigi að flytja um það formlega brtt., — hvort n. vildi íhuga það á milli 2. og 3. umr., hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um það, að nú þegar yrði þessi breyting gerð á 1. gr., að tækniskólar skyldu starfa í Reykjavík og á Akureyri, og síðan haldið því ákveðið varðandi aðra staði, sem segir í 7. gr.

Það er búið að vera í lögum áður að stefna að því, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli, þannig að Alþ. hefur markað þá stefnu sína, og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að með það verði beðið, það er þegar komið í ljós, að tækniskóli getur auðveldlega starfað á Akureyri, og það er ekkert annað en fyrirsláttur, að það sé ekki hægt að koma við þeirri fræðslu, sem nauðsynleg er, og fá þann kennslukraft, sem þarf í þeim efnum. Þetta er nákvæmlega sami fyrirslátturinn sem átti sér stað í sambandi við annað mál, sem var eitt fyrsta mál, sem ég flutti hér á Alþ. fyrir um 20 árum, og það var, að *Húsmæðrakennaraskóli Íslands yrði fluttur til Akureyrar.* Þá var skólinn hér húsnæðislaus, þá stóð þar nýbyggt hús, fullkomið og ágætt hús, sem hafði verið ætlað til annarra nota, en hefði ekki þurft að breyta í einu né neinu til þess að flytja skólann þangað. Það var hafin herferð gegn því máli, af því að aðstandendur skólans gátu ekki hugsað sér að vera neins staðar nema í Reykjavík, og málið var að vísu samþykkt í hv. Nd., en það var Ed., sem kom því fyrir kattarnef. Þess vegna finnst mér það vel við eigandi, að Ed. skuli hefja þessa stefnu til vegs og sóma nú og stefna í þá átt, sem till. meiri hl. n. óneitanlega bendir til, að sé vilji fyrir a. m. k. hjá þeim hv. þm., sem skipa n., að marka stefnu í aðra átt í þessu efni. Það er enn fremur rétt að vekja athygli á því, sem hefur lýst sér í mörgum till. manna, sérstaklega nú á þessu þingi, og er einnig eitt af stefnuskráratriðum hæstv. núv. ríkisstj., að leita úrræða til þess að dreifa stofnunum um landið meira en gert hefur verið. Þetta er auðvitað mikið álitamál um ýmsar stofnanir, sem eðli málsins samkvæmt hljóta að eiga aðsetur í höfuðborginni, og það getur verið hæpið að dreifa stofnunum á þann hátt, að það beinlínis leiði til erfiðleika fyrir þá menn, sem eiga hingað erindi hvort eð er við einhverjar slíkar stofnanir, og á ég þar ekki síst við ýmsar framkvæmdastofnanir ríkisins. Það hafa þó komið fram hugmyndir um, að deildir úr þeim stofnunum eða útibú yrðu sett upp úti á landi, og tel ég þær till. allrar athygli verðar. En ég held, að skólar séu dæmigerðar stofnanir, sem hægt er að dreifa um landið, og hefur líka verið gert í stórum stíl. Það hefur hins vegar verið ríkjandi þetta dæmalausa tregðulögmál. Á sínum tíma — það var að vísu fyrir þingtíð okkar allra, sem hér sitjum, — var haldið uppi hörðum árásum á þáv. hæstv. menntmrh. fyrir það að ákveða að setja á laggirnar menntaskóla á Akureyri. Það var talið með sama hætti, að þar væru engir kennslukraftar og engin aðstaða til þess að halda þar uppi menntaskóla. Ég held, að sá skóli skili fullkomlega þeim árangri, sem aðrir skólar í landinu skila nú, og engum detti í hug að fara að leggja hann niður, nema síður væri.

Ég held því, að hér sé um fullkomlega raunsætt mál að ræða og að það sé í fyrsta lagi ljóst, að það er óeðlilegt með öllu, að við höfum hér skóla, sem heitir Tækniskóli Íslands. Það er allt annað mál, að það rísi síðar skóli, sem héti Tækniháskóli Íslands, því að það dytti engum í hug að hafa fleiri en einn tækniháskóla a. m. k. á næsta áratug. En öll þróun tæknimála leiðir glöggt í ljós, að það er fjarri öllu lagi að ætla sér að hafa hér einn aðaltækniskóla og gera öllum skylt að sækja hann og ætlast til þess, að það séu aðeins undirbúningsdeildir starfandi annars staðar á landinu. Þess vegna tel ég í rauninni, að það sé alveg nauðsynlegt að breyta 1. gr. frv. um, að Tækniskóli Íslands starfi í Reykjavík, — vilji menn ekki fallast á annað, má segja, að tækniskóli starfi í Reykjavík, — og í rauninni sé þetta óumflýjanleg nauðsyn, ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir með hliðsjón af orðalagi 7. gr., þar sem *beinlínis er gert ráð fyrir öðrum tækniskóla.*

Herra forseti. Eins og ég áðan sagði, með hliðsjón af sameiginlegum till. hv. n., tek ég aftur við þessa umr. a. m. k. þær brtt., sem ég hef flutt. Ég beini því hins vegar til hv. n., hvort hún mundi vilja fyrir 3. umr. íhuga það, sem ég hef hér bent á, að fella niður ákvæði um Tækniskóla Íslands og ákveða það, að tækniskólar skuli nú þegar vera tveir: í Reykjavík og á Akureyri, og gerð viðeigandi breyting á 7. gr. og á engan hátt skertir möguleikar, sem þar eru opnaðir til þess, að tækniskólar séu á fleiri stöðum. En að öðru leyti mun ég við þessa umr. að sjálfsögðu greiða atkv. með brtt. hv. nefndar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef áður getið þess í umr. hér í þessari hv. d., að ég tel bæði eðlilegt og æskilegt fyrir þjóðina að dreifa opinberum stofnunum um landið meira en verið hefur. Ég hef einnig gert grein fyrir því, að það er nokkuð breytilegt með stofnanir, hvað slíkt er auðvelt, t. d. mjög erfitt með þjónustustofnanir, sem þurfa að hafa beinan aðgang sem flestra landsmanna, en hins vegar venjulega auðveldara með skóla og stofnanir, sem eru af því tagi. Að sjálfsögðu er þetta nokkuð breytilegt einnig með skóla, sumir þannig, að þetta verður ekki gert, með aðra er þetta auðveldara, ekki síst með þá, sem ekki hafa náð að festa rætur og skapa sér aðstöðu, sem illa verður flutt.

Það er vitanlega ljóst og má búast við því, að það heyrist kvein í sambandi við allan flutning. Það eru fleiri og færri, sem hafa tengzt slíkri stofnun og er illa við að flytja hana. Það mundi einnig heyrast kvein frá því tré, sem á að flytja, sem fest hefur rætur, ef það mætti kveina, og ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að þær athugasemdir, sem komu fram hjá ýmsum forráðamönnum Tækniskólans, voru mjög ósmekklegar og ekki viðeigandi í þessu sambandi. Með tilliti til þess var ég þeirrar skoðunar, að

rangt væri í þessu frv. að ákveða staðsetningu tækniskólans í Reykjavík, og ég var fylgjandi því og er enn að ákveða staðsetningu tækniskólans á Akureyri. Ég tel tækniskólann einn af þeim skólum, sem vel má flytja. Ég gat hins vegar fyrir mitt leyti fallizt á það, að tækniskóli yrði einnig í Reykjavík, því að tækninám mun þróast mikið hjá okkur Íslendingum og enginn vafi á, að fljótlega verður þörf á tækniskólum víðar en á einum stað á þessu landi. Því hreyfði ég þeirri hugmynd minni við suma nm., að rétt væri að ákveða staðsetningu skólans á Akureyri, en ákveða jafnframt aðra grein, þar sem ríkinu væri skylt að koma upp allri nauðsynlegri aðstöðu, sem ekki verður fengin með samvinnu við aðila þar, en hafa síðan ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að fullkominn tækniskóli yrði starfræktur í Reykjavík, þar til slík aðstaða hefur fengizt. Ég lýsi einnig þeirri skoðun minni, að ég geti vel fallizt á að hafa þetta opnara, þ. e. a. s. að ákveða staðsetningu skóla bæði á Akureyri og í Reykjavík eða eftir nánari ákvörðun ráðh., eins og kemur fram í 7. gr., þar sem nefndir eru fleiri staðir en Reykjavík. Ég get því fyrir mitt leyti vel fallizt á þau rök, sem komu fram hjá síðasta hv. ræðumanni, og vil fyrir mitt leyti taka þetta til athugunar í n. eftir þessa umr.

Ég skrifaði hins vegar undir nál. og stóð upp fyrst og fremst til þess að gera grein fyrir því, hvers vegna ég gerði það þrátt fyrir þá skoðun, sem ég hef nú lýst. Ég gerði þetta fyrst og fremst vegna þess, að mér er kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. mun hafa í huga að taka þessi mál öll til athugunar með tilliti til þess ákvæðis í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., þar sem slíku er heitið. Ég hef fyrir satt, að byrjunarathugun á þessu sé á næsta leiti. Þó að ekki sé unnt í þessu nál. að vísa beint til þeirrar n. eða hverjir það verða, sem taka þessa athugun að sér, þá sýnist mér ljóst, að mál sem þetta hljóti að vera eitt af því fyrsta, sem kannað verður, enda í brtt. n. ráðh. falið að láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri. Það er með tilliti til þessarar þróunar, sem ég skrifaði undir það nál., sem hér liggur fyrir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð um þetta mál, þar sem ég hef átt nokkurn þátt í því að móta þá stefnu, sem felst í till. menntmn. varðandi það frv., sem hér er til umr.

Menntmn. tók þetta mál til umr. á mörgum fundum sínum og þá frá mörgum hliðum, og niðurstaðan varð þessi, sem lýst er á þskj. 658. Ég vil lýsa því almennt yfir, að ég er hlynntur því að flytja ríkisstofnanir út á land, og ég tel mestu nauðsyn, að undinn sé bráður bugur að því að reyna að skipuleggja það meira en gert hefur verið fram að þessu. Ég er sammála því, sem hér hefur áður komið fram, að þó að mótbárur séu ætíð uppi hafðar, þegar um slíkt er að ræða, þá er það ekki nema eðlilegt. Það veldur alltaf vissum sársauka og vissum erfiðleikum að flytja stofnanir út á land. Það er alltaf hægt að finna mótrök gegn því. Satt að segja er hægt að rökstyðja það með góðum rökum, að hverja einustu stofnun eða fyrirtæki sé hentugast að reka í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu. En staðreyndin er auðvitað sú, að hvað snertir skólastarfsemi, þá er einkar auðvelt að færa hana út á land og reka hana úti á landi. Það er nú svo með ýmsar stjórnarstofnanir, sem fela í sér miðstjórnarvald, að það er erfitt að hafa þær langt í burtu frá ráðuneytum eða Alþ., en það liggur nokkuð í augum uppi, að hvað skólastofnanir snertir, þá er sérstaklega auðvelt við það að eiga að staðsetja þær annars staðar.

Varðandi þetta mál, þá er kjarninn sá, að það er enn allt í óvissu með það, hvaða stefna verður tekin um skipulagningu tæknimenntunar í landinu. Sú stefna er ekki fullmótuð, og málið er í heild í athugun. Það hefur komið fram í nál. n., sem falið var að gera till. um þetta mál, að skynsamlegast gæti verið að sameina verkfræðideild Háskólans og þann hluta Tækniskólans, sem felur í sér raunverulegt tæknifræðinám, þannig að þá yrðu ekki eftir nema tækniskólar með undirbúningsdeild og raungreinadeild, og ég tel persónulega, að það sé algjörlega fráleitt, að það sé farið að togast á um það hér í þinginu, hvort Tækniskóli Íslands skuli staðsettur norðan eða sunnan heiða, ef svo fer, að eftir 1 eða 2 ár verði tekin ákvörðun um það, að tækniskóli í núverandi mynd skuli alls ekki starfræktur, það skuli vera skólar, sem séu aðeins með brot af þeirri kennslu, sem í dag er talin eiga að tilheyra tækniskóla. Þess vegna finnst mér einkar skynsamlegt, að þessu máli í heild sé raunverulega slegið á frest, staðsetningarspursmálinu sjálfu, og það sé haldið áfram uppbyggingu tækniskólans á Akureyri með því að bæta þar við einni deild, raungreinadeild, en málið í heild skoðað enn frekar og þá að sjálfsögðu athugað, eins og hér kemur fram í till., hvort ekki kæmi til greina, að væntanlegur tækniháskóli yrði þá staðsettur á Akureyri. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel þetta vel hugsanlegt og að allt tæknifræðinám og þá verkfræðinám yrði sem sagt flutt til Akureyrar og það væri þar starfrækt.

Ég vil taka það fram í sambandi við tilmæli 2. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar, að ég tel það alveg sjálfsagt, að ábendingar hans séu teknar til nánari athugunar. Það er áreiðanlega skynsamleg ábending, sem hann kemur fram með, að það kæmi til greina að orða 1. gr. frv. á annan veg en gert er, og sem formaður n. ætla ég að lýsa því yfir, að ég mun beita mér fyrir því, að málið verði tekið til athugunar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er búið að spjalla mikið um þetta frv. um Tækniskóla Íslands, og mér sýnist niðurstaðan af því benda á viðfangsefni eins og segir í gömlu kvæði: „Einn var að smíða ausutetur" o. s. frv. Ekki vil ég nú spá því, að niðurstaðan verði nú þannig, að við sitjum eftir með gatið á því tæki, sem við erum að reyna að búa til hér. Hitt er augljóst mál, að hér er verið að fjalla um mál sem er í mótun og á eftir að verða það, og það var þess vegna, sem ég tók til máls, einmitt út af till., sem hefur verið rædd hér, á þskj. 658, en þar segir í bráðabirgðaákvæði: „Menntmrh. skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi." Þetta þýðir einfaldlega það samkvæmt mínu sjónarmiði, að við treystum okkur ekki til að móta þetta nú þegar með skynsamlegri löggjöf, sem á að duga nema örstuttan tíma. Ég vildi því beina því til hæstv. menntmrh., að það verði hliðstætt ákvæði í því frv., sem væntanlega kemur fram í haust eða eins fljótt og tök eru á, að það verði þar ákvæði, að tækniskóla skuli setja á stofn utan Reykjavíkur, a. m. k. á Akureyri,

því að allir virðast vera sammála um, að Akureyri og Reykjavík skuli hafa hér forgangsröð, þegar fjárveiting er veitt til þess af Alþ. og hæstv. ráðh. ákveður. Það var talin skynsamleg stefna í sambandi við menntaskólamálin. Ég held, að menn deili ekki um hana nú, þótt það hafi staðið nokkur styr um það fyrir þremur árum á hv. Alþ.

Ég er ekki alveg ánægður með að slá því föstu, að verkfræðinám við Háskóla Íslands sé lagt niður umsvifalaust, nema að undangenginni rækilegri athugun, mjög mikilli athugun. Það hefur verið tekið upp breytt viðhorf gagnvart Háskóla Íslands, að fólk með ákveðna undirbúningsmenntun eigi inngang í Háskólann, og ég veit ekki, hvort það er rétt að kljúfa aftur út úr Háskólanum stóra þætti hans, sem hafa starfað þar lengi samkvæmt gamalli hefð. Ég hallast fremur að því, sem hefur verið gert núna, að gefa fólki tækifæri á því, sem leggur sig fram um undirbúningsmenntun, að eiga kost á háskólamenntun, þótt ekki séu stúdentar. Vitanlega eiga menn, sem eru búnir að fara í gegnum Tækniskólann, hvað sem hann mun nú heita, vitanlega munu þeir eiga kost á því að fara inn í verkfræðinám við Háskólann og spreyta sig á þeim greinum, sem þeir hafa getu og hæfileika til.

Einnig má benda á það, að vel er hægt að stofna tækniskóla úti á landi á vissu þrengra sviði. Það þarf ekki að vera almennur tækniskóli. Það er hægt að hafa raftækniskóla, ýmislegt annað, skipatækniskóla o. s. frv. En þetta vildi ég aðeins undirstrika, ef till. verður samþ. á þá leið, að undirbúin verði nú þegar ný löggjöf, því að þá mun þetta frv., ef að lögum verður, aðeins hafa stuttan gildistíma. Þá tel ég eðlilegt, að raddir heyrist um það, að það þarf að vera opið að stofna deildir tækniskóla, þegar fjárveiting er veitt til þess á Alþ. og hæstv. menntmrh. ákveður. Við eigum ekki sífellt að þurfa að breyta löggjöfinni, ekki varðandi þennan þátt. Að öðru leyti vil ég taka undir orð 2. þm. Norðurl. e., að hans ábendingar séu algjörlega rökréttar, og vona, að n. taki það til athugunar til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 491 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 227 felld með 11 shlj. atkv.
— 658,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 658,2 (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 679, 681).

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Við 2. umr., sem fram fór hér í hv. d. í gær, kom ég og fleiri ræðumenn inn á spurninguna um staðsetningu Tækniskólans. Það var rætt um þær ákveðnu óskir, sem höfðu komið fram um það, að Tækniskóli Íslands yrði fluttur til Akureyrar. Menntmn. gerði brtt. við frv., sem samþ. voru við 2. umr. Það kom fram ríkur skilningur í n. fyrir því, að tæknimenntun færi fram á Akureyri, og það munaði minnstu, ef svo mætti segja, að n. væri búin að koma tæknimenntuninni til Akureyrar. En það var samt ekki alveg. Það var gert ráð fyrir, eins og frv. var samþ. við 2. umr., að Tækniskóli Íslands skyldi vera í Reykjavík. En það var hins vegar gert ráð fyrir því, að sú breyting yrði hvað varðar Akureyri, að það yrði þegar í stað stofnuð þar raungreinadeild til viðbótar við undirbúningsdeild tækniskóla, sem þar hefur verið, og að það skyldi stefnt að því að koma upp sjálfstæðum tækniskóla á Akureyri. Eins og hv. d. gekk frá frv. við 2. umr., munaði því ekki miklu, að búið væri að ákveða, að tæknimenntun hliðstæð því, sem er í Reykjavík, væri sett á stofn á Akureyri, en þó var það ekki fullkomið. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hreyfði því hér í umr. í gær, að betur færi á því, að það stæði í 1. gr. frv., að Tækniskóli Íslands skyldi vera í Reykjavík og á Akureyri og fór þess á leit, að menntmn. tæki málið til frekari meðferðar. Það var gert á fundi n. í morgun, og þar ákveðið að bera fram brtt. þær af hálfu n., sem eru á þskj. 681.

Þessar breytingar eru þannig, að það er lagt til, að 1. málsl. 1. gr. frv. hljóði svo:

„Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr.“ En 3. mgr. 7. gr. er ný mgr. í frv., sem gert er ráð fyrir í brtt. menntmn. á þskj. 681. Sú grein er á þá leið, að á næsta skólaári og framvegis skuli starfrækja á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild, og stefnt skuli að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðh. ákveðið það með reglugerð. Þetta ákvæði er samhljóða því, sem var í 2. mgr. 7. gr., eins og frv. var samþ. til 3. umr. í gær, með einni undantekningu, og það er veigamikið atriði, því að í brtt. n. á þskj. 681 er tekið fram, að ráðh. geti ákveðið með reglugerð, hvenær skólinn á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli. En þegar talað er um sjálfstæðan tækniskóla, þá er ekki reiknað með, að skólinn verði fluttur úr Reykjavík, heldur að það verði stofnaður annar skóli með sérstjórn á Akureyri. Þetta telur n. eðlilegt að leggja til, að skólarnir verði tveir með tilliti til þess, að telja verður, að það séu næg verkefni fyrir a. m. k. tvo skóla nú á næstunni, sem veita kennslu hliðstæða því, sem Tækniskóli Íslands veitir í dag.

Ég vænti þess, að þessar viðbótarbrtt. frá menntmn. mæti skilningi hv. deildar og verði samþykktar.

ATKVGR.
Brtt. 681,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 681,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 695).

Á sama fundi og 72. fundi, 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það til l. um Tækniskóla Íslands, sem hér er lagt

fyrir hv. d., komið frá Ed., er verk n., sem menntmrn. skipaði í júní 1971 til að endurskoða lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Meginástæðan til, að þessi n. var skipuð, er sú, að í fyrravor útskrifuðust fyrstu tæknifræðingarnir frá Tækniskóla Íslands, og þá kom til þess, að Tæknifræðingafélag Íslands þurfti að taka afstöðu til réttinda þessara manna. Forustumenn félagsins athuguðu nám og námstilhögun í Tækniskólanum og töldu, að þar væri nokkurra umbóta þörf, svo að námið fullnægði þeim kröfum, sem nútíma tækninámenntun gerir. Síðan voru skipaðir í n. til að endurskoða þessi lög og reglugerðir bæði fulltrúi frá menntmrn., skólastjóri Tækniskólans og fulltrúi frá Tæknifræðingafélagi Íslands.

Þessi n. varð sammála um, að tvennt væri brýnast að gera til þess að efla Tækniskóla Íslands og þá kennslu, sem hann veitir nemendum sínum.

Annað væri að skilgreina í lögum markmið skólans, og það er gert í 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Þar segir, að meginmarkmið skólans skuli vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Í öðru lagi varð n. sammála um, að rétt væri að koma upp við skólann skólanefnd, sem ekki hefur verið til þessa. Ákvæði á þá leið er í 10. gr., um skipun fimm manna skólanefndar, þar sem tilnefndir séu skólanefndarmenn af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda og Tæknifræðingafélagi Íslands. En menntmrn. skipar formann og varaformann án tilnefningar.

Í meðförum málsins í Ed. urðu nokkuð skiptar skoðanir um fyrstu setningu í 1. gr. frv., þar sem segir, að skólinn skuli starfa í Reykjavík, og komu upp till. um að taka ákvörðun um, að skólasetrið skyldi flytjast til Akureyrar. Niðurstaðan af þeim skoðanaskiptum, sem þar áttu sér stað, varð sú, að upphafi 1. gr. er breytt á þá leið, að Tækniskóli Íslands starfi í Reykjavík og á Akureyri, og einnig var ákvæði um undirbúningsdeild skólans á Akureyri breytt þannig, að þar starfi ekki aðeins undirbúningsdeild, heldur einnig raungreinadeild, sem sagt þær deildir, sem veita menntun fram að hinu eiginlega tæknifræðinámi. Síðan var bætt við í meðförum Ed. ákvæði til bráðabirgða um, að við athugun, sem fram fer um, hvort ráðlegt sé að sameina Tækniskólann og verkfræðinám í Háskóla Íslands í einum tæknihaskóla, skuli athugað sérstaklega og ítarlega, hvort tiltækilegt sé, að tækniskóli verði starfræktur á Akureyri.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn., og leyfa mér að láta í ljós þá von, að það geti að lögum orðið á þessu þingi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vara eindregið við þeim hugmyndum, sem fram hafa komið innan þings og utan, að flytja Tækniskóla Íslands frá Reykjavík til Akureyrar. Sannleikurinn er sá, að ég held, að sú stofnun í höfuðstaðnum sé vandfundin, sem er verr til þess fallin að vera flutt af höfuðborgarsvæðinu og út á land heldur en einmitt Tækniskólinn. Ástæðan er sú, að varla nokkur skóli á landinu, að Háskólanum þó e. t. v. frátöldum, þarf á að halda sérhæfðara kennaraliði heldur en einmitt Tækniskólinn, kennaraliði, sem hvergi er völ á nema í Reykjavík. Í byggingardeild skólans einni, — nám hennar tekur þrjú ár, — starfa í vetur hvorki meiri né minna en 34 kennarar. Þar af eru aðeins 6 fastráðnir kennarar, en 28 kennarar eru lausráðnir og eru verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar. Það er útilokað, að hægt væri að njóta kennslukrafta 28 verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta á Akureyri, og þó munu starfa þar flestir utan Reykjavíkur, enda hefur reynslan sýnt, að mjög erfitt hefur reynzt að koma upp því kennaraliði, sem nú starfar við Tækniskólann og er ágætt og fjölmenntað. Þegar hliðsjón er höfð af því, að þetta á við byggingardeildina eina, en brýna nauðsyn ber til að fullmennta innanlands sem fyrst bæði rafmagns- og véltæknifræðinga, þá má geta nærri, hversu kennaraliðinu þarf að fjölga mikið í framhaldi af því. Það væri ógerningur að fullmennta auk byggingarfræðinga rafmagns- og véltæknifræðinga nokkurs staðar á landinu nema í Reykjavík.

Þá má á það minna, að Tækniskólinn hefur víðtæka samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á Keldnaholti og nýtur alveg bráðnauðsynlegrar tilraunaaðstöðu þar. Á það má enn fremur minna, að á döfinni er að koma upp tækjamiðstöð í Reykjavík. Það er eitt hið brýnasta nauðsynjamál Tækniskólans, að það gerist sem fyrst. Tækjamiðstöðin verður auðvitað í Reykjavík, og ef Tækniskólinn yrði þá kominn til Akureyrar, þá yrði ekkert af þeirri nauðsynlegu samvinnu og sjálfsögðu samvinnu, sem á milli slíkra stofnana er fyrirhuguð.

Meginrökin gegn því að flytja Tækniskólann frá Reykjavík eru sem sagt þau, að eingöngu í Reykjavík er völ á jafn sérhæfðu kennaraliði og Tækniskólinn þarf á að halda. Ef Tækniskólinn yrði fluttur frá Reykjavík, hlyti kennsla við hann að setja niður, m. ö. o.: það yrði dregið úr gæðum þeirrar menntunar, sem þessi mikilvægi skóli veitir, og það væri að sjálfsögðu verulegt spor aftur á bak.

Tækniskólinn er einn af yngstu skólum landsins, en jafnframt einn af mikilvægustu skólum landsins. Hann hefur undanfarin ár verið í uppbyggingu, og uppbygging hans þarf að halda áfram. Jafnvel bollaleggingar um hugsanlegan flutning hans geta orðið til þess eins að tefja nauðsynlega uppbyggingu skólans. Ákvörðun um að flytja hann mundi að mínu viti beinlínis stöðva nauðsynlega uppbyggingu skólans. Það þarf sem fyrst að hefja byggingarframkvæmdir í þágu skólans hér í Reykjavík. Meðan verið er að bollaleggja um, að hugsanlega sé rétt að flytja skólann, og meðan það er óvíst, hvort það verður gert eða gert ekki, má gera ráð fyrir því, að endanlegar ákvarðanir um byggingarframkvæmdir tefjist, og það bæri að sjálfsögðu að harma og það yrði að sjálfsögðu harmað.

Þess má einnig geta í þessu sambandi, þó að ég telji það ekki skipta meginmáli, — ég tel það vera meginatriði, sem ég er þegar búinn að lýsa, — en rétt er að geta þess einnig, að langflestir nemendanna eru búsettir í Reykjavík eða a. m. k. á Reykjavíkursvæðinu, langflestir þeirra. Meðalaldur þeirra er tiltölulega hár, um það bil 22 ár, og margir þeirra eru fjölskyldufeður. Það

gefur auga leið, hvílíkur kostnaðarauki það mundi verða fyrir þá, sem tæknínám stunda, ef þeir yrðu að sækja það burt af höfuðborgarsvæðinu og út á land. Það virðist liggja nokkuð beint við, að ef sú ákvörðun yrði tekin, yrði að koma upp heimavist með ærnum kostnaði fyrir nemendurna á Akureyri eða hvar sem skólinn yrði annars staðar en hér í Reykjavík, en engum dettur í hug, að bygging heimavistar fyrir Tækniskólann hér í Reykjavík sé nauðsynleg. Þó endurtek ég, að ég tel búsetu nemendanna ekki merg málsins, heldur hitt, að gæði kennslunnar, gæði skólans hlytu að stórrýrna, ef hann yrði fluttur frá Reykjavík.

Hitt get ég fúslega tekið undir og tel skynsamlega stefnu, að hafa undirbúningsdeild undir tækninámið á Akureyri, jafnvel einhvern hluta námsins í upphafi mætti stunda þar, en fullmenntun byggingartæknifræðinga, að ég ekki tali um rafmagns- og véltæknifræðinga, er óhugsandi, ef vel á að vera, utan Reykjavíkur. Og þetta tel ég algerlega kjarna málsins.

Með þessum orðum er ég engan veginn að andmæla því, sem sumir kalla nú byggðastefnu, þ. e. að rétt sé að dreifa stofnunum ríkisins og stofnunum þjóðfélagsins yfir höfuð að tala meira um landið heldur en nú á sér stað. Þá stefnu tel ég tvímælalaust vera heilbrigða. Við höfum verið of sinnulausir um það að láta stofnanir safnast saman hér í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu yfir höfuð að tala. Við höfum látið það viðgangast með algerlega óeðlilegum hætti, að Reykjavík ein þætti hæf til þess að hýsa merkar þjóðfélagsstofnanir. Margar þeirra gætu allt eins vel starfað á Akureyri eða Ísafirði eða Seyðisfirði eða Siglufirði og annars staðar á landinu utan Reykjavíkur yfir höfuð talað. Mér finnst, ef ríkisvaldið, ef þeir, sem nú ráða málum í landinu, hafa raunverulegan áhuga á því að efla t. d. Akureyri sem annan höfuðstað í landinu, sem ég tel vera skynsamlegt og vera heilbrigða þróun, þá eru margar stofnanir hér í landinu miklu betur til þess fallnar að vera fluttar til Akureyrar heldur en skóli eins og Tækniskólinn, sem er sérhæfðasti skóli landsins. Ég skal nefna t. d. Búnaðarfélagið og Fiskifélagið. Ég segi í fyllstu alvöru, að ríkisstj. ætti að taka það til athugunar að flytja skrifstofur og starfsemi Búnaðarfélags og Fiskifélags frá Reykjavík og einmitt til Akureyrar. Hvaða ástæða er til þess, að allir starfsmenn Búnaðarfélagsins, allir skrifstofumenn og starfsmenn aðrir, starfi hér í Reykjavík? Þeir hafa engu betri starfsaðstöðu í Reykjavík en á Akureyri, síður en svo. Og hvaða ástæður eru til þess, að starfsmenn Fiskifélagsins, bæði skrifstofumenn og jafnvel vísindamenn, hafi aðsetur hér í Reykjavík? Þeir eru engu verr settir á Akureyri en í Reykjavík. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að hún athugi það í fyllstu alvöru, hvort ekki komi til greina, hvort ekki sé rétt að flytja t. d. Búnaðarfélagið og Fiskifélagið, — ég skal ekki nefna fleiri stofnanir að sinni, sem ég tel geta komið til mála, en þessar tvær. Hafi ríkisstj. ekki áhuga á því að flytja Búnaðarfélag og Fiskifélag til Akureyrar, þá dreg ég þá ályktun af byggðastefnutali ýmissa fylgismanna hennar og annarra, að ekki fylgi alls kostar hugur máli.

Það getur ekki verið umhyggja fyrir Tækniskólanum, sem veldur því, að hugmynd hefur skotið upp kollinum um að flytja hann frá Reykjavík til Akureyrar. Það getur ekki verið. Það er umhyggja fyrir Akureyri. Það er umhyggja fyrir eflingu Akureyrar. Þá umhyggju get ég skilið, hún á fullkomlega rétt á sér. En það á þá að framkvæma hana með réttum og skynsamlegum hætti. Vilji menn efla Akureyri, þá er hægt að efla hana með því að flytja Búnaðarfélagið og flytja Fiskifélagið til Akureyrar. Það gerir þessum stofnunum bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut til. Það kemur að engu leyti niður á starfsemi þeirra, en Akureyri mundi eflast mjög verulega við þetta. Hins vegar er ómögulegt með nokkru viti að andmæla, að það mundi koma niður á Tækniskólanum, ef hann yrði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar. Það mundi rýra gæði skólans, það mundi rýra gæði þeirrar kennslu, sem þar á sér stað.

Ég sé, að aðrir hafa kvatt sér hljóðs, virðulegir þm., sem ég þykist vita að hafa aðra skoðun á þessu máli en ég. Mér þætti mjög girnilegt að heyra skoðun einmitt slíkra þm., sem bera eflingu Akureyrar sérstaklega fyrir brjósti, á þeirri hugmynd að flytja Búnaðarfélagið og Fiskifélagið til Akureyrar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er nú ekki við því búinn að ræða til neinnar hlítar það frv., sem fyrir liggur frá hv. Ed. um Tækniskóla Íslands. Ég veiti því þó athygli, að á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar, en hef ekki áttað mig á því enn til fulls, hvað í þeim felst, en þó sýnist mér, að ýmis ákvæði séu þarna nokkuð óákveðin, það þurfi a. m. k. að koma nokkrar skýringar til.

Það var mjög fróðlegt fyrir mig að hlýða á ræðu hv. þm., þess sem síðast talaði, hv. 7. þm. Reykv., vegna þess að ég minnist viðræðna, bæði á fundi og utan fundar, sem ég og fleiri áttu við hann um þessi mál árið 1963, fyrir 8 eða 9 árum. Það varð þá að samkomulagi í bili, að inn í þau lög, sem þá voru samþykkt, yrðu sett ákvæði um það, að stefna skyldi að því að koma upp fullkomnum tækniskóla á Akureyri, og þetta stendur í lögum frá þeim tíma. Ráðh., sem átti að framkvæma þessi ákvæði laga, var hv. 7. þm. Reykv., hann hafði til þess 7 ár. Hins vegar hef ég ekki orðið var við, að neinn árangur hafi orðið þar af. Og nú er hv. þm. kominn á þá skoðun, að það sé ekki grundvöllur fyrir tækniskóla á Akureyri, að þar skorti skilyrði. Má ég benda hv. þm. á það, að Akureyri er álíka fjölmenn nú og Reykjavík var, þegar Háskóli Íslands var settur þar á stofn árið 1911? Má ég benda á það, að Akureyri er orðinn mikill og vaxandi iðnaðarbær? Má ég benda á það, að í skýrslu, sem lesin var upp áður hér á þingi, var gerð grein fyrir því, að tæknimenntuðum mönnum færi sífjölgandi á Akureyri? Má ég benda á það, að fyrir 40 árum var verið að ræða um það að koma upp menntaskóla á Akureyri? Þá voru færð nákvæmlega sömu rökin gegn því og hv. þm. var nú að færa gegn tækniskóla á Akureyri, að það mundi verða skortur á kennurum. En reynslan sýndi allt annað. Reynslan sýndi, að Menntaskólinn á Akureyri hefur um starfslið, að ég ætla, verið fullkomlega sambærilegur við hliðstæðar menntastofnanir hér syðra.

Um það skal ég ekki hafa fleiri orð, en ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég hef fyrir æðilöngu flutt hér í hv. d. till. til þál. um Tækniskóla Íslands á Akureyri, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nd. Alþ. ályktar að lýsa yfir þeim vilja

sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar, þó þannig, að heimilt verði, ef nauðsynlegt þykir, að starfrækja í Reykjavík undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir í tengslum við Tækniskóla Íslands á Akureyri." Það er orðið nokkuð langt síðan þessi till. var flutt, ég ætla, að það séu tveir mánuðir eða svo, það er einnig orðið nokkuð langt síðan henni var vísað til hv. menntmn. þessarar d., en ég hef ekki orðið var við, að enn þá hafi komið fram nál. um málið. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að hv. n. taki afstöðu til þessarar till. og þá væntanlega áður en hún tekur fyrir það mál, sem hér er til umr. Hér er um mál að ræða, sem er fyrr í röðinni og er þess eðlis, að þar er um „prinsip"-mál að ræða.

Forseti (GilsG): Í tilefni af síðustu orðum hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins geta þess, að ég mun ræða við formann menntmn. um það, hvað líði athugun n. á þeirri till., sem þm. ræddi um.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Um það atriði, sem hér hefur komið til umræðu í þessu máli um tækniskóla, þ. e. a. s. staðarval fyrir skólann, vildi ég aðeins fara nokkrum orðum.

Ég held, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að eigi að dreifa stofnunum um landið, verði fyrst og fremst að líta til þess að setja nýjar stofnanir niður þar, sem heppilegt er talið út frá þessu sjónarmiði, og í öðru lagi komi þá til greina að flytja mjög ungar stofnanir, sem ekki hafa fest sínar rætur. Það verða alltaf mjög miklir erfiðleikar við það að flytja stofnanir, sem eru rótgrónar á sínum stöðum. Það kostar árekstra og margs konar persónulega erfiðleika, sem því fylgja.

Nú hefur sú hugmynd lengi verið uppi, að tækniskóli gæti verið og ætti rétt á sér að vera á Akureyri, og það hefur auðvitað verið hugsað út frá þeirri stefnu og því stefnumiði, að það sé rétt að dreifa stofnunum um landið. Nú hefur ekki verið gerð sú heildaráætlun eða sú heildarathugun á því, hvaða stofnanir ættu að vera annars staðar en þar, sem þær lenda, ef ekki er sérstaklega hugsað fyrir því fyrir fram, þ. e. í Reykjavík. Það sannar sagan, að á meðan svo er er ákaflega hætt við því, að hvert mál, sem kemur til umræðu á þessu stigi, hljóti svipuð örlög eða svipaðar móttökur og t. d. lýstu sér í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hvert mál verður þannig tekið fyrir og drepið sérstaklega og með sérstökum rökum, í staðinn fyrir að ef lægi fyrir ein heildarálitsgerð um það, hvernig mætti dreifa stofnunum eða öllu heldur hvernig ætti að byggja upp landið með hinum ýmsu nauðsynlegu stofnunum, þá þyrfti ekki að koma til þessara deilna í hvert skipti.

Svo að ég víki þá nokkuð að því, hver eru þessi sígildu rök, því að þau eru þau sömu, koma aftur og aftur í hvert skipti, sem talað er um það, að stofnun lendi annars staðar en þar, sem þær detta af himnum ofan, þ. e. í aðalþéttbýlinu, og þessi rök kom hv. 7. þm. Reykv. einmitt með, og mér datt þá í hug, að það væri ákaflega fróðlegt að rifja upp eldri umræður um svipuð efni, eins og t. d. umræður um þá hugmynd að koma upp menntaskóla á Akureyri eða menntaskóla á Laugarvatni, og jafnvel var það lengi svo rígbundið, að menntaskóli gat ekki í hugum margra manna nokkurs staðar annars staðar verið heldur en við Lækjargötu í Reykjavík. Sagan hefur sannað okkur annað. Það er hægt og það þarf ekki að koma niður á gæðum kennslunnar eða gæðum skólans, þó að það sé litið á þetta af svolítið meiri víðsýni og svolítið djarfari augum og af meira frjálslyndi heldur en þeir menn hafa gert, sem þessari stefnu hafa fylgt, sem þessi hv. þm. túlkaði, sem ég nefndi hér áðan.

Það er nefnt, að kennaralið þurfi svo og svo mikið, og svo eru teknar tölur um það, að 34 kennarar séu við eina deild, en þar af eru aðeins 6 fastir kennarar. Það þýðir, að það er kallað á kennarana utan úr bæ og þeir eru fengnir sem stundakennarar við þessar deildir. Nú hef ég reynslu af kennslu, bæði sem fastur kennari og einnig sem stundakennari, og ég veit, að það er mikill munur á gæðum þeirrar kennslu, sem fastir kennarar gefa, sem geta helgað sig þessu einu, og svo stundakennarar, sem eru kallaðir til þessa úr sínu aðalstarfi. En þetta er notað sem rök, 34 kennarar við þessa deild, 28 af þeim eru lausráðnir. Þó að þetta sé svona, þá eru náttúrlega ekki nokkur rök fyrir því, að það þurfi að vera svona. Auðvitað er ekki hægt að byggja upp tækniskóla á Akureyri nema með föstu kennaraliði að langmestu leyti. Þar eru þó verkfræðingar og tæknifræðingar, það er rétt að minna á það, þeir eru eitthvað á annan tug, hvor þessi hópur manna, þannig að þetta álít ég að séu ekki rök. Þetta er aðeins lýsing á því, hvernig hefur verið farið að því að skrapa saman kennaraliði í þessa sjálfsagt ágætu skóladeild.

Nú geta menn litið á það, að byggingar eru þær sömu, sem þarf fyrir skóla, hvort sem það er á Akureyri eða annars staðar úti á landi eða í Reykjavík. Húsnæði, meira að segja fyrir mennina, sem ganga í skólann, það er það sama, hvort sem það er á Akureyri eða í Reykjavík eða annars staðar. Og talað er um það, að þeir séu hér búsettir, nemendurnir í skólanum. Það er auðvitað hægurinn hjá að flytja skólann á þann hátt, að þeir, sem komnir eru í skóladeildirnar, lykju sínu námi hér, en skólinn yrði byggður upp, því að að mér skilst þarf að byggja þennan skóla upp alveg frá grunni hvað húsnæði snertir.

Það er hins vegar dálítið undarlegt, að þegar sótt er á, og það er sótt á það með þá hugmynd, að þessi skóli verði byggður upp á Akureyri, þá er eins og verið sé að taka svolítið þrýstinginn af með því að setja það inn í frv., að hluti hans megi nú vera á Akureyri. Er ekki þá eðlilegra og er það þá ekki verkdrýgra, að hann væri þar raunverulega allur? Það er minnzt hér á tæki. Tækjabúnaður til skólans er auðvitað sá sami, hvar sem hann er. Það er aðeins spurning um það, hvort það er eitthvað af tækjum, sem geta verið sameiginleg við skólann og við aðrar stofnanir. Það væri engin goðgá að hugsa sér rannsóknastarfsemi í kringum svona skóla á Akureyri.

Þessi aðferð, sem ég minntist á að notuð er til þess að drepa svona mál í hvert skipti, er venjulega sú að leita til þeirra manna, sem starfa við viðkomandi stofnun, og spyrja um álit þeirra. Þeir eru spurðir: Finnst ykkur nú ekki ágætt að flytja ykkar stofnun burt? Það er alveg gefið, hvert þeirra svar verður. Þeir sjá auðvitað á því alla annmarka og telja úr því. Þannig eru slík mál sem þessi venjulega drepin á tæknilegan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 695, n. 810).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Frv. þetta um Tækniskóla Íslands er komið frá Ed., og menntmn. Nd. hefur fjallað um það og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess, þó með breytingum.

Menntmn. kom fljótlega auga á, að í þetta frv. vantar það, sem við nefnum skólalýðræði, sem nú tíðkast að setja inn í skólalög. Í 10. gr. frv. er talað um skólanefnd, en skólanefndin lýtur einkum að því að tengja skólann við atvinnuvegina og þá aðila, sem helzt láta sig mestu varða Tækniskólann. Hér vantar m. ö. o. ákvæði eða stjórnarfyrirkomulag um hinn daglega rekstur.

Einnig kom í ljós í 12. gr., þar sem talað er um, að menntmrn. setji skólanum reglugerð, og er þar kveðið á m. a. um skipan skólastjórnar, að nm. gátu ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað skólastjórn merkti. Við nánari könnun kom í ljós, að það er starfandi þegar við Tækniskólann sú stofnun, sem nefnist skólastjórn og lýtur einmitt að skólalýðræði. Okkur þótti einsætt í n. að lögbinda þetta stjórnarfyrirkomulag, skólastjórnina, eins og nú tíðkast almennt í öðrum lögum um skóla, þannig að við leggjum til, að við 10. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn."

Samkv. þessu breytist einnig 12. gr. á þá lund, að 1. tölul. fellur niður, skipan skólastjórnar. Okkur þótti ekki ástæða til þess að fara nánar út í starfsemi eða starfssvið skólastjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir því í lögunum, að þau atriði séu ákveðin með reglugerð.

Þrír nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og þessir fyrirvarar lúta að staðarvali Tækniskólans, hvort skólinn eigi að vera á Akureyri einnig eða aðeins á Akureyri. Þessir þrír nm. skrifa undir á ólíkum forsendum. Um mína persónulegu afstöðu vil ég segja það, að það er dálítil skammsýni að gera ráð fyrir því, að nú þegar eða fljótlega verði starfandi tveir tækniskólar á Íslandi, á meðan aðbúnaður núv. Tækniskóla Íslands er ekki viðhlítandi. Ég hygg, að það sé meginatriðið að fá fyrst einn öflugan skóla og hlúa að honum eftir mætti, áður en farið er að dreifa fé og kröftum víðar. En það er á það að líta, að í frv., eins og það liggur nú fyrir frá Ed., segir: „Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðh. ákveðið það með reglugerð." Þetta er því stefnumarkandi ákvæði. Og ég vildi ekki fyrir mitt leyti fara að taka upp málþóf í sambandi við þetta, því að ella hefði það getað leitt til þess, að málið hefði stöðvazt, og þá væri illa farið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að flytja brtt. við þetta frv. ásamt hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, en það er við 7. gr. frv. Aftan við 2. mgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:

„Enn fremur er heimilt að starfrækja raungreinadeild á Ísafirði."

Þessi brtt. er flutt vegna eindreginna óska forráðamanna Iðnskólans á Ísafirði, nánar sagt skólanefndarinnar þar, en eins og kunnugt er, hefur verið starfrækt undirbúningsdeild við Iðnskólann á Ísafirði á undanförnum árum. Það hefur verið mjög vel séð fyrir húsnæði fyrir skólann, og það er mikill áhugi fyrir því, að í framhaldi af því verði einnig starfrækt raungreinadeild á næsta ári. Þess vegna leyfum við okkur að flytja þessa brtt. við 7. gr. og væntum þess, að þm. veiti stuðning sinn við þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 835) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég átti sæti í menntmn. og skrifaði undir það nál. með fyrirvara, sem hér hefur verið lýst. Eftir að hafa athugað málið nánar og kynnt mér betur lög um Tækniskóla Íslands og eftir að mér hefur verið kunnugt um það, að nýlega hefur verið skipuð nefnd til þess að athuga um staðarval fyrir nýjar stofnanir, þá hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að ég vil flytja hér svo hljóðandi till. sem frávísunartillögu:

„Þar sem nýlega hefur verið skipuð nefnd til þess að gera tillögur um staðarval nýrra stofnana, en mál það, sem hér um ræðir, er umdeilt að því er varðar aðsetur skólans, tel ég eðlilegt, að sú nefnd fjalli um málið, og legg því til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. frávísunartillögu (sjá þskj. 836) leyfð og samþ. með 24:1 atkv.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Mér virðist nú, að vitleysan ætli ekki að ríða við einteyming í þessum staðarmálum Tækniskólans. Hvernig væri t. d. að leggja til að reisa nú einn tækniskóla á Hellu? Það væri mjög æskilegt. Ég tel þetta alveg fráleitt. Ég held, að menn verði dálítið að átta sig á þessum hlutum. Tækniskóli er ekki stofnun, sem hægt er að flytja til eða setja niður með litlum undirbúningi, heldur ærnum kostnaði, og ég vil einmitt taka undir þá till., sem Gylfi Þ. Gíslason vakti máls á: væri ekki ráð að flytja Búnaðarfélagið til Akureyrar og eitthvað af slíkum stofnunum landbúnaðarins? Ég held, að það væri dálítið viturlegra. Ég legg eindregið til, að þetta frv. verði afgr. og frávísunartill. felld, og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta lengur.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. vil ég leyfa mér enn á ný að minna á það, hæstv. forseta og aðra, að ég hef fyrir alllöngu flutt till. til þál. hér í þessari hv. d. um Tækniskóla Íslands á Akureyri. Þessi till. var þess efnis, að Nd. Alþ. lýsti yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands yrði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar, en jafnframt tekið til athugunar, ef nauðsyn þætti til bera, að reka undirbúningsdeild í Reykjavík og bekkjardeildir. Þegar ég mælti

fyrir þessari till., gerði ég það allítarlega og m. a. með því að lesa upp úr fræðilegum grg. um þetta mál, sem mér og öðrum þm. Norðurl. e. hafa borizt um þetta, bæði frá bæjarstjórninni á Akureyri og Fjórðungssambandi Norðlendinga, og ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði þá. Þessu máli var þá eftir ekki langar umr., en samt lærdómsríkar, vísað til hv. menntmn. þessarar d., löngu áður en þetta frv. kom hingað til d. frá Ed. Eigi að síður hefur ekkert álit borizt frá n. um þetta. Og fyrir alllöngu ítrekaði ég það og ámálgaði við hæstv. forseta, og hann hét því þá að ræða við n. um að skila áliti um þessa till. Ég lýsi yfir megnri óánægju minni yfir meðferð þessa máls hér í d. og þá náttúrlega sérstaklega við hv. menntmn., en get ekki heldur varizt því að inna eftir því, hvort það geti skeð, að hæstv. forseti hafi gleymt að ámálga þetta við n., sem auðvitað gæti skeð, því að hann hefur mörgu að sinna.

En nú er svo komið, að í raun og veru er lagzt á þessa till. á óþinglegan hátt. Menntmn. hefur á óþinglegan hátt lagzt á þessa till. og tekið annað mál seinna fram komið fram yfir hana. En ég mun ekki um hana ræða núna, hún er ekki á dagskrá, heldur þetta frv. Og ég vil segja, að eins og nú er komið mun ég greiða atkv. með þeirri till. um að vísa málinu til ríkisstj., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. (JJ) hefur borið fram, enda sýnist mér nú vera svo mikið af hugmyndum uppi í sambandi við þetta mál, að ekki sé annað vænna en að athuga það eitthvað nánar. Auk þess hefur þetta gerzt, sem hv. þm. nefndi, að nú alveg þessa dagana hefur hæstv. ríkisstj. skipað n., eftir því sem mér er tjáð, — skipað n. til þess að gera till. um staðarval ríkisstofnana. Mér hefur alltaf sýnzt það, að þessi stofnun væri ein af þeim, sem fyrst og fremst kæmi til mála að flytja hér úr höfuðborginni á annan stað, og hefur þá Akureyri einkum verið nefnd. Það getur vel verið, eins og frsm. n. sagði hér áðan, kannske bæði í gamni og alvöru, að það væri rétt að flytja stofnun eins og Búnaðarfélag Íslands. Vel er ég til viðtals um það að flytja Búnaðarfélag Íslands frá Reykjavík og til Akureyrar eða á einhvern annan stað. Það mætti kannske hugsa sér að flytja ýmsar aðrar stofnanir, hálfopinberar, eins og t. d. miðstöðvar einhvers þingflokks eða samtaka af slíku tagi, sérstaklega þeirra, sem eru enn þá léttar í vöfum, — það mætti flytja miðstöðvar þeirra til Akureyrar, og það mundi vera vel þegið og kannske verða tilheyrandi flokki til góðs að skipta um verustað. Ég er til viðtals um allt slíkt, sem ekki þarf af málefnalegum ástæðum beinlínis að vera í höfuðborginni. Ég hef meira að segja látið mér detta það í hug, að við ættum að taka það til alvarlegrar athugunar að flytja löggjafarþingið til Þingvalla, á hinn fornhelga stað við Öxará, og hef ásamt öðrum þm. hér stundum lagt fram till. um það, að þjóðaratkvgr. færi fram um það mál. (**Gripið fram í:** En að flytja Reykjavík?) Flytja Reykjavík, já. „Landið okkar suður í sjó, svikull ætli að draga", stóð einhvers staðar í Alþingisrímum í fyrri daga. Landið verður nú ekki dregið eða fjöllin færð. En við skulum tala um þetta mál í alvöru, og það er ég að gera hér.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en eins og málið horfir nú, þá vil ég greiða atkv. með till. hv. 3. þm. Norðurl. e. Hitt þykist ég sjá, að frv. hafi heldur batnað við meðferð Ed. á því, en þó er ýmislegt af því, sem þar virðist vera nýmæli, í raun og veru tekið upp úr eldri lögum, eins og t. d. ákvæðið um það, að stefna skuli að því, að upp rísi fullkominn tækniskóli á Akureyri. Þetta var sett í lög fyrir 9 árum, og hæstv. fyrrv. menntmrh. var falið að stefna að þessu, og hann hafði til þess 7 ár. En hann var ekki kominn neitt áleiðis að þeim 7 árum liðnum. Það er ekki nein breyting í því, þó að þetta standi áfram í nýjum lögum, sem staðið hefur í 9 ár í hinum eldri lögum.

Það væri mjög svo freistandi að tala langt mál um þetta atriði og fara þá nokkuð inn á þá stefnu, sem margir játa nú í orði, að það beri að dreifa ríkisstofnunum um landið meira en nú er gert, og eins gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig þessu er tekið, hvernig þessari stefnu er tekið í reynd. Henni er yfirleitt vel tekið í orði, en þegar um það er að ræða að flytja einhverja stofnun eða velja einhverri stofnun annan stað en höfuðborgina, þá kemur viðkvæðið, sem við heyrðum hér í salnum fyrir nokkrum dögum: Það er borið niður á röngum stað því miður í þetta skipti.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 695, n. 810, 835, 836).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frávísunartill. á þskj. 836 felld með 22:6 atkv.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 835 samþ. með 24 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 810,1 samþ. með 28 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 810,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 911).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum.

Á 89. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um Tækniskóla Íslands, hefur áður verið til afgreiðslu í Ed., og þar voru nokkrar breytingar gerðar á frv. Þær breytingar hafa nú verið staðfestar í Nd., en

aftur á móti hefur Nd. gert þá breytingu á frv., að sett er upp sérstök skólastjórn, sem segja mætti að væri nokkurs konar innri stjórn skólans, en eftir sem áður er skólinn undir stjórn skólanefndar, sem skipuð er fulltrúum ýmissa aðila utan skólans. Ég get lýst því yfir fyrir eigin munn, að ég tel, að þessi breyting sé tvímælalaust til bóta og hefði gjarnan mátt koma í meðförum Ed., og ég hef ekkert við þessa breytingu að athuga, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess persónulega, að menntmn. fjalli um þessa breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 930).

59. Háskóli Íslands.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1970, um Háskóla Íslands [250. mál] (stjfrv., A. 547).

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um breytingar á nokkrum greinum háskólalaganna. Þær breytingar eru að mínu viti þannig lagaðar, að þær skiptast nokkuð í tvo flokka, tvær þeirra eru þýðingarmiklar, en þrjár aðrar ekki jafnstefnumarkandi og hinar tvær. Sú breytingin, sem ég tel mestu máli skipta til stefnumörkunar um mál Háskóla Íslands og þróun hans, er sú, sem felst í 5. gr. frv. Það er um það að ræða að gera þá breytingu á háskólalögunum, að Háskóli Íslands sé í fyrsta skipti formlega opnaður námsmönnum öðrum en þeim, sem lokið hafa hinu hefðbundna stúdentsprófi frá menntaskólum.

Þess hefur gætt á undanförnum árum, ekki síst í hópi háskólastúdenta sjálfra, að þeir telja hin þröngu inngönguskilyrði í Háskólann, einskorðunina við stúdentsprófið, alls ekki lengur eðlilega. Og hér er komin frá Háskólanum sjálfum, frá háskólaráði, tillaga, þar sem gengið er til móts við þessar óskir stúdenta og að sjálfsögðu ýmissa annarra námsmanna, sem gjarnan vildu eiga þess kost að stunda nám við Háskólann.

Að vísu hafa menn getað fengið að sækja kennslustundir í Háskólanum hingað til, án þess að vera stúdentar, og þess eru nokkur dæmi, en próf hafa menn ekki getað þreytt. Hér er um að ræða ákvæði, sem veitir þeim námsmönnum öðrum en stúdentum, sem fallizt er á að taka til náms í Háskólanum, sama rétt og stúdentsprófsmönnum bæði til náms og til að fá námsárangur sinn staðfestan með prófum. Nú kann einhver að segja, að hér sé þó of skammt gengið. Greinilegt er, að hér er ekki gert ráð fyrir miklum hópi námsmanna, þar sem ákveðið er, að háskóladeildir, háskólaráð og síðan rektor fjalli um umsóknir annarra námsmanna en þeirra, sem hafa stúdentsprófið. En það er ekki óeðlilegt eins og sakir standa, bæði vegna þess að enn eru í deiglu réttindi manna að ýmsum prófum loknum frá mismunandi skólum, og sömuleiðis vegna þess, að fyrir eru í Háskólanum mjög mikil þrengsli, aðsóknin að Háskólanum hjá þeim, sem stúdentspróf hafa, er það mikil, að það leifir ekkert af, að Háskólinn hafi bolmagn til að taka við þeirri aðsókn. En með þessu frv. eru þó tvímælalaust opnaðar dyr fyrir hæfum námsmönnum úr öðrum skólum, og þar er ekki síst um að ræða Tækniskóla Íslands. Til að mynda liggur það fyrir, að því ég bezt veit, að háskólar í öðrum löndum væru reiðubúnir að taka við námsmönnum úr Tækniskólanum með fullum réttindum til náms og prófa, og úr því að svo er, er að mínu viti hneisa, þó ekki kæmi annað til, að Háskóli Íslands sé þrengri inngöngu fyrir þessa námsmenn heldur en erlendar háskólastofnanir.

Önnur meginbreytingin á háskólalögunum, sem hér er borin fram till. um, er sú, sem felst í 2. gr. Þar er um það að ræða, að starfskraftar háskólakennara í sérhæfðum greinum, þar sem hörgull er á rannsóknaaðstöðu og þar sem rannsóknaaðstaða kann að vera dýr, séu nýttir öðrum þræði innan Háskólans, öðrum þræði hjá rannsóknastofnunum, sem lagt geta til þá rannsóknaaðstöðu, sem hlutaðeigandi kennari þarf á að halda. Þetta er að dómi háskólaráðs og þeirra deilda, sem málið snertir mest, mjög áríðandi til að afla þeirra kennslukrafta, sem þörf er, bæði við að veita vaxandi stúdentafjölda kennslu og að fjölga kennslugreinum. Það liggur í hlutarins eðli, að í smáu þjóðfélagi eins og okkar er ekki nokkur hæfa, að dýr rannsóknaaðstaða sé höfð á tveim stöðum að nauðsynjalausu, en svo yrði að vera í einstökum greinum, ef háskólakennari ætti fortakslaust að leysa rannsóknastörf og rannsóknaskyldu af hendi innan Háskólans. Við þessu er ætlunin að gera með þessari lagabreytingu, en till. er hér gerð um að tengja saman kennslu við Háskólann og rannsóknaaðstöðu utan hans, þar sem óframkvæmanlegt er eða ógerlegt vegna kostnaðar að koma upp sérstakri rannsóknaaðstöðu fyrir hlutaðeigandi kennara innan Háskólans. Og ráð er gert fyrir því, að þessu verði þannig háttað, að samningar fari fram í hverju tilviki milli Háskóla Íslands og hlutaðeigandi rannsóknastofnunar. Sömuleiðis, að Háskólinn greiði stofnuninni, þar sem svo vill til, fjárhæð sem nemur því vinnutapi, sem hún verður fyrir, vegna þess að starfsmaður hennar kennir við Háskólann.

Þá vík ég nokkuð að öðrum breytingum, sem ég tel ekki jafnstefnumótandi. Í fyrsta lagi þeirri, að lagt er til í 6. grein, að heimilað verði sem algjör undanþága að velja prófdómara innan Háskólans, þegar þess er alls enginn kostur að fá hér á landi prófdómara utan við Háskólann. Eftir því sem fjölgar kennslugreinum í Háskólanum verður þess vart, að það á sér stað í einstökum greinum, sem betur fer ekki mörgum, að þeir fræðimenn, sem í hlutaðeigandi grein eru færir til kennslu og til að fella dóma um námsárangur, eru með tölu starfandi við Háskólann. Segja má, að við þessu mætti gera með því að sækja prófdómara úr landi, en það væri æðidýrt úrræði, og frekar en hafa það úrræði eitt er lagt hér til, að heimilað verði, sem algjör undantekning, að tilnefna prófdómara, sem gegnir störfum innan Háskólans.

Þá er í 7. gr. till. um að breyta reglum um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni. Þegar Háskólinn hóf störf voru þeir kennarar, sem sæti áttu á deildarfund-

um, örfáir, tveir, þrír eða fjórir menn, og ákveðið, að ákvarðanir um doktorsútnefningu í heiðursskyni skyldu vera einróma. Nú skipta kennarar þeir, sem sæti eiga á deildarfundum, tugum í ýmsum deildum, og þá þykir ekki eðlilegt lengur að hver og einn hafi neitunarvald um heiðursdoktorskjör, heldur skuli atkvæði ¾ atkvæðisbærra deildarmanna nægja. Því er ekki að leyna, að þessi breyting stendur í nokkru sambandi við nýlega atburði í heimspekideild, sem ég kæri mig ekki um að rekja hér frekar.

Loks er svo till. í 1. gr. um breytingu á 1. málsgr. 4. gr. háskólalaganna, sem hnígur að því að gera starf í háskólaráði fastara í skorðum, sem sé, að þar sé sama setulengd fulltrúa stúdenta og fulltrúa kennara. Þetta gerist þannig, að kjörtímabil stúdentafulltrúanna skiptist á, svo að þar skiptir ekki um báða fulltrúana í einu, heldur sitji annar áfram, þegar hinn hverfur brott, og sé því skiptingin sú sama hjá þeim og fulltrúum kennara.

Ég mun svo ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta frv., en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 709).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. d. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands. Hér er um að ræða 8 brtt. Segja má, að þetta séu í raun og veru 5 eða 6 sjálfstæðar brtt., sem þarna er komið fram með, sem standa nokkuð sjálfstætt hver um sig, en tækifærið hefur verið notað til að láta þessar lagfæringar fylgjast að, þó að kannske megi segja, að það liggi mismunandi mikið á því að koma þessum breytingum fram.

1. gr. snertir skipan háskólaráðs, og hún er flutt að ósk stúdenta. Um þessa till. mun vera alger samstaða innan veggja Háskólans og menntmn. mælir eindregið með því, að þessi gr. verði samþ. óbreytt.

2. gr. fjallar svo aftur á móti um óskylt atriði, sem Háskólann varðar, en það er það atriði, að gerð er þarna tilraun til þess að opna leiðir til þess að mögulegt sé að tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans. Þarna er sem sagt um það að ræða, að menn séu skipaðir í stöðu dósents eða lektors, en jafnframt því gegni þeir svo stöðu á öðrum vettvangi eða við aðra stofnun utan Háskólans. Þarna mun vera um að ræða, að upp hafi komið erfiðleikar og vandamál, vegna þess að ekki tekst að fá færa menn til að sækja um þær stöður innan Háskólans, sem þörf er á að ráða menn til starfa í, og þá er gripið til þess ráðs að tengja saman stöðu utan skólans og stöðu innan skólans. Svo að farið sé fljótt yfir sögu, þá varð menntmn. strax vör við, að um þessa brtt. ríkir talsverður ágreiningur innan Háskólans og háskólamenn, bæði margir prófessorar og aðrir kennarar, telja, að þarna sé farið inn á mjög varhugaverða braut. Þeir telja, að önnur ráð séu vænlegri til þess að leysa úr þessum vandamálum heldur en þau að blanda þannig saman starfi manns innan Háskólans og svo aftur starfi hans í sjálfstæðri stöðu utan Háskólans. Þeir telja, að hægt sé að leysa þetta með því að ráða t. d. stundakennara, en þá þurfi að hækka laun þeirra og skapa þeim betri starfsaðstöðu og með ýmsum öðrum úrræðum. Menntmn. hefur ekki treyst sér til að fella neinn dóm um það, hver sé eðlilegastur framgangsmáti í þessum efnum í framtíðinni og hvernig þessu skuli hagað framvegis. En með hliðsjón af því, hve áliðið er vors og þingi fer senn að ljúka, en ekki hefur gefizt mikið tóm til að hugleiða þessi mál ítarlega, þá telur n. eðlilegast, að reynt sé að leysa úr brýnustu vandamálunum, sem þarna eru á ferðinni, en að öðru leyti sé ákvörðun um þetta efni frestað til næsta þings. Á fund hjá n. kom m. a. rektor Háskóla Íslands og hann tjáði n., að þessi brtt. væri fyrst og fremst fram komin vegna vandamála, sem upp hefðu komið í verkfræðideild Háskólans. Þar væri verið að bæta við nýjum deildum og auka námið og miðað við þá áfanga, sem fyrirhugaðir væru næsta haust, þá sýndist mönnum ógerlegt að yfirstíga þá erfiðleika, sem þar væru fram undan við ráðningu kennara, öðruvísi en að heimild væri veitt af því tagi, sem hér er gerð till. um.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að heimild verði veitt verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans til þess að ráða menn með þessum hætti, en þó gerir n. nokkrar enn frekari takmarkanir en fólgnar voru í frv., eins og það var lagt fyrir. N. leggur til, að 3. málsl. 10. gr. háskólalaganna, þ. e. 3. málsl. 2. gr. frv., eins og það liggur fyrir, verði þannig orðaður:

„Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í verkfræði í tiltekinni kennslugrein og má þá samkv. till. háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar."

Þarna er sem sagt um að ræða þrjár vejgamiklar breytingar. Í fyrsta lagi það, að þessi heimild er skilyrt og bundin því, að Háskólinn hafi sjálfur ekki tök á því að koma upp rannsóknaaðstöðu í greininni, og þess vegna sé óhjákvæmilegt að hafa þessa sérstöku tilhögun. Í öðru lagi er sú staða, sem kennara við Háskólann sé heimilað að sitja í utan Háskólans, bundin við opinberar stofnanir, en það var ekki í frv. eins og það var lagt fyrir þingið. Og í þriðja lagi er heimildin aðeins látin ná til verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans.

3. brtt., sem lögð var fram af hæstv. menntmrh. við háskólalögin, var snertandi lektorsstöður og dósentsstöður og tilflutning þar á milli, og þar sem n. er ekki kunnugt um, að um það efni sé sérstakur ágreiningur, þá sér hún ekkert við það að athuga, að sú gr. verði samþ. óbreytt. Eins er um 4. gr.

5. gr. frv. fjallaði hins vegar um það, með hvaða hætti skrásetning einstaklinga, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, geti átt sér stað við Háskólann. Þar var gert ráð fyrir því, að einstaklingar, sem hefðu lokið öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi, gætu fengið heimild til þess að verða skrásettir í Háskóla Íslands að fengnum til-

lögum viðkomandi deildar og með samþykki háskólaráðs og með samþykki rektorsembættisins. Í öðru lagi er lagt til, að einstaklingar, sem hafa lokið öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem sú deild, sem í hlut á, mælir með, geti haft sams konar möguleika til að komast inn í Háskólann.

Nefndin mælir með þessum brtt., sem ég hef hér nefnt, en það var skoðun hennar, að þarna væri raunverulega ekki gengið nægilega langt og n. gerir því það að till. sinni til viðbótar þessu, að raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veiti einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms með þeim skilyrðum, sem nefnd eru í 21. gr. háskólalaganna. Hér er um athyglisvert nýmæli að ræða að minni hyggju, en þetta er hins vegar atriði, sem fjöldamargir hafa mælt með og verið sammála um, að væri eðlilegt, en hefur enn ekki komizt til framkvæmda.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að með reglugerð megi ákveða, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar við tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi. Þessi gr. eða till., sem n. sjálf flytur og gengur bersýnilega heldur lengra en frv. gerir, felur það í sér, að ráðh. getur ákveðið, að sjálfsögðu með ráðum háskólaráðs, að tiltekin próf veiti almennt þessi réttindi, og þá er sem sagt heimildin ekki bundin við einstaklinga í hverju einstöku tilviki, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þar varð hver einstakur maður, sem vildi komast inn í Háskólann, að ganga í gegnum þrefalt sigti, því að bæði háskólaráð, rektor og viðkomandi deild þurfti að samþykkja hvern einasta einstakling, sem til greina átti að koma í þessu sambandi, en þarna er gert ráð fyrir því, að ef um er að ræða próf, sem er þess eðlis, að það þyki vera hliðstætt stúdentsprófi eða jafngildi stúdentsprófi, þá sé mögulegt í reglugerð að ákveða, að slíkt próf gildi almennt og veiti rétt til skrásetningar til náms við Háskóla Íslands.

6. gr. frv. hefur ekki sætt gagnrýni, svo að n. sé kunnugt um, og hún mælir eindregið með henni. Hið sama gildir um 7. gr. frv., sem fjallar um rétt háskóladeilda til að veita doktorsnafnbót. Aftur á móti er 8. gr. frv. hliðstæð þeirri breytingu, sem fólgin er í 2. gr. frv., þar sem um var að ræða að tengja kennarastöðu við Háskólann við stöðu utan Háskólans, að því leyti, að þessi seinasta brtt. snertir m. a. prófessora, en það gerði fyrri till. ekki. Þar var skýrt tekið fram, að heimild viðkomandi málsgr. næði ekki til prófessorsembætta, heldur aðeins þá til annarra embætta við Háskólann, og í 38. gr. er svo aftur á móti fjallað um prófessora og dósenta og þá hefur n. sett sömu takmarkanir á það, að unnt sé að tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu utan Háskólans á þann hátt, að það nær aðeins til verkfræði- og raunvísindadeildar í fyrsta lagi og í öðru lagi nær það aðeins til opinberra stofnana utan Háskólans.

Þessum breytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir, mælir menntmn. með og að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 709,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,3 (ný 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. um. (A. 720).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem lagt var fram á þskj. 547, hefur komið frá háskólaráði og gerir ráð fyrir breytingum á nokkrum greinum háskólalaganna. Breytingin, sem felst í 1. gr., lýtur fyrst og fremst að því, að fulltrúar stúdenta séu kjörnir þannig til setu í háskólaráði, að samhengi verði þar í störfum af þeirra hálfu, þannig að ekki víki báðir úr ráðinu í einu, heldur víki þeir þaðan til skiptis.

Breytingin, sem felst í 2. gr. frv., till. um breytta 10. gr. háskólalaga, er í samhengi við 8. gr. frv., sem hér liggur fyrir og fjallar um breytingu á 38. gr. háskólalaganna. Þessi breyting lýtur að því, að við Háskólann megi ráða kennara, sem þar hafi kennsluskyldu, en gegni rannsóknaskyldu við stofnanir utan Háskólans. Þetta á við tilvik þegar svo hagar til, að ófær tvíverknaður þykir kostnaðar vegna að koma upp sérstakri rannsóknaaðstöðu við Háskólann, úr því að hann er fyrir áður við aðrar stofnanir.

3. gr. fjallar um breytingu á stöðuheitum. Það heimilar að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu samkv. ákvæðum, sem sett verði um það í reglugerð.

Í 4. gr. er fjallað um, að háskólaráð ákveði starfsskyldu einstakra háskólakennara, hvernig starfsskyldan skiptist milli kennslu og annarra starfsþátta, sem sé stjórnunar og rannsókna. Vilji kennari ekki una þeirri úrlausn, sem háskólaráð veitir um þetta efni, má hann skjóta úrlausninni til ráðh.

5. gr. fjallar um það, að rýmka aðgang námsmanna, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, að Háskólanum. Bæði er þar um að ræða þá, sem lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi, en ráð er fyrir slíku gert í nýju menntaskólalögunum. Sömuleiðis skrásetningu einstaklinga, sem lokið hafa öðru námi með árangri, sem metinn er veita þeim rétt til háskólanáms.

6. gr. fjallar um það, að þegar ekki er völ hérlendis á prófdómara utan Háskólans til að dæma próf í einstökum greinum, megi taka prófdómara úr röðum háskólakennara. Þetta er vegna vandamáls, sem upp hefur komið við félagsfræðikennslu, og er að sjálfsögðu

undantekningarákvæði, sem ekki yrði beitt nema nauður ræki til.

Loks er í 7. gr. fjallað um það, hversu háskóladeildir geta með samþykki háskólaráðs veitt heiðursdoktorsnafnbætur. Breytingin, sem í henni felst, er sú, að í stað samþykkis allra, sem atkvæðisbærir eru um heiðursdoktorsnafnbót, þurfi ekki nema samþykki ¾ hluta atkvæðisbærra deildarmanna. Þessi breyting styðst við það, að þegar ákvæðið var sett um algjörlega einróma afgreiðslu heiðursdoktorskjörs, voru deildir afar fámennar, en nú eru komnar upp það fjölmennar deildir, að þeir, sem atkvæðisrétt eiga, skipta jafnvel tugum.

Eitt ákvæði þessara laga, það, sem um er fjallað í 2. gr. og 8. gr., um skipun háskólakennara með kennsluskyldu í Háskólanum, er gegni rannsóknaskyldu utan hans, er umdeilt í röðum háskólamanna. Því var breytt í meðförum Ed. eins og fram kemur á þskj. 709. Þar er þessi heimild þrengd og bundin við eina deild Háskólans, verkfræðiskor raungreinadeildar eingöngu. Sömuleiðis var í meðförum Ed. breytt 5. gr., þannig að hún var enn rýmkuð, þannig að í stað þess að fjallað skyldi um hverja einstaka umsókn frá þeim, sem ekki hafa stúdentspróf til inngöngu, bæði á deildarstigi og af hálfu rektors, er fortakslaust ákvæði um, að raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veiti rétt til skrásetningar til verkfræðináms og sömuleiðis, að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann. Þar er sem sagt gert ráð fyrir, að tiltekin próf önnur en stúdentspróf veiti af sjálfu sér rétt til inngöngu, að vísu takmarkaðan, í stað þess að fjalla þurfi sérstaklega um hverja umsókn. Ég vil skýra hv. deild frá því, að þetta ákvæði, eins og því er þarna háttað, mun einnig vera umdeilt innan Háskólans.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 720, n. 824).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands til athugunar og rætt það við rektor Háskóla Íslands og forseta verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans. Auk þess kallaði hún til fundar við sig fulltrúa úr stjórn kennarafélags Háskólans til þess að glöggva sig á málinu. N. gerir till. um breytingu á tveim gr. Þær varða 2. og 8. gr. frv. og snerta tengsl Háskólans við opinberar stofnanir. Frv. í þeirri mynd, er það var, er það var lagt fyrir þessa hv. d., gerði ráð fyrir að tengja mætti kennarastöðu í tiltekinni kennslugrein í verkfræði tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans. Rektor Háskólans benti n. á, að þessi takmörkun við verkfræðiskor raunvísindadeildar kæmi í veg fyrir, að unnt yrði að bæta úr kennaraskorti í læknadeild og tannlæknadeild með þessum sama hætti. Þessa ábendingu tók n. til greina og þykir rétt, að heimildin sé ekki bundin við eina deild Háskólans fremur en aðra. N. leggur til, að frv. verði samþ. ásamt þeim breytingum, sem hún leggur til á þskj. 824.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í hv. menntmn. Nd., og eins og sjá má á nál. hef ég skrifað undir álit n. og framkomnar brtt. með fyrirvara. Mér þykir því rétt að gera örlitla grein fyrir þeim fyrirvara og mínum sjónarmiðum í þessu máli. Eins og fram kom í ræðu frsm., hv. 4. landsk. þm., snýst þetta mál, að því leyti sem ágreiningur er um það, um þá breytingu, sem gerð er í frv., að kennurum, þ. e. prófessorum og dósentum við Háskólann, verði, ef frv. verður að lögum, unnt að hafa á hendi tilteknar aðrar stöður við stofnanir utan Háskólans, sem eru tengdar rannsóknastörfum, eða eins og segir í 2. gr. frv.:

„Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í verkfræði“ — ég bið afsökunar, en eins og málið liggur fyrir núna er ekki gert ráð fyrir, að það sé verkfræði, heldur eingöngu það að koma upp rannsóknaaðstöðu — „í tiltekinni kennslugrein, og má þá skv. till. háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar“ o. s. frv.

Það er rétt að taka fram, að það er enginn ágreiningur um það, að eðlilegt sé að tengja Háskólann við slíkar rannsóknastofnanir og það beri að stefna að því almennt, að Háskólinn sé í tengslum við atvinnulífið. Um þetta er enginn ágreiningur. Hins vegar hefur Félag háskólakennara sent umsögn til beggja d., þar sem þetta félag mótmælir mjög eindregið þessari breytingu og tínir til ýmis rök í því sambandi. Mér skilst, að formaður félagsins, Félags háskólakennara, Jónatan Þórmundsson prófessor, hafi komið á fundi hjá menntmn. Ed. og skýrt sjónarmið sinna umbjóðenda og út úr þeim viðræðum, sem hann átti við n., hafi menntmn. Ed. lagt til að breyta upphaflegu frv. í þá átt að binda heimildina eða rýmkunina, sem ég gat um áðan, eingöngu við verkfræði- og raunvísindadeild. Jónatan hefur tjáð menntmn. Nd., að hann hafi fyrir sitt leyti fallizt á þetta sem málamiðlun, en þó hvergi nærri ánægður með þá tilhögun. Eins og frsm. hefur sagt frá, komu háskólarektor og deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar, prófessor Magnús Magnússon, til fundar við menntmn. í Nd. og tjáðu henni, að eins og frv. lægi fyrir eftir afgreiðslu í Ed. væri útilokað að fallast á það, bæði út frá sjónarmiði Háskólans sjálfs og sjónarmiði verkfræði- og raunvísindadeildarinnar, sem taldi þessa breytingu vera óviðunandi fyrir sig, og þeir óskuðu ekki eftir slíkri sérstöðu.

Þá hefur n. núna, eins og áður getur, rætt þetta mál og enn fallizt á að breyta frv. í það form, sem það var upphaflega. Ég vildi við þessa umr. láta koma fram þau rök, sem liggja að baki afstöðu Félags háskólakennara, því að mér finnst þau rök vera nokkuð þung og þess eðlis, að ástæða sé til, að fullt tillit sé tekið til þeirra. Þetta félag og háskólakennarar, en það verður að líta svo á, að það gæti hagsmuna fyrir þá, félagið telur, að breytingin og frv. eins og það liggur fyrir í dag sé óað-

gengilegt og brjóti mjög gegn þeim sjónarmiðum, sem uppi eru meðal háskólakennara, og skapi fleiri vandamál en það leysi.

Háskólakennarar telja, að breytingin stuðli að þeirri þróun, að tvær stéttir verði raunverulega starfandi í Háskólanum. Annars vegar raunverulegir starfsmenn og hins vegar aðeins kennarar, sem taki að sér einstaka stjórnsýslu, en séu raunverulega með aðeins annan fótinn í Háskólanum og séu ekki raunverulegir starfsmenn, og þá eiga þeir við þá aðila, sem samkv. þessari brtt. ættu að geta verið prófessorar og dósentar og jafnframt stundað störf á rannsóknastofnunum úti í bæ, eins og sagt er.

Þá telja háskólakennarar, að þetta frv. leysi ekki og minnist reyndar alls ekki á það, þ. e. stærsta vandamálið, kjaramálin, sem þeir telja, og maður getur vissulega tekið undir það, að sé viðkvæmasta málið, þegar um er að ræða kennslustörf í Háskólanum. Þá benda þeir á, að það geti jafnvel leitt til þess, að ef þetta frv. fæst samþ., í hvorri myndinni sem er, þá muni það jafnvel stuðla að misrétti í launum og kjörum meðal háskólakennara og slíkt sé að sjálfsögðu óviðunandi. Enn benda háskólakennarar á, að ef frv. fáist samþ., tryggi það ekki rannsóknaaðstöðu fyrir stúdenta, sem allir hljóta þó að telja, að sé mjög mikilvægur þáttur í kennslustörfum við Háskólann. Þeir hafa bent á, að viðfangsefni það, sem hér er verið að taka til meðferðar, sé aðeins hluti af mun stærra máli, máli, sem snerti raunar heildaruppbyggingu eða heildarrammann um Háskólann og hið akademíska vísindastarf, sem þar er unnið, annars vegar og hið almenna rannsóknastarf, sem utan skólans er, hins vegar. Það verði að líta á þessi mál af sjónarhóli beggja aðila og helzt þjóðfélagsins í heild, en ekki eingöngu með hagsmuni, jafnvel afmarkaða hagsmuni ákveðinna háskóladeilda í huga.

Ef maður fellst á þá meginskoðun og þá meginstefnu, sem í þessu frv. og þessari breytingu kemur fram, að tengja beri Háskólann við atvinnulífið, þá er spurningin þessi: Getur maður verið á móti þessu frv.? Er stætt á því að stöðva framgang þess? Þessum spurningum var beint til fulltrúa háskólakennara og þeir vekja þá athygli á því, að þarna er verið að leysa vandamál ákveðinna deilda í Háskólanum, sérstaklega verkfræði- og raunvísindadeildar, enn fremur læknadeildar og tannlæknadeildar, og þeir benda á, að læknadeildin hafi leyst þessi vandamál nú þegar og þrátt fyrir núgildandi lög og það sé ekkert því til fyrirstöðu, að verkfræði- og raunvísindadeild geti leyst sín mál með sama hætti, með samningum við stofnanir eða þá aðila, sem hún vill fá til starfa, þannig að það þurfi ekki að stöðva framþróun í viðkomandi deild. Þeir vekja athygli á því, að það sé betri kostur að leysa málin með þeim hætti en að hlaupa til og breyta lögunum að vanhugsuðu máli og gegn mótmælum aðila, sem þessi mál vissulega varða.

Þessum sjónarmiðum háskólakennara vildi ég koma hér á framfæri, því að ég er mjög inni á þeirra sjónarmiðum að mörgu leyti. Ég treysti mér ekki til þess hins vegar að stuðla að því, að þetta mál verði fellt, með því að greiða atkv. beinlínis gegn því, og ég er hlynntur þeirri meginhugsun, eins og ég hef sagt áður, að það skuli tengja Háskólann við atvinnulífið og það eigi ekki að tvöfalda rannsóknastörfin, einfaldlega vegna þess að þetta litla þjóðfélag hefur ekki efni á því að margskipta sínum fáu starfskröftum svo. En ég segi það hreinskilnislega, að ég hefði talið hyggilegast, að þetta mál fengi nánari athugun og meðhöndlun, og að mínu viti þarfnast það ekki afgreiðslu nú á þessu þingi. Og þá vitna ég til þeirra raka, sem ég hef hér talið upp og eru sett fram af háskólakennurum.

Ég vil líka vekja athygli á því, að málsmeðferðin öll hér á þingi er með þeim hætti, að maður verður að draga þá ályktun, að hv. alþm. hafi ekki sett sig inn í, hversu umfangsmikið mál þetta er, og þeir hafi ekki sett sig inn í brtt., sem fjalla um meginkjarna þessa máls. Og því segi ég, að ég hef þá skoðun, að menn hafi hlaupið til og gert brtt. án mikillar umhugsunar eða yfirvegunar. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að nýlega var borin fram hér á þinginu þáltill. frá tveim hv. þm. Alþb., þar sem þeir vilja stuðla að því og láta athuga, hvort ekki sé rétt, að alþingismenn stundi aðeins eitt starf. Viljum við þá á sama tíma, ef við höfum þessa skoðun, samþykkja mál, sem opnar þá möguleika fyrir aðrar stéttir, að menn hafi tvær stöður og þiggi jafnvel tvöföld laun sem slíkir?

Við höfum talað um það, að auka þyrfti lýðræði á vinnustöðum og í skólum og jafnvel hefur námsmönnum verið veitt sérstök fyrirgreiðsla í meðferð mála hér á þessu þingi, og vitna ég þá til brtt. og frv. um Iðnþróttakennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, en þar var hvort tveggja tekið inn í, ákvæði um aukinn rétt og þátt námsmanna til ákvörðunar og áhrifa í skólastjórn. En nú er ekki annað að sjá en að í ráði sé að keyra í gegnum þetta þing mál, sem er í fullri andstöðu við þá menn, sem málið er skyldast, háskólakennara sjálfa, og það er mjög alvarlegur hlutur, þegar Félag háskólakennara lýsir mjög ákveðið yfir andstöðu við slík mál og heldur því jafnvel fram eða lýsir því yfir, að það muni ekki viðurkenna þetta fólk, sem þannig verði ráðið, hvorki akademískt né félagslega.

Því segi ég það að lokum, herra forseti, að ef málið fær betri undirbúning og ef það er borið undir þá aðila, sem hafa hagsmuna að gæta, og ef það er skoðað frá öllum hliðum og menn átta sig á, að hér er miklu stærra mál á ferðinni, mál, sem snertir grundvallaratriði í akademísku vísindastarfi og rannsóknastörfum almennt, ef sem sagt málið fær slíka athugun, þá er ég viss um, að lausn fæst, sem allir geta sætt sig við. Ef ekki, þá má leggja málið fyrir að hausti, og þá verður a. m. k. ekki sagt, að aðilar hafi ekki fengið að tjá sig um málið með lýðræðislegum hætti.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og hér mun hafa verið gerð grein fyrir áðan, er með þessum brtt. frá menntmn. gert ráð fyrir að færa þetta mál í mjög svipaðan búning og það var upphaflega, þegar það var lagt fram fyrir hv. Ed., og rektor Háskólans og háskólastjórnin mæla með því, að þessi háttur verði á hafður, sem menntmn. d. leggur nú til að verði aftur settur inn í frv., en þeim ákvæðum hafði verið breytt í hv. Ed. N. leggur því til, að farið verði að ráðum háskólarektors og stjórnar Háskólans. En það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður tók fram, að forustumenn háskólakennarafélagsins hafa varað við þessu og eru annarrar skoðunar, eins og hann rakti.

N. taldi skynsamlegt að fara hér að ráðum háskóla-

rektors, sem telur, að þeir geti ekki mannað Háskólann næsta haust heppilega, nema að fá þessi nýju lög gerð úr garði á þá lund, sem menntmn. d. leggur til. Það má ræða mikið um þetta fram og aftur. Það má benda á ýmsa ágalla á því fyrirkomulagi, sem stungið hefur verið upp á að viðhafa í þessu. En áreiðanlega fleiri ágalla á því að verða ekki við óskum rektors og háskólastjórnarinnar og þess vegna tók menntmn. þann kostinn að leggja það til.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég skal nú vera skjótorður, því að mörg mál liggja fyrir deildinni. En ég vildi þó í tilefni af því, sem hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, sagði, taka fram eftirfarandi.

Hann lét í það skína, að það væri eins og menntmn. hefði að einhverju leyti vanrækt að hlýða á mál stjórnar Félags háskólakennara og hefði vanmetið þau rök, sem stjórn félagsins færir fram varðandi þær breytingar, sem menntmn. gerði á frv. frá Ed. Þessu er síður en svo svona farið. Menntmn. gerði sér fyllilega grein fyrir þeim vanda og þeim ágöllum raunar, sem felast í þessu frv. Ágallarnir eru þeir, að það geta myndazt einhvers konar tvær stéttir í Háskólanum. Önnur stéttin hefur aðalstarf í Háskólanum, sinnir rannsóknastörfum í Háskólanum og helgar starf sitt nær eingöngu Háskólanum, hin stéttin getur haft stöðu úti í bæ við opinbera stofnun, en að auki getur sá hópur fengið líka stöðu við Háskólann, haft raunverulega tvær stöður. Þannig gætu myndazt tvær stéttir með mismunandi aðstöðu, mismunandi launakjör. Þetta er mjög alvarlegt mál og n. gerði sér fyllilega grein fyrir þessu. Ég vil taka það fram. Það er ekkert nýtt, sem hv. 9. landsk. þm. sagði um það atriði. Hins vegar vil ég benda á það, að háskólayfirvöld töldu sig ekki geta mannað skólann, eins og síðasti ræðumaður tók fram, og hér varð að velja á milli tveggja kosta og við töldum rétt að fara að vilja háskólayfirvalda í þessu efni.

Þá vil ég bæta því við, að hér ríður á, að framkvæmd mála sér styrk. Það er gert ráð fyrir því um þá menn, sem geta haft tvær stöður, að þá sé þó a. m. k. um að ræða opinbera stofnun utan Háskólans. Og þar með gefst tækifæri, svo sem fyrir launamáladeild fjmrn. og aðra slíka, að tryggja, að þessum mönnum sé ekki ofgreitt. Það þarf að tryggja, að það safnist ekki upp her manna á einum og hálfum launum, og hér eru vissulega margar holur, en við treystum því, að hið opinbera, fjármálaeftirlitið, haldi þannig á málum, að spornað sé gegn þessu. Þetta er það, sem ég vildi segja. Það eru ágallar á þessu, en hér er valið á milli tveggja kosta og við völdum annan. Við höfum fullan skilning á áhyggjum Félags háskólakennara, því að það er óskemmtilegt á vinnustað, þótt það sé í Háskólanum, að hafa við hliðina á sér menn, sem hafa kannske aðra stöðu úti í bæ og eru á einum og hálfum launum. Þetta er ósköp skiljanlegt mál. Þetta hefur að vísu tíðkazt í læknadeild og e. t. v. í stöku öðrum deildum, en þetta er afskaplega óheppileg þróun. En því miður eigum við engra kosta völ og það var með þungri áhyggju, sem menntmn. lét þetta frá sér fara, þannig að það er alveg óþarft fyrir 9. landsk. þm. að slá sér hér á brjóst sem einhver málsvari Félags háskólakennara.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því, að ég skuli vera að slá mér á brjóst. Það var leiðinlegt að heyra það, að hv. 3. landsk. þm. skuli hafa áhyggjur af því og vera að gera lítið úr því, þegar röksemdir háskólakennara, hans kollega, eru tíundaðar hér á þingi. Mitt erindi hingað upp í ræðustólinn var alls ekki annað en það eitt að segja frá því, hvaða sjónarmið væru ríkjandi í röðum háskólakennara, og ég er hissa á því, að þessi hv. þm. lætur sér sæma að koma hér inn og ásaka mig fyrir það, að ég skuli taka upp þeirra sjónarmið og skýra frá þeim hér í þingsal. Ég átti satt að segja frekar von á því, að frsm. n. mundi gera það til að skýra frá gangi mála og störfum n. En það er alveg óþarfi fyrir þennan þm. að vera hörundssár þess vegna né heldur þarf hann að hafa áhyggjur af því, að ég sé hér að slá mig til riddara. Ég hef þessa skoðun í málinu, að það sé hægt að salta þetta mál, bíða með afgreiðslu þess og það skaði Háskólann ekki svo alvarlega. Ég hef ekki hugsað mér að taka hér upp efnisumræður um málið, en það stendur ekki á mér, ef hv. stjórnarsinnar vilja teygja lopann og fara út í slíkar umr., og í því sambandi, án þess að ég ætli að vera mjög langorður, vil ég víkja að kjarna málsins, sem ég held að sé sá, að háskólarektor, háskólayfirvöld halda því fram, að þau geti ekki mannað ákveðnar deildir skólans í haust, ef þessi breyting nái ekki fram að ganga. Þetta eru að sjálfsögðu mjög þung og veigamikil rök. Og ég er ekki viss um það, að ég fyrir mitt leyti einu sinni treysti mér til þess að greiða atkv. gegn þessu frv., þegar slík rök koma fram, en ég vil þó vekja athygli á því, að gegn þessari fullyrðingu háskólayfirvalda, án þess að ég sé að einhverju leyti að rengja þau, hefur verið fullyrt af Félagi háskólakennara, að það sé hægt að leysa þetta vandamál, sem blasir við Háskólanum, einmitt með þeim hætti, sem læknadeildin hefur gert hingað til, þrátt fyrir núgildandi lög, og það standi ekkert í vegi fyrir því, að hinar deildirnar, sem þarna er um að ræða, geri hið sama. Þess vegna get ég ekki fallizt á það, að það sé engra kosta völ annarra en að samþykkja þetta frv.

Hv. 3. landsk. þm. vék enn fremur að því vandamáli, sem ekki er minnzt á í þessu frv. og ég vék að hér áðan, það er um kjaramálin. Það vita allir, ekki sízt þeir, sem starfa við Háskólann, hvað það er viðkvæmt mál, það er eilífur slagur um þau. Og hann sagði réttilega, að það væri fullur möguleiki á því, ef samþykkt væri þetta frv., að menn söfnuðust saman í Háskólanum, sem hefðu ein og hálf laun, jafnvel tvöföld laun. Slíkt er að sjálfsögðu ekki æskilegt og ég styð ekki slíkt. Þess vegna hafði ég haldið, að það væri m. a. eitt af þeim málum, sem þyrfti að taka til athugunar, þegar þetta mál fengi betri athugun.

Þá er ekki hægt að halda því fram heldur, að n. hafi fullan skilning á röksemdum háskólakennara, en mæli síðan með samþykkt á frv., sem er í fullri andstöðu við þeirra rök og sjónarmið. Til hvers er sá fulli skilningur, ef það er ekki tekið tillit til þess?

Ég hef sem sagt reynt að leiða rök að því, að þetta er mál, sem þarf að athuga og þarf í aðalatriðum að komast í gegn, en það er skynsamlegt fyrir hv. Alþ. að rasa ekki um ráð fram, að vera ekki að samþykkja hér lög, sem eru í fullri andstöðu við það fólk, sem hefur hér mestra hagsmuna að gæta, lög, sem kannske er ekki knýjandi nauðsyn að samþykkja nú þegar, geta beðið til

haustsins og þá sé betra að kanna málið til hlítar, bera það undir alla aðila og viðhafa þau lýðræðislegu vinnubrögð, sem m. a. hv. 3. landsk. þm. hefur mjög mælt með hér á þingi í vetur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 824,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 824,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 898).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það gildir það sama um frv., sem hér um ræðir, og það, sem var hér á ferðinni áðan, að þetta frv. hefur verið til meðhöndlunar áður í Ed. og hún gert á því allmiklar breytingar. Sú breyting, sem mest var um deilt og mikilvægust var af þeim, sem gerðar voru í Ed., var sú breyting, sem snerti heimild Háskólans til þess að skipa menn í kennarastöður, sem jafnframt gegndu ákveðnum stöðum eða hefðu starfsaðstöðu utan Háskólans, sem er raunverulega algjört nýmæli í starfi Háskólans. Menntmn. Ed. fékk umsagnir margar um þetta atriði og það kom berlega á daginn, að um þetta mál var mikill ágreiningur og margir töldu, að þarna væri stigið of stórt spor í þá átt að heimila þessa nýskipan. Það fór því svo, að í meðförum menntmn. Ed. og svo aftur í meðförum Ed., sem samþykkti till. menntmn., voru þessar heimildir allverulega þrengdar. Það, sem nú hefur gerzt, er það, að menntmn. Nd. og Nd. hafa ekki viljað að öllu leyti fallast á þær breytingar, sem við gerðum á frv., og hafa hvað eina breytinguna snertir sent það til baka aftur í fyrra formi. Eftir sem áður má nú segja, að allar aðrar breytingar, sem menntmn. gerði till. um og voru samþykktar hér í d., hafi náð fram að ganga. Þetta ákvæði var raunverulega í till. menntmn. Ed. skilyrt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi gæti þessi heimild ekki verið fyrir hendi, nema það lægi ljóst fyrir, að ekki væri fullnægjandi starfsaðstaða og rannsóknaaðstaða fyrir hendi í Háskólanum. Í öðru lagi skilyrtum við þetta á þann veg, að þarna yrði einungis um að ræða opinberar stofnanir utan Háskólans, sem menn gætu gegnt stöðum við, og í þriðja lagi bundum við þetta einungis við verkfræði- og raunvísindadeild. Það er þetta þriðja og seinasta skilyrði, sem Nd. hefur nú aftur fellt niður samkv. mjög eindregnum tilmælum verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans. Að vísu taldi hún, að það væri mikil þörf á því, að verkfræði- og raunvísindadeild fengi þessa heimild, en vildi ekki fallast á það, að sérákvæði væri gert um þá deild sérstaklega. Deildin taldi, að það væri raunverulega niðurlægjandi fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, að slíkt sérákvæði gildi um þá deild eina, en ekki aðrar deildir Háskólans.

Með hliðsjón af því, að komið er að lokadögum þingsins, og með hliðsjón af því, að mjög mörg ákvæði þessa frv. eru þess eðlis, að mikla nauðsyn ber til að þau nái fram að ganga, hefur mér sýnzt, að ekki væri ástæða til þess að fara út í frekari reipdrátt við Nd. um þetta atriði málsins, enda er það ekki nema fátt eitt af þeim breytingum, sem við gerðum, sem breytt hefur verið aftur, og þess vegna legg ég til, að frv. verði samþ. eins og það liggur núna fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 931).

---

60. Vitagjald.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um vitagjald [252. mál] (stjfrv., A. 554).

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Lög þau, sem nú eru í gildi um vitagjöld, eru upphaflega frá árinu 1911, eða þau eru orðin 61 árs gömul. Þessum lögum hefur verið breytt nokkrum sinnum, aðallega til þess að færa taxta vitagjaldanna til rétts verðlags á hverjum tíma. Meginbreytingarnar að þessu leyti voru gerðar 1946 og svo aftur 1960. Síðustu breytingar á vitagjöldunum eru orðnar 12 ára gamlar. Af því leiðir, að það er auðsætt, að vitagjöldin eru í fullu ósamræmi við núgildandi verðlag og hrökkva hvergi nærri til að standa undir kostnaði af rekstri vitanna og viðhaldi þeirra. En lögin voru vitanlega sett í upphafi til þess að standa undir kostnaði af byggingum og viðhaldi vitakerfis landsins.

Meginbreytingin í frv. er í 1. gr. Þar er sú breyting, að vitagjöldin skulu miðuð við brúttórúmlestatal skipa í stað nettó áður. Þetta er talið vera í samræmi við innheimtu annarra hafnargjalda, sem öll eru miðuð við brúttóstærð skipa. Gjaldið er nú 4 kr. af nettórúmlest almennt, nema af skemmtiferðaskipum, þar er gjaldið aðeins 60 aurar af rúmlest. Hækkunin er hins vegar sú, að nú verði gjaldið 10 kr. af brúttórúmlest almennt, en af skemmtiferðaskipum 1.50 kr. Í 1. mgr. 1. gr. er tekið fram, að gjaldið skuli greiða af hverju skipi 5 rúml. eða stærra, sem tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu. Sú er undantekning með fiskiskipin, að þau greiða gjaldið einu sinni á ári, og er lágmarksgjald, allra lægsta gjald, 100 kr.

Í 2. gr. er skýrt tekið fram, til hvers vitagjaldinu skuli varið, þ. e. til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins, og er það í samræmi við það, sem frá upphafi hefur

verið. Það er sem sé með þessu frv., þessari heildarendurskoðun á lögum um vitagjald verið að færa gjöldin til samræmis við núverandi verðlag, en gjöldin hafa staðið óbreytt frá árinu 1960, eins og ég áðan sagði.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 850).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 850, þá hefur n. rætt þetta mál, 252. mál, frv. til l. um vitagjald, og komizt að þeirri niðurstöðu að mæla einróma með samþykkt þess. N. leit svo á, að hækkun úr 4 kr. í 10 á rúmlest væri sízt of mikil miðað við hækkanir á flestum eða öllum sviðum á tímabilinu 1960—1972. Í aths. við frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á lögum um vitagjald frá 1911, og því, að ýmis ákvæði laganna eru orðin úrelt. Auk þess segir í aths., að það sé tekið skýrt fram í 2. gr., að tekjunum af vitagjaldi skuli varið til viðhalds vitakerfis landsins, og að lokum, að nauðsynlegt sé að færa gjöldin nokkuð til samræmis við núgildandi verðlag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 919).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. komið frá hv. Nd., þar sem það hefur hlotið einróma og ágreiningslausa afgreiðslu. Meginefni þess er, eins og segir í athugasemdum, að gera breytingu á gjaldi, svokölluðu vitagjaldi, sem hefur staðið óbreytt í fjölda ára þrátt fyrir miklar verðlagsbreytingar, og verður það nú eftir hækkunina 10 kr. á brúttórúmlest í staðinn fyrir 4 áður og 1.50 af skemmtiferðaskipum í staðinn fyrir 60 aura, sem áður giltu. Þessar hækkanir eru taldar fullkomlega eðlilegar miðað við þær verðbreytingar, sem hafa orðið frá því að lögunum var síðast breytt. Eins og ég sagði, hefur enginn ágreiningur orðið um það í hv. Nd. og sama var raunin á í samgmn. Ed. Hún mælir eindregið og einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 932).

---

61. Orlof húsmæðra.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um orlof húsmæðra [268. mál] (stjfrv., A. 635).

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. til l. um orlof húsmæðra var samið af nefnd, sem skipuð var til að inna af hendi það verkefni með það fyrir augum að gera brtt. við gildandi lög um orlof húsmæðra, en sú löggjöf er frá árinu 1960 og var þá frumsmíð í lögum. Fyrirmæli nefndarinnar voru þau ein að miða breytingarnar við fengna reynslu af framkvæmd hinna gildandi laga. Ýmsar breytingar eru á frv. frá hinni gildandi löggjöf, og skal ég nú gera grein fyrir þeim helztu og þar með efni frv.

Fyrirkomulagið í grundvallaratriðum er líkt og áður, að Kvenfélagasamband Íslands hafi meginframkvæmdina á höndum og sjái um skipulagninguna að verulegu leyti. Kvenfélagasambandið á að skipta landinu í orlofssvæði með tilliti til framkvæmdar laganna, og ákveðið er, að skiptingin skuli fara fram á landsþingi sambandsins. Þetta er í meginatriðum í samræmi við það, sem nú er.

Þá eiga héraðssambönd Kvenfélagasambands Ís-

lands að kjósa á ársfundi sínum orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hvert í sínu umdæmi. Í orlofsnefnd eiga aðeins að vera þrjár konur og þrjár til vara, og er gert ráð fyrir, að þær séu kosnar til þriggja ára. Þetta er líkt og í gildandi löggjöf. Síðan skipta orlofsnefndirnar með sér verkum sjálfar. Orlofsnefndirnar eiga svo hver í sínu umdæmi að sjá um rekstur orlofsheimila og að öðru leyti framkvæmd húsmæðraorlofsins.

Í 4. gr. eru heimildir, sem konurnar hafa lítið notað. Það er til þess að greiða fyrir föst störf eins og framkvæmdastjóra- og gjaldkerastörf, þegar um rekstur orlofsheimilis er að ræða á þeirra vegum. Að öðru leyti hafa þessi störf yfirleitt verið innt af hendi án þess að greiðsla kæmi fyrir, og meginreglan er enn þá sú samkv. frv., að orlofsnefndir skuli vera ólaunaðar, sjálft nefndarstarfið.

Þá er það um fjáröflunina. Kostnað vegna orlofs húsmæðra er gert ráð fyrir, að ríkissjóður beri uppi með 100 kr. framlagi fyrir hverja húsmóður í landinu, sem orlofsréttar skal njóta. Þá er sveitarfélögunum ætlað að greiða ekki minna en helming á móti framlagi ríkissjóðs, ekki minna en 50% á móti greiðslu ríkissjóðs í orlofssjóðinn. Og í þriðja lagi er svo heimild til þess að láta orlofsþega, konurnar, sem orlofsdvalar njóta, greiða allt að 15% af beinum kostnaði við orlofsdvöl, en gert er ráð fyrir, að þetta kunni að verða notað, – þetta er aðeins heimild, – kunni að verða notað af sumum orlofsnefndum, en öðrum ekki. M. a. er ekki gert ráð fyrir því, að til þessa kæmi, ef aðeins væri um orlofsferðir að ræða og ekki fasta orlofsdvöl. Heimild er í gildandi lögum og svo er einnig í frv. til þess að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þætti til. Ef framkvæmd orlofsins væri í stærri stíl annað árið heldur en hitt, þá þyrfti það ekki að standa í vegi, þá ætti að vera hægt að bæta úr, ef geymzt hefur fé frá árinu á undan.

Þá er fjallað um rétt þeirra, sem taka megi húsmæðraorlof. Þar skal velja úr umsóknum og hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna á framfæri húsmóður og aðrar félagslegar aðstæður. Yfirleitt er gert ráð fyrir, að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7 dagar og geti verið 10 dagar, og má það ekki knappara vera og er raunar æskilegra, að þessi orlofsdvöl gæti verið helzt hálfur mánuður og ekki minna. Það virðist þó vera álit kvennanna, sem frv. sömdu, að þó að verulega séu nú aukin framlög ríkisins sérstaklega til þessa mannréttindamáls, þá muni samt tæplega verða unnt að hafa orlofið lengra að hámarki en 10 daga, og er það í naumasta lagi, verð ég að segja.

Í 7. gr. frv. er heimild til þess að nota allt að 20% af framlagi ríkis og sveitarfélaga til þess að greiða kostnað vegna barna orlofskvenna á barnaheimili eða annars staðar, meðan á orlofsdvöl húsmóður stendur. Þetta er algert nýmæli. Það hefur reynzt verða svo, að lítið vill verða úr hvíld þeirrar móður, sem hefur orlofsdvöl, ef hún ætti að hafa barnahópinn sinn þar með sér, svo að það hefur yfirleitt orðið þannig, að konurnar hafa ekki börnin með sér. Þá eru erfiðleikarnir á því að koma börnunum fyrir, meðan móðirin er í orlofsdvöl, og hafa verið á því mikil vandkvæði, ekki beinar heimildir heldur í lögum til að verja fé til þess að vista börnin t. d. á barnaheimili, meðan móðirin væri í orlofsdvöl, og er nú þessi möguleiki opnaður. Einkanlega mundi þetta verða til hagsbóta fyrir ungar mæður, sem eiga börn á unga aldri, t. d. innan 7 ára aldurs, þá gætu þær af orlofsfénu fengið börnum sínum ráðstafað á öruggan stað, t. d. barnaheimili, meðan þær nytu orlofsdvalarinnar. Þetta er kannske þýðingarmesta nýmælið í frv., og tel ég, að þar sé verulega úr bætt samkv. fenginni reynslu, því að mjög erfitt hefur verið að horfa upp á það, að einmitt barnmargar mæður skyldu ekki geta notfært sér orlofsdvöl, vegna þess að börnunum varð ekki komið fyrir á meðan.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að orlofsnefndir eigi kost á fyrirgreiðslu hjá félmrn. og sérstaklega menntmrn. og öðrum hlutaðeigendum um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalarinnar. Skólarnir hafa á ýmsum stöðum verið hagnýttir á sumrin til orlofsdvalar húsmæðra, en lengstum og víðast hvar hefur verið tekin full greiðsla, full leiga fyrir skólana. Þó mun á s. l. sumri hafa verið nokkur þátttaka af hendi ríkisins í því, að ríkið greiddi sinn hluta af skólaleigunni, til þess að létta á útgjöldum orlofsins með því að stuðla að því, að skólarnir væru þannig leigðir orlofi húsmæðra við vægara verði en ella. Þetta tel ég auðvitað sjálfsagt og vil vænta þess, að félmrn. og menntmrn. veiti þá aðstoð, sem um er rætt í 10. gr. Fullar skýrslur á orlof húsmæðra að senda varðandi starfræksluna og gera grein fyrir reikningum sínum. Þessi starfsemi er þannig undir opinberu eftirliti, og er ekki nema sjálfsagt, að svo sé.

Ákvæði er til bráðabirgða í frv. um það, að núverandi skipting landsins í orlofssvæði skuli vera þetta ár eins og verið hefur, þangað til eftir landsfund Kvenfélagasambands Íslands, sem samkv. 1. gr. frv. á að skipta landinu í orlofssvæði, orlofsumdæmi.

Það er ljóst, að það fé, sem hingað til hefur verið varið úr ríkissjóði til orlofs húsmæðra, hefur verið smápeningur einn og mjög fáar húsmæður þar af leiðandi getað notfært sér orlof. Á árinu 1970 fengu aðeins 1283 konur aðstöðu til þess að njóta orlofs á vegum orlofsnefndanna um allt landið, en það eru 2.3% af þeim húsmæðrum, sem annars hefðu átt samkv. opinberum skýrslum rétt á að njóta orlofs. Það hefur verið gerð könnun á því, hve margar húsmæður séu í landinu, sem orlofs ættu að njóta samkv. þessu frv., og kemur þá út, að það eru um 50 þús. konur, og er því alveg augljóst, þrátt fyrir þau fjárframlög, sem ráð er fyrir gert í frv., að mörg húsmóðirin verður sjálfsagt út undan.

Ég verð að segja það, að ég býsnast ekki yfir því, þó að ríkið leggi fram 100 kr. á hverja húsmóður, til þess að hún geti notið orlofs. Húsmæðrastéttin er meðal þeirra stétta, sem í flestum tilfellum hafa langan vinnudag, og þjóðfélaginu er því skylt að greiða fyrir því, að sem allra flestar húsmæður og helzt allar og þá einkanlega þær, sem barnahópinn hafa í kringum sig, geti tekið sér einhverja hvíld árlega, notið orlofs. Byrjun þess, að konur færu í orlofsdvöl, hygg ég að sé sú, að á fjárlögum ársins 1957 var í fyrsta sinn tekin upp nokkur upphæð til orlofsdvalar fyrir húsmæður af barnmörgum heimilum, og kom þetta til framkvæmda sumarið 1958 á vegum Alþýðusambands Íslands, því að því var veittur styrkur til þess að hefja þessa starfsemi og kostuð orlofsdvöl fyrir nokkra tugi húsmæðra að Hlíðardalsskóla í Ölfusi, og man ég, að það voru hátt á annað

hundrað börn, sem þessar konur áttu, sem þá nutu þarna orlofsdvalar. Þetta þótti slík nýbreytni, að fjárveiting var á fjárlögum ársins 1958 líka og 1959 sömuleiðis. Svo kom löggjöfin um orlof húsmæðra 1960, og vegna þessara fjárveitinga, sem fyrir hendi voru, var hægt að hefja orlof samkv. löggjöfinni strax á því ári og hefur síðan verið haldið áfram, þó að þetta hafi verið í það takmörkuðu formi, eins og ég áðan sagði, að aðeins 2.3% af fjölda þeirra kvenna, sem rétt eiga á orlofsdvöl, hafa á árinu 1970 getað notið hennar.

Ég held, að ég hafi með þessu gert grein fyrir efni þessa frv. Ég vænti þess, að það fái góðar undirtektir og geti fengið afgreiðslu á þinginu. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. að umr. lokinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, er fyrst og fremst sú, að ég vil færa hæstv. félmrh. þakkir fyrir að hafa látið undirbúa þetta mál og flytja það í þinginu. Mér finnst ég hafa sérstaka ástæðu til að gera það, vegna þess að á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 2. þm. Sunnl. frv. um breyt. á lögum um orlof húsmæðra á þá leið að hækka ríkisframlagið árlega, sem svarar til minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu. En mér virðist, að það sé meginefni í því frv., sem hér liggur fyrir, að tryggja á þann hátt aukið fjármagn til þeirrar starfsemi, sem þetta frv. fjallar um. Ég tek undir þau ummæli hæstv. ráðh., að það væri æskilegt, að þetta mál gæti fengið sem skjótasta afgreiðslu á þinginu, og ég trúi ekki öðru, þó að ekki fengist stuðningur við það á síðasta þingi, en það fáist fullur stuðningur við það nú.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég verð að játa, að ég hef því miður ekki haft tækifæri til að kynna mér einstök atriði frv., en vil fagna því, að það er fram komið. Þar er stefnt í rétta átt. Sérstaklega jákvæð finnst mér 7. gr., sem hæstv. félmrh. gerði grein fyrir hér í ræðu sinni, að væri til komin til þess að mæður gætu virkilega notið þeirrar hvíldar, sem þeim er ætlað að njóta í þessum orlofum. Hins vegar langar mig til þess að koma með eina ábs., sem ég vil beina til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, og það er skilgreiningin í 6. gr. frv. á þeim, sem rétt eiga til þessa orlofs samkv. þessu frv. Þar segir: „Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof." Ég vil benda á, að samkv. þessari skilgreiningu ætti nánast hver einasta gift kona eða móðir í landinu rétt á orlofi samkv. þessu frv., því að engin okkar tekur, að ég hygg, launagreiðslu fyrir að veita heimili forstöðu, enda þótt við séum í fullu starfi annars staðar. Ég held, að það væri rökréttara að miða þessa skilgreiningu við þær konur, sem ekki eiga rétt á orlofspeningum eða orlofi samkv. hinum almennu orlofslögum, og sú skilgreining yrði látin ráða, en ekki sú, sem hér er tiltekin.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu tekur hv. n. þessa ábendingu til athugunar, en ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á því, að einmitt innan þessarar skilgreiningar, sem í 6. gr. er, er veruleg rýmkun frá lögunum núna. Þar segir eingöngu, að sérhver kona, sem veiti heimili forstöðu án launagreiðslu, eigi rétt á að sækja um orlof, en þarna er tekið með: „eða hefur veitt heimili forstöðu". Aldnar konur, sem búnar eru að koma upp barnahópnum sínum, hafa í raun og veru samkv. lögunum eins og þau eru verið útilokaðar frá rétti til þess að njóta orlofs, en þær öðlast þann rétt með þessu frv. Og ég álít það rétt, þó að þær séu ekki með börn í ómegð, að þær njóti þessa réttar. En ef menn vildu takmarka greinina, þá ætti kannske þarna að vera meiri vafi á því, hvort konur, sem eru á fullum embættislaunum fyrir önnur störf en húsmóðurstörfin, nytu endilega orlofsréttar samkv. lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 635, n. 838).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur rætt þetta frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. með einni lítils háttar breytingu. Í umsögn mæðrastyrksnefndar um þetta frv. kom fram ábending um nauðsyn þess, að ekki verði felld út úr lögum um orlof húsmæðra reglan um það, að orlofsnefndir skuli hafa samstarf við mæðrastyrksnefndir, þar sem þær eru starfandi á hverju orlofssvæði. En svo er mál með vexti, að mæðrastyrksnefndir hafa rekið slíka starfsemi, sem um ræðir í þessu frv., sums staðar áratugum saman og annars staðar skemur. Það hefur að vísu gerzt að mestu fyrir það fé, sem aflað hefur verið með sölu mæðrablóms á vorin, eins og ég vona, að hv. þdm. kannist við, og hafa þeir vafalaust keypt mæðrablóm nú s. l. sunnudag, en það fé, sem þeir létu fyrir þetta litla blóm, fer einmitt til slíkrar starfsemi á vegum mæðrastyrksnefndar eins og um er getið að ríkið skuli nú kosta á vegum orlofsnefnda samkv. þessu frv. Þar sem um er að ræða sams konar hópa, sem mundu notfæra sér þetta orlof, bæði á vegum mæðrastyrksnefnda og einnig á vegum orlofsnefnda, þykir okkur ástæða til að áfram standi í lögunum, að þessir aðilar skuli hafa samstarf sín á milli. Að öðru leyti höfum við ekkert við frv. að athuga og mælum með því, að það verði samþykkt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir að hafa skilað áliti um frv. um orlof húsmæðra, þó að það sé nokkuð síðbúið. En það bjargast. Það skiptir nú öllu máli.

Um þá einu brtt., sem hv. n. hefur gert á frv., vil ég aðeins segja það, að mér er heldur illa við hana, mér er heldur lítið um hana gefið og veit, að kvenfélagasamtökin í landinu, Kvenfélagasamband Íslands, sem á að hafa meginforustuna um framkvæmd þessara laga, telur, að þarna sé blandað dálítið óskyldu saman, þó að hvort tveggja fjalli um orlof húsmæðra. Hér er með frv. lagður fastur fjárhagslegur grundvöllur að starfsemi þessari, orlofi húsmæðra, sem mannréttindum þeirra, sem þær eigi rétt á, en mér skilst, að sú orlofsstarfsemi, sem mæðrastyrksnefndirnar reka, sé svona að mestu

leyti líknarstarfsemi, og húsmæðrum hefur yfirleitt verið illa við að finna þann keim af því, að það væri þáttur í nokkurri líknarstarfsemi, að þær fengju að njóta orlofs. Það á það ekki að vera heldur. Þess vegna finnst mér þetta vera dálítið óskylt og hefði heldur kosið, að breytingin hefði ekki verið gerð. Það er rétt, að þetta ákvæði er í gildandi lögum, en mun þó hafa verið löngu fallið úr gildi í framkvæmd. En ekki vil ég láta þetta varna framgangi málsins og læt því kyrrt liggja, en aðeins læt það í ljós, að mér finnst þarna vera heldur miður en betur.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Vegna þess að í ræðu hæstv. ráðh. komu fram ummæli þess efnis, að Kvenfélagasamband Íslands mundi telja, að hér væri tveimur ólíkum hlutum saman blandað, vil ég upplýsa það, að á sínum tíma, þegar þessi lög voru fyrst sett, var einmitt sú breyting, sem við leggjum til, að gerð verði núna á frv., sett inn í og samþykkt hér á Alþ. sem lög fyrir ábendingu Kvenfélagasambands Íslands. Þetta vildi ég, að kæmi fram. Við þetta mætti einnig bæta lítilli aths. við önnur ummæli hæstv. ráðh., þar sem hann nefndi, að það orlof, sem starfrækt væri á vegum mæðrastyrksnefndar, væri fyrst og fremst líknarstarfsemi. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., en ég tel, að það megi einnig telja, að svo verði um það orlof, sem verður starfrækt á vegum orlofsnefnda, þegar þess er gætt, hve það kemur til með að ná til fárra kvenna í raun og veru. Það hlýtur að verða gildandi regla, að þær, sem mest eru þurfandi fyrir slíkt orlof efnahagslega séð, þær, sem minnst tök hafa á því að kosta það sjálfar, hljóta auðvitað að ganga fyrir um það að fá að njóta þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 838 samþ. með 26:4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 892).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 892, n. 918).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. komið frá hv. Nd. Það tók þar þeirri breytingu, að inn í það var bætt ákvæði, eins og fram kemur á þskj. 838, ákvæði um, að þar sem orlofsnefndir húsmæðraorlofs séu starfandi og þar sem mæðrastyrksnefndir séu starfandi, þar skuli húsmæðraorlofsnefndir leita samstarfs við mæðrastyrksnefndir. Þegar ég fór fyrst að kynna mér efni þessa frv. þegar það var lagt fram, saknaði ég þess frá núgildandi löggjöf, að ekki skyldi vera minnzt á í frv. samstarf við mæðrastyrksnefndirnar, né að þær höfðu verið brautryðjendur í starfrækslu húsmæðraorlofs, t. d. hefur mæðrastyrksnefnd hér í Reykjavík beitt sér fyrir og starfrækt orlofsdvöl fyrir bæði konur með börn og konur einar nú um 40 ára skeið. Ég vil því lýsa ánægju minni yfir, að þessi breyting hefur orðið á frv.

Þá vil ég einnig lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera ætlunin að hækka framlag ríkisins til húsmæðraorlofs svo myndarlega sem gert er með þessu frv. Þegar núgildandi lög um húsmæðraorlof voru sett, var frv. um þau flutt hér á hv. Alþ. Það var að tilhlutan Kvenfélagasambands Íslands. Málið var flutt hér í þessari hv. þd., við stóðum að því þm. úr öllum þingflokkum sem þá voru. Ég minnist þess, að í því frv. var eitt ákvæði, sem Kvenfélagasambandið lagði áherzlu á, auk þess að það lagði mikla áherzlu á samstarf við mæðrastyrksnefndir, og það annað ákvæði, sem Kvenfélagasambandið lagði einnig ríka áherzlu á, var fellt út, en það var um það, að konurnar, sem orlofsréttinn áttu, skyldu skattlagðar með 10 kr. gjaldi á ári. Þetta ákvæði var fellt út í meðförum þingsins, vegna þess að það — sem auðvitað út af fyrir sig var rétt, — svaraði ekki kostnaði að innheimta svo lágt gjald, — 10 kr. voru þó snöggtum meira virði og meiri peningur þá en er í dag, — og féll það þannig út. En mér þykir ástæða til þess að rifja þetta upp hér, vegna þess að á bak við þetta bjó sú hugsun, að þær konur, sem orlofsins áttu að njóta, legðu einnig fram nokkuð á móti að sínu leyti og þeim fyndist þær þá kannske ekki vera algjörlega á snærum þess opinbera, að því er fjáröflunina snerti.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. Eins og ég hef líklega tekið fram og fram kemur í nál., mælir heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. einróma með samþykkt frv. án breytinga, þ. e. eins og það liggur nú fyrir hv. þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 933).

62. Eftirlit með skipum.

Á 64. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum [240. mál] (stjfrv., A. 516).

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér, en þó hygg ég, að allir muni verða sammála um það, að nauðsynlegt sé að setja þessi lagaákvæði. Þau falla eðlilega inn í lögin um eftirlit með skipum.

Það var á s. l. hausti, að fulltrúi frá sjóslysanefnd, sem annast slysavarnir, kom til mín og gerði mér grein fyrir því, að hann teldi nauðsynlegt að setja reglugerð um það efni, sem frv. fjallar um. Við athugun kom í ljós, að það þótti bresta lagaheimildir til að setja slíka reglugerð, og varð því að ráði að flytja þetta frv. En efni þess er þetta:

„Bannað er að henda hvers konar netum, vörpum eða öðrum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjó.

Varðar slíkt refsingu samkvæmt lögum þessum."

Nú er svo komið, að skemmdum veiðarfærum eða úrgangshlutum úr þeim er oft fleygt í sjó af fiskiskipum og hefur sjálfsagt svo verið löngum, en efni veiðarfæranna hefur breytzt. Almennt eru nú notuð gerviefni, sem hafa litla eðlisþyngd, og þau eru jafnframt miklu sterkari og endingarbetri efni og fúna seint, máske aldrei. Eðli sínu samkvæmt hafa þessir afgangar veiðarfæra þá eiginleika að fljóta í sjólokunum og sökkva ekki, geta verið til tjóns bæði fyrir dýralíf í sjó og auk þess og sérstaklega orðið hættulegir fyrir siglingar. Þessir úrgangshlutir flækjast oft í skrúfur skipa og geta valdið bæði háska og tjóni. Þess er einmitt að minnast, að sama daginn og þessu frv. var útbýtt á Alþ. komst fiskiskip í Vestmannaeyjum í mikinn háska, þó að menn björguðust í það sinn, vegna þess að veiðarfæradræsur, sem kastað hafði verið í sjó, lentu í skrúfu skipsins og skipið varð því bjargarlaust, að þessu sinni rétt við hafnarmynni, en samt lá við, að þarna yrði manntjón af.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er augljóst mál, að lagaákvæði þarf að setja um þetta og síðan útfærslu á þeim lagaákvæðum með reglugerð vegna þessa máls. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri um frv. og vil vænta þess, að það fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu. Þetta mál á vafalaust heima í sjútvn., sjávarútvegsmál getur það vissulega verið. Ég legg til, að því verði vísað til hv. sjútvn., þegar umr. er lokið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 687).

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var rætt á fundi sjútvn. hinn 3. maí og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Í lögum um eftirlit með skipum, sem samþ. voru í maí 1970, er gert ráð fyrir því, að fimm manna nefnd skipuð af ráðherra til 6 ára í senn fylgist eftir föngum með starfi sjódóma, safni upplýsingum, sem skýrt geti eða upplýst orsakir sjóslysa, og á nefndin m. a. að gera till. um ráðstafanir til þess að draga úr slysahættu á sjó. Það er alkunnugt, að oft er skemmdum veiðarfærum eða hlutum úr veiðarfærum fleygt í sjóinn af fiskiskipum. Síðustu árin hefur orðið mikil breyting á efnum til veiðarfæra í sjó, en nú er almennt farið að nota gerviefni, sem eru miklu sterkari og endingarbetri en þau efni, sem áður voru notuð, og þessi gerviefni fúna seint eða aldrei og sökkva ekki, heldur fljóta í sjónum til tjóns fyrir dýralíf og eru auk þess hættuleg fyrir siglingar, þar sem þessir úrgangshlutir flækjast oft í skrúfur skipa og hafa oft og iðulega valdið gífurlegu tjóni. Er skammt að minnast þess, er vélbátinn Lunda frá Vestmannaeyjum rak stjórnlaust upp í hafnargarðinn í Vestmannaeyjahöfn og gereyðilagðist, eftir að trolldræsa lenti í skrúfu bátsins. Var mesta mildi, að ekki varð manntjón í það skiptið.

Nefnd sú, er ég gat um áðan og kölluð hefur verið sjóslysanefnd, hefur vakið athygli á þessu vandamáli og talið nauðsynlegt, að lögfest verði bann við því að henda ónýtum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjóinn, en engin lagaheimild er fyrir hendi, sem bannar slíkt. Þess vegna hefur þótt nauðsynlegt að lögfesta bann við slíku, og það er tilgangur þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Sjútvn. hefur einróma samþ. að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 910).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, 240. mál Ed. Á þskj. 910 er nál. frá sjútvn., þar sem segir, að hún hafi orðið sammála um að samþykkja frv. Ég vildi nú leyfa mér að segja örfá orð um leið og ég skila þessu nál.

Öllum er vissulega ljós sú hætta, sem er samfara fljótandi veiðarfæradruslum úr léttum gerviefnum, og um það er núna býsna nærtækt dæmi, þegar eitt slíkt net varð einu bezta aflaskipinu í Vestmannaeyjum að fjörtjóni, þegar slík trossa lenti í skrúfunni í ofsaveðri á afar vondum stað með þeim afleiðingum, að skipið eyðilagðist, en mannbjörg varð. Í þessu sambandi finnst mér rétt að minnast einnig á atriði, sem ekki er í þessu frv., að það þyrfti endilega að koma inn einhvers staðar í reglugerð laganna strangara ákvæði í sambandi við hin svokölluðu drauganet, þ. e. niðurslitnar nælontrossur, sem halda áfram að veiða sífellt og eru hinn versti skaðvaldur öllu lífi í sjónum.

Það er óþarfi að hafa mörg fleiri orð um þetta sjálfsagða mál, og eins og ég segi lagði n. einróma til, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 936).

---

63. Lögreglumenn.

Á 63. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um lögreglumenn [237. mál] (stjfrv., A. 503).

Á 64. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og frá er skýrt í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, frv. til l. um lögreglumenn, eru þær breytingar, sem í frv. er lagt til að gerðar verði á gildandi lögum um þetta efni, í tengslum við þær breytingar á verkefna- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem samkomulag varð um í viðræðum síðari hluta f. á. og Alþ. staðfesti í raun með afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. Lagabreyting á þá lund, sem hér eru gerðar till. um, varð þá að sjálfsögðu að koma til, svo að fyrirætlanir þessar við setningu fjárlaga samrýmdust lagaákvæðum um greiðslu kostnaðar við löggæzluna. Eins og kunnugt er, hefur það um alllangt skeið og árabil, má segja, verið mjög eindregin ósk sveitarfélaganna og samtaka þeirra, að ríkið tæki við greiðslu kostnaðar af löggæzlunni að fullu. Í sjálfu sér er þessi ósk ekki óeðlileg, þar sem löggæzlan og lögreglumennirnir hafa verið um störf sín og starfsháttu undir stjórn lögreglustjóra og svo ráðh. og hliðstæð breyting mun hafa verið gerð í öðrum nálægum löndum. Þar sem í sambandi við þetta er um mjög verulegar kostnaðartilfærslur að ræða, hlaut sú tilfærsla að vera þáttur í heildarendurskoðun á skiptingu kostnaðarliða og tekjustofna milli ríkisins og sveitarfélaganna, og skal ég ekki hér fara nánar út í það.

Eins og ég þegar hef sagt, er þessu frv. fyrst og fremst ætlað að gera breytingar á lagaákvæðum, sem snerta þessa hlið málefna löggæzlunnar, svo og jafnframt þeim ákvæðum, sem eðli málsins samkvæmt hljóta að vera samfara kostnaðartilfærslunni, þ. á m. að lögreglumenn, sem áður hafa verið starfsmenn sveitarfélaga, hljóta nú að verða starfsmenn ríkisins. En í því sambandi er þó samkv. þessu frv. heimilaður umþóttunartími, og að sjálfsögðu eru gildandi kjarasamningar að öllu leyti virtir. Um þetta efni eru ákvæði í 13. gr. frv., sérstaklega í 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 13. gr., og reglan er í stuttu máli sú, eins og þar kemur fram, að lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kýs þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum samkv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Í 4. mgr. sömu gr. segir:

„Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. des. 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Ég held, að með þessum fyrirmælum séu fengnar skýrar reglur um þetta efni. Að sjálfsögðu getur verið hér nokkurt álitamál, hvernig með eigi að fara, en það er auðvitað eðlilegt að gefa lögreglumönnunum nokkurn umþóttunartíma og umhugsunartíma til þess að segja um það, hvort þeir vilja verða starfsmenn ríkisins. Ef þeir ekki kjósa það, virðist, eins og þarna er gert ráð fyrir, eðlilegast að fara með það með sama hætti eins og þegar staðan er lögð niður, því að það má segja, að þessi staða eða þetta starf, sem verið hefur á vegum sveitarfélagsins, sé lagt niður, og eiga þá þeir, ef þeir kjósa þá leið, kost á launum í 6 eða 12 mánuði, eftir því hve starfstími þeirra hefur verið langur.

Um fjárhagsleg skipti ríkis og sveitarfélaga vegna viðtöku ríkisins á rekstrarmálefnum löggæzlunnar eru ákvæði í 14. gr. frv. og hefur þar verið tekið nokkurt mið af meðferð þeirra málefna hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum, er samsvarandi tilfærslur frá sveitarfélögum til ríkis á löggæzlukostnaði voru þar gerðar. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lesa það upp, en vísa til þess, sem í þessari frvgr. segir þar um, svo og þess, sem sagt er í grg. En þær reglur, sem þar eru settar, virðast mér vera nokkuð í samræmi við eðli málsins.

Það má segja, eins og ég þegar hef tekið fram, að með þessu frv. séu ekki fyrirhugaðar verulegar breytingar á gildandi lögum í öðrum efnum en þeim, sem leiða af hinu sérstaka tilefni lagabreytinga. Að vísu er um að ræða nokkrar orðalagsbreytingar í þessu frv. frá gildandi lögum. Enn fremur er það, að upp í þessi lög eru tekin nokkur ákvæði, sem nú eru í lögum um meðferð opinberra mála, en þykja eiga heima í þessum lögum, en þar er ekki um neina efnisbreytingu að tefla frá núgildandi lögum. Enn fremur er það, að í þessu frv. er horfið frá þeirri reglu, sem er í núgildandi lögum, að binda tölu lögreglumanna ákveðið við íbúafjölda. Eftir þessu frv. og ef það verður að lögum, þá er ekki gert ráð fyrir því, að fjöldi lögreglumanna sé þannig fyrir fram markaður með ákveðinni tölu, heldur fer það þá eftir ákvörðun ráðh. og fjárveitingavalds. Þar sem hér hefur verið skammur aðdragandi til undirbúnings þessara lagabreytinga og skammur aðdragandi að nauðsyn, sem hér varð á lagabreytingu, þá þótti ekki rétt að sinni að fara út fyrir þennan þrönga ramma, sem sagt að einskorða sig nokkuð við þær breytingar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af kostnaðartilfærslunni. Hins vegar má ætla, að þörf væri á að huga að fleiri breytingum í lögum um lögreglumenn, annaðhvort við framhaldsmeðferð þess nú í þinginu eða á næsta þingi, sem er þó e. t. v. eins heppilegt, af því að ég geri ráð fyrir því, að það verði fremur takmarkaður tími nú til meðferðar þessa máls.

Ég vil aðeins í því sambandi nefna tvö atriði, sem ég fyrir mitt leyti held, að sé ástæða til að athuga og verði að koma til athugunar. Í samsvarandi lög á hinum Norðurlöndunum hafa verið sett ákvæði um nefndir, sem þar eru kallaðar „politinævn“ eða „politiråd“ og er ætlað að vera nokkurs konar samstarfsnefndir lögreglustjórnarinnar, lögreglumanna og borgaranna. Það er með kjörnum fulltrúum sveitarstjórnanna. Ég fyrir mitt leyti tel mjög sterklega koma til greina að taka upp slíkar nefndir hér, sem e. t. v. mætti kalla löggæzlunefndir, og þá auðvitað með reglum, sem lagaðar væru að íslenzkum aðstæðum. Ég tel, að með þessum hætti mætti opna leið til að auka skilning á milli borgaranna og lögreglunnar og fá vettvang fyrir ábendingar um atriði, sem betur mættu fara, og það gæti gefizt tækifæri til að eyða margs konar misskilningi, sem upp kemur í samskiptum borgara og valdstjórnarmanna. Og ég vil segja það, að ég álít þetta atriði mjög mikilvægt, vegna þess að störf lögreglumanna eru þýðingarmikil og það er mjög mikilvægt, að þau ríki skilningur á þeirra störfum og það sé skilningur og gagnkvæmt traust á milli löggæzlumanna og borgara. Og ég hygg, að við getum bætt um frá því, sem er í þeim efnum nú, þó að ég vilji ekki segja, að það hafi komið hér upp neinir sérstakir agnúar þar á.

Hitt atriðið, sem ég vil nefna í þessu sambandi, varðar vandamál, sem mönnum hefur að nokkru verið ljóst, en hefur þó beðið úrlausnar. Á ég þar við hin sérstöku aldursvandamál vegna eðlis löggæzlustarfanna og þeirrar sérstöku áreynslu, sem því starfi fylgir og á stundum svo, að það er nánast fráleitt að ætla nærri sjötugum mönnum að standa í slíku. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að lík vandamál geta verið fyrir hendi við önnur störf ýmiss konar, en þó held ég, að þau séu með svo sérstökum hætti að því er lögreglumenn varðar, að ég tel æskilegt, að um þau verði nánar fjallað. Þau vandamál snerta hins vegar einnig aðra þætti löggjafarinnar, svo sem lífeyristryggingar, og skal ég ekki ræða um það nánar hér, en vil aðeins benda á þetta, að þarna er um að tefla vandamál, sem mér er ljóst, að er fyrir hendi, og ég tel, að verði að huga að á næstunni.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég held, að frv., sem hér liggur fyrir, sé nokkuð skýrt, og þar að auki fylgja því skýringar í grg., sem ég vona, að geri efni þess skiljanlegt að fullu. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn., og ég vil nú leyfa mér, þar sem ég tel hér vera um frv. að ræða, sem eðli málsins samkvæmt verður að ganga fram á þessu þingi og er í raun og veru afleiðing af því, sem efnislega er þegar búið að ákveða, að vænta þess, að hv. n. sjái sér fært að hraða störfum og þetta frv. geti gengið greiðlega í gegnum þingið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., svo að nokkru nemi, enda var þessu frv. útbýtt hér í þinginu rétt fyrir helgi og hefur ekki unnizt tími til þess að fara nákvæmlega yfir það. En ég vil þó við 1. umr. málsins leyfa mér að nefna nokkur atriði, sem ég vonast til, að hv. þn., sem málið fær til meðferðar, taki til athugunar.

Það var rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að það hefur löngum komið fram í samþykktum sveitarstjórnarmanna og Sambands ísl. sveitarfélaga, að eðlilegt væri, að ríkið eitt stæði undir löggæzlukostnaðinum. Þessar samþykktir hafa markazt af tvennu, annars vegar af því, að í raun og veru hafa sveitarfélögin ekki stjórnarfarslega ábyrgð á löggæzlumálum, þótt þau hafi greitt tiltekinn hluta kostnaðar við þau, og hins vegar hefur þetta markazt af því, að sveitarfélögin hafa óskað eftir greinilegri skilum milli verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, og þá hefur þessi þáttur verið talinn falla eðlilega til ríkisins að því tilskildu reyndar, að aðrir þættir kæmu undir umsjá og stjórn sveitarfélaga. Þótt hér sé þannig varðandi þetta sérstaka mál um einhliða ákvörðun um minnkandi valdsvið sveitarfélaga eða réttara sagt minnkandi afskiptasvið sveitarfélaga að ræða, og þá helzt að því er kostnaðarhluttökuna snertir, þá er engin ástæða til þess að amast við frv. á þeim grundvelli, enda standa vonir til þess, að bráðlega verði ráðstafanir gerðar til þess, að fleiri verkefni verði færð í hendur sveitarfélaganna.

Í 3. gr. þessa frv. er niður felld sú viðmiðun, sem er í gildandi lögum um tölu lögreglumanna, og gat hæstv. dómsmrh. um það sérstaklega. Ég teldi varhugavert að fella niður slíka viðmiðun, ekki sízt þar sem sveitarfélögin hafa þá ekki beina aðild að þessum málum, eftir að kostnaðarhluttöku þeirra lýkur. Þess vegna er spurningin annað tveggja að hafa einhverja slíka viðmiðun áfram í lögunum eða, eins og hæstv. ráðh. gat um, að koma upp samráði milli löggæzluyfirvalda og borgaranna, — af borgaranna hálfu yrðu það væntanlega sveitarstjórnirnar, sem færu með umboð þeirra. Ég tel nauðsynlegt, að staðaryfirvöld hafi einhvers konar umsagnarrétt að því er lýtur að fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi og umfang löggæzlunnar, svo mikilvægt sem það er á ýmsum sviðum. Ég nefni t. d. aðeins á sviði umferðarmála, þótt annað og meira sé ekki nefnt.

Þá er rétt, að það komi fram, að um leið og sveitar-

félög hafa talið það eðlilegt, að ríkið taki yfir allan kostnað af löggæzlunni, þá er það staðreynd, að lögreglumenn hafa verið starfsmenn sveitarfélaganna um áratuga skeið og milli sveitarfélaganna og lögreglumanna sem starfsmanna hefur myndazt trúnaðarsamband, og hér í Reykjavík hefur þetta samband verið sérstaklega náið. Þess vegna er það ekki án viðkvæmni, að slíku trúnaðar- og starfssambandi sé slitið milli lögreglumanna og sveitarfélags, enda hafa lögreglumenn í Reykjavík talið hagkvæmara fyrir sig að vera starfsmenn sveitarfélags áfram. Ég hefði kosið, að unnt hefði verið að hafa nánara samband við þessa starfsmenn, bæði lögreglumenn í Reykjavík og annars staðar á landinu, áður en þessi breyting gekk í garð, og vonast til þess, að þeim verði gefinn kostur á að vera með í ráðum, þegar endanlega er gengið frá orðalagi og efnisinnihaldi 13. gr. þessa frv. Það er rétt, að það komi fram hér að gefnu tilefni af orðum hæstv. dómsmrh., að á vegum Lögreglufélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar á grundvelli lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur verið fjallað um lífeyrisréttindi lögreglumanna og lausn á því sérstaka vandamáli, sem er fólgið í því, að lögreglumenn eðlis starfs síns vegna geta tæplega gegnt því að fullu til sjötíu ára aldurs, eins og hæstv. ráðh. gat um. Við höfum í þeim efnum og á vegum þessarar nefndar, sem ég gat um, fengið sérstaka álitsgerð tryggingafræðings varðandi möguleikana á því að stytta starfsaldur lögreglumanna, þannig að þeir njóti engu að síður fullkominna lífeyrisréttinda að loknu starfi. Hér er um vandamál að ræða, sem ég legg áherzlu á, að áfram sé unnið að lausn á.

Þá er í 14. gr. frv. þess getið, að ríkið fái endurgjaldslaust í sinn hluta þau tæki og þann búnað, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til, sömuleiðis húsnæði, í það minnsta meðan það er notað áfram í þágu löggæzlunnar. Ég dreg í efa réttmæti ákvæða þessarar gr., þar sem m. a. það er mjög mismunandi, ekki sízt að því er húsnæði snertir, hvað mikið einstök sveitarfélög hafa lagt löggæzlunni til, og ég teldi eðlilegra, að þarna yrði farið eftir samningum og sveitarfélögum yrði endurgreidd kostnaðarþátttaka þeirra samkv. ákveðnum reglum á ákveðnu árabili, og ég er þeirrar skoðunar, að það þyrfti ekki að vera mjög íþyngjandi fyrir ríkissjóð, en gæti hins vegar verið jafnréttismál milli sveitarfélaganna innbyrðis.

Í aths. við lagafrv. þetta er látið að því liggja, að við samningu þessa frv. hafi verið haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga eða fulltrúa sveitarfélaganna. Mér er nú nær að halda, að það samráð hafi verið afar takmarkað. Að vísu mun Samband ísl. sveitarfélaga hafa fengið nokkra punkta um aðalinnihald frv. þessa fyrir fulltrúaráðsfund Sambands ísl. sveitarfélaga, er haldinn var hér í Reykjavík í jan. s. l., en eftir því sem ég veit bezt hafa forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga ekki haft tækifæri til að líta yfir frv. þetta eða gera sínar aths., áður en það var lagt fram hér á Alþ. Ég hlýt að finna að þessu um leið og ég vonast til þess, að n. sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, bæti úr þessari vanrækslu og hafi fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, áður en n. afgreiðir málið frá sér.

Það er svo enn að lokum eitt mikilvægt atriði, sem ég vildi nefna, og það er, að ég hefði búizt við því, að samferða þessu frv. til laga um lögreglumenn, sem er afleiðing af fyrirheiti, sem gefið var í frv. um tekjustofna sveitarfélaga, að öllum löggæzlukostnaði væri létt af sveitarfélögunum, mundi fylgja frv. til laga um breyt. á lögum um héraðsfangelsi. En eins og kunnugt er, eiga sveitarfélögin samkv. þeim lögum að bera helming kostnaðar af byggingu og rekstri fangelsa, héraðsfangelsa, þ. e. fangelsa til geymslu á handteknum mönnum og gæzluföngum. Hér er ótvírætt um þátt í löggæzlukostnaði að ræða, sem ég tel fyrirheitið í tekjustofnalögunum hafa falið í sér, að ríkið ætlaði sér að taka yfir. Og ég vonast til þess, að þetta frv. hafi aðeins verið heldur seinna á ferðinni og muni brátt sjá dagsins ljós, því að eðlilegt er, að það frv. komi fram í sömu deild og fari til, hygg ég, sömu nefndar, þannig að hægt sé að skoða það sameiginlega. Hér er ekki heldur um mjög viðamikinn kostnað að ræða að því er rekstur snertir fyrir ríkissjóð í heild. Hér í Reykjavík er þessi rekstrarkostnaður í hlut Reykjavíkur að vísu áætlaður 5.2—5.3 millj. kr. á yfirstandandi ári, og ég skal reyndar geta þess, að fyrirhuguð er bygging héraðsfangelsis fyrir Reykjavík og væntanlega nágrannasveitarfélög sameiginlega, sem gæti kostað töluvert fé. Þessa ber að vísu ekki að dyljast, en ég vil leggja áherzlu á, að þegar verið er að tala um, að þetta frv., sem hér er til umr., sé til þess fallið að gera skilmerkilegri skil á milli verkefna ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, þá er þar ekki nema hálfsögð sagan, ef óbreytt eiga að standa lög um héraðsfangelsi. Það er þess vegna nauðsynlegt til þess að þetta frv. og þessi fyrirhugaða breyting nái tilgangi sínum, að lögunum um héraðsfangelsi verði breytt. Og ég tel það enn fjarlægara verksviði sveitarfélaga nokkurn tíma að hafa afskipti af byggingu og rekstri héraðsfangelsa eða fangelsa til geymslu á handteknum mönnum og gæzluföngum heldur en þó að bera einhverja kostnaðarþátttöku af rekstri löggæzlunnar sem slíkrar.

Ég vonast til þess, að n. sú, sem fær þetta frv. til meðferðar, taki þessar aths. til athugunar, og vænti þess einnig, að lögum um héraðsfangelsi verði breytt, eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru nú ekki mörg orð, sem ég þarf að segja út af aths. hv. 2. þm. Reykv. Það er fyrst spurningin um það, hvort það sé rétt að binda í lög, eins og gert er nú, fjölda lögreglumanna. Sjálfsagt er þetta álitamál. Ég hef í þessu efni stuðzt við þá menn, sem hafa, að ég held, mesta reynslu og kunnáttu í þessu, og þeir telja, að ekki sé ástæða til að rígbinda þetta eins og gert hefur verið.

Það er í öðru lagi um yfirfærslur lögreglumanna frá sveitarfélögum til ríkisins. Að sjálfsögðu er það rétt, að þar getur verið um viðkvæmt mál fyrir ýmsa að ræða, t. d. gamla lögregluþjóna, sem lengi hafa verið starfsmenn sveitarfélagsins, og enn fremur eru auðvitað ýmis vandkvæði í því sambandi, m. a. að sjálfsögðu þau, að kjör þeirra lögreglumanna, sem starfað hafa hjá sveitarfélögum, geta verið og eru sjálfsagt eitthvað mismunandi, eftir því hvert sveitarfélagið er. Þetta er auðvitað svo og er ljóst, að þarna er nokkur vandi á höndum. Hins vegar held ég, að þess ætti nú samt að gæta minna, þó að þetta sé nú svona launaatriði, sem kemur þarna til, eða frá hverjum þeir taka laun, af því að hingað til hafa þessir lögreglumenn líka í reyndinni,

eins og hv. þm. gat um, verið stjórnarfarslega settir alveg undir lögreglustjórann og lögreglustjórnina.

Viðvíkjandi því, að það hefði átt að hafa nánara samband við lögreglumenn, áður en horfið var að þessari breytingu, þá vil ég segja það, að frá mínu sjónarmiði hefði það allt eins legið nærri sveitarfélögunum að gera það, áður en þau fóru að gera sínar samþykktir um þetta efni eða setja fram óskir sínar, að kynna sér viðhorf þessara starfsmanna sinna til þess, og ég held, að það megi alveg eins segja, að eðlilegt væri, að þeir aðilar hefðu haft samband við lögreglumennina, áður en þeir áttu hlut að því að afsala þeim, eins og að gerð sé krafa til þess, að hinn, sem við á að taka, hefði samband við þá. Hitt er annað mál, að ég tel sjálfsagt að hafa sem bezt samband við lögreglumennina og reyna að standa að þessari yfirfærslu á þann hátt, að tekið sé sanngjarnt tillit til hagsmuna þeirra og reynt að fara sem liðlegast að þessu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það kæmi hér eitthvað fram eða látið væri að því liggja, að haft hefði verið samband við Samband ísl. sveitarfélaga áður en þetta frv. var úr garði gert, þá held ég, að það komi hvergi beint fram í grg. með frv., að það hafi verið gert. Hins vegar veit ég, að vissir aðilar þar hafa séð þetta, áður en það var lagt fram, en ekki þannig að leitað hafi verið eftir neinum tillögum þeirra þar um, það var ekki gert á þann hátt. Að sjálfsögðu hef ég ekkert að athuga við það, að haft sé samband við fulltrúa þess, en legg aðeins áherzlu á, að það verði ekki til þess að tefja afgreiðslu þessa máls.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um efni þess, sem 14. gr. fjallar um, yfirtöku eða um eignir, sem til þessa hafa verið notaðar í þágu lögreglunnar, þá er það rétt, að þessi regla skal notuð. Það er sagt þarna, að ríkið taki við, án sérstakrar greiðslu, tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til. Þetta eru nú tæki, sem sveitarfélag hefur lagt lögreglunni til, og virðist ekki óeðlilegt, að þau fylgi henni, þegar sveitarfélag losnar við það að standa undir þessari þjónustu. Enn fremur er sú regla sett, að þegar um húsnæði er að tefla, sem ríki og sveitarfélög hafa lagt sameiginlega í, skuli nota það fyrir lögregluna, þá skuli sú eignaraðild að vísu haldast óbreytt, en á meðan húsnæðið er notað í þágu lögreglunnar, eigi þau afnot að vera endurgjaldslaus, en er að því kemur, að þetta húsnæði er selt eða ekki þarf lengur að nota það í þágu löggæzlunnar, þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að andvirði þess skiptist á milli eignaraðilanna samkvæmt eignaraðild.

Það er um þetta atriði sem fleira, að sjálfsagt má um þetta eitthvað deila, og getur mönnum sýnzt sitt hvað um það. En eins og ég held að ég hafi getið í framsögu minni áðan, þá er mér sagt, — ég verð að viðurkenna, að ég persónulega þekki það nú ekki nógu vel, — að þessi ákvæði eða þessar reglur, sem þarna eru settar, séu sniðnar eftir reglum, sem settar hafa verið um þetta efni í nágrannalöndunum, þegar hliðstæð yfirfærsla hefur þar átt sér stað.

Út af því, sem hv. þm. sagði um héraðsfangelsi, vil ég segja það, að ég held, að inni í þeirri kostnaðaráætlun eða þeim kostnaðarhugmyndum, sem fram voru settar um þetta í sambandi við fjárlög, þá hafi ekki verið reiknað með héraðsfangelsum. Ég hef a. m. k. skilið það svo. Hitt er að sjálfsögðu rétt, að það má út af fyrir sig telja rekstur þeirra til löggæzlu. Það getur verið orðaleikur, hvort menn gera það eða ekki. En ég hef skilið það svo, að í þessu, sem ákveðið var með fjárlögunum, fælist ekki skylda til þess að taka við héraðsfangelsum, og þess vegna hefur ekki verið undirbúin af hálfu dómsmrn. lagabreyting á þeim efnum. Hitt er svo annað mál, hvað mönnum sýnist burt séð frá því, hverju hefur verið gert ráð fyrir í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, þegar um þessi mál hefur verið talað, þá getur löggjafinn ákveðið það að breyta lögum um héraðsfangelsi, en ég tel þau málefni ekki vera í neinum þannig órjúfanlegum tengslum við löggjöfina um lögreglumenn, að það hljóti óhjákvæmilega að fara saman, og ég hef sem sagt ekki gert ráð fyrir því og hef ekki skilið það þannig, að það hvíldi nein kvöð á dómsmrn. út af fyrir sig samkvæmt — ég veit ekki, hvað ég á að segja — því samkomulagi má e. t. v. segja, sem gert hefur verið um þetta, að taka að sér héraðsfangelsi. Þetta vildi ég aðeins taka fram, án þess að ég sé þar með að segja neitt ákveðið sem mína skoðun, hvað sé eðlilegt í þessu efni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Nokkur orð varðandi það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri eins sveitarfélaganna og ríkisins að hafa samráð við starfsmenn sína, þegar slíkar breytingar eru í aðsigi eins og þær, að ríkið taki að sér allan löggæzlukostnað. Því er til að svara, að að vísu hafa sveitarfélögin óskað eftir þessu lengi, en ekki fengið þær undirtektir að þessu leyti fyrr en með fyrirheitinu í tekjustofnalögunum, sem hér voru til umr. í vetur, og við, sem höfum starfað að sveitarstjórnarmálum, hefðum að vísu, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, talið það skemmtilegra og hagkvæmara, að þessi verkaskipting hefði verið tekin upp á breiðari grundvelli. En látum svo vera, það var ekki tilefni til þess að hafa sérstakt samstarf við starfsmennina fyrr en að því var komið, að samningsgrundvöllur væri til staðar um slíka yfirfærslu kostnaðar vegna löggæzlu til ríkisins. Ég vil varpa því fram, að auðvitað er möguleiki á því, að löggæzlumenn séu áfram starfsmenn sveitarfélaga, þótt kostnaður vegna löggæzlunnar sé að öllu leyti greiddur úr ríkissjóði, a. m. k. að því er snertir þá, sem hafa verið starfsmenn sveitarfélaga og vilja halda því áfram.

Hitt atriðið, sem ég vil aðeins á þessu stigi málsins gera enn að umræðuefni, er kostnaðarhluttaka varðandi héraðsfangelsi. Ég vil taka það fram, að í öllum þeim tölum, sem ég hef haft, og að því er ég bezt veit, sem sveitarstjórnarmenn eða sveitarstjórnasambandið hefur opinberlega látið frá sér fara, þá hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkissjóður tæki að sér allan kostnað við rekstur héraðsfangelsa og byggingu þeirra. Ef það er ekki sami grundvöllur í fjárlögunum, þeim sem nú er búið að samþykkja og gilda fyrir þetta ár, þá harma ég það, en held þó þennan kostnað ekki svo mikinn, að það eigi að koma í veg fyrir, að þessa breytingu mætti gera þegar með gildistöku frá og með 1. jan. s. l., en til vara legg ég áherzlu á, að slík breyting eigi sér stað og gildi a. m. k. frá og með gildistöku næstu fjárlaga. Hér er bersýnilega um hluta af löggæzlukostnaði að ræða og þess vegna verður að líta á það sem brigð á efndum á því fyrirheiti, sem gefið var í tekjustofnalögunum, ef

þessari kostnaðarþátttöku sveitarsjóða er ekki af þeim létt og hún færð yfir til ríkisins. Ég skildi líka hæstv. dómsmrh. svo, að hann væri ekkert að útiloka það, að þetta væri tekið til meðferðar og rætt, og ég vil ítreka tilmæli mín til n. um, að það verði gert, og vonast þá til þess, að n. í samráði við hæstv. dómsmrh. komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé, um leið og n. afgreiðir þetta frv., að bera fram frv. um breyt. á lögum um héraðsfangelsi.

Ég vil svo taka undir þau ummæli hæstv. dómsmrh., að það er engin ástæða til annars en greiða fyrir framgangi þessa frv., eftir að það hefur hlotið góða og ítarlega athugun í n. og samráð verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök lögreglumanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 503, n. 748, 749).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál, frv. til l. um lögreglumenn, til nokkuð ítarlegrar athugunar og mælir með samþykkt frv. með örfáum breytingum, sem koma fram á sérstöku þskj., 749, en að öðru leyti hafa nm. áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta frv.

Í sambandi við athuganir á eðlilegri skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga hefur það verið sameiginlegt álit fulltrúa þessara tveggja aðila, að ríkið ætti að bera allan kostnað af almennri löggæzlu í landinu. Á fjárlög fyrir árið 1972 er tekin fjárveiting til löggæzlunnar og miðað er við, að kostnaður af henni verði allur greiddur úr ríkissjóði. Í því frv., sem hér um ræðir, eru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skipa löggæzlustarfi með öðrum hætti að sjálfsögðu en verið hefur. Samkv. núgildandi lögum um lögreglumenn eru þeir flestir starfsmenn sveitarfélaganna, þó að embættismenn ríkisins, lögreglustjórar og yfirsakadómarar, hafi haft stjórn á störfum þeirra. Það hefur því þótt eðlilegt við þessa meginbreytingu, sem hér verður, að semja að nýju heildarlöggjöf um lögreglumenn. Og höfuðbreytingin er sú að sjálfsögðu, að ríkið tekur að sér allar kostnaðargreiðslur af starfsemi löggæzlunnar í framtíðinni. Dómsmrh. fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar víðs vegar um land og yfirsakadómari fara með stjórn lögreglu og rannsóknarlögreglu í sínum umdæmum. Sú till. kom til umr. í allshn., sem áður hefur verið nokkuð rædd og til íhugunar, að rannsóknarlögreglan á svokölluðu stór-Reykjavíkursvæði væri undir einni stjórn, stjórn yfirsakadómarans í Reykjavík, sem nú samkv. lögum stýrir starfi rannsóknarlögreglunnar þar. Nm. töldu almennt ekki eftir atvikum unnt að koma þvílíkri breytingu á nú í sambandi við þetta frv. Breytingu af því tagi þyrfti að taka til sérstakrar meðferðar, m. a. vegna þess, að breytingunni mundi óhjákvæmilega fylgja breytt skipan umdæma eða dómstóla. En um efni þessarar till. var ekki frekar leitað álits og n. gekk fram hjá henni að öðru leyti en því, sem ég gat um áðan, að þessu var þar bætt í. Hins vegar taldi n., að til frekari könnunar í þessa átt ætti að koma, og rétt, að hún færi fram fyrr en seinna, þannig að nm. töldu hana allrar athyglì verða.

Í n. urðu ekki sérlegar umr. né ágreiningur neinn að marki, en þó nokkrar umr. um 13. og 14. gr. frv. Í 13. gr. þessa frv. er fjallað um viðtöku ríkisins á kostnaðargreiðslum, einnig um greiðsluframkvæmdina svo og um tilfærslu lögreglumanna, sem ganga úr þjónustu sveitar- og sýslufélaga til ríkisins. Gert er ráð fyrir í þessari gr., 13. gr. frv., að sveitar- og sýslufélögin annist greiðslu á kostnaði frá 1. jan. 1972, eða eins og verið hefur, gegn endurgreiðslu síðar úr ríkissjóði. Og þetta fyrirkomulag á kostnaðargreiðslum standi fram að þeim tíma, þegar verður með samkomulagi aðila endanlega ákveðið, að greiðslurnar færist beint yfir til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Um tilfærslu lögreglumanna segir í 13. gr. frv.:

„Lögreglumenn, sem hafa verið í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kýs þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum samkv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans."

N. taldi ekki fært, að ákvæði væri sett í þetta frv., sem binda skyldi ákveðin sérstök kjör við eina tiltekna stétt opinberra starfsmanna, og þau sérstöku ákvæði yrðu að koma til álita á sínum tíma, þegar til allsherjar kjarasamninga yrði gengið. Kjör löggæzlumanna víðs vegar um land hljóta að vera ærið mismunandi og mörg tæknisk atriði að koma upp í sambandi við launaflokkun og í ýmsum öðrum efnum, að því er varðar kjör þessarar stéttar manna. Og allt slíkt hlýtur að koma til athugunar, þegar kjarasamningar verða gerðir við opinbera starfsmenn. Hitt er svo annað mál, að n. leit þannig á, að sýna bæri þessari stétt manna fulla sanngirni í væntanlegum samningum, þegar þeir eru orðnir ríkisstarfsmenn, og fari það þá eftir gildandi venjum. En að binda það fastmælum í þessu frv. t. d., að lögreglumenn ættu ekkert að missa af kjörum sínum eða öðrum fríðindum í sambandi við launakjör, þegar þeir færu yfir til ríkisins, taldi n. varla fært að taka inn í, eins og ég sagði áðan.

Þá er það 14. gr., sem við ræddum allmjög, eins og eðlilegt er. Þar er ákveðið tvennt. Annars vegar, að ríkið taki við öllum tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélög hafa lagt lögreglunni til, og sú yfirtaka fari fram án nokkurra sérstakra greiðslna af hálfu ríkissjóðs til viðkomandi sveitar- eða sýslufélaga. Þetta ákvæði teljum við í n. út af fyrir sig mjög eðlilegt, vegna þess að viðkomandi sveitar- eða sýslufélag fær áframhaldandi ekki lakari þjónustu en við hafði verið búið, og þess vegna sé ekkert að athuga við það, þó að viðkomandi sveitar- eða sýslufélagi sé ekki goldin endurgreiðsla fyrir afnot af öllum þessum lausamunum, ef ég má orða það svo. Í annan stað er ákvæði um það, að ríkið taki við húsnæði, sem ríkið og sveitar- eða sýslufélög hafa lagt lögreglunni til áður, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög haldi sínum eignarhluta óskertum. Það hefur komið fram hér í umr. um þetta mál fyrr, að kannske mætti ætla, að ríkið færi of langt í

þessum efnum, þ. e. um annarra eignir, og jafnvel gæti þetta kannske talizt brot á stjórnarskrá um friðhelgi eignarréttarins. Við í n. töldum, að það álit fengi nú vart staðizt, og ég vil geta þess, að í Danmörku var farið inn á þá leið, að ríkið tæki við löggæzlunni að fullu, en áður höfðu sveitarfélögin tekið þátt að sínum hluta í kostnaði við hana. Þá var ekki aðeins, að húsnæðið væri tekið, heldur beinlínis tekið í eigu ríkisins, og þótti þarlendum ekkert við það að athuga. En svo langt er ekki gengið hér í þessu frv. Þar heldur viðkomandi sveitarfélag óskertum sínum eignarrétti og verður hann þá virtur, ef slíkt húsnæði, sem ríkið tekur, er ekki lengur til afnota fyrir löggæzluna.

Í umsögn, sem okkur í n. hefur borizt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, eru þeir ekkert sérlega óánægðir með fyrri hluta 14. gr., það, að ríkið taki við öllum tækjum og búnaði án endurgjalds. Þeir eru öllu óánægðari með ákvæðin, sem fjalla um fasteignir eða húsnæði. Við í n. sáum okkur nú ekki fært að breyta þessu ákvæði um húsnæðið, þegar við höfum rætt þetta nánar, og sveitarfélögin hafa náttúrlega fyllstu þjónustu eftirleiðis, m. a. gegnum þetta húsnæði. Ég man ekki betur en svo hafi verið, þegar héraðsskólarnir, héraðsgagnfræðaskólar eða heimavistarskólar voru teknir undir umsjá ríkisins og ríkið skyldi greiða af þeim kostnað, kostnað við rekstur þeirra. Þá held ég, að fáum eða engum hafi dottið í hug, þó að viðkomandi sveitarfélög væru búin að greiða mörg hver stórfé í uppbyggingu skólans, ég held, að fáum eða engum hafi dottið það í hug, að ríkið færi að endurgreiða það, sem sveitarfélögin höfðu á löngum tíma og áður greitt til uppbyggingarinnar, og ég held, að nokkuð líku máli gegni í raun og veru hér. Og ég veit um það, ég er vel kunnugur því, að vegna héraðsskólanna höfðu sveitarfélögin tekið nokkuð stórfelld lán til að standa undir uppbyggingu þeirra og jafnvel rekstri, og þegar ríkið yfirtekur skólana, urðu lánin eftir í höndum viðkomandi sveitarfélags og varð það að standa undir því, sem ógreitt var. Ég held, að ég fari rétt með það. Og þegar á heildina er litið, finnst mér, að hér gæti nokkuð hins sama að því er varðar húsnæðið, sem ríkið tekur við af sveitarfélögunum. En ég held, að ég eyði ekki meira máli í þetta.

Eins og ég sagði áður, eru brtt. við frv., sem n. gerir, á sérstöku þskj. Það er fyrst brtt. við 2. gr. N. gerir það að tillögu sinni, að tekið verði inn ákvæði á þessa lund: „... og yfirsakadómari með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.“ Þetta ákvæði er í lögum um meðferð sakamála og kannske víðar, en sérstaklega benti yfirsakadómari okkur á þetta, er hann hafði frv. til yfirskoðunar, og því tókum við þetta ákvæði inn í brtt. okkar. Svo er brtt. til samræmis við 3. mgr. 3. gr. Þar stendur, að ekki megi skipa í fast lögreglumannsstarf. Við nm. leggjum til, að þetta „fast“ falli niður.

Aðra breytingu gerum við á þessari sömu gr. Þar sem segir, að ráðh. ákveði tölu lögreglumanna í hverju umdæmi að fengnum tillögum viðkomandi lögreglustjóra, viljum við í okkar till. bæta við: „sbr. þó 3. mgr.“, en þar er einmitt fjallað um það, að eigi megi skipa í lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig. Það er vitnað í þessa mgr., þannig að það komi þá skýrar fram en ella, að það sé fjárveitingavaldið, sem komi þarna til hverju sinni.

Aðrar voru nú ekki þær breytingar, sem n. samþykkti að senda frá sér með frv. Þá held ég, að ég hafi útskýrt málið í þetta sinn og vænti þess, að frv. fái sæmilega greiðan gang í gegnum deildina.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera að umtalsefni örfá atriði í sambandi við þetta frv. í framhaldi af því, sem ég hef raunar áður látið í ljós við 1. umr. málsins hér í hv. d. Ég tek eftir því, að í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. þetta er sérstaklega tekið fram, að ekkert samráð hafi verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga um undirbúning þessa frv., og er það auðvitað miður. Það er aðallega aths. við tvær greinar þess, sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerir, og með því að mér skilst, að forsvarsmaður ríkisvaldsins hafi á fundi með hv. n. lýst því yfir, að það mundi ekki standa á endurgreiðslu af hálfu ríkissjóðs á löggæzlukostnaði, sem sveitarfélög leggja út, þá sé ég ekki ástæðu til að gera nokkra breytingu í þeim efnum, heldur hljótum við að treysta þeim yfirlýsingum.

Að því er snertir 14. gr. frv. er ég þeirrar skoðunar, að það væri eðlilegt að breyta þeirri grein eins og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga bendir á. Aðalatriðið í því sambandi tel ég vera, að nú áformuð lagagrein mismunar töluvert sveitarfélögum innbyrðis. Við skulum segja t. d. hér í Reykjavík, þar sem borgarsjóður hefur að engu leyti staðið undir byggingu lögreglustöðvarinnar nýju, þá er ekki um að ræða, að borgarsjóður Reykjavíkur þurfi yfir neinu að kvarta eins og lagagreinin er orðuð. En t. d. eins og bent var á í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, hafa sveitarfélögin á Húsavík, á Hornafirði og jafnvel á Akureyri varið töluverðum fjármunum til þess að byggja yfir lögregluna á staðnum, og mér finnst óeðlilegt, að þessi sveitarfélög fái ekki eignarhluta sinn greiddan eða sérstakir samningar fari fram um þetta efni á milli ríkisins og sveitarfélagsins. Með því að þetta mál er núna hér til umr. eftir samþykkt afbrigði, þá hef ég ekki haft tíma eða tök á því að gera upp við mig, hvort ástæða eða nokkur von er til þess, að þessari lagagr. verði breytt, en það yrði þá að gerast hér í hv. d. við 3. umr. málsins.

Loks vil ég svo ítreka það, sem ég hef áður látið í ljós, og það kemur raunar fram í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, að fyrirheit ríkisstj. um að taka að sér allan löggæzlukostnað er ekki efnt fyrr en búið er að breyta þeim lögum, sem fjalla um byggingu og rekstur héraðsfangelsa. Í þessari umsögn er bent á, að þau eru víða undir sama þaki og lögreglustöðvar og það er álit stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að ekki sé fullnægt yfirlýsingu ríkisstj. um yfirtöku ríkisins á öllum löggæzlukostnaði fyrr en téðum lögum hefur verið breytt. Ég vildi leggja áherzlu á, að þetta væri gert, þótt nú fari að dvína vonir í lok þings, að það takist á yfirstandandi þingi, en vildi þó varpa fram þeirri fsp. til frsm. n., hvort nokkur von væri til þess eða hvort þetta atriði hefði sérstaklega verið rætt innan nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 749,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 749,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 776).

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Eins og ég boðaði við 2. umr. þessa máls, þá hef ég nú það erindi í ræðustól að kynna brtt. við frv. til l. um lögreglumenn á þá lund, að 2. mgr. 14. gr. laganna hljóði svo:

„Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitarfélög hafa stofnað til sameiginlega til afnota í þágu lögreglunnar, og skal þá sérstaklega samið um greiðslu á eignarhluta sveitar- eða sýslufélaga."

Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þessa brtt. umfram það, sem ég gerði við 2. umr. þessa máls, en efni hennar er í samræmi við ábendingar frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Hér er um það að ræða, að sveitarfélögin séu jafnrétthá gagnvart ríkisvaldinu að þessu leyti. Það er mjög mismunandi, hvort um það er að ræða, að sveitarfélög hafi lagt fjármagn til slíks húsnæðis og í þeim tilvikum, sem það hefur verið, þá tel ég ekki rétt, að þau sveitarfélög standi höllum fæti og á þau séu lagðar skyldur umfram önnur. Að öðru leyti tel ég hér líka vera um sanngirnismál að ræða. Ég vonast til þess, að till. verði tekin til greina, þótt flutt sé skriflega.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 794) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þegar ég hafði í gær framsögu um þetta mál fyrir hönd allshn., vék ég nokkrum orðum að 2. málsgr. 14. gr. í þessu frv., sem fjallar um lögreglumenn. Ég tel, að hin framkomna brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. sé þess eðlis, að það sé erfitt — og tala ég þá ekki fyrir hönd n. — erfitt að samþykkja hana, en treysta verður hins vegar því, að ef einhver fjárhagslega vanmegnug sveitarfélög hafa lagt í mikinn kostnað við byggingar á lögreglustöðvum, þá hljóti ríkisstjórnin að líta til slíks. En eftir því sem ég hef hlerað, þá munu þau ekki vera svo mörg, mega vera tvö eða þrjú, að ekki ætti að vera hægt að koma þeim málum fyrir með samkomulagi milli ríkisstj. og þeirra sveitarfélaga. Þetta frv., sem hér um ræðir, er þess eðlis, að það er að minni hyggju nauðsynlegt, að það nái fram að ganga, en brtt., bæði þessi og kannske aðrar, ef þær eru fram settar og samþykktar, stefna málinu í heild í nokkra óvissu og e. t. v. með þeim hætti, að löggjöf um lögreglumenn, sem er í samræmi við fyrri ákvarðanir um þá tilfærslu, sem ætlazt er til að fari fram á lögreglumönnum úr þjónustu sveitarfélaga til ríkis, er stefnt alveg í óvissu, og ég tel þá miður farið. Þess vegna vildi ég mælast til þess, að þessi till. fengi ekki framgang á þessu þingi, en hins vegar mundu þm. treysta því, að ríkisstj. tæki nokkurt tillit til sveitarfélaga, sem lagt hafa í þungan kostnað í sambandi við þetta húsnæði lögreglumanna úti um land, tekið yrði nokkurt tillit til þeirra, þegar að því kæmi að koma þessum málum í það horf, sem er ætlunin.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var til athugunar í allshn. hv. d., lá ekki fyrir umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga og það var ekki fyrr en á allra síðustu stundu, og raunar eftir nokkra eftirgangsmuni, að sú umsögn barst. Okkur þótti, ýmsum nm., sjálfsagt að fá viðhorf samtakanna, sem eru gagnaðilar þessa máls, um ýmis atriði í sambandi við frv. Það var auðvitað gefið mál og þurfti ekki að spyrja þess, að sveitarfélögin mundu verða sammála um, að ríkið tæki að sér löggæzlukostnaðinn, en það var einmitt ekki hvað sízt 14. gr. frv., sem olli því, að í umr. í n. var látin í ljós nokkur undrun yfir því, að ekki hafði heyrzt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nú munu þetta hafa verið einhver mistök, að þessi umsögn barst ekki fyrr, og hún var til meðferðar hjá okkur áður en málið var endanlega afgreitt, en það er rétt, sem hv. form. n. sagði og frsm., að við töldum æskilegt, að það væri ekki hreyft miklu í frv., af því að það var orðið síðbúið og nauðsynlegt að afgreiða það áður en þingi lyki. Hins vegar held ég, að það hafi komið fram hjá öllum nm., að í rauninni væru þeir nokkuð efins um það, hvort hægt væri að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í frv., að taka eignir sveitarfélaganna, og það var nú sérstaklega í sambandi við 1. málsgr., sem við höfðum búizt við, að sveitarfélögin mundu hafa uppi nokkur mótmæli. Nú kemur hins vegar í ljós í ummælum Sambands ísl. sveitarfélaga, að þau láta eftir atvikum við svo búið standa varðandi 1. málsgr. 14. gr., en hafa hins vegar uppi þær óskir, að ríkið yfirtaki og kaupi eignarhluta þeirra í fasteignum, sem notaðar eru í sambandi við löggæzlu.

Ég minnist þess, að í n. komu upp raddir um það, hvort ekki væri a. m. k. eðlilegt, að sveitarfélögin fengju húsaleigu fyrir þessar eignir sínar. Nú er ekki þarna gert ráð fyrir að taka af sveitarfélögunum eignirnar, heldur að þau haldi áfram að forminu til sínum eignarhluta, en út af fyrir sig má segja, að það sé eðlilegast, að þetta sé í eigu ríkisins. Það er nokkuð til í því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að hér verður um allverulega mismunun að ræða að því leyti, að ýmis sveitarfélög hafa lagt í mikinn kostnað, en t. d. Reykjavíkurborg hefur ekki neinn kostnað af sinni lögreglustöð, ríkið hefur borgað hana að fullu, þannig að það eru fyrst og fremst sveitarfélög ýmis úti um land, sem hér yrðu þá að sitja uppi með það að eiga að forminu til eign, sem er þá orðin lítils virði, þar sem hún er varanlega afhent ríkinu til afnota leigugjaldslaust, en aðrir aðilar, eins og hv. þm. gat um, mundu hér ekki verða fyrir neinum slíkum búsifjum, þar sem þeir hafa ekkert lagt til lögreglunnar með þessum hætti.

Af því að nál. var afgr. frá n. með því fororði, að einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., þá tel ég ekki, að það brjóti í bága við hið sameiginlega nál. okkar, þó að ég lýsi yfir þeirri skoðun minni, að með hliðsjón af því, að um þetta er komin fram formleg till., tel ég mér ekki fært að greiða atkv. gegn þessu. Efnislega eru vissulega til rök fyrir því að gera þetta, og mér skilst, að umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga eða sú ákvörðun þeirra, að gera ekki kröfu til neinna bóta fyrir tækjakostinn, sem er verulegt fjármagn fyrir ýmis sveitarfélög og þá ekki hvað sízt fyrir Reykjavíkurborg, sé tekin með hliðsjón af þeirri till., sem sambandið gerir, að ríkið yfirtaki fasteignirnar eða greiði fyrir þær með einhverjum hætti.

Ég er alveg sammála hv. frsm. n. og formanni, að það sé alveg nauðsynlegt að koma þessu máli í gegnum þingið, en sé ekki út af fyrir sig, að það hafi nein áhrif, þó að þessi till. verði samþ., vegna þess að við erum þegar búnir að samþykkja hér brtt., þó að þær kunni kannske að vera veigalitlar, og ég hef jafnvel nokkra hugmynd um það, að einhverjir aðilar í hv. Nd. muni ekki sætta sig alls kostar við þær brtt., sem við höfum hér gert, þannig að þó að ein brtt. til viðbótar væri hér gerð við frv. á þessu stigi, mundi það auðvitað ekki þurfa að seinka neitt meðferð málsins. Ég lýsi því stuðningi mínum við þessa brtt. hv. 2. þm. Reykv. og að sjálfsögðu einnig stuðningi við þær till., sem n. flytur sameiginlega.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins örstutta aths. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. e., að þessi brtt. mín stefnir ekki málinu í hættu eða ætti ekki að gera það, eins og hv. 4. þm. Sunnl. vildi álíta. Hann nefndi enn fremur til rökstuðnings því, að ekki væri þörf á að samþykkja þessa brtt., að hér væri um tiltölulega fá sveitarfélög að ræða, sem hefðu byggt húsnæði eða ættu húsnæði ásamt ríkinu, sem notað væri fyrir lögregluna. Ég tel einmitt, að þetta séu rök fyrir samþykkt till. fyrst og fremst að því leyti til, að það er verið að gera þessum tiltölulega fáu sveitarfélögum rangt til með því að láta þau leggja þetta til þessara afnota, sem önnur sveitarfélög almennt ekki gera, og það eru enn fremur rök fyrir samþykkt till. að því leyti til, að þá er upplýst, að baggi sá, sem ríkissjóði mundi verða bundinn með samþykkt till., yrði tiltölulega léttbær.

Í umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga kemur fram sérstaklega, að Húsavík og Hornafjörður eða sveitarfélögin þar hafi átt þátt í að koma húsnæðismálum lögreglunnar sæmilega fyrir og lagt nokkurt fé af mörkum. Ég hygg, að þarna megi bæta við Akureyri og e. t. v. örfáum öðrum stöðum, sem ég skal ekkert um segja, en af þessu held ég þó, að sé alveg ljóst, að hér sé ekki verið að binda ríkissjóði neinar þær fjárhagsskuldbindingar, sem hann getur ekki mjög auðveldlega undir risið. Og ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 4. þm. Sunnl., að unnt sé að leysa þetta með samningum af hálfu ríkisstj., ef lagaheimild er ekki til staðar, því að í óbreyttum lögum er ríkisstj. blátt áfram bannað að semja við þessi sveitarfélög og bæta þannig aðstöðu þeirra gagnvart sveitarfélögum almennt í landinu.

Ég vil því enn á ný árétta nauðsyn á samþykkt brtt.

ATKVGR.

Brtt. 794 felld með 9:8 atkv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 776, n. 834, 809, 825).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Í því frv., sem hér um ræðir, eru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að löggæzlustarfið verði með öðrum hætti en verið hefur. Samkvæmt gildandi lögum um lögreglumenn eru þeir flestir starfsmenn sveitarfélaganna, þó að embættismenn ríkisins, lögreglustjórar og yfirsakadómari, hafi haft stjórn á störfum þeirra. Það hefur þótt eðlilegt við þessa meginbreytingu, sem hér verður, að semja að nýju heildarlöggjöf um lögreglumenn, en höfuðbreytingin er sú að sjálfsögðu, að ríkið tekur að sér allan kostnað af starfsemi löggæzlunnar í framtíðinni. Þegar fjárlög voru afgreidd á síðasta þingi, fór afgreiðsla þeirra einmitt þannig fram, að það var gert ráð fyrir því, að ríkið tæki að sér greiðslur í sambandi við alla löggæzlu í landinu. Dómsmrh. fer með yfirstjórn lögreglunnar, og lögreglustjórar víðs vegar um landið og yfirsakadómari fara með stjórn lögreglu og rannsóknarlögreglu í umdæmum sínum.

Ég vil þá geta um þær umsagnir, sem hafa borizt n., en það voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. í hv. Ed. Umsögn barst t. d. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Í þeirri umsögn kemur fram, að það hafi verið krafa og tilmæli þessara samtaka árum saman, að ríkið eitt annaðist allan löggæzlukostnað. Hins vegar gera þeir athugasemdir við 13. og 14. gr. frv. Það er í fyrsta lagi við 1. mgr. 13. gr., um það, að sveitarfélögin inni af hendi greiðslur fyrst um sinn eða þangað til samkomulag verði á milli aðila um það, og ríkissjóður endurgreiði síðan sveitarfélögunum þessar fjárupphæðir. Í öðru lagi gera þeir athugasemdir við 1. mgr. 14. gr., sem er þannig:

„Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.“

Í umsögninni frá Sambandi ísl. sveitarfélaga kemur fram, að þeir eru út af fyrir sig ekki mjög óánægðir með þetta og telja það ekkert óeðlilegt. Hins vegar er svo næsta mgr., sem er þannig:

„Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því.“

Það er eiginlega þetta atriði, sem þeir eru mjög óánægðir með og hafa óskað eftir breytingu á. N. telur, eða a. m. k. meiri hl. hennar, að ekki sé óeðlilegt, að sveitarfélögin leggi til þetta húsnæði, enda stendur í greininni, að þau haldi sínum eignarhluta óskertum. Á meðan þessi starfsemi, löggæzlan, er í þessu húsnæði, verða þeir samt sem áður að láta húsnæðið af hendi til þessarar starfsemi, en sé annað húsnæði tekið, þá eiga þeir þennan eignarhluta og geta ráðstafað honum í samráði við ríkisstj.

Þá kemur fram í umsögn sakadómara, að hann sé þeirri breytingu fylgjandi, sem í frv. felst, en leggur til, að ein breyting verði gerð á 2. gr. frv., og tók allshn. Ed. upp þessa breytingu og var hún samþ. í hv. Ed.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík kemur fram, að þróunin hafi verið sú hér á landi, að hlutur ríkisins hafi farið vaxandi í greiðslu á lögreglukostnaði. Áður en þau lög, sem nú gilda, tóku gildi, en það var árið 1963, hafði meginreglan verið sú, að ríkið greiddi 1/6 hluta af löggæslukostnaði, en síðan 1963 hefur ríkið greitt yfirleitt hálfan þennan kostnað. Enn fremur kemur fram í umsögn lögreglustjórans, að á Norðurlöndum sé öll löggæzla í höndum ríkislögreglu og sú skipan hafi verið tekin upp fyrir allmörgum árum. Mælir lögreglustjórinn með samþykkt frv.

Þá kemur enn fremur umsögn frá fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., en þeir benda á, að gera þurfi smávægilegar breytingar á frv. Allshn. hv. Ed. tók upp aðra breytinguna, og var hún samþykkt í þeirri d.

Þá kom umsögn frá Landssambandi lögreglumanna og í henni kemur fram, að ekki hafi verið haft samráð við samband lögreglumanna um þessa breytingu, þ. e. að lögreglumenn verði starfsmenn ríkisins, og óska þeir eftir því, að þetta verði ekki gert, nema þeir haldi þeim fríðindum og kjörum óskertum, sem þeir kunna að hafa á hverjum stað. Nú er vitað, að þetta mun vera eitthvað mismunandi, en það er álit meiri hl. n., að eðlilegt sé, að fram fari samningar um þetta og þetta verði samræmt.

N. afgreiddi frv. þannig, að hún mælir með samþykkt þess, en einstakir nm. gera það með þeim fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt.

Það hafa komið fram nokkrar brtt. Í fyrsta lagi brtt. frá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Bjarna Guðnasyni, og er sú brtt. við 2. gr., að orðin „og yfirsakadómari með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík“ falli niður. Ég vil minna hv. þd. á það, að í síðasta mánuði var afgreitt hér frv. um skipun dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., en þar segir, í 4. gr. þeirra laga:

„Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 82/1961, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.“

Eftir þeim lögum heyrir sem sagt stjórn rannsóknarlögreglu undir sakadómaraembættið, og ef þessi brtt. væri samþykkt, mundi hún vera alveg þvert ofan í þá samþykkt, þessa lagasetningu, sem við gerðum hér í hv. d. fyrir mánuði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Á þskj. 825 flyt ég brtt. við þetta frv. ásamt hv. 9. landsk. þm. og hv. 4. þm. Vesturl. Ég þarf að fara nokkrum orðum um þessar brtt., þótt óþarfi sé að hafa um þær langt mál.

Hv. alþm. fengu í hendur í gær bréf frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem vakin er athygli á þeim atriðum, sem brtt. okkar snerta. Hv. heilbr.- og félmn. Ed. hafði fengið þessar ábendingar sambandsstjórnarinnar, en tók ekki tillit til þeirra, og þess vegna er þess nú freistað í hv. Nd. að koma leiðréttingum að. Frsm. n., hv. þm. Stefán Valgeirsson, las hér upp kafla úr þessu bréfi, þar sem fram kemur, að það hafi verið krafa og tilmæli sveitarstjórnarsamtakanna árum saman, að ríkið annaðist eitt allan löggæzlukostnað í landinu. Það er tekið fram í þessu bréfi, það er tekið fram í samþykkt, sem fulltrúaráð sambandsins gerði, að þess sé vænzt, að fullt samráð verði haft við stjórn sambandsins og viðkomandi sveitarfélög um yfirtöku þessa verkefnis varðandi sameiginlegar eignir. Þetta samráð var ekki haft og er reyndar ekki fyrsta dæmið um það hér á þingi í vetur, hversu lítið samráð hefur verið haft við Samband ísl. sveitarfélaga, þegar breytt hefur verið í veigamiklum atriðum löggjöf, sem sveitarfélögin snertir.

Brtt. okkar eru við 13. og 14. gr. frv. Brtt. við 1. mgr. 13. gr. er þess efnis, að sett er ákveðin regla um það, hvernig endurgreiðslur skuli eiga sér stað. Þar segir svo:

„Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. des. 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.“

Með þessu er kveðið á um það, hversu lengi þetta millibilsástand skuli vara, en í frv. eins og það er er ekkert um það sagt, hvorki um það, hvernig endurgreiðslurnar skuli eiga sér stað, né hvenær þessu ástandi skuli ljúka. En það sjá náttúrlega allir, að það er í fyllsta máta óeðlilegt, að sveitarfélögin séu að greiða reikninga fyrir ríkissjóð og fá það svo endurgreitt eftir dúk og disk og eftir einhverjum reglum, sem enginn veit, hvernig verða. Með þessari brtt. er kveðið fast á um þetta, hvernig þessu yrði hagað.

Brtt. okkar ganga að sumu leyti lengra, en að öðru leyti skemmra heldur en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga óskaði eftir. Við gerum ekki till. um breytingu á því, að lögreglumönnum sé heimilt að vera áfram starfsmenn sveitarfélaga, þar til kjarasamningar renna út. Því hafði sambandsstjórnin reyndar óskað eftir. En við höfum ekki tekið upp þá till.

Varðandi 14. gr. gerum við tvær brtt. við 1. og 2. mgr. Við gerum brtt. við 1. mgr. þess efnis, að ríkið endurgreiði sveitarfélögum þeirra hlut í þeim tækjum, sem ríkið þarna yfirtekur. Ég get ekki séð, að það sé nein sanngirni í því, að ríkið yfirtaki eignir, sem sveitarfélögin eiga að hálfu, án þess að nokkur endurgreiðsla komi til. Ég sé ekki betur en þarna sé um hreina eignaupptöku að ræða, sem ekki á að bæta, og dreg satt að segja í efa, að svona ákvæði standist fyrir stjórnarskránni. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafði ekki gert till. um, að greitt yrði fyrir tæki og búnað, sem ríkið þannig yfirtæki, og ég held, að það megi segja, að sambandsstjórnin hafi sýnt talsverða sanngirni í því og kannske óþarflega mikla.

Við gerum einnig brtt. varðandi húsnæði, sem ríkið yfirtekur, þess efnis, að það verði greitt fyrir það húsnæði, sem ríkið mun hafa afnot af. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið taki við því húsnæði, sem ríkið eða sveitarfélög hafa stofnað til sameiginlega, það taki við þessu húsnæði án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög haldi eignarhluta sínum í því. Þetta sýnist okkur ekki vera eðlilegt ákvæði og leggjum til, að sérstaklega verði samið um greiðslu á eignarhluta sveitar- eða sýslufélaga, og náist ekki samkomulag, þá skuli þrír dómkvaddir menn ákveða greiðslur. Okkur sýnist þetta vera mikið réttlætismál. Þetta var rætt á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var í jan. s. l. Þá fengum við — ja, ég má segja sent inn á fundinn — plagg frá ráðuneytisstjóranum í

dómsmrn., þar sem hann greindi frá þeim hugmyndum, sem þá voru uppi í dómsmrn. varðandi þetta mál, og óskaði eftir því, að þær hugmyndir yrðu kynntar á fulltrúaráðsfundinum. Þær hugmyndir voru nákvæmlega eins og koma fram hér í 13. og 14. gr. frv. Fulltrúaráðið lýsti eindreginni andstöðu við þessar hugmyndir og taldi nauðsynlegt og eðlilegt, að ríkið greiddi fyrir þær eignir, sem það þannig af eðlilegum ástæðum yrði að fá full umráð yfir, þegar löggæzlan væri að fullu og öllu komin í hendur ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en legg mikla áherzlu á það, að þessar brtt. verði samþykktar hér í hv. Nd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur nú gert grein fyrir þeim brtt., sem við erum flm. að þrír, á þskj. 825, og þetta mál varða. En ég hef leyft mér að flytja aðra brtt. á þskj. 809 við þetta sama mál, ásamt hv. 5. landsk. þm., Stefáni Gunnlaugssyni, og hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasyni. Brtt. okkar gengur út á það að nema á brott ákvæði, sem bætt var inn í frv. við meðferð þess í hv. Ed., en þar var sú viðbót gerð við 2. mgr. 2. gr., að tekið var fram, að yfirsakadómari færi með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. 2. mgr. 2. gr. hljóðaði svo í frv. upphaflega, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu."

Við leggjum m. ö. o. til, að sú viðbót, sem þarna var gerð við þessa mgr. í Ed., verði numin á brott. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og stutt þá skoðun við nokkra reynslu af þessum málum, að stjórn lögreglu eigi að vera öll undir einum og sama hatti, eins og hún er yfirleitt alls staðar á byggðu bóli, þar sem ég þekki til, nema í sjálfum höfuðstaðnum, Reykjavík. Utan Reykjavíkur lýtur bæði rannsóknarlögregla og almenn lögregla stjórn lögreglustjóra. Svo mun og vera í nágrannalöndum okkar, meðal frændþjóða, og annars staðar, þar sem ég þekki til.

Hv. frsm. lét í ljós nokkra undrun yfir því, að þessari brtt. skyldi hreyft nú á þessu stigi málsins, þar sem við hefðum nýlega fjallað um frv. til laga um svipað efni hér í hv. d. Hann minntist eitthvað á, að það væri undarlegt, að nú væri verið að flytja brtt., sem gengi þvert á það mál. Vitanlega er svo, að við erum alltaf að hreyfa málum, sem ganga þvert á eitthvað, sem samþ. hefur verið áður, og brtt. ganga yfirleitt þvert á það, sem er í gildandi lögum eða frv., sem fyrir liggja. En þar að auki leit ég svo á a. m. k., að þetta frv., sem hv. frsm. minntist á, hefði einkum og sér í lagi verið flutt til þess að leysa viðkvæmt deilumál, kjaramál dómarafulltrúa, sem með þessu frv. var fjölgað að mun til þess að ná sáttum í því vandasama máli. Ég gat þess áðan, að ég hefði lengi verið þeirrar skoðunar, að rannsóknarlögregla og almenn lögregla ættu að lúta sama yfirmanni. Ég skal geta þess, að þetta er ekki nýtt af nálinni. Þetta er fyllilega í samræmi við þáltill., sem ég flutti hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum árum um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík. Sú till. fékk þinglega meðferð, henni var vísað til allshn. og allshn. lætur svo um mælt, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur haft framangreinda þáltill. til athugunar og sent hana til umsagnar dómsmrn. Leggur n. til, að Alþ. samþykki till. óbreytta." Þannig var till. samþ. einróma á Alþ. 17. apríl 1968, en hún er svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra."

Ég held, að mér sé óhætt að segja, að þessi till. sé studd af yfirgnæfandi meiri hl. starfandi lögreglumanna. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að nú er það húsnæði senn tilbúið, sem ætlað hefur verið bæði almennu lögreglunni og rannsóknarlögreglunni, hin nýja lögreglustöð í Reykjavík. Enn fremur blasa nú við lögreglunni, sem svo oft áður og endranær, mjög erfið viðfangsefni, eins og minnzt var á hér í dag af hv. 9. landsk. þm., þar sem er glíman við fíknilyfin. Ég hygg, að í þeirri baráttu megi lögreglan ekki liggja á liði sínu og þar sé mjög nauðsynlegt, að allir lögreglumenn, hvort sem þeir teljast til rannsóknar- eða götulögreglu, vinni saman sem einn maður.

Til þess að koma þessu máli að fullu í kring, þarf að sjálfsögðu að athuga nokkur fleiri atriði, en ég tel það fyllilega tímabært að hreyfa þessu máli einmitt á þessu stigi, þegar verið er að gera þá meginbreytingu á skipan mála að gera alla lögreglumenn landsins að ríkislögreglumönnum eða eins og segir í 1. gr. frv.: „Héðan í frá á ríkið að halda uppi starfsemi lögregluliðs í landinu."

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eitt af því, sem sett hefur hvað mestan svip á þetta þinghald hér í vetur, eru umr., sem skapazt hafa hér í þingsölum, þegar ber á góma mál, sem snerta einstök kjördæmi eða héruð um hinar dreifðu byggðir. Það skiptir ekki máli, hvort á dagskrá eru vegamál, skólamál, húsnæðismál eða önnur hagsmunamál þessara héraða. Þegar þau ber á góma, þá eru mjög lifandi og fjölþættar umr. um gagn þeirra og nauðsynjar. Það hefur gjarnan farið svo, að hér eru haldnir, eins og sagt er í bakherbergjum, kjördæmafundir. Hver þm. á fætur öðrum úr viðkomandi kjördæmi stendur hér upp og heldur langar ræður um kosti eða galla viðkomandi máls, og þessir sömu þm. karpa sín á milli um það, hver eigi málið, hver hafi flutt það fyrstur, hvernig með það skuli fara, hvaða afgreiðslu það skuli hljóta o. s. frv.

Þessi áhugi kemur fram í fleiru heldur en umr. Hér eru bornar fram margvíslegar till., frv. um hagsmunamál kjördæmanna, fluttar þáltill. um, að gerðar skuli áætlanir um framkvæmdir, um uppbyggingu atvinnulífs og um uppbyggingu menningarmiðstöðva, um tilfærslu á stofnunum o. s. frv. til hinna einstöku byggðarlaga. Nú er ég ekki að gagnrýna þessar umr. eða slíkan tillöguflutning, síður en svo. Það ber þess ljósan vott, að þm. hafa brennandi áhuga á eflingu og viðgangi sinna héraða, sinna byggðarlaga, og ekki er óeðlilegt, að þeir noti tækifærið á þessum vettvangi til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hins vegar er það svo, að í öllum þeim áhuga á viðgangi einstakra byggðarlaga hefur farið minna fyrir því, að rætt hafi verið um hagsmunamál höfuðborgarinnar, og stundum virðist það svo, að enginn einstakur þm. telji sér skylt að gæta hagsmuna Reykjavíkur, að taka upp

áhugamál Reykvíkinga og fjalla um það hér í stuttu eða löngu máli, hvað betur megi fara og hvað gera skuli til hagsbóta fyrir Reykjavík og Reykvíkinga.

Þennan formála hef ég í þessari umr. vegna þess, að hér er til meðferðar frv. til l. um lögreglumenn, mál nr. 237, sem er afleiðing af þeim skattalagabreytingum, þeim róttæku og afdrifaríku skattalagabreytingum, sem gerðar voru hér fyrr í vetur á Alþ. Þar var m. a. breytt í grundvallaratriðum tekjustofnalögum sveitarfélaga annars vegar og tekju- og eignarskattslögum hins vegar og í þessum till. frá hæstv. ríkisstj. var m. a. gert ráð fyrir því, að kostnaður af löggæzlu flyttist yfir á ríkissjóð. Þessi breyting var gerð öðrum þræði vegna tilmæla frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og ályktana, sem gerðar höfðu verið á þeim vettvangi, en þær ályktanir gengu út á það, að eðlilegt væri, að ríkisvaldið hefði kostnað af rekstri löggæzlu, og má á þau rök fallast sem meginreglu, að eðlilegra sé, að ríkissjóður hafi með rekstur og kostnað af löggæzlu að gera heldur en einstök sveitarfélög, enda er það svo hvarvetna um hinn menntaða heim, að löggæzlan heyrir undir viðkomandi stjórnvöld á hverjum tíma.

Þessi meginbreyting var sem sagt gerð með samþykki Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarstjórna almennt, en hins vegar eru margvíslegar breytingar einstakar, smáar og stórar, í þessari tilfærslu, sem sveitarfélög geta ekki sætt sig við og hafa ýmislegt við að athuga. Það eru reyndar fleiri en sveitarfélög, sem gagnrýna þetta, og kem ég að því síðar. En varðandi þessa breytingu þá er frá því að segja, að hagsmunir Reykjavíkur eru að mínu viti mjög fyrir borð bornir og virðist vera svo í þessum málum sem öðrum, að lítt hafi verið tekið tillit til sjónarmiða eða hagsmuna Reykvíkinga, heldur haldið sínu striki og breytt án þess að skoða málin niður í kjölinn og athuga allar afleiðingar af þessum breytingum.

Í 13. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Frá 1. jan. 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, til þess tíma er ákveðið verður, með samkomulagi aðila, að kostnaðargreiðslur færist til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kýs þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum samkv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Sveitar- eða sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. des. 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Þannig hljóðar 13. gr. þessa frv. og eins og heyra má, fjallar hún að mestu um það atriði, hvernig færa skuli lögreglumenn úr þjónustu sveitar- og sýslufélaga yfir til ríkisins og gera þá þannig að starfsmönnum ríkisins.

Í umsögnum, sem bárust til þeirrar n., sem hafði með þetta mál að gera, kenndi ýmissa grasa, en þ. á m. voru umsagnir frá Landssambandi ísl. lögreglumanna, svo og frá Lögreglufélagi Reykjavíkur. Ég held, að ég fari rétt með, að báðir þessir aðilar eða a. m. k. Lögreglufélag Reykjavíkur, svo að ég fullyrði ekki of mikið, mótmæla mjög ákveðið þessari tilfærslu og telja hagsmunum sínum stefnt í voða. Nú þarf ekki að fjölyrða um það eða rekja það fyrir hv. þm., að að sjálfsögðu er meginþorri allra lögreglumanna félagsmenn í Lögreglufélagi Reykjavíkur. Þar er um langstærsta liðið að ræða, og víða um land eru ekki nema 1—2 menn, sem starfa að löggæzlu, en allur hinn stóri fjöldi er hér í höfuðborginni. Þess vegna skipta þessar breytingar fyrst og fremst máli fyrir lögreglumenn í Reykjavík. Þetta lögreglufélag, sem hér er fyrir hendi í höfuðborginni, hefur áður og reyndar strax þegar skattafrv. komu fram látið í ljós áhyggjur sínar og það fór ekki á milli mála, að þeir óskuðu mjög eftir því, að tekið væri tillit til sjónarmiða þeirra. Því miður hefur reyndin ekki orðið sú og þessi mál farið í gegn, bæði skattafrv. og þetta frv. til laga um lögreglumenn, án þess að samráð hafi verið haft við þetta stóra félag, sem á að gæta hagsmuna lögreglumanna í Reykjavík. Ég efast líka um, að samráð hafi verið haft við Landssamband ísl. lögreglumanna, þó að ég skuli ekki heldur fullyrða um það. En ég man ekki betur en hafi mátt lesa það út úr umsögnum þeirra, að svo hafi ekki verið gert.

Lögreglufélag Reykjavíkur hefur sett fram þau sjónarmið, að hagsmunir lögreglumanna í Reykjavík og aðstaða öll yrði mun lakari, ef þessi breyting verður að lögum. Nú er það opinber staðreynd, að lögreglumenn í Reykjavík, sem hafa átt Reykjavíkurborg að samningsaðila, hafa fengið betri kjör og betri samninga í viðskiptum sínum við þann yfirmann, sem Reykjavíkurborg er gagnvart þeim, og fyrir vikið eru þeirra kjör mun betri heldur en löggæzlumanna víða um land. Nú er ég í sjálfu sér ekki að mæla því bót, að það sé munur á kjörum manna, eftir því hvar þeir eru staðsettir á landinu, síður en svo. En þessa staðreynd verðum við engu að síður að horfast í augu við, þegar við erum að velta fyrir okkur hagsmunum lögreglumanna í Reykjavík. Og það er að sjálfsögðu krafa þessa hóps manna, að þeir fari ekki út úr þessum tilfærslum með lakari kjör heldur en þeir hafa haft fyrir. Það er mannlegt sjónarmið, sem mundi vera ríkjandi í hvaða stétt sem væri og ég veit, að þingheimur hefur fullan skilning á.

Fyrir utan beina hræðslu við kjaraskerðingu hafa þeir líka áhyggjur af því, að samningsaðstaða þeirra mundi verða mun lakari, þar sem ekkert segir til um það, hvernig skuli fara með kjarasamninga þeirra í framtíðinni, og reyndar mjög ólíklegt, að Lögreglufélag Reykjavíkur verði samþykkt sem sérstakur samningsaðili. Það þýðir, að þetta félag verður að ganga inn í landssambandið og vera þar einn hluti af þeirri heild, og fyrir vikið, eins og ég hef sagt hér áður, mundi ekki verða tekið tillit til þeirra sérstöku samninga, sem þeir hafa haft hingað til, og þeir óttast afleiðingarnar af því. Þegar á heildina er litið, má segja, að réttarstaða lögreglumanna í Reykjavík, Lögreglufélags Reykjavíkur,

sé óljós. Hún svífur í lausu lofti, og er það að sjálfsögðu óverjandi að leggja fram frv. og gera till. um það, í hvers þjónustu viðkomandi stétt skuli vera, án þess að hafa við hana samráð og a. m. k. gefa þar eitthvað í skyn, hvernig með réttindi hennar og skyldur skuli fara. Að vísu verða þessir menn eins og aðrir að sætta sig við, þegar þeir gerast starfsmenn ríkisins, að taka við réttindum og skyldum, sem opinberir starfsmenn almennt hafa, en þessi sérstaða er mjög augljós og er þess virði, að fullt tillit sé til hennar tekið. Þessum sjónarmiðum vildi ég koma á framfæri og mælist eindregið til þess, að þetta verði athugað, áður en þetta frv. verður samþ. af d. eða hv. Alþ.

Hvað snertir hagsmuni Reykjavíkur eða Reykvíkinga að öðru leyti þá er búið að víkja lítillega að ákvæðum, sem snerta það, sem ég vildi víkja að, í málflutningi hv. 11. landsk. þm., Ólafs G. Einarssonar, en þar á ég við 14. gr. og að nokkru leyti 13. gr. þessa frv. Í 14. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Er afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna."

Það, sem segir um skipti ríkissjóðs og sveitarfélaga hvað snertir kostnað og greiðslu kostnaðar og er í 13. gr., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frá 1. jan. 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, til þess tíma er ákveðið verður, með samkomulagi aðila, að kostnaðargreiðslur færist til ríkissjóðs og umboðsmanna hans."

Þessum ákvæðum báðum hefur Samband ísl. sveitarfélaga mótmælt í umsögn, sem send var til hv. allshn. og dags. er 2. maí 1972. Segir m. a. í þessari umsögn frá sambandinu, með leyfi forseta, hvað snertir 13. gr.:

„Í grein þessari er fjallað um löggæzlukostnað, þ. e. rekstrarkostnað löggæzlu. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin annist greiðslu löggæzlukostnaðar, svo sem verið hefur, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði til þess tíma, sem ákveðið verður, með samkomulagi aðila, að kostnaðargreiðslur færist til ríkissjóðs. Þessu ákvæði frv. mótmælir stjórn sambandsins eindregið. Telur hún ástæðulaust, að sveitarfélögin hafi hér milligöngu, heldur ætti slíkur kostnaður að greiðast beint af ríkissjóði eða umboðsmönnum hans. Eftir að sveitarfélögin eru hætt að taka beinan þátt í löggæzlukostnaði, virðist engin ástæða til, að þau hafi hér milligöngu. Benda má á, að þessum verkefnum fylgir töluverð vinna og sökum vöntunar á rekstrarfé eru sveitarfélögin þess ekki umkomin að leggja fé út fyrir ríkissjóð. Þá má benda á, að í gr. eru engin ákvæði um, hvenær ríkissjóður á að endurgreiða þennan kostnað, hvort það er t. d. mánaðarlega eða að loknu reikningsári, hvaða gögn þurfa að fylgja kröfu sveitarfélaganna o. s. frv. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að þessi skipan haldist, unz samkomulag verði á milli aðila um, að kostnaðargreiðslur færist til ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir, að ekki muni standa á sveitarfélögunum að fallast á slíka tilhögun. En ætti þá skipan sú, sem gr. gerir ráð fyrir, að haldast endalaust, ef ríkisvaldið fellst ekki á breytinguna?"

Þetta segir m. a. í umsögn frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta ákvæði. Það fer ekki á milli mála hér eins og víða annars staðar, að þarna er búið að ganga frá frv., án þess að taka, að manni sýnist, minnsta tillit til hagsmuna sveitarfélaga. Þarna er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki yfir reksturinn á löggæzlunni, en sveitarfélögin hafi áfram nokkra byrði af því að greiða út löggæzlukostnaðinn. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu mikil greiðsluvandræði eru hjá bæði stórum og smáum sveitarfélögum og þau eru þess alls ekki umkomin nema þá í undantekningartilfellum að leggja fé út fyrir ríkissjóð. Ég held, að þarna sé sveitarfélögum sýnt algert tillitsleysi og jafnvel mjög smekklaust tillitsleysi, sem ég tel alveg ástæðulaust að festa í lög með öllum þeim vanköntum, sem á því eru og reyndar er bent á í þessari umsögn. Hvernig á að meta ýmsan kostnað, sem til kemur, og hver á að vera dómari í því og hvenær lýkur þessu óvissuástandi? Þeir, sem kynnzt hafa sveitarstjórnarmálum, og hér eru eflaust margir, sem þeim eru kunnugir, vita, að það er mjög teygjanlegt, hvað er löggæzlukostnaður og hvað fellur undir raunhæfan löggæzlukostnað og hvað annað, sem er í tengslum við það, en þetta væri eilíft þrætuepli, eftir að sveitarfélögin eru búin að greiða þetta fé út, ef síðan ætti að fara að metast um það, hvort greiða ætti það til baka eða ekki. Ég hefði haldið, að það væri miklu skynsamlegra að skera bara strax á þetta. Úr því að ríkissjóður er að taka þá ákvörðun að taka á sig löggæzluna og kostnaðinn af henni, þá á að gera skil strax þarna á milli.

Þá er ég kominn að 14. gr., sem fjallar eins og áður getur um það, að ríkið taki yfir húsnæði án greiðslu fyrir viðtöku þess, og enn fremur, að ríkið taki yfir ýmis tæki og aðra lausamuni, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir það heldur. Þetta er reyndar furðulegt ákvæði, og ég mundi segja, að það eigi sér enga hliðstæðu, enda hafa verið leidd rök að því og það gefið hér fyllilega í skyn fyrr í dag, að þetta ákvæði varði hreinlega við stjórnarskrána, að hægt sé að setja í lög, að hægt sé að yfirtaka eignir sveitarsjóða eða ákveðinna aðila, án þess að greiðsla komi í staðinn. Ég efast stórlega um, að það standist, og það væri bara vansæmd að því að láta þetta ákvæði fara í gegn, sérstaklega þetta ákvæði. Ég vildi vegna hagsmuna Reykjavíkur, sem ég hef minnzt hér á áður, sem dæmi benda á, að hvað fasteignir snertir þá eru hér í Reykjavík þrjár fasteignir, sem eru í sameiginlegri eign ríkissjóðs og borgarsjóðs. Það er í fyrsta lagi hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9, en þar á ríkissjóður helmingseign á móti borgarsjóði. Nýja fasteignamatið á hlut Reykjavíkurborgar í þessu húsi er 6.6 millj., þannig að það er þá rétt um 13 millj., sem fasteignamatið á þessu húsi er samtals. Í öðru lagi er um að ræða fangageymsluna í Síðumúla, sem er líka

stór fasteign og verðmæt, þar er fasteignamatið 2.8 millj. Í þriðja lagi er um að ræða fangaklefana í lögreglustöðinni við Hverfisgötu, í þeirri stóru byggingu, og þar er hluti borgarsjóðs 7 millj. af fasteignamati. Samtals er fasteignamatið, sem er hluti borgarsjóðs, 16.4 millj. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessar fasteignir verði afhentar ríkissjóði, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, 16.4 millj., takk, á borðið úr sveitarsjóðnum, sem hefur byggt þessar fasteignir upp, og sumar þeirra eru byggðar nýlega upp, eins og fangahúsið í Síðumúla, og hafa þar af leiðandi lítið verið afskrifaðar. Þetta eru verðmætar eignir, og sveitarsjóður og við Reykvíkingar höfum haft af þessu kostnað og kostað miklu til þessara fasteigna, og það er aldeilis útilokað fyrir þetta byggðarlag og íbúana þar að sætta sig við slíka afarkosti.

Þá kem ég að rekstri þessara húsa. Nú hef ég verið að reyna að rýna í þetta ákvæði og átta mig á því, hvernig með rekstrarkostnað af þessum húsum skuli fara. Þar segir, eins og ég hef greint frá áður, að ríkið taki við húsnæði, sem ríkið og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, — það liggur ljóst fyrir, — en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum. Þessi síðasti málsl. fjallar eingöngu um það, hvernig með skuli fara, þegar afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, en það er ekki vikið einu orði að því, hvernig með rekstur þessara húsa fer. Nú skyldi maður ætla, að þegar ríkið yfirtekur þessar fasteignir og með slíku gerræði, að það á ekkert að greiða fyrir það, þá mætti ætla, að það væri nú lágmarkskrafa og gert ráð fyrir því, að ríkið tæki að sér rekstrarkostnað þessara húsa. Þessu mundi öll venjuleg skynsemi ganga út frá, ef maður ályktaði með venjulegum rökum. En það er eitthvað annað, þegar litið er í fjárlög, sem samþykkt hafa verið fyrir árið 1972. Þar er vikið að þessum húsum, hegningarhúsinu og fangahúsinu, og þar segir um hegningarhúsið í Reykjavík hvað snertir rekstrarkostnað á því húsi, að gert er ráð fyrir því, að rekstrarkostnaðurinn skiptist þannig, að launin séu 4 millj. 950 þús., önnur rekstrargjöld séu 1873 þús., viðhald sé 700 þús. og gjaldfærður stofnkostnaður 150 þús. Samtals er reiknað með því, að gjöldin nemi 7 millj. 673 þús. kr. En á móti segir síðan í þessum fjárlögum, að reiknað sé með tekjum af rekstri hegningarhússins að upphæð 3 millj. 836 þús. kr., það er sem sagt reiknað með því, að helmingurinn af gjöldunum komi inn aftur sem tekjur. Og hvaðan eiga þær tekjur að koma? Þær eiga að koma frá sveitarsjóðnum, þær eiga að koma frá borgarsjóði, því að hingað til hafa þessi hús verið rekin sameiginlega af ríki og borg og það hefur verið um helmingaskipti þar að ræða. Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. leggur fram fjárlög nú í haust með þessum till., sem þarna greinir, þá hefur hún líka í bígerð og leggur um sama leyti fram frv. að breytingum á skattalögum og tekjustofnalögum. Engu að síður, þrátt fyrir það, að hún gangi til þessara breytinga og aðgerða með það í huga að yfirtaka löggæzlukostnaðinn og yfirtaka þessi hegningarhús og fangahús, þá gerir hún till. um það í fjárlögum áfram, að sveitarsjóðurinn borgi helminginn af rekstrarkostnaði. Hvaða samræmi er í þessum vinnubrögðum? Og geta Reykvíkingar unað við slíkt, sem eiga þarna hagsmuna að gæta, þegar hegningarhúsið í Reykjavík er annars vegar? Er hægt að sitja undir því, að hegningarhúsið sé tekið án nokkurrar greiðslu bara með einum lagabókstaf og af því að ríkisstj. þóknast það, en síðan eigi Reykjavíkurborg áfram að borga helminginn af rekstri þessa húss? Ég óska eindregið eftir því, að hæstv. fjmrh. upplýsi, hvernig þetta er hugsað, því að ég get ekki séð annað en þarna sé fullt ósamræmi í tillögugerð hæstv. ríkisstj.

Þetta kemur líka fram annars staðar í fjárlögunum, þar sem um er að ræða lið, sem heitir fangamál, ýmis kostnaður. Og þar eru auk ýmiss almenns kostnaðar talin upp einstök viðfangsefni, svo sem fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík, fangahús utan Reykjavíkur, bygging fangahúsa, bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla, fangahjálp og eftirlit með afbrotamönnum, sjúkrakostnaður refsifanga o. s. frv. Einn þessi liður, eins og heyra má, er fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík, þeir fangaklefar, sem ég minntist á fyrr í ræðunni og eru í lögregluhúsinu við Hverfisgötu. Þar er gert ráð fyrir því, að kostnaður af rekstri þessara fangaklefa, sem hingað til hafa verið reknir sameiginlega af ríkissjóði og borgarsjóði, verði 2 millj. 863 þús. kr. En á sama hátt og í hinu fyrra dæmi er gert ráð fyrir því, að á móti þessum kostnaði komi tekjur í ríkissjóð að upphæð 1431 þús. kr., þ. e. helmingurinn af þeim kostnaði, sem áætlaður er. Og hvaðan eiga þessar tekjur að koma? Þær eiga að koma, eins og í fyrra dæminu, úr borgarsjóði Reykjavíkur. Þarna er aftur gert ráð fyrir því, að þessir fangaklefar séu yfirteknir af ríkissjóði, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir fasteignina sem slíka, en þeir séu áfram reknir sameiginlega af ríki og borg. En svo held ég áfram og þá kemur fram enn þá gleggra misræmi og það, sem ég var að leggja áherzlu á hér fyrst í ræðu minni, að það er ekki sama, hver á í hlut, þegar um er að ræða hagsmunamál hinna einstöku byggðarlaga. Það er nefnilega næsti liður í þessu, þar er talað um fangahús utan Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður af þessum fangahúsum utan Reykjavíkur sé 500 þús. kr., og skiptir upphæðin ekki mestu máli í þessu sambandi. En það er hvergi gert ráð fyrir því í þessum fjárlögum, að það komi tekjur á móti. Það er ekki gert ráð fyrir því, að önnur sveitarfélög greiði þarna með sama hætti og Reykjavíkurborg. Eins og ég segi, það er ekki upphæðin, sem skiptir miklu máli, heldur hugsunin, sem býr að baki, og sú misbeiting, sem þarna er viðhöfð gagnvart borgarsjóði Reykjavíkur.

Þetta vildi ég láta koma hér fram. Ég held, að það fari ekki á milli mála, hversu mikið ósamræmi er í þessari löggjöf og þessum tillöguflutningi, og ég hlýt mjög að fordæma þessi vinnubrögð og þennan tillöguflutning.

Þetta var um fasteignir. Þá er líka í þessum frv., eins og ég hef rakið, gert ráð fyrir því, að ríkið taki yfir án nokkurrar greiðslu aðrar eignir, tæki og lausabúnað, sem hingað til hafa verið í vörzlum löggæzlumanna. Það má vera, að við séu þetta ekki háar upphæðir og skipti ekki mjög miklu máli, enda fór svo í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, að með semingi var fallizt á, að þetta mætti í sjálfu sér kannske fara í gegn, þó að það væri hins vegar tekið fram, að þetta ákvæði eins og hið fyrra gæti varðað við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þannig að Samband ísl. sveitarfélaga setti

ekki beinlínis fram gagnrýni eða mótmæli í beinni till. við þetta ákvæði, en vakti hins vegar athygli á, að það gæti vart staðizt, og þó að á því sé stigsmunur, þá er náttúrlega enginn eðlismunur á því, hvort um er að ræða fasteignir eða lausabúnað, þegar verið er að taka eignir sveitarsjóða og annarra aðila, án þess að fyrir það fáist greiðsla. Og eins og ég segi, þó að það séu ekki háar upphæðir eða mikill lausabúnaður víða um land, þá skiptir þetta þó nokkuð miklu máli fyrir Reykjavík og fyrir borgarsjóð. Ég vildi bara til dæmis, til þess að upplýsa þingheim um það, hvað hér er um að ræða, lesa upp lista, sem ég hef fengið um þær lögreglubifreiðir, sem eru í sameiginlegri eign ríkis og borgarsjóðs. Nú er þess að geta, að ríkisbifreiðir á vegum lögreglunnar munu vera 16 og 5 bifhjól. En lögreglubifreiðir, sem ríkið mun eiga 40% í, eru 15 og það eru, svo að ég gefi nokkra mynd af því, Willys jeppar, 12 manna Chevrolet bifreiðir og 5 manna Taunus bifreiðir, 7 manna Land Rover jeppi, 5 manna Volvo, 12 manna Chevrolet, 6 manna Plymouth, 12 manna Ford Transit, Willys jeppi, 7 manna Land Rover, 5 manna Taunus, 12 manna Chevrolet o. s. frv. Það má vera, að þetta séu smámunir í augum sumra og ástæða til þess að (**BGuðn:** Á ég ekki að lána þér Biblíuna, góði?) gera gaman að því, að ég hef ánægju af því, ef menn skemmta sér undir þessari ræðu minni, en þetta eru fjármunir, þetta eru eignir, og þó að það sé kannske hver út af fyrir sig ekki merkileg, þá eru það þó nokkuð miklir fjármunir, þegar saman kemur. Á þessu vil ég sérstaklega vekja athygli hv. 3. landsk. þm., sem hefur ekki meiri áhuga á hagsmunum Reykjavíkur en svo, að hann telur það vera verðugra verkefni hér í ræðustól að lesa upp úr öðrum ágætum bókum, sem ég skal ekki telja eftir mér, og ef hann vill útvega Biblíuna, þá er sjálfsagt að gera það líka hérna. Ég bíð þá bara eftir því hér í ræðustól. Samtals mun hlutur Reykjavíkurborgar í þessum tækjum, sem ég nefni hér af handahófi og eru bifreiðir, — en að sjálfsögðu er mikill annar lausabúnaður og tæki, sem eru í eigu lögregluyfirvalda, ríkis og borgar, og þurfa að afhendast ríkinu að kostnaðarlausu, — lauslega áætlaður um 6—7 millj. kr. á því verði, sem hægt er að meta þær í dag. Og það safnast þegar saman kemur, og það er að mínu viti ekki aðalatriðið, hversu háar upphæðirnar eru, heldur hugurinn, sem býr að baki þessum ákvæðum, og það er ekki meira tillit tekið til þessara sjónarmiða en það, að í grg. með þessu frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Segja má, að ákvæði þessara gr.“ — þ. e. 13. og 14. gr. – „séu að innihaldi til að mestu „gildistöku-ákvæði“, sem tíðkanlegra er að hafa í bráðabirgða-ákvæðum aðgreint frá efni og greinatölu lagatexta. Hér þykir þó réttara að hafa á þeim þetta form, þar sem ýmsum atriðum ákvæðanna er ætlað að hafa gildisverkanir um óákveðinn tíma, í og með langt árabil.

Í 13. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á kostnaðargreiðslunni og greiðsluframkvæmd svo og um tilfærslu lögreglumanna, úr þjónustu sveitar- (og sýslu-) félaga í ríkisþjónustu, svo og ýmis atriði, sem þeirri breytingu er samfara. Um réttindi lögreglumanna til inngöngu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og flutning á lífeyrissjóðsréttindum þarf ekki sérstök ákvæði, þar sem almenn lagaákvæði eiga við, til úrlausnar í því efni.“

Og áfram segir um 14. gr.:

„Í 14. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á þeim tækjum og búnaði, sem aflað hefur verið til lögreglunnar. Sýnist ekki eðlilegt, að til greiðslu komi af ríkisins hálfu vegna þeirrar viðtöku.“ Það er nú allt og sumt. Og áfram segir: „Sama á við um viðtöku ríkisins á afnotum af þeim fasteignum, sem ríki og sveitarfélög hafa sameiginlega lagt lögreglunni til. Meðan slíkt húsnæði er áfram notað til þeirra þarfa, sem það er ætlað til, sýnist ekki rétt, að greiðslur komi fyrir afnotin, þótt eignaraðild haldist hjá báðum.“

Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi þessi einstöku ákvæði, sem ég gerði hér að umtalsefni í þessu frv. til l. um lögreglumenn. Ég vék að því í upphafi ræðu minnar, að það væri fyllilega ástæða fyrir þá, sem væru umbjóðendur Reykvíkinga, að sinna þeim hagsmunamálum, sem snúa að Reykvíkingum, og í því skyni nefni ég þessi dæmi úr þessu frv., til að sýna fram á það tillitsleysi, sem Reykvíkingum er sýnt. En þetta tillitsleysi kemur að sjálfsögðu víðar fram, og hér í gær var til umr. frv. um Tækniskóla Íslands og þá kom nú till. frá einum stjórnarsinnanum um að vísa þessu stjfrv. frá, hversu mikið samræmi sem er í þeim vinnubrögðum, og það var á þeirri forsendu, að búið væri að skipa eina nefnd enn og sú nefnd átti að fjalla, eftir því sem sagði í þessari frávísunartillögu þessa hv. þm., um staðarval stofnana. Nú ætlaði ég í þeirri umr. að spyrjast fyrir um það, hvaða nefnd þetta væri, því að mér var ekki kunnugt um, að hún hefði verið skipuð, og ekki hefur verið frá því sagt hér á þingi. En frá því var sagt síðar, í fréttum útvarpsins í gærkvöld, að forsrh. hefði skipað þessa nefnd — og hverjir eiga sæti í nefndinni? Það var að mig minnir sjö manna nefnd undir formennsku félagsfræðings, en samsetning þessarar nefndar gefur mér tilefni til þess að taka það til umr. hér, því að í þessu efni eins og víða annars staðar kom enn fram tillitsleysi gagnvart Reykjavík. Það var enginn Reykvíkingur settur í þessa nefnd. Það má vel vera kannske, að einhver þeirra sé búsettur í Reykjavík, en hún var þannig samsett, að hún átti að spanna yfir hinar dreifðu byggðir, hún átti að taka tillit til sjónarmiða hinna einstöku byggðarlaga. Það var maður, sem átti greinilega að gæta hagsmuna Vestfirðingafjórðungs, annar, sem átti að gæta hagsmuna kjördæmanna fyrir norðan, enn annar, sem átti að gæta hagsmuna Austfjarða, og einn var frá Suðurlandi, en það var enginn, sem greinilega átti að gæta hagsmuna Reykjavíkur.

Þetta segi ég vegna þess, að Reykvíkingar eru alls ekki á móti því, að stofnunum sé dreift um landið, síður en svo, og það er jafnvel í þeirra þágu, að það sé gert oft og tíðum. En þessi nefndarskipun sýnir enn þá einu sinni það hugsunarleysi, sem ríkir hjá stjórnvöldum í garð Reykjavíkurborgar og þeirra aðila, sem þar eru staðsettir. Staðreyndin er auðvitað sú, að Reykvíkingar eru engir óvinir jafnvægis í byggð landsins, og það eru jafnmiklir hagsmunir fyrir þá, að hér sé ekki öllu holað niður, stóru og smáu, á þann veg að það sé bæði kostnaður fyrir borgarsjóð og höfuðborgin sjálf fái á sig þann ómaklega stimpil, að Íslendingar búi við eitthvert allsráðandi Reykjavíkurvald. Ef eitthvert Reykjavíkurvald er til, þá er það ekki fyrir tilstuðlan Reykvíkinga sjálfra né heldur er það vald í þeirra höndum. Það væri þá og er í höndum þeirra stofnana, stjórnkerfis og fjármálastjórnar, sem er hér staðsett í Reykjavík, utan við

og án tillits til áhrifa eða stjórnar þeirra, sem málum ráða samkv. umboði Reykvíkinga sjálfra.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma hér fram, því að mér sem Reykvíkingi leiðist hin eilífa togstreita og hið sameiginlega kvörtunarhjal ýmissa fulltrúa dreifbýlisins gagnvart ofurvaldi Reykjavíkur. Ég mæli síður en svo gegn þeirri stefnu, sem nefnd er jafnvægi í byggð landsins, og ég vil minna á, að því hefur verið haldið fram með nokkuð góðum rökum, að það sé tvöfalt meiri kostnaður fyrir höfuðborgina að skapa aðstöðu fyrir hvern einstakling. Mig minnir, að það hafi verið nefndar tölur um það, að á meðan það kostaði á árunum 1956—1965 hér í höfuðborginni að staðsetja einn einstakling 200 þús. kr., þá er sá kostnaður miðað við áætlun til 1983 um 400 þús. kr., og sést bezt á því, að ekki getur verið þjóðhagslega hagkvæmt að vera að blása alltaf út og þenja út höfuðborgina, — síður en svo. Þess vegna tek ég öðrum þræði undir það, að stofnunum sé dreift út um land og að yfirleitt sé tekið meira tillit til Reykjavíkur og hagsmuna höfuðborgarinnar, því að eins og ég hef sýnt fram á í þeim dæmum, sem ég hef nefnt, hefur það ekki verið gert og mér þykir það miður. Þess vegna hef ég leyft mér með hv. 11. landsk. þm., Ólafi G. Einarssyni, og hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni, að flytja brtt. við þau ákvæði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, þ. e. 1. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 14. gr. Og ég vænti þess, að þeir, sem vilja taka tillit til hagsmuna sveitarstjórna og eru í orði a. m. k. að fjalla um aukið sjálfsforræði byggðarlaga og aukna sjálfsstjórn sveitarfélaga, stuðli ekki að slíkri eignaupptöku eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það kemur í ljós við umr. um þetta frv., hvaða afleiðingar sú stefna hefur, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, að ganga yfirleitt fram hjá samtökum íslenzkra sveitarfélaga við undirbúning þeirra mála, sem lögð eru fram á þingi og þau snerta. Þetta kom alveg greinilega fram í sambandi við tekjustofnalögin. Það sýndi sig þá, að um þau urðu hér á Alþ. miklu meiri umr. heldur en þurfti að vera, ef farin hefði verið sú venjulega og sjálfsagða leið að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, áður en frv. var lagt hér fram á Alþ. Ég verð að telja það næsta furðulegt, að ríkisstj. á Íslandi skuli telja sig þess umkomna að standa þannig að málaundirbúningi, sem varðar jafn veigamikinn þátt í stjórnsýslu landsins og sveitarfélögin eru. Ég hygg, að það sýni sig, þegar til lengdar lætur og til framkvæmda kemur, að ákaflega erfitt er fyrir nokkra stjórn hér á landi að ætla að halda áfram þeirri stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað í þessum málum. Sveitarfélögin munu ekki láta bjóða sér þetta, og ég tel það ekki eðlilegt. Þau vilja af eðlilegum ástæðum nokkuð fá að segja til um, hvernig staðið er að þeim málum, sem eru kannske í grundvallaratriðum þeir málaflokkar, sem þau byggja starf sitt á. Ég er sannfærður um, eins og ég sagði hér áðan, að ef ríkisstj. hefði við undirbúning tekjustofnalaganna farið þá sjálfsögðu leið að hafa samráð við þessa aðila og skipa menn frá þeim í þá nefnd, sem undirbjó lögin, eða gefa þeim kost á að skipa menn í þá nefnd, sem undirbjó lögin, þá hefði málið verið allt miklu auðveldara og auðleystara og það hefði ekki þurft að taka marga mánuði að fá það samþykkt hér á Alþ. En ef hæstv. ríkisstj. vill viðhafa þessi vinnubrögð, þá verður hún auðvitað að taka afleiðingunum af því, að hér hljóta að verða miklar umr. um þessi mál. Þetta eru viðkvæm mál fyrir marga þm. Það eru margir þm., sem eru sveitarstjórnarmenn og hljóta að gæta hagsmuna sveitarfélaganna og hljóta því mjög að gagnrýna, þegar staðið er að málum eins og gert hefur verið, bæði í þessu tilfelli og því tilfelli, sem ég vitnaði til hér áðan í sambandi við tekjustofnalögin.

Af einstökum greinum þessara laga hefur mest verið rætt um 13. og 14. gr., og er það eðlilegt. Þetta er það, sem snertir beint fjárhagshlið sveitarfélaganna. Ég verð nú að segja, að mig furðar nokkuð á því, að það skuli vera gert ráð fyrir því í frv., að sveitarfélögin eigi að leggja út allan lögreglukostnaðinn, þar til ríkisstj. þóknast að endurgreiða hann. Ég vil benda á í þessu sambandi, að orðið var við þeim tilmælum sveitarfélaganna, sem þau lengi eru búin að hafa á stefnuskrá sinni, að vinna að því, að lögreglukostnaður yrði að fullu greiddur úr ríkissjóði. Þegar orðið var við þeim tilmælum og gert ráð fyrir því í fjárlögum, að ríkissjóður yfirtæki allan lögreglukostnaðinn, var um leið gerð ráðstöfun til þess með tekjustofnalögunum að skerða tekjur sveitarfélaganna í samræmi við þau útgjöld, sem ríkið yfirtók og tók inn á fjárlög ríkisins. Það þýðir, að sveitarfélög hafa ekki við samningu sinna fjárhagsáætlana gert ráð fyrir neinum útgjöldum af lögreglukostnaði. Ef þau nú eiga að svara þessu út, þó að það sé ekki nema um einhvern óákveðinn tíma, þá verða þau að draga í land með önnur útgjöld hjá sér, annaðhvort verklegar framkvæmdir eða annað, sem hjá verður komizt að greiða meðan þessi skuld stendur óbætt frá ríkissjóði. Það er ekki eðlilegt, að sveitarstjórnarmenn vilji una svona aðför að sér, því að það er beinlínis verið að grípa inn í starf þeirra. Sveitarfélögunum er ætlað að gera fjárhagsáætlanir um hver áramót, og taka þau þá að sjálfsögðu tillit til þeirra útgjalda, sem þau vita um, að þau þurfa að inna af hendi. Nú hafa, hygg ég, öll sveitarfélög reiknað með því, að þau þyrftu ekki að leggja út þennan kostnað, lögreglukostnaðinn. A. m. k. veit ég um það, að í þeirri sveitarstjórn, sem ég á sæti í, var þessi liður, sem var allhár, sem eðlilegt er á þeim stað, felldur niður gjaldamegin í fjárhagsáætluninni í þeirri vissu, að bæjarsjóður þyrfti ekki að leggja þetta út. Ég hygg, að þannig sé því einnig varið með önnur sveitarfélög, að þau hafi einnig farið þannig að. Ég tel því mjög eðlilegt, að þegar Sambandi ísl. sveitarfélaga er sent þetta mál til umsagnar, þá mótmæli það mjög harðlega svona aðför að sveitarfélögunum. Þetta er gert til þess að torvelda þeim það starf, sem þeim samkv. lögum er ætlað að inna af hendi, og torvelda þeim kannske þær framkvæmdir og þá fyrirgreiðslu, sem allur almenningur ætlast til, að þau standi fyrir. Þetta er, eins og ég sagði, dæmi um þá afleiðingu, sem stefna núv. ríkisstj. hefur í för með sér, að ganga fram hjá þessum málum við undirbúning þeirrar löggjafar, sem hér er lögð fram og snertir þessa aðila beinlínis og í mörgum tilfellum kannske í grundvallaratriðum. Það hlýtur að tefja alla fyrirgreiðslu mála hér á þingi og verða til þess að skapa ríkisstj. ekki eingöngu óþarfa fyrirhöfn, heldur er þetta beinn kostnaður, þegar þannig er staðið að málum, að þau eru miklu lengur til umr. hér á Alþ. Störf Alþ. beinlínis

tefjast vegna þess, hvernig staðið er að undirbúningi málanna. Þetta kostar ríkissjóð auðvitað allverulegt fé, þegar þingstörf eru beinlínis tafin, vegna þess að ekki er staðið með eðlilegum hætti að undirbúningi mála, og sýndi það sig kannske einna greinilegast, eins og ég sagði áðan, í sambandi við afgreiðslu tekjustofnalaganna hér á Alþ. Þau þurftu að vera hér í þessari d., ef ég man rétt, í nokkra mánuði, og þó að þau að lokum færu út úr þinginu sem lög, vita allir, að þar var að sumu leyti um, ég vil segja hálfgerðan óskapnað að ræða og mjög vont að átta sig á því, hvernig þau mundu koma út í framkvæmd, og hygg ég, að enginn, hvorki þm. né sveitarstjórnarmaður viti það fyrr en búið er að jafna niður útgjöldum í sveitarfélögunum eða álögum í sveitarfélögunum, hvernig lögin munu raunverulega verka. Það má vel vera, að hæstv. félmrh. haldi, að þetta komi allt miklu betur út heldur en við hinir, en ég er alveg sannfærður um það, eftir því sem ég þekki til, að í mörgum tilfellum er þetta mjög misráðið, og ég hygg, að það komi út á allt annan veg heldur en þeir aðilar hafa gert ráð fyrir, sem lögin sömdu. En um þetta þýðir auðvitað ekki að deila. Þetta á eftir að koma í ljós, og þegar það liggur fyrir, sýnir það sig, hvort við höfum ekki haft rétt fyrir okkur, sem höfum haldið því fram, að þarna hafi ekki verið rétt að staðið. Ég er sannfærður um, að það hefði verið hægt að ná mjög góðu samstarfi við sveitarfélögin við að breyta tekjustofnalögunum, ef það hefði bara verið farið fram á það við þau og þau fengið fulltrúa í þá nefnd, sem þetta gerði, og fengið að segja sitt álit á hlutunum, áður en það var lagt hér fram á Alþ., þannig að ríkisstj. er beinlínis að skapa sjálfri sér erfiðleika og tafir í störfum þingsins með því að standa þannig að málum, og hljóta þm. að harma og víta það.

Í sambandi við 14. gr., sem hér hefur einnig verið mjög mikið til umr., verð ég að segja, eins og hér hefur komið fram áður, að ég efast um, að þetta sé hægt að gera, þetta standist samkv. stjórnarskránni, að með einfaldri lagasetningu sé hægt að taka stórar eignir af félagssamtökum manna, því að sveitarsjóðirnir eru auðvitað sameign íbúa hvers sveitarfélags, og löggjafinn ætlar að semja um það lög, án þess að hafa við þau samráð, og taka þarna af þeim stórfelldar eignir. Ég efast um, að þetta standist, en ég skal nú ekki um það dæma. Ég er ekki lögfróður maður og vil ekki um það dæma, en mér sýnist, að þannig sé ekki hægt að fara að mönnum og taka af þeim eignir þeirra með lögum, ef það stangast á við stjórnarskrána. Lög nr. 21/1961 um héraðsfangelsin, þar sem ríkissjóður leggur fram tilskilinn hluta, mér sýnist, að í þeim lögum sé hægt að tala um framlög ríkisins. Ég sá nú ekki við fljótan yfirlestur, að talað væri um, að ríkissjóður væri þar eignaraðili, heldur að þarna væri um framlög ríkisins að ræða. Það má þó vel vera, að það sé þannig bókfært hjá ríkissjóði, að þetta sé talið á eignaskrá hjá honum. En þetta er vissulega talið á eignaskrá hjá sveitarfélögunum og kemur fram í þeirra reikningum og má vera, að það sé hjá ríkissjóði, en mér sýnist, að í lögunum sé þá talað um framlög til þessara mála, og ef svo er, þá er það alveg í samræmi við annað, bæði framlög til hafnarmála, framlög til skólabygginga og annað slíkt. Ég hygg, að öll sveitarfélög á landinu telji hafnarframkvæmdir sér til eignar, en ríkið geri það ekki, þannig að það fer ekki á milli mála og stendur nákvæmlega á sama, hvort það er eignfært hjá ríkinu eða ekki, þá er það a. m. k. að réttu lagi eignfært hjá sveitarfélögunum og er þeirra eign. Og þó að það stæðist lagalega að taka þetta af þeim án nokkurrar endurgreiðslu, tel ég ekki, að Alþ. sé það sæmandi að fara þannig að sveitarfélögunum að ætla að hrifsa þetta til sín. Það hefði þá a. m. k. átt að liggja fyrir, þegar orðið var við óskum sveitarfélaganna um, að ríkið yfirtæki lögreglukostnaðinn, þá hefði það átt að liggja fyrir samtímis, að sveitarfélögin ættu að afhenda þær eignir, sem lögreglan hafði til umráða. Það getur vel verið, að hægt hefði verið að ná samkomulagi um það á einhverjum grundvelli, ég skal ekkert um það segja. En hitt er óeðlilegt, að standa þannig að, eins og gert er, að verða við þessum tilmælum og koma svo með þennan bagga á eftir, ætla að hirða þær eignir, sem þarna er um að ræða og í mörgum tilfellum skipta ekki einasta hundruðum þús. kr., heldur kannske milljónum hjá sveitarfélögunum. Þetta eru engar aðfarir hjá Alþ. að standa þannig að málum og hlýtur það, eins og ég hef sagt, að torvelda mjög öll samskipti þeirrar ríkisstj., sem þannig stendur að þessum málum, við samtök sveitarfélaganna og hinar einstöku sveitarstjórnir víðs vegar um landið. Og eins og ég sagði, ef þetta er hægt, að nema burt það, sem í lögum er kallað framlög ríkisins til hinna ýmsu stofnana núna, fer ég að verða nokkuð uggandi um það, að við eigum kannske von á því síðar á þingi, ef núv. hæstv. ríkisstj. situr til langframa, að farið verði að ganga á aðrar eignir sveitarfélaganna, sem framlög hafa verið veitt til, og talið, að það sé heimild til þess að taka þessar eignir til baka, vegna þess að ríkissjóður á a. m. k. hluta ríkissjóðs, sem framlögin hafa verið notuð til, taka það til baka aftur. Vonandi verður það ekki, en þetta verður þó fordæmi og væri í fullu samræmi við það, sem þessi lög gera ráð fyrir.

Ég skal nú ekki halda uppi um þetta meira málþófi, en ég vildi mjög undirstrika og leyfa mér að benda hæstv. ríkisstj. á það, að hún er með svona aðförum við samtök ísl. sveitarfélaga að baka sjálfri sér fyrst og fremst erfiðleika. Hún er að tefja störf Alþ. og valda ríkissjóði þar af leiðandi óþarfa útgjöldum og þetta ber að harma, og ég ætla að vonast til þess, að þarna verði stefnubreyting á og ef hæstv. ríkisstj. þarf framvegis að breyta einhverjum lögum eða setja lög, sem varða sveitarfélögin, þá firri hún sjálfa sig þeim vanda, sem því fylgir að skapa sér andstöðu þeirra, og hafi samráð við þau við undirbúning þeirra laga, sem í framtíðinni kunna að verða sett í sambandi við starf sveitarstjórna og aðstöðu þeirra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 809 samþ. með 22:13 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 825,1 samþ. með 21:18 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 825,2 felld með 19:19 atkv.
Brtt. 825,3 felld með 19:19 atkv.

14.—15. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 923).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þeim brtt., sem samþykktar voru við þetta frv. hér við 2. umr., vil ég segja það, að ég fyrir mitt leyti hef ekkert við þær að athuga og get fallizt á þær. Að því er fyrri brtt. varðar þá eru þar felld niður orð, sem inn var skotið í frv. í Ed., og frv. þá komið í sömu mynd eins og það var lagt fram af stjórnarinnar hálfu á öndverðu þingi. Að sjálfsögðu helzt óbreytt skipan varðandi stjórn rannsóknarlögreglu, því að hún er ákveðin í öðrum lögum, þ. á m. sérlögum og þá fyrst og fremst lögum um meðferð opinberra mála. En þýðing þess, að þetta er samþ. hér og fellt niður úr þessum lögum, er, að það er ekki í þessum lögum út af fyrir sig neitt sagt um það atriði. En eins og ljóst er af niðurlagsákvæði frv., þá eru með þessu frv. aðeins felld niður lög um lögreglumenn.

Og viðvíkjandi síðari brtt. er það svo, að það er ekki nema eðlileg framkvæmd, sem gert var ráð fyrir, að yrði höfð á þessu, þannig að ég vona, að frv. geti gengið í gegn fljótt með þessum hætti, þó að það þurfi að fara aftur til Ed.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vék nokkuð að 13. og 14. gr. þessa frv. í þeirri ræðu, sem ég flutti hér við 2. umr. þessa máls, og fjallaði nokkuð um þá tilhögun, sem skyldi verða á rekstri þeirra fasteigna, sem um er að ræða, þegar ríkið yfirtekur löggæzlu og rekstur hennar. Þá á ég við fasteignir, sem hingað til hafa verið og áfram verða í sameiginlegri eign ríkis og sveitarfélaga. Ég gerði aths. við, að ekki skyldu koma greiðslur fyrir viðtöku þessara fasteigna, þegar ríkið tekur við húsnæðinu, og ég vakti athygli á því, að um leið og það gerist, þá hefði mátt ætla, að ríkissjóður tæki á sig allan kostnað af rekstri þessara fasteigna. Það væri skynsamleg og rökrétt ályktun. En þegar lesin eru fjárlög fyrir árið 1972, þá vakti ég athygli á því, að í þessum fjárlögum, þar sem fjallað er um einstakar fasteignir, þ. e. hegningarhúsið í Reykjavík og fangaklefana í lögregluhúsinu, fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík, væri ekki annað að sjá en gert væri ráð fyrir því, að sveitarfélagið, í þessu tilfelli borgarsjóður Reykjavíkur, tæki þátt í kostnaði af rekstri þessara fasteigna að hálfu. Ég óskaði eftir því, að hæstv. fjmrh. upplýsti, hvernig skilja bæri þessi ákvæði, hvernig framkvæmdin yrði. Ég hef ekki fengið svör við þessum fsp. mínum og ég ítreka þær enn. Ég get ekki séð, að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur í þingsal, en mundi óska eftir því, að hann fengi upplýsingar um þessa fsp. mína og skal að sjálfsögðu doka við, ef hann er ekki viðstaddur, meðan náð er í hann. **(Forseti:** Það er verið að óska eftir, að það verði nýr fundur.) Ja, ég lýk ekki máli mínu fyrr en ég get endurtekið þessa fsp. í hans áheyrn, hvort sem ég á að bíða hér í ræðustól eða . . . **(Forseti:** Það hefur nú verið gerð ráðstöfun til þess að . . .) Já.

Mér kemur ekki á óvart, þó að hæstv. fjmrh. sé eftirsóttur víða, en ég var, eins og ég sagði áðan, að fjalla um það í ræðu minni hér við 2. umr. málsins, hvernig með skyldi fara rekstur þeirra fasteigna og þess húsnæðis, sem ríkissjóður yfirtekur, og þá var ég sérstaklega að fjalla um fasteignir þær, sem staðsettar eru hér í höfuðborginni. Ég vakti athygli á því, að í 14. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því."

Ég gagnrýndi að sjálfsögðu það út af fyrir sig, að ríkissjóður tæki þarna yfir þessar fasteignir án þess að greiðsla kæmi fyrir og taldi, að þarna væri um eignaupptöku að ræða, sem jafnvel jaðraði við það að brjóta í bág við stjórnarskrána. Um það skal ég ekki fara mörgum orðum aftur, en ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvernig með rekstur þessara fasteigna skuli fara, því að í fjárlögunum er, að bezt verður séð, gert ráð fyrir því, að móti gjöldum, sem af rekstri þessara húsa stafa, komi tekjur, sem nema helmingi áætlaðs kostnaðar, og verður ekki betur séð af því en þá sé reiknað með, að í þessu tilfelli borgarsjóður Reykjavíkur greiði eða taki þátt í rekstri þessara húsa að hálfu, eins og verið hefur hingað til, þegar hann hefur verið meðeigandi þessara húsa og tekið þátt í löggæzlukostnaði, sem nú er gerð breyting á.

Ég vildi óska eftir því að fá skýringu á, hvernig þetta er hugsað af hálfu hæstv. fjmrh.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. forsrh. hér áðan. Hann lét orð falla um nýsamþykkta till. að því er varðar yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík. Ég heyrði að vísu ekki nákvæmlega, í hverju útskýringar hans eða lögskýringar voru fólgnar, en þó skildist mér einna helzt, að hann ætlaði að láta þessa brtt. eins og vind um eyru þjóta. Ég held, að hæstv. forsrh. hafi ekki verið hér í hv. d., þegar umr. fóru fram um þetta mál rétt fyrir kl. 7 í gærdag, þar sem ég skýrði það frá mínu sjónarmiði. Ég skal fúslega viðurkenna, að til þess að þessi skipan komist á þarf á fleira að líta og fleiru að breyta en því, sem nú hefur verið gert. Ég vil þó alveg sérstaklega taka það fram, að frv. það, sem nýlega var hér á dagskrá í hv. d. og fjallaði um dómsmálastjórn í Reykjavík og fleira, laut að mínum dómi og flestra annarra, að ég hygg, eingöngu að því að leysa deilu- og kjaramál dómarafulltrúa og gera nokkra fulltrúa, aðallega hér á Reykjavíkursvæðinu, að sjálfstæðum dómurum, en breytti ekki skipan mála að öðru leyti.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vil aðeins benda á, að það liggja nú fyrir greinilegar yfirlýsingar í þessu máli frá hv. Alþ.

Fyrst og fremst þál., sem ég las upp hér í gær, frá 17. apríl 1968, sem alveg ótvírætt felur ríkisstj. að hlutast til um breytta skipan þessara mála og nú síðast brtt. sú, sem verið er að ræða um og samþ. var hér áðan í hv. deild með 22:13 atkv. Þetta eru það ótvíræðar viljayfirlýsingar héðan frá hv. Alþ., að ég held, að ekki verði lengur staðið í vegi fyrir því að láta rannsaka og skoða

þau atriði, sem lagfæra þarf til þess að koma yfirstjórn lögreglunnar í það horf, sem rætt er um bæði í áðurnefndri þál. og þeirri brtt., sem nú hefur verið samþykkt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þessi fsp. mín hefur sennilega ekki komizt til skila, úr því að fjmrh. biður ekki um orðið. Ég var hér með ákveðna fsp. og ég trúi ekki öðru en ég sé virtur svars við þeirri litlu fsp. (**Fjmrh.:** Vill þm. endurtaka hana?) Já, það er sjálfsagt að gera það. *Það var efni, sem viðkemur* 14. gr. og fjallar um húsnæði, sem ríkið yfirtekur. Þar segir í 14. gr., — þó að ég sé margbúinn að lesa þetta, þá skal ég gera það einu sinni enn, með leyfi forseta:

„Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum."

Ég vakti athygli á því, að í þessari gr. væri ekki neitt drepið á, hvernig með rekstur þessara stofnana eða þessa húsnæðis skuli fara, en vissulega hlýtur það að vera skynsamlegasta niðurstaðan og ályktunin, að ríkissjóður taki að sér rekstur þessa húsnæðis, þar sem hann yfirtekur þessar eignir og tekur að sér löggæzlukostnaðinn almennt. En í þessu sambandi vakti ég athygli á því, að í samþykktum fjárlögum fyrir árið 1972 er sérstaklega gerð áætlun um annars vegar hegningarhúsið í Reykjavík og hins vegar fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík. Þarna er um að ræða fasteignir, húsnæði, sem hefur hingað til verið í eigu beggja þessara aðila, ríkissjóðs og borgarsjóðs, og verið rekið sameiginlega af þessum aðilum. *En ég get ekki annað betur séð* en ef mín ályktun er rétt af þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá stangist það á við það, sem stendur hér í fjárlögunum, vegna þess að í fjárlögunum er gert ráð fyrir því, að á móti gjöldum komi tekjur, sem eru helmingur af áætluðum gjöldum. Þess vegna spyrst ég fyrir um skýringar á þessu, hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér, að jafnframt því sem ríkisstj. hyggst yfirtaka allan rekstrarkostnað af löggæzlunni, þá hyggist hún áfram láta borgarsjóð taka að sér helminginn af rekstri þessa húsnæðis. Við þessu vildi ég vinsamlegast fá einhver svör eða einhverjar upplýsingar um þetta.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 9. landsk. þm. og tali hans um það, að slík eignaupptaka eins og hér er talað um af þeirra hendi eigi sér engin fordæmi áður í viðskiptum ríkis og sveitarfélaga, þá vil ég minna á það, að þegar hér voru sett lög um héraðsskóla, en þar voru eignaraðilar bæði ríki og sveitarfélög, þá kom ekki til nein greiðsla frá hendi ríkisins í sambandi við eignir sveitarfélaganna í þessum stofnunum, svo að fordæmi um þetta eru fyrir hendi. Ég kann nú ekki skil á fleirum, en ég man eftir þessu í svipinn. *Ég geri ráð fyrir því, að þegar til framkvæmda* kemur um þessi mál, verði um það samkomulag á milli aðila. Hér er talað um, að ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar, og um aðrar óloknar skuldbindingar fer eftir samkomulagi. Nú var það t. d. svo með héraðsskólana, að þar tók ríkið ekki við óloknum skuldbindingum, heldur urðu þau sýslufélög, sem stóðu að því, að sjá fyrir þessu. Og ég geri ráð fyrir því, að gerður verði samningur um rekstraraðild að þessum eignum, sem þessir aðilar eiga.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki segja, hvort það er af ásetningi gert að sneiða hjá að svara beint þeirri fsp., sem beint er til hæstv. ráðh. Ég var alls ekki að tala um eignaupptökuna í þessari ræðu minni, ég var búinn að gagnrýna hana áður. Þó að það sé eitthvert fordæmi um það hvað snertir héraðsskóla, þá breytir það ekki þeirri skoðun minni, að hér geti verið lagaákvæði, sem ekki standist gagnvart stjórnarskránni. Það getur þá farið svo, að um hitt fordæmið, sem hann nefndi, sé eins ástatt. En þetta var ég ekki að tala um og ekki að spyrjast fyrir um. Ég var að spyrjast fyrir um, hvernig væri með rekstur þess húsnæðis, sem hér er um að ræða. Og ef hæstv. ráðh. ætlar að skjóta sér undan að svara því, hvernig líta beri á þau frv. og þau lög, sem borin hafa verið fram af hæstv. ríkisstj., þá verð ég að draga þær ályktanir, að það sé ætlunin að láta þetta fara svona áfram eins og hér stendur og hér er reyndar búið að samþykkja, þó að það sé fullt ósamræmi þar á milli, þ. e. að ríkissjóður yfirtaki löggæzluna og kostnaðinn af henni, yfirtaki fasteignir, sem ekki hafa verið hingað til í eigu ríkisins, en gera síðan ráð fyrir því, að sveitarfélögin og í þessu tilfelli borgarsjóður Reykjavíkur taki áfram þátt í rekstri þessara fasteigna, eins og ótvírætt segir í þessum fjárlögum. Og þessum vinnubrögðum vil ég harðlega mótmæla, því að það er alls ekki neitt samræmi í því að bera fram frv. til laga um yfirtöku ríkissjóðs á löggæzlukostnaðinum og halda því síðan áfram til streitu, að borgarsjóður í þessu tilfelli eigi að *greiða áfram helmingskostnaðinn af rekstri* þeirra löggæzluhúsa, sem hingað til hafa verið sameiginlega rekin af þessum aðilum. Mér þykir miður, ef svo á að vera í framkvæmdinni og trúi því ekki að óreyndu, að þessu verði haldið til streitu, en því miður er ekki hægt að skilja svör eða svarleysi hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að ríkisstj. hyggist beita þessum ákvæðum á svo óskammfeilinn hátt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Nd. hefur gert tvær breytingar á þessu frv., sem við höfðum á sínum tíma afgreitt frá okkur hér í Ed. Ég ætla að leyfa mér að fara aðeins örfáum orðum um þessar brtt., en ég vil taka það fram, vegna þess hversu knappan tíma við höfum til starfa hér í dag og þetta er síðasti starfsdagur þingsins, að ég tel ekki, að tök séu á því að kalla allshn. þessarar d. saman, en ef þess væri óskað, yrði það að sjálfsögðu gert.

Brtt. eru tvær, eins og ég sagði, og er hin fyrri þeirra breyting á 2. gr. þannig, að það var samþ. í Nd. að fella niður þá viðbót, sem við höfðum sett á sínum tíma í frv. um það, að yfirsakadómari í Reykjavík hefði með

stjórn rannsóknarlögreglunnar þar að gera. Þetta ákvæði var svo fellt niður og mgr. hljóðar þá þannig:

„Dómsmrh. fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi."

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að samkv. lögum um réttarfar í opinberum málum frá 1961 og samkv. lögum, sem voru samþ. hér á Alþ. 14. apríl, er kveðið svo á, að stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík skuli vera í höndum yfirsakadómara, og í tilefni af þessari samþykkt í Nd. um niðurfellingu á þessu sérstaka ákvæði kvaddi hæstv. dómsmrh. sér hljóðs og lýsti því yfir, að hann teldi, að þessi breyting í Nd. hefði engan veginn í för með sér, að ákvæði um sama efni í þeim tvennum lögum, sem ég minntist á, hefðu þar með fallið úr gildi, og má þá segja, að þessi niðurfelling, sem gerð var á frv. í Nd., hafi litla sem enga þýðingu. Þess vegna legg ég til, að hv. d. samþykki þessa gr. eins og hún kom frá Nd.

Í annan stað var gerð breyting við 13. gr., 1. mgr., á þá lund, að sveitarfélög skuli fá endurgreiddan útlagðan kostnað mánaðarlega úr ríkissjóði til áramóta hinna næstu, eða 31. des. 1972. En eins og við gengum frá því hér í d., þá var ekki ákvæði um tímamörk á þessum greiðslum og ekki heldur, að þær skyldu vera mánaðarlega, um það var ekkert ákvæði í frv. þá. Ég tel, að þessi breyting skipti ekki miklu máli og legg því til, að þessi breyting verði samþ. einnig í þessari hv. d.

Þá tel ég, að ég hafi gert þau skil, sem ég bezt get, þessum tveimur brtt., sem samþ. voru við þetta frv. í Nd., og eins og ég sagði í upphafi, tel ég ekki ástæðu til þess að kveðja allshn. saman til að fjalla um þessar brtt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal að vísu viðurkenna það, að ég fylgdist ekki alveg með ræðu hv. síðasta ræðumanns varðandi breytinguna, sem gerð var í Nd. um yfirstjórn rannsóknarlögreglu. Ég var að grafa í skjölum og fylgdist ekki alveg með því, en þó skilst mér, að hann hafi haldið því fram eða látið í ljós þá skoðun, að þessi breyting skipti engu máli um það, sem er nú atriði þessa máls, hún hróflaði ekki við ákvæðum laganna frá 1961 að því leyti sem þau fjalla um þetta efni eða lögum frá í fyrra, sem voru nú, ef ég man rétt, aðallega varðandi fjölgun dómara við þetta embætti. Ég skal ekki fara út í neinar lögfræðilegar deilur við hv. þm., en ég vil samt láta það í ljós, að ég tel þessa túlkun vafasama, og ég tel, að það eigi að koma fram í þingtíðindum, að ekki hafi verið litið svo á, að þessi hv. þd. féllist algerlega á þessa túlkun með þögninni.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er yfirleitt venja, að þegar breytt er lögum, þá er getið um það í síðustu gr. laganna eða svo til, ef ekki eru bráðabirgðaákvæði sett um leið, að gildandi ákvæði laga, sem brjóta í bága við efni þess, sem verið er að samþykkja, skuli falla úr gildi. Um það er ekkert í þessu, og þess vegna tel ég, að hin fyrri löggjöf gildi á meðan ekki eru ákvæði í lögum um það beint, að hin fyrri ákvæði, sem gildi um sama efni, séu úr gildi numin.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það eru nú farnar að koma fram ýmsar túlkanir hér í hv. þd., sem ég held, að menn gætu nú kannske verið alveg sammála um. En að halda því fram, að þó að sá formgalli sé á lögum, sem hafa verið afgreidd, að þau kveði ekki á um afnám einhvers ákvæðis og slíkur formgalli valdi því, að ný lagaákvæði öðlist ekki lagagildi, þeirri túlkun vil ég mótmæla.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 951).

64. Staðfesting Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild ríkisstj. til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971 [276. mál] (stjfrv., A. 712).

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fyrir skömmu talaði ég hér í hv. d. fyrir frv. að höfundalögum, 238. máli Nd. á þskj. 505.

Hér er lagt fyrir hv. deild frv. til l. um heimild ríkisstj. til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. Frv. um heimild ríkisstj. til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann í nýjustu gerð er í rauninni fylgimál frv. að höfundalögum. Ákvæði frv. að höfundalögum byggjast á þeirri gerð Bernarsáttmálans, sem gerð var á fundi í París og samþ. þar 24. júlí 1971. Það er því rökrétt, að jafnframt því, að sett séu höfundalög byggð á þessari nýjustu gerð alþjóðasáttmálans, sé ríkisstj. heimilað staðfesta þá gerð sáttmálans sjálfs. Áður var af Íslands hálfu viðurkennd sú gerð sáttmálans, sem samþykkt var í Róm 2. júní 1928, og hún hefur gilt hér á landi frá því að Ísland gekk í Bernarsambandið árið 1947. Síðan hefur sáttmálanum verið þrívegis breytt og sú gerð hans, sem hér er lögð fyrir, er sú gerð, sem samkomulag varð um á þriðja endurskoðunarfundinum.

Tekið er fram í 1. og aðalgrein þessara laga að gera má þá fyrirvara um einstök ákvæði og þær takmarkanir varðandi aðild, sem ríkisstj. þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt sáttmálanum. En eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur, skulu þau ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, og þá sérstaklega og að sjálfsögðu þau, sem leidd eru í lög, ef að lögum verður frv. að nýjum höfundalögum, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstj. ákveður.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 712, n. 791).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Talið er nauðsynlegt, að frv. þetta um staðfestingu á síðustu útgáfu Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum verði afgreitt frá Alþ. samtímis frv. til höfundalaga, sem þessi hv. d. hefur afgreitt og nú er til meðferðar í Ed. Enda þótt menntmn. hafi sökum þess hve seint þetta mál er fram lagt, aðeins gefizt mjög stuttur tími til þess að kanna þetta mál, mælir hún með samþykkt þess í trausti þess, að embættismenn hafi undirbúið það jafnvandlega og frv. um höfundarétt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er lagt fyrir, frv. um heimild ríkisstj. til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann í nýjustu gerð hans, er í rauninni fylgifrv. með frv. til höfundalaga, sem áður hefur verið borið fram. Frv. þetta fjallar um það, að ríkisstj. sé heimilað að staðfesta þá gerð Bernarsáttmálans, sem gengið var frá á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París í júlí 1971. Þar sé heimilt að gera fyrirvara um einstök ákvæði og þær takmarkanir varðandi aðild, sem ríkisstj. þykir við eiga og heimilt er að gera samkv. Bernarsáttmálanum. En eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur með þeim takmörkunum og þeim fyrirvörum, sem gerðir kunna að verða, skulu þau ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstj. ákveður. Ísland gekk í Bernarsambandið 1947 og var þá bundið við þá gerð Bernarsáttmálans, sem frá var gengið 1928. Nú eru ný höfundalög loks langt komin í afgreiðslu Alþ., og er því eðlilegt, að þeim fylgi heimild til staðfestingar á þeirri gerð Bernarsáttmálans, sem nú gildir á alþjóðavettvangi.
Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 712, n. 920).

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal vera stuttorð. Þetta frv. er komið til hv. d. aftur vegna smábreytingar, sem á því var gerð í hv. Nd. Þar var ákvæðinu um stjórn skólans, um skólanefndirnar, breytt þannig, að í stað þess, að í upphaflega frv. er kveðið svo á, að Læknafélag Íslands skuli tilnefna einn nm., því var breytt í það, að heilbr.- og trmrh. skuli nefna aðila ... (**Forseti:** Mætti ég vekja athygli hv. þm. á því, að það er 2. dagskrármálið.) Nú, ég bið forseta afsökunar, ég hafði litið á dagskrá sessunautar míns og hann hafði sagt mér, að þetta mál væri á dagskrá, og rétti mér plöggin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 952).

---

65. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [77. mál] (stjfrv., A. 86).

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. um veitingu ríkisborgararéttar er nú eitt af þessum árvissu lagafrv. Slík frv. eru lögð fyrir hvert þing. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í hefðbundnu formi og gert úr garði með sama hætti og önnur slík frv. áður fyrr. Upp í þetta frv. eru teknir þeir, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allshn. Alþ. Það liggur auðvitað í augum uppi, að slík skilyrði eru ekki bindandi fyrir löggjafann, en ég tel eðlilegt, að um þetta sé fylgt föstum reglum. Í þessu frv. er einnig fylgt þeim háttum, sem á hafa verið hafðir um nafnbreytingu. Ég tel eðlilegt, að rn. fylgi í því efni þeirri stefnu, sem mörkuð

hefur verið af Alþ., og ef á að gera þar breytingu á, komi slíkt frá Alþ.

Á þeim tíma, sem þetta frv. verður til meðferðar hjá Alþ., geta að sjálfsögðu borizt umsóknir frá mönnum, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem farið hefur verið eftir við veitingu ríkisborgararéttar. Þá mun fylgt sama hætti og áður, að slíkar umsóknir verða lagðar fyrir þær n., sem um málið fjalla, og verður þá væntanlega hægt að taka þær til greina og fella þær inn í frv. á sínum tíma.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 759, 760).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. gerir till. um á sérstöku þskj., 760. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt. við 2. gr. frv. og einn nm., Stefán Valgeirsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Við afgreiðslu þessa frv. og athugun á nýjum umsóknum, sem bárust, eftir að frv. var lagt fram, hefur verið fylgt þeim reglum, sem allshn. beggja þd. settu í nál. árið 1955 og hafa síðan verið gerðar nokkru fyllri. Eru reglur þessar prentaðar í nál. Umsækjendur, sem n. leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, fullnægja þessum skilyrðum og enginn þeirra hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Eftir að n. hafði gengið frá brtt. sinni á þskj. 760, barst enn ein umsókn. Er þar um að ræða færeyska konu, Katora Margreta Debes að nafni, sem hefur verið búsett hér á landi síðan 1963. Hún uppfyllir öll skilyrði til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt. Vegna þess að ekki gafst tóm til þess að láta prenta brtt., leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. frá allshn. Hefur n. orðið sammála um að mæla með, að umsókn þessarar konu verði einnig tekin til greina og samþykkt.

Legg ég svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 3. umr. og það samþ. ásamt brtt. nefndarinnar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 783) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 760 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 783 samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 805).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 805, n. 840, 841).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur íhugað frv. um veitingu ríkisborgararéttar, eins og það hefur komið hingað frá Nd., en sameiginleg nefnd frá allshn. beggja þd. ásamt skrifstofustjóra Alþ. hefur áður athugað frv. og einstakar umsóknir. Fyrir n. í þessari hv. d. lágu tvær nýjar umsóknir um ríkisborgararétt. Allshn. athugaði þessar umsóknir ásamt skrifstofustjóra Alþ. og taldi eðlilegt að verða við þeim tveimur beiðnum, sem þar voru fram bornar, og samkv. því höfum við leyft okkur í n. að bera fram brtt. við frv. á þá leið, að inn í 1. gr. þess bætist í stafrófsröð þeir aðilar, sem n. hefur samþykkt fyrir sitt leyti, að væru færðir þar inn og fengju rétt eins og aðrir þeir, sem áður höfðu sótt um.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar orðum um þetta mál, en n. sem sagt mælir með þessum tveimur nýju umsóknum.

ATKVGR.
Brtt. 841 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 887).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 887, 915).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við höfum leyft

okkur fimm þm., einn úr hverjum þeirra þingflokka, sem sæti eiga á Alþ., að flytja skriflega brtt. við þetta mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir alllöngu var tekinn upp sá háttur varðandi veitingu Alþ. á íslenzkum ríkisborgararétti til útlendinga að gera þeim að skyldu að leggja niður nafn sitt, en taka upp íslenzkt nafn í staðinn. Frá upphafi hefur þetta verið deilumál bæði innan þings og utan. Þegar fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að endurskoða íslenzk mannanafnalög, sem eru orðin gömul og að ýmsu leyti úrelt, þá skoðaði nefndin það eitt af hlutverkum sínum að finna lausn á þessu viðkvæma vandamáli. Hér er sannarlega um viðkvæmt vandamál að ræða. Útlendingar, sem fengið hafa fullan og eðlilegan rétt á íslenzkum ríkisborgararétti, hafa orðið að segja skilið við fjölskylduættarnafn, og hefur þeim mjög mörgum reynzt það afar viðkvæmt mál. Mannanafnanefndin, sem starfar undir forustu Klemens Tryggvasonar hagstofustjóra og í áttu sæti valinkunnir menn, fræðimenn á þessu sviði, svo sem Ármann Snævarr fyrrv. háskólarektor og Einar Bjarnason prófessor, þessi fimm manna nefnd var á einu máli um till. um lausn á þessu vandamáli og sú till. er í mannanafnafrv., sem hefur tvívegis legið fyrir hinu háa Alþ., en fær ekki heldur afgreiðslu núna, engan veginn vegna ágreinings um þetta atriði, heldur önnur atriði, sem valda því, að rétt er talið að láta málið bíða til næsta þings. En einróma till. höfunda mannanafnalöggjafarinnar er sú, að skyldan til nafnbreytingar skuli ekki taka til annarra en barna þeirra, sem hljóta íslenzkan ríkisborgararétt, barna þeirra 17 ára eða yngri. Hins vegar skuli fullorðið fólk fá að halda ættarnafni sínu, sínu erlenda nafni til æviloka. Jafnframt er það hins vegar tryggt, að afkomendur þeirra hljóti íslenzk nöfn í samræmi við væntanlega mannanafnalöggjöf og íslenzkar venjur á þessu sviði. Þessi hugmynd virðist vera mjög skynsamleg og sanngjörn málamiðlun í mjög viðkvæmu og vandasömu máli. Fullorðnu fólki er ekki skylt að segja skilið við hluta af sjálfu sér, því nafn hvers manns, sem honum hefur verið gefið í bernsku, er gjarnan með eðlilegum hætti skoðað sem hluti af manninum sjálfum, af persónu hans. M. ö. o.: það er ekki gengið á rétt nokkurs manns í þessu efni, að fá að halda því nafni, sem foreldrar hafa gefið manni í æsku. Hins vegar er það tryggt, að ekki ílendast hér erlend nöfn, þar eð börn slíkra útlendinga innan 17 ára eiga að taka sér íslenzkt nafn og ófædd börn, þegar ríkisborgararétturinn er veittur, eiga að sjálfsögðu að lúta íslenzkum mannanafnalögum.

Við flm. fimm höfum leyft okkur að taka upp till. mannanafnanefndar algjörlega óbreytta og leggjum til, að í stað skyldunnar til nafnbreytingar komi þessi takmarkaða skylda til nafnbreytingar inn í frv. samkvæmt einróma till. mannanafnanefndar.

Því er ekki að leyna, að það, sem sérstaklega hefur vakið athygli á nauðsyn þessarar breytingar núna, er það, að meðal umsækjenda um íslenzkan ríkisborgararétt er heimsfrægur útlendingur, Vladimir Ashkenazy píanóleikari, sem gert hefur Íslandi og Íslendingum þann ótvíræða og mikla sóma að sækjast eftir íslenzkum ríkisborgararétti og ætlar sér þar með að ferðast um heiminn framvegis sem íslenzkur ríkisborgari og þar af leiðandi auðvitað á íslenzku vegabréfi. En ef slík breyting sem þessi væri ekki gerð, ef gamli hátturinn væri enn á hafður, — sem ég tel raunar víst að hvort sem er mundi vera breytt á næsta þingi með nýjum mannanafnalögum, — ef gamli hátturinn væri enn á hafður, þá væri Vladimir Ashkenazy skylt að breyta nafni sínu og væntanlega í nafnið Valdimar Davíðsson. Ef hann ekki vildi fallast á, að nafnið Valdimar Davíðsson væri fært inn í vegabréf hans, — faðir hans heitir Davíð og þetta væri þá sá eðlilegi háttur, sá háttur sem hingað til hefur verið á framkvæmdinni, — ef hann vildi ekki fallast á að ferðast um heiminn undir nafninu Valdimar Davíðsson, yrði hann ekki íslenzkur ríkisborgari, þá fengi hann ekki íslenzkan ríkisborgararétt.

Ég fjölyrði ekki um þetta. Ég vona, að öllum sé ljóst, hversu fáránlegt það væri, ef íslenzk yfirvöld gerðu þá kröfu til Vladimir Ashkenazy, að hann skírði sig um og sætti sig við nafnið Valdimar Davíðsson í sínu vegabréfi. Ég vona, að hv. Alþ. beri gæfu til þess að koma í veg fyrir, að jafnfrábærum manni og víðkunnum listamanni eins og hann er sé gert að skyldu að gera slíkt, eða þá að öðrum kosti að verða að hafna því að verða íslenzkur ríkisborgari, sem hann þó hefur sótzt eftir að verða.

Ég skal gjarnan lesa till. Ég gerði það nú ekki áðan, til þess að lengja ekki mál mitt, af því að ég gerði ráð fyrir, að þm. væri kunnugt um mannanafnafrv., sem legið hefur tvívegis fyrir hinu háa Alþ., einnig fyrir þessu Alþ., en ég skal með ánægju verða við óskum hæstv. forseta um að lesa till. Hún er orðrétt eins og gr. er í mannanafnafrv.

„Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, 17 ára og yngri (sbr. 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþ. er af dómsmrn. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að rn. gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn.“ (Gripið fram í.) „Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2.—4. gr. laga nr. 100/1952.“

Ef óskað er upptöku íslenzks ættarnafns í sambandi við nafnbreytingu samkv. ákvæðum þessarar gr., leitar dómsmrn. samþykkis mannanafnanefndar og hefur að öðru leyti samráð við hana, eftir því sem við á um framkvæmd á þessari gr.

Þannig er gr. efnislega séð eins og ég lýsti henni í upphafi. Till. þessi er í prentun og verður henni væntanlega útbýtt meðal þm. á hvaða stundu sem er, en ég flyt hana skriflega, því að hún er ekki komin úr prentsmiðjunni.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 922) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér skilst, að þessi brtt., sem hér hefur verið flutt, sé að nokkru leyti fram komin vegna þeirrar sérstöðu, sem ég tel, að einn af umsækjendum um ríkisborgararétt hafi, Vladimir Ashkenazy. Ég vil segja það, að hvort sem þessi brtt., sem hér liggur fyrir, verður samþ. eða ekki,

þá mun ég, ef til minna kasta kemur, ekki gera kröfu til þess, að Ashkenazy þurfi að skipta um nafn, þó að hann verði íslenzkur ríkisborgari. Hann er, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, heimsþekktur. Nafn hans er heimsþekkt og nafn hans er þekkt og tamt öllum á Íslandi. Ég mun því, hvað sem öllum lagabókstaf kynni að líða, fara í þessu efni eftir heilbrigðri skynsemi og ekki krefjast nafnbreytingar.

Ég skal annars ekkert fara út í deilur almennt um þessa brtt., sem hér liggur fyrir. Það er eins og hv. þm. sagði, þetta er gamalt deilumál og ég vil nú efast um, að það sé rétt af Alþ., svona að mjög lítið athuguðu máli og á næstsíðasta degi, að fara að breyta almennt um stefnu í því, þar sem líka nafnalög hafa legið fyrir og liggja fyrir og gert er ráð fyrir því væntanlega, að þau fái afgreiðslu á síðari þingum, vegna þess að flestir eru sammála um, að það þurfi að verða einhverjar breytingar á þeim. En það, sem ég vildi aðeins láta koma fram, er þessi yfirlýsing mín, að því er tekur til þessa eina manns.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Árið 1952, eða fyrir 20 árum, var sú regla tekin upp, að til þess að erlendir menn fengju íslenzkan borgararétt yrðu þeir að taka upp íslenzkt nafn og þá átt við bæði eiginnafn eða fornafn og kenninafn. Fram til þess tíma voru engin slík skilyrði sett. Þessi nýja regla olli miklum deilum þá strax á þingi og hefur oft gert það síðan. Rökin fyrir þessari reglu eru að ýmsu leyti skiljanleg. Það er hin næma tilfinning okkar Íslendinga fyrir móðurmáli okkar og andúð gegn því, að nöfn, sem eru ósamþýðanleg íslenzkri tungu og lögmálum hennar, festist í málinu. Á hinn bóginn hefur mörgum þótt, að hér væri höggvið nokkuð nærri persónurétti manna, þar sem þeir væru neyddir til þess að skipta um nafn, varpa fyrir borð nafni sínu og feðra sinna til þess að fá íslenzkan borgararétt. Ég býst við, að í framkvæmd hafi þetta verið ákaflega misjafnlega viðkvæmt hjá ýmsum mönnum, og í grg. með frv. um mannanöfn, sem hefur legið fyrir þessu þingi, kemur fram, að sumir menn hafa tekið þetta mjög nærri sér, og jafnvel eru þess dæmi, eins og segir í grg., með leyfi hæstv. forseta, „að borið hefur við, að menn hafi talið nafnbreytingu slíka afarkosti, að þeir hafa horfið frá að æskja ríkisfangsins."

Þetta mál hefur enn nú komið í sviðsljós og í rauninni í heimsljós af sérstökum ástæðum, vegna þess að hér er heimsfrægur listamaður, sem í hlut á, Vladimir Ashkenazy. Hér er um ákaflega mikið vandamál að ræða, og í rauninni er ég alveg sammála hv. 7. þm. Reykv. og vil undirstrika það, sem hann sagði, að Alþingi Íslendinga getur vart boðið slíkum manni upp á þessa kosti. Það má segja, að ákaflega erfitt sé að finna lausn á þessu máli, sem flestir eða allir gætu sætt sig við. Og í frv. um mannanöfn, sem hefur legið fyrir þinginu, 17. gr., er reynt að leysa þetta mál. Þó var það nú þannig, að í undirbúningsnefndinni var ekki alger samstaða um málið, eins og kemur fram í grg., en þar er þó viðleitni til að leysa málið. Hv. 7. þm. Reykv. hefur nú ásamt öðrum þm. lagt hér fram skrifl. brtt., og þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með þessa 17. gr. í mannanafnalögunum eða þá skipun, sem hún gerir ráð fyrir, þá tel ég, að hún eða brtt. hv. þm. sé til mikilla bóta, og þar sem hún kemur fyrst til atkv., væntanlega á undan minni till., mun ég greiða henni atkv. Ég hafði áður lagt fram brtt. á þskj. 915 um, að aftan við gr. bætist: „Heimilt er dómsmrh. að veita undanþágu frá þessu ákvæði." Var það hugsað á þá lund, að helzt væri hægt að sameinast um eitthvert slíkt ákvæði og þá miðað við það, að ráðh. beitti þessu undanþáguákvæði, þegar alveg sérstaklega stæði á, eins og ég held, að allir séu sammála um, að sé um þetta tilvik, píanóleikarann, sem vissulega, eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði, sýnir landi voru mikla sæmd með því að óska að verða íslenzkur ríkisborgari.

Ég vil því um leið og ég bendi á till. mína á þskj. 915 taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með hinni till., sem kemur fyrst til atkv., en ef svo færi, að hún yrði felld, þá vænti ég þess, að menn geti fallizt á mína till.

Hins vegar virðist mér eða eftir mínum skilningi er það nauðsynlegt að gera breytingu á 2. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, því að ég fæ nú ekki séð, hvernig hæstv. dómsmrh. hefur heimild til þess að víkja frá þeirri gr. Hún er svo fortakslaus, að hún segir, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli ekki öðlast ríkisborgararétt samkv. lögum þessum, fyrr en þeir hafi fengið íslenzk nöfn samkv. lögum um mannanöfn. Ég hef talið, að dómsmrh. hefði ekki heimild til þess að óbreyttum lögum að veita ríkisborgararétt, t. d. í þessu tilviki. Hæstv. forsrh. og dómsmrh. lýsir því yfir, að hann muni engu að síður gera það, þó að lögunum verði ekki breytt, því að hann segist munu fara eftir heilbrigðri skynsemi, og er það auðvitað ágætt heilræði. Hins vegar gengur mér dálítið erfiðlega að skilja, að hægt sé jafnvel eftir heilbrigðri skynsemi að túlka málið þannig, að heitið Ashkenazy sé íslenzkt nafn. En hvað sem líður lögskýringum hæstv. forsrh., þá tel ég nú eindregið, að öruggara sé fyrir Alþ. að samþykkja aðra hvora brtt., sem hér liggur fyrir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það mun hafa verið á síðasta þingi, sem fram kom brtt. samhljóða þeirri skriflegu, sem hér liggur fyrir, og ég mælti þá á móti henni og reyndi að sýna fram á, að það væri ekki hægt að samþykkja hana, án þess að breyta þá alveg um stefnu í mannanafnamálinu. Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að þessi till. er tekin út úr frv., sem gerir ráð fyrir því, að Íslendingar hafi leyfi til að bera ættarnafn og taka sér ættarnafn. Hún er slitin út úr frv., sem byggir á þeirri meginreglu. Þess vegna mundi þurfa að sníða till. alveg um, ef hún á að geta staðizt miðað við það, sem nú er leyfilegt að gera varðandi íslenzk mannanöfn. (Gripið fram í.) Já, ég veit vel, hvað er með og hvað er ekki með. Þetta er augljóst, ef till. er athuguð og málið er skoðað í rólegheitum, því að börnin eiga að taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn. Og hvað er þá þetta kenninafn, sem þarna er átt við? Er það að kenna sig til föður, eins og lögboðið er hér? Og ef svo er, á þá ungi maðurinn að vera Víbelsson og unga stúlkan að vera Víbelsdóttir, svo að ég taki fyrsta dæmi, sem blasir við, þegar ég lít á nöfn hinna nýju ríkisborgara. Þetta getur vitanlega ekki staðizt. Ef menn vilja leysa þetta mál í þá stefnu, sem ég geri ráð fyrir, að þarna sé hugsuð, að sá, sem fær ríkisborgararétt, megi halda sínu nafni, en börn hans verði að taka upp íslenzka nafnvenju, þá verður að smíða till. á ný og gera hana þannig

úr garði, að þeim, sem fær ríkisborgararéttinn, sé skylt að taka upp íslenzkt fornafn til viðbótar því, sem hann hefur fyrir, sem sonurinn eða dóttirin geti kennt sig við, svo að vel fari samkv. íslenzkri nafnavenju. Þetta held ég, að allir hljóti að verða samferða um, að svona verður þetta að vera. En ef þessi till. væri samþykkt eins og hún liggur fyrir, þá er verið að bora gat á nafnalöggjöfina, eins og hún er nú, og smeygja þar inn leyfi til þess, að þessi hópur manna hafi áfram ættarnöfn, því að það getur ekki verið meiningin, að unga fólkið kenni sig við hin útlendu fornöfn. Það stenzt ekki.

Þetta vil ég leyfa mér að benda á, og þess vegna finnst mér ekki koma til greina að hrapa að neinu í þessu. Ég legg því til, að þetta mál fari til hv. allshn. til skoðunar. Náttúrlega kemur ekki til greina, að það sé hægt að breyta um stefnu í nafnamálinu án þess að það sé a. m. k. skoðað í þn. Ef menn telja nauðsynlegt að gera einhverja breytingu á lögunum til þess að leysa þannig úr þessum málum, að Ashkenazy geti haldið áfram sínu nafni, þá verður að gefa sér tóm til þess að finna skynsamlega leið og án þess að fara að smeygja þar inn stefnubreytingu í nafnamálinu. Það er hægt að gera það með ýmsu móti. Eitt af því, sem hugsanlega gæti komið til greina, er það, sem greinir í till. hv. 5. þm. Reykv., sem talaði hér áðan. Eða þá hreinlega setja sérstakt lagaákvæði um það, að þessi heimsfrægi maður fái að halda sínu nafni. Stundum hafa verið sett hliðstæð lög. Þegar við áttum því láni að fagna að eignast Nóbelsskáld, settum við sérstök lög af því tilefni um breytingar á skattalögum. Auðvitað getum við sett sérstök lög til þess að greiða fyrir því, að þessi heimsfrægi maður geti haldið sínu nafni, hvað sem líður meginstefnunni í nafnamálinu. Þannig ætti auðvitað að leysa þetta mál. — Það eru ágallar á þeirri stefnu, sem við höfum framfylgt varðandi útlendingana, og sumum finnst, að það eigi að breyta til og ekki skylda þá, sem fá ríkisborgararétt, til þess að skipta um nafn, heldur aðeins niðjana, en ég endurtek, að þá verður að ganga þannig frá því, að niðjarnir hafi nafn, sem hægt er að kenna sig til, eigið föðurnafn, sem hægt er að kenna sig til með smekklegum hætti og á íslenzku máli. Það er hægt að leysa málið þannig, ef menn gefa sér tóm til að orða till. þannig, að hún standist. Sjálfsagt er, að n. athugi málið.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst sem formaður allshn. þessarar hv. d., en eins og þm. er kunnugt, tók frv. þetta breytingum í Ed. Þangað bárust fjórar umsóknir til viðbótar og voru þær samþ. þar, svo sem þskj. 887 ber með sér. Allshn. þessarar hv. d. hefur skoðað þessar umsóknir og gengið úr skugga um, að umsækjendur fullnægja settum skilyrðum. Allshn. mælir því með því, að frv. verði samþ.

Úr því að ég er komin í ræðustólinn, langar mig að tjá mig aðeins um það, sem hér hefur verið til umr. í sambandi við 2. gr. frv. Það er að vísu nokkuð langt síðan ég las frv. til l. um mannanöfn, en eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, þá varð ágreiningur í nefndinni, sem samdi þetta frv., um, hversu haga skyldi skilyrðum, sem erlendum mönnum væru sett í þessu tilliti. Prófessor Ármann Snævarr lagði til, að erlendum ríkisborgurum yrði skylt að taka upp íslenzkt eiginnafn einmitt til þess að börn þeirra gætu borið íslenzkt kenninafn. Ég er sammála þessari skoðun Ármanns Snævars og mun greiða atkv. með brtt. hv. 5. þm. Reykv., til þess að þm. geti skoðað þetta mál betur, en ég vil þó benda á, að mér þykir tilhlýðilegra, að allshn. fái tækifæri til þess að skoða þessar till., áður en þær verða bornar undir atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram varðandi veitingu ríkisborgararéttar, og sömuleiðis þær brtt., sem fram eru komnar, langar mig til að segja nokkur orð. Þessi 2. gr. í frv. um veitingu ríkisborgararéttar er búin að vera, eins og fram hefur komið í umr., lengi í lögum og það hefur verið mikil andstaða við þessa gr., þó að nú gangi fleiri fram fyrir skjöldu en áður til þess að benda á það ranglæti, sem fólki er í raun og veru skylt að sætta sig við, er það öðlast ríkisborgararétt í landi okkar. Þetta mál hefur komið til umr. í allshn. í sambandi við afgreiðslu ríkisborgararéttarfrv. mörg undanfarin ár. Það hafa verið skiptar skoðanir í n., en ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að alltaf hafi verið meiri hl. í n. fyrir því að fella þetta ákvæði niður. Ég skal þó ekki segja um, hvort það er meiri hl. í n. nú, en það skiptir ekki höfuðmáli.

Þegar þeir, sem hafa viljað breyta þessu ákvæði, og þar er ég meðtalinn, þegar við höfum hreyft því hér í þessari hv. d. á undanförnum árum, þá var lengi vel viðkvæðið það, að nauðsynlegt væri að endurskoða mannanafnalöggjöfina. Það tók nokkurn tíma að hrinda þeirri endurskoðun í framkvæmd, en þegar það hafði gerzt og fyrrv. menntmrh. hafði skipað nefnd til þess að endurskoða mannanafnalögin, þá varð alltaf að bíða með þetta atriði að dómi margra þm. eftir þessari endurskoðun. Þessari endurskoðun lauk á s. l. ári, og þetta frv. var lagt fyrir síðasta Alþ., en við, sem höfum viljað breyta þessu, vorum orðnir leiðir á að bíða eftir þessari endurskoðun og þess vegna fluttum við á síðasta þingi till., sem fól í sér að leggja þetta ákvæði niður. En þá var eins og nú komið að þinglokum, og þá stóðu upp þeir, sem ekki hafa mátt hugsa sér að gera hér breytingu á, og beittu því, sem kallað er málþóf. Og við, sem vildum ekki, að frv. um ríkisborgararétt dagaði uppi og það fólk, sem hafði sótt um ríkisborgararétt og uppfyllti gildandi skilyrði, fengi ekki sín réttindi, við hreinlega lögðum niður rófuna, ef svo má segja, fyrir málþófsmönnum, sem þá óðu hér uppi, í trausti þess, að þetta mál yrði nú loks afgreitt á þessu þingi.

Það má segja, að ekki sé hægt að saka núv. menntmrh. um það, að hann hafi ekki viljað, að þetta mál næði afgreiðslu, því að hann lagði í þingbyrjun fram frv. um mannanöfn og það kom til umr. í Ed. Alþ. 27. okt. 1971. En loksins 24. apríl 1972 vaknar menntmn. Ed. til meðvitundar um það, að þetta frv. muni hafa legið fyrir n. frá 27. okt. til 24. apríl, og menntmn. Ed. nær samstöðu um það, eða sex af sjö nm., sá sjöundi var fjarstaddur, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Það var nú allur dugnaður hv. menntmn. Ed. eftir allan veturinn. Og rökstuðningurinn fyrir því að vísa mannanafnafrv. til ríkisstj. var sá, að n. telur æskilegt, að fram fari rannsókn á því, áður en nýjar reglur eru lögfestar um mannanöfn, hvort eftirsókn í ættarnöfn og notkun þeirra hafi farið vaxandi eða minnkandi á síðari árum. Það er höfuðatriðið í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að láta fara fram rannsókn á því,

hvort eftirspurn eftir ættarnöfnum hafi farið vaxandi eða minnkandi á undanförnum árum. Og svo að lokinni þessari rannsókn telur n. eðlilegt, að frv. verði endurskoðað með það fyrir augum, að ættarnöfn, sem nú eru í þjóðskránni, verði lögleyfð, en ekki verði leyfilegt að taka upp ný ættarnöfn, og að karlar og konur hafi sömu réttindi að öllu leyti hvað ákvæði um mannanöfn snertir. Þetta er allur rökstuðningur hv. menntmn. Ed. Alþ. Ég hefði nú haldið, að það hefði unnizt, ef menn vildu, að afgreiða þetta frv. og gera á því breytingar, n. hafi haft nægan tíma til þess.

Út af því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, þá vil ég benda á það, að í 17. gr. þessa frv. kemur það alveg skýrt fram, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans 17 ára og yngri (sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþ. er af dómsmrn." — Það þarf samþykki dómsmrn. — „Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að rn. gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn."

Ég held, að þessi gr. sé alveg ótvíræð og komi í veg fyrir það, sem þessi hv. þm. taldi vera vafamál og eiginlega þyrfti frekari athugunar við.

Í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. sagði og hv. 5. þm. Reykv. hefur í raun og veru gert að umtalsefni og það mjög á sömu lund og ég ætlaði mér að gera, vil ég segja þetta. Það segir í 2. gr. frv. um veitingu ríkisborgararéttar, að menn, sem heita erlendum nöfnum, skuli ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkv. lögum um mannanöfn. Ég held, að þetta ákvæði sé svo skýrt og afdráttarlaust, að jafnvel ekki forsætisráðherra landsins geti farið í kringum það. Þess vegna kom mér mjög á óvart sú yfirlýsing, sem hann gaf hér áðan. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel það alveg tvímælalaust móðgun við Alþ., að gefin sé slík yfirlýsing af ráðh., og er sama hvaða ráðh. það er og ekki sízt, ef það er forsrh., sem er nú lagaprófessor.

Ég vil nú segja eins og er: Það hefur orðið töluverð vakning, og það hjá mönnum, sem hafa lítið látið sig skipta breytingar á þessu á undanförnum árum, vegna þess að það kemur fram nú í frv. um ríkisborgararétt umsókn heimsfrægs manns. Þá er sagt, að ekki nái nokkurri átt, að það ákvæði eigi að gilda um hann, að hann þurfi að skipta um nafn. En ég spyr: Hvað er með alla hina? Eru ekki nöfn manna þeim jafnkær, hvort sem þeir eru heimsfrægir eða ekki? Hvað er um umkomulítið fólk, sem hingað hefur flutt til landsins á liðnum árum og hefur orðið að sæta þeim afarkostum af löggjafanum að verða að skipta um nafn til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt? Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil ekkert vera að draga fólk í dilka eftir því, hvort það er heimsfrægt eða ekki. Ég tel það jafnfráleitt að setja slík ákvæði og hafa þau í gildi árum og áratugum saman og það eigi ekki að þurfa að koma heimsfrægur maður til þess að opna augu íslenzkra alþm. fyrir jafnsjálfsagðri breytingu og hér á að eiga sér stað. Þess eru mörg dæmi, að þeir, sem sótt hafa um ríkisborgararétt, hafa fallið frá því, af því að þeir vildu ekki láta af sínu nafni. Ég hygg, að þannig mundi fara fyrir flestum þm., að þeir vildu ekki láta af sínu nafni, sem þeir hefðu borið frá því, að þeir hlutu skírn. Sumir, sem hafa sótt um ríkisborgararétt, hafa gert grín að þessu ákvæði í íslenzkri löggjöf. Einn kunnur listamaður, Baltasar, óskaði eftir því að fá að bera nafnið Egill Skallagrímsson og honum var synjað um það. Ég hefði þó haldið, að Egill Skallagrímsson væri rammíslenzkt nafn. En auðvitað sá dómsmrn., að þessi listamaður, umsækjandi um ríkisborgararétt, var að gera grín að löggjafanum. Hann fékk ekki að bera nafnið Egill Skallagrímsson. Aðrir, sem hafa verið hér áratugum saman og eru orðnir góðir Íslendingar, alveg eins og við erum, kannske ekkert síðri eða fremri, hafa ekki viljað sækja um ríkisborgararétt, af því að þeir hafa ekki viljað sæta þessum afarkostum að leggja niður nafn sitt.

Ég fyrir mitt leyti tel, því að eins og fyrri daginn er þetta mál á síðustu tímum þingsins, mjög eðlilegt að gefa hér a. m. k. undanþáguákvæði, eins og till. hv. 5. þm. Reykv. ber með sér, og ég held, að það sé nauðsynlegt þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hann eða hver sá maður, sem fer með embætti dómsmrh., þurfi að fá heimild í lögum til þess að verða við þeim óskum, sem hafa verið gerðar að umræðuefni hér fyrr í dag.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var sízt af öllu ætlan mín að móðga hv. þing með yfirlýsingu minni. Ég var svo barnalegur að halda, að allir alþm. mundu verða eða vera þeirrar skoðunar, að þannig ætti að beita þessum ákvæðum gagnvart þessum tiltekna manni. Ef það kæmi fram, að meiri hluti alþm. væri því andvígur, dytti mér ekki í hug að fara að andstætt þeim vilja alþm. Ég vil nú ekki einu sinni skilja hv. síðasta ræðumann svo, að hann sé andvígur efnislega því, sem ég lét í ljós.

Hv. 5. þm. Reykv. hneykslaðist á lögskýringu minni. Það má vel vera, að hún geti verið einhverjum hneykslunarhella. En ég er nú samt alveg ósmeykur við það, að þó ég framkvæmdi þessi lög á þennan veg, mundi ég sízt af öllu verða brotlegri en margir fyrirrennarar mínir hafa orðið í sambandi við mannanafnalög. Því að sannleikurinn er sá, sem allir vita, að mannanafnalög hafa ekki verið framkvæmd hér á þann hátt, sem bókstafur þeirra stendur til. Það hefur verið farið í kringum það og látið þegjandi viðgangast, að menn brytu þau, ættlið eftir ættlið jafnvel. Þannig væri það engin ný bóla, þó að þessi lög væru túlkuð frjálslega, og það gæti ég gert með góðri samvizku, þegar stæði svo á sem hér. Annars verð ég að gera þá játningu, að mér hafði hreinlega sézt yfir brtt. hv. 5. þm. Reykv. Að sjálfsögðu tel ég það betra að fá slíka heimild berum orðum fyrir dómsmrh., og þess vegna mæli ég út af fyrir sig með því, að hún verði samþ.

Ég vil nú biðja menn að athuga það, hvort þeir geti ekki úr því sem komið er og um þetta viðkvæma deilumál sætzt á það að afgreiða málið með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í brtt. hans, að dómsmrh. fái heimild til undanþágu frá þessum ákvæðum. Mér er það ljóst, að það er ekki lausn á vandanum, af því að það má segja, að taka eigi að meginstefnu til afstöðu til þessa. Sannleikurinn er sá, að það hefur Alþ. gert æ

ofan í æ, þing eftir þing, og staðið fast á því að halda í þetta ákvæði, sem er í 2. gr. í ríkisborgararéttarlögunum.

En sem sagt, ég teldi það nú athugandi, ef n. tekur þetta mál til athugunar, hvort hún gæti ekki náð samkomulagi um það að afgreiða málið með þeim hætti, sem segir í till. hv. 5. þm. Reykv., og það væri hægt að afgreiða þetta mál þar af leiðandi á þinginu, en annars gæti því náttúrlega verið stefnt í tvísýnu, ef hér yrði málþóf um þessi efni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Mig langaði þó til að láta örfá atriði koma fram. Mér þykir vænt um það sjónarmið, sem fram kemur í ummælum hæstv. forsrh., að hann geri sér það fullljóst, að það væri ekki sæmandi að framkvæma það lagaákvæði, sem í gildi hefur verið, gagnvart Vladimir Ashkenazy *pianóleikara. Hans lögskýring var sú*, að mannanafnalögunum hefði verið svo illa framfylgt á undanförnum árum, að hann mundi ekki hljóta ámæli fyrir það að framfylgja þeim ekki gagnvart Vladimir Ashkenazy. Það er öldungis rétt hjá hæstv. ráðh., að mannanafnalögunum hefur verið illa framfylgt, þau hafa verið brotin fyrir augum allra, dómsmrn. og löggjafa, án þess að gripið hafi verið í taumana. Engu að síður harma ég, að slíkt hefur átt sér stað, og það er einmitt ein meginástæðan fyrir því, að ég beitti mér fyrir því, *meðan ég veitti menntmrn. forstöðu*, að mannanafnalögin væru endurskoðuð, og það var af fyrrv. ríkisstj. sem mannanafnafrv. var flutt. En það er auðvitað andkannalegt og óeðlilegt ástand, að lögum skuli ekki vera haldið uppi, og það er ekki viðkunnanlegt, að hæstv. dómsmrh. skuli þurfa að gefa um það yfirlýsingu á hinu háa Alþ., að hann hyggist ekki hlíta alveg ótvíræðum lagabókstaf, og þess vegna er nauðsynlegt að finna einhverja lausn á þessu máli.

Ég fylgi því að sjálfsögðu, að málið fari til athugunar hjá hv. allshn. og hún *freisti* þess að finna skynsamlega lausn á þessum vanda. En að því er varðar það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, þá virtist mér þar gæta nokkurs misskilnings. Till., eins og hún er flutt af okkur fimmmenningunum, snertir að engu leyti deiluna um ættarnöfn á Íslandi. Till. er algjörlega óháð því. Til þess er engin afstaða tekin, og menn hafa ólíkar skoðanir á því máli, þótt till. okkar fimmmenninganna yrði samþ. En hann spurði, hvernig tilætlunin væri þá að framkvæma það, að þá skyldu börn útlendinga innan 17 ára taka *upp íslenzk nöfn*. Jú, þau eiga að taka upp íslenzkt eiginnafn, íslenzkt fornafn og íslenzkt kenninafn, kenna sig til föður síns eða móður og nota þá íslenzkt nafn, með leyfi dómsmrn. Í tilfelli Vladimir Ashkenazy mundi það t. d. verða framkvæmt þannig, að ungur sonur hans mundi verða Valdimarsson, fá íslenzkt nafn og verða Valdimarsson, af því að faðir hans heitir Vladimir. Ef ekki er hægt að finna nafn, sem beinlínis svarar til útlenda nafnsins, þá á foreldrið í samráði við dómsmrn. að finna íslenzkt nafn, sem er eins líkt því og hugsanlegt er. Þetta er sú lausn, sem mér er mætavel kunnugt um. Ég hafði skipað það á sínum tíma, að nefndin skilaði áliti til mín á sínum tíma, á meðan ég var í menntmrn., svo að mér er fullkunnugt, hvernig hún leit á þetta atriði. Þetta var samkomulag milli nm. um mjög vandasamt og viðkvæmt efni. En ég hef alltaf litið þannig á, að um þetta atriði hafi í raun og veru orðið samstaða í nefndinni. Ég vildi leyfa mér að lesa þessar setningar úr nál., með leyfi hæstv. forseta. Þeir segja um gildandi lagaákvæði um útlendingana:

„Ekki er kunnugt um, að í grannlöndum sé hliðstæðri löggjöf til að dreifa, en gögn eru þó ekki tiltæk til að meta það til hlítar. Mönnum er vissulega annt um nafn sitt, og virðist þurfa mjög veigamikil rök til þess að rétt sé að setja manni þá kosti fyrir ríkisfangi, að hann afsali sér rétti á nafni sínu, er tengir hann við fortíð sína, fjölskyldu og fyrra þjóðfélag. Er ekki sýnilegt, að Íslendingar þurfi að sæta slíku hjá öðrum þjóðum, ef þeir fá þarlent ríkisfang, þótt vera megi, að einhver dæmi megi finna þessa. Ekki orkar tvímælis, að óheppilegt er út af fyrir sig, að hingað flytjist erlend ættarnöfn, sem eru framandi í íslenzku málkerfi, en fram hjá því verður seint sneitt.“ Svo segir: „Semjendur frv. telja það meðalhóf *heppilegast*“ — *hér er engin undantekning* gerð af nokkrum nm. — „Semjendur frv. telja það meðalhóf heppilegast, að slíkum mönnum sé leyft að halda nafni sínu, þegar þeir verða íslenzkir ríkisborgarar, en hins vegar breyti börn þeirra — ef þau bera erlend nöfn — nafni sínu til íslenzks horfs, með samþykki dómsmrn. Með þessu móti er girt fyrir langlífi og a. m. k. arfgengi þessara ættarnafna í landinu. Börnin taka þegar er þau verða íslenzkir ríkisborgarar upp hin íslenzku nöfn. Tekur það einnig til barna, sem ófædd eru, þegar hinn *erlendi ríkisborgari fékk íslenzkt ríkisfang, og hlíta* þau íslenzku nafnakerfi allt frá fæðingu.“

Svo mörg eru þau orð. Að þessu áliti stendur öll nefndin, allir þeir fimm menn, sem í nefndinni voru, einnig prófessor Ármann Snævarr. Það kemur að vísu fram í framhaldi af þessu, að hann hefði kosið, eins og prófessorinn segir, „hann hefði kosið að haga ákvæðinu svo, að hinum erlenda ríkisborgara yrði gert að taka íslenzkt eiginnafn, er dómsmrn. samþykkir.“ Það eina, sem bar á milli, var það, hvort hinn fullorðni *erlendi umsækjandi um ríkisborgararétt skyldi taka* upp íslenzkt eiginnafn. Prófessor Ármann vildi láta hann halda ættarnafni sínu, en taka upp íslenzkt eiginnafn, það sama eiginnafn, sem börnin ættu síðan að kenna sig til. En hinir fjórmenningarnir litu svo á, að það væri ekki heldur rétt, þó að auðvitað væri ættarnafnið aðalatriðið, að skylda fullorðinn mann til að breyta eiginnafni sínu, heldur láta hann velja sér kenninafn, föðurnafn fyrir börn sín til þess að kenna sig við. En þær setningar, sem ég las upp áðan, bera vott um það, að nefndin virðist öll hafa orðið ásátt um að vandlega athuguðu máli, að þetta væri hæfilegt meðalhóf þrátt fyrir þennan smávægilega ágreining milli fjögurra nm. og eins þeirra. Þetta vildi ég bara, að kæmi fram til þess að ekkert færi á milli mála um efni þessa máls.

Annars endurtek ég stuðning minn við það, að frv. verði vísað til athugunar allshn., í von um það, að þar finnist skynsamleg lausn á þessu vandamáli.

Forseti (GilsG): Það eru nú enn fjórir hv. þm. á mælendaskrá í þessu máli og sýnt, að umr. geta orðið nokkrar. Ég mun fresta þessari umr. og mælast til þess við hv. allshn. þessarar d., að hún kanni þetta atriði, sem hér er um rætt og um deilt, og athugi, hvort á því verði fundin lausn, því að mér sýnist, að ef það yrði

ekki, þá stefni óðfluga að því, að þetta frv. dagi uppi, og held ég, að rétt sé að freista þess, að svo verði ekki. Það er sýnt, að það verður kvöldfundur í d. eftir kvöldmat, og ég mun nú fresta umr. um þetta mál og það er tekið út af dagskrá, en þeim tilmælum beint til n. að líta á málið, sem yrði þá tekið fyrir hér á kvöldfundi þeim, sem væntanlega hefst kl. 9.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 887, 915, 922, 940, 941).

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál, ég held um hálffjögurleytið í dag. Síðan hefur margt gerzt, nokkrar ræður verið fluttar um málið og það athugað í n. Eigi að síður ætla ég að nota tækifærið og segja um það örfá orð.

Við erum öll sammála um að bjóða hinn víðfræga listamann Ashkenazy velkominn í íslenzkt samfélag sem ágætan kjörson Íslands, en þá rekumst við á ákvæði 2. gr. frv. til l. um ríkisborgararétt, sem er mjög ótvírætt og erfitt að komast fram hjá. Þetta mál hefur verið lengi á döfinni hér á hv. Alþ., þó að það hafi ekki verið rætt til hlítar nú um langan tíma. Um það eru mjög skiptar skoðanir. Það er ekki furða, þó að endurskoða þurfi lögin um mannanöfn, sem nú eru orðin nær hálfrar aldar gömul. Við vitum, að fyrir liggur nú þegar saminn lagabálkur eða samið frv. um þetta efni, sem ekki hefur enn verið rætt eða fjallað um á Alþ. Ég verð að segja, að ég tel það ekki vansalaust að láta þetta frv., sem virðist vera vel og rækilega undirbúið, liggja í dái svona lengi, án þess að við tökum rögg á okkur og ræðum það mál til hlítar og ákveðum, hvað gera skuli. Vandamál á borð við þetta, sem við rekum okkur á núna, geta hæglega endurtekið sig hvenær sem verða vill.

Ég hef oft undrað mig á því, hve skoðanir eru skiptar um þetta mál og verð að segja, að ég var mjög sammála mörgu því, sem fram hefur komið hér í ræðum manna, ekki sízt hjá hv. 2. þm. Vestf. Hér liggja fyrir ýmsar brtt. til að greiða úr þessum hnút, til að leysa þennan vanda. Hv. 7. þm. Reykv. lýsti till. sinni og ég held þriggja annarra hv. alþm. í dag, en þar er bent á þá leið að taka eina gr. úr hinu samda frv. upp sem brtt. við þetta frv. og samþykkja hana. Ég verð að segja, að þótt mér lítist að sumu leyti nokkuð vel á þessa leið, þá finnst mér þó dálítið varhugavert að taka eina gr. út úr frv.-bálkinum sem fyrir liggur og gera hana nú að lögum. Ég er ekki svo kunnugur því frv. Þess vegna verð ég að taka til greina varnaðarorð hv. 1. þm. Austf., sem benti á, að varasamt gæti verið að taka þessa einu gr. og gera að lögum, þar sem frv. byggði að nokkru a. m. k. á öðrum forsendum en við höfum gert til þessa á sviði mannanafnalöggjafar. Það munu liggja fyrir fleiri brtt. Hæstv. forsrh. gaf ákveðna yfirlýsingu í þessu máli og við erum öll sammála henni að vissu leyti, en jafnvel hæstv. ráðh. verða þó að fara að ótvíræðum lögum. Það er vitað mál, að um þetta efni eru mjög skiptar skoðanir, þannig að við útkljáum það ekki á þessari kvöldstund, sem eftir er af þinginu. Ég held því, að það sé langauðveldasta lausnin á þessu stigi málsins að heita á sjálfa okkur að taka þetta frv. um mannanöfn til rækilegrar skoðunar þegar á næsta hausti, deila um það og skera úr þeim deilum og koma því í lög sem nýrri löggjöf um mannanöfn. En eins og málið stendur nú, tel ég langeðlilegast og auðveldast að leysa það með því móti að samþykkja till. á þskj. 915 frá hv. 5. þm. Reykv. og slá því þar með föstu að veita hæstv. forsrh. og dómsmrh. ótvíræða lagaheimild til þess að gera það, sem hann ætlaði sér að gera samkv. því, sem hann lýsti yfir í ræðu sinni fyrr í dag.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs um þetta mál á fundi fyrr í dag og ætlaði þá að ræða um 2. gr. frv. almennt og þá brtt., sem fram hafði komið við hana frá hv. 7. þm. Reykv., en hann er iðinn við kolann og hefur verið á undanförnum þingum að reyna að opna þó ekki sé nema í hálfa gátt hurðina fyrir útlendum nafnasið hér á landi. Það, að ég kvaddi mér hljóðs, var áður en þessu máli var vísað til allshn. og hún beðin að taka það til athugunar, en sá fundur var haldinn og ég dvaldi um stund á þeim fundi, en var þar ekki, þegar tekin var ákvörðun um það í n. að flytja nýja brtt., sem nú liggur fyrir, en hún er á þskj. 940. Sú till. er um það, að ef maður sem heitir erlendu nafni, fái íslenzkt ríkisfang með lögum, skuli hann taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skuli taka sér íslenzk nöfn samkv. lögum um mannahöfn. Ég var að endursegja efni brtt. á þskj. 940. Nú hef ég ekki í n. tekið afstöðu til þessarar till., en afstaða mín í heild er nú sú, að óþarft sé að breyta þessari gr., þessari 2. gr. frv., en ef ætti að breyta henni á annað borð, mundi ég nú helzt hallast að brtt. hv. 5. þm. Reykv. um að gefa dómsmrh. heimild til þess að gera undantekningar og þá með þeirri skýringu, að eitthvað sérstaklega standi á, eins og þegar útlendur maður, sem verður íslenzkur ríkisborgari, er þekktur víða um heim undir sínu útlenda nafni. Það má segja, að það geti skipt einhverju fyrir hann, hvort hann getur haldið því nafni. Annars held ég nú, að listamenn hafi margir þann sið að auglýsa sig ekki undir sínu eiginlega nafni, heldur undir einhverju sérstöku listamannsheiti, þetta eigi því ekki að þurfa að valda verulegum vandkvæðum.

Mér finnst það furðulegt, þegar menn eru að halda því fram, að það sé verið að ganga á rétt einhverra með þessu ákvæði um nafnbreytingu. Þegar verið er að veita íslenzkan ríkisborgararétt, þá eru það útlendir menn, sem eru að óska eftir því að fá þennan rétt, yfirleitt fólk, sem dvelur hér í landinu. Enginn amast við, að það dveljist hér eins lengi og það vill, en það óskar eftir að fá þennan rétt, að vera íslenzkir ríkisborgarar. Það að vera íslenzkur ríkisborgari er út af fyrir sig mikilsverður réttur og ég vil segja ekkert minni heiður fyrir þann, sem þennan rétt fær, en fyrir Ísland að eignast nýjan ríkisborgara, jafnvel þó að það séu frægir menn, sem í hlut eiga. Þannig lít ég nú á það mál. En það er enginn að vorkenna Íslendingum, sem dvelja þúsundum saman í öðrum löndum og hafa þúsundum saman tekið upp nafnsið þeirra þjóða, sem þeir dveljast með, t. d. Íslendingar í Vesturheimi. Ég held, að það yrði dálítið erfitt, þegar búið er að veita útlendum manni leyfi til þess að halda sínu nafni, ef svo ætti að fara að krefjast þess af börnum hans, að þau breyttu sínu nafni, og auðvitað kæmi þá fram ný brtt. til þess að rétta þeirra hlut og það yrðu borin fram svipuð rök og spurt: Úr því

að foreldrarnir fengu að halda sínum nöfnum, hvers eiga þá börnin að gjalda, hvers vegna mega þau ekki halda sínu gamla útlenda ættarnafni, hvort sem um er að ræða það, sem venjulega er kallað ættarnöfn, eða nöfn úr ættinni? Þess vegna er enginn vafi, að ef farið verður inn á þessa leið að gera slíka reglu, að menn fái ríkisborgararéttinn á sínu nafni, þá yrði framhaldið svona, eins og ég hef núna verið að segja, eða ég get ekki annað séð. Hinn rétti tími til að fá nafnaskiptin fram á þessum verðandi ríkisborgurum er þegar rétturinn er veittur.

Það er náttúrlega út af fyrir sig vafamál, hvort okkur tekst, Íslendingum, að halda okkar forna nafnasið. Það er mikið vafamál, hvort okkur tekst það, og það er svo um ýmislegt annað, sem lýtur að þjóðerni og tungu, en mér finnst, að við eigum að verjast svo lengi sem unnt er í þeim efnum. Nafnamálið er gamalt deilumál. Það var mikið deilumál hér á þingi á þriðja tug aldarinnar, eða þegar þeir voru að berjast fyrir nafnalögunum Bjarni frá Vogi, Tryggvi Þórhallsson o. fl., og svo hefur það síðustu tvo áratugina orðið að deilumáli hér, þegar menn hafa verið að reyna að brjóta niður þær varnir, sem settar voru með þeim lögum. Fyrir þessu þingi liggur frv., samið af sérstakri nefnd um þetta mál, frv. til nýrra nafnalaga, þar sem að mjög verulegu leyti a. m. k., ef ekki öllu, er gengið til móts við þá, sem breyta vilja okkar gamla nafnasið. Þetta frv. var lagt fram sem stjfrv. á öndverðu þingi í hv. Ed., ekki samið af ríkisstj., heldur þessari nefnd, sem ég gat um hér áðan, en það frv. fékk þá meðferð í Ed., að því var vísað aftur til ríkisstj., sem er nú reyndar frekar óvenjulegt um stjfrv., en það sýnir það, að í hv. Ed. er nú nokkru andófi haldið uppi enn þá í þessu máli, og nú er það svo, að þetta ríkisborgarafrv. á eftir að fara til Ed. Og nú vil ég spyrja þá, sem vilja fara að hrófla við 2. gr.: Getur það ekki orðið til þess, að ríkisborgarafrv. hreinlega dagi uppi í hv. Ed., þegar þar að kemur, ef þar eiga að hefjast deilur um 2. gr., þegar á það er litið, hverjar viðtökur nafnafrv. stjórnarinnar hefur fengið í d.? Ég bara spyr. Nú má segja, að það sé kannske ekki neinn stór skaði skeður, þó að á einu þingi falli niður að setja ný lög um ríkisborgara. En þeir, sem þarna eiga í hlut, hafa gilda ástæðu til þess, geri ég ráð fyrir, að vilja verða ríkisborgarar á þessu ári, og þeim er að sjálfsögðu öllum kunnugt um þetta ákvæði, sem er í íslenzkum lögum um nafnaskiptin. Hér hefur mikið verið talað um tiltekinn frægan mann í þessu sambandi. Það hefur samt ekki verið upplýst, að frá honum liggi fyrir nein ósk um það, að hans vegna verði lögum landsins breytt. Slíkt liggur ekki fyrir eða ég hef ekki fengið neinar fréttir af því, að svo sé. Það er sagt, að sumir útlendingar, sem hafa fengið ríkisborgararétt, hafi tekið sér það nærri að skipta um nafn. Þetta hefur verið fullyrt hér almennt, en ekki veit ég nú neitt dæmi um þetta, satt að segja. Enda held ég, að hitt sé nú enn meiri breyting í lífi manns, að taka sig upp frá ættlandi sínu, ætt og þjóð og flytja yfir í annað land, þar sem töluð er framandi tunga, en þó að menn þurfi að breyta eitthvað nafni sínu.

Svo skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð, en rétt teldi ég, að ekki væri hróflað við þessari 2. gr., — það a. m. k. látið bíða, þar til nafnafrv. væntanlega kemur fyrir næsta þing.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Útbýtt hefur verið tveimur þskj. frá allshn. Ég vil fyrst gera grein fyrir brtt. n. á þskj. 941. Þegar n. kom til fundar í dag, lá þar fyrir umsókn eins manns um ríkisborgararétt. Þessi umsókn er seint fram komin af ástæðum, sem voru bæði honum sjálfum og n. óviðráðanlegar, en n. mælist þó eindregið til, að hv. þm. taki umsókn hans til greina. Hér er um færeyskan mann að ræða, sem búsettur hefur verið hér á landi síðan 1965 og fullnægir öllum skilyrðum. N. mælir einróma með því, að brtt. þessa efnis verði samþykkt.

N. var falið það mikilvæga verkefni að reyna að meta brtt., sem fram hefðu komið við 2. gr. frv. Eins og hv. þm. vita, var lítill fyrirvari á þessum fundi og því erfitt verk að vinna. Það má þó segja, að það hafi bjargað nokkru, að þetta mál hefur oft verið til umræðu, eins og hér hefur verið bent á. Hvorki um brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen, né um brtt. frá hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, o. fl. varð samstaða, og ég hygg, að það sé til lítils að rekja hér þann skoðanamun, sem þar varð. Í stórum dráttum má segja, að þær raddir komu fram, að brtt. hv. 5. þm. Reykv. opnaði leið til mismununar, að í þessu efni ætti hið sama að ganga yfir alla, en ekki veita sérréttindi. Um brtt. fimmmenninganna er það helzt að segja, að þar eru slitin tengsl milli barns og foreldris, sem þykja mikilvæg. Ég gæti komið með eitt dæmi til skýringar því, hvað ég á við. Hugsum okkur telpukorn, sem væri Pálsdóttir, en hún gæti samt ekki bent á neinn Pál sem föður sinn, heldur héti hann allt annað, t. d. Vincent eða Silvan. Ég hygg, að það gæti orðið nokkur þolraun fyrir þetta barn að útskýra samhengið.

N. varð sammála um að leggja fram till. Þó vil ég geta þess, að hv. 9. landsk. þm. veitir till. brautargengi með fyrirvara. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Gísla Guðmundssonar hér áðan, þá er þetta málamiðlunartillaga í þeirri von, að unnt reynist að ná samstöðu. Um það bil 30 manns bíða eftir því, að Alþ. samþykki íslenzkan ríkisborgararétt þeim til handa, og það væri leitt, ef frv. dagaði uppi. Brtt., sem allshn. leggur til, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkv. lögum um mannanöfn.“

Ég hygg, að þarna sé farinn millivegur og reynt að halda hvoru tveggja í heiðri, aðlögun að íslenzku málkerfi og nafnvenjum annars vegar og hins vegar tillitssemi við þá útlendinga, sem kann að reynast erfitt að skilja við nafnið sitt á miðri ævi. Auðvitað urðu umr. um það í nefndinni, hversu langt skyldi ganga, en þetta varð niðurstaðan með fyrirvara eins nm.

Hér hefur nokkuð verið rætt um frv. til l. um mannanöfn og afgreiðslu Ed. á því. Ég er ekki undir það búin að ræða langt mál um það frv., en ég hygg, að nokkuð langt sé síðan frv. hefur komið fram, sem gerir ráð fyrir jafnaugljósu ranglæti gagnvart konum og nöfnum þeirra. Það hefur verið bent á, að í þessu frv. sé gengið til móts við þá útlendinga, sem sækja um ríkisborgararétt og er sárt að skilja við nafnið sitt. En um leið er í frv. gerð tilraun til þess að leiða þennan sama ófögnuð yfir íslenzkar konur. Í þessu frv. eru a. m. k. 1001 ákvæði um það, hvernig fara skuli að, þegar kona

giftist manni með ættarnafni eða þegar kona skilur við mann með ættarnafni og ef hún kynni svo að giftast þriðja manni með ættarnafni. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það að gæta samkvæmni í málflutningi. Það, sem þeir geta ekki hugsað sér að leiða yfir útlenda karlmenn, það skulu þeir ekki heldur leiða yfir íslenzkar konur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Um nokkurt árabil *átti ég sæti í allshn. þessarar hv. d. og það mun hafa* komið fram, sem ég þó harma að hafa ekki getað hlustað á, það mun hafa komið fram frá fyrrv. form. þeirrar n., hv. 2. þm. Vestf., að þá hafi þetta mál verið ítarlega rætt í þessari n. oft og tíðum, og m. a. mega þeir þm. muna það, að ég tel, að það frv., sem hér hefur nokkuð oft verið vitnað til, sé m. a. til orðið vegna ábendingar allshn. þessarar d. á sínum tíma um það, að breytinga væri þörf á þeim lagaákvæðum, sem giltu um íslenzk mannanöfn, þegar um væri að ræða ríkisborgara erlenda, sem fengju íslenzkt ríkisfang. Nú skal ég viðurkenna það fúslega, að vegna þess að þetta frv. hefur ekki verið hér efnislega til umr., hef ég ekki kynnt mér það heldur svo sem skyldi, en þó er mér engin launung á, eins og ég hef áður gert grein fyrir hér í hæstv. d., að mín skoðun er sú fyrst og fremst, að þessum lögum þurfi að breyta. Í öðru lagi eigi ekki að svínbeygja svo þá aðila, sem óska eftir íslenzku ríkisfangi, að þeir skuli sem miðaldra eða aldraðir menn gangast undir þær kvaðir, sem núgildandi lög okkar kveða á um. Hins vegar hef ég talið persónulega, að þegar komi t. d. aftur í 2. lið, skuli þær kvaðir, sem þar getur um, ná yfir afkomendur þeirra. Þess vegna hef ég talið og tel í sambandi við þá brtt., sem hefur komið fram frá allshn. d., þegar talað er um, að börn viðkomandi aðila skuli taka sér íslenzk nöfn, þá hef ég talið nægjanlegt, að um fornöfn væri að ræða, þannig að þegar að því kemur, að þessir aðilar, sem hafa þá tekið sér íslenzkt ríkisfang og gerzt íslenzkir ríkisborgarar, að þegar þeir hinir sömu eignast hér afkvæmi á Íslandi, þá sé markmiði okkar laga eins og þau hljóða í dag fullnægt.

Þar utan vil ég nota tækifærið til að taka undir síðustu orð hv. frsm. n., og það er þetta stóra atriði, sem ég vildi einmitt koma að, sem hvorki þeir aðilar, sem vitna til þessa frv., sem liggur fyrir hæstv. Alþ., né reyndar þeir, sem hér hafa rætt um þetta mál í dag, hafa gert sér grein fyrir, og það er auðvitað íslenzka konan. Ég fæ ekki séð, — *þetta er um þær till., sem hér hafa komið* fram í sambandi við það, að eignist íslenzk kona barn með útlendingi, án þess að hann óski nokkurn tíma eftir að gerast íslenzkur ríkisborgari, sem því miður gerist oft undir þeim kringumstæðum, þá fæ ég ekki séð, hvernig sú kona ætti samkvæmt mannanafnalögunum að feðra barn sitt. Hún yrði annaðhvort að skíra það í höfuð föður síns eða sjálfrar sín, og ef hún ætti son, þá ætti hann að vera Guðrúnarson, Ragnhildarson, Svövuson eða eitthvað þess háttar, sem mörg dæmi eru um að vísu í íslenzkum fornsögum. Ég tel þetta mjög óæskilegt, þannig að þegar við horfum á þau mörgu vandkvæði, sem koma upp í sambandi við þetta mál, þá auðvitað ættum við og ég tel skynsamlegast að fylgja þeirri brtt., sem hv. 5. þm. Reykv. flutti hér í dag, einfaldlega til þess að losa okkur út úr þessum vanda í sambandi við mannanafnalöggjöfina í heild, til þess að við þurfum ekki að fara að skera út úr henni einhver ákveðin atriði, án þess að gera okkur grein fyrir málinu í heild.

Hitt er annað mál, að ég er mjög ósammála þeim hv. þm. í sambandi við hans tal og reyndar líka flm. þeirrar till., sem kom fram þar á undan, till. þeirra fimmmenninganna. Það hefur verið vitnað til hins heimsfræga borgara og snillings Valdimars Davíðssonar Ashkenazy og það hefur verið rætt um það af frsm., *að mjög óæskilegt væri að bjóða slíkum mönnum eða* slíkum manni slíka afarkosti. Þetta er hárrétt. Ég tel hins vegar um leið og við höfum í huga, að við erum að fá þarna mjög æskilegan ríkisborgara og við erum líka um leið að styðja það, sem hann hefur barizt kannske mest fyrir á undanförnum árum, — hann er að leita sér ríkisfangs í landi, þar sem hann þarf ekki að búa við það, sem hann hefur þurft að búa við í sínu heimalandi, — ég tel, að um leið og slíkur maður óskar eftir því að öðlast ríkisfang í landi eins og okkar, þá megi hann líka nokkru til fórna og geti jafnvel gengið undir þau hin íslenzku lög, sem við höfum búið til hér á Alþ., þótt við hins vegar viðurkennum, að þeim sé í mörgu ábótavant og við þurfum að breyta þeim. En ég skal aldrei viðurkenna það, sem kom fram hjá hv. flm. till., þótt ég viðurkenni sjónarmiðið vegna þess, að um er að ræða heimsfrægan listamann, að slíkt átak og slíkir afarkostir geti ekki alveg eins gilt fyrir færeyskan sjómann, sem biður um íslenzkt ríkisfang, eins og heimsfrægan *pianóleikara. Ég tel, að afarkostirnir séu þeir sömu fyrir* alla þessa aðila, og þess vegna eigum við að breyta þeim. Ég er hins vegar sannfærður um það, að við eigum ekki að hlaupa til og fara að breyta þeim nú á síðustu dögum þingsins eða kannske síðustu klukkustundunum eða síðustu dögunum, ef guð lofar og vel tekst til um umr. um húsnæðismál. Þess vegna eigum við frekar að taka undir þá till., sem kom fram frá hv. 5. þm. Reykv., og samþykkja þá till., en þeir, sem hingað eiga þá afturkvæmt að hausti, að þeir þá heiti því með sjálfum sér og þ. á m. við, sem erum stödd í d. og hingað eigum afturkvæmt, að taka þetta mál fyrir til gagngerðrar endurskoðunar og samþykktar á næsta þingi.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hygg, að það *sé nú mjög við hæfi, að ég taki það strax fram, að orð* mín verða örfá. Það kom fram greinilega í þeim umr., sem fóru fram um þetta mál hér fyrr í dag, að hér er um mjög viðamikið mál að tefla, þar sem um er að tefla frv., sem legið hefur fyrir hér lengst af þinghaldinu, um mannanöfn, og sýnist sitt hverjum í því efni. Örugglega mun þetta mál koma til kasta næsta þings. Ég verð að segja, að mér hefur fundizt hálfóviðfelldið, hvernig eitt nafn hefur verið dregið sérstaklega inn í þessar umr., og mér er nær að halda, að sú till. á þskj. 940 frá hv. allshn., sem orðast svo: „Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn“ o. s. frv., þessi till. sé komin til af því, að þeim hafi sýnzt einfalt mál að snúa fornafninu Vladimir yfir í Valdimar. Ekki get ég séð neina auðveldari skýringu á því uppátæki. Menn hafa varað

við því að hrófla mjög við þessu, og talið, að það gæti skapað hættuleg fordæmi. En mín afstaða er sú og mitt álit byggist fyrst og fremst á því, að ég álít það hina mestu óhæfu, að þeim, sem komnir eru til vits og ára og sækja um að verða íslenzkir ríkisborgarar, skuli gert það að skyldu að skipta um eiginnafn.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um það, hvers vegna ég álít það óhæfu, en ég skora á menn að líta í eigin barm, hvað það mundi kosta menn að standa frammi fyrir því að verða að gerbreyta um nafn, eins og flest þetta fólk neyðist til þess að gera eftir þeim lögum, sem nú gilda. Mér sýnist langeinfaldast, að lausn á þessum vanda verði fundin, sem við stöndum frammi fyrir nú og nefndur hefur verið, með því að samþykkja þá brtt. á þskj. 915, sem flutt er af hv. 5. þm. Reykv.

Örugglega verður þetta mál tekið til ítarlegrar athugunar og breytingar verða á þessu gerðar. Það efa ég ekki. Þess vegna felst í því engin hætta að gefa nú dómsmrh. heimild til þess að veita undanþágu frá þessu, sem ég vil kalla hin mestu ódæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 19. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 941 samþ. með 39 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 940 samþ. með 19:16 atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Vegna þess að heyrzt hafa raddir um það, að þessi till. ætti ekki að koma til atkv. nú, vil ég lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel, að forseti fari nákvæmlega rétt að með því að bera till. upp, því að hún er heimild um að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en í þeirri brtt., sem búið er að samþykkja, er m. a. ákveðið, að hinn erlendi ríkisborgari skuli taka sér íslenzkt fornafn, þ. e. breyta skírnarnafni eða a. m. k. öðru þeirra, og enn fremur ákvæði um það, að börnin skuli taka sér íslenzk nöfn, þó að að vísu sé ákaflega erfitt að skilja, hvað átt er við með því. Það getur þýtt bæði skírnarnöfnin og eftirnafnið líka, svo að ég tel, að bæði formlega og efnislega geti till. á þskj. 915 fyllilega staðizt og sé því rétt að bera hana upp, eins og hæstv. forseti hefur lagt til.

Eysteinn Jónsson: Ég vil alls ekki hafa á móti úrskurði forseta í þessu, en af því að hv. flm. till. talaði hér um efni till., þá vil ég leyfa mér — og ég vona, að ég brjóti ekki mikið af mér, — að benda á það, að till. hlýtur upphaflega að vera hugsuð sem undanþágumöguleiki frá því, að menn tækju sér algjörlega íslenzkt nafn, en nú yrði í raun og veru aðeins um fornafn að ræða, þannig að aðstaðan er breytt.

Brtt. 915 samþ. með 19:17 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 948).

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og einni umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við þetta frv. eins og það fór frá Ed. á sínum tíma hefur Nd. gert tvær breytingar. Við 3. umr. í Nd. var tekinn inn einn umsækjandi, Hendrik Óli Tausen, Færeyingur. Hann hefur verið hér á landi frá 1965 og hafði þá sama ár kvænzt íslenzkri konu og þau búið hér síðan. Skrifstofustjóri Alþingis hefur farið yfir umsóknina og telur, að öll skjöl, sem fylgja eiga, séu þar með og hann fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem með þarf til þess að öðlast ríkisborgararétt. Ég tel, eftir að hafa litið á þessi skjöl, að það standi ekkert í vegi fyrir því, að hann fái þennan rétt, sem hann sækir um, og tel ekki ástæðu til þess, að frekar sé athugað af hálfu þeirrar n., sem þetta annars mundi heyra undir, að væri tekið til yfirvegunar. Þessi umsókn lá fyrir í fyrra á þingi, en einhvern veginn fór svo, að hún hafði orðið út undan á sínum tíma við afgreiðslu mála.

Í annan stað hefur Nd. nú rétt í þessu samþykkt brtt. við frv. á þá lund, að dómsmrh. sé heimilt að veita undanþágu frá upptöku íslenzks nafns fyrir erlendan mann, sem fær ríkisborgararétt. Og persónulega tel ég eftir atvikum, þar sem ræðir alveg um sérstakt tilfelli, rétt að samþykkja þá brtt. En að sjálfsögðu er ég reiðubúinn að kalla saman allshn. þessarar d. til þess að ræða frekar um þessa brtt., ef ósk kemur fram um það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 953).

---

66. Hjúkrunarskóli í Reykjavík.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík [281. mál] (stjfrv., A. 762).

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. þm. er vafalaust öllum ljós hin mikla þörf, sem á því er að fjölga í stétt hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna á landi hér. Það mál hefur oftar en einu sinni komið til kasta Alþ. og ætla ég ekki að þessu sinni að eyða tímanum með því að rekja ýmis þau atriði, sem þar hefur verið bent á til úrbóta. En hér er lagt fyrir hv. d. frv. um framkvæmd einnar af þeim leiðum, sem menn hafa komið auga á til þess að fjölga þeim, sem hljóta hjúkrunarmenntun. Þar er um það að ræða, að stofnaður verði hjúkrunarskóli í tengslum við Borgarspítalann í

Reykjavík. Þetta mál var tekið upp í borgarstjórn Reykjavíkur s. l. vetur, og síðan hefur málið verið til umr. milli fulltrúa heilbr.- og trmrn., borgarstjórnar og menntmrn. Árangur af þeim viðræðum og niðurstaða er það frv., sem hér er lagt fyrir og er eins og menn sjá fyrst og fremst heimildarfrv., frv. um að heimila stofnun sérstaks hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann. Eins og borið hefur á góma á Alþ. áður, hefur það mjög staðið í vegi fyrir fjölgun hjúkrunarnema, að vandkvæði hafa verið á að tryggja lærða hjúkrunarkennara, en nú stendur svo á, að við Borgarspítalann starfa þegar konur, sem eru útlærðir hjúkrunarkennarar, og það liggur fyrir, að þær mundu fást til starfa við skóla, sem tengdur væri við Borgarspítalann. Ráð er fyrir því gert, að þessi nýi hjúkrunarskóli taki við 25—30 nemendum á ári, þannig að þar yrðu samtímis 75—90 nemendur með þriggja ára námstímabil. Aukninguna í hjúkrunarstéttinni, sem þessu mundi fylgja, má marka af því, að s. l. tvö ár hafa útskrifazt frá Hjúkrunarskóla Íslands rúmlega 80 manns hvort ár. Þarna mundi verða nálægt því um þriðjungs aukningu að ræða.

Það frv., sem hér er lagt fram, er eins og ég sagði fyrst og fremst heimildarlög til þess að heimila stofnun þessa skóla, en jafnframt vil ég tjá hv. d., að það er ætlun mín að láta endurskoða lögin um Hjúkrunarskóla Íslands með það fyrir augum, að sett verði ný heildarlöggjöf um hjúkrunarskóla og hjúkrunarnám.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér finnst rétt, ekki sízt þar sem ég var að gagnrýna hæstv. ráðh. fyrir seinagang að því er varðaði síðasta dagskráratriði, að þakka honum sérstaklega fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, sem eins og hann gat um átti upptök sín í borgarstjórn Reykjavíkur. Það hefur verið unnið að þessu máli með ágætum og við bindum miklar vonir við það, að þetta frv. verði að lögum. Jafnvel þótt það geti e. t. v. ekki orðið nú á þessu þingi, þótt hér sé um tiltölulega einfalt mál að ræða, þá verði það strax í upphafi næsta þings.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 762, n. 879).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt og athugað frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík og mælir eindregið með samþykkt frv. óbreytts. Einn nm., frú Auður Auðuns, var fjarverandi.

Hæstv. menntmrh. gerði hér í d. í gær grein fyrir frv., fyrir þörf og mikilvægi þess, og mun ég því ekki hafa mörg orð um þessa ákvörðun okkar, en heilbr.- og félmn. vildi fyrir sitt leyti leggja áherzlu á þann áhuga, sem hún hefur á framgangi þessa máls. Vildi gera það með því að láta það ekki dragast að halda sérstakan fund til að ræða þetta mál og freista þess, að það mætti komast í gegnum d. nú í dag. Öll þekkjum við hinn mikla hjúkrunarkvennaskort, er við höfum átt við að búa á undanförnum árum. Þessi mál hafa verið margrædd hér í hv. Alþ. og munu allir vera á einu máli um það, að mikil þörf sé á úrbótum í því efni. Hér er um raunhæfa úrbót að ræða, þótt fleira þurfi til að koma, og þess vegna vonum við, að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 762, n. 917).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Vegna þess hversu vinnubrögðum hefur verið háttað hér í þinginu síðustu daga, hafa orðið þau mistök, að ósk um lítilfjörlega breytingu á því frv., sem fyrir liggur, komst ekki til skila til n. Sú breyting varðar 2. gr., þar sem ákvæði eru um skipun skólanefndar við hjúkrunarskóla þann, sem í ráði er að stofna í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík. Vegna þess að gert er ráð fyrir, að inn í skólanefndina komi fulltrúi borgarstjórnar Reykjavíkur, getur skipun þessarar skólanefndar ekki með öllu verið hliðstæð skipun skólanefndarinnar við Hjúkrunarskóla Íslands, en þetta frv., eftir því sem efni standa til, er sniðið eftir lögum um þann skóla. Því hefur upphaflega fallið út fulltrúi heilbrigðisyfirvalda í skólanefnd við hinn nýja skóla. Við nánari athugun þykir þetta óeðlilegt. Það þykir eðlilegra, að það sé fulltrúi Læknafélags Íslands, sem ekki sé í þessari nefnd, en fulltrúi sé þar frá heilbrigðisyfir-

völdum. Því vil ég leyfa mér, herra forseti, að flytja skriflega brtt. við 2. gr., 1. málsl., á þessa leið:

„Í stað orðanna „Læknafélags Íslands“ komi: heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.“ Sem sagt, heilbr.- og trmrh. skipi einn mann í þessa skólanefnd í stað þess, sem gert er ráð fyrir, að Læknafélag Íslands skipi í frv. eins og það liggur fyrir, og vil ég leyfa mér að leggja fram þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 946) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt fsp. til hæstv. ráðh., sem flutti þessa skrifl. brtt. Stendur hún í nokkru sambandi við þá erfiðu deilu, sem hæstv. ríkisstj. stendur í við íslenzka læknastétt í dag í sambandi við launakjör hennar?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég get fullvissað hv. 10. þm. Reykv. um, að þessi brtt. stendur ekki í nokkru sambandi við þá deilu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 946 samþ. með 22:5 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 947).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. og 93. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. enn tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 961).

---

67. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv.).

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [255. mál] (stjfrv., A. 566).

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér fjórar breytingar á löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þrjár af þeim eru minni háttar, en ein breytingin er nánast um afnám vísitölubindingar á húsnæðislánum, og er það meginefni þessa frv.

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um húsnæðismálalöggjöfina almennt, áður en ég vík að efni frv., skal þó ekki vera mjög langorður. Lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins var breytt í grundvallaratriðum á árinu 1970. Ýmsar þær breytingar, sem þá voru á löggjöfinni gerðar, eru tvímælalaust til bóta, en þó hygg ég, að að sumu leyti hafi verið stigin spor aftur á bak að því er snertir þessa endurskipulagningu húsnæðismálalánanna. Það er enn þá þetta mark á húsnæðismálalöggjöfinni, að hún hvílir mjög á flokkspólitískum grundvelli, sem ég verð að lýsa yfir sem minni persónulegu skoðun, að sé mjög til hins verra, og hv. Alþ. ætti að reyna að komast úr þeim farvegi með þessa löggjöf. Við það verður hún á margan hátt þunglamaleg í framkvæmd. Sjónarmið, sem ekkert erindi eiga inn í afgreiðslu húsnæðismálanna, koma þar við sögu og verða jafnvel ríkjandi og ráðandi, afgreiðslur þunglamalegar. Það er t. d. yfir Húsnæðismálastofnuninni níu manna stjórn, og vafalaust er það gert til þess að flokkarnir fái allir aðstöðu til þess að hafa fulltrúa í stjórninni til þess að fara höndum um allar umsóknir um húsnæðislán hvaðanæva að af landinu og þukla þessar umsóknir, auðvitað út frá flokkspólitískum sjónarmiðum. *Ég álít, að þetta eigi ekkert erindi inn í* húsnæðismálalöggjöfina, og við þurfum sem fyrst að ná samstöðu um að komast hjá þessu formi í þessum þýðingarmikla málaflokki almennings.

Enn þá hjákátlegri er þó kannske endurskipulagningin á verkamannabústöðunum. Þar eiga að vera í hverju héraði sjö menn í stjórn, sjö aðalmenn og sjö til vara. Það á sem sé að tilnefna í stjórn verkamannabústaða í hverju smákauptúni á Íslandi 14 menn. Og það hefur orðið allmikil leit að þessum 14 fjölskyldufeðrum, — venjulega hefur verið talið við hæfi, að það væru fjölskyldufeður, sem væru í húsnæðismálastjórninni, — og mikill dráttur orðið á því, að þeir aðilar, sem eiga að tilnefna þessa 14 menn, gætu lokið verkinu. Sumar sveitarstjórnir eru ekki búnar að því enn eftir hálft annað ár. Sveitarstjórnir eiga að tilnefna þrjá, húsnæðismálastjórnin suður í Reykjavík á að tilnefna þrjá í stjórn verkamannabústaða hingað og þangað úti um landið og verkalýðsfélög á staðnum einn, sjö aðalmenn þannig og sjö varamenn.

Þar að auki vil ég segja það, að kaflinn um Byggingarsjóð verkamanna er þannig, að ég tel þar á margan hátt mjög stefnt í öfuga átt frá því, sem áður var, þegar byggingarfélög verkamanna störfuðu, en þau voru lögð niður með þessari endurskoðun laganna. En allur kaflinn er í raun og veru svo þunglamalegur í framkvæmd,

að reyndin virðist vera sú, að það hálft annað ár eða nærri tvö ár, sem liðin eru síðan lögin voru sett, sá tími hefur mestmegnis viðast hvar á landinu farið í undirbúningsvafninga og lítið komið til framkvæmda enn þá við byggingu verkamannabústaða samkv. þessum kafla. Þó hafa verið gerðar á honum nokkrar breytingar, m. a. s. á þessu þingi, og tel ég því ekki rétt að fara í það að umbylta þessum kafla nú og hef þannig ekki tekið með endurskoðun á honum að neinu ráði, tel rétt, úr því að undirbúningur mætti nú teljast búinn, að þá þurfi a. m. k. að fá á þessu ári reynslu af því, hvernig kaflinn reynist í framkvæmd, og vil ég því ekkert hlaupa að því núna að gera þá grundvallarendurskoðun á kaflanum um verkamannabústaði, IV. kafla laganna, sem mér sýnist þó, að muni þurfa að gera. Eftir að öllum undirbúningsvafningum er lokið, þá er einn megingallinn á verkamannabústaðakaflanum sá, að smærri kauptún, fámennari kauptún geta ekki notfært sér kaflann. Þau eiga að gera fjögurra ára áætlun um byggingarþörf verkamannabústaða, en reglurnar eru þær, að kauptún af meðalstærð með þúsund íbúa fengju aðeins rétt til þess að byggja um það bil eina íbúð á ári. Það bætir ekki úr þörf kauptúnanna yfirleitt. Kauptún með 300—400 manns fá aðeins rétt til þess að byggja hluta úr einni íbúð á ári, og þó að það væri gerð fjögurra ára áætlun, munu þau fámennustu tæplega búin að öðlast rétt samkv. löggjöfinni til þess að byggja eina íbúð. Er alveg auðsætt, að þessi ákvæði verður að taka til endurskoðunar og verður ekki við þau unað. Þetta byggist að verulegu leyti á ákvæðunum um þau framlög, sem sveitarfélögin eiga að leggja fram til verkamannabústaða, en þau eru 200—400 kr. á mann í sveitarfélaginu miðað við s. l. ár. Og þó að hámarkið sé notað, kemur þetta svona út, að kauptún af meðalstærð geta ekki öðlazt rétt til þess að byggja eina íbúð á ári. Það verður aðeins hluti úr íbúð hjá öllum smærri kauptúnunum.

Hv. Alþ. gerði hér fyrir jólin þá breytingu á, að hlaupið á milli lágmarks og hámarks skyldi verða miklu víðtækara, eða frá 200 kr. á mann upp í 1200 kr. á mann. Er þá smákauptúnunum ætlað að brjótast í gegn og víkka rétt sinn til byggingar verkamannabústaða með því að leggja allt að 1200 kr. á mann sem framlag til verkamannabústaða, og öðlast þá sveitarfélagið sama rétt á móti frá ríkinu. Þetta yki mjög fjáröflunina til byggingar verkamannabústaða, en ég er afar hræddur um, að smáu sveitarfélögin ráði ekki við þetta, geti ekki lagt grundvöllinn að því að fá úr ríkissjóði þessa upphæð með því að leggja þetta á fólkið heima fyrir. Ég er afar hræddur um, að þetta ákvæði verði dautt, vil þó sjá til þetta ár og flaustra ekkert að því að breyta þessu núna, og þetta væri þá fyrsta árið, sem reynsla fengist á það.

Þannig eru mýmörg atriði í lögunum, sérstaklega í kaflanum um verkamannabústaði, sem ég held að þurfi gagngerðrar endurskoðunar við en ég hef þó ekki tekið með í þá breytingu, sem núna er borin fram. Aðalatriði hennar er, eins og ég áðan sagði, afnám vísitölukvaðar af lánum húsnæðismálakerfisins.

Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að við ættum sem allra mest að færa afgreiðslu húsnæðismálalána inn fyrir ramma veðdeildar Landsbankans og ef mögulegt væri að koma því við, að afgreiðslan á lánunum gæti sem mest átt sér stað í bankaútibúum úti um landið, og mundi þá jafnvel stefnt að því, að Húsnæðismálastofnun ríkisins væri lögð niður sem slík, en hins vegar væri teiknistofa hennar rekin í tengslum við veðdeildina líkt og Búnaðarbanki Íslands hefur teiknistofu fyrir landbúnaðinn. Okkur hættir allt of mikið við því að hafa tvær stofnanir sums staðar, þar sem ekki þarf nema eina, og í þessu tilfelli held ég, að væri langeðlilegast og heppilegast, ef fyrir fjárþörfinni er séð á annað borð, að þá væri þetta hreint og beint bankaleg afgreiðsla og allt flokkspólitískt þukl á umsóknunum fjarlægt.

Því miður verður að játa það, að Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur vafið upp á sig eins og aðrar stofnanir og er orðin stórt og mikið bákn, og kostar rekstur hennar um 18 millj. kr. á ári. Mér dettur ekki í hug, að komizt verði hjá öllum þeim kostnaði, þó að hún yrði lögð niður og starfsemin færð inn í veðdeild og bankana. Eitthvað mundi sú þjónusta þar kosta vafalaust. En ég held, að þetta sé um of að hafa þarna sérstaka stofnun í þessum tilgangi, sem er þá ekki annað en það, sem gæti tilheyrt venjulegri bankaafgreiðslu. Ég sé í raun og veru ekki, hvað það er, sem þarna þyrfti að vera umfram venjulega bankaafgreiðslu í þessum málum, þar sem lögin segja fyrir um stærð íbúðanna, hámarksstærðina, teikningarnar ákvarða, með hverjum hætti þær skuli vera, sem stofnunin leggur til, og þar fram eftir götunum, og þá er aðeins eftir að afgreiða þetta í þeirri röð sem umsóknirnar berast og leggja mat á það, hvort þær fullnægi lagalegum ákvæðum. Allt slíkt gæti bankastarfsmaður leyst af hendi.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri um mínar persónulegu skoðanir á húsnæðismálalöggjöfinni og agnúa þá, sem á henni eru. Ég hef tekið það fram, að ég vil láta koma á hana reynslu á þessu ári, harma mjög þann drátt, sem hefur orðið á framkvæmd verkamannabústaðabygginga síðan lögin voru sett, og hygg ég, að það hljóti að vera af því, að sveitarfélögin yfirleitt una ekki þeim ákvæðum eða telja sér ekki fært að notfæra sér þau.

Fyrsta breytingin er um það að fækka í húsnæðismálastjórninni úr níu manns í sex. Ég hefði gjarnan viljað hafa þetta helzt þriggja manna stjórn, en mönnum þykir það of mikið stökk, og nú er hér lagt til, að það verði sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Ég hefði talið alveg fullnægjandi, að þetta væru þrír menn auk fulltrúa veðdeildar Landsbankans, og helzt hefði ég talið rétt, að stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar væri ekki kosin pólitískri kosningu af Alþ. Þetta er efni 1. gr., þ. e. fækkun í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar, en kosningafyrirkomulag er það sama eins og nú er í lögum, þ. e. hlutfallskosning á Alþ. á þeim mönnum.

Þá er í 2. gr. breyting á 4. mgr. 8. gr. laganna. Þar segir í núgildandi lögum, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 50 millj. kr. árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa. Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum till. húsnæðismálastjórnar.“

Sú reynsla er fengin, að þessi heimild að verja allt að 50 millj. kr. til kaupa á eldri húsum hefur komið sér vel

og leyst nokkurn vanda, tryggt betri nýtingu húsnæðis, sem til er í landinu, og þannig vafalaust dregið eitthvað úr nýbyggingum, og tel ég þetta hagkvæmt. En upphæðin hefur reynzt of lág. Þess vegna er lagt til í 2. gr. frv., sem hér er til umr., að í stað 50 millj. komi 70 millj. kr., og er reynsla fyrir því, að af slíkri upphæð muni ekki veita, ef hægt á að vera að veita nokkra úrlausn í þessu efni. Af fjárskorti hefur húsnæðismálastjórn ekki treyst sér til að veita hærri lán en 150 þús. kr., að ég hygg, og er það í sumum tilfellum of lítið fé, og þessi upphæð hefur verið þrotin löngu fyrir árslok.

Þá er þriðja breytingin, sem felst í 3. gr. Hún er við C-lið 8. gr. laganna, og er þar lagt til, að meðaltalsársvextir allt lánstímabilið, sem er 25 ár, skuli að meðtalinni þóknun veðdeildar aldrei vera hærri en 7¾%, og viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessum staflið, telst vextir. Þetta mál, að afnema vísitölukvöðina á húsnæðislánum, reyndist vera allflókið. Þetta var sent til könnunar í Seðlabankanum, og var það mál hér til umr. fyrr í vetur. Það var einnig sent til athugunar fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands. Niðurstöðum þessara aðila um það, hver þróun vaxtabyrðarinnar væri fyrir liðna tímann frá því 1965, bar að verulegu leyti saman, en samt var ágreiningur um málið allt saman og niðurstöðurnar gerólíkar. Seðlabankamennirnir töldu, að það væri staðreynd, að vextirnir væru nú að sjö ára lánstíma liðnum ekki komnir upp fyrir venjulega vexti af veðtryggðum lánum, en fulltrúi Alþýðusambandsins taldi, að þarna væri nú þegar komið upp fyrir eðlilega vexti. En hvorir tveggja aðilarnir voru sammála um það, að þegar liði á lánstímann og ekki sízt að honum loknum, 25 árum, með sams konar þróun í verðlagsmálum og verið hefði á þessu sjö ára tímabili, þá mundu vextirnir verða orðnir þungbærir, jafnvel óhóflegir. Það varð því sú niðurstaða, sem var tekin til skoðunar af fulltrúa frá félmrn. og fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og þeim falið jafnframt að gera tillögur um, hvernig ætti að komast frá vísitölukvöðinni á lánunum og breyta þannig lánskjörunum. Niðurstaða þeirra varð sú, að mjög erfitt væri að hagga við lánum, sem þegar hefðu verið afgreidd, og þúsundir manna hefðu í höndum samning um lánskjörin. Einnig væru allmargir aðilar, um 20 talsins, sem hefðu keypt þessi verðbréf, og væru þó tveir þeir langstærstu Byggingarsjóður ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóður. Breytingu væri ekki hægt að gera á þessu, án þess að ná samkomulagi a. m. k. við þá stærstu aðila á þessu sviði, sem þarna hefðu keypt verðbréf Húsnæðismálastofnunarinnar. Þegar fulltrúi Alþýðusambandsins og fulltrúi félmrn. fjölluðu um þetta mál, sögðu þeir m. a. þetta í álitsgerð sinni, þar sem þeir fjölluðu um leiðir til úrbóta:

„Hvað snertir fyrra atriðið, sem nefnt var hér að framan, þá er þar úr nokkuð vöndu að ráða. Lánakjörin eru ákveðin með skilmálum í þegar útgefnum og seldum bankavaxtabréfum veðdeildarinnar. Eftirstöðvar þeirra bréfa, sem í umferð eru, námu hinn 31. des. 1971 3 209 118 428 kr. Skuldarar þessara bréfa skipta þúsundum, en eigendur bréfanna eru hins vegar innan við 20 talsins. Það má telja ómögulegt að ná samningum við skuldara um breytingu á ákvæðum skuldabréfanna í heild, enda aðstaða þeirra innbyrðis mjög ólík, þannig að áhugi þeirra t. d. á afnámi vísitöluákvæðis og samsvarandi hækkun nafnvaxta hlýtur að vera æðimisjafn. Sé hins vegar athugað, hverjir eru eigendur bankavaxtabréfanna, kemur í ljós samkv. yfirliti veðdeildar, sem við höfum aflað okkur, að þar er fyrst og fremst um tvo aðila að ræða, þ. e. Byggingarsjóð ríkisins, sem er eigandi að bréfum, er námu að eftirstöðvum 2 488 862 638 kr., og Atvinnuleysistryggingasjóð, sem á bréf að eftirstöðvum 665 766 579 kr. Aðrir skuldabréfaeigendur eru með miklu lægri fjárhæðir, frá 200 þús. og upp í 19 millj. Það sýnist því vera fær leið að reyna einhliða samninga við eigendur bankavaxtabréfanna um breytingu á ákvæðum þeirra að því er vísitöluákvæðið eitt snertir, því að að sjálfsögðu þýðir ekki, samkv. því sem áður er sagt, að breyta nafnvöxtum án samþykkis nokkurs skuldara."

Þetta þótti mönnum á tímabili einna líklegasta leiðin. Snerta ekki við því gamla, en ná samningum og samkomulagi fyrir framtíðina og setja ákveðinn vaxtafót, en afnema vísitölukvöðina frá gildistöku nýrra laga. Við nánari skoðun á því kom í ljós, að þá yrðu vaxtakjörin gífurlega mismunandi, alveg ólík frá ári til árs hjá einni og sömu stofnun. Vaxtakjörin væru orðin þyngst hjá þeim, sem hefðu tekið lánin 1965, svo ívið lægri 1964 og langsamlega hagstæðust hjá þeim, sem tóku lánin á liðnu ári, eða 4%. Ef þessi lán ættu síðan að vera með 4% vöxtum áfram og það lögfest, en svo kæmi nýr vaxtafótur, 7 eða 8% eða hvað það nú yrði ákveðið, þá verða þarna gerólík vaxtakjör hjá flestöllum lántakendum Húsnæðismálastofnunarinnar, og þetta þótti, þegar nánar var á þetta litið, eiginlega ófær leið.

Það, sem nú er lagt til í 3. gr. frv., svo að ég stytti mál mitt um þetta, er breyting við C-lið 8. greinar. Eins og ákvæðin um vaxtakjörin eru núna, þá er C-liður 8. gr. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febr. næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni."

Samkvæmt þeirri hugmynd, sem felst í 3. gr. frv., sem við nú ræðum, er ætlunin að láta þetta ákvæði, eins og ég hef nú lesið það, standa óbreytt, en við greinina bætist, og þar með sé komið í veg fyrir óhóflega hækkun vegna vísitöluákvæðisins, við greinina bætist:

„Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir."

Vextirnir eru þá samkvæmt þessu 7½% og þóknun veðdeildarinnar ¼% og færu vextirnir að meðaltali yfir allan lánstímann ekki upp úr 7¾%. Þetta þýðir það, að þeir sem lán tóku 1965 og eru þannig komnir líklega

yfir 9% vexti, fá lækkun á þeim niður í meðaltalsvextina 7¾%. Allir, sem eru fyrir neðan þetta og eru núna t. d. allt niður í 4%, fá smám saman á lánstímanum hækkun, þannig að meðaltalið verði 7¾, þannig að lánskjörin verða samkv. þessari tillögu eins hjá öllum, hvort sem þeir taka lánin nú eftir gildistöku laganna eða hafa tekið þau á tímabilinu frá 1965. Öllum þessum mönnum er þessi breyting til kjarabóta, til hagsbóta, svo að það ætti ekki að verða vandi að fá þá til þess að beygja sig undir þessa nýju lagasetningu, þó að hún sé ekki í samræmi við samninginn á skuldabréfi þeirra, þar sem þeir að öllu óbreyttu yrðu þá að taka á sig vísitöluhækkanirnar eins og þær kunna að verða vegna vaxandi dýrtíðar allt lánstímabilið. Hins vegar má vænta þess, að eigendur bréfanna, eins og t. d. Atvinnuleysistryggingasjóður, sem er stærsti aðilinn þar, kunni að sætta sig illa við þá kjaraskerðingu, sem hann verður fyrir með þessari lagabreytingu, en það hefur þegar verið haft fundur um þetta í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórnin gert samþykkt um að sætta sig við þessa breytingu, þótt það kosti sjóðinn verulegt fjármagn sem framlag þarna til húsnæðismálanna. Það er tryggt, að ekki mun standa á því. Byggingarsjóðurinn sjálfur er eign ríkisins. Það verður hægt að framkvæma þessa reglu að koma 7¾% vöxtum ásamt þóknun á alla lántakendur yfir allt lánstímabilið. Önnur og einfaldari aðferð til þess að ráða bót á þessu hefur ekki fundizt af þeim aðilum, sem um málið hafa fjallað. Málið var síðan rætt við miðstjórn Alþýðusambandsins, og það er vitað, að hún sættir sig við þessa breytingu og þennan vaxtafót, sem þarna er lagt til að verði 7½%, en á kemur svo þóknun veðdeildar.

„Ég held, að ég skýri ekki málið með því að fara fleiri orðum um þessa meginbreytingu laganna, en þetta er vitanlega stór breyting á lánakjörum þeim, sem bundin hafa verið vísitölukvöð.

Í 4. gr. er breyting á skipan á stjórn verkamannabústaða úti um landið og segir þar, að ráðh. skipi stjórn verkamannabústaðanna í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eigi sæti fjórir menn, sem skipa skuli þannig: Tveir eftir tilnefningu sveitarstjórnar, einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu og einn án tilnefningar, sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ég hefði talið alveg fullnægjandi, að þarna væri þriggja manna stjórn, einn frá verkalýðsfélagi, einn frá sveitarfélagi og einn frá rn. En ýmsir eru þeirrar skoðunar, að af því að sveitarfélögin þurfa að taka á sig svo miklar fjárhagslegar byrðar vegna byggingar verkamannabústaða, sé sanngjarnt, að sveitarstjórnirnar eigi þarna tvo fulltrúa og hafi þannig nokkru meiri ráð en aðrir aðilar í ákvörðunum þessara mála. Það má vera, að það sé heppilegt frá öryggissjónarmiðum sveitarfélaganna, að þau hafi þarna tvo fulltrúa, og á það hef ég fallizt, en hins vegar óttast ég það í framhaldi af þeirri reynslu, sem orðin er, að sveitarstjórnirnar spyrni við fótum um byggingu verkamannabústaða og þeim mun frekar, sem þær hafa meiri íhlutun í stjórninni. Þær eiga þarna að taka ákvarðanir, eins og lögin eru núna, um að leggja á þegna sveitarfélagsins frá 200 og upp í 1200 kr. á mann, ef ákveðið skal að byggja verkamannabústaði, og má því vera, að þær neyti aðstöðu sinnar til þess að koma í veg fyrir byggingu verkamannabústaða, ef þær ráða þarna of miklu um, og það er reynslan núna, að með þeirri aðstöðu, sem sveitarstjórnirnar hafa, hafa fjöldamörg sveitarfélög ákveðið að notfæra sér ekki ákvæðin um byggingu verkamannabústaða. Þarna er sem sé um að ræða mikla fækkun í stjórn verkamannabústaða úti um landið. Í stað þeirra sjö plús sjö, sem nú á að kjósa í sveitarfélögunum, yrði þarna um fimm menn að ræða og fimm til vara.

Að lokum er svo í 5. gr. ákvæði um það, að húsnæðismálastjórn verði kosin þegar eftir gildistöku laganna og falli þá umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður. Jafnframt skuli ráðh. skipa stjórnir verkamannabústaða, en umboð núverandi stjórnarmanna verkamannabústaða falli þá niður frá gildistöku laganna.

Þetta er innihald þessa frv. og dylst engum, sem á mál mitt hefur hlýtt, að aðalefni þess er það að létta vísitölukvöðinni af húsnæðismálalánunum, aðallega vegna þess, hvernig horfði með þróun mála. Allir viðurkenna, að vaxtabyrðin yrði óhóflega þung, þegar liði á lánstímann, ekki komið í bráðaóefni eins og er og því rétti tíminn núna að gera breytingu á vaxtakjörunum. Það virðist vera meiri hreyfing á því, að sveitarfélögin notfæri sér kaflann um byggingu verkamannabústaða, á árinu 1972 heldur en á árinu 1970 og 1971, og því þykir mér rétt að bíða með að leggja til breytingar á því í grundvallaratriðum. Í skýrslu Seðlabanka Íslands, ársskýrslu 1971, segir um húsnæðismálin þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Bygging íbúðarhúsa mun hafa aukizt um 13.5% árið 1971, sem má teljast eðlileg aukning miðað við, að árið 1970 jukust þær aðeins um 1%, eftir að hafa dregizt saman um 22% næstu tvö árin á undan."

Árin 1968 og 1969 var samdráttur í byggingu verkamannabústaða um 22%, 1970 var aukningin 1% og 1971 hefur bygging íbúðarhúsa í heild aukizt um 13.5%, og það virðist vera eðlileg aukning.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði nú að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál við þessa 1. umr. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, enda gefur þetta frv. út af fyrir sig ekki tilefni til þess. Það er miklu fremur það, sem vantar í þetta frv., sem ástæða væri til að ræða. Hér er nefnilega ekki verið að leysa þann vanda, sem fyrir dyrum er, þ. e. fjárþörf Byggingarsjóðs. Í málefnasamningi stjórnarflokkanna segir m. a. að gera eigi ráðstafanir til þess að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána. Hér er nú verið að stíga það skrefið að afnema vísitölubindinguna, — eftir því er manni skilst, — en hvað hefur verið gert í sambandi við lækkun byggingarkostnaðar? Ég held, að allir séu sammála um, að byggingarkostnaður hefur farið stórhækkandi nú síðustu vikur og mánuði.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að fækkað verði um tvo menn í húsnæðismálastjórn. Fjöldi stjórnarmanna hefur sjálfsagt verið ákveðinn þessi, sem hann hefur verið, til þess að allir þingflokkar ættu þar fulltrúa, eins og hæstv. ráðh. gat hér um áðan. Nú virðist þess ekki vera lengur þörf að mati stjórnarflokkanna. Kannske er

það í samræmi við hugsjónir þeirra um dreifingu valdsins, aukið lýðræði og annað í þeim dúr. Hæstv. ráðh. lýsti þeirri skoðun sinni áðan, að kosningarfyrirkomulaginu ætti að breyta, það ætti að losna við þennan pólitíska lit, sem á því er. Það væri gaman að vita, hvort hæstv. forsrh. er sammála þessum skoðunum. Mér virðist annað hafa komið fram við ýmis tækifæri hér á hv. Alþ.

Í 4. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir fækkun í stjórn verkamannabústaða. Þar er dregið úr áhrifum sveitarstjórna, og húsnæðismálastjórn, sem leggur til 80% af fjármagninu, hefur ekki lengur rétt til að tilnefna menn í stjórn. Mér virtist áðan á hæstv. ráðh., að hann væri undrandi yfir því, að húsnæðismálastjórn hefði haft þennan rétt. Ég sé satt að segja ekkert undarlegt við það, þó að húsnæðismálastjórn hafi haft möguleika á því að tilnefna menn í stjórn verkamannabústaða. Þetta er sjálfsagt líka í samræmi við hugsjónina um dreifingu valdsins.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skuli að meðtalinni þóknun veðdeildar aldrei vera hærri en 7¾% og að viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessum staflið, skuli teljast vextir. Mér finnst, að þessi grein þurfi nánari skýringar við. Í fyrsta lagi er ekki talað náttúrlega beint um það, að verið sé að afnema vísitölukerfið, en það kann að mega lesa það út úr og ráðh. lýsti því hér áðan. En það hlýtur að vera spurning um það, hvort þessi grein standist. Þegar lánið er tekið, er jafnframt samið um vexti við bréfaeigendur, og ég held, að það hljóti að teljast hæpið, að hægt sé að breyta þeim síðar til hækkunar. Kannske er búið að semja um þetta bæði við Byggingarsjóð og Atvinnuleysistryggingasjóð, sem eru aðaleigendur þessara bréfa, þó að Byggingarsjóður eigi mun meira, eða rúma 2.4 milljarða, eins og upplýst var hér áðan. Það kann að vera, að hægt sé að semja við þessa eigendur, en spurningin er þá, hver eigi að borga brúsann. Fellur það ekki á Byggingarsjóð? Höfuðatriðið í þessu máli er það, að ekki verður annað séð en verið sé að rýra ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs bæði með ákvæðum 3. gr. og 2. gr. frv., sem gerir ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun vegna kaupa á eldri íbúðum, sem í sjálfu sér er ekkert nema gott um að segja. En í frv. er ekki vikið orði að því, hvernig Byggingarsjóður eigi að fá aukið fé, en fyrir því er ótvíræð nauðsyn. Meðan núverandi stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, var sífellt klifað á því, að Byggingarsjóður hefði ekki nægilegt fjármagn. Það er þó staðreynd, að Byggingarsjóði hefur á síðari tímum verið útvegað nægilegt fé til þess að veita stöðugt hærri lán til einstaklinga og byggingaraðila ár frá ári og úthluta lánum til allra þeirra, sem gert hafa íbúðir sínar fokheldar á því ári, sem sótt hefur verið um lánið. Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem Alþ. samþykkti í maí 1970, fólu m. a. í sér stóraukin framlög ríkisins til Byggingarsjóðs. Þau voru þá hækkuð úr 40 í 75 millj. og þar af leiðandi aukið ráðstöfunarfé sjóðsins. Þau fólu í sér hækkun einstakra lána úr 545 þús. kr. í 600 þús. Þau fólu í sér stóraukna eflingu Byggingarsjóðs verkamanna og verkamannabústaða, sem veitir nú 80% lán af kostnaðarverði hverrar íbúðar, lán til kaupa á eldri íbúðum 50 millj., sem nú er ráðgert að hækka í 70, framkvæmdalán til byggingaraðila, meðan á framkvæmdatíma stendur, og lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Spurningin er því nú þessi: Hvernig ætlar ríkisstj. að sjá Byggingarsjóði fyrir auknu fjármagni? Á að endurtaka söguna frá fyrri vinstristjórnar árunum, að skilja við alla sjóði tóma? Það er margt, sem bendir til þess í athöfnum stjórnarinnar, en þessi vinnubrögð kunna líka að stafa af því, að stjórnin hefur ekki trú á, að samstarfið endist svo lengi, að það komi í hlut núverandi stjórnarflokka að leysa vandann eftir veizluna. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, voru fullgildar lánsumsóknir hjá húsnæðismálastjórn um áramót á 13. hundrað, þar af nálægt helmingur fokheldar íbúðir. Að lokinni úthlutun í des. voru á 9. hundrað lánshæfar umsóknir óafgreiddar. Ef reiknað er með, að þessar umsóknir verði afgreiddar á þessu ári, þarf til þess yfir 500 millj. kr. Fyrir utan þetta er ljóst, að mikill fjöldi umsókna berst á þessu ári vegna íbúða, sem verða fokheldar á árinu og ætti að veita lán samkv. starfsvenjum síðustu ára. Samkv. því, sem ég hef drepið hér á, verður ekki annað séð en Byggingarsjóð skorti verulegt fé á þessu ári. Ráðstöfunarfé sjóðsins vegna nýbyggingar rýrnar um 20 millj. vegna ákvæða 2. gr. frv., og vegna ákvæða 3. gr. veit ég ekki, hversu mikið ráðstöfunarfé sjóðsins rýrnar, ef sjóðurinn á að standa undir þessu. En við því þarf að fást svar. Ákvæði 3. gr. eru að sjálfsögðu lántakendum til hagsbóta, þeim sem hafa fengið lán, en það er spurning, hvernig fyrir þessari fjárþörf verði séð, og ég vænti svara við því.

Mér þótti athyglisverð yfirlýsing hæstv. ráðh. hér áðan, að það ætti að stefna að því að leggja Húsnæðismálastofnun ríkisins niður og færa starfsemi hennar til veðdeildar Landsbankans eða í bankakerfið, en teiknistofan skyldi þó starfa áfram. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. athugi þetta mál. Ég held, að það sé fyllilega þess vert, að það sé skoðað ofan í kjölinn. En betra hefði mér þótt, ef þessi fyrirvari hefði ekki verið með teiknistofuna, því að það held ég, að sé alveg ljóst mál, að hana mætti að skaðlausu leggja niður. Það er fjöldi aðila í þjóðfélaginu, sem geta leyst þá þjónustu af hendi, sem þessi ríkisstofnun er að sýsla við.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég fagna mjög því frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér liggur fyrir. Eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, er megininntak þessa frv. afnám vísitölubindingarinnar alræmdu. Ég hef leyft mér að koma hér með örlitla brtt. við 1. gr. frv., um að hún hljóði svo, eins og segir á þskj. 601:

„Í húsnæðismálastjórn eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af félmrh., og er hann formaður, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af Alþýðusambandi Íslands."

Ég fagna því einnig mjög, hvernig hæstv. félmrh. fórust orð um þessa l. gr., að hann taldi óeðlilegt, að þuklað væri flokkspólitískt á umsóknum þeirra aðila, sem þurfa á lánum til íbúðabygginga að halda, og ég er fyllilega sammála hæstv. félmrh. Það má segja, að þessi till. mín sé borin fram í anda hans. Ég vænti því, að þessi brtt. fái nokkurt brautargengi hér á Alþ., og mun hún væntanlega koma til umr. í þeirri n., sem um þetta mál fjallar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti.

Ýmsar aths. komu fram hér áðan frá 11. landsk. þm. Hann hélt því m. a. fram, að breytingin í frv. á skipun húsnæðismálastjórnar færði vald til Reykjavíkur, færði saman valdið. Það er einmitt lagt til, að flokkslegir fulltrúar, sem sitja hér í húsnæðismálastjórn suður í Reykjavík, hafi ekki lengur rétt til þess að tilnefna þrjá menn í stjórn verkamannabústaðanna úti um landsbyggðina. Þar með er fært meira vald út um byggðirnar til þess að ráða þessum byggingarmálum fólksins. Breytingin fer því í þveröfuga átt við það, sem hv. þm. vildi halda fram. Það er alveg rétt hjá honum hins vegar, að eitt stærsta atriðið í húsnæðismálunum er náttúrlega fjármálin. Tekjur Byggingarsjóðs núna, Húsnæðismálastofnunar í heild, losa milljarð. Talið er, að þær muni vera 1 milljarður og 13 millj. kr. á árinu 1972. En viðskilnaðurinn var slíkur hjá fráfarandi stjórn, að það var ekki eftir af þessa árs tekjum annað en 50.4 millj. kr., hitt var búið að éta fyrir fram. Það er af því, sem fjárskortur Húsnæðismálastofnunar stafar á árinu 1972. Það hafði líka verið rækilega gerð grein fyrir því, að þegar nýja löggjöfin var sett 1970, voru áform uppi um það að útvega Húsnæðismálastofnun tekjustofna, en það varð minna úr en skyldi. Það átti að ákveða henni þá samkv. frv., eins og það var lagt fram, 25% af ráðstöfunartekjum lífeyrissjóðanna. Það varð hins vegar 90 millj. kr. í eitt ár, svo féll það niður. Önnur fjáröflun til sjóðsins þá var lán, sem tekið var til tveggja ára og á að greiðast á árinu 1972. Hitt er hins vegar rétt, að útgjöld Húsnæðismálastofnunar voru þá stórkostlega aukin, almennu lánin hækkuð upp í 600 þús. kr. og framlögin til verkamannabústaða sömuleiðis hækkuð verulega, en ekki var séð fyrir tekjuhliðinni.

Ég játa fúslega, að það er ekki nægilega vel séð fyrir tekjuhliðinni og alls ekki í frv. Hins vegar hefur ríkisstj. staðið í samningum við stjórn lífeyrissjóðanna um það, að þeir féllust á, að fastur hundraðshluti af ráðstöfunarfé þeirra, sem nú er orðið mikið fé, á annan milljarð líklega, færi til húsnæðislánakerfisins. Þessu hafa þeir tekið treglega og ég þori ekki að gefa aftur bjartar vonir um það, að þetta verði til þess að byggja á á þessu ári, en líklegar hafa þeir tekið í annað tilboð, að lána Byggingarsjóði 250—300 millj. kr. á þessu ári með sérstökum kjörum. Lánin yrðu til 10 ára og þeir fengju vísitöluuppbætur á lánin. Það má segja, að slíkt sé neyðarúrræði, en þetta er mjög lokkandi fyrir lífeyrissjóðina, sem óttast mjög rýrnun á stofnfé sínu, einkanlega eftir visst árabil, þegar kemur að því, að þeir eiga að greiða út lífeyrisbætur. Mér virðist þó, að það mál horfi svo, að það megi kannske telja líklegt, að þeir semji við ríkisstj. um 250—300 millj. fjárframlög með sérstökum vaxtakjörum til 10 ára. Það er sú fjáröflun, sem við höfum leitað eftir að fá og mundi þá nokkuð vera komið til móts við fjárþörf Byggingarsjóðs á þessu ári, þrátt fyrir það að hann var félaus í ársbyrjun að kalla.

Það hefur verið talað um, að hann vantaði 500 millj. kr., en þá hafði Atvinnuleysistryggingasjóður ofborgað 63 millj. kr. á árinu 1971 og var talið, að hann mundi láta taka það af sínu framlagi á árinu 1972, en nú hefur hann gengið inn á að greiða fullt tillag, ekki minna en 63 millj. kr., þrátt fyrir það á árinu 1972 og dregur það nokkuð úr þeirri upphæð, sem þá var talin vanta. Ég hygg þá, að ef fengist inn í sjóðinn núna 350 millj. kr. á þessu ári, 350—370 millj. kr., gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar. Á liðnu ári fór svo, að þá virtist vanta 163 millj. kr. til þess að hægt væri 1. nóv. að afgreiða allar þær umsóknir, sem þá áttu afgreiðslurétt. Þetta fé varð að útvega með bráðabirgðasamningi við Seðlabankann. Þannig að það voru afgreiddar allar lánsumsóknir, sem áttu rétt fram til 1. nóv., og þó dálítið betur hvað snertir Austfirði og Vestfirði, — sumarið byrjar þar síðar og byggingarframkvæmdir hefjast síðar, — þar voru afgreiddar allar umsóknir fram til 15. nóv. Síðan áttu þær umsóknir, sem þá höfðu borizt eftir 1. nóv. fram til áramóta, að fá afgreiðslu núna 1. febr. Vantaði þá 6 millj. kr. til þess að hægt væri að afgreiða þær, en með samkomulagi við Seðlabankann voru þær allar afgreiddar þannig, að Seðlabankinn leyfði yfirdrátt um 6 millj. kr. Fram að þessu er því búið að leysa fjárþörf húsnæðismálastjórnar, en á síðari hluta ársins kemur að því, að útvega þarf allmikið fé, eins og ég segi, ekki minna en 350 millj. kr. Þannig standa þessar sakir. En auðséð er bæði af því, sem úrskeiðis fór hjá fráfarandi stjórn, og þeirri fjárvöntun, sem nú er, að skjóta þarf fleiri stoðum undir tekjuöflun Byggingarsjóðsins, ef hann á að geta staðið undir skuldbindingum sínum. Það verður að vera hægt að afgreiða a. m. k. 1400—1500 lánsbeiðnir að fullu á ári hverju, það er alveg ljóst mál.

Lán að upphæð 600 þús. kr. duga hvergi nærri, þar sem menn hafa ekki að öðru að venda, þó að lífeyrissjóðirnir komi nú í mjög mörgum tilfellum til hjálpar, — sumir lána allt upp í 200—300 þús. kr. og taka þannig verulegan þátt í fjármögnun í húsnæðismálunum. En gallinn er sá, að ef þetta fer í gegnum húsnæðismálakerfið sem ákveðin lánsupphæð af fé lífeyrissjóðanna, er þetta mjög mismunandi. Sumir fá geysihá lán úr sínum sterku lífeyrissjóðum og aðrir mjög lág viðbótarlán úr þeim lífeyrissjóðum, sem veikari eru.

Fjármögnun til verkamannabústaðanna verður æríð vandamál. Ef það reynist nú, sem ég vona, að margir kaupstaðir og kauptún fari af stað með byggingu verkamannabústaða, sem eru langhagkvæmustu lánskjörin, þá þarf þar miklu meira fé en á undanförnum árum. Þar eru lánakjörin þau, að hver lántakandi fær 600 þús. kr. úr almenna lánakerfinu, hann á síðan að leggja fram 20% af byggingarkostnaði sjálfur, en bilið á að brúast með láni úr Byggingarsjóði verkamanna til 42 ára með 2% vöxtum. Þetta eru lánakjörin þar og í hverja byggða íbúð kemur þess vegna miklu meiri fjárútvegun.

Ég vil svo að síðustu segja það, að ef hv. 11. landsk. þm. eða einhverjir aðrir hv. þm. telja, að þetta frv. taki á of fáum vandamálum húsnæðismálanna og vilja auka þar við og leiðrétta fleira af því, sem leiðrétta þarf varðandi húsnæðismálin, væri það mjög vel séð af mér, og ég hygg, að ég megi segja, að það væri mjög vel séð af ríkisstj. allri.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það komu fram hér í ræðu hv. 11. landsk. þm. skoðanir hans á því, um hvað þetta frv. fjallaði og hvernig hæstv. ríkisstj. tæki á málefnum Húsnæðismálastofnunarinnar. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hann sagði þar, en vil aðeins benda á, að frá mínu sjónarmiði er hér fyrst og fremst verið að gera tvær breytingar, annars vegar fella niður vísitölubindingu, sem verið hefur á húsnæðis-

málalánunum, svo og hitt, sem kannske er af sjónarhóli hæstv. ráðh. og flokksmanna hans ekki síður þýðingarmikið, að gera breytingar á stjórn Húsnæðismálastofnunar, þannig að hægt verði að fá nú á þessu þingi uppkosningu, sem mundi þýða samkv. þessu frv., eins og það er hér lagt fram, að hans flokkur næði einum manni inn í þá stjórn. Það er ljóst mál, að ekki hefði verið hægt að hafa sömu tölu og leggja til, að endurkosning færi fram. Það var of áberandi, hvað þá var verið að gera. Í stað þess er lagt inn á þá braut að leggja til, að fækkað verði í Húsnæðismálastofnuninni, og allir sjá, hvað raunverulega býr þar að baki.

Hæstv. félmrh. hafði hins vegar þau orð um þessa stofnun og stjórn hennar, að það ætti ekki að fara höndum um þessar lánaumsóknir af pólitískt kosnum mönnum, og þess vegna vildi hann meina, að ekkert slíkt vekti fyrir sér. Vel má vera, að hann vilji láta svo út líta, en ég held, að allir sjái, hvað hér er á ferðinni. Við þekkjum það nefnilega frá nokkuð löngu liðnum tíma, að ríkisstj. hefur tekið sig til og skipt um stjórnir og ráð, breytt kosningu þeirra, í aðeins einum ákveðnum tilgangi, til þess að koma að öðrum mönnum en þar hafa setið. Fjölgun var gerð í þessari stofnun, í stjórn þessarar stofnunar, fyrir ekki löngu, einfaldlega til þess að reyna að tryggja það, að stjórn þessarar stofnunar væri byggð á sem lýðræðislegustum grundvelli. Það er að sjálfsögðu jafnlýðræðisleg kosning að kjósa fimm menn á Alþ. og kjósa sjö, en það hefur nú verið reynt að fá út úr kosningu stjórna, m. a. fjölgað í nefndum þingsins, til þess að allir þingflokkar gætu átt aðild að þeim, en mér sýnist, að með þessu frv. sé stigið hvað þetta snertir spor aftur á bak og sú lýðræðisást, sem fram hefur komið a. m. k. í ræðum Alþb.-manna hér að undanförnu, sé öll horfin og verði ekki litið á þetta mál af þeim sjónarhóli.

Hv. 3. landsk. þm. hefur þegar flutt brtt. við frv. og lýsir því, að hún sé flutt í anda hæstv. félmrh. Vel má svo vera, en ef litið er á þá till., þá gerir hún ráð fyrir því, að hæstv. félmrh. væru hæg heimatökin að ráða tveimur af þremur stjórnarmönnum Húsnæðismálastofnunar, öðrum sem félmrh. og hinum sem forseti Alþýðusambands Íslands, en það er gert ráð fyrir, að stjórn ASÍ skipi annan manninn. Þá eru fundin þriðju samtökin, Samband ísl. sveitarfélaga, og þeim ætlað að tilnefna einn mann. Vel má vera, að þessi till. um, að hæstv. félmrh. geti tilnefnt eða haft áhrif á tvo menn í stjórn þessarar stofnunar, sé eins og hv. þm. sagði í anda hans, en ég held, að sú breyting, sem hv. 3. landsk. þm. leggur til, að gerð verði á stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sé ekki til bóta.

Það hefur verið svo mörg undanfarin ár hjá þeim ríkisstj., sem setið hafa, að þær hafa glímt við þann vanda að útvega Húsnæðismálastofnun ríkisins fjármagn. Sú ríkisstj., sem situr í dag, glímir enn fremur við þennan vanda, og þannig verður þetta að sjálfsögðu með ört vaxandi byggingarframkvæmdum, að það verður að vinna að lausn fjármála þessarar stofnunar á ári hverju, á meðan ekki tekst að skapa eða skaffa þessari stofnun tryggan tekjustofn. Hugmyndir hafa komið fram um það og ég minnist þess, að af hálfu sjálfstæðismanna var á sínum tíma bent á, með hvaða hætti væri hægt að tryggja þessari stofnun fjármagn svo og hvað eðlilegast væri um stjórn þessarar stofnunar, en í þeim tillögum fólst m. a., að ákveðin prósenta af sparifjáraukningu landsmanna, sem bankarnir hefðu yfir að ráða, yrði sett til þess að tryggja fjármagn til Húsnæðismálastofnunarinnar og bankarnir sem slíkir ættu fulltrúa í stjórn Húsnæðismálastofnunar, sem sæju um útlánin.

Ég vildi aðeins koma fram með þessa hugmynd hér eða rifja hana upp um leið og ég læt í ljós skoðun mína á því, hvert tilefni er með breytingu á stjórn Húsnæðismálastofnunar. Í báðum tilfellunum, hvort heldur er frá hæstv. félmrh. eða samflokksmanni hans, hv. 3. landsk. þm., er gert ráð fyrir því, að núv. félmrh. fái tækifæri til þess að skipa formann úr hópi manna, sem kjörnir eru af Alþ. Það er ljóst mál, til hvers breytingin er gerð hvað það snertir, og í öðru lagi verður að fara þá leið að fækka í þessari stjórn og þar með gera það að verkum, sem augljóst er, að þingflokkar allir ná ekki tækifæri til þess að kjósa menn í þessa stofnun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 566, n. 827 og 844, 601, 845).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þetta frv. er hér komið úr heilbr.- og félmn. eftir alllanga mæðu. Heilbr.- og félmn. hefur því miður ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl., fulltrúar Sjálfstfl. í n., skilar sérstöku nál., en við stjórnarsinnar í n. og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason skilum séráliti, þar sem við mælum með samþykkt frv., en þó með nokkrum breytingum. Helzta breytingin er sú, að við leggjum til, að 4. gr. falli niður, þannig að skipan stjórna verkamannabústaða í sveitarfélögunum verði óbreytt. Ég leyfi mér í því sambandi að vitna í ummæli frá Húsnæðismálastofnuninni varðandi þetta, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Færa má rök fyrir því, að stjórnir verkamannabústaða séu nú óþarflega fjölmennar, einkum í minni sveitarfélögunum, og sé því sú meginhugsun rétt að fækka stjórnarmönnum. Gera mætti þó greinarmun hér á eftir stærð sveitarfélaga og umfangi byggingarframkvæmda, sem venjulega helzt í hendur. Húsnæðismálastjórn er þeirrar skoðunar, að stjórn verkamannabústaða ætti að vera skipuð fimm mönnum, tveimur eftir tilnefningu sveitarstjórna, tveimur eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einum eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélagi, og skipi ráðh. einn þeirra formann. Að fella með öllu niður tilnefningarrétt húsnæðismálastjórnar sýnist hæpið og órökrétt, þar eð lánveitingar til framkvæmdanna eru að öllu leyti á hennar vegum, enda þótt nokkurt framlag komi frá sveitarfélögum. Sé ekki talið eðlilegt að halda í lögum tilnefningu í stjórnirnar frá húsnæðismálastjórn, gæti að voru áliti komið til greina, að sveitarstjórn tilnefni þrjá menn og verkalýðsfélögin tvo eða sveitarstjórn fjóra og verkalýðsfélögin einn og ráðh. svo formann úr hópi hinna tilnefndu stjórnarmanna."

Þetta segir í ummælum húsnæðismálastjórnar um

þessa grein, sem við leggjum til, meiri hl., að falli niður og skipun þessara mála verði óbreytt. En við treystum því, að endurskoðun fari fram á þessu, eins og reyndar öðru því, sem þetta frv. snertir, og reyndar leggja allir nm. áherzlu á það, að það sé þörf nánari athugunar á þessum málum.

Svo eru tvær aðrar breytingar, sem við leggjum til. Brtt. eru á þskj. 845. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessari mgr., telst vextir." Hér er um samræmingaratriði að ræða.

Ég hef þegar rætt till. um að fella niður 4. gr. 3. till. er svo hljóðandi:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðh. getur þó ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags samkv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins."

Þessar tvær till., sem ég nú nefndi, eru fluttar samkv. beiðni ráðh. Ráðuneytisstjóri Hjálmar Vilhjálmsson kom á fund til okkar, þegar við afgreiddum málið í gær, og lagði þessa beiðni fram, og meiri hl. verður við þeirri beiðni að flytja þessar till. Ráðuneytisstjórinn gerði grein fyrir þessari till. og grg. hans er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari hugmynd er gert ráð fyrir fyrirframgreiðslu af hálfu ríkissjóðs á mótframlagi vegna fámennra sveitarfélaga, sem stuðlað getur að byggingu verkamannabústaða þar, án þess að byggingarframkvæmdir dragist úr hófi. Framlagsskyldu sveitarfélags lýkur þó ekki á fjórum árum, eins og mælt er fyrir í 1. mgr. 20. gr., en heldur áfram þar til sveitarfélagið hefur skilað jöfnu framlagi á móti framlagi ríkissjóðs. Er það í samræmi við almennar reglur laganna um framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Fyrirframgreiðslan er ekki bundin við ákveðna fjárhæð. Bygging verkamannabústaða er þannig möguleg í fámennu þorpi og hagstæðan hraða framkvæmda má tryggja með þessum hætti."

Ég reikna með því, að hæstv. félmrh. geri e. t. v. nánari grein fyrir þessum málum, svo að ég ætla nú ekki að hafa þessa framsögu mína lengri, en aðeins geta þess, sem mér láðist að geta áðan, að meirihlutamenn áskilja sér rétt til þess að fylgja ekki aðeins þeim brtt., sem þeir flytja á áðurnefndu þskj., heldur áskilja þeir sér einnig rétt til þess að fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma, og einn þeirra, hv. þm. Bjarni Guðnason, hefur reyndar flutt brtt. við 1. gr. frv.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. höfum gefið út sérstakt nál. á þskj. 827. Þar leggjum við til, að frv. þessu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Þar sem einsýnt er, að breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ekki svo aðkallandi, að þær megi ekki bíða til næsta hausts, telur Nd. Alþ. rétt, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá hverjum þingflokki og tilnefndir af þeim. Hafi nefndin það hlutverk að endurskoða lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins, einkum með tilliti til fjárþarfar Byggingarsjóðs, afnáms vísitölubindingar o. fl., og verði endurskoðun lokið í haust." — Það hefur fallið þarna niður: „og frv. lagt fyrir næsta Alþingi."

Ég vil fara nokkrum orðum um þetta mál. Satt að segja var erfitt að átta sig á því, hver yrðu örlög þessa frv. í heilbr.- og félmn., þar til í gærmorgun, og meðan var orðin talsverð og nokkuð löng. En niðurstaðan varð samt sú, sem kannske mátti búast við, að um síðir hefur tekizt, með einhverjum þvingunum sjálfsagt, að beygja fulltrúa stjórnarflokkanna í n. til fylgis við þetta frv. Það verður að ætla, að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir því sjónarspili, sem hæstv. félmrh. hefur hér í frammi. Þetta hefur orðið ljósara á þeim fáu dögum, sem liðnir eru síðan þetta frv. var lagt fram. Það er t. d. ómótmælanleg staðreynd, að veigamesta ákvæði frv. um afnám vísitölubindingar lána getur ekki komið til framkvæmda á þessu ári einfaldlega vegna þess, að lánin eru þegar gjaldfallin. Því liggur ekkert á að flaustra þessari breytingu af. Það hefur ekki heldur verið upplýst, hver áhrif 3. gr. frv. raunverulega hefur á tekjur Byggingarsjóðs ríkisins.

Eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, styður Sjálfstfl. það, að vísitölubinding af afborgunum og vöxtum af lánum Byggingarsjóðs verði afnumin. Hins vegar viljum við ekki taka þátt í neinum flaustrslegum ákvörðunum, en þær eru einmitt viðhafðar hér. Þessi regla, sem sett er fram hér, er þannig, að erfitt verður fyrir allan almenning að skilja hana. Menn vita raunverulega ekki, að hverju þeir ganga. Þetta kemur einkum fram, þegar menn kaupa íbúðir, sem þessi lán fylgja. Við viljum þess vegna taka undir þá hugmynd, sem kemur fram í umsögn húsnæðismálastjórnar, að setja vextina fasta, en hafa þá þó breytilega, ef svo má að orði komast. Ég á við það, að í fyrstu, þegar lánið er tekið, verði vextirnir lágir, t. d. 4%, og þeir haldist þannig um eitthvert tiltekið árabil. Síðan hækki þeir stig af stigi, þar til því hámarki er náð, sem talið verður eðlilegt. Hér er ekki sett fram ákveðnari tillaga vegna þess að þetta er mál, sem þarf ítarlegrar athugunar við. Það þarf að taka tillit til hagsmuna lántakenda annars vegar og hagsmuna Byggingarsjóðs ríkisins hins vegar. Með ákvæðum 3. gr. frv. er ekki tekið tillit til hagsmuna Byggingarsjóðs, en slíkt er brýn nauðsyn, ef sjóðurinn á að verða þess megnugur að sinna þeim umsóknum, sem honum ber að sinna samkv. lögum. Ég ítreka það, að það liggur ekki á, nú á síðustu dögum þingsins, að afgreiða þetta mál, vegna þess að þetta kemur hvort eð er ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári. Þess vegna er skynsamlegt að fresta þessu og fara að þeirri tillögu okkar, að nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka, athugi málið í sumar og hafi tilbúið frv. fyrir næsta þing.

Þá vil ég geta þess, að samkv. upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, eru aðeins fjórir lánaflokkar komnir yfir það mark, sem 3. gr. gerir ráð fyrir, yfir 7¾%. Það eru fyrstu fjórir lánaflokkarnir, sem gefnir voru út. Hæstu meðalvextir eru á skuldabréfum, sem gefin voru út um áramótin 1964—1965, og eru 8.1%. Þessi hugmynd, sem hér hefur verið hreyft, um fasta

vexti, sem hækki þó með árunum, er í sjálfu sér ekki ný. Hún er t. d. notuð nú við útgáfu spariskírteina ríkissjóðs. Þannig eru vextir af þeim 3%, ef þau eru innleyst innan þriggja ára frá útgáfu, síðan fara þeir hækkandi. *Þetta mætti alveg eins útfæra í sambandi við lán Byggingarsjóðs.*

Um 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að hækka um 20 millj. kr. framlag til lána vegna kaupa á eldri íbúðum, vil ég aðeins fara nokkrum orðum. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að hækka þessi framlög til lánveitinga út á eldri íbúðir. Fjárþörfin til þeirra þátta er alveg örugglega miklu meiri en þetta. En þar sem Byggingarsjóði er ekki séð fyrir auknum fjárframlögum úr ríkissjóði, hafa ákvæði þessarar greinar þau áhrif að draga úr lánum til nýbygginga. Ef til vill er það ætlun ríkisstj. Ef svo er, væri mjög æskilegt að fá það upplýst. Það hefur komið í ljós á þeim skamma tíma, sem þessi heimild hefur verið í lögum, að nauðsyn ber til að hafa *framlögin hærri. Í lögunum eru hámarkslán ákveðin* 250 þús. kr., en það hefur ekkert lán verið afgreitt með svo hárri fjárhæð til þessa.

Þeir Alþb.-menn munu hafa staðið fast á móti 4. gr. og því hefur meiri hluti n. lagt til, að hún falli niður, og orðið þar einnig við tilmælum eða ábendingum húsnæðismálastjórnar. Þessa tillögu styð ég. Ekki svo að skilja, að fyrirkomulag það, sem nú gildir um skipan stjórnar verkamannabústaða, sé hafið yfir alla gagnrýni, heldur hitt, að ég get ómögulega stutt hæstv. félmrh. í þeirri viðleitni hans að koma hinu pólitíska þuklarakerfi sínu á með þeim sérstæða hætti, sem 4. gr. gerði ráð fyrir.

Þá er eftir að líta aðeins á 1. gr. frv., ákvæði 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir að fækka þingkjörnum fulltrúum í húsnæðismálastjórn úr sjö í fimm. Samkv. upplýsingum hæstv. ráðh. er það gert til þess að draga úr þessu pólitíska þukli. Það á víst að minnka eftir því sem höndunum fækkar. Húsnæðismálastjórn lýsir sig andvíga þessari breytingu í umsögn sinni og bendir á aukin verkefni stjórnarinnar á síðari árum og þá ekki síst vegna hinna nýju laga frá 12. maí 1970, er húsnæðismálastjórn var fengin varzla Byggingarsjóðs verkamanna og yfirstjórn verkamannabústaðakerfisins, svo og lánveitingar til kaupa á eldri íbúðum, auk víðtækra heimilda til framkvæmdalána o. fl. Til að anna hinum auknu verkefnum hefur stjórnin skipt sér í starfsnefndir. Húsnæðismálastjórn bendir á, að fækkun í stjórn mundi ekki verða til hægðarauka. Nú vill svo til, að núv. hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, hefur áður gegnt sama embætti. Ef maður athugar afskipti hans af löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins á hinum fyrri velmektarárum og ber þau saman við *ráðagerðir hans nú, auðveldar það satt bezt að segja* ekki skilning á þessum athöfnum hans. Í febrúar 1957 setti þessi hæstv. ráðh. brbl., sem fólu í sér breytingu á skipan húsnæðismálastjórnar. Þetta er sem sagt ekki í fyrsta skipti, sem það liggur á að breyta þessum lögum. Með þessum brbl. var fjölgað í stjórninni úr fimm í sjö. Nú á að fækka úr sjö í fimm. Jafnframt því að fjölga í húsnæðismálastjórn fólu þessi brbl. í sér skipun þriggja manna úr stjórninni til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, eins og sagði í lögunum. Tilgangurinn með þessum brbl. var alveg augljós. Það þurfti að koma í veg fyrir, að fulltrúi Sjálfstfl. í húsnæðismálastjórn tæki þátt í úthlutun lána. Það þótti sem sagt ekki gott, að hið pólitíska þukl færi fram fyrir augum þáverandi stjórnarandstöðu. Þetta voru sem sagt febrúarlögin 1957. En svo komu ný lög í júní sama ár. Og hvað skeður þá? Þá er aftur fækkað um tvo í stjórninni og ákvæðin um framkvæmdanefnd felld niður. Vegna tengsla veðdeildar Landsbanka Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins hafði ráðh. fengið heimild til að skipa einn mann í stjórn samkv. tilnefningu bankans. Með júnílögunum 1957 er þessi fulltrúi sviptur atkvæðisrétti sínum um lánveitingar, eða eins og segir í lögunum: „Skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar.“ Þannig var nú traust hæstv. félmrh. á bankavaldinu í þann tíð. Nú talar sami hæstv. ráðh. um, að í rauninni sé sjálfsagt að leggja Húsnæðismálastofnunina niður og fela veðdeild Landsbankans að annast þessi mál. Er nú nokkur furða, þótt ýmsum sýnist, að ástæða væri til að gefa hæstv. félmrh. tíma yfir sumarið til þess að athuga þessi mál betur? Það gæti komið í veg fyrir áframhaldandi hringl með fjölda stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn og m. a. losað ráðh. við að skipta um skoðun opinberlega eftir hálft ár. Hlutur Alþfl. í afgreiðslu þessa máls er nú *kannske kapituli út af fyrir sig.* Formaður flokksins skrifar undir nál. með fulltrúum stjórnarflokkanna. Hann skrifar undir það, að tekjur Byggingarsjóðs séu rýrðar og hann skrifar væntanlega undir það, að Alþfl. missi fulltrúa sinn í húsnæðismálastjórn. Eða hefur e. t. v. verið samið um eitthvað annað? Kannske fáum við að vita það á eftir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun að þessu sinni ekki flytja mjög langt mál. En hins vegar verður að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að hér er á ferðinni mjög undarleg afgreiðsla á einu stjfrv. Það er ekki aðeins, að samstarfsmenn hæstv. félmrh. áskilji sér rétt til að fylgja og bera fram brtt., heldur mun samfara *því einnig liggja fyrir, að hæstv. félmrh. hóti jafnvel að* slíta hjúalögum þeim, sem hann býr undir í hæstv. ríkisstj., ef þetta frv. nái ekki fram að ganga. Og þær undarlegu staðreyndir liggja fyrir, að meginatriði þessa frv. eru á þann veg, að ekkert liggur á að samþykkja þau ákvæði fyrr en með næsta hausti. Það virðist vera, að þarna sé á ferðinni metorðagirnd hæstv. félmrh., og er þó undravert af manni á hans aldri að láta hana hlaupa með sig í gönur, búinn að gegna þeim stöðum, sem hann hefur gegnt á undanförnum árum, þ. á m. embætti félmrh. í fyrri vinstri stjórninni. En þegar málin eru skoðuð betur, skilst manni auðvitað, hvað verið er að fara. Það er staðreynd, að hæstv. félmrh. var forseti Alþýðusambandsins á þeim tíma, þegar samið var um vísitöluákvæðin á lánum húsnæðismálastjórnar. Það var auðvitað ákaflega skiljanlegt, þegar hann og aðrir sömdu af sér, að talið hefði verið af öllum þorra landsmanna, sem hafa orðið að búa við þessi ákvæði, að hann þyrfti að fá nokkrar bætur á því. Það skil ég *ákaflega vel, og ég skal styðja hann í því að fá þessi* ákvæði afnumin. En þar fyrir utan breytir hann ekki neinu með þessu frv. fyrir þann mikla fjölda, sem þarf að borga þessar afborganir með þeim ákvæðum, sem á hvíla á þessu ári, því að það er þegar gjaldfallið. Þá stendur eftir: Á að fara í það að breyta stjórn Húsnæðismálastofnunar?

Eigum við hv. þm. að dansa eftir þessu gamla stefi þeirra vinstristjórnarmanna: hægri, hægri, vinstri, vinstri, tja, tja, tja? Eiga að vera fimm í dag, sjö á morgun, eiga að vera sjö í dag og fimm á morgun, allt eftir því hvernig bezt gefur fyrir hæstv. félmrh.?

Ég tel, að það sé engin ástæða til þess að afgreiða þetta frv. núna. En ef hæstv. ríkisstj. vill fá þetta ákvæði sem krans á þann stóra róðukross, sem hefur nú verið hafinn upp fyrir þjóðinni og ber afrekaskrá núverandi hæstv. ríkisstj., þá er sjálfsagt að verða við því og samþykkja vísitöluákvæðið, en þó held ég, að hæstv. Alþ. ætti að hafa nokkuð í huga ábendingar húsnæðismálastjórnar, sem kjörin er af hæstv. Alþ., um það, hvaða leiðir hún vilji fara. Og ekki er víst, að tillögur um slíkar breytingar séu afgreiddar á einum degi uppi í félmrn., heldur þarf kannske fleiri aðila við til þess að benda á leiðir til úrbóta.

Það er talað um, að ef ákvæði 3. gr. nái fram að ganga, geti jafnvel svo farið, að Byggingarsjóður sjálfur verði gjaldþrota á nokkrum árum. Nú ætla ég ekki að ræða það, sjálfsagt hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir þessu og kemur með tillögu um, hvernig megi koma þar á móti, enda hlýtur það að vera, ég veit, að þeir hafa hugsað þannig. En vegna þess að ég á sæti sem þingkjörinn fulltrúi í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er annar stærsti lánveitandinn í þessar byggingarframkvæmdir, — ég held, að lán hans nemi um 700 millj. kr. í dag, — langar mig að spyrja hæstv. félmrh.: Hefur náðst samkomulag við þennan sjóð? Og nú veit hæstv. ráðh. eins vel og ég, að það er ekkert leyndarmál, að formanni þessa sjóðs var falið að ræða við félmrh. um það, hvernig mætti leysa þetta vandamál. Hefur þetta vandamál verið leyst, hvernig megi bæta þessum sjóði það tap, sem ég get ekki annað séð en að hann hljóti að verða fyrir, ef þessi lög verða samþykkt? Þar fyrir utan hlýtur það að vera stóra málið fyrir alla húsbyggjendur hér í landi, hlýtur auðvitað stóra spurningin að vera burtséð frá öllum frv., sem hæstv. ríkisstj. flytur um breytingar á stjórn, breytingar á vöxtum og öllu slíku, stóra spurningin hlýtur að vera: Hefur hæstv. félmrh., hefur hæstv. ríkisstj. tryggt þeim, sem eru að byggja, það fjármagn, sem á þarf að halda á þessu sumri, á þessu ári? Hvernig hafa hæstv. félmrh. gengið samningarnir við lífeyrissjóðina? Hann hafði skrifað þeim bréf og óskað eftir ákveðinni þátttöku þeirra til þess að fjármagna lánaþörf húsnæðismálastjórnar. Ég frétti síðast í gær, að hann hefði ekki einu sinni sýnt þessu þann áhuga að tala við ákveðna lífeyrissjóði eða ákveðinn þátt þeirra, eins og t. d. sjóði Alþýðusambands Íslands. Eiga þeir að vera stikkfrí í þessu dæmi hjá hæstv. félmrh. eða eru það bara einhverjir aðrir sjóðir, sem eiga að koma með þetta fé, sem þarf til að fjármagna lánsþörf húsnæðismálastjórnar? Ég held, hv. alþm., að áður en þetta frv. fer héðan út úr þessari deild, þá þurfum við að fá frekari upplýsingar frá hæstv. félmrh. um húsnæðismálin, lánaþörf og getu lánastofnana til þess að standa undir lánaþörfinni, og það, sem hér er á ferðinni, sé hreinn hégómi miðað við aðalatriðin, sem eru látin bíða utangarðs, en ættu kannske að vera hér til umr. fyrst og fremst.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þannig er nú komið þinghaldi, að ekki er tími til langra ræðuhalda um þau mál, sem menn hafa áhuga á að fái endanlega afgreiðslu. Þær miklu ræður, sem hér hafa verið fluttar, gætu leitt til mjög langra umræðna, en ef ég tæki þátt í þeim, mundi ég stofna afgreiðslu málsins í fulla tvísýnu, og það ætla ég ekki að gera.

Svo að ég komi fyrst að því, sem síðast var sagt hér, hvað líði fjárútvegun til húsbyggingasjóðsins, vil ég aðeins segja það, að ekkert er um það í þessu frv. og um það þurfum við ekki að deila í sambandi við afgreiðslu þess, en unnið hefur verið að því að reyna að ná samningum við lífeyrissjóði, samband þeirra, um lánveitingu til húsnæðismálasjóðsins, 200—250 millj. kr. Atvinnuleysistryggingarnar hafa greitt úr með upphæð, sem nemur um 60 millj. kr., og ef þessir samningar takast, þá er þarna um að ræða fjárútvegun, sem nemur um 300 millj. Ég býst við því, að svo geti farið, að það þurfi að útvega meira fé á þessu ári, til þess að starfsemin sé rekin af fullum þrótti, sem auðvitað verður að gerast, og þetta er eingöngu af því, að búið var að nota svo mikið af fé Byggingarsjóðs á árinu 1972 fyrir fram, að samkv. skýrslu húsnæðismálastjórnar voru ekki eftir nema 50.4 millj. af tekjum þessa árs. Það er það, sem skapar vandann. Að öðru leyti hafa þetta verið tiltölulega litlar upphæðir á ári hverju, sem hefur vantað umfram, en þannig er komið, að nú er búið að éta þetta fyrir fram. Það er því sá vandi, sem blasti við, þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. fór frá, og aðallega er undirrótin að fjárskorti Byggingarsjóðsins á árinu í ár. En úr því þarf að bæta eftir sem áður. Það er alveg sama, hverjum það er að kenna, bæta þarf úr þessu, því að féð er ekki fyrir hendi, það er búið að verja því, búið að nota það.

Hv. meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, og vil ég taka það fram, að sú breyting, sem er mest samkv. till. meiri hl., er sú að fella 4. gr. niður. Hún er um það, að ráðh. skuli skipa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélögum og í stjórn þessari skuli eiga sæti fjórir menn, sem skipa skuli þannig, að tveir séu þar tilnefndir af sveitarstjórn, einn eftir tilnefningu verkalýðsfélags í sveitarfélaginu og einn án tilnefningar, sem jafnframt skuli vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skuli skipaðir á sama hátt. Kjörtímabilið verði fjögur ár. Þetta er 4. gr., sem lagt er til nú að verði felld niður. Í henni er breyting frá því, sem nú er í gildandi lögum, á þann veg, að það er fækkað þarna verulega í stjórn verkamannabústaðanna úti um landið. Núna er þetta sjö manna fylking og sjö varamenn, 14 manns, og hefur tekið óratíma hjá mörgum sveitarfélögum að safna þessu saman. Þrír skulu tilnefndir af sveitarfélaginu, af hreppsnefndinni eða sveitarstjórn, þrír skulu tilnefndir af húsnæðismálastjórn suður í Reykjavík og einn af verkalýðsfélagi. Þegar þessar tilnefningar hafa svo allar verið komnar, hefur félmrn. skipað formann úr hópi þessara manna. Þetta er þunglamalegt fyrirkomulag og alveg áreiðanlega ekki hægt að tengja það við störf þessara manna, að þeir þurfi að vera svona margir. Það er eitthvað annað, sem þarna er á bak við. Þarna er sem sé í 4. gr. lagt til, að þessum mönnum sé fækkað. Svo báglega hefur gengið að undanförnu að tilnefna þessa 14 menn, sjö aðalmenn og sjö varamenn í stjórn verkamannabústaðanna víða úti um land, að stjórnirnar eru rétt fyrir skömmu komnar á laggirnar sums staðar, og eru þó nærri tvö ár síðan lögin voru sett. Ég hef því sagt við hv. þingnefnd: Ég get

fallizt á það, að við látum þessar fjölmennu fylkingar starfa að stjórn verkamannabústaðanna úti um landið og fáum reynslu af, hvernig þessar fjölmennu stjórnir gefast og starf þeirra, og verum ekki að svipta þá þeirra umboði núna, þegar þeir eru rétt setztir á rassinn í stólana sína. Þannig er nú þessi breyting gerð, að felld er niður 4. gr. frv. með fullu samþykki mínu til þess að reynsla komist á þessar fjölmennu stjórnir, sem eiga að sjá um byggingu verkamannabústaða, sjö aðalmenn og sjö varamenn, jafnvel í hinum fámennustu sveitarfélögum.

Ekki deilum við um það, rétt er það, að engin fjárútvegun er í því að hækka 50 millj. kr. framlagið til kaupa á eldri húsum í 70 millj., það er aðeins breyting, sem er í samræmi við fengna reynslu. Þessi heimild til þess að verja meira fé til kaupa á eldri húsum hefur verið of naum, hún er rýmkuð þarna. Rétt er það, að með því kreppir að hinni almennu lánagetu sjóðsins. Það er alveg rétt og það fellur því ásamt öðru undir þann vanda, sem fyrir hendi er hvort eð er, að útvega meira fé til hinna almennu lána. Meginefni frv. er hins vegar þetta: Settir skulu meðaltalsársvextir yfir allt lánstímabilið, 25 ár, og skulu þeir að meðtalinni þóknun veðdeildarinnar aldrei vera hærri en 7¾%, þ. e. vextirnir sjálfir 7½% meðaltalsvextir yfir allt lánstímabilið. Frá fyrsta degi að lánið var tekið og þangað til lánstíminn er útrunninn sé meðaltalið 7½%, og ¼% komi svo fyrir þjónustu veðdeildarinnar að því er snertir afgreiðslu lána. Þetta er meginefni þessa frv. Þetta ákvæði kemur í staðinn fyrir þau vaxtakjör, sem nú eru, sem byrja með 4% og taka síðan á sig kaupgjaldsvísitölu frá ári til árs, og menn hafa nú komizt að niðurstöðu um það, að í lok lánstímans og á síðari hluta hans séu þessir vextir með vísitöluálaginu orðnir óhóflega háir eða langt fyrir ofan það að geta heitið okurvextir. Menn gerðu sér, þegar þetta ákvæði var tekið upp, vonir um, að stjórnvöldum á Íslandi kynni að heppnast að hemja svo verðbólgu og dýrtíð, að þróunin yrði ekki slík. Annað atriði kom líka til, og þetta var samkomulag milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingar, — það er alveg hárrétt, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan, — en það var gert í þessari góðu trú, að með því væri verið að setja einmitt vísitöluálag á lánastarfsemina í landinu, og því var heitið, að það skyldi gert að því er snerti öll verðtryggð lán. Frá því hvarf svo ríkisstj., og þá varð sú skoðun almenn, a. m. k. í verkalýðshreyfingunni, að forsendur væru svo breyttar, að sjálfsagt væri að breyta þessu kerfi. Fráfarandi ríkisstj. hafði haft góð orð um það, að þarna stefndi greinilega í óefæru og þessu yrði að breyta, og setti menn til þess að rannsaka þetta mál ofan í kjölinn, tvo frá Seðlabankanum og tvo frá Alþýðusambandinu. Niðurstaðan er sú, að þetta verði óhóflega há og dýr lán til húsnæðismálanna einna með þessu kerfi, og þess vegna hélt ég, að enginn ágreiningur væri um að afnema vísitölukvöðina af húsnæðislánum. Og ég trúi því ekki, að það sé ágreiningur um það.

Menn segja: Það á bara að setja 4% vexti nú og þeir hækki svo upp í 7½ eða 8% og látið þar við sitja. Það á að vera lausn málsins. En það er ekki viðunandi lausn málsins. Með þessari till., sem hér er í 3. gr., um 7½% meðaltalsvexti, nær það til allra lána, sem veitt hafa verið til 1965, og fyrir allan þann lánstíma, og með tölvu, segja hagfræðingar, þjónustumenn Seðlabankans, að auðvelt sé að reikna út meðaltalsvextina frá byrjun. Þó að þeir séu komnir núna yfir markið upp í 8.1% u. þ. b., þá sé hægt að reikna út með tölvu, hverjir meðaltalsvextirnir skuli vera yfir allt tímabilið. En ef þetta er ekki gert, eru hæstir vextir á lánunum, sem tekin voru 1965, vegna þess að þau lán eru búin að taka á sig mestar vísitöluhækkanir, svolítið lægri á lánunum, sem tekin voru 1964, enn lægri á þeim, sem tekin voru 1963, og lánin, sem voru veitt núna. . . Nei, þetta er vitanlega alveg öfugt, að vextirnir eru hæstir á þeim lánum, sem eru búin að taka á sig mestar vísitölukvaðir, komnir á níunda %. Það þarf að laga, er það ekki? Það verður ekki gert með því að ákveða fasta vexti frá gildistöku þessara laga. Þeir menn, sem fengu síðan afgreidd lán núna á árinu 1971, með hvaða vexti eru þeir? Þeir eru með 4% vexti. Og þeir yrðu það áfram, ef ekki væru teknir upp meðaltalsvextirnir. Þannig væru menn, sem hefðu tekið lán á hinum ýmsu árum, með mismunandi vexti hjá sömu stofnun frá ári til árs. Það er lítt viðunandi. Nú er hins vegar lagt til, að lánin, sem veitt eru á þessu ári og framvegis, byrji með 4%, taki síðan á sig hækkanir þangað til komið er upp í það, að þau bera í lok lánstímans meðaltalsvextina 7½% og eldri lánin sömuleiðis. Það verða einir og sömu vextirnir hjá öllum lántakendum Húsnæðismálastofnunarinnar frá því 1965 og til loka lánstímans á hverjum tíma með þessari reglu, og það er aðalvinningurinn með þessari tillögu. Ég efast um, að hv. þingnefnd hafi áttað sig á þessu, að verið er að reyna að ná þessu öllu saman undir eina og sömu vexti, ein og sömu vaxtakjör. Menn hafa ekki mér vitanlega dottið niður á aðra aðferð en þessa til þess. Og sérfræðingar segja, að þetta sé framkvæmanlegt, að tryggja, að þeir, sem eru orðnir of háir nú, lækki ofan í meðaltalið, og vextirnir af lánunum, sem tekin voru eftir gildistöku þessara laga, hækka þar til meðaltal þeirra til loka lánstímans á hverjum tíma verður 7½%. Það er þetta, sem verið er að seilast eftir, að fá sömu vaxtakjör hjá öllum þeim, sem lán hafa tekið og taka hjá Húsnæðismálastofnuninni, í staðinn fyrir að láta þá bera þá vexti, sem koma út að loknum lánstíma miðað við vísitöluálagið. Menn segja: Það liggur ekkert á að afgreiða þetta. Það er, held ég, líka byggt á nokkrum misskilningi. Það eru viss lán, sem nú ganga út á þessu ári, það á að fella þau undir meðaltalsvextina líka auðvitað. Þeir lántakendur, sem þá tóku lán, eiga ekki að borga hærri vexti en meðaltalsvextina, eftir að þessi lög hafa tekið gildi. En ef því er frestað, verða þeir látnir bera vaxtakjörin samkv. vísitöluálagsniðurstöðunni. Ég held því fram, að það sé sjálfsagt að afnema vísitölukvöðina á húsnæðislánunum nú þegar, ef við erum sannfærðir um, að það séu ekki viðhlítandi lánakjör. Ég hef nú vitnisburð eins hv. þm. áðan um það, að þetta að breyta lögunum í 7½% vexti og ¼% þóknun muni svipta Húsnæðismálastofnun eða Byggingarsjóð ríkisins svo miklu fjármagni, að hann geti orðið gjaldþrota við það. Hvað þýðir það? Það hljóta þá að vera einhverjar geysilega stórar upphæðir, sem lántakendur eru losaðir við að greiða með þessari breytingu. Annars getur ekki sjóðurinn farið flatt á því. Og það er tilfellið, það er verið að lagfæra lánakjörin, gera þau lántakendunum hagstæðari, og það þýðir auðvitað, að það gengur út yfir sjóðinn. Það er ekki hægt að játa það betur en með því að útmála, hversu miklu skakka-

falli sjóðurinn verði fyrir. En enn þá meira skakkafalli yrði hann fyrir, ef lánakjörin yrðu bara ákveðin frá 4% og upp í 7½%. Það væri meiri blóðtaka fyrir hann, því að jafnmikið sem vextirnir frá 4% eru fyrir neðan 7½% verða þeir á síðari hluta lánstímans fyrir ofan 7½%, þannig að jöfnuður náist. Þetta hafa sérfræðingar Seðlabankans útfært með línuritum og gert þannig auðskilið hverjum manni.

Ég held það sé nú ekki annað eftir að ræða en það, sem ég hef gert grein fyrir, fækkunina í húsnæðismálastjórn. Ég er þeirrar skoðunar, að þó að störfin séu geysilega mikil, geti sjö menn að meðtöldum bankamanninum annað því starfi. Furðulegt þykir mér, ef það er skoðun manna, að með vaxandi verkefnum Húsnæðismálastofnunarinnar eigi að fjölga stjórnendum. Mér finnst ekkert samhengi á milli þessa. Aukin störf verða að hvíla á öðru starfsfólki. Með því að störfin hafa vaxið svo gífurlega, — þetta eru rök húsnæðismálastjórnar, — störfin hafa vaxið svo gífurlega mikið, er ekki of margt í húsnæðismálastjórninni, þó að núna séu þar átta menn. Ég held, að ekkert samhengi sé á milli þessa hins aukna starfs og fjöldans í húsnæðismálastjórn, þurfi ekki að vera það, eigi ekki að vera það. Menn viðurkenna, að það þurfi að hækka heimildina til lánveitinga út á eldri húsin. Það er gert. Vísitölukvöðina þarf að afnema. Ég segi, að það liggi á að gera það. Aðrir segja, að það megi bíða. En eftir hverju er að bíða með það? Ég hef síðan fallizt á að láta þessa sjö manna sveit úti um byggðir landsins halda sér við að stjórna byggingu verkamannabústaða þar og fá reynslu á þeirra störf, og varla getur það verið reiknað mér til ósanngirni.

Svo hefur n. verið beðin að flytja eina brtt., sem ég tel vera næstveigamestu breytinguna í frv. Hún er til þess að ráða bót á því, að samkv. lögum eða kaflanum um byggingu verkamannabústaða, eins og hann er nú, kemur það út, að af kauptúnum með 200—1000 íbúa fá þau fámennari alls ekki leyfi til að byggja eina íbúð verkamannabústaða, ekki einu sinni á 4 ára tímabilinu, sem þau eiga að gera áætlun fyrir. Þau, sem eru með 1000 íbúa, stærri kauptún eins og Bolungarvík, Ólafsvík og slík, að þeim er mjög kreppt, svo að vegna þessarar áætlunar og þessara ákvæða geta þau ekki farið í hagkvæman byggingaráfanga í einu, af því að þau eiga ekki rétt á nema einni til tveimur íbúðum á tímabilinu. Þetta þarf að laga. Þetta er alveg ótækt, því að mörg af þessum smæstu kauptúnum hafa einna mesta þörf fyrir að byggja verkamannabústaði. Tillagan er um þetta, þar segir:

„Ráðh. getur þó ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags samkv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins."

Í örfáum orðum sagt þýðir þetta, að þegar þannig stendur á, að ekki er hægt að ráðast í hagfelldan byggingaráfanga í fámennu kauptúni, hraðar ríkissjóður greiðslum sínum um sinn, svo að hægt sé að fara í áfangann, en sveitarfélagið er ekki laust undan greiðsluskyldunni og greiðir áfram það framlag á mann, sem ráðh. hefur ákveðið, þá sennilega í hámarki, og heldur áfram að greiða það, eftir að byggingarnar eru komnar upp, þangað til sveitarfélagið hefur greitt jafnmikið og ríkið. Ég álít, að þarna sé sjálfsagt að víxla svona til fjármagninu, til þess að hægt sé að fara í hagfelldan byggingaráfanga. Ég vildi vona, að þessi breyting á gildandi lögum, breyting á 20. gr., viðbót við 20. gr. laganna, valdi ekki ágreiningi, því að full þörf er á því að gera þessa breytingu.

Þetta var það, sem ég taldi að þyrfti helzt um þetta að segja, og læt hér staðar numið, mun ekki fara í maraþonumræður, hvað sem á dynur, því að ég ætla þessu frv. líf, ætla ekki að taka þátt í að drepa það sjálfur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að ræða hér nokkuð atriði, sem mér finnst mjög óljós í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., áður en það fer til atkvgr.

Í fyrsta lagi vildi ég minnast á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að fyrrv. ríkisstj. hefði lánað svo mikið til húsbygginga á sínum valdatíma, að lítið fé væri eftir á þessu ári vegna þess í Byggingarsjóði ríkisins. Ef svo hefði ekki verið gert, hefði bara auðvitað byggingarþörfin verið þeim mun meiri á þessu ári. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Því að ef ekki hefði verið byggt jafnmikið í tíð fyrrv. ríkisstj. og gert var, væri auðvitað óbrúað bil þar í húsbyggingum, þá mundi byggingarþörfin vera þeim mun meiri á þessu ári.

Mig minnir — og hæstv. ráðh. leiðréttir mig, ef ég man það ekki rétt, — að hann hafi sjálfur sagt hér við umr. í hv. d., að fjárþörfin á þessu ári til þess að húsbyggingar gætu haldið áfram eins og eðlilegt væri og þörf væri fyrir væri á milli 350 og 500 millj. kr. Þetta minnir mig, að hæstv. ráðh. hafi sagt sjálfur, og hann leiðréttir mig, ef hann hefur ekki sagt þetta. Það hefur verið upplýst hér, að Atvinnuleysistryggingasjóður muni kannske lána 60 millj. kr. í þetta og að farið hafi verið þess á leit við lífeyrissjóðina, að þeir lánuðu 200—250 millj. kr. Þarna skilst mér að vanti talsvert á, en það, sem er kannske höfuðatriði, er þetta, að þetta er hvort tveggja í mikilli óvissu, og líka það, að mér hefur borizt til eyrna, að hæstv. ráðh. hafi boðið lífeyrissjóðunum vísitölutryggð spariskírteini í þessu efni. Þá er spurningin þessi: Um leið og verið er núna að afnema vísitölubindinguna, sem ég eins og aðrir hv. dm. er samþykkur, en um leið og verið er að gera það að óathuguðu máli og verið að taka eða hugsa um að taka lán til Byggingarsjóðs með vísitölubindingu aftur á móti, er þá ekki verið að gefa út blankan víxil á framtíðina og er ekki rétt að athuga þessi mál í samhengi? Ég sé ekki annað en eðlilegt sé að gera það. Nú er komið fram yfir gjalddaga, það er ekki vefengt, lán Byggingarsjóðs er komið fram yfir gjalddaga á þessu ári og þess vegna breytir það í raun og veru sáralitlu eða engu að samþykkja þetta ákvæði um afnám vísitölubindingarinnar fyrir þá, sem þessi lán hafa á þessu ári. Það er unnt að gera það á næsta hausti og þá kemur það jafnt niður fyrir þá, en þá er það orðið líka ljóst, hvort fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins verði mætt með öðru móti en að taka vísitölutryggð lán til hans, þá er það orðið ljóst. Og þá er hægt að fara að taka á málinu. Einhver verður að borga. Annaðhvort verður ríkissjóður þá að borga mismuninn eða einhver annar verður að borga mismuninn, ef Byggingarsjóður ríkisins á ekki að fara beina leið á höfuðið. Það er þetta höfuðatriði, sem mér finnst, að hv. þm. hér í hv. d. þurfi að fá vitneskju um,

áður en þeir fara að samþykkja þetta frv. Mér finnst það vera hreint út í bláinn að hraða þessu máli svo, að menn hafi ekki hugmynd um þessi atriði.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vil aðeins spyrja hæstv. ráðh. að lokum: Er það ekki rétt hjá mér, að hann bjóði lífeyrissjóðunum vísitölutryggð spariskírteini til þess að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins? Er það ekki rétt hjá mér, að hann telji fjárþörfina vera 350—500 millj. kr.? Og hvernig ætlar hann að leysa mismuninn og hvernig ætlar hann að leysa það að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins með vísitölutryggðum lánum, hver á að borga?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fjármálahlið húsnæðismálanna er ekki með í þessu frv., en búið að skýra frá því, hvaða fjárútveganir séu í gangi, og þær verða í gangi þangað til búið er að fullnægja lánaþörf húsnæðismálasjóðsins á þessu ári. En það verður ekki gert með þessari lagabreytingu, svo að það á ekki að bögglast fyrir brjóstinu á hv. stjórnarandstæðingum. Hitt er rétt, að farið hefur verið fram á það við lífeyrissjóðina, að þeir veittu 200—250 millj. kr. lán og rætt hefur verið um það við þá, að það yrði ef til vill með vísitölukjörum, en til tiltölulega skamms tíma. Á skömmum tíma ættu lánin ekki að vera búin að rúlla upp á sig mjög miklum vísitöluviðbótum. Satt er það, að þetta er í litlu samræmi við það, að við erum að losa byggjendurna við vísitölukvöð og teljum þá ekki geta borið hana, en ef ekki fæst lánsfé með öðrum en þessum hætti, þá er að sæta því.

Það er nú mál manna, að það sé mikið vandamál, sem eigi að koma til móts við, að tryggja fjármuni lífeyrissjóðanna, þannig að þeir eyðist ekki í verðbólgu, og e. t. v. þarf þjóðfélagslegar aðgerðir til þess. Ég tel því, að við eigum að halda þessum fjárhagslega vanda húsnæðismálanna utan við þetta frv., því að ekkert er um það í frv. Það verður að taka með öðrum hætti á því máli.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég efa ekki, að við getum verið sammála um það, að bæði ég og hæstv. félmrh. tali um, að við megum ekki drepa okkar eigin börn. En ég verð nú að segja, að það er lítið samhengi milli röksemda hæstv. ráðh. og þessa frv., þegar allt kemur til alls. Það liggur fyrir og því hefur hæstv. félmrh. ekki mælt í móti, að engin þörf er á því nú að samþykkja þetta frv. vegna þeirra aðila, sem eiga að fá að njóta ákvæðanna um afnám verðlagsákvæðanna í lánum sínum, einfaldlega vegna þess, að það getur ekki komið til greina á þessu ári. Það er þannig ekkert annað en hrein sýndarmennska að sýna frv. á þessu stigi málsins. Hitt er annað mál, hæstv. félmrh., að bæði ég og aðrir í stjórnarandstöðunni, sem mæla gegn því, að frv. fari í gegn nú, — ég veit, að ég mæli fyrir munn flestra þeirra, — við erum sammála því, að það þurfi að fá breytingu fram á þessu ákvæði. Hitt þykir mér nokkuð eftirtektarverð yfirlýsing hjá hæstv. ráðh., þegar hann viðurkennir það sem einn af samninganefndarmönnum á sínum tíma um þetta atriði, að það átti að vera til þess að fyrirbyggja verðbólgu í þjóðfélaginu. Nú vill hann afnema það. Er hann og aðrir hæstv. ráðh. ríkisstj. þá um leið að gefast upp við að stöðva verðbólguna í þjóðfélaginu? Hafa þeir algerlega kastað þessu ákvæði Ólafssáttmála fyrir róða, eða hefur hann ekki verið lesinn í morgun og ekki í gærkvöld? Nei, ég sé ekki annað en að þegar núv. hæstv. ráðh. taka þetta eina ákvæði, sem til er í samningum og ákvæðum um opinbera aðila, út úr og vilja fella það niður, þá séu þeir hreinlega búnir að gefast upp á því að berjast við verðbólguna. Gott og vel. Ég hef hins vegar álitið og hef lengi álitið, að einmitt þetta ákvæði hefði getað verið gott og gagnlegt á sínum tíma, og ég geri ráð fyrir því, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar á þeim tíma hafi hugsað það þannig, að með þessu ákvæði ættu auðvitað slík ákvæði að ná yfir fleiri liði en þennan eina. Því var ekki lofað af hæstv. félmrh., og það var ekki heldur gert, en nú sé ég á öllu eftir þessu ákvæði í þessu lagafrv. ríkisstj., að ekkert er hugsað um að fara þá leiðina. Ef á að fara að taka þetta ákvæði út . . . (Gripið fram í.) Nei. Ég veit það. Röksemdir hæstv. ráðh. um einstök atriði frv., t. d. stjórn þessarar stofnunar, eru, að svo þunglamalegt sé að hafa þingkjörna fulltrúa frá öllum flokkum. Öðruvísi mér áður brá fyrir nokkrum árum, þegar svo kallaðir þingflokkar, sem þó voru engir þingflokkar og eru ekki enn þá, vegna þess að þeir eru sundurklofnir enn þann dag í dag, lágu grátbiðjandi frammi fyrir þáverandi stjórnarmeirihluta til þess að fá breytta nefndaskipan hér í Alþ., þannig að þeir gætu fengið sína fulltrúa inn í nefndir Alþingis, að þeir gætu orðið sjö. En nú þykist hæstv. félmrh. hafa fundið lausn allra mála einmitt með því að fækka þessum mönnum, þannig að þetta lýðræði, sem hann og flokkur hans berst m. a. mest fyrir, það fái ekki að njóta sín. Það út af fyrir sig er ágætt fyrir þá, sem kasta steinum í Steinkudys í dag.

Hæstv. félmrh. svaraði ekki neinu mínum spurningum um það, hvernig ætti að koma á móti þeim tveimur sjóðum, sem eru aðallánveitendur til húsbyggjenda. Það er hárrétt hjá honum, að hann er með þessu frv. að koma á móti þeim, sem hafa fengið lánið, en um leið skulum við ekki gleyma því, að m. a. varðandi þann sjóð, sem hann ætti nú kannske frekar öðrum að bera fyrir brjósti, Atvinnuleysistryggingasjóð, liggur ekkert fyrir enn þá, hvernig hann eigi að bera þann stóra skaða, sem hann mun verða fyrir af þessari ráðstöfun, né heldur Byggingarsjóð ríkisins. Það liggur ekkert fyrir, ég hef ekki séð neitt um þetta í framkvæmdaáætluninni eða í neinu því, sem tilheyrir eða heyrir undir fjáröflun núverandi ríkisstj. Má vera, að það hafi farið fram hjá mér, því að það hefur verið um svo glæfralegar tölur að ræða, að það er ekki von, að stjórnarandstaðan komist yfir að ná því svona á örfáum dögum, en vegna þess að ég á sem þingkjörinn fulltrúi sæti í stjórn þessa sjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá endurtek ég spurningu mína til hæstv. félmrh.: Hvernig ætlar hann að tryggja, að þessi sjóður, sem einmitt hefur lánað sama fólkinu og fær þessi lán, sem bera þessa okurvexti, hvernig ætlar hann að bæta þessum sjóði það tjón, sem hann verður fyrir vegna þeirra ákvæða, sem gilt hafa á undanförnum árum?

Herra forseti. Ég heyrði það á hæstv. félmrh. og auðvitað veit ég það hafandi í huga afstöðu hv. fulltrúa Alþfl., að þeir eru í einu og öllu með því, sem hér er að gerast. Það má vel vera, að þeir taki undir það með hæstv. félmrh., að óhætt sé að drepa sitt eigið líf í dag. Ég held mig hins vegar við þá skoðun, sem hefur komið

fram í minnihlutaáliti n. frá fulltrúum okkar sjálfstæðismanna í hv. d., að þessu máli ætti að fresta til haustsins. Til þess hins vegar að gefa hæstv. félmrh. nútímafálkaorðu í barminn, sem á nú víst að banna samkv. tillögum hans eigin barna, þá mætti vel taka þetta eina ákvæði út úr, ef honum liði betur út af því, og samþykkja það, en það hefur hins vegar ekki nokkurn skapaðan hlut að segja, og ég held, að ef við skoðum málið til hlítar, ættum við að láta fulltrúa þingflokkanna ásamt sérfræðingum, sem þingið hefur m. a. kjörið til að fara með þessi mál, skoða málið til haustsins. Það þarf ekki að verða neinn sérstakur blettur á hæstv. félmrh., þó að hann gengist undir slíkt, en það virðist vera orðið slíkt tittlingatog á milli þeirra hæstv. ráðh., að ef einn hæstv. ráðh. fær þetta málið samþykkt, þá þurfi annar að fá hitt, alveg sama, hvað vitlaust það er, og má vera, að það sé þess vegna, sem hæstv. félmrh. heldur svo fast við að knýja þetta frv. fram.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þegar við hverfum til þess tíma, er núverandi hv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, og rifjum nokkuð upp af því, sem þeir sögðu þá um ástandið í húsnæðismálum, voru lýsingar þeirra á húsnæðismálum hinar hörmulegustu og þungar ádeilur á fyrrv. ríkisstj. fyrir úrræðaleysi, eins og þeir kölluðu það, í húsnæðismálum og uppbyggingu húsnæðismálanna. Þar var engin undantekning í þessum kór núverandi hæstv. félmrh., og ég held, að óhætt sé að segja, að oft hafi heyrzt meira í honum en flestum öðrum um þessi efni. Nú skal ég fúslega játa það, að meðan sú ríkisstj. var við völd, sem ég studdi, vildi ég á margan hátt hafa ýmsa hluti öðruvísi. En það er nú eins í þessu og öðru, það verður að taka tillit til skoðana fleiri en sjálfs sín. Ég taldi þó, að með þeirri síðustu breytingu, sem gerð var á húsnæðismálalöggjöfinni, hefði verið stigið nokkuð myndarlegt skref í rétta átt. Hins vegar kom mjög greinilega í ljós hjá þáverandi hv. stjórnarandstæðingum, að það hefði ekki verið gert, enda er það svo, að þegar núverandi ríkisstj. var mynduð og þessir þrír flokkar, sem að henni standa, gerðu með sér hinn svokallaða málefnasamning, þá gleymdust ekki húsnæðismálin, sem ekki er von. Þeir mundu eftir flestu, sem hægt er að fá og njóta í jarðnesku lífi, eins og Ólafskver ber fagurlega vitni um. Í þessu margumræddu Ólafskveri segir um húsnæðismálin, með leyfi hæstv. forseta: „að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og með afnámi vísitölubindingar húsnæðislána." Þetta var það fyrirheit, sem ríkisstj. gaf í húsnæðismálum. Þeir höfðu mjög gagnrýnt vísitölubindingar á húsnæðislánum, sem verið hafa í gildi, og ég hygg, að flestir þeir, sem lán hafa átt hjá húsnæðismálastjórn, hafi búizt við því, meira að segja af ríkisstj., sem byrjaði jafnkröftuglega að efna loforð sín, að fá nú frv. til laga bæði um þetta atriði og svo önnur, sérstaklega um það að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings með því að lækka byggingarkostnaðinn. Það yrði flutt hér á þessu þingi frv. til laga um Húsnæðismálastofnunina og breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, mjög víðtækt frv., þar sem kæmu fram úrbætur á öllu því, sem þeir töldu, að hefði þurft að gera.

Ég vil alls ekki leyfa mér að kenna hæstv. félmrh. einum þennan króga, sem hér liggur fyrir, þetta húsnæðismálafrv. Ég held, að þeir eigi þetta frv. allir sjö. Þeir stóðu a. m. k. allir sjö og stjórnarflokkarnir að þessum málefnasamningi og þeir hljóta að hafa fjallað um þennan málaflokk eins og aðra sameiginlega í ríkisstj., og ég verð nú að segja það, að þegar fyrir liggur ákveðið loforð um afnám vísitölubindingar húsnæðislána, hélt ég, að ríkisstj. mundi í tæka tíð flytja frv. og lögfesta það, áður en gjalddagi þessara lána kæmi, sem var 1. maí s. l. Það hefur því verið svikið þetta loforð þetta árið hvað snertir gjalddaga húsnæðislána. Hitt liggur ekki fyrir í þessu frv. og kemur hvergi fram, hin fyrirheit ríkisstj. að gera tilraun til þess að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings með lækkun byggingarkostnaðar. Ég held, að það hafi samt verið gert eitthvað annað í þessum efnum en að lækka byggingarkostnaðinn. Ég hygg, að um það sé ekki að villast, að frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum hafi byggingarkostnaðurinn stórlega aukizt, en það er auðvitað allt fyrrv. ríkisstj. að kenna, eins og þeir keppast nú allir við að segja á öllum sviðum. En er nú ekki kominn tími til eftir fullan meðgöngutímann og einum mánuði betur, sem ríkisstj. hefur verið við völd, að fara að gera eitthvað annað en bara að kenna öðrum um það, sem aflaga hefur farið og eins það, sem aflaga hefur farið á þessum 10 mánuðum, sem þeir hafa verið við völd? Ég held að þetta frv. sé svo lítils virði í sjálfu sér, að það sé ekki þess virði að sýna það. Ég bjóst við, eins og ég sagði áðan, að fram kæmi vandað frv., þar sem ríkisstj. legði sig alla fram um að standa við sín glæstu fyrirheit í þessum málum. En ég sé það ekki með þessu frv., sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram og af sínu alkunna örlæti eignað sér, en eins og ég sagði áðan, ég held, að þeir séu sjö um að eiga þennan ómerkilega króga.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hæstv. ráðh. kvaðst ekki vilja halda langa ræðu um þetta efni, því að nú væri naumur tími á Alþ. og hann fyrir sitt leyti vildi ekki tefja málið með löngum ræðuhöldum, og sagðist því vilja stytta mál sitt og það yrðu því heldur einhverjir aðrir að drepa málið þannig. Þessu er því til að svara, að mál eru stundum lögð fram með þessum hætti, í fyrsta lagi mjög seint á þinginu og í öðru lagi eru þau að veltast vikum saman í nefnd og koma síðan tveim eða þrem dögum fyrir þingslit frá n. inn í þingið og þá er ætlazt til þess, að umr. um svo veigamikið mál eins og húsnæðismál eru séu skornar niður og málið nánast þvingað í gegn. Ég segi fyrir mig, að ég hef allan fyrirvara á því, hversu langar mínar ræður verða, og tel, að þetta mál sé þess eðlis, að það þurfi að athuga vel og enginn tími sé of langur, þegar rætt er um húsnæðismál og Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Það var rétt ábending, sem kom fram frá hv. 10. þm. Reykv., að þegar nú er lagt til í þessu frv., að vísitölubindingin sé afnumin vegna þess, hversu þessi vísitölubinding geti komið sér illa þegar frá líður, þá felst sannarlega í þessari till. að nokkru leyti, ef ekki öllu leyti, uppgjöf núverandi yfirvalda, stjórnvalda, á því að ráða við verðbólguna, þeir gera sem sagt ráð fyrir því, að verðbólgan haldi áfram, hún skrúfist áfram upp og vísitölubindingin leiði til enn óhagstæðari kjara en hingað til. En þessi uppgjöf ríkisstj. er afskaplega athyglisverð og segir sína sögu, og ég tel raunar, að það sé

mjög athyglisverð viðurkenning, sem rétt sé að halda á lofti. Ráðh. hæstv. greip fram í fyrir þessum hv. þm. áðan. Þegar hv. þm. Pétur Sigurðsson var að tala um, að í Ólafskveri væri vikið að því, að afnema skyldi vísitölu húsnæðislána, þá greip hæstv. ráðh. fram í og sagði, að ekkert væri um það í Ólafskveri. Nú má vera, að hann hafi misskilið hv. 10. þm. Reykv., en staðreyndin er auðvitað sú, að í þessum málefnasamningi margfræga og margumtalaða er mjög skýrum stöfum vikið að þessu, sem reyndar síðasti ræðumaður benti á, og þar segir, með leyfi forseta: „að eitt af loforðum ríkisstj. er að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána.“ Afnámi vísitölubindingar húsnæðislána. Þetta loforð hefur eflaust verið sett inn í málefnasamninginn fyrir tilstuðlan þessa hæstv. ráðh., félmrh., vegna þess að hann tók mjög stórt upp í sig hér á síðasta þingi um þau okurlán og þá okurvexti, sem væru á húsnæðismálalánum, og hann flutti meira að segja sérstaka þáltill. í lok síðasta þings, sem gekk út á, að þegar í stað skyldu þessir okurvextir afnumdir.

Hér fyrr í vetur leyfði ég mér að bera fram fsp. einmitt um vísitölubindingu húsnæðislána, fsp. til hæstv. félmrh., sem var svo hljóðandi:

„Hverjar eru niðurstöður þeirrar könnunar, sem fram hefur farið á vegum Seðlabanka Íslands og Alþýðusambands Íslands fyrir tilstuðlan félmrn. varðandi vísitölubindingu húsnæðislána?

Hvenær má búast við, að ríkisstj. geri þær ráðstafanir varðandi afnám vísitölubindingar, sem boðaðar eru í málefnasamningi ríkisstj.?“

Í þessu sambandi vitnaði ég til ummæla, sem fólust í fyrrnefndri þáltill. hæstv. félmrh. og fleiri þm. og ummæla, sem komu fram í grg. með þessari þáltill., en þar sagði m. a., með leyfi forseta:

„Ástæða er til að ætla, að gildandi lagaákvæði um vísitölutengingu lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins leiði og hafi leitt til óþolandi misréttis lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við aðra lántaka. Enn fremur, að raunvextir bindi þeim, sem fengið hafa lán úr sjóðnum á tímabilinu frá því er lán voru tengd vísitölu, nú slíka fjárhagsbagga, að þeir fái ekki undir þeim risið og þurfi hér því þegar í stað að breyta vaxtakjörum að lágmarki svo, að vextir Byggingarsjóðsins verði a. m. k. aldrei hærri en útlánsvextir banka. Í meðfylgjandi fylgiskjali er mál þetta kannað til hlítar og komizt að niðurstöðu, sem telja verður óyggjandi, að sanni hina brýnu nauðsyn úrlausnar þessa máls.“

Svo mörg voru þau orð í þessari grg., sem fylgdi þáltill. hæstv. ráðh. Hannibals Valdimarssonar og annarra tveggja hv. þm. Þeir sem sagt fullyrtu í þessari grg., að það væri óyggjandi niðurstaða, að lán úr sjóðnum, sem tengd voru vísitölu, byndu slíka fjárhagsbagga, að lántakendur gætu ekki undir þeim risið. Hér væri um að ræða óþolandi misrétti, sem úr þyrfti að bæta þegar í stað. Þessi till., sem flutt var á s. l. vori, eins og fyrr er sagt, var gerð að heilmiklu máli í kosningabaráttunni, var blásin upp og stóð nú ekki á málgögnum þáverandi stjórnarandstöðu að tíunda það, hvers konar ólög þetta væru, hvers konar misrétti væri þarna á ferðinni, allt undan rifjum vondrar viðreisnarstjórnar, og ég gizka á, að það sé nærri lagi, að þessi áróður hafi haft allveruleg áhrif í kosningabaráttunni, og vissulega höfðaði hann til þess stóra hóps fólks, sem bæði hafði tekið lán eða hugðist taka lán, fólks, sem hefur staðið í húsbyggingum og hugðist hefja húsbyggingar, eða fólks, sem þurfti að kaupa fasteignir af ýmsum ástæðum.

Eins og fyrr segir, spurðist ég fyrir um efndir á þessu málefnasamningsloforði og höfðaði jafnframt til þessara ummæla frá því fyrir kosningar til þess að reyna að draga fram bæði hvað liði efndunum og eins hvort rétt væri, sem þarna var fullyrt. Þetta barst í tal á þinginu í lok nóvember s. l., og þá upplýsti félmrh. hæstv., eins og reyndar var kunnugt og ég hafði upplýst í grg. með fsp. minni, að þessu máli hefði verið vísað til athugunar Seðlabankans og ASÍ, þar sem þess var óskað, að þessar tvær stofnanir könnuðu, hversu mikil áhrif vísitölubindingin hefði og hversu réttar væru þær fullyrðingar, sem uppi voru og m. a. komu fram í plaggi, sem Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur sendi frá sér og var reyndar upphaf þeirra umræðna og þeirrar tillögugerðar, sem í gang fór fyrir kosningarnar. Þessu hafði verið vísað til Seðlabankans og ASÍ af fyrrv. stjórn til athugunar í maí 1971. (**Forseti:** Ég vil spyrja ræðumann, hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni, og ef svo er, hvort hann gæti þá fallizt á að fresta henni þar til síðar í kvöld.)

Ég skal gjarnan verða við beiðni forseta um að fresta ræðu minni, því að ég er ekki nærri búinn enn þá. (**Forseti:** Þess er óskað, svo að mál, sem óhjákvæmilega þurfa að fara á milli deilda, geti komizt áfram. Ég þakka ræðumanni fyrir að hafa orðið við þessari ósk.) [Frh.]

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ellert B. Schram [frh.]: Herra forseti. Það mætti kannske ætla, að eðlilegt væri, þegar ég held áfram ræðu minni, að ég héldi áfram, þar sem frá var horfið, en ég er ekki vanur að slíta ræður mínar svona í sundur, þannig að margir tímar líði milli upphafs og endis, og þar sem ýmsir þm. voru ekki hér í dag, er kannske rétt að rifja örlítið upp það, sem ég sagði hér í upphafi ræðu minnar.

Ég vakti í upphafi athygli á því, að mikið fjaðrafok hefði orðið hér á s. l. vori, bæði í dagblöðum og hér á þingi, út af grein, sem Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur birti og sendi sennilega öllum þáverandi þm., þar sem hann hélt því fram, að vísitölubinding húsnæðismálalána væri hrein ólög. Sagði jafnframt í þessari skýrslu hans, að þau jöðruðu við löghelgað okur, misrétti, og hann skoraði á hv. alþm. að leiðrétta þetta þegar í stað.

Núverandi hæstv. félmrh. ásamt tveim öðrum þm. flutti þegar í stað, greinilega að lítt athuguðu máli, þáltill., þar sem skorað var á stjórnvöld að afnema þá þegar þessi okurlög, sem vísitölubindingin væri, og fór mörgum orðum um það í grg. með þessari þáltill., og vitnaði ég m. a. til grg., þar sem sagði m. a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ástæða er til að ætla, að gildandi lagaákvæði um vísitölutengingu lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins

leiði og hafi leitt til óþolandi misréttis lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við aðra lántaka. Enn fremur, að raunvextir bindi þeim, sem fengið hafa lán úr sjóðnum á tímabilinu frá því er lán voru tengd vísitölu, nú slíka fjárhagsbagga, að þeir fái ekki undir þeim risið og þurfi hér því þegar í stað að breyta vaxtakjörum að lágmarki svo, að vextir Byggingarsjóðsins verði a. m. k. aldrei hærri en útlánsvextir banka."

Þetta las ég upp í upphafi ræðu minnar hér fyrr í dag og væri kannske óþarfi að ítreka það, en ég geri það þó til að undirstrika þau stóru orð, sem voru viðhöfð, þegar þessi þáltill. var flutt af hálfu núverandi félmrh. á s. l. vori. Þessi þáltill. fékkst ekki afgreidd, en út af henni var gert mikið sjónarspil og það blásið upp, að þessi vísitölubinding væri mikil ólög, sem kæmu verst niður á efnalitlu og fátæku fólki, sérstaklega á launþegum, og ég leiddi rök að því hér fyrst í ræðu minni, að það væri full ástæða til að halda, að þessi áróður hefði haft mjög afgerandi áhrif í kosningabaráttunni og á kosningaúrslit í síðustu alþingiskosningum. Ég vakti líka athygli á því, að í framhaldi af þessu hefði verið tekið inn í málefnasamning ríkisstj. ákvæði eða loforð, sem gengi út á, að ríkisstj. hygðist afnema vísitölubindingu húsnæðislána. Vegna þessarar þáltill. og þessa loforðs í málefnasamningnum og hinna stóru orða þáverandi stjórnarandstöðu taldi ég eðlilegt og rétt, er líða tók á þing nú í haust, að spyrjast fyrir um það hér í þinginu, hvað liði þessu afnámi, og vitnaði þá til þess, að fyrrverandi ríkisstj. hefði farið þess á leit við Seðlabanka Íslands og Alþýðusamband Íslands að kanna, hvaða áhrif vísitölubindingin hefði á lánakjörin, og þá var sú spurning uppi, hvað þessar athuganir þessara stofnana hefðu leitt í ljós. Þessi fsp. kom til umr. hér á hinu háa Alþingi í nóv. s. l., nánar tiltekið 25. nóv. s. l., og þá upplýsti hæstv. félmrh., að þá þegar hefði borizt grg. frá Seðlabanka Íslands. Hún hefði borizt fyrir allgóðum tíma eða strax þá um haustið, en hins vegar hefði grg. Alþýðusambands Íslands ekki borizt fyrr en nokkrum dögum áður en þessi þáltill. kom til umr. á þingi. Það eitt út af fyrir sig er athyglisvert, sem ég raunar benti á í þessum umr. um fsp., að Alþýðusamband Íslands, sem á að gæta hagsmuna launþega, hefði ekki meiri hraða á athugunum sínum á þessu máli en svo, að það dróst í meira en hálft ár, að grg. kæmi frá sambandinu. Með tilliti til þess, að flm. fyrrnefndrar þáltill. voru þáverandi forseti Alþýðusambands Íslands og varaforseti og þeir drógu ekki úr því, hversu mikið misrétti þetta væri gagnvart launþegum, með tilliti til þessa var einkar athyglisvert, að ekki skyldi vera leitað frekar eftir skýrslu Alþýðusambandsins eða að Alþýðusambandið sjálft sýndi málinu ekki meiri áhuga, þegar allt kom til alls, en svo, að það dró að skila athugunum sínum í meira en hálft ár.

Þetta upplýsti ráðh. í svari sínu sem sagt, að skýrsla Seðlabankans hefði borizt fyrir alllöngu, en skýrsla Alþýðusambandsins hefði hins vegar borizt aðeins nokkrum dögum áður. Hann taldi, að ekki væri hægt að skýra frá niðurstöðum fyrr en grg. Alþýðusambandsins hefði verið athuguð. Hún hefði verið mikið plagg, í mörgum tölum og töflum, eins og ráðh. orðaði það, en hann taldi, að það þyrfti ekki að taka svo langan tíma, viku eða 10 daga, að vinna úr því og gaf í skyn, að vænta mætti niðurstöðu, vænta mætti till. af hans hálfu innan mjög skamms tíma. Í þessum umr. og í svari ráðh. kom það fram, að samkv. athugunum Seðlabankans hefðu lánakjörin ekki verið óhagstæðari en önnur lán húsnæðismálastjórnar. Hins vegar var það játað af Seðlabankanum, eins og ráðh. tók til orða, að þegar fram í sækti og um það leyti sem lánstíma lyki, væru þessi kjör ósambærileg, þ. e. óhagstæðari en önnur lánskjör húsnæðismálastjórnar. En eins og fram kemur í þessum ummælum, lá það fyrir, að eins og útreikningar sýndu, voru lánakjörin ekki orðin óhagstæðari á þeim tíma en önnur lán með almennum vöxtum.

Samkv. beiðni las ráðh. upp frekari niðurstöður Seðlabankans, og sagði hann svo í svari sínu og las þá upp úr skýrslu bankans, með leyfi forseta: „Niðurstöður Seðlabankans og ályktanir þær, sem þeir draga af sínum útreikningum, eru á þessa leið: Hingað til, þegar liðin eru sjö ár af lánstímanum, eru lánskjörin enn ekki óhagstæð, en það er játað sem sé í svarinu, að þegar á lánstímann líði, þá standist þau ekki samjöfnuð við önnur lánskjör. — Ég tek þá þetta úr svörum seðlabankafulltrúanna, sem könnuðu málið", sagði ráðh. „Þeir segja í fyrsta lagi: Greinilegt er, að greiðslubyrði lántaka vegna lána húsnæðismálastjórnar hefur létzt við þær breytingar á lánakjörum, sem framkvæmdar voru 1964, og enn frekar við breytingarnar frá 1968. Þetta er um liðna tíð. En sé litið á allt lánstímabilið og ekki aðeins fyrstu sjö árin, sbr. 1. lið að ofan, kemur í ljós, að lánskjör nr. 1, þ. e. þau lánskjör, sem giltu fram til ársins 1964, munu reynast lántaka hagstæðari en kjör þeirra þriggja lánaforma, sem reynd hafa verið frá þeim tíma. Samkv. lánskjörum nr. 1 bera um 4/5 hlutar lánsupphæðarinnar 8¼% nafnvexti, án allrar vísitölutengingar. Tenging 1/5 hluta láns við breytingar á framfærsluvísitölu að fullu ásamt 5¾ nafnvöxtum megna hins vegar ekki að hækka meðalvexti samkv. þessum lánskjörum upp fyrir meðalvaxtakjör annarra lánsforma húsnæðismálastjórnar, hvort sem þau hafa verið tengd vísitölu að fullu eða hálfu leyti.

Í þriðja lagi. Á þeim tímamótum, þegar vaxandi vísitöluáhrifa fer að gæta og raunverulegar vaxtagreiðslur nálgast það að fara upp fyrir vaxtagreiðslur, sem miðast við nafnvexti eina, t. d. 8¼%, eykst óánægja lántakenda, sem við slík lánskjör búa. Samanburðurinn við aðra lántakendur verður óhagstæður og vill þá oft einnig fyrnast yfir, að vaxtabyrðin var hlutfallslega hagstæðari framan af lánstímanum, sem í byrjun lánstímans var talið mikill kostur.

Í fjórða lagi. Til þess að forðast slíkan samanburð virðast a. m. k. tvær leiðir koma til greina, sem hefðu þann tilgang að jafna lánskjör á íbúðalánamarkaðinum í heild.

A. Annars vegar kemur til greina, að vísitölutenging yrði almennt tekin upp gagnvart slíkum lánum. Felur sú leið í sér, að lífeyrissjóðir og aðrar þær lánastofnanir, sem slík lán veita, byðu upp á sömu lánskjör og húsnæðismálastjórnin. Þetta er fyrri kosturinn.

B. Hins vegar gæti húsnæðismálastjórn afnumið alla vísitölutengingu lána, tekið upp nafnvexti eina, eins og lífeyrissjóðir og aðrar íbúðalánastofnanir gera í dag. Ef þessi leið yrði farin, yrði einnig að telja eðlilegt, að nafnvextir húsnæðismálastjórnarlána mundu ákvarðast af og verða þeir sömu og hjá öðrum lánastofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, en af 1. flokks verð-

bréfum fara vextir allt upp í 9.5% í dag. Væru nafnvextir húsnæðismálastjórnarlána lægri en hinir almennu markaðsvextir, mundi það að sjálfsögðu hafa sín áhrif á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins í framtíðinni. Á árinu 1970 námu vaxtatekjur sjóðsins 317.3 millj. kr. eða 26.3% af heildarráðstöfunarfé hans á því ári. — Þetta er úr svari fulltrúa Seðlabankans, sem könnuðu málið frá þeirri hlið", segir ráðh. síðan.

Eins og ég hef bent á, var ekki hægt að vitna til skýrslu ASÍ á þessu stigi málsins, og enda þótt ráðh. hafi upplýst, að sú skýrsla hefði borizt viku eða 10 dögum áður en þessi fsp. var borin fram, þá hef ég ekki heyrt í umr. hér, — það má vel vera, að það sé misskilningur hjá mér eða misheyrn, — en ég hef ekki heyrt vitnað til skýrslu ASÍ, heldur hefur hæstv. ráðh. einkum og sér í lagi stuðzt við upplýsingar Seðlabankans. Þess vegna er mér nú spurn, hvort ekki sé hægt að fá upplýsingar um það, að hvaða niðurstöðu ASÍ hafi komizt, hvort niðurstöður þess séu svona í aðalatriðum þær sömu og Seðlabankinn kemst að eða hvort niðurstöðurnar séu þær, sem hæstv. ráðh. leyfði sér að fullyrða fyrir kosningar, að hér væri um ólög að ræða, hér væri um okurvexti að ræða, sem byndu lántakendum slíka fjárhagsbagga, að þeir fengju ekki undir þeim risið. Hver sem niðurstaða ASÍ hefur orðið, sem ég vildi nú gjarnan fá upplýst, þá hefur ráðh. vitnað til skýrslu Seðlabankans og reyndar tekið fram sjálfur, — ég lít á það sem hans persónulegu skoðun og reikna með, að það séu réttar niðurstöður, — að lánskjörin voru nú í haust a. m. k. ekki óhagstæðari en önnur lán, en yrðu síðan hugsanlega óhagstæðari, þegar fram í sækti. M. ö. o.: sú niðurstaða, sem fengizt hefur við þessa athugun, hefur leitt í ljós, að öll þau gífuryrði, sem viðhöfð voru fyrir kosningar, voru ekki á rökum reist og voru blekkingar einar, blásnar upp í þeim leiðinlega tilgangi að afla sér atkvæða til þess að komast til valda.

Nú hef ég ekki borið fram þessa fsp. né heldur verið að tjá mig um þetta mál vegna þess, að ég sé á móti því að afnema vísitölubindingu húsnæðismálalána. Þvert á móti, ég taldi strax og imprað var á þessum málum í framhaldi af skýrslu tryggingastærðfræðingsins rétt, að þetta mál yrði kannað og gengið yrði úr skugga um það, hvort hér væri um okurvexti að ræða, og ef svo væri, ef þessi lán, þó að jafnvel væri ekki um að ræða okurvexti, en ef þessi lán leiddu til þess, að þessi lánskjör yrðu miklum mun óhagstæðari en önnur lán til fasteigna vegna verðbólgunnar, þegar fram í sækti, þá þyrfti að afnema þessa vísitölubindingu. Með þessu var ekki neinn dómur lagður á tilgang vísitölubindingarinnar. Ég veit, að góður hugur stóð að þeim breytingum og þeim ákvörðunum, sem gerðar voru í samráði við og jafnvel fyrir tilstuðlan launþegasamtakanna, og menn voru þá í þeirri góðu trú, að hægt væri að halda verðbólgunni svo í skefjum, að þessi vísitölubinding færi ekki úr hófi fram, en reynslan hefur sýnt annað. Því miður hefur þetta mistekizt, og þess vegna verðum við að læra af reynslunni og við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir, að þetta hefur ekki þjónað nógu góðum tilgangi, og með tilliti til þess hvors tveggja er rétt að afnema þessa vísitölubindingu. Þá ákvörðun og þá afstöðu studdi ég. Þó að það skipti ekki miklu máli, hafði ég þá skoðun sem sagt fyrir kosningarnar, en án þess að vera með einhver gífuryrði. Og ég tel í rauninni, að þarna sé um að ræða mikið hagsmunamál, sérstaklega fyrir ungt fólk, sem er að hefja byggingar eða kaupa fasteignir í upphafi búskapar síns, og þetta komi harðast niður á ungu og efnalitlu fólki. Þess vegna gaf ég þessu sérstaklega gætur og var þeirrar skoðunar, að það þyrfti að gera þarna breytingar á. (Gripið fram í.) Þetta er mjög athyglisverð spurning, sem ráðh. setur fram, og ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það, því að ekki stendur á mér að samþykkja breytingar á vísitölubindingunni og gera það tafarlaust, en þá skora ég á ráðh. að breyta svo þessu frv., sem hér liggur fyrir, að sérstaklega sé tekið út úr þetta um vísitölubindinguna, og þá skal ég með ánægju greiða því atkvæði, en þegar það hangir saman við önnur ákvæði og aðrar breytingar á þessum lögum um Húsnæðismálastofnunina, þá gegnir öðru máli. (Gripið fram í.) Ég skal nú koma betur að því, hversu mikil smáatriði það eru, ég geri það seinna í kvöld.

Þótt ég sé sammála ráðh. um að afnema vísitölubindinguna og sé hlynntur þeirri stefnu, þá er ég ekkert endilega viss um það, hvort sú till., sem hér liggur fyrir um það að binda vextina við 7.5%, sé rétt, hvort sú tala sé rétt og hvort hún komi betur út en það, sem nú er, eða einhver önnur vaxtabyrði. Ég hef enga aðstöðu til þess að dæma um það og reyndar er tekið fram af ráðh., að fyrir liggi miklir útreikningar og flóknar töflur og línurit hafi þurft til þess að sannfæra hann um, að þetta gæti staðizt. Þessa útreikninga, þessar töflur og þessi línurit hef ég ekki séð. Fulltrúar Sjálfstfl. í þeirri nefnd, sem hafði með þetta að gera, hafa sett fram aðra till., sem ég held að sé mjög athyglisverð. Ég get ekki heldur um það sagt, hvort hún sé endilega sú eina rétta, en það sýnir, að ýmsar hugmyndir eru uppi um það, hvernig skuli breyta þessu, og ég tel fulla ástæðu til þess að skoða það vel niður í kjölinn, og það segi ég vegna þess, að ég tel, sem raunar er rétt, nægilegan tíma til þess að láta þessa athugun fara fram. Staðreyndin er nefnilega sú, hvort sem það var nú viljandi eða ekki gert, að dregizt hefur svo að leggja þetta mál fram, að það lá fyrir, að það mundi ekki nást í gegn, þannig að það kæmi til framkvæmda á þessu ári. Frv. var, að ég held, meira að segja lagt fram eftir að húsnæðismálalánin féllu í gjalddaga á þessu ári, og skal ég ekki gera því skóna, en ég tel það frekar slælega frammistöðu af hæstv. félmrh. að hafa nú ekki þann þrótt og kraft, sem hann er þó manna líklegastur til að hafa, til þess að leggja þetta mál fram fyrr, sérstaklega vegna þess, að skýrsla Seðlabankans lá fyrir nú þegar s. l. haust samkv. hans eigin upplýsingum og skýrsla ASÍ barst í nóv. s. l. Þá sagði ráðh. í umr. í nóv., að það tæki viku til 10 daga að fara yfir þessa skýrslu, og þá taldi hann ekki ósennilegt, að hægt væri að leggja fram einhverja till. í framhaldi af því, mjög stuttu eftir að skýrslurnar höfðu borizt, en nú er kominn miður maí og það eru liðnir sem sagt 4½ mánuður, sennilega 5 mánuðir frá því að seinni skýrslan barst, án þess að nokkuð hafi bólað á breytingum. Ég segi, að ef það hefur verið vilji, raunverulegur vilji og áhugi hjá viðkomandi yfirvöldum að breyta þessu og bæta þarna um, hefði verið auðvelt að leggja fram þessi frv. fyrr, þannig að þau hefðu getað komið til framkvæmda strax á þessu ári. En umhyggjan fyrir lántakendum og fyrir þessu efnalitla fólki, sem átti nú að þurfa að greiða þessa vísitölubindingu og búa við

þetta misrétti, var nú ekki meiri en svo, þessi umhyggja, að málið er dregið og saltað svo lengi, að það reynir ekki á framkvæmd þessara laga, ef þau verða samþ., fyrr en næsta ár, fyrr en 1. maí næsta árs. Allir þeir, sem búa við þessa óskaplegu vísitölubindingu í ár, þurfa að sæta henni áfram og greiða samkvæmt þessum lögum og þessum ákvæðum, sem nú gilda, vegna þess að lánin eru fallin í gjalddaga. Af þeim ástæðum í og með tel ég enga sérstaka ástæðu til þess að rjúka með þetta mál í gegn núna, að ég held frekar að óathuguðu máli.

Nú getur vel verið, að niðurstaðan verði sú, þegar búið er að athuga þetta mál betur, að rétt sé að mæla með 7.5% vöxtum, en við skulum bara fá tækifæri til að skoða það, og ég tel það vera í samræmi við þingræðislegar reglur og jafnvel skyldu framkvæmdavaldsins að virða þjóðþingið það mikið, að það fái tíma til þess að skoða svo stórt mál sem þetta er og hafa til þess tíma. Það er nefnilega svo í þessu máli eins og allt of mörgum öðrum, að málin eru látin dragast og ekkert bólar á þeim, þótt þau séu að margra manna mati mjög mikilvæg og snerti mjög margt fólk í þessu landi. En síðan þegar ráðh. og stjórnendum þóknast, demba þeir frv. hér yfir Alþ. og ætlast til þess, að þau séu samþ. og jafnvel nánast á einni nóttu. Þessi vinnubrögð fordæmi ég. Ég hafði haldið, þegar ég kom hingað inn á þingið, að ég væri hingað kominn til þess að vinna að málum og skoða þau ofan í kjölinn og afgreiða ekki neitt frá þinginu, nema ég væri sannfærður um það sjálfur, að það væri skynsamlegt og til bóta í þessu þjóðfélagi. Eins er það með þetta mál. Þetta er stórt mál, þetta snertir mjög margt fólk, þetta skiptir mjög miklu máli, hvernig kjörum húsnæðismála er varið, og þess vegna held ég, að það sé full ástæða til þess að skoða þetta mál virkilega og það sé gert af tilheyrandi nefndum hér í þinginu. Þær fái til þess góðan tíma, þær fái til sín öll þau gögn, sem um er að ræða, skýrslur, töflur, línurit og hvað eina.

Ég skal þá ekki dvelja lengur við þetta — já, það var nú mjög ánægjulegt að fá þetta línurit. Ég veit nú ekki, hvort ráðh. er það glöggur maður, að hann geti áttað sig á svona línuriti, þó að þau séu nú mjög einföld, en við getum kannske skoðað það sameiginlega hér í pontunni, úr því að það er verið að rétta þetta að mér. Er ætlazt til þess, að ég átti mig á því núna í pontunni? Má ég kannske fá tíma til að skoða það? (Gripið fram í.) Ég skal ekki vera að tefja tímann meira með því að velta þessu línuriti fyrir mér allt of lengi. Ég veit, að mönnum liggur á að fá þetta mál afgreitt. Ég skal ekki vera að skoða það mjög mikið hérna, enda þarf ég að ræða ýmis önnur mál, sem snerta húsnæðismál. Ég ætlaði að fara að segja það, að ég mundi ekki dvelja lengur við vísitölubindinguna, og ég vil taka það aftur fram, að ef ráðh. getur sætzt á það að leggja fram þá till. og það ákvæði sérstaklega, jafnvel þó að ég hafi ekki skoðað þetta ákvæði um 7.5% ofan í kjölinn, þá mundi ég samt sem áður þora að samþykkja það hér og telja vera mikinn vinning í því einu sér.

En það eru nefnilega fleiri ákvæði í þessu frv., sem ráðh. kallar smámál, en í mínum augum skipta þó nokkru máli og eru reyndar kjarni þess og ástæðan til þess að þetta frv. er borið fram. Ég leyfi mér að halda því fram, að það sé allt annað en þessi vísitölubinding, sem hafi ráðið ferðinni á þessu frv. og valdið því, að þetta er keyrt í gegn, þvingað í gegnum þingið núna á síðustu dögum, fram á nótt, og það séu ástæður, aðrar og jafnvel ómerkilegri. Þegar ég talaði um önnur ákvæði, þá á ég einkum við skipan húsnæðismálastjórnar og skipan stjórnar verkamannabústaða. Ég vil nú, vegna þess að það er kjarni þessa máls, geyma það þangað til í lok ræðu minnar, en víkja áður að húsnæðismálum almennt og láta í ljós óánægju mína yfir því, að ekki skuli vera lagðar fram, nú þegar loksins kemur eitthvert frv. frá hæstv. félmrh. um húsnæðismál, ítarlegri eða merkilegri tillögur um lausn á húsnæðismálum eða aðrar hugmyndir en raun ber vitni.

Eins og fram hefur komið í þessum umr., þá er ekkert minnzt á það, hvernig leysa skuli fjármagnsþörf þessarar stofnunar. Þó virtist hæstv. félmrh. vera ljóst strax í haust, að við blasti mikið vandamál. Hann hefur reyndar vikið sjálfur að því hér í umr., en hann gerði það hér í ræðu sinni 23. nóv. s. l., þar sem hann vakti athygli á því, að á árinu 1970 hafi vaxtatekjur Byggingarsjóðsins numið 317.3 millj. kr., eða 26.3% af heildarráðstöfunarfé hans á því ári, og vissulega velti hann því fyrir sér með réttu, hvernig leysa skyldi fjármagnsþörf þessa sjóðs, ef lánskjörum yrði breytt, vegna þess að með afnámi vísitölubindingarinnar og breytingu á vaxtakjörum mundu hugsanlegar tekjur sjóðsins rýrna, og eitthvað þyrfti sannarlega að koma þar á móti. En að þessu er ekki vikið í frv. og þrátt fyrir fsp. frá hv. þm. hér í umr., þá hafa ekki fengizt glögg svör við því, hvernig hæstv. félmrh. hygðist leysa þennan vanda. Hann hefur einfaldlega sagt: Þegar ég tók við sjóðnum, var hann næstum því tómur. Og þetta er allt saman arfur frá viðreisninni. Hvernig ég leysi það, er annað mál. — Hann talar um, að hann sé í viðræðum við lífeyrissjóðina og óski eftir samningum við þá m. a., en allir mega þó sjá, að þrátt fyrir eitthvert hugsanlegt samkomulag við þá, leysir það ekki þá fjármagnsþörf, sem blasir við Húsnæðismálastofnuninni, Byggingarsjóðnum.

Vissulega kemur fleira til athugunar, þegar maður ræðir um húsnæðismál, en fjármagnsþörfin ein og fjárþörf sjóðsins. Húsnæðismál hafa verið til umr. áður hér á landi svo lengi sem ég man eftir. Að vísu er ég nú ekki gamall maður, en mér skilst, að um það hafi verið eilíft karp og eilífar umræður svo lengi sem elztu menn muna, hvernig leysa skyldi húsnæðismál þjóðarinnar og ráða við stöðuga verðbólgu á fasteignamarkaði. Enn fremur hafa menn haft áhyggjur af stöðugt hækkandi húsnæðiskostnaði, byggingarkostnaði, viðhaldskostnaði og sköttum á húsnæði. Menn hafa haldið því fram, að frumorsakir fyrir háum húsnæðiskostnaði hafi verið skortur á grundvallarrannsóknum og miðlun á þeim, fjármagnsmyndun og lánakerfi hafi ekki verkað örvandi á viðleitni til lækkunar. Verðbólga og skortur á verðvitund hafi stuðlað að kröfum neytenda umfram kaupgetu og ekki hvað sízt hafi skort á valmöguleika almennings til arðbærrar eignamyndunar, sem hafi stuðlað að umframfjárfestingu íbúðarhúsnæðis.

Síðast þegar gerðar voru breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, voru þær nokkuð veigamiklar og þ. á m. voru tekin inn í þau margvísleg ákvæði um hlutverk þessarar stofnunar, hvað snertir rannsóknastarfsemi og fræðslu, skipulagsmál, tæknimál, að sjálfsögðu fjármál, félagsmál og fleira. Að mínu

viti er löggjöfin um Húsnæðismálastofnunina nokkuð fullkomin. Það, sem hefur skort á, er framkvæmdin, og ég átti þess von, þó að ég að vísu hafi nú ekki allt of mikla trú á þessari ríkisstj., þá hafði ég þó átt von á því, að hún stæði við þá yfirlýsingu sína í málefnasamningnum að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðum lánum og eins og segir afnámi vísitölubindingar húsnæðismálalána. Ég hafði sem sagt reiknað með því, að gert yrði eitthvert átak til þess að bæta úr vandamálum húsnæðismála, en það er nú öðru nær. Á þessu þingi hafa meira að segja verið lagðar fram af hálfu stjórnvalda tillögur, sem hafa orðið að lögum, sem beinlínis draga úr möguleikum fólks til þess að koma sér upp eigin húsnæði. Nú var það mjög athyglisvert hér í umr. í vetur, reyndar um önnur mál, um leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga, það var mjög athyglisvert, að stjórnarsinnar ýmsir, þ. á m. hæstv. félmrh., lýstu því yfir, að þeir væru mjög eindregið hlynntir þeirri skoðun, hlynntir þeirri stefnu, að almenningur á Íslandi skyldi eignast sínar eigin íbúðir og skyldi almennt búa í eigin húsnæði. Þessari yfirlýsingu fagnaði ég, vegna þess að hún er í samræmi við mínar skoðanir, og ég tel það reyndar vera eina grundvallarforsendu þess, að virkt lýðræði sé á Íslandi, að einstaklingarnir séu efnahagslega sjálfstæðir, og stærsti þátturinn í efnahagslegu sjálfstæði er einmitt það, að fólk sé sjálfs sín ráðandi og búi í eigin íbúðum. En á sama tíma sem hæstv. félmrh. og ýmsir aðrir stjórnarsinnar lýsa þessu yfir sem skoðun sinni og stefnu, að menn skuli búa í eigin húsnæði, þá eru lagðar hér fram á þingi, eins og ég sagði áðan, ýmsar tillögur, sem stefna í þveröfuga átt, og ég vil nefna aðeins örfá dæmi máli mínu til sönnunar. Þegar skattalagafrv. voru lögð fram, þá var það einn liðurinn í þeim að byggja á og miða við breytt fasteignamat, sem leiddi til þess, að fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði m. a. hækkuðu mjög stórlega og það voru tillögur um það hér í upphafi, það var í fyrstu frv., þá voru tillögur um það, að fasteignaskattar af íbúðarhúsnæði yrðu 1%, ef ég man rétt, og það var ekki svo lítil hækkun, þegar tekið er tillit til þess, að fasteignamatið, grundvöllur fasteignaskattanna, hafði stórkostlega hækkað. Það var nú horfið frá þessu og fasteignaskattar á eigin íbúðarhúsnæði voru lækkaðir niður í 0.5%, en síðan var gefin heimild til þess að hækka mætti og leggja á þessa fasteignaskatta upp í 0.75%, ef sveitarfélögin þörfnuðust þess, og skattafrv. voru byggð þannig upp hvað þetta snerti, eins og ég benti á í umr. hér í vetur, þau voru byggð þannig upp, að sveitarfélögin voru knúin til þess að nýta sér þessa heimild til hækkunar eða til álagningar, vegna þess að í þessum skattafrv. var tekið fram, að ef tekjustofnarnir eins og þeir lágu fyrir mundu ekki duga upp í fjárþörf eða rekstrarkostnað viðkomandi sveitarfélaga, mætti sækja um aðstoð m. a. úr jöfnunarsjóðnum, en ekki þó fyrr en þessar álagsheimildir hefðu verið nýttar, þannig að það fór ekki á milli mála, að það var mjög hvatt til þess og knúið á um það að nýta þessar álagsheimildir, en hvað sem þeim líður, þessum álagsheimildum, eru þessir fasteignaskattar vissulega ekki til þess fallnir að örva fólk til þess að eignast sínar eigin íbúðir, til þess að hvetja fólk til þess að festa kaup á eigin íbúðarhúsnæði. Sömuleiðis var fellt niður í frv. ríkisstj. það ákvæði, sem hefur verið í skattalögum til þessa tíma, að vaxtagreiðslur vegna lána, fasteignalána af húsnæði, væru frádráttarbærar frá sköttum. Þetta var fellt niður hvað snertir útsvörin, og hvað þýðir þetta? Það þýðir, að ungt fólk, sem hefur ráðizt í að byggja sér íbúðir og hefur ekki sízt gert það einmitt með tilliti til þessara frádráttarmöguleika, hefur núna enga möguleika til þess að draga vexti frá, og sést bezt og mjög ljóst, hversu þetta er veigamikið spor eða alvarlegt spor aftur á bak einmitt fyrir þennan hóp þjóðfélagsins. Ég leyfði mér við afgreiðslu á þessum skattafrv. ásamt hv. 3. þm. Sunnl. að bera fram mjög hóflega brtt., sem gekk út á það, að vextir af fasteignum væru frádráttarbærir og ekki þó, að það væri opið í alla enda, heldur var þessi brtt. bundin við það, að lánin væru tekin út á eigin íbúðir eingöngu, og líka var gerð sú takmörkun á þessari brtt. okkar, að eingöngu var um að ræða fasteignalán, þ. e. lán frá húsnæðismálastjórninni og lán frá lífeyrissjóðum, sem eru sérstaklega veitt út á fasteignir og með veðum í viðkomandi fasteign. Þessi hóflega till., sem vissulega fór ekki fram á mikið, var kolfelld hér af stjórnarsinnum, sem sýndu þar með hug sinn til hins unga fólks, sem hefði getað notað þetta ákvæði hvað bezt. Þessi afgreiðsla á þessari till. var enn eitt sporið frá þeirri stefnu, sem þó er rekin í orði, að allir eigi að búa í eigin húsnæði.

Nú í vetur hefur hæstv. ríkisstj. líka tekið ákvarðanir, sem draga úr möguleikum til þess að örva húsnæðisbyggingar og gera fólki mögulegt að eignast eigin íbúðir, og það er sú ákvörðun ríkisstj. að takmarka gjaldfrest á gjaldeyri hvað snertir innflutning byggingarvara, sem þýðir það, að innflytjendur á byggingarvörum, sem selja allar hinar almennu byggingarvörur, — það þarf ekki að nefna einstaka sjálfsagða hluti, sem þurfa að vera í íbúðum, — þessir byggingarvöruinnflytjendur hafa ekki lengur möguleika til þess að lána íbúðabyggjendum, þegar þessar vörur eru keyptar. Ef einhver ung hjón ganga inn í einhverja byggingarvöruverzlun og ætla að kaupa t. d. tæki í eldhúsið, þá þurfa þau nú að borga þetta út í hönd. Áður fyrr var hægt að fá gjaldfrest á þessu og það voru einmitt afborgunarskilmálarnir, sem hafa gert fólki kleift að ráða við slíkar byggingar, að þurfa ekki að greiða allt út samstundis, heldur að vinna hörðum höndum fyrir því og reyna að borga þetta niður smám saman. Það er sú stefna, sem hefur verið hér uppi og sú stefna, sem á að vera uppi, að hjálpa fólki til að byggja yfir sig. En þessar ráðstafanir allar stefna í þveröfuga átt.

Af því að hér er verið að ræða um húsnæðismál og ég er nú kominn hingað upp í ræðustól, þá vildi ég nota tækifærið og spjalla örlítið meira svona almennt um húsnæðismál og fitja upp á ýmsum hugmyndum, sem mér finnst alveg vera þess virði að komi til umr., þegar svo stórt og veigamikið mál er á dagskrá, hugmyndir, sem eru ekki endilega mínar og ég bara drep hér á af handahófi og ég hef fundið vera þess eðlis, að hægt væri að taka til athugunar. Það hefur t. d. verið bent á, að full ástæða væri til að rannsaka í auknum mæli notagildi byggingarefna og kynna þær niðurstöður jafnóðum, þannig að það mætti með þessum hætti bæta upplýsingaþjónustu til kynningar á nýjungum í byggingarefnum og tækni, og það er enginn vafi á því, að slíkar rannsóknir og slík upplýsingaþjónusta mundi hvetja

byggjendur, bæði atvinnumenn í byggingariðnaðinum og einstaklinga, til þess að taka þessa upplýsingaþjónustu og þessar rannsóknir til athugunar og nota þær í sína þágu og það mundi áreiðanlega leiða til lækkaðs byggingarkostnaðar.

Þá hefur verið bent á, að full ástæða sé til að rannsaka skipulag í þéttbýli og í því sambandi íbúðaform við hérlendar aðstæður. Ég benti hér á það fyrr í ræðu í dag, að fyrir okkur Reykvíkinga væri frekari útþensla borgarinnar ekki sérstaklega ábatasöm og hver viðbótaríbúi hér í Reykjavík kostaði jafnvel helmingi meira en viðbót íbúa á öðrum stöðum landsins. Nú er öllum ljóst, að Reykjavík hefur þanizt út um holt og hæðir og byggð eru heil hverfi með ótrúlegum hraða, hverfi, sem sumir kalla eingöngu svefnstaði, og skipulag og arkitektúr á þessum hverfum hefur mjög verið gagnrýnt og talið, að það muni ekki þjóna nútíma félagsfræðilegum hugmyndum, hvernig þessi hverfi eru uppbyggð. Nú legg ég engan dóm á það, hvernig byggja eigi upp slík hverfi, en vissulega hlýtur það að vera eitt af stærstu verkefnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins að taka slíkt skipulag til athugunar, bæði frá byggingarfræðilegum sjónarhóli, fjárhagslegum sjónarhóli og líka félagsfræðilegum sjónarhóli. Þetta hlýtur að vera afskaplega stórt mál, sem krefst mikillar athugunar og ætti að athuga, þegar talað er um byggðastefnu hér á landi, hvort sem það heyrir undir þessa merkilegu nefnd, sem nú er búið að kjósa og á að taka til athugunar staðarval stofnana, en það breytir ekki því, að þarna er um að ræða verkefni, sem vissulega hefur verið vanrækt.

Þá hefur verið talið nauðsynlegt, að aðilar á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins annars vegar og svo byggingariðnaðarins almennt hins vegar störfuðu þannig, að þeir væru hvetjandi og leiðbeinandi um nýjungar og endurbætur í byggingariðnaði. Það hefur verið bent á, að aðilar sem þessir hafi miklar skyldur, þar sem þeir hafi lykilaðstöðu til áhrifa í framfaraátt á þessum vettvangi, og það er vissulega rétt. En að mínu viti hefur mjög skort á, að nokkurt frumkvæði hafi verið sérstaklega af hálfu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem ég tel að eigi að leiða í þessum efnum. Það hefur mjög skort á, að þeir hafi verið hvetjandi og leiðbeinandi um nýjungar og endurbætur í byggingariðnaði.

Þá hefur verið vakin athygli á því, að skapa þyrfti möguleika á því, að fagmenn í byggingariðnaðinum gætu endurhæft sig, og það er nú meira kannske verkefni byggingariðnaðarins sjálfs að stuðla að því, að viss endurhæfing fari fram. Það er á þessum vettvangi eins og öðrum í þjóðlífinu, að það þörf á örum framförum, tæknibreytingum, og menn verða að hafa sig alla við, ef þeir eiga að fylgjast með þróun þeirra mála og geta tekið við öllum nýjungum og fært sér þær í nyt. En ég held, að Húsnæðismálastofnun ríkisins ætti að hafa vakandi auga með allri þeirri tækni, þeim tæknínýjungum, sem eiga sér stað á vettvangi byggingariðnaðarins, og stuðla að því, að fagmenn gætu endurhæft sig svo, að þeir gætu nýtt sér þessar nýjungar.

Ég minntist hér áðan á útþenslu Reykjavíkurborgar. Ég tók hana nú sem dæmi, en það er vissulega atriði, sem þyrfti að athuga, samspil sveitarfélaga og Húsnæðismálastofnunar, vegna þess að það hlýtur auðvitað að skipta miklu máli að hafa samræmi í ákvörðunum sveitarfélaga annars vegar og Húsnæðismálastofnunar ríkisins hins vegar, þegar sveitarfélögin taka ákvörðun um það, hversu mikið fjármagn á að fara til uppbyggingar nýrra hverfa og þá nýrra byggingaframkvæmda, og svo hins vegar er Húsnæðismálastofnun að taka ákvörðun um það, hversu mikið fjármagn hún á að veita til húsnæðismálalána. Ég hef sjálfur haft persónulega reynslu af þessu, hversu óhagkvæmt og mikið ósamræmi getur oft verið í þessum aðgerðum og ákvörðun slíkra yfirvalda. (**BGuðn:** Hvað ætlar þú að halda lengi áfram?) Ja, ég held nú bara áfram, þangað til ég er búinn að ljúka máli mínu. (**Forseti:** Ekki samtal.) Nei, ekki svo lengi sem þrekið endist, því að þá þyrftum við að vera að fram á morgun. Já, ég var að minnast á samspil ríkis og sveitarfélaga og það, hversu nauðsynlegt það væri, að þar væri haldizt í hendur, og var að minnast á mína persónulegu reynslu í því sambandi vegna starfa minna hjá Reykjavíkurborg. Þar hafði ég með að gera ásamt öðrum að sjálfsögðu að undirbúa fjárhagsáætlanir hjá Reykjavíkurborg, taka ákvarðanir um það, í hvaða nýbyggingar skyldi ráðizt, og þegar ég tala um nýbyggingar, á ég við ný hverfi, undirbúning nýrra hverfa, sem felur í sér, að það þarf að leggja til fé í götur og ræsi og gera lóðir byggingarhæfar. Þessar ákvarðanir hjá Reykjavíkurborg voru teknar alveg sjálfstætt, án þess að samráð væri haft við Húsnæðismálastofnun. Það má kannske segja, að það sé sök borgaryfirvalda, en þarna á Húsnæðismálastofnun ríkisins að hafa frumkvæði og forustu í þessu samráði, sem þarna þarf að vera. Ég er ekki að halda því fram, að Húsnæðismálastofnunin eigi að segja sveitarfélögum fyrir um það, hvað þau eigi að byggja, í hvaða framkvæmdir þau eigi að ráðast, en það verður að vera samræmi í þeim ákvörðunum, sem teknar eru á þessum vettvangi. Þannig er það t. d. með Reykjavíkurborg, að ef hún tekur ákvörðun um að auka stórkostlega nýbyggingar í borginni og gera mörg hundruð lóðir byggingarhæfar, þá hlýtur það að sjálfsögðu að leiða til mjög aukinna lánsumsókna hjá Húsnæðismálastofnuninni. Þessa varð mjög vart núna eftir að við *náðum okkur aftur á strik eftir efnahagsörðugleikana.* Þá fylltist fólk aftur bjartsýni, — það var nú reyndar áður en þessi núverandi ríkisstj. tók við, þannig að mönnum fannst nú ágætt og gaman að lifa, þó að hún væri nú ekki tekin við stjórnartaumunum, — og bjartsýni ríkti á þessum vettvangi eins og víðar strax á vormánuðum 1969, og þá gerði borgarsjóður mikið átak til að undirbúa ný hverfi í Reykjavík. Það leiddi til þess, að stórkostlega jukust umsóknirnar hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og það svo, að hún átti í fullum erfiðleikum með að sinna þeim umsóknum, og það er kannske ekki minnsta ástæðan fyrir því, að Byggingarsjóðurinn stendur nú höllum fæti. Samstarfs ríkis og sveitarfélags á þessu sviði er því full þörf.

Menn hafa bent á kosti útboða og þar hafa menn sett fram, að stefnt skyldi beinlínis að því, að sem flestar opinberar framkvæmdir séu boðnar út. Ég er mjög eindregið á þeirri skoðun, og ég vil minna á, að nú í vetur lagði ég fram þáltill. hér í Sþ., þar sem skorað var á ríkisstj. eða gerð till. um, að skorað yrði á ríkisstj. að breyta lögum um opinberar framkvæmdir, svo að teikningar á opinberum byggingum skyldu boðnar út.

Á þessari tillögu minni og þeirri hugmynd, að flestar opinberar framkvæmdir skuli boðnar út, er enginn eðlismunur. Það er skoðun mín, að heppilegt sé að fara þessa leið og reynslan hefur reyndar sýnt okkur það og sannað á fjölmörgum sviðum, að þegar öllu er á botninn hvolft, leiða útboð ekki aðeins til ódýrari framkvæmda, heldur líka hagkvæmari og hraðari vinnubragða og oftast nær, held ég, nema í undantekningartilfellum, betri vinnubragða.

Í þessu sambandi er vert að minnast á það átak, sem gert hefur verið hér á landi með framkvæmdanefndinni svokölluðu, því átaki, sem stuðlaði að því að bæta úr húsnæðisþörf og laga kjör launþega hvað snertir húsnæðismál, og í framhaldi af því var ráðizt í hinar mjög stórfelldu framkvæmdir í Breiðholti, Breiðholtsframkvæmdirnar svokölluðu. Af þeim framkvæmdum má ýmsan lærdóm draga. Um þetta var mjög deilt hér á síðasta þingi, mönnum sýndist sitt hvað og sýnist sjálfsagt sitt hvað enn, og var þá einkum deilt um það, hvort þessar framkvæmdir hefðu verið ódýrari með því að láta framkvæma þær með þeim hætti, sem gert var, eða að snúa sér áfram til hinna einstöku byggingarframkvæmdamanna, sem fram til þessa höfðu ráðið ferðinni í byggingarmálum hér á landi. Að mínu viti leiddu þessar ráðstafanir það í ljós í fyrsta lagi, að að sjálfsögðu var mikil þörf fyrir launþega að fá slíka aðstoð, það hefur ásóknin í þessar íbúðir sýnt og sannað, og þessar ákvarðanir um hagkvæmari kjör til þessa fólks hafa jafnframt sannað ágæti sitt. En þessar framkvæmdir sýndu líka, að framkvæmdir þeirra, sem höfðu staðið í byggingariðnaði, sumir hafa kallað þá braskara eða öðrum slíkum nöfnum, þessara manna, sem höfðu sætt mikilli gagnrýni fyrir eins og ég segi brask og fyrir að sprengja upp fasteignaverð, það kom í ljós, að framkvæmdir þeirra og sá byggingarmáti, sem viðhafður var af þeirra hálfu, var engu síðri en þær stórfelldu framkvæmdir, sem gerðar voru á vegum Breiðholtsáætlunarinnar, vegna þess að bæði kom í ljós, að þau hús, sem byggð voru á vegum einstaklinga, voru ekki lakari að gæðum en þau, sem byggð voru á vegum framkvæmdanefndar, og það kom líka í ljós, að þeir gátu boðið upp á íbúðir og íbúðakaup, sem voru ekki á verri kjörum heldur en framkvæmdanefnd bauð upp á. Þá er ég að undanskilja að sjálfsögðu þá sérstöku fyrirgreiðslu, sem launþegar fengu, en það, sem ég á við, er, að byggingarkostnaðurinn sjálfur var ekki meiri hjá einstaklingunum en framkvæmdanefnd, þrátt fyrir margvíslega fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera til framkvæmdanefndarinnar. Þessi reynsla okkar sýnir, að það er rangt að hverfa með öllu frá því, að einstaklingar, einstakir byggingarmeistarar eða félög á þeirra vegum byggi upp fjölbýlishús t. d. hér á landi, en hitt er annað mál, að það þarf vissulega mjög að stuðla að því, að þessir menn geti haldið uppi eðlilegum rekstri og byggt með þeim hætti, að þeir þurfi ekki að búa við lakari kjör heldur en aðrir byggingaraðilar hér á landi.

Mörg atriði hafa verið nefnd til þess að veita þessum einstaklingum eða byggingarmönnum viðeigandi og réttmæta aðstoð, og þá er ég ekki að tala um neina ölmusu eða einhverja sérstaka fyrirgreiðslu, heldur bara þannig fyrirgreiðslu, að þeir geti rekið þennan atvinnurekstur með eðlilegum og heiðarlegum hætti. Og þá kemur í fyrsta lagi til fyrirgreiðsla frá Húsnæðismálastofnun ríkisins um lán til framkvæmdanna. Að vísu var ákveðið hér við síðustu breytingu húsnæðismálastofnunarlaganna að veita sérstök framkvæmdalán, en í ljós hefur komið á þeim tveimur árum, sem liðið hafa, að byggingarmeistarar hafa ekki almennt notfært sér þessi framkvæmdalán og hafa ýmis vandkvæði komið upp í því sambandi, sem ég ætla nú ekki að fara að þreyta þd. á að rekja, (**Gripið fram í:** Þú þreytir okkur ekkert, láttu það koma.) og þyrfti að sjálfsögðu að rannsakast miklu betur, hvers vegna. Það er svo, að byggingarmeistarar og félög þeirra taka ekki þessi framkvæmdalán í svo miklum mæli sem maður gæti haldið, að þeir mundu gera. Þá er enn fremur talað um, að það sé nauðsynlegt, að rekstrartækni í byggingariðnaðinum sé bætt, rekstrartækni m. a. þessara fyrirtækja, sem ég er að tala um, og þau gætu þá sem bezt hagnýtt sér þá sérfræðiþekkingu, sem fyrir er í þessu landi. Staðreyndin er sú því miður, að tengsl rannsóknastarfsemi og akademísks starfs eru allt of lítil við atvinnulífið, og á það hefur verið minnzt hér áður í dag, að úr því þyrfti að bæta. Það er brýn þörf, að það skapist ekki eitthvert stórt bil, gjá á milli þessara hópa í þjóðfélaginu, og það þarf að vinna svo og byggja upp löggjöfina, að hver viti af öðrum og að í svo litlu þjóðfélagi geti allir starfskraftar nýtzt sem bezt. Þess vegna minnist ég á aukna hagnýtingu á sérfræðiþekkingu í þágu byggingariðnaðarins, að þeir sérfræðingar, háskólalærðir menn, sem starfa á rannsóknastofnunum, sem starfa við Háskólann og á öðrum vettvangi, sem er ekki í beinum tengslum við byggingariðnaðinn, þyrftu að nálgast hann betur og þyrftu að nýtast betur í þágu þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem stunda þennan atvinnurekstur.

Ein hugmynd í þessu máli, húsnæðismálunum, er kannske ofar flestum öðrum, hugmynd, sem komið hefur fram frá m. a. ráðstefnu, sem haldin var á vegum Sjálfstfl. um húsnæðismál hér fyrir 2—3 árum síðan. Hún gengur út á það, að stofnaður verði nýr flokkur spariinnlána við innlánsstofnanir, sem „veiti innlánaaðilum forgangsrétt til byggingarlána, enda verði komið á almennu verðtryggingarkerfi", eins og segir í þessari ályktun ráðstefnunnar. Ég tel þessa hugmynd mjög athyglisverða, að veita því fólki forgang til byggingarlána, sem hefur lagt fé inn í innlánsstofnanir, lagt fé þar inn sem sparifé og það mundi þjóna því hvoru tveggja að stuðla að auknum sparnaði í þessu landi og gæti hugsanlega orðið einn liðurinn í því að draga úr verðbólgunni og svo hins vegar að veita því fólki, sem sýnir slíkt fordæmi, forgangsrétt til lánanna, þegar að því kemur, að það þurfi að fara að koma sér upp sínu eigin húsnæði.

Eitt af því, sem hefur verið mest áberandi í húsnæðisbyggingarmálum Íslendinga, er, hversu einstaklingarnir eða húsbyggjendurnir hafa tekið ríkan þátt sjálfir í að byggja húsin, það hefur fólkið gert í sínum frítímum og unnið hörðum höndum að byggingu hússins, húsbóndinn og húsmóðirin, börnin, jafnvel vinir og vandamenn, og það hefur satt að segja oft sett mjög sérkennilegan og skemmtilegan blæ á þau fjölmörgu hverfi, sem hafa risið hér upp í Reykjavík á síðustu árum, að sjá hið iðandi líf um helgar og á kvöldin þessa fólks, sem þannig vinnur að sínum eigin húsbyggingum. Nú er það aftur rétt, að það er slæmt, að fólk þurfi

að slíta sér út og eyða frítíma sínum í það að hýrast niðri í húsgrunnum og þræla sér kannske út með þeim afleiðingum að sitja uppi með magasár loksins þegar það kemst inn í stofuna. Enda þótt það hljóti að vera tilfinningalega afskaplega skemmtilegt fyrir fólk að geta þannig raunverulega byggt hús sín sjálft, þá er það um leið slæmt, ja, bæði heilsunnar vegna og eins líka vegna hins, að fólk nýtur að sjálfsögðu ekki á meðan annarra þátta í menningarlífi, menntalífi og öðru, sem það ella gæti notið í sínum frítímum. Um leið og ég hef ekkert í sjálfu sér á móti því, að fólk geti unnið að eigin húsbyggingum og ætti jafnvel að geta gert það þannig, að það fái þá eigin vinnu til frádráttar við skattframtal, sem er nú reyndar ekki lengur hægt, þá þyrfti að stuðla að einhvers konar hagræðingu og einhvers konar fyrirgreiðslu á þann máta, að það drægi úr þeirri óskaplegu nauðsyn, sem er á því í dag, að einstaklingarnir stundi svo mikið eigin íbúðarbyggingu. Þetta er þjóðfélagslegt vandamál, vildi ég segja, sem hefur sína kosti og sína galla, sem dregur ekki úr þeirri meginstefnu, að fólkið eignist sínar eigin íbúðir, en er þó fyrir hendi engu að síður, og þyrfti vissulega að finna leiðir út úr þeim ógöngum, ef svo má að orði komast.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að lánveitingar til eldri íbúða hækki úr 50 millj. upp í 70 millj. Að vísu er þar ekki um verulega hækkun að ræða miðað við þá heildarupphæð, sem þessi byggingarsjóður lánar á ári hverju. En þetta er að vísu spor í rétta átt, og ég tel hiklaust, að það eigi stórkostlega að auka lánveitingar til eldri íbúða, það eigi að auðvelda fólki í gegnum lánakerfið að kaupa eldri íbúðir. Þetta er augljóst, þegar við lítum yfir bæi og borg hér á landi, þegar við sjáum, hvernig þróunin er, ávallt á þá leið, að bæirnir þenjast út, ný hverfi rísa á sama tíma sem eldri hús standa jafnvel auð eða þá kannske með eina eða tvær manneskjur. (**Forseti:** Ég vil nú öðru sinni fara þess vinsamlega á leit við hv. ræðumann, að hann geri hlé á *máli sínu og að frestað verði um stund umr. um þetta* mál, ef hann getur á það fallizt, einkum ef hann á eitthvað að ráði eftir af ræðu sinni.) Já, já, ég er ekki farinn að sjá fyrir endann á þessum ræðuflutningi, en ég vil hafa gott samstarf við forseta. Hefur hann óskað eftir því, að ég . . .? (**Forseti:** Já, ég væri hv. ræðumanni þakklátur fyrir það að verða við þeim tilmælum. Þá er umr. um málið frestað og það tekið af dagskrá.) [Frh.]

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ellert B. Schram [frh.]: Herra forseti. Þetta er nú í þriðja skiptið, sem ég kem hér upp í pontuna í einni og sömu ræðunni. Þegar ég kom hér í annað skiptið, taldi ég rétt, af því að ég er óvanur því að láta marga tíma líða á milli upphafs og endis ræðu minnar, að rifja upp það, sem ég hafði sagt í upphafi ræðunnar, og gerði það hér áðan til þess að undirstrika ýmis grundvallarsjónarmið í þessu máli. Ég skal ekki þreyta þingheim á því að fara mörgum orðum um það aftur, sem ég er búinn að segja hér áður, en ég lofa því nú ekki, að ég komi ekki inn á það kannske svona í bland um leið og ég held áfram máli mínu, þar sem frá var horfið.

Ég var kominn þar ræðu minni, að mér þótti ástæða til þess, úr því að þessi mál ber á góma hér í þd., að fara nokkrum almennum orðum um húsnæðismálin og víkja að ýmsum hugmyndum, sem upp hafa komið til úrbóta og framfara á þessum vettvangi. Ég hef í þessu sambandi bent á, hverjar hafi verið frumorsakir að margra áliti fyrir háum húsnæðiskostnaði. Þar væri um að ræða fjármagnsmyndun og lánakerfi, sem verkaði ekki örvandi á viðleitni fólks til lækkunar, það væri verðbólga og skortur á verðvitund almennings og enn fremur væri þar um að ræða skort á valmöguleikum fólks til arðbærrar eignamyndunar, sem þyddi það, að almenningur festi fé í íbúðarhúsnæði, sem leiddi aftur til of mikillar eftirspurnar umfram framboðið á þessum vettvangi. Allt stuðlaði þetta að mjög örum verðhækkunum á fasteignum, verðhækkunum, sem eiga sinn stóra þátt í þeirri verðbólguskrúfu, sem mjög gætir hér á landi, og sú verðbólga og þær verðhækkanir, sem við verðum varir við, kemur jafnvel verst niður, þar sem fasteignir eru annars vegar, vegna þess að það er einmitt eitt af fyrstu verkum ungs fólks, sem stofnar til hjúskapar, að reyna að koma sér upp eigin húsnæði. Þetta stórkostlega þjóðfélagslega vandamál er nokkuð, sem við þurfum að horfast í augu við og ráða bót á, og ég tel fullt tilefni til þess að vekja athygli á því í umr. um svo veigamikið mál sem hér er á dagskrá.

Ég hef jafnframt vakið athygli á því í þessum umr., að þrátt fyrir það, að það væru ummæli margra hv. stjórnarsinna, að stuðla bæri að því, að fólk gæti komið sér upp eigin húsnæði og það skyldi búa í eigin íbúðum, þá væri stefna þeirra á mörgum sviðum nú í vetur þveröfug, sem sé sú að bera fram tillögur og lögfesta ýmis ákvæði, sem leiddu til þess eða hlytu að verka þannig, að það letti fólk, en ekki hvetti til að festa kaup á eigin húsnæði.

Ég hef líka vakið athygli á því og fjallað um, hversu þýðingarmikið það er í byggingariðnaðinum, að einstaklingar, byggingarmeistarar og félög á þeirra vegum *fái svigrúm til þess að stunda sinn atvinnurekstur*, og það sé farsælt fyrir byggingariðnaðinn í heild, fyrir húsnæðismálin sem slík, að hin frjálsa samkeppni og hinn frjálsi atvinnurekstur fengi að athafna sig á þessum vettvangi, því að reynslan væri sú, að það leiddi til þess, að verðlagi væri þó haldið nokkuð í skefjum og byggingarkostnaður væri í lágmarki. Þetta hefur sannazt, þegar gerður er samanburður annars vegar á þessum frjálsa atvinnurekstri, sem ég er að tala um, og hins vegar á framkvæmdum þeim, sem gerðar hafa verið á vegum hinnar svonefndu Breiðholtsáætlunar. Bæði kom í ljós við þann samanburð, að byggingarkostnaður var sízt hærri, jafnvel lægri hjá einstaklingunum, og hitt var líka staðreynd, að þau hús, einkum fjölbýlishús, sem einstaklingarnir byggðu, voru allajafna betur frágengin og uppfylltu gæðakröfur betur en sú fjöldaframleiðsla, sem fram fór á vegum Breiðholtsáætlunarinnar. Með þessum orðum var ég ekki að gera lítið úr þeim tilraunum, sem gerðar voru í nafni þessarar framkvæmdanefndar Breiðholtsáætlunar, þeim tilraunum, sem áttu og hafa stuðlað að því, að efnalítið fólk kæmist inn í eigin íbúðir með hagkvæmum kjörum. Og það hefur líka reynslan og sagan sýnt okkur, að eftirspurn hefur verið mjög mikil eftir þessum íbúðum í Breiðholtinu, þannig að þörfin var fyllilega fyrir hendi og fólk hefur kunnað að meta þau lánskjör, sem þarna

var boðið upp á, og að því leyti hefur þessi tilraun heppnazt. Ég hef hins vegar haldið og tala þá kannske sem Reykvíkingur, að það hefði verið skynsamlegt að dreifa þessum byggingarframkvæmdum víðar og einskorða þær ekki svona næstum því eingöngu við Reykjavík. Í því sambandi hefur verið vakin athygli á því, að það sé ekki hyggilegt út frá félagsfræðilegum sjónarhóli að safna saman á einum og sama stað í nánast einu og sama húsinu, fólki, sem væri efnalítið og ætti kannske í erfiðleikum. Það gæti leitt til þess, að hverfið fengi á sig ákveðinn stimpil, hvort sem hann væri með réttu eða röngu á það hverfi settur, og skapaði andrúmsloft og almenningsálit, sem væri kannske ekki heppilegt. Þetta sjónarmið hefur komið fram og á rétt á sér, og ég tel, að þó að e. t. v. verði ekki aftur snúið með þær ráðagerðir, sem nú eru uppi um áframhaldandi framkvæmdir í Breiðholtinu, þá sé þetta til athugunar og til varnaðar, ef menn hafa þessi félagsfræðilegu sjónarmið í huga.

Þegar ég tala um hinn frjálsa atvinnurekstur og hina einstöku byggingarmeistara og nauðsyn þess, að þeir eigi sér tilveru áfram, þá er ég ekki að segja, að það megi ekki margt bæta hvað þá snertir, og mér er ljóst, að viss vandkvæði eru á því að hafa mjög smáar rekstrareiningar í byggingariðnaðinum sem annars staðar. En þeir geta vissulega þrifizt, þeir geta átt sér tilveru, þessir einstaklingar, sem af dugnaði hafa staðið í þessum atvinnurekstri um árabil, en sækja inn á þessi mið, enda þótt gerðar verði einhverjar breytingar, sem væru þá í því fólgnar, að meira samstarf yrði þeirra á milli, t. d. í framleiðslu byggingarvara eða framleiðslu byggingartækja. Þeir geta haft meiri samstöðu á þann hátt að nýta sér sérhæfingu og þeir gætu haft meiri samvinnu við byggingu fasteigna sinna og sölu á þeim. Þannig gætu þessir aðilar á þessum vettvangi eins og annars staðar starfað á þann hátt, að þeir gætu haft samstarf og samvinnu, en áfram rekið sín fyrirtæki í krafti síns dugnaðar og síns framtaks, þannig að við nýttum hæfileika hvers eins, þó að við jafnframt færðum okkur í nyt kosti þess að hafa samvinnu og samstarf á þessu sviði eins og annars staðar.

Ég skal ekki víkja hér að afkomumöguleikum slíkra fyrirtækja, t. d. hvað snertir fjármagnsmyndun, sjóðsmyndun eða það skattkerfi, sem þau búa við, en vissulega voru þær breytingar, sem gerðar voru á skattalögunum í vetur, ekki til þess fallnar að bæta afkomumöguleika þessara fyrirtækja frekar en annarra, og þá á ég við t. d. ákvæðin um arðinn af hlutafénu og möguleika til þess að leggja fé til hliðar í varasjóði.

Þá er ég kominn að því atriði, sem ég tel vera skýringuna á því mikla kappi, sem lagt er á að þvinga þetta mál hér í gegnum deildina, og þar á ég við ákvæðin, sem fjalla um yfirstjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Reyndar var gert ráð fyrir því upphaflega í þessu frv., að breyta skyldi líka um skipan stjórna verkamannabústaða í sveitarfélögum, en horfið hefur verið frá því. Sumir segja, að horfið hafi verið frá því eftir mikið samningamakk og baktjaldamakk hjá stjórnarsinnum, þar sem reyndar hver höndin hafi verið uppi á móti annarri. Um það skal ég ekki segja, en vissulega er það einkennilegt að draga út úr þessu frv. þetta ákvæði um stjórnir verkamannabústaða, en láta önnur standa og leggja áfram kapp á, að þau komist í gegn, eða hvaða tilefni er til þess að kippa þessum ákvæðum út og láta þau bíða? Er einhver minni ástæða fyrir þeim breytingum, sem þessi ákvæði gera ráð fyrir, heldur en hinum? Var ekki að mati hæstv. félmrh. nauðsynlegt, að þetta mál kæmist allt í gegn, eins og það liggur fyrir og venja er, þegar frv. eru lögð fram? Maður verður að ætla, að þetta frv. hafi verið undirbúið að undirlagi hæstv. ráðh., hann hafi samþykkt frv. og lagt blessun sína yfir, að það færi í gegn, og þess vegna kemur það spánskt fyrir sjónir, að hér í miðri afgreiðslu þingsins á þessu frv. er skyndilega fallizt á að kippa út einu ákvæði, en ekki öðru. Við sjálfstæðismenn höfum lagt áherzlu á það, að þetta mál mætti bíða og gæti beðið, ekki aðeins ákvæðin um stjórn verkamannabústaða, heldur líka ákvæðin um stjórnina hjá Húsnæðismálastofnuninni og ákvæðin um vísitölubindinguna. Og ég leyfi mér að inna eftir því, hvaða rök séu sérstaklega fyrir því að kippa þessum ákvæðum út, en ekki öðrum. Hvaða munur er á þessu? Hvað veldur því, að allt í einu er farið að breyta þessu svona? Af hverju er ekki hægt að taka tillit til þessara sjónarmiða stjórnarandstöðunnar og láta málið bíða, eins og það var lagt fram í heild sinni? Og ég get satt að segja ekki séð, hvernig ráðh. getur verið fullsæmdur af því að leggja málið fram og vera síðan að krukka svona í það samfara einhverju baktjaldamakki í stjórnarherbúðunum. (Gripið fram í.) Það er kannske ekki meiri alvara á bak við þetta en svo, að hægt sé að krukka í þetta og færa þetta til, og í sjálfu sér ekkert athugavert við það, þó að það séu gerðar brtt., en hér er ekki um að ræða neinar brtt. Hér er bara fallizt á það á milli funda að fresta framkvæmd og samþykkt á ákveðnum ákvæðum. Það er ekki þingið sem slíkt, sem hefur tekið þá ákvörðun. Það eru einhverjir menn hér í einhverjum hliðarsölum, sem hafa tekið þessa ákvörðun. Það hefur ekki verið borið undir þessa deild.

En þá er komið að stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Hv. 11. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson, rakti hér fyrr í dag, hvernig hæstv. ráðh. hefði hringlað með stjórn þessarar stofnunar á sínum valdatíma bæði fyrr og nú, og ég verð að segja, að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. Ég vissi, að hæstv. ráðh. hafði gert breytingar á frv. á sínum tíma, hvað stjórnina snertir, en ég vissi ekki, að þetta lægi svona augljóslega fyrir, tilhneigingar hans til þess að sölsa undir sig völdin í þessari stofnun með því hreinlega að breyta alltaf lögum um stjórn þessarar stofnunar sitt á hvað eftir eigin geðþótta og ávallt í þeim anda að breyta valdahlutföllum í þessari stofnun, sem hann þó vill halda fram, að eigi ekki að hafa nein völd, raunveruleg og stjórnmálaleg.

Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að fækkað sé í húsnæðismálastjórn í sex menn. Það er nú niðurstaðan að fækka skuli úr átta mönnum í sex. En nú skipta tölur í sjálfu sér ekki máli í þessu sambandi. Ég get ekki skilið, hverju það breytir, hvort það sitja sex menn eða átta menn í stjórn Húsnæðismálastofnunar. Ef það er eitthvert sparnaðarmál, þá legg ég lítið upp úr því að spara laun tveggja stjórnarmanna á þessum vettvangi. Annað eins hefur nú skeð að skipa nefndir og ráð og launa það allt saman upp úr og niður úr, og ég hef ekki séð nein rök fyrir því að breyta allt í einu tölu þessara stjórnarmanna. Það er engin skynsamleg skýring á því

önnur en sú, sem ég kem að hér á eftir. Efnislega get ég ekki séð, að það sé nein þörf á því að fækka í þessari stjórn. Nú hefur hins vegar hæstv. ráðh. gefið í skyn, að það þyrfti að breyta stjórn Húsnæðismálastofnunar á þann veg, að menn væru þar ekki með pólitískt þukl, eins og hann orðar það, og hann hefur talið eða gefið í skyn, að slíkt þukl væri viðhaft á þessum vettvangi. Ef hæstv. ráðh. á við, að óeðlilegt sé, að stjórnmálamenn séu að notfæra sér aðstöðu sína í slíkum stofnunum, misnota hana með þeim hætti að vera að ota sínum mönnum fram og þeirra hagsmunum á kostnað annarra og fram hjá reglum, ef hann á við þetta, er hann talar um pólitískt þukl, þá er ég honum alveg hjartanlega sammála. Ég er hjartanlega sammála því, að slíkt á ekki að viðgangast, hvorki á þessum stað né öðrum. Og ég tel, að reglurnar um lánveitingar úr Byggingarsjóðnum séu það skýrar, að ekki þurfi neitt pólitískt mat eða stóra stjórn til þess að vega það og meta. Þar er ég líka sammála ráðh., ef hann hefur átt við það. En hins vegar er það mín trú, að stjórn þessarar stofnunar hafi ekki haft pólitísk afskipti af lánveitingum nú í alllangan tíma. Ég vil ekki trúa því, og ég hef enga ástæðu til þess að halda það. Ég hef fylgzt með mörgu fólki, sem sækir um lán til þessarar stofnunar, og það hefur gengið fyrir sig með eðlilegum og réttmætum hætti, og ég hef ekki orðið var við, að neinn hafi beitt sér eða viljað beita sér pólitískt til þess að fara fram hjá reglum, af því að viðkomandi lánsumsækjandi tilheyri einum eða öðrum stjórnmálaflokki. En þessi stjórn hefur að sjálfsögðu mörg önnur verkefni heldur en það að vera með puttana í lánveitingunum, ef einhver heldur, að hún geri það. Á það hefur verið bent af núverandi húsnæðismálastjórn, að verkefnin eru orðin mörg og miklu víðtækari og svo mörg og margþætt, að það er fráleitt að sjálfsögðu, að tala um, að hægt sé að hafa yfirstjórnina þannig á þessari stofnun, að það sé einhver maskína, einhverjir embættismenn í einhverri veðdeild í Landsbankanum, síður en svo. Ég held, að óþarfi sé að fara mörgum orðum um þau sjónarmið. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að það sé stjórn, hvort sem það eru sex eða átta menn eða fleiri eða færri á þessari stofnun, til þess að móta einmitt heildarstefnuna í þeim verkefnum, sem Húsnæðismálastofnun hefur til meðferðar og undir hana heyra.

Um leið og ég endurtek það, að ég er á móti pólitísku þukli í þeim skilningi, sem ég hef útskýrt hér, þá held ég samt, að rétt sé, að yfirstjórn slíkrar stofnunar beri pólitíska ábyrgð og slík stjórn sé ekki eingöngu og einasta sett í hendur embættismanna, sem ekki bera neina ábyrgð gagnvart kjósendum, gagnvart fólkinu. Ég held, að það sé svo með þessa stofnun eins og flestar aðrar, ef ekki allar aðrar, að þær þurfa að heyra undir pólitíska stjórn hvað heildarstefnu snertir, og ef eitthvað fer úrskeiðis, þá er hægt að sækja þessa pólitískt kjörnu yfirstjórn til saka og til ábyrgðar á misgerðunum. Þess vegna get ég fyrir mitt leyti ekki fallizt á þá brtt., sem fram kemur frá hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasyni, þar sem hann gerir ráð fyrir því í sinni brtt., að í húsnæðismálastjórn eigi sæti þrír menn, einn tilnefndur af félmrh. og sé hann formaður, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af Alþýðusambandi Íslands. Ef hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að vera pólitísk stjórn á Húsnæðismálastofnuninni, þar eigi ekki að viðgangast pólitískt þukl, og ef hann álítur, að það viðgangist, þá mundi ég halda, að hann ætti að styðja þessa tillögu frá Bjarna Guðnasyni. Það hefði verið rökrétt. (**BGuðn:** Vill ekki hv. þm. endurtaka þetta?) Það er sjálfsagt að endurtaka, hvar á ég að byrja? Nei, ég var að fara hér yfir þær tillögur, sem lagðar hafa verið fram um breytingar á Húsnæðismálastofnun ríkisins, og ég var að fjalla um það, að ég teldi, að slík stofnun ætti að heyra undir pólitíska stjórn, en ef hæstv. félmrh. væri þeirrar skoðunar, að svo væri ekki, og ef hann væri þeirrar skoðunar, að þarna viðgengist misnotkun á pólitísku valdi, þá ætti hann að styðja þá tillögu, sem kemur frá hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasyni, sem stefnir í þveröfuga átt og út af fyrir sig er sjónarmið, sem ég get ekki fallizt á, en á alveg fyllilega rétt á sér. Og þá hefði ég haldið, að það væri miklu mennilegra og hreinskilnislegra af hæstv. ráðh. að ganga alla leiðina, en vera ekki að leggja til að fækka um tvo menn í stjórninni, gera enga eðlisbreytingu á stjórninni, en vera á sama tíma að tala um, að það sé pólitískt þukl á ferðinni og að afnema eigi pólitíska ábyrgð á þessum stað. Staðreyndin er nefnilega sú, að hér er að mínu viti á ferðinni siðleysi. Ég nota því miður þetta sterka orð. Ég held, að hér sé á ferðinni pólitískt siðleysi, sem ég held, ef ég man rétt, að hinn nýi flokkur SF hafi fordæmt hvað mest í þessu þjóðfélagi með réttu eða röngu og telji sig raunar hafa því hlutverki helztu að gegna að reyna að afnema það. En þegar ég segi og kalla þetta pólitískt siðleysi, þá á ég við það, að hér kemur tillaga frá hæstv. félmrh., sem er formaður í ákveðnum stjórnmálaflokki, tillaga um það að fækka um tvo í stjórn Húsnæðismálastofnunar og fá þannig tilefni bæði til þess að breyta um menn í stjórninni og kjósa upp á nýtt, þannig að valdahlutföll breytast. Hann gerir enga tillögu um neina efnisbreytingu, um neina grundvallarbreytingu á stjórn þessarar stofnunar. Hann gengur ekki eins langt og hv. 3. landsk. þm. mælir með. Nei, hann gerir einfaldlega þessa litlu breytingu, að fækka um tvo menn, og leggur fram frv. til þess að hægt sé að kjósa upp á nýtt í þessa stjórn. Og til hvers er þetta gert? Það skyldi þó ekki vera gert til þess að fá einhver völd í þessari stjórn, til þess að geta kannske ástundað eitthvert pólitískt þukl? Ég bara spyr: Hvað á maður að halda? Og hér í þinginu er verið að velta vöngum yfir því, hvort þessi flokkurinn eða hinn flokkurinn fái menn inn í þessa stjórn áfram þrátt fyrir þessar skoðanir hæstv. ráðh.

Því miður held ég, að það búi ekki að baki því kappi, sem lagt er á, að þetta mál fari í gegn, það búi ekki á bak við það sá hugur, að það þurfi að breyta einhverjum grundvallaratriðum í húsnæðismálum okkar. Það liggur ekkert á að koma vísitölubindingunni eða afnámi hennar í gegn. Það eina, sem skiptir máli greinilega, þegar maður skoðar þetta niður í kjölinn, er að breyta stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar, breyta þannig, að fækkað er um tvo menn, að hægt er að kjósa upp á nýtt og hæstv. félmrh. hafi tækifæri til þess að tilnefna formanninn. Og það verður mjög fróðlegt, ef þetta frv. fer í gegn, að sjá, hvernig sú skipan fer fram.

Herra forseti. Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Ég hefði nú viljað koma inn á margt fleira, ræða um þessi mál á víðari grundvelli og fitja upp á ýmsum öðrum málum, en sé ekki ástæðu til þess að vera að þreyta þd.

á löngum ræðuhöldum, fæ kannske tækifæri til þess síðar að koma ýmsum öðrum sjónarmiðum á framfæri, en niðurstaða mín af þessu spjalli, þessum fátæklegu hugleiðingum er sú, að það liggi ekkert á að koma þessu máli í gegn, það sé engin knýjandi þörf á því önnur en sú, að einhver ákveðin öfl vilji fá sína menn inn í þessa stjórn í staðinn fyrir einhverja aðra. Og svo segi ég að lokum: Ég hef talað hér í langan tíma og haldið uppi málþófi, og ég er ekkert feiminn við að viðurkenna það, vegna þess að ég er ekki að setja fótinn fyrir það, að vísitölubindingin sé afnumin. Ég vil ekki setja fótinn fyrir það, að einhverjar jákvæðar og almennilegar breytingar séu gerðar á húsnæðismálalögunum. En ég er á móti því, þegar hér eru lögð fram frv. og á að knýja þau í gegn í þeim eina tilgangi að breyta valdahlutföllum í ákveðinni stofnun í þessu þjóðfélagi, vegna þess að það er hægt að geta í það, til hvers sá leikur er gerður. Og ég á erfitt með að sætta mig við, að hæstv. ráðherrar leiki þann leik að segja hér í ræðum á þingi, að þeir séu á móti pólitísku þukli og þeir vilji breyta í grundvallaratriðum skipan á stjórn þessarar stofnunar, en á sama tíma leggi þeir fram tillögur, sem engu breyta öðru en því, að þeir augsýnilega fá völdin í sínar hendur.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal ekki halda neitt líkt því jafnítarlega ræðu um húsnæðismál og gert hefur verið við þessa umr., enda þótt ég viðurkenni fúslega, að þetta eru einhver alveigamestu mál, sem við hér á Alþ. þurfum að eiga við, og sannleikurinn er sá, að mér finnst, að löggjöf um húsnæðismál, bæði Húsnæðismálastofnun og önnur mál, sem eru skyld, eigi í raun og veru að vera alltaf í endurskoðun og sé þess eðlis, að hún hljóti alltaf að vera í endurskoðun á einn eða annan máta.

Mér finnst, að í þessu frv. séu tvö meginatriði, sem ég geri ekki lítið úr. Það er að hækka framlög til kaupa á eldri íbúðum, — þó að ekki sé nema um 20 millj., það er þó í rétta átt, — og svo auðvitað afnám vísitölubindingarinnar, sem er mjög þýðingarmikið mál, eins og bent hefur verið á í þessum umr. Þessi tvö mál, þó að ekki kæmi annað til, eru þess eðlis, að ég get ómögulega látið það vera að standa með frv.

Þá hefur komið fram tillaga um breytingu á 5. gr. varðandi stjórnir verkamannabústaða, sem ég felli mig vel við, en eftir stendur 1. gr. frv., sem mjög hefur verið til umr. hér, um það að fækka um tvo í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Þessi fækkun finnst mér ekki þurfa að vera neitt höfuðatriði. Ég get ekki með nokkru móti, eins og komið hefur fram í þessum umr., komið því að, að þetta sé neitt höfuðatriði. Hitt tvennt, sem ég nefndi áður, hljóta að vera höfuðatriðin. Og þegar við lítum á mál eins og þessi, þá verðum við að reyna að greina á milli þess, hvað eru höfuðatriði og hvað eru aukaatriði. Ég veit ekki, hvað liggur að baki þessari hugmynd að fækka í stjórn Húsnæðismálastofnunar. En hitt veit ég, að það hefur verið venja hér undanfarin ár að leggja nokkuð upp úr því, að allir þingflokkar hefðu möguleika til þess að hafa fulltrúa í jafnveigamikilli stofnun eins og hér er um að ræða. Og ég tek undir það með hv. þm. Ellert Schram, að mér finnst, að stjórn þessarar stofnunar eigi að vera þingkjörin, en ekki bara embættismannastjórn. Af þessu höfum við leyft okkur að flytja hér skrifl. brtt., hv. þm. Karvel Pálmason, Þórarinn Þórarinsson, Sigurður Magnússon og ég, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í húsnæðismálastjórn eiga sæti átta menn, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands."

Breytingin er sem sé engin önnur en sú, að í staðinn fyrir að fimm eru kosnir af Alþ. yrðu sjö kosnir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 913) fengust ekki sökum of lítillar þátttöku.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Þar sem ekki eru nægilega margir hv. þm. viðstaddir til þess að veita afbrigði, þá ætlum við flm. að taka till. til baka til 3. umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. lýsti hér áðan till. um breytingu á 1. gr. þessa frv., þ. e. um breytingu á fjölda manna í stjórn Húsnæðismálastofnunar. Þegar ég sá þessa tillögu, fannst mér þeir hv. þm., sem flytja brtt., fara rétt að hlutunum að hverfa til þess, sem nú er í dag, að stjórn Húsnæðismálastofnunar skipi átta menn, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. En ég held, að það hljóti að vanta örlítið á tillöguna hjá hv. þm. Þess vegna er ég með brtt. við brtt. um það, að 5. gr. frv. falli niður, því að í tillögu meiri hl. heilbr.- og félmn., ef ég man rétt, þá er lagt til að fella niður 4. gr. frv. og þann hluta 5. gr., sem á við 4. gr. Ég held, að ég fari rétt með. Ég er að vísu ekki með tillöguna hér. Þegar þessir ágætu hv. þm. hafa flutt tillögu um það, að húsnæðismálastjórn skuli skipuð jafnmörgum mönnum og er í dag, þá vantar auðsjáanlega á þessa tillögu það, ef brtt. heilbr.- og félmn. verður samþ., þá vantar tillögu um, að fyrri hluti greinarinnar falli niður, því að í stjórn Húsnæðismálastofnunar í dag sitja átta menn, og þegar komin er tillaga um, að sú tala skuli vera óbreytt, þá veit ég ekki betur en þeir menn, sem kosnir voru fyrir tveimur árum, eigi enn ólokið tveimur árum af umboði sínu sem stjórnendur Húsnæðismálastofnunar. **(Félmrh.:** Nema Alþ. ákveði annað.) Nema Alþ. ákveði annað. Það er alveg hárrétt, sem hæstv. ráðh. sagði. En að óreyndu ætla ég að halda, að þessir ágætu hv. þm. hafi nú verið að koma þessu frv. í það horf, sem það raunverulega hefði átt í að vera, þ. e. að aðeins væru fluttar 2. og 3. gr. frv. Frv. væri flutt að slepptum 1., 4. og 5. gr.

Ég er með brtt. við brtt., en þar sem fyrri brtt. hefur verið dregin til baka, vil ég spyrja hæstv. forseta, hvað menn geri undir slíkum kringumstæðum. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni, ef forseti vill athuga málið örlítið. Ég skil, að það getur oft komið fyrir hjá forsetum, að þeir þurfa örlítið að kíkja á þingsköp og sjá, hver fordæmi eru fyrir slíkum málum, og sízt sæti á mér að gera ekki slíka hluti. Ég hef sjálfur setið í forsetastól og notið lipurðar og góðs samstarfsvilja þm. En brtt. mín er á þá lund, — ég flyt hana ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 10. þm. Reykv., — hún er á þá leið, að við brtt. þeirra fjórmenninganna, sem hv. 2. landsk. þm. lýsti hér áðan, komi, að 5. gr. frv. falli niður. Ég held, eftir því sem ég skil þá tillögu, að þetta hljóti að vanta. Og ég mundi vilja fá að leggja tillöguna fram. Hún er að vísu skrifleg og of seint fram komin, og ég er

reiðubúinn til þess að gera hlé á máli mínu, á meðan forseti athugar, hvernig fara skuli með þá tillögu samkv. þingsköpum.

Forseti (GilsG): Ég vil í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Reykn. aðeins benda honum á það, að sú brtt., sem flutt var hér áðan af Pétri Péturssyni o. fl., hefur verið tekin aftur til 3. umr. og liggur því ekki lengur fyrir. Þar af leiðandi getur ekki verið um það að ræða að flytja brtt. við þá brtt., sem ekki liggur fyrir þinginu að svo komnu máli. Vil ég eindregið fara þess á leit við hv. þm. eða benda honum á, að hann flytji brtt. sína, þegar hin brtt. liggur fyrir. Fyrr getur það ekki orðið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við beiðni forsetans og líta svo á, að tillaga fjórmenninganna hafi verið dregin til baka og sú tillaga, sem ég hér flyt, geti þar af leiðandi ekki komið fram öðruvísi en hún yrði sjálfstæð tillaga, en hún er fyrst og fremst flutt vegna tillögu þeirra fjórmenninganna og getur þar af leiðandi ekki komið fyrr en við 3. umr. Ég verð þá að áskilja mér allan rétt til þess að ræða málið nánar við þá umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 566, n. 827 og 844, 601, 845).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 827 felld með 25:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, IngJ, BK, LárJ, MB, MÁM, ÓE, HJ, PS, RH, SvH, EBS, FÞ, GuðlG, EKJ.

nei: GÞG, HES, HV, JJ, HP, JónasÁ, KP, LJós, MK, MG, PP, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, GilsG, ÁÞ, BGr, BGuðn, SL, SM, EystJ, GS, GíslG.

Brtt. 601 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 21:15 atkv.

Brtt. 845,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 845,2 (4. gr. falli niður) samþ. með 23:1 atkv.

— 845,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 845,4 samþ. með 25 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 23:14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:13 atkv.

Á 86. og 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 928, 601, 913, 914).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti hv. 2. landsk. þm. tillögu, sem hann flytur ásamt þremur öðrum hv. þdm. Á fundinum var ekki hægt að fá afbrigði um þessa tillögu og varð að ráði, að 1. flm. dró tillöguna til baka eða lét sem hann hefði aðeins lýst henni og gert ráð fyrir því, að hún yrði flutt aftur við 3. umr., og hefur tillögunni verið útbýtt hér nú. Þegar ég las þessa tillögu, sýndist mér, að eitthvað vantaði á hana, og ég hugðist því á sama fundi flytja brtt. við þá brtt., en að sjálfsögðu varð ekkert úr mínum tillöguflutningi, þar sem tillaga fjórmenninganna lá aldrei fyrir, og þess vegna flyt ég þessa tillögu hér við 3. umr. ásamt tveimur öðrum hv. þdm.

Tillaga hv. 2. landsk. þm. er á þskj. 913 og fjallar um það, að 1. gr. frv. orðist eins og þar segir: Að skipan húsnæðismálastjórnar skuli vera með þeim hætti, að átta menn eigi þar sæti, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Tillaga hv. þm. er um það, að sú skipan á stjórn Húsnæðismálastofnunar haldist, sem er í dag og hefur verið frá því að lögin voru samþykkt á Alþ. 4. maí 1970, þ. e. sjö menn kosnir af Sþ. ásamt fulltrúa, sem skipaður er af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Það, sem mér fannst vanta á tillögu þeirra fjórmenninganna, var, að 5. gr. frv., eins og hún nú er orðin og samkv. brtt. frá hv. heilbr.- og félmn. var gert ráð fyrir að yrði, það sem eftir væri af 5. gr., sem nú er 6. gr. frv., félli niður. Í frv. er gert ráð fyrir því að breyta skipan húsnæðismálastjórnar og þar af leiðandi er í 5. gr. gert ráð fyrir, að sú breyting hefði leitt til þess, að kosning yrði að fara fram, þar sem gert er ráð fyrir í frv., að fækkað verði í húsnæðismálastjórn úr átta í sex. Þegar þeir hv. alþm. fjórir fluttu tillögu um, að stjórnin skuli vera átta menn, eins og hún er nú, sýndist mér, að vantaði tillögu um niðurfellingu á 6. gr., eins og hún er í dag. Ég vildi mega beina fsp. til hv. 1. flm., hvort ég skil ekki rétt, að hugsun þeirra sé, að þar verði í engu breytt skipun húsnæðismálastjórnar, hún verði áfram skipuð átta mönnum eins og hún hefur verið s. l. tvö ár, og þeir aðilar, sem skipa húsnæðismálastjórnina í dag, endi sitt kjörtímabil 1974, og því mundi hann taka undir brtt. mína og nánast staðfesta, að hér hafi verið um misgáning að ræða af þeirra hálfu. En þar sem 1. flm. talaði fyrir sinni tillögu í gær, en ekki núna, þá veit ég, að hann svarar því úr sæti sínu til þess að tefja ekki umr., hvort ég skil ekki rétt þeirra hugsanagang. (**Gripið fram í:** Nei, það er enginn misskilningur.) Nú, það er enginn misskilningur. Það er þá hugsun flm., að áfram verði sjö manna stjórn eða átta manna stjórn, sjö kosnir af Sþ., og umboð þeirra manna, sem nú gegna störfum í húsnæðismálastjórn, verði fellt niður. (**Gripið fram í:** Alveg rétt.) Og kosin ný sjö manna stjórn. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) — (**Forseti:** Ég áminni þm. Ekkert samtal hér í salnum.) Þessar spurningar voru aðeins bornar fram til að tefja ekki málið eða lengja umr. óþarflega.

Hér við 1. umr. þessa máls ræddi hæstv. félmrh. um skipan Húsnæðismálastofnunarinnar og gerði grein fyrir því, að hann teldi, að í stjórninni ættu allt of margir menn sæti, og ég vildi því aðeins, af því að ég sé, að einn af hans ágætustu stuðningsmönnum er 2. flm. þessarar tillögu, spyrja, hvort ráðh. hefur skipt um skoðun og fallizt á, að þessi tillaga yrði fram borin, ef það mætti verða til samkomulags við einhverja aðila innan þings. Þá er komið í ljós, að hér er verið að flytja tillögu um, að stjórn Húsnæðismálastofnunar sé skipuð jafnmörgum mönnum og verið hefur s. l. tvö ár, en

aðeins gert ráð fyrir því, að umboð núverandi stjórnarmanna verði fellt niður og nýir menn kosnir í staðinn. Ef þetta er virkilega hugsunin og meining flm. og hæstv. ráðh., vil ég fullyrða, að hér eru tekin upp ný vinnubrögð, algerlega ný vinnubrögð, og ég efast um, að sé þingsagan skoðuð, þekkist þetta fyrirbrigði þar. Ég veit, að það þekkist með stjórnarskiptum, að breytt sé í stjórnum ýmissa opinberra stofnana, og þá er ævinlega farin sú leið, sem hæstv. ráðh. ætlar nú að fara og hefur áður farið, að breyta tölu þeirra manna, sem í viðkomandi stjórn sitja, og slíkt kallar að sjálfsögðu á uppkosningu, því að annaðhvort fækkar mönnum eða þeim fjölgar. Þess vegna hefur ráðh., — og ég lét það í ljós við 1. umr. málsins, — þess vegna flytur ráðh. tillögu sína í 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að fækka í húsnæðismálastjórn úr átta í sex. Það er alltaf dálítið viðkunnanlegra að leggja til breytingu, sem kallar svo á afleiðingar, og í þessu tilfelli voru þær uppkosning á stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Það, að stjórnarskipti í landinu kalli á breytingar í stjórnum hinna opinberu stofnana, held ég, að sé afar sjaldgæft, ef þau fyrirbrigði eru til undir öðrum kringumstæðum en þeim, sem ég gat um hér áðan. En ég mun nú víkja að því síðar, hvaða tilfelli það eru, sem mönnum að sjálfsögðu eru efst í huga, þegar hæstv. félmrh. kemur hér með frv. um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins og leggur til fækkun á stjórnarmeðlimum.

Í ræðu hæstv. heilbr.- og félmrh. hér við 1. umr. fjallaði hann nokkuð um pólitísk afskipti af peningamálum, af úthlutun lána og þá alveg sérstaklega pólitísk afskipti í sambandi við húsnæðismálalánin. Eins og hans var von og vísa, vöktu þau orð, sem hann viðhafði, töluverða athygli og hafa orðið landfleyg á nokkrum dögum og vissulega hafa ýmsir tekið undir það, sem ráðh. sagði, í þeirri trú, að það, sem hann segði, meinti hann. En hér kemur allt annað í ljós, þegar þetta mál er skoðað ofan í kjölinn, og við erum nú komnir hér í þessari hv. d. til 3. umr. og sjáum, hvern endi þetta mál virðist raunverulega eiga að hafa af hálfu ráðh. og þeirra aðila, sem hann hefur fengið til liðs við sig. Í þessari ræðu sinni, sem ég gat um áðan, vék ráðh. að starfsháttum Húsnæðismálastofnunarinnar, húsnæðismálastjórnarinnar, og gaf í skyn, að þar færu fram ákveðnar athafnir. Áður en þær umsóknir væru afgreiddar, sem sú stofnun tekur á móti og lögum samkvæmt á að afgreiða, þá færi fram það sem hann nefndi pólitískt þukl. Hann gaf í skyn, að þannig störfuðu þeir menn, sem gegna stjórnarstörfum hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og kjörnir eru af Alþ. eða tilnefndir af Landsbanka Íslands. Ég geri þó ráð fyrir og ég held, að ég fari með það rétt, til þess að um engan misskilning sé að ræða, að ráðh. hafi þar eingöngu átt við þá aðila, sem kjörnir eru af Alþ., en ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi átt við, að embættiskosni maðurinn væri með slíkt þukl, sem hann nefndi svo. Húsnæðismálastjórn brá skjótt við, og það er einkennilegt, að þeir allir saman, menn sinn frá hverjum stjórnmálaflokki, gera samþykktir varðandi þessi ummæli ráðherrans og lýsa yfir furðu sinni á þeim orðum, sem ráðh. hér viðhafði, og mótmæla harðlega þeim áburði, sem ráðh. var með í þessari umræddu ræðu. Í ræðu sinni sagði ráðh., með leyfi forseta:

„Það er t. d. yfir Húsnæðismálastofnuninni níu manna stjórn“, — á að sjálfsögðu að vera átta — „og vafalaust er það gert til þess, að flokkarnir fái allir aðstöðu til þess að hafa fulltrúa í stjórninni til þess að fara höndum um allar umsóknir um húsnæðismál hvaðanæva að af landinu og þukla þessar umsóknir, auðvitað frá flokkspólitískum sjónarmiðum.“

Og svo heldur ráðh. áfram: „Ég álít, að þetta eigi ekkert erindi inn í húsnæðismálalöggjöfina, og við þurfum sem fyrst að ná samstöðu um að komast hjá þessu formi í þessum þýðingarmikla málaflokki almennings.“

Hann varpaði fram þeirri hugmynd, að þessum málum yrði komið fyrir þannig, að það væru bankarnir, sem fjölluðu um lánaumsóknirnar og ynnu úr þeim, veðdeild Landsbankans eða sérstök veðdeild, sem bankarnir stæðu að. Hins vegar hafði ráðh. engar hugmyndir né tillögur uppi í þessum efnum, og ég fæ ekki skilið, hvað liggur svo mikið á í sambandi við breytingu á stjórn Húsnæðismálastofnunar, þar sem ráðh. lét í veðri vaka, að hann hefði mjög góðar hugmyndir, sem miðuðu að því að fjarlægja, eins og hann orðaði það sjálfur, þetta pólitíska þukl. Ég fæ ekki skilið, hver ástæðan er fyrir því, að stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar er nú breytt á síðustu dögum þingsins. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna ráðh. notar ekki tímann í sumar og fram á haust til þess að koma með þessar hugmyndir, sem hann lét hér í veðri vaka varðandi breytta stjórn á Húsnæðismálastofnuninni, til þess að útrýma öllu þessu pólitíska þukli úr stofnuninni. Ég held, að þeir aðilar, sem setið hafa í stjórn þessarar stofnunar, hafi ekkert það aðhafzt, að ráðh. hafi ástæðu til þess að víkja þeim sérstaklega í burtu, víkja þeim sérstaklega frá, og því hefði frá þessu sjónarmiði verið eðlilegt, ef allt var hér eins og talað var, að ráðh. hefði notað sumarið til þess að gera nýjar tillögur og leggja þær fyrir þingið í haust, tillögur, eins og hann orðaði það, sem hefðu það í för með sér, að allt pólitískt þukl væri fjarlægt úr húsnæðismálastjórninni.

Við meðferð málsins var gerð breyting á 4. gr. frv., en ráðh. hafði einnig lagt til breytingar á stjórn verkamannabústaða í sveitarfélögum. Hann hefur hins vegar fallizt á það, að þessi grein falli niður, og ég geri þá ráð fyrir því, að hann hugsi sér að nota tímann til þess að koma fram e. t. v. með aðrar hugmyndir í sambandi við stjórn þessara mála, ef hann ekki með tíð og tíma og, eins og hann orðaði það sjálfur, að fenginni reynslu á þessari stjórn sannfærist um, að það fyrirkomulag, sem er í lögunum í dag varðandi verkamannabústaðina, sé það, sem æskilegast er. Ég held þess vegna, að það hefði verið skynsamlegast af ráðh. að fallast á það líka, að 1. gr. frv. félli niður og sumarið væri notað, eins og ég gat um hér áðan. En því er ekki að heilsa, og þess vegna er sú tillaga, sem ég minntist á hér áðan, fram komin, því að eins og ráðh. leggur frv. fyrir, mundi dæmið koma þannig út, að þeir flokkar, sem sæti eiga á Alþ., næðu ekki allir fulltrúa í stjórn þessarar stofnunar, en með þeirri brtt., sem hér er flutt, er þessu kippt í lag, ef samþykkt verður. Í tillögu ráðh. kemur fram, hver hans hugsun er í sambandi við þessi mál, og þar leggur hann til, eins og ég sagði áðan, að verði fækkað í stjórninni.

Það hefur verið flutt önnur brtt. við frv. af hv. 3. landsk. þm. þess efnis, að það verði enn fækkað í hús-

næðismálastjórninni, og hann bendir á nýja hugmynd í sambandi við það, með hvaða hætti stjórn þessarar stofnunar skuli vera. Við getum deilt um það, hvort sú hugmynd er að okkar skapi eða ekki, en það er engu að síður hugmynd um breytt form, en ekki aðeins tillaga um að fækka í stjórninni, svo að hægt sé að kjósa upp.

Þegar litið er á tillögu ráðh. um fækkun í húsnæðismálastjórninni og ræða hans hér við 1. umr. skoðuð, er ekki óeðlilegt, að menn renni huganum aftur í tímann, því að svo vill til, að þessi hæstv. ráðh. hefur áður gegnt því embætti, sem hann gegnir í dag, og þar með verið yfirmaður Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Og út frá þeim orðum, út frá þeim hugmyndum og út frá því, sem ráðh. vildi láta menn skilja af ræðu sinni hér við 1. umr., þ. e. burt með allt pólitískt þukl, þá er ekki óeðlilegt, að gerður sé samanburður á því, hvernig stjórn þessara mála var á árunum 1956—1958, þegar hæstv. ráðh. sat í þessum sama ráðherrastól og gegndi embætti sem æðsti maður Húsnæðismálastofnunar. Eitt af fyrstu verkum ráðh. þá var að breyta stjórn Húsnæðismálastofnunar, og það var engin smábreyting. Þessari breytingu lá svo mikið á, að ekki mátti einu sinni bíða samkomudags Alþ. Það varð að gera breytinguna með brbl., og nú skyldu menn halda, að breytingin hefði verið eitthvað í svipaða átt og á sömu nótum og ráðh. talaði hér við 1. umr., að skipan þeirrar vondu stjórnar, sem setið hafði að völdum áður en vinstri stjórnin sú tók við völdum, yrði að breyta, öllu, sem þá hafði verið gert, skyldi breytt og allt pólitískt þukl yrði úr sögunni. Nei, það varð dálítið öðruvísi. Áður en ráðh. tók við embætti sínu, voru fimm aðilar í húsnæðismálastjórninni, og þeir voru kosnir af Alþ., en þetta fannst ráðh. ekki sem allra bezt og hann breytti lögunum í þá átt, að í húsnæðismálastjórn skyldu vera sjö menn. Þá var talið eðlilegra að fjölga úr fimm í sjö, en núna er talið eðlilegra að fækka úr sjö í fimm. Auðvitað breytast hlutirnir og þess vegna geta tillögur manna líka breytzt. (**Félmrh.:** Tímarnir breytast og mennirnir með.) Tímarnir breytast og mennirnir með, alveg rétt, ráðherra, og þessir sjö menn, sem skyldu skipa stjórnina, áttu að vera valdir sérstaklega af ráðh. Það var ekki hugsað, að þessir aðilar væru úr bankanum, né hafði ráðh. þá skoðun, að rétt væri nú að breyta frá því sem stjórnin áður hafði það og þessir aðilar skyldu verða tilnefndir af bankanum og veðdeild Landsbankans eða veðdeild bankanna fengi málið til meðferðar. Nei, það voru sex menn sérstaklega útvaldir af ráðh., sem áttu að sitja í stjórn Húsnæðismálastofnunar, og til viðbótar einn maður eftir tilnefningu Landsbanka Íslands, þ. e. samtals sjö. Þarna er að finna fyrstu viðbrögð hæstv. ráðh. í sambandi við Húsnæðismálastofnunina og þær hugmyndir, sem hann hafði í sambandi við þá stofnun. Það var fjölgað úr fimm mönnum í sjö og þeir skyldu nú ekki aldeilis vera kosnir af löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það skyldi vera ráðh. einn, sem útnefndi þessa menn.

En þetta ástand varði ekki lengi og sjálfsagt hefur ráðh. áttað sig á því, að þarna var gengið einu feti of langt, ef ekki fleirum, og hann breytti aftur stjórn Húsnæðismálastofnunar og það á sama ári, sjálfsagt eftir einhverjar ábendingar, kannske þrýsting aðila, sem bentu honum á, hvernig hér var farið að. Þá hafði líka vinstri stjórnin fundið upp nýtt patent til þess að fyrirbyggja það, að hægt væri að skipa opinberar stjórnir eftir hlutföllum á Alþingi Íslendinga. Það var með þeim hætti, að af fimm mönnum skyldi Alþ. ekki kjósa nema fjóra og ráðh. tilnefna einn. Hefði Alþ. kosið fimm, þá kom það í hlut þess lista, sem Sjálfstfl. lagði fram við kosningu, að fá tvo menn, en með því fyrirkomulagi, sem þarna var fundið, hlaut sá listi aðeins einn mann. Vinstri stjórnin hafði þess vegna möguleika á því að ná fjórum mönnum af fimm með þessu nýja patenti, sem þá var upp fundið.

Ég minni á þetta aðeins til þess að sýna fram á, að hæstv. ráðh. hefur komið hér áður við sögu, og það, sem hann hefur í þessu máli nú verið að gera, er ekkert annað en að endurtaka það, sem hann gerði á tímum vinstri stjórnarinnar 1956—1958, þ. e. að koma inn í þessa stofnun sérstökum puklurum, eins og hann orðaði það sjálfur, til þess að geta komið fram þeim málum, sem hann telur að komið verði fram í gegnum þessa puklara, og svo ætlar hann sjálfur að verða, og verður sjálfsagt, yfirpuklari stofnunarinnar. Þetta er nú mergurinn málsins. Og það skiptir engu máli, hvort það eiga að vera fimm eða sjö í stjórninni, þ. e. sex eða átta með fulltrúa Landsbankans, það skiptir engu máli, hvaða hugmyndir ráðh. hefur sjálfur um skipan stjórnarinnar, um fjölda manna í stjórninni. Aðalatriði málsins er að fá uppkosningu til þess að geta komið sínum puklara, eins og hann hefur orðað það, inn í þessa virðulegu stjórn. Og ég sé, að einn af flm. tillögunnar kinkar kolli.

Ráðh. vék að því í upphafi ræðu sinnar, að þessar stofnanir ættu ekki að vera með einhverju pólitísku marki brenndar og það ætti að koma þessari stofnun þannig fyrir, að starfsmenn banka færu með það vald, sem lögin gerðu ráð fyrir að þessi stofnun hefði, og pólitískt þukl yrði þurrkað út. En eru þessar starfsaðferðir ráðh. til þess fallnar, að það, sem hann talar um, að hann vilji gera, muni verða? Mér sýnist, að farið sé algerlega öfugt að. Í húsnæðismálastjórnina eru kosnir af Alþ. sjö menn í dag. Þeir eru puklarar fjögurra pólitískra flokka, eftir því sem ráðh. sagði, og hans hugsun er að bæta puklara eins flokksins við í viðbót. Einhvern tíma hafði maður nú heyrt um það, að þessi flokkur og ýmsir af hans ágætu forustumönnum væru nú hreint ekki á þeim buxunum í íslenzku stjórnmálalífi að hafa einhver pólitísk áhrif á gang mála eða pólitísk afskipti, að þeir ætluðu sér að vera nú með í þeirri spillingu, sem hefði verið á undanförnum áratugum, þann tíma, sem þeirra flokkur hefði ekki verið til. Nei, þökk fyrir, drengir mínir. Það stóð nú alls ekki til, að þeir ætluðu sér að fara að taka þátt í öllu svínaríinu. Þetta var áður en komið var hér inn í sali Alþingis. (**Gripið fram í:** Þeir hafa ekki aðeins verið að pukla, heldur bara káfa.) Vel má vera, að puklið eigi að byggjast á því, að það sé veitt aðhald, ég skal ekkert um það segja. Það vita þeir, sem að því ætla að standa, með hvaða hætti þeir hugsa sér það.

Hér á Alþ. hefur það verið töluvert rætt á síðustu árum, með hvaða hætti stofnanir og stjórnir þeirra skuli kosnar og hvernig kjörtímabil þessara stjórna skuli vera. Og það hefur einmitt verið uppi sú stefna að gera þessar stofnanir sem sjálfstæðastar. Engu að síður er það Alþ., sem kýs, en horfið hefur verið að því ráði meir og meir að ákvarða starfstíma stjórnanna sérstaklega ákveðinn árafjölda, en ekki hafa það, sem oft áður

hafði verið og er undir vissum kringumstæðum, að nýkjörið þing kjósi í viðkomandi stjórnir til þess að stofnanirnar hafi stjórn, sem sé samkv. skipan Alþingis. Eitt bezta dæmið um þetta er sú tillaga, sem kom fram um skipan útvarpsráðs. Þar er fjögurra ára starfstími, sem útvarpsráð hefur, og ég held, a. m. k. veit ég ekki annað, að samkomulag sé um, að fjögurra ára tímabilið gildi eða muni gilda, án tillits til þess, hvernig Alþ. er skipað hverju sinni. Með þeim hugmyndum, sem koma fram í þessu frv., gengur ráðh. þvert á það, sem Alþ. einmitt hefur verið að móta. Hann gengur þvert á það, sem Alþ. hefur verið að móta, að gera stjórnartímabil þessara stofnana sem allra sjálfstæðast og láta það liggja ljóst fyrir, að héðan frá Alþ. séu kosnir menn til þess að stjórna stofnununum, en ekki sem einhverjir sérstakir fulltrúar stjórnmálaflokkanna.

Ég vildi vekja athygli sérstaklega á þessu hér og vekja athygli á því, sem mig grunaði, þegar ég sá þessa tillögu þeirra fjórmenninganna, hvað hér er á seyði. Og hæstv. ráðh. staðfesti hér áðan, að getgáta mín var rétt, það skipti ekki orðið lengur máli fyrir hann, hvort stjórnin var skipuð fimm mönnum kosnum af Alþingi eða sjö. Aðalatriði málsins og mergurinn málsins var og er sá, að hann er ekki reiðubúinn að leggja fram tillögu um, að annað fyrirkomulag verði á stjórnun þessarar stofnunar, hann talar um það, hann lætur í það skína. Mergurinn málsins er sá, að hann vill fá inn í stjórnina sérstakan þuklara, pólitískan þuklara frá sínum flokki og gegna svo, eins og ég sagði áðan, yfirþuklarastarfinu. Skiptir engu máli, hvort stjórnarmenn eru fimm eða sjö kosnir af Alþ., það er aukaatriði, hitt er aðalatriði, að hann og hans félagar fari ekki varhluta af því pólitíska þukli, sem hann, ráðherrann, heldur að þarna fari fram. Síðan ætlar hann, eins og ég sagði áðan, að gæta þess vel, að hann verði yfirþuklari þeirra allra. Ég vonast nú samt sem áður til þess, að þegar ráðh. og hans flokksbræður og hans samstarfsmenn í ríkisstj. skoða þetta mál ofan í kjölinn, sjái þeir, að skynsamlegast í þessu máli sé að samþykkja þá brtt. við brtt., sem ég flyt hér ásamt tveimur öðrum hv. þm. Þá lítur dæmið þannig út, að það, sem skiptir máli í þessu frv., nær fram að ganga, þ. e. 2. gr. og 3. gr. með áorðnum breytingum. Þá gengur fram efni málsins, en formsatriði og allur vilji til þess að ná þuklurum verður að sitja á hakanum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða frv. frekar að þessu sinni, því að ég veit, að hér eru fleiri, sem vilja komast að, og mér skildist á forsetanum, að atkvgr. yrði þó aldrei fyrr en kl. 10 í fyrramálið, þannig að það er a. m. k. nokkuð góður tími enn, ef menn teldu ástæðu til þess að undirstrika og láta betur koma í ljós það, sem hér er raunverulega á ferðinni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er greinilegt ofurkapp, sem hæstv. ríkisstj. leggur á, að samþ. verði það frv., sem hér er til umr. og hefur verið með miklum rétti kallað siðlausasta frv., sem hafi komið fram á hæstv. Alþ. á þessum vetri. Það er greinilegt, að þeir leggja mikla áherzlu á að ná þessu fram, sem sjá má m. a. á því, að einn af æðstu postulum kommúnista hér á landi sagði við mig fyrir nokkrum mínútum hér fyrir utan þingsal okkar, að ef við ætluðum að tefja þetta frv. miklu lengur, þá skyldi Valdimar Ashkenazy ekki fá sinn íslenzka ríkisborgararétt á þessu þingi. Þetta er út af fyrir sig ákaflega skiljanlegt hjá þessum herramönnum. Þeir hafa gengizt undir þá kvöð, kommúnistar í ríkisstj., að verða við þeirri ósk hæstv. samg.- og félmrh. að ná upp úr lágmarki alls lágmarks í íslenzkri ráðherratíð nafni hans sem slíks, til þess að hann geti komið út úr þessu fyrsta þingi hæstv. núv. ríkisstj. þannig, að hann hafi eitthvað á sínum fingrum að telja fyrir sínum kjósendum, eins og hinir hafa, og á ég þá að sjálfsögðu við hans fyrri vini og samstarfsmenn, fyrrv. trúbræður hans, kommúnistana hér á Íslandi.

Hér hefur auðvitað mikið komið fram um frv. sjálft. En ég held, að áður en ég fer að ræða það efnislega, þær umr., sem hér hafa orðið, þá verði að fara aðeins aftar í sögu þessa þings. Það verður jafnvel að fara svo aftarlega, að það verður að minnast á það, þegar hæstv. félmrh. taldi sér skylt að taka einn af hinum ungu þm., sem sitja nú á þingi í fyrsta skipti, á hné sér og flengja hann hér í ræðustól, án þess að taka afstöðu til þess ákveðna máls, og á margan hátt skal ég taka undir það með hæstv. ráðh., að á þessu var full nauðsyn. Þá get ég nú ekki varizt því, að ástæða sé til þess að minnast á það, sem er í framhaldi af ástæðu hæstv. ráðh., þeirri að þessi þm. hafi verið einn af undirskrifendum til félmrn., hvar hann mótmælti ákveðnum vinnubrögðum, að full ástæða sé til þess að minnast á þá staðreynd, að skömmu síðar telur ein af þeim stofnunum, sem hæstv. viðkomandi ráðherra stjórnar, starfsmenn og stjórnendur þessarar virðulegu stofnunar, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem teljast m. a. til hans starfsmanna, nauðsynlegt að víta ráðh. opinberlega, taka hann á hné sér og flengja hann fyrir óviðurkvæmileg orð, fyrir fullyrðingar, sem hann hefur aldrei getað staðið við og voru þá og eru enn þá sú mesta vitleysa og barnaskapur, sem nokkurn tíma hefur hrotið af munni íslenzks ráðherra.

Ég vil fyrir utan það að ræða frekar um þessa tvo hv. þm., annars vegar hæstv. ráðh. og hins vegar hv. þm. úr Vestmannaeyjum, Garðar nokkurn Sigurðsson, 5. þm. Sunnl., persónulega halda því fram, að þarna hallist ekki á, þegar þessir tveir virðulegu þm. deila, en nokkuð gefur þetta öðrum hv. þm. til kynna, hvers konar menn hér eiga hlut að málum, og m. a. undrar mig ekki, þótt þeir hafi nú gengið í eina sæng og þ. á m. með þeim mönnum, sem verið hafa að slá vefinn á undanförnum árum í verðarvoðir fyrrv. ríkisstj. og ríkisstjórnarfyrirtækja, en telja sér nú betur hlíta að slá nýjan vef og hafa slegið upp nýjum vef og slá hann fast með sínum nýju samstarfsmönnum. Og það er eftirtektarvert, að fyrsta sporið, sem þessir ágætu, nýju félagar stíga á sameiningarbraut sinni, er að fitja upp á hinum nýja vef og slá hann fast, svo fast, að þeir ætla að tryggja hvor öðrum það, sem hefur verið þeirra pólitíska árátta frá því að þeir komu inn í íslenzk stjórnmál, tryggja sjálfum sér og félögum sínum pólitíska aðstöðu, pólitísk völd og stöður.

Þá kem ég kannske að meginkjarna þess máls, sem hér er til umræðu, og hann er sá, að með þessu frv., eins og það er nú úr garði gert af hv. félögum, jafnaðarmönnum, sameiningarmönnum, vinstrimönnum, vinstristjórnarmönnum og fjandinn veit, hvað þeir kalla sig á morgun, er um hið mesta pólitíska siðleysi að ræða, sem orðið hefur vart á Alþingi Íslendinga og opinberlega í mörg undanfarin ár. Hæstv. félmrh. veit

auðvitað bezt um þá merkingu, sem leggja ber í orðið siðleysi, og nokkuð þykist ég nú geta borið þar um með honum, ef út í það verður farið, en eitt er siðleysi og annað er pólitískt siðleysi. Það, sem hér er um að ræða, er pólitískt siðleysi. Og sérstaklega þó, þegar við erum búin, og þá á ég við okkur öll, sem teljumst til hinnar íslenzku þjóðar, að hlýða á kosningabaráttu fyrir rúmu ári, hlýða á úrslit kosninga, hlýða á túlkun þeirra, sem þar óneitanlega sigruðu, hlýða á síðustu útvarpsumræður, þegar þessir sömu aðilar, sem börðust gegn öllu því versta, sem til hefur verið í íslenzku þjóðfélagi, í íslenzkum stjórnmálum, þegar þeir koma svo hér fram á Alþingi Íslendinga með þetta frv., sem við eigum að samþykkja áður en þingi verður slitið, og telja svo íslenzku þjóðinni trú um það, að þetta séu forsvarsmenn heiðarleikans í stjórnmálum, fjármálum og öðrum opinberum málum hér á Íslandi. Ég leyfi mér að segja: Svei þessum mönnum, sem leyfa sér að segja þetta.

Ég hef hér fyrir framan mig snepil nokkurn, sem ber nafnið Nýtt land. Þar er vitnað nokkuð til merkilegra ræðuhalda hjá þingmönnum svo kallaðra frjálslyndra, léttlyndra vinstrimanna, hægrimanna, allraflokkamanna, ef því er að skipta, en fyrst og fremst hinna heiðarlegustu manna. Ég sé í útdrætti úr ræðum þessara manna, sem komu fram í útvarpsumræðunum síðustu, að þeir vilja allan skepnuskap, sem þeir hafa kallað svo í sinni kosningahríð á undanförnum 2—3 árum, burt úr opinberu þjóðlífi. En hvað skeður svo, þegar þetta frv. liggur hér frammi á Alþ.? Hvað hefur skeð? Jú, þetta er nauðaómerkilegt frv., sem þegar hefur verið lýst þannig, að ekkert í því þurfti að framkvæma nú með lagasetningu, ekkert þeirra veigamiklu atriða, sem þar er drepið á. Ég hef þegar við fyrri umr. þessa máls lýst yfir því, að þar er vissulega drepið á hagsmunamál allra þeirra, sem við húsbyggingar fást og hafa fengizt hér á Íslandi. Og það er sjálfsagt að koma á móti þeim vandamálum, sem þetta fólk býr við í dag, m. a. vegna þess, að bæði ég og hæstv. núverandi félmrh., þáverandi forseti Alþýðusambandsins, sömdum á þann veg, að við þurfum nú með lagasetningu að gera nokkra bragarbót á. En með hverju skal sú bragarbót fengin? Jú, það mun á margan hátt betrumbæta hag þeirra, sem lánin hafa fengið. En er öll sagan sögð þar með? Hverjir áttu féð, hverjir áttu sjóðina, sem lánuðu þessu fólki? Það er alþýða Íslands, það er verkalýður Íslands m. a., og þar á ég að sjálfsögðu við Atvinnuleysistryggingasjóð. Hverjir hafa byggt upp aðrir en íslenzkir skattþegnar, aðrir en þeir, sem hafa verið að berjast fyrir því að eignast húsnæði á undanförnum áratugum? Hverjir hafa byggt upp Byggingarsjóð, sem varð til góðu heilli fyrir forgöngu framsýnna sjálfstæðismanna á sínum tíma og þá gegn mjög harðri baráttu sumra þeirra, sem eiga sæti á Alþingi í dag?

Ég spurði hæstv. félmrh. að því við 1. umr. þessa máls, hvernig hann og hæstv. ríkisstj. hygðust bæta þessum sjóðum það fyrirsjáanlega hrun, sem verður á tekjum þeirra, ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það er nú, án þess að neitt liggi fyrir um það frá hæstv. ríkisstj., hvernig hún ætli að bæta þetta hrun, sem fram undan er. Það er hvergi minnzt á þetta í fjáraflaplönum hæstv. ríkisstj., og eru þó þau plön með því stórkostlegasta, sem nokkur þm., nokkur þegn hins íslenzka ríkis hefur séð. Og við gætum í því sambandi farið miklu víðar og jafnvel til þeirrar svörtu Afríku, sem hv. þm. Bjarni Guðnason vildi lítið með hafa í kvöld í umr. um annað mál, þegar hann taldi rétt, að þeir gætu nú jafnvel fengið fálkaorðuna, þótt íslenzkum bóndakörlum og sjómönnum mundi ekki auðnast að fá slíka medalíu, en hann teldi það hins vegar ákaflega eðlilegt, að þeir, sem tyggðu íslenzka skreið suður í svörtu Afríku, mættu bera slíkt á brjósti sínu og þá að sjálfsögðu á holdi beru, ef ég skil hann rétt. En ekki hefur ennþá komið neitt svar frá hæstv. félmrh. um það, hvernig hann hyggst sjá þessum sjóðum, sem lánin veittu, fyrir skaðabótum, sem ég vil kalla, sem ég tel persónulega, — og ég er ófeiminn við að láta það koma hér fram, hæstv. ráðh., — að eigi þá að koma af almannafé, ef við eigum ekki að láta þessa tvo sjóði skaðast. Allra sízt megum við láta Atvinnuleysistryggingasjóð, sem byggður var upp á sínum tíma í samningum og er eign verkalýðsfélaganna, taka á sig skaða af pólitískri ákvörðun núverandi hæstv. ríkisstj., jafnvel þótt svo væri, að ákveðin samþykkt hafi verið gerð í stjórn þessa sjóðs, sem auðvitað heldur ekki nema að litlu leyti gagnvart því, sem hér er um að ræða. Og ég efa stórlega, jafnvel þótt sú leið hefði verið farin, að ákveðið hefði verið hreinlega að afskrifa þarna stórar upphæðir í þessu skyni, að þingkjörin stjórn í þessum sjóði hafi nokkurn rétt til að taka slíka ákvörðun, nema þá að hinir sömu fulltrúar leituðu til þingsins til að fá staðfestingu þar á og skipaðir fulltrúar bæði frá ASÍ og Vinnuveitendasambandi Íslands leituðu til sinna samtaka þar um einnig, því að ég tel, að þegar fram í sækir, sé þarna um of stórar upphæðir að ræða til þess, að svo megi vera. Ég veit hins vegar, að hæstv. félmrh. er bjartsýnismaður mikill og telur, sem hann hefur löngum getað komizt upp með, ekki aðeins hér á Alþ., heldur og í sinni pólitísku baráttu á þingum verkalýðshreyfingarinnar og víðar, að ef hann standi upp í krafti þess stórglans, sem hann hefur stundum getað skapað í kringum sína áru og í sínum ræðuhöldum, þá sé þar með um leið fengin heimild til að gera slíka hluti, sem ég þó dreg mjög í efa, að eigi rétt á sér.

Ég hef talið þetta frv., eins og það nú er orðið, bera vott um pólitískt siðleysi, og ég sný ekki til baka með það. Ég held, að þegar öllu sé á botninn hvolft, sé öllum ljóst, hvað hér er verið að gera. Það sé verið fyrst og fremst að svipta þingkjörna stjórn og þingkjörna fulltrúa, sem enn eiga eftir að ljúka sínum starfstíma, umboði þeirra, með samkomulagi á milli tveggja pólitískra flokka, sem telja sig nú orðið mjög skylda, sé verið að svipta hina þingkjörnu fulltrúa umboði þeirra og rétti, sem Alþingi Íslendinga hefur veitt þeim, til þess að troða inn, eins og hér var tekið fram af síðasta ræðumanni, einum pólitískum puklara til viðbótar, og það er gert að ráði yfirpuklarans í íslenzkri pólitík, hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar. Ef þetta sýnir og ber því vott, sem hinn nýi umbótaflokkur, sem öllu ætlaði að bylta og öllu ætlaði að breyta til hins betra vegar, vill koma fram, ef þetta eru hin stórkostlegu skref fram á við hjá þeim, þessum nýju þm. hér á hæstv. Alþingi, hv. þm., sem vita ekki, hvort þeir eiga að hlæja eða gráta í baksölum eða inni í sal, hv. prófessor, 3. landsk. þm., að ég nú ekki tali um þann, sem alltaf hlær, eins og talað var um í „Maðurinn, sem hlær" eftir Victor Hugo, hv. þm. Karvel frá Bolungarvík, 7. landsk. þm. Þeir geta

vitanlega hlegið að því, að hér koma menn fram á Alþ. og benda þeim á þessar staðreyndir. Það er sjálfsagt fyrir þá. Ég veit af ýmsu, og ég þekki hæstv. félmrh. það vel, að þrátt fyrir allt skammast hann sín töluvert fyrir þetta frv., eins og það er orðið í meðförum þingsins, hvernig hann hefur látið svínbeygja sig. En af meðfæddu stærilæti, af þörf hans til að sýna, að eitthvað liggi eftir flokk hans hér á Alþ. eftir þetta þing, þá þarf endilega að troða þessu í gegn, sem er fyrst og fremst dæmi um pólitískt siðleysi þeirra, sem töldu sig vera hina pólitísku umbótamenn, mannanna, sem töldu sig vera siðvæðingarhreyfinguna í opinberu þjóðlífi hér á Íslandi. Og ég segi aftur svei.

Á margan hátt minnir meðferð þessa máls mig á stefnu, sem fylgt var af Framsfl. á sínum tíma, 1955—1956. Þeir, sem muna og fylgdust með íslenzkum stjórnmálum þá, minnast máske ræðu, sem þáverandi formaður Framsfl., Hermann Jónasson, hélt á Hólmavík, og sú ræða hefur löngum verið kennd við Hólmavík og kölluð Hólmavíkurræðan. Hvert var megininntak þeirrar ræðu? Jú, megininntakið var það, að ekki væri aðeins þörf og nauðsyn, heldur brýnasta verkefni þáverandi vinstri stjórnar að bola Sjálfstfl. frá öllum opinberum áhrifum. Að því var unnið. Máske hefur það verið vegna þessarar skoðunar þáverandi vinstri stjórnar, sem sú stjórn sprakk með þeim ferlegasta hvelli, sem íslenzk ríkisstjórn hefur nokkurn tíma sprungið með frá því íslenzk stjórn kom inn í landið. (**Gripið fram í:** Land byggðist.) Frá því að land byggðist, getum við sagt, hv. l. þm. Reykn. Þykir mér þó ótrúlegt, að fram eftir öldum hafi nokkrir fuglar verið til, sem hafi tilheyrt þremur stjórnmálaflokkum. En það má vera, að þeir hafi verið til, þegar svartidauði gekk yfir, enda hafa þeir þá fallið út líka. En þetta var kenning þeirra framsóknarmanna á þeim tíma, að Sjálfstfl. ætti að þurrkast út úr opinberu þjóðlífi, og núna kenning siðvæðingarhreyfingar Hannibals Valdimarssonar, flokks hans og hans félaga, kommúnistanna í Alþb., að ég tali nú ekki um formanns þingflokks Framsfl., hins göfuga og góða drengs, sem vill ekkert hafa nema það, sem bezt reynist og sannast í íslenzkum stjórnmálum. Þeir eru að stíga sitt fyrsta spor á þessari braut, og ég leyfi mér að segja í sambandi við þær umr., sem hér fara fram um þetta mál: gott og vel, ég fagna því persónulega sem einn af þm. Sjálfstfl., að þeir loksins svipti af sér þeirri gæru, sem þeir hafa haft yfir sér á undanförnum mánuðum og misserum, og sýni íslenzkri þjóð, hvað undir býr. Vegna þess að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., var ekki kominn hér inn í þingsal, — hann hefur sjálfsagt verið að tala um það við forsrh., hvernig ætti að standa við yfirlýsinguna um það, að hann gæti framfylgt og gefið ráð og framkvæmt gerðir, án þess að fylgja íslenzkum lögum, eins og hann gaf yfirlýsingu um hér á hæstv. Alþ. í dag, — þá ætla ég að endurtaka þetta, bara fyrir hann einan, því að ég hef nógan tíma, og ég skal endurtaka það fyrir næsta flokksmann hans, þegar hann kemur hér inn. (Gripið fram í.) Það er gott. Það er það, sem er að gerast með þessu frv. eða með samþykkt þess, ef samþ. verður, þ. e. að búið er að gera pólitískt samkomulag milli væntanlegra samrunaflokka, sem hafa sömu ákveðnu siðferðishugsjónir í stjórnmálum um það, að til þess að annar fái að lafa og slá sinn vef áfram þurfi að breyta þessum þýðingarmiklu lögum, taka umboð, sem Alþingi Íslendinga hefur gefið þingkjörinni stjórn, af þeirri stjórn, til þess að koma megi annaðhvort krata eða hálfkrata inn í stjórnina í staðinn fyrir sjálfstæðismann.

Nú skal ég ekki efa það, að margir finnast úr þessum flokki, sem geta alveg eins gegnt þessu starfi eins og sjálfstæðismaður. Það veit ég auðvitað, að þeir, sem þar eru frá Sjálfstfl., eru með beztu mönnum, sem ég þekki. En það að þurfa að gefa ákveðnum litlum flokki blóm í hnappagat, þegar komið er að þingslitum, þessa rós, finnst mér eitt það átakanlegasta, sem gerzt hefur, frá því að ég kom og tók sæti á Alþingi Íslendinga. En langt er nú gengið og lengra verður gengið.

Við fyrri umr. þessa máls lagði ég nokkrar spurningar fyrir hæstv. félmrh. í sambandi við húsnæðismálin almennt. Enn þá hafa engin svör komið við þeim spurningum mínum frekar en við öðrum þeim spurningum, sem þeir þm., sem gagnrýnt hafa frv., hafa borið fram og hafa beinzt að húsnæðismálunum almennt. Ég beindi m. a. þeirri spurningu til hæstv. félmrh., hæstv. húsnæðismálaráðherra, hæstv. ráðh., sem vill ekki og getur ekki stundað pólitískt þukl, þótt hann fáist við svona smákukl öðru hverju, hvernig hann hefði hugsað sér að fjármagna eða standa undir þeim gífurlegu óskum um lán til byggingarframkvæmda, sem þegar hafa komið fram og jafnvel eru ókomnar. Við þessu gat hann ekki gefið neitt svar. Hann sagði hins vegar, sem fór fram hjá mér í minni fyrri svarræðu við 2. umr., hann sagði, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hefði verið notað meira fé en þeim hefði borið þá, og veit ég vel, hvað hann á við. Hann á að sjálfsögðu við það, að til þess að koma á móti mikilli þörf seinni hluta ársins 1971, þá hafði verið lánað fram yfir það, sem átti að gera samkv. samningum og lögum, um eða yfir 60 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði til húsnæðismálastjórnar. Að sjálfsögðu hefði verið full ástæða og ærin ástæða fyrir hæstv. félmrh. að minnast á þetta mál. Ef, eins og samþykkt var og bókað af stjórn sjóðsins, þessa upphæð ætti að greiða af framlagi ársins í ár, þá var full ástæða til þess fyrir hann á fyrstu mánuðum hans í ríkisstj. að minnast á, að svoleiðis hefði verið farið með fé. Nei, það var nú eitthvað annað. Hann fékk þetta bara að láni áfram. Hann hefur haft það líka sem sagt til ráðstöfunar í ár. Það var engin skerðing á því fé, sem honum bar samkv. lögum og samningum og fyrri gerðum, á ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, þannig að hann getur ekki sagt það, að þeir, sem eru hinir sömu í stjórn húsnæðismálastjórnar, hafi í tíð fyrrv. ríkisstj. verið að éta yfir sig á hans kostnað. Það er rangt.

Hins vegar stendur hann frammi fyrir vandanum í dag, vandanum að útvega það mikla fé, sem þarf, og það væri auðvitað bæði ódrengilegt og óréttlátt að halda því fram, að sá vandi væri eitthvað honum að kenna. Þetta er vandi, sem við verðum allir að reyna að leysa. Þetta er vandamál, sem við stöndum frammi fyrir, vandamál, sem við verðum að leysa til þess að stöðva ekki þá, sem hafa í góðri trú hafið húsbyggingar sínar á s. l. ári og í ár. En liggur nokkuð fyrir um það í þessu frv. hæstv. félmrh., sem fer með húsnæðismál, hvernig hægt er að leysa þetta mál? Hefði það ekki verið nokkru nær en að vera með þetta fimbulfamb, sem hann hefur verið með um breytingar á stjórn

stofnunarinnar? Í því sambandi er full ástæða til að spyrja hæstv. ráðh.: Hafa þeir, sem eru í stjórninni í dag, sýnt honum trúnaðarleysi, einhverjir aðilar þar öðrum fremur, einhverjir aðilar frá einhverjum ákveðnum pólitískum flokki, eða er ástæðan eingöngu sú, að hann er bara stúrinn, vegna þess að þeir sameiginlega tóku hann á kné sitt og flengdu hann opinberlega fyrir frumhlaup hans og gönuhátt, þegar hann var að tala um þá sem pólitíska þuklara? Er þetta það, sem vakir fyrir hæstv. ráðh., að hefna sín á þeim þess vegna? Nei, ég trúi því ekki, að hann sé slíkur ódrengur að láta það eftir sér spyrjast, enda manna vísastur til þess að hafa þveröfugar skoðanir og gerðir og framkomu heldur en hægt er að lýsa með slíkum orðum. (**Félmrh.:** Vantar þig meira vatn?) Ég kalla, herra ráðherra, þegar ... Nú þykir mér þeir vera orðnir hógværir í stjórnarstólunum. „Vantar þig meira vatn?“ sagði hæstv. ráðherra.

Á það hefur verið minnzt af fyrri ræðumönnum í þessu máli, sem rétt er, og reyndar hafði ég tekið það fram líka, að í frv. eru ákveðin atriði, sem við sjálfstæðismenn erum ekki aðeins fyllilega sammála, heldur hefðum viljað einnig taka þátt í að leysa. Ég á þar t. d. við ákvæðið um að hækka lánin til kaupa á eldra húsnæði og breytingu á ákvæðinu um vísitölu og verðlagsákvæðin á lánakjörunum hjá þeim, sem lán hafa tekið í gegnum Byggingarsjóðinn. Í sjálfu sér hefði ekkert frv. þurft til þess, að ríkisstj. hefði lagt fram viðbótarupphæð til húsnæðismálastjórnar til þess að hjálpa með eða bæta við lán til kaupa á hinu eldra húsnæði. Ef lagabreytingar hefði þurft með, eins og má vera, var það ákaflega einfaldur hlutur að breyta lögunum á þann veg. Sama má segja um vaxtamálið sjálft. En þegar upp er staðið, þegar búið er að skoða það mál, er annað uppi á teningnum. Og þess vegna komu mér ákaflega á óvart þau hreystilegu orð, sem hv. 2. landsk. þm. viðhafði hér í umr. í gær, þegar hann taldi, að Alþfl. hefði staðið á öndinni undanfarna mánuði og misseri, hann hefði staðið á öndinni, þeir hefðu ekki mátt vatni halda, svo mikið hefði legið á að betrumbæta þetta mál, það þyldi enga bið, það yrði bara að gerast strax. Samt liggur sú staðreynd fyrir, að einfaldlega liggur ekkert á, vegna þess að lánin voru gjaldfallin. Og ef sú staðreynd liggur fyrir, að þetta mál þurfi að athuga betur, eins og hefur verið bent á af þeim fulltrúum, sem eru nú þegar þingkjörnir og eiga sæti í þessari stjórn, af hverju má þá ekki athuga þetta mál betur til haustsins? Þarf endilega að fara að blanda því inn í þetta „fljúgðu, fljúgðu, teppið mitt“, sem þeir eru að skipa sér á, fyrrv. Alþfl. og núv. Alþfl.? Þótt þeir telji þetta vera sína höfuðnauðsyn nú að ná þessu frv. fram og skapa þarna ákveðna aðstöðu fyrir ákveðna aðila, væri þó ekki skynsamlegra að skoða málið fram á haustmánuði og þá í samráði við þá menn, sem lengst hafa fengizt við þessi mál, húsnæðismálin eða við þau mál öll, og hafa af Alþingi Íslendinga verið kjörnir til þess að sjá um þau í umboði íslenzku þjóðarinnar, sem ég tel vera? Hefði ekki verið skynsamlegra, þegar gagnrýni þeirra kom fram á þann veg, sem hún hefur komið, að æskja eftir samstarfi við þá um að finna máske betri leið? Ég ætla ekki að segja, að hún liggi fyrir hér hjá okkur í þessum umr. Hún liggur ekki fyrir hjá mér, og m. a. þess vegna styð ég þetta ákvæði frv., því að ég veit manna bezt sjálfur um það, hve mikil þörf þar er á, og það skal ég alltaf viðurkenna. Og ég skil vel, að hæstv. félmrh. vilji fá þessu ákvæði í lögunum breytt, vegna þess hvaða raun hann hefur haft af því, enda geri ég ekki ráð fyrir því, að neinn aðili, hvorki stjórnmálaflokkur né einstaklingur meðal þm., hefði staðið á móti óskum hans um það. En þegar það þarf að verða samfara þessu pólitíska kukli hans og þeirra hinna gömlu forustukratanna, þá er ekki nema von, að bæði ég og aðrir hálf- og kvartkratar stöndum upp og gerum okkar athugasemdir.

Ég hef lagt þá spurningu fyrir hæstv. ráðh., hvað hann hafi hugsað sér í sambandi við samninga um þá tvo sjóði, sem hafa útvegað það fé, sem hefur þegar verið lánað á vegum Byggingarsjóðsins, og þar á ég við sjálfan Byggingarsjóðinn og svo Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég hef líka lagt þá spurningu fyrir hann, hvernig hann og ríkisstj. í heild ætli sér að standa undir þeirri miklu þörf, sem nú er á því að koma á móti húsbyggjendum. Við þessu hafa ekki komið nein svör, enda geri ég ráð fyrir, að það séu engin svör fyrir hendi hjá hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. Þótt leitað sé eftir fjármagni í marga aðra hluti, þá hefur ekki sézt enn, hvað þeir ætla að gera á þessu sviði.

Ég hef þá á nokkurn hátt og lauslega lokið við að ræða sjálft frv., en hyggst ræða nokkuð ítarlega um húsnæðismálin almennt og mun þá kannske ekki fara frekar út í einstakar greinar þessa frv., en minni hv. þm. á það, að hæstv. ráðh. lýsti yfir því hér í gær, að hann vildi ekki drepa sitt eigið líf, og átti þá við þetta frv. Og það auðvitað varð skiljanlegra, eftir að hv. 3. landsk. þm. hafði komið með fóstru þeirra fram hér í tillöguformi, þó að ekki hefði verið hægt að ræða það s. l. nótt, en sjálfsagt verður það rætt hér á eftir. Í sjálfu sér er þetta, eins og við sjálfstæðismenn höfum þegar lýst, hálfgerður útburður, sem færi bezt á hjá þeim félögum að láta verða úti, og væri þeim miklu sæmra, þó sérstaklega hæstv. félmrh., ef hann tæki út úr þessu frv. þessa ómynd um breytingu á stjórninni, eins og hann hefur sjálfur lagt til. Þá væru þeir í samvinnu við aðra stjórnmálaflokka hér á Alþ. og einstaka þm. að reyna að ráða fram úr sjálfum vandamálunum, sem við er að glíma. Ég þori að fullyrða það fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna hér í hv. d., að ekki mun standa á okkur að hjálpa til við, að svo megi verða, en ég mun geyma mér um sinn að ræða ítarlega um húsnæðismálin, ef augu hæstv. ráðh. mættu opnast fyrir því, að hér er hann að fara villur vegar. Hann er að fara ranga braut, hann er að snúa af sér töluverðan hóp manna, sem vildu gjarnan standa við hlið hans og bak til þess að ráða fram úr vandamálum, sem við vitum öll að eru fram undan og við horfum þegar á. Ef hann tæki þetta ákvæði út úr frv. og flytti sjálfur till. um það, þá veit ég, að ég get talað fyrir munn allflestra sjálfstæðismanna hér, er ég segi, að við mundum þá frekar standa við bak hans í því skyni að leysa úr þessu vandamáli. A. m. k. get ég sagt það fyrir sjálfan mig, að ég skal leggja mig allan fram um, að svo geti orðið. En með því fyrirkomulagi, sem við horfum á nú í sambandi við þetta frv., þá endurtek ég þau orð mín, að eins og það liggur nú fyrir, þá er um pólitískt siðleysi að ræða og það verður honum sjálfum og öllum þeim, sem að því standa, til ævarandi skammar, ef það gengur fram.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég ætla nú að hefja mál mitt á því að lýsa því yfir, að ég skal ekki vera langorður. Bæði er það nú, að . . . (Gripið fram í.) Nei, nei, það hefur enginn verið það, en kannske hefur einhverjum dottið í hug, að ég mundi verða það, þess vegna sagði ég þetta. En bæði er það, að ég hef tjáð mig nokkuð um þetta mál, svo veit ég, að það eru nokkrir á mælendaskrá. Það, sem ég kann að segja hér á eftir, hefur nú kannske komið fram hjá einhverjum ræðumönnum, en mínar endurtekningar stafa þá af því, að ég hef ekki getað fylgzt með umr. alveg í heild.

Það er nokkur lærdómur, sem mér sýnist að megi draga af þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta frv. Ég held, að því verði ekki á móti mælt, að skrípaleikurinn í kringum þetta mál allt hefur verið afhjúpaður. Það hefur verið viðurkennt, að með þessu frv. er ekki séð fyrir fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á, að tekjur Byggingarsjóðs eru skertar, en megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er sem sagt kominn í ljós, það er nauðsynin á því að skipta um fulltrúa í húsnæðismálastjórn. Með þeirri brtt. við 1. gr., sem hér hefur verið flutt, er einnig komið í ljós, að það skiptir ekki máli lengur, hvort fulltrúarnir eru fimm eða sjö. Á það var þó lögð töluverð áherzla, að það væri hreinn óþarfi að vera með þetta marga menn í stjórninni. Þeim mætti gjarnan fækka úr sjö í fimm þingkjörna. Nú er þessa sem sagt ekki lengur þörf. Þörfin er, að umboð núverandi stjórnar falli niður, svo að Alþ. megi kjósa nýja menn jafnmarga, en öðruvísi skipt á milli flokka. Það þarf sem sagt að koma inn manni úr röðum SF.

Mér sýnist, að það séu tveir aðilar, sem einkum hafi orðið fyrir álitshnekki í sambandi við allt þetta mál. Annars vegar er það hæstv. félmrh. og hins vegar er það Alþfl. í heild. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, hvernig þetta mál hefur gengið. Það kom fram hér við umr. um daginn, að formaður Alþfl., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, skrifaði undir nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. eins og frv. var. Það gerði hann örugglega í því trausti, að Alþfl. mundi ekki tapa sínum manni úr húsnæðismálastjórn. Síðan hefur það nú komið á daginn, að hann mundi falla út úr stjórninni, ef fækkað yrði úr sjö í fimm. Þá varð það að samkomulagi, eins og brtt. á þskj. 913 ber með sér, að ef Alþfl. styddi þá till., fengi hann að halda sínum manni með hjálp stjórnarflokkanna. Þarna eru hrossakaupin greinilega komin í ljós, og þetta sýnir, eins og annað reyndar í sambandi við allt þetta mál, hvað þarna býr undir. Ég held, að eftir þetta allt saman ætti almenningur að geta áttað sig á þessari skák, sem hér hefur verið tefld varðandi flutning þessa frv.

Við 1. umr. um frv. gerði ég 3. gr., sem núna er orðin 4. gr., nokkuð að umræðuefni og óskaði nánari skýringa á því, hvað hún raunverulega fæli í sér, einkum fyrir Byggingarsjóðinn, en einnig fyrir lántakendur. Þessar skýringar hafa ekki verið gefnar, en mig langar til þess að fara nokkrum fleiri orðum um þessa grein. Við höfum lýst því yfir sjálfstæðismenn í þessum umr., að við styðjum það, að vísitölubindingin verði felld niður, en við höfum einnig dregið í efa, að með ákvæðum greinarinnar, eins og hún er í frv., sé fundin sú heppilegasta lausn. Ég vil benda t. d. á eitt atriði, síðari málslið 4. gr., eins og hún heitir nú, sem hljóðar svo: „Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessum staflið, telst vextir.“ Ég get ekki betur séð en að hér sé verið að koma með alveg nýja skilgreiningu á vaxtahugtakinu. Vaxtahugtakið hefur nú verið nokkuð ljóst, stærðfræðilega hefur það verið skýrt og það er skýrt í lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl., eins og þau lög heita. Þar segir svo í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.“

Þarna er vaxtahugtakið skilgreint, og í 6. gr. sömu laga segir:

„Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefur þannig ranglega af honum haft.“

Þetta er nú svona til athugunar. Í 7. gr. segir:

„Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð“ — ja, ég sé nú við lestur, að þetta gæti nú átt við . . . (Gripið fram í.) Nei, ég ætlaði nú ekki að segja það. Mér datt í hug Alþfl., en það er nú kannske vitleysa. Ég ætla að halda áfram. — „eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum.“

Mér sýnist nauðsyn á því, að þetta ákvæði 4. gr. sé athugað, hvort þetta beinlínis standist, að setja svona lagað í lög. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessum staflið, telst vextir.“ Mér sýnist alveg nauðsynlegt að athuga þetta betur.

Í sambandi við þetta mál sneri ég mér til tryggingafræðings og bað hann um álit á þessari gr. frv. Þessi tryggingafræðingur er Þórir Bergsson. Hann var á s. l. ári fyrir kosningar í fyrra upphafsmaður að miklum umr., einmitt út af vísitölubindingunni. Honum var trúað þá af núv. stjórnarflokkum. Ég býst við því, að þeir geti þá trúað honum enn þá. Ég ætla að lesa hérna örlítinn kafla úr bréfi, sem hann skrifaði mér. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef þegar gert nokkra athugun á áhrifum þeirrar breytingar, sem felst í þessari gr., þ. e. 4. gr., á þróun lána miðað við mismunandi forsendur. Þessari athugun er ekki að fullu lokið, en mér er þegar ljóst, að myndin er skrýtin. Ákvæðið um meðaltalsársvexti yfir allt lánatímabilið hefur t. d. engin áhrif á ársgreiðslur fyrr en eftir mörg ár. Sama gildir um höfuðstólinn. Þess er að vænta, að hann hækki stöðugt fyrst í stað, nema kaup taki upp á því að lækka og þar með kaupvísitalan. Þar sem af ársgreiðslum skal enn sem fyrr greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem verður á þessari vísitölu frá ári til árs, verða vextir,

sem lántakar greiða, mismunandi yfir sama tímabil, eftir því hvenær lánið er tekið."

Síðar segir hann:

„Að lokum vil ég aðeins minnast á síðasta ákvæði. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkv. þessum staflið, telst vextir." — Ég hef rakið nokkuð mínar skoðanir á þessu og hans skoðanir eru í samræmi við það. Hann segir hér: „Þetta ákvæði tel ég beinlínis hættulegt. Hugtakið effektífir vextir er skýrt skilgreint stærðfræðilegt hugtak og fellur sú skilgreining fyllilega saman við lögfræðilega skilgreiningu þessa hugtaks í okurlögunum." Þetta þótti mér rétt að kæmi hér fram. Þessi grein frv. eins og hún er nú orðuð fellir ekki burt ákvæðið um kaupvísitöluna, en það er áreiðanlega höfuðgalli núgildandi laga, ákvæðið um kaupvísitöluna. Notkun hálfrar hækkunar þeirrar vísitölu getur valdið því, að ársgreiðslur og höfuðstóll hækki meira en þótt notuð væri full kaupgreiðsluvísitala, auk þess sem vextir á lán tekin á mismunandi tíma verða mismunandi yfir eitt og sama tímabilið, eins og ég sagði áðan. Ef raunkaup hækkar verulega með samningum, þá getur sú vísitala, þótt hún sé einungis notuð hálf, valdið mun meiri ársvöxtum en full kaupgreiðsluvísitala. Ákvæðið um, að vextir skuli ekkert ár vera hærri en hæstu löglegir vextir, tryggir, að vextir fari ekki út í hreinar öfgar, ef slíkt ákvæði væri sett inn.

Það ber allt að sama brunni, þegar við ræðum þetta mál. Það eina skynsamlega er að fresta afgreiðslu þess. Það hefur verið sýnt fram á það, að þótt 4. gr. færi í gegn, hefur það engin áhrif. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á það og því er ómótmælt, að það hefur engin áhrif þetta árið, vegna þess að gjalddagi er liðinn. Flett hefur verið ofan af raunverulegum tilgangi með flutningi þessa frv. Það er að fella niður umboð núverandi stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn og koma inn nýjum mönnum, sem væntanlega verða stjórninni þægilegir í öllum viðskiptum í sambandi við húsnæðismálin.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu, að um þetta frv. hafa orðið miklar umr. hér í hv. þd. Og þrátt fyrir það, að hæstv. félmrh. gaf þá yfirlýsingu í gær, að hann ætlaði ekki að drepa sitt eigið afkvæmi með því að halda uppi málþófi, þá hefur hann einstöku sinnum gleymt sér í þeim efnum. Það hefur nú komið fyrir hann oft áður á langri ævi, að hann hefur beitt málþófi, þó að hann hafi ekki ætlað sér að gera það. Hins vegar hefur hann í kvöld mjög setið á sér að svara fsp., en nóttin er nú nokkuð löng, þar sem hæstv. deildarforseti hefur ákveðið að boða deildina til fundar kl. 10 í fyrramálið, til nýs fundar, og gerir ráð fyrir, að atkvgr. geti þá orðið um þetta frv.

Í gær gerði ég það að umræðuefni, hve gersamlega hæstv. ríkisstj. hafi svikið fyrirheit sín í húsnæðismálum, og vitnaði þar í svokallað Ólafskver, sem er málefnasamningur þeirra þriggja flokka, sem nú standa að ríkisstj., og höfundur þess kvers, sjálfur hæstv. forsrh., hvatti hér í jólaboðskap sínum í vetur þm. til að lesa bæði kvölds og morgna. Ég skal játa það, að ég hef nú svikizt um að lesa þetta kver bæði kvöld og morgna, en þó hef ég lesið það svo oft, að ég man það helzta úr því og m. a. þau fyrirheit ríkisstj. að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána. Tíu mánuðir eru liðnir frá því, að þessi stjórn tók við völdum, og ekkert hefur verið gert í þessum efnum annað en það, að byggingarkostnaður hefur haldið áfram að vaxa og allmyndarlega, og það er ekki að ástæðulausu, sem hv. 3. landsk. þm. hefur áhyggjur af dýrtíðinni og þrekleysi ríkisstj. í baráttunni við dýrtíðina, því að hann sendi henni nýlega í málgagni sínu þau aðvörunarorð, að ef ríkisstj. tæki sig ekki til og mannaði sig upp í það að berjast við dýrtíðina, þá mundi fara svo, að verðbólgan æti ríkisstj., þá alla sjö og sennilega félmrh. líka. Ekkert hefur komið frá hæstv. félmrh. um, hvaða ráðstöfun hann geri og ríkisstj., — því að auðvitað stendur hann ekki einn að þessu, — til þess að uppfylla þessi loforð sín í málefnasamningi ríkisstj., ekki neitt, og af hverju kom hæstv. félmrh. og ríkisstj. ekki með frv. í tæka tíð um afnám vísitölubindingar húsnæðislána, áður en þessi lán féllu í gjalddaga 1. maí? Af hverju var það ekki afgreitt fyrir þann tíma? Af hverju var ekki staðið við þessi fyrirheit? Það vantaði þrek eins og fyrri daginn, eins og í svo mörgum öðrum málum. Það er ekki nóg að semja slíkan málefnasamning og halda svo veizlu, sem búin er að standa í 10 mánuði, og gleyma sér, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert í svo mörgum málum. Það sýnir nú bezt þetta frv. Það sýnir bezt og þær tillögur, sem fram eru komnar hér í þessari hv. d., hve samstaðan er mikil hjá þessum flokkum. Það vita allir um samstöðuna á milli þessara flokka, hvernig hún er, en hvernig er flokkur hæstv. félmrh. í sambandi við ákvæði þessa frv.? Hann samanstendur af þremur mönnum hér í hv. þd. Það er félmrh. sjálfur, hann leggur til í frv., að í húsnæðismálastjórn eigi sæti sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Svo kemur næst „kommandör" í flokknum hér í d., hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason. Hann flytur einn og óstuddur brtt. við þessa 1. gr. frv. þess efnis, að í húsnæðismálastjórn eigi sæti þrír menn, einn tilnefndur af félmrh., og er hann formaður, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af ASÍ. Ég skal játa það, að tillaga hv. 3. landsk. þm. bendir þó til þess, að það eigi ekki að vera um pólitískt þukl að ræða í húsnæðismálastjórn, nema auðvitað bara frá hendi SF, því að félmrh. á að skipa þuklarann. Svo kemur þriðja aflið í flokki SF, og það vill nú ekki láta sitt eftir liggja að gera athugasemdir við 1. gr. frv., og það er hv. 7. landsk. þm. Að vísu er hann aftan í rassi kratanna þar á tillögunni ásamt sjálfum leiðtoga Framsfl. og ungum þm. úr Alþb., og þeir leggja til, að í staðinn fyrir sex menn í húsnæðismálastjórn, sem faðir SF leggur til, eigi nú að fjölga mönnum í húsnæðismálastjórn og þar skuli eiga sæti átta menn, þar af sjö kosnir með hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. M. ö. o.: það eiga þá að vera sjö þuklarar í húsnæðismálastjórn samkv. tillögu þriðja aflsins í SF. Er nú hægt að hafa klofninginn meiri en er í þessum flokki, sem samanstendur af þremur þm., um mál, sem faðir þessa flokks flytur, að hinir geta alls ekki verið á sama máli? Maður skyldi þó ætla, að það hafi verið gerð tilraun til að tala saman áður. Finnst ykkur ekki koma svo úr hörðustu átt, þegar hæstv. félmrh. kemur fram í umr. til þess að skýra fyrir alþjóð, að það sé klofningur í öðrum flokkum, nefnir

fimm eða sex menn, að flokkur sé klofinn, þegar hann sýnir jafnátakanlega, að hans eigin flokkur klofnar eins og hægt er í máli, sem heyrir undir formann flokksins, hæstv. félmrh.? Er svo að búast við því, að hinir flokkarnir, sem standa að ríkisstj., standi heilir að þessu frv.? Það vantar allt í þetta frv., sem á í því að vera. Það vantar í það allt saman nema puklið, það er áfram við lýði. Hvað segir forsrh. við því? (Gripið fram í.) Láta það koma fyrir atkvæði. Það getur vel verið, að það komi fyrir atkvæði síðar. Ég ætla nú að segja hæstv. forseta Sþ. það, að við viljum ræða þetta mál ítarlega og ætlum að gera það. Nú er hann bara alls ekki í forsetastól hér. Það er hérna hæstv. forseti Nd. (Gripið fram í.) Nú er hann bara óbreyttur hér í d.

Ég hefði búizt við því, eins og ég sagði hér í gær, að hæstv. félmrh. hefði notað tímann frá því að hann varð ráðh., frá því að ríkisstj. var mynduð, til þess að undirbúa vandlega frv. um úrbætur á húsnæðismálum, en það hefur hann ekki gert. Hann hefur haft einhverjum öðrum hnöppum að hneppa þessa tíu mánuði, sem liðnir eru. Hitt er aftur kapítuli út af fyrir sig, hvernig búið er að fara með vesalings Alþfl. í þessu máli. Ég veit ekki nema hann eigi eftir að svíkja hann einu sinni enn þá. Það hefur verið leikið sér að Alþfl. í þessu máli, eins og köttur leikur sér að mús. Formaður Alþfl. var plataður í n. að skrifa undir nál., vegna þess að félmrh. lofaði að setja á fulltrúa Alþfl. í húsnæðismálastjórn. Það var nóg fyrir formann Alþfl., þá glúpnaði hann og skrifaði undir nál. Svo kom hæstv. félmrh. og klappaði á öxlina á formanni Alþfl. og sagði: Ja, það fór illa, Gylfi minn. Þetta gekk ekki fram hjá okkur, þeir neituðu þarna hinir, — það hafa verið Bjarni Guðna og Karvel Pálmason, — þið fáið engan í húsnæðismálastjórn. Og formaður Alþfl. var nú heldur lúpulegur eftir þetta, en áður en langt um leið vænkaðist hagur hans. Einn af talsmönnum Alþfl. hér í hv. d. er aftur orðinn tillögumaður ásamt fulltrúa SF, leiðtoga Framsfl. hér í d. og unga manninum frá Alþb., og nú er tryggt, að Alþfl. eigi að fá mann með því að breyta greininni á þann veg, að sjö skuli kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ. Þar með eru nú breytt viðhorf, það á að setja kratana á, sem átti að taka af í gær. En hvort þetta nær til enda þessa leiks, skal ég ekkert um segja. Því verður reynslan að skera úr. Þetta er auðvitað alltaf leiðinleg bið hjá mönnum, að vita ekki, hvort þeir verða teknir af eða settir á. En það verður að hafa það. Það er þeirra að kvíða, þangað til þetta mál er komið í höfn, þannig að þeir viti, hvort þeir verði settir á eða teknir af, en það er ekki gott að trúa orðum, jafnvel þó að það séu orð hæstv. félmrh., sem stendur nú í langvarandi ástarmakki við Alþfl. um sameiningu, þá er fallvalt að trúa orðum hans í þessu máli, og það getur verið líka, að þar sé um fleiri mál að ræða.

Ég hygg, að það sé engin gleði, hvorki í Framsfl., SF né Alþb. yfir þessu frv. Ég hygg, að flestir vilji í hjarta sínu, að þennan óskapnað dagi uppi hér á Alþ. En hins vegar er það að sumu leyti skiljanlegt með gamla menn, þegar þeir taka eitthvað í sig, að það hleypur í þá stífni. Þótt hann viti, að hér er um ómerkilegt frv. að ræða, illa samið og alls óundirbúið, þá hefur hann tekið í sig, að þetta skuli í gegn, hvað sem það kostar. Jafnvel þó að það þurfi að fresta hvítasunnunni, þá skal það í gegn.

Ég vil taka alveg undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér í lok ræðu sinnar, að það væri félmrh. og ríkisstj. og stjórnarflokkunum öllum til meiri sóma að láta þetta ófullburða afkvæmi daga uppi á þessu þingi en knýja það fram, eins og ætlunin er. En ég tek það svo að síðustu fram, eins og ég gerði raunar í gær líka, að þessi krógi er ekki eign félmrh. eins, hann er krógi allrar ríkisstj. og þeir eiga hann allir sjö.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar skemmtilegu umr. mikið. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa sannarlega unnið hér nokkur dagsverk síðustu nótt og aftur nú. Ég verð að segja, að ég hef haft ákaflega gaman af á köflum að hlusta á þessa mælsku og skemmtilegu menn. En ég verð líka að segja, að þótt ég hafi haft gaman af þessum hv. þm., — það veit ég, að flestir aðrir þm. hafa haft líka, af því að þetta hefur verið einstök ánægjustund oft og tíðum, — þá get ég ómögulega fallizt á það, að hér sé um eitthvert sérstakt gamanmál að ræða. Eigum við að láta okkur detta í hug eitt augnablik, að Sjálfstfl. hefði fengið meiri hluta í síðustu kosningum? Ætli sé ekki trúlegt, að flokkurinn hefði viljað hafa meiri hluta í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar? Mér þykir það fyrir mitt leyti alls ekki neitt óskaplegt, að stjórnarflokkarnir vilji hafa meiri hluta í þessari stjórn. Það er nú einu sinni svo, að í fjölmörgum tilfellum er kosið í nýjar stjórnir eftir nýkjörið þing. Það er að vísu ekki í lögum þessara stofnana, en það er ekki neitt nýtt.

Það var nefnt hér áðan, að illt væri nú orðið hlutskipti Alþfl. og að mikil væri léttúð í kringum Alþfl. og húsnæðismálin. Mér hefur stundum fundizt í umr. þessa síðustu tvo daga, að það væri nú kannske dálítil léttúð í sumu af því, sem þar hefur verið sagt. Mér hefur fundizt sumt af því ekki beinlínis vera umræða um það frv., sem hér er til umr., hreint ekki. En að því er varðar léttúð Alþfl. í sambandi við húsnæðismál þori ég alveg að standa uppréttur og fara í samanburð við hv. Sjálfstfl. undanfarna áratugi. Ég á von á því, að þeir, sem muna upphaf stríðs hér á landi í sambandi við húsnæðismál, muni, að það var sko ekki hv. Sjálfstfl., sem þar hafði neina forustu, og lengst af síðan hefur Alþfl. haft forustu um þær umbætur, sem hafa verið gerðar í húsnæðismálum þjóðarinnar, og nú sjá allir, hvernig þjóðin hefur byggt yfir sig, og mér er nær að halda, að það sé minna að þakka Sjálfstfl. en Alþfl., þótt lítill sé. Hitt er svo annað mál, að Alþfl. hefur notið stuðnings Sjálfstfl. og annarra flokka til margra þeirra mála, sem hann hefur verið að reyna að fást við. (Gripið fram í.) Aldeilis ekki, og þó það nú væri, að Sjálfstfl. hefði haft manndóm í sér til þess að hjálpa til. En gagnvart því frv., sem hér er um að ræða, sagði ég í gærkvöld og tek fram aftur, að það eru tvö veigamikil atriði, sem þarna er um að ræða. Hv. sjálfstæðismenn segjast vera með þeim, en halda svo uppi málþófi klukkutíma eftir klukkutíma til að reyna að tefja málið, og þá latínu skil ég ekki. Þessi tvö veigamiklu atriði lít ég svo á, að þau þurfi nauðsynlega að komast í gegn nú.

Þetta tal um stjórnina. Jú, auðvitað verður breyting hjá hv. Sjálfstfl. í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi einmitt lagt þetta fram, eins og raunar hefur komið fram, til þess að fá meiri hl. í þessari stofnun, og mér fyrir mitt leyti finnst það ekkert undarlegt. En að eyða nótt eftir nótt í

að halda uppi málþófi um þetta finnst mér nánast ekki samboðið þessum stóra og sterka og, að því er mér er sagt, ágæta stjórnmálaflokki.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get nú eiginlega ekki orða bundizt, þegar hv. síðasti ræðumaður hefur lokið máli sínu. Aumingja blessaður maðurinn, honum var svo mikið niðri fyrir út af eigin ágæti og ágæti síns ágæta flokks, sérstaklega þegar hann var að tala um hinn stóra og sterka Sjálfstfl. Að ég tali ekki um þessa eindæma yfirlýsingu, að Alþfl. hafi komið húsnæðismálum Íslendinga á þann grundvöll, sem þau byggja á í dag, og eiginlega byggt yfir íslenzku þjóðina. Ja, miklir menn erum við, Hrólfur minn. Ég geri ráð fyrir því, að það sé erindi þeirra nú í húsnæðismálastjórn með þeim undarlegu samningum, sem þeir hafa gert við félaga sína og hina stjórnarflokkana, erindið sé að halda áfram slíku verkefni, sem þeir þó hafa getað velt nokkuð á undan sér á undanförnum árum í samstarfi við hinn stóra og sterka, en þó ljóta úlf, sem þeir hafa verið að vinna með s. l. 12 ár. Það ætti þessi hv. þm. að vita, að á þessum 12 árum hafa stórvirki verið unnin í húsbyggingarmálum Íslendinga, það er auðvitað rétt hjá honum, og auðvitað væntum við þess, að svo verði áfram, en ég minnist þess ekki á þessum 12 árum, sem Sjálfstfl. hefur verið í stjórnarsamvinnu við Alþfl., að það hafi ekki legið fyrir að hausti, eða a. m. k. áður en kom að afgreiðslu fjárlaga, nema máske tvisvar sinnum á þessum 12 árum, hvernig ætti að fjármagna það, sem gera ætti á komandi ári. Nú liggur hins vegar fyrir, að það vantar allt að 600 millj. kr. til þess að standa undir loforðum og lagalegum skuldbindingum. Hvort hv. síðasti ræðumaður telur sig þess umkominn með því að komast inn í húsnæðismálastjórn eða einhver félaga hans að ná þessum 600 millj. kr. til þess að Íslendingar geti haldið áfram að byggja eins og Alþfl. hefur byggt yfir þá á undanförnum 12 árum, það veit ég ekki. Ég skil ekki enn þá, hvernig þeir ætla að fara að þessu. Er ekki farinn að sjá það.

Ég spurði hæstv. félmrh. að því hér við 2. umr. málsins, hvað liði samningum þeim, sem hann boðaði og óskaði eftir, að teknir væru upp við lífeyrissjóðina hér í landi. Hefur hann fengið svar frá þeim? Er komið loforð frá þeim um að fjármagna einhvern hluta af þessari miklu þörf? Ég veit um tvo eða þrjá sjóði, sem hafa gefið honum loforð, en það eru samt sem áður ekki þeir sjóðir, sem kannske standa honum næst og hann ætti frekast að geta haft aðgang að. Og mér er ekki heldur kunnugt um, að það sé neinn sjóður, sem Alþfl. ráði yfir sérstaklega. Ég veit ekki um neina sérstaka sjóði, sem Alþýðubrauðgerðin í Reykjavík eigi og hún geti lánað inn í húsbyggingarmálin hér í Reykjavík. Það er alveg öruggt.

Það er talað um, að við séum með málþóf um þetta mál. Við teljum þetta þýðingarmikið mál. Hv. síðasti ræðumaður minntist á, að við teldumst vera sammála tveimur atriðum í þessu frv. Við höfum marglýst því yfir, að við séum það. Annað atriðið er algerlega óþarft að bera fram í formi lagafrv. Það er þegar viðurkennt. Og jafnvel þessi ágæti þm. Alþfl. getur ekki annað en viðurkennt það, vegna þess að þessar greiðslur eru allar þegar fallnar í gjalddaga, og það þarf enginn, hvorki okkar þm. né því miður þeirra, sem þegar hafa greitt það, að hafa áhyggjur af því fyrr en á næsta ári. Það væri þannig eins vel hægt að ígrunda það mál betur, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, hvort ekki væri hægt að finna betri lausn en þarna hefur komið fram, eins og hv. þm. Ólafur Einarsson tók fram og benti á í grg. Þóris Bergssonar, sem nokkrum sinnum hefur verið notaður til þess að vitna í og senda grg. frá sér í sambandi við þetta sama mál, en nú má jafnvel ekki hlusta á. Það getur verið, að það komi á daginn, að ástæða sé til þess að hlusta á, hvað hann segir varðandi 20 millj. kr. viðbótina. Vissulega er þetta stórt spor að stíga, en ég er sannfærður um, að ekki þarf neina lagabreytingu til þess. Ef hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstj. með aðstoð Alþfl. hefur svo mikil fjárráð að þeir geta haldið áfram að byggja yfir þjóðina eins og hefur verið gert s. l. 12 ár, þá geta þeir, ef þeir hafa alla þessa peninga í vasanum, bara komið með þetta inn undir þessum lið. Staðreyndin er sú, að það eru ekki þessi tvö atriði, sem verið er að leitast við að ná fram hér á Alþ. Það er verið að ná þessu fram, þessu samkomulagi þessara tveggja systraflokka jafnaðarmannaflokks nr. 1 og jafnaðarmannaflokks nr. 2, eins og þeir heita í dag, eða fyrsti samruni vinstri flokka hér á Íslandi. Ja, en sá samruni.

Herra forseti. Það hefur komið fram nú þegar, að menn eru orðnir þreyttir á því að ræða þetta mál, og mér heyrist á sjálfum stjórnarliðum, að þeir vilji helzt ekki hafa fleiri orð um það. Ég held líka, að í því sambandi hafi komið fram efnisleg gagnrýni frá okkur sjálfstæðismönnum á frv. og einstökum greinum þess. Það sést á undirtektum hv. þm., að þm. stjórnarflokkanna skammast sín fyrir frv. Sjálfsagt veit ég það, að þegar upp verður staðið, mun síðasti ræðumaður skammast sín hvað mest fyrir sinn þátt í því samkomulagi, sem hér á að fara að lögfesta, sem — ég vil enn endurtaka, eins og ég hef þegar sagt — er kannske skýrasta dæmið í stjórnmálalífi okkar um pólitískt siðleysi.

Halldór Þ. Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er mál, sem snertir beina hagsmuni stórs hluta þjóðarinnar, og má því ætla, að margir, ekki sízt þeir, sem nú standa í húsbyggingum og fá nær daglega yfir sig stórfelldar hækkanir á flestum liðum byggingarkostnaðar, hafi beðið þess með nokkurri óþreyju að heyra héðan úr sölum Alþ., hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hyggst gera til að tryggja hag þess fólks og til að hindra, að allar húsbyggingar einstaklinga stöðvist vegna fjárskorts. Í hinum opinbera málefnasamningi hæstv. ríkisstj. er heitið aðgerðum til lækkunar á byggingarkostnaði. Vegna aðgerða eða aðgerðaleysis hæstv. ríkisstj. hafa nú orðið og eru fyrirsjáanlegar stórfelldari hækkanir á byggingarkostnaði á skömmum tíma en dæmi eru til á síðari árum. Og hverjar eru svo þær ráðstafanir í húsnæðismálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað? Þær liggja hér fyrir í frv.-formi frá hæstv. félmrh. Í þessu frv. er gert ráð fyrir afnámi vísitölubindingar á lánum húsnæðismálastjórnar, sem allir hv. alþm. eru sennilega sammála um, að sé réttmætt, þó að ágreiningur kunni að vera um, hvort sú aðferð, sem hér er lögð til, sé sú heppilegasta fyrir hagsmuni lántakenda og getur t. d. skapað nokkra örðugleika í sambandi við sölu íbúða, sem slík lán hvíla á.

Þá er einnig í frv. þessu heimiluð nokkru hærri upp-

hæð til ráðstöfunar vegna kaupa á eldri íbúðum, og er ekki nema gott um það ákvæði að segja, jafnvel þó að sú upphæð hefði verið ákveðin hærri. Hins vegar virðist ekki liggja fyrir, hvernig þessa fjár eigi að afla og ekki heldur mikils hluta þess fjár, sem afla þarf til fullnægingar á lánaþörf á yfirstandandi ári, jafnvel þó að aðeins sé miðað við þá hámarksupphæð, sem nú er veitt, hvað þá til frekari lánveitinga, sem hin gífurlega hækkun byggingarkostnaðar virðist þó gera nauðsynlegt, ef ekki á að koma til algerrar stöðvunar byggingarframkvæmda. Hæstv. félmrh. gat þess hér í umr. á hv. Alþ., að vonir stæðu til, að fé fengist að láni í þessu skyni frá lífeyrissjóðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er það tryggt, að slík lánveiting úr lífeyrissjóðum til hins almenna húsnæðislánakerfis skerði ekki möguleika sjóðfélaga í þessum sjóðum til lána úr sjóðunum, til þess að eignast þak yfir höfuðið með nýbyggingu eða með kaupum á eldri íbúðum? Sé svo, væri hér um beina skerðingu á hagsmunum lífeyrissjóðsfélaga að ræða. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., hvaða ráðstafanir hann og hæstv. ríkisstj. ætli að gera til að tryggja, að ekki verði um stórfelldan samdrátt að ræða í byggingarframkvæmdum á yfirstandandi ári og til að tryggja hagsmuni þeirra húsbyggjenda, sem þegar hafa hafið framkvæmdir eða hyggjast gera það nú á næstunni, til þess að mæta þeim stórfelldu hækkunum á byggingarkostnaði, sem dunið hafa yfir á síðustu mánuðum og fyrirsjáanlegar eru á næstu mánuðum í jafnvel enn stærri stíl en verið hefur. Þar ber einnig að hafa í huga þá skerðingu lánamöguleika byggingarvöruinnflytjenda, sem orðið hefur vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. og minnkandi lánamöguleika banka, m. a. vegna víxlasölu hæstv. fjmrh.

Ég tel, að þetta fólk eigi rétt á því, að hæstv. félmrh. skýri þessi mál hér á hv. Alþ. Það er ekki seinna vænna. Fundum Alþ. er að ljúka og framkvæmdatíminn við húsbyggingar er hafinn. Ef hæstv. ráðh. hefur engin úrræði, er heiðarlegast að skýra frá því, þó að segja megi, að þögn hæstv. ráðh. sé nægileg yfirlýsing í þá átt. Vel má líka vera, að það sé vilji hæstv. ríkisstj. að draga úr byggingu íbúðarhúsa, því að það er í rauninni það, sem gerist, ef ekkert er að gert. Í umr. hér á hv. Alþ. um þáltill. hv. 1. þm. Vestf. o. fl. um aðstoð við sveitarfélög til byggingar leiguhúsnæðis dró hæstv. félmrh. mjög í efa gildi slíkra bygginga og taldi þær þýðingarlitlar, þessar íbúðir festust og í þeim væri venjulega setið af einhverjum embættismönnum. Þetta mál væri út af fyrir sig full ástæða að ræða í sambandi við húsnæðismál almennt. Þörf sveitarfélaga á að hafa ráðstöfunarrétt á húsnæði er fyrst og fremst bundin við það að geta fengið til starfa sérhæfða starfskrafta á ýmsum sviðum, sem nauðsynlegir eru til eðlilegrar þróunar byggðarlaganna. Þessa starfskrafta er oftast erfitt að fá nema húsnæði sé fyrir hendi, og það væri því ánægjuefni, að húsnæði, sem reist væri í þessu skyni, festist. Það þýddi varanlega búsetu ómissandi og vandfenginna starfskrafta í byggðarlaginu. Hitt er svo annað mál, að ef sveitarfélögum væri veitt aðstoð umfram það, sem nú er í lögum til að koma upp slíku húsnæði, þyrfti að vera opin leið fyrir sveitarfélögin til að selja það húsnæði með hagkvæmum kjörum þeim, sem í því búa, því að ætlið hlýtur að vera æskilegra, að fólk búi í eigin húsnæði en það sé leigutakar, hvort sem heldur er hjá sveitarfélögum eða öðrum aðilum. Það fé, sem sveitarfélag síðan gæti losað við sölu þessara íbúða, mætti nota til byggingar nýrra í sama skyni. Þörfin fyrir slíkt húsnæði verður aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll. Ég er því ekki sammála hæstv. félmrh. í því, að slíkar byggingar séu þýðingarlitlar, af því að þær festist. Í rauninni mætti þá alveg eins segja, að það væri þýðingarlítið að byggja, af því að húsnæðisskorturinn yrði alltaf fyrir hendi.

Ég kem þá að þeim ákvæðum frv., sem, ef dæma má eftir því ofurkappi, sem hæstv. ráðh. hefur lagt á að koma þeim í gegn í einhverri mynd, hljóta að hans dómi að vera aðalatriði frv. Hæstv. ráðh. virðist að vísu hafa á það fallizt, að þær breytingar, sem hann taldi svo þýðingarmiklar á fjölda manna í stjórnum verkamannabústaða og húsnæðismálastjórn, nái ekki fram að ganga, ef það eitt fái að standa eftir, að hæstv. ráðh. fái aðstöðu til að koma einhverjum stuðningsmanni sínum í húsnæðismálastjórn með því að fella niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnarmanna og kjósa nýja. Þannig er hismið fallið utan af, kjarni málsins stendur eftir. Ég held, að húsbyggjendur í landinu láti sig litlu skipta, hvort í húsnæðismálastjórn sitja þrír eða átta menn eða einhver tala þar á milli. Ég held, að húsbyggjendur í landinu láti sig líka litlu skipta, hvort frjálslyndir og vinstri menn eiga fulltrúa í húsnæðismálastjórn. Og ef eina lausnin, sem hæstv. félmrh. hefur að bjóða í þessum málum, er sú að fá aðstöðu til að koma einhverjum stuðningsmanni sínum í húsnæðismálastjórn, held ég, að öllum megi vera ljóst, að stefna hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálum er ekki sú að auðvelda fólki að eignast þak yfir höfuðið, heldur einhver önnur. Það skyldi þó aldrei vera, að auk hins opinbera, langa og fagurlega orðaða stjórnarsáttmála sé til annar styttri, sem meira er farið eftir, orðaður eitthvað á þessa leið: Stjórnarflokkarnir skuldbinda sig til að styðja hver annan í því að koma stuðningsmönnum flokkanna í vel launaðar áhrifastöður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 601 felld með 36:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðn.

nei: GTh, HES, IngJ, JJ, BK, HP, JónasÁ, LJós, MK, MB, MÁM, ÓE, MG, HJ, PP, PS, RH, StefG, SV, SvH, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, SL, SM, EBS, EystJ, FÞ, GS, GuðlG, EKJ, KP, LárJ, GilsG, GÞG.

2 þm. (HV, GíslG) greiddu ekki atkv.

Einn þm. (SvJ) fjarstaddur.

Forseti (GilsG): Úrskurður minn í sambandi við það, hvernig bera skuli upp brtt. á þskj. 914, er sá, að þar sem um 3. umr. máls er að ræða, fái það raunar staðizt, þótt heldur óvenjulegt sé, að bera upp brtt. við brtt., sem fjallar um aðra grein en hin fyrri brtt. fjallar um. Mun ég því bera upp fyrst brtt. á þskj. 914, frá Matthíasi Á. Mathiesen, við brtt. á þskj. 913. Það er óskað nafnakalls, og fer það fram.

Brtt. 914 felld með 25:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ, MB, MÁM, ÓE, HJ, PS, RH, SvH.

nei: SM, EystJ, GS, GíslG, GÞG, HES, HV, JJ, HP, JónasÁ, KP, LJós, MK, MG, PP, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, GilsG, ÁÞ, BGr, BGuðn, SL.

Brtt. 913 samþ. með 23:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr. (A. 949).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur nú um sinn verið til umr. í hv. Nd. og verið rætt þar mjög rækilega og ítarlega, og hygg ég, að hv. Ed.-þm. hafi nokkuð fylgzt með þeim umr. Ætti því ekki að vera mikil þörf á því að útlista málið með langri ræðu, enda mun svo ekki gert, enda efni frv. mjög auðskilið.

Efnisatriðin, sem hér er um að ræða aðallega, eru þau, að í staðinn fyrir lánveitingar með vísitölukvöð, sem ákveðin er í gildandi lögum, er lagt til í 2. gr. þessa frv., að meðaltalsársvextir fyrir allt lánstímabilið skuli aldrei vera hærri en 7.5%, og jafnast þetta þannig út á lánstímanum, sem er 25 ár. Þar með er vísitölukvöðin felld niður og sams konar vaxtakjör verða hjá öllum lántakendum, sem lán fá hjá húsnæðismálakerfinu, fyrir allt tímabilið. Þetta er ekki svo auðvelt mál, en tæknifróðir menn á þessu sviði hafa fullyrt, að með notkun tölvu sé auðvelt að jafna vöxtunum þannig út yfir allt lánstímabilið. Þeir byrja með lágri prósentutölu, 4%, eru þar með fyrir neðan meðaltalsvextina fyrri hluta lánstímans til þess að auðvelda lántakendum að bera byrðarnar framan af, en á síðari hluta lánstímans fara vextirnir jafnmikið upp fyrir 7.5%, og á öllum lánstímanum er meðaltalið 7.5%. Það er svo eins og í gildandi lögum, að veðdeild Landsbankans tekur kvartprósent fyrir afgreiðsluþjónustu sína, og verður þannig sú upphæð, sem kemur út sem vaxtagreiðsla, raunverulega 7¾%.

Í 3. gr. frv. er svo lagt til, að sú upphæð, sem samkv. gildandi lögum má verja til kaupa á eldri íbúðum og er nú 50 millj. kr., megi hækka í 70 millj., og er það í samræmi við fengna reynslu, að 50 millj. upphæðin hefur ekki dugað og ástæða þykir hins vegar til að greiða sem bezt fyrir því, að menn geti keypt nothæf eldri hús og endurbætt þau og þurfi þannig ekki í þeim tilfellum að ráðast í nýbyggingar og taka á sig þær stóru byrðar, sem því fylgja. Þetta er því betri nýting, tryggir betri nýtingu á verðmætinu, sem fyrir er í þjóðfélaginu, og hafa menn ekki gert það að ágreiningsefni.

Þó að meginefnið sé þetta að fella niður vísitölukvöðina, þá er hér í 5. gr. ákvæði, sem er um það, að ráðh. geti ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags, þangað til samanlögð framlög sveitarfélagsins eru orðin jafnhá framlögum ríkisins, þ. e. til þess að auðvelda fámennum sveitarfélögum að geta ráðizt í hagfelldan byggingaráfanga, þá er flýtt greiðslum ríkissjóðs í bili og sveitarfélaginu gefinn kostur á aftur að jafna út mótframlag sitt að jöfnu við ríkið á lengri tíma, þó að byggingarnar séu komnar. Þetta er gert vegna þess, að sá agnúi er nú á kaflanum um verkamannabústaði, að fámennt sveitarfélag getur farið svo illa út úr því, að það fái ekki eina íbúð á fjögurra ára áætlunartímabilinu, sem fyrir liggur, og í öðrum tilfellum, þar sem um nokkru fjölmennari sveitarfélög er að ræða, þá getur farið svo, að ekki sé nema um eina eða tvær íbúðir að ræða, sem hægt er að taka í áfanga, en slíkt leysir á engan hátt úr þörfinni á byggingu verkamannabústaða og væri í þeim tilfellum hagfelldara að geta hlutað þetta niður í stærri byggingaráfanga, og það er hægt með þessari tilfærslu, með þessari viðbót við 20. gr. laganna.

Ég held, að óhætt sé að segja, að sýnd hafi verið óvenjumikil tilhliðrunarsemi til þess að reyna að ná samkomulagi um þau atriði, sem menn vissu, að ágreiningur var um. Ég hafði upphaflega lagt til, að fækkað yrði í húsnæðismálastjórn um tvo menn, og taldi það alveg nægilegt til þess að tryggja starfshæfni stofnunarinnar, að stjórnin yrði fámennari. Mjög var deilt út af þessu, bæði af hv. sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum í hv. Nd., og þá var gengið til móts við þá og fallizt á óbreytta tölu í húsnæðismálastjórn, þó að ég teldi það hins vegar þarfleysu eina og stjórnin gæti eins vel og ekki síður unnið sitt verk, þó að hún væri fámennari, en ég hélt, að þetta mundi nægja til samkomulags. Þá hef ég einnig talið það vera óhóflega mikinn mannfjölda, sem til þess væri settur í gildandi löggjöf að sjá um stjórn verkamannabústaða, byggingu verkamannabústaða í hinum ýmsu sveitarfélögum, sem eru sjö aðalmenn og sjö til vara, og þarf þar nú tilnefningu 14 manna í hverju byggðarlagi til þess að lögunum sé fullnægt. Ég hafði lagt til þarna fækkun, en það reyndist líka verða deiluefni, og þá gekk ég til móts við þá, sem óánægðir voru með þetta, með því að bjóðast til þess að fella þá grein niður. Ekki náðist samkomulag þrátt fyrir þetta, og menn virtust vera því óánægðari með frv. sem ég gekk lengra til móts við þá um aðaldeiluefnið, sem þeir höfðu eytt löngum tíma í að deila um. En í þessari mynd er frv. hér komið til hv. Ed., að gengið hefur verið inn á, að tala manna sé óbreytt í húsnæðismálastjórn og sjö aðalmenn og sjö varamenn verði áfram stjórnendur verkamannabústaða í hinum einstöku byggðarlögum.

Það hefur nokkuð dregizt inn í þessar umr., að ég hafði hreyft þeim hugmyndum, þegar ég hafði framsögu fyrir málinu í hv. Nd., að ég teldi nú æskilegast, að horfið væri frá því að kjósa pólitíska stjórn yfir stofnun eins og Húsnæðismálastofnunina og æskilegast væri, að með einhverjum hætti væru tilnefndir til þess að stjórna henni menn, sem valdir væru til þess með ópólitískum hætti. Og enn fremur hafði ég látið það í ljós, að ég teldi, að óþarft væri að hafa tvær stofnanir til afgreiðslu á húsnæðismálalánum, það væri hægt að láta eina stofnun framkvæma þetta, og nefndi í því sambandi þann aðila, sem frá byrjun hefur verið afgreiðslustofnun í húsnæðismálunum, veðdeild Landsbankans, og impraði á því, að e. t. v. væri hægt að tengja afgreiðslu málanna úti um landið við hin ýmsu bankaútibú þar og færa afgreiðsluna meira út fyrir Reykjavíkursvæðið og

út um byggðirnar, menn þyrftu ekki endilega að hafa sína umboðsmenn hér, heldur fengju þeir lánin afgreidd í næsta banka. En veðdeild Landsbankans væri afgreiðslustofnunin og við hana væri teiknistofa með svipuðum hætti eins og teiknistofa er í tengslum við Búnaðarbanka Íslands einmitt fyrir hinar dreifðu byggðir. Þessar hugmyndir mínar virtust fá mikinn og góðan hljómgrunn úti um landsbyggðina, en minni innan þingveggjanna, þar sem fulltrúar hinna ýmsu flokka sitja. Þeir virðast vilja einmitt, að stjórnin sé flokkspólitísk, og verður því ekki raskað, a. m. k. ekki að þessu sinni, og því óþarft um það að deila.

Ég held, að ekki sé ástæða til þess að hafa þessi orð miklu fleiri um frv. Meginbreytingarnar eru um meðaltalsársvextina í 2. gr., nánar kveðið á um það í 4. gr., þar sem þjónustuviðbót veðdeildarinnar er lögð við, hækkun um 20 millj. kr. til kaupa á eldri íbúðum samkv. 3. gr. og svo ákvæði, sem ég hygg, að ekki verði um deilt, að er til hagræðis fyrir hin fámennu sveitarfélög í landinu til þess að geta tekið fyrir hagfelldari byggingaráfanga og það gert mögulegt með því að flýta greiðslum ríkissjóðs og gefa þannig sveitarfélögunum meira svigrúm til þess að leggja fram sitt framlag að íbúðunum sjálfum fengnum og þannig er í raun og veru ekki raskað hinum upphaflegu ákvæðum laganna, að framlag ríkissjóðs annars vegar og framlag sveitarfélags, þegar upp er staðið, skuli vera jöfn.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er dálitlum erfiðleikum bundið að ræða málið á þeim skamma tíma, sem hér er til stefnu, þegar við það bætist, að þskj. eftir afgreiðslu hv. Nd. liggur ekki fyrir endanlega, þó að, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, við höfum heyrt óminn af þeim umr., sem fram hafa farið í Nd., og getum svona í stórum dráttum gert okkur í hugarlund, hver afgreiðsla frv. hafi endanlega orðið í hv. Nd. En þegar frá er tekið það ákvæði, sem fjallar um lánskjörin, þ. e. vísitölutrygginguna og vaxtakjörin, þá sé ég nú ekki, hverja nauðsyn ber til að keyra þetta frv. áfram með þeim hætti, sem hér er ráð fyrir gert, og ef á komandi þeim 3—4 mánuðum, sem eru til næsta Alþ., hefði verið að kreppt í þessum efnum, þá hefur nú hæstv. ráðh. afrekað annað eins og það að hrista fram úr erminni brbl. til þess að leysa þá hnúta.

Ég er ekki að kynnast hæstv. ráðh. í dag og þekki hann vel að því og tel það einn af höfuðkostunum í stjórnmálastarfi hans, að hann hafi verið hreinskilinn, en það finnst mér á skorta um þetta mál, því að hefði sannleikurinn verið sagður umbúðalaus fyrir svona um það bil 5—6 vikum, þegar málið sá fyrst dagsins ljós hér, þá hygg ég, að allt það málaþras, sem um þetta hefur verið, hefði orðið mun skemmra og hægt hefði verið að sneiða hjá þeim umr., sem út af þessu hafa spunnizt. Það verður þá að virða mér það til vorkunnar, ef ég ályktа rangt í þessu efni, en ég get ekki séð annan tilgang með flutningi þessa máls en þann, að hæstv. ráðh. kann því illa, — og ég skil það vel, ég hef setið í stólnum hans um sinn, — hann kann því illa, að stjórnmálasamtök hans eigi ekki fulltrúa í jafnmikilvægri stjórn og húsnæðismálastjórn er. Þetta skil ég mætavel. Í annan stað kann það að vera sameiginlegt álit stjórnarflokkanna allra, að þeir uni því illa að eiga ekki meiri hluta í jafnmikilvægri stjórn. Hefðu allar þær umbúðir, sem utan um þetta mál hafa verið, verið teknar af og þetta sagt í upphafi, þá efast ég ekki um, að hægt hefði verið að sníða af og minnka til stórra muna allar þær umr., þarfar og óþarfar, sem orðið hafa um þetta mál. En eigi að síður eru staðreyndirnar þær, að málið er hingað komið með þeim hætti, að okkur er nánast ætlað að afgreiða það í þessari hv. þd. með þremur umr., ég hygg nánast í dag, a. m. k. hefur maður ekki heyrt annað. (**Forseti:** Í dag eða á morgun.) Í dag eða á morgun er sagt. Þingslit eru sem sagt á næstu grösum.

Ég skal ekki að öðru leyti blanda mér í þessa hlið málsins, en ég hygg, að þetta sé raunverulega það rétta, sem um málið verði sagt í heild. En að húsnæðismálum almennt vildi ég þó nota tækifærið til þess að víkja örlítið, og hefði verið æskilegra, að umr., sem um málið hafa þegar farið fram á þingi, hefðu snúizt meira um efnishlið málsins en þær hliðar, sem helzt hafa verið fram dregnar í þeim umr. og ég hygg af þeim ástæðum, sem ég áðan gat um, að sannleikurinn var ekki sagður um málið við tilkomu þess á Alþ.

Það var opinberlega viðurkennt í umr. um önnur hliðstæð mál hér á Alþ. fyrr, að í dag vantaði upp á, til að húsnæðismálastjórn gæti sinnt fyrirliggjandi lánshæfum umsóknum, sem fyrir lágu um s. l. áramót, um 500 millj. kr. Ekki er einn stafur í þessu frv. um auknar tekjur húsnæðismálastjórn til handa. Samkv. heimild í B-lið 8. gr. gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins eru fullar líkur á því, að um næstu áramót verði lánin, sem í dag eru 600 þús. kr. að hámarki á íbúð, að hækka um 200 þús. kr. En þessi hluti B-liðsins í gildandi lögum er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðh., breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.“

Ef gera má ráð fyrir því, að um 1000 lánshæfar umsóknir berist á hverju ári, svo sem reynsla undanfarinna ára ber með sér, þá hækkar þessi lánsfjárþörf eða þessi fjárþörf um 200 millj. kr. vegna þessarar hækkunar einnar saman. Vandinn eykst um 200 millj. kr. Ég efast ekkert um, að bæði ráðh. og húsnæðismálastjórn nota sér þessa heimild, og fullt útlit er því á, að væntanlegir lántakendur sitji ekki við betra borð, þó að þeir fái umrædda hækkun á lán sín, heldur en þeir, sem hlotið hafa lán á undanförnum 2—3 árum, þegar hafðar eru í huga þær gífurlegu verðlagshækkanir, sem orðið hafa á síðustu misserum, og ég efast um, að nokkur okkar hér í hv. þd. vefengi þörf lántakenda fyrir umrædda hækkun á núgildandi hámarkslánum. Ég trúi því ekki heldur að óreyndu að standa mundi á samþykkt hæstv. ráðh. til þeirrar leiðréttingar. Þar er einungis um eðlilega leiðréttingu að ræða, sem eins og ég áðan sagði, væri aðeins til þess að jafna aðstöðu manna miðað við þá, sem á undanförnum misserum hafa fengið lánafyrirgreiðslu.

Með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, vona ég, að öllum sé ljóst, hve gífurlegur vandi er á höndum um þetta efni. Ef úrlausnir eiga að fást til handa öllum þeim geysilega fjölda manna, sem bíða með lánshæfar íbúðir og fullgildar umsóknir, en fá nú ekki fyrirgreiðslu, ef áfram heldur sem horfir í þessum efnum, sé ég ekki

annað en við göngum stórstígir inn í nýjar biðraðir, eins og því miður áttu sér stað hér á árunum fyrir 1960, þegar oft og tíðum var ekki hægt að veita úrlausn nema kannske 20—30% af þeim umsækjendum, sem fullgildar umsóknir höfðu. Við siglum því hraðbyri að þessu fyrra ástandi og lengjast biðlistar óafgreiddra umsókna, nema til komi, eins og ég áðan sagði, virkilega raunhæf tekjuöflun, ný leið til tekjuöflunar til viðbótar við þær leiðir, sem Húsnæðismálastofnunin í dag hefur upp á að hlaupa. Ég vil a. m. k. ekki óska neinum þess að eiga að sitja í þeirri húsnæðismálastjórn, sem fengi þann vanda við að glíma, sem húsnæðismálastjórn bjó við á þessum árum, þegar fjallháir bunkar af lánshæfum umsóknum lágu óafgreiddir oft árum saman og verið var að reyna að mylgra úr sér úrlausnum til úrlausnar sárasta vanda fólks. Það verður alltaf um deilt, svo sem fram hefur komið í umr. um þessi mál áður, og þeim þá kennt um, sem búa við þann vanda að eiga að skipta því litla fé, sem til ráðstöfunar er.

Síðan 1965 og til og með 1971 hefur hins vegar verið hægt að fullnægja öllum lánshæfum umsóknum miðað við ákveðið tímabil, þ. e. umsækjendum hefur verið gert skylt að koma með umsóknir sínar áður en framkvæmdir hófust og ekki hafa þurft að líða nema sex mánuðir frá því að fullgild umsókn var inn lögð eða húsið orðið veðhæft, þ. e. fokhelt, þar til fyrri hluti lánsins hefur verið afgreiddur. Þessari reglu hefur verið hægt að halda á undanförnum árum, en sú nýbyggingaralda, sem á s. l. ári reis og virðist enn vera í vexti, framkallar þá fjárþörf, sem ég áðan minntist á og getur hæglega orsakað, ef ekki verður að gert í tíma, langar biðraðir á ný, og þá stöndum við enn þá í þeim sporum, sem við stóðum því miður í á árunum fyrir 1960. Ég hygg, að enginn okkar, og á ég þá ekki sízt við þá, sem vandann hafa á sínum herðum, ráðh. og húsnæðismálastjórn, verði öfundsverður af þeim aðstæðum eða því ástandi, sem við virðumst því miður vera að sigla hraðbyri að.

Og þá komum við enn og aftur að stjórn stofnunarinnar. Uppi hafa verið mörg undanfarin ár, ég hygg frá því að fyrsta endurskoðun laganna um húsnæðismálastjórn fór fram á árunum 1956 og 1957 og reyndar þar áður, 1952—1955, ýmsar skoðanir á því, hvernig þessari stofnun skyldi stýrt, eins og hæstv. ráðh. kom inn á hér í ræðu sinni áðan. Og það er engin ný hugmynd út af fyrir sig, að veðdeildin verði gerð að eins konar stjórntæki þessara mála. Þetta er gamalt mál. En það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Það strandaði þá á fulltrúum annarra banka, sem töldu, að með því móti væri of mikið tyllt undir Landsbankann, sem væri nægjanlega stór fyrir, og veldi hans í þessum efnum gert of mikið. Þá kom upp hugmynd, sem ég hygg, að enginn hafi nú bókstaflega hafnað, og hugmynd, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á, því að hver sem afdrif þessa frv. verða, þá er augljóst, að endurskoðun þessara mála verður að vera í gangi nánast samfellt. Og það er sú hugmynd, að ríkisbankarnir þrír tilnefndu menn í stjórn til þess að stjórna Húsnæðismálastofnuninni. Þetta er gömul hugmynd. Og með því yrði ríkisbönkunum öllum gert jafnt undir höfði. Þeir hefðu þar sína fulltrúa og mynduðu stjórn stofnunarinnar. Það er hins vegar rétt, eins og ráðh. gat um í framsögu sinni áðan, að innan veggja Alþ. hefur sú skoðun ávallt orðið ofan á, að þar sem Alþ. hefði svo mikið með tekjuöflunarmöguleika stofnunarinnar að gera og yrði sífellt að hlaupa þar undir bagga með því að lögfesta nýjar tekjuöflunarleiðir, þá væri eðlilegt, að Alþ. hefði einnig stjórn stofnunarinnar á hendi. Þetta má segja, að sé frekar vandamál framtíðarinnar heldur en það, að þörf sé á að ræða það nú í sambandi við þetta frv., en hjá því verður ekki komizt að undirstrika mjög rækilega það ógnarútlit, sem knýr á um úrlausn þessara mála. Það óskar víst enginn eftir því, eins og ég vék að áðan, að við upplifum aftur það vandræðaástand, hver sem með stjórn stofnunarinnar fer, að við eigum eftir að þurfa að upplifa ástandið fyrir 1960 aftur. Heiðarlegra og betra væri þá að koma framan að fólki og segja því, að því sé beinlínis óheimilt að byggja íbúðir, heldur en lokka það til þess að byrja að byggja og síðan horfi það á hálfköruð hús árum saman haldandi annarri íbúð fyrir fólki, sem vantar íbúð, en horfandi á sitt hálfbyggða hús, án þess að úrlausn fáist. Ég leyni þeirri persónulegu skoðun minni ekki, að ég teldi það heiðarlegar að verki staðið heldur en lokka alla, sem áhuga hafa og vilja til þess að komast yfir íbúð, af stað með voninni um, að úrlausn fáist, úrlausn, sem svo ekki sér dagsins ljós.

Nú er því oft fleygt í sambandi við þessi mál, þegar við stjórnarandstæðingar erum að ræða þau hér á Alþ., að við séum orðmargir um vandann, málum vandamálin á vegginn og drögum þau fram, en þessi málatilbúnaður okkar sé ekki raunhæfur, þar sem við bendum aldrei á tekjuöflunarleiðir eða leiðir út úr vandanum. Það er e. t. v. einnig of seint að koma með slíkar tillögur á þessu stigi málsins, þegar til stendur að hraða því svo sem ætlunin mun vera, en ég vil þó nota tækifærið til þess að koma hér að einni brtt. Þegar lögin voru endurskoðuð 1957 og skyldusparnaðurinn lögtekinn, var einnig gert ráð fyrir því, að opnað skyldi fyrir möguleika til svonefnds frjáls sparnaðar, svo sem 10. gr. laganna fjallar um. Þessi grein hefur því miður reynzt algerlega óraunhæf eða ekki „effektív", ef ég má nota það leiðinlega orð, ekki raunhæf, því að samkv. þessari grein hefur ekki ein einasta króna komið til kerfisins. Og ég hygg, að ástæðan til þess, að svo er, sé fyrst og fremst sú, að menn eru ekki hvattir til þess með neinum öðrum hlunnindum en þeim, að þeir eigi að fá forgangsrétt til lána að öðru jöfnu, ef þeir spara tiltekinn hluta á ári í svo og svo mörg ár. Ég geri það því að tillögu minni núna, að gerð verði tilraun til þess að gera þessa grein virka og reynt verði að fá hana til þess að sinna því hlutverki, sem upphaflega var ætlað, að koma fé inn í kerfið með því að það verði sett inn sama ákvæði í þá grein laganna og er í ákvæðinu um skyldusparnaðinn, 11. gr. laganna, sett verði inn í 10. gr., sem fjallar um frjálsa sparnaðinn, það sama ákvæði, sem reynzt hefur vinsælast í skyldusparnaðinum, og það er, að fé það, sem sparast á þennan hátt, eins og í greininni segir, verði undanþegið tekjuskatti og útsvari. Reynslan sýnir okkur eftir þau 17 ár, sem stofnunin hefur starfað, að verðlauna verður það fólk, sem til kerfisins leggur með einhverjum hætti, eigi að takast að fá þarna aukna fjármuni. Ég leyfi mér því, herra forseti, að flytja þessa skrifl. brtt. og vænti þess, að forseti leiti afbrigða um hana, svo að hún megi koma

hér til umr. líka, en skal að öðru leyti á þessu stigi málsins ekki fjölyrða um frv.

En ég álít, að því miður sé ekki nægjanlega vel að málatilbúnaði varðandi frv. staðið, og hefði allur sannleikurinn í upphafi verið sagður, sannleikur, sem ég hygg, að enginn alþm. hefði vefengt, hefði þetta mál verið afgreitt fyrir löngu með betra samkomulagi en því miður virðist vera útlit fyrir nú. Æskilegra hefði verið, að umr. um þetta frv. hefðu ekki snúizt um menn eða þátttöku flokka í stjórn stofnunarinnar, heldur um að leysa þann vanda, sem sýnilega er fyrir hendi, og þm., sem vel flestir eru tengdir þessum vanda með því að ýta á eftir fyrirgreiðslu fyrir kjördæmi sín og það fólk, sem til þeirra leitar, því að það eru ekki fá sporin, sem þeir eiga inn í þessa stofnun í ýmiss konar erindum fyrir umbjóðendur sína, á þeirra herðum ætti einnig skyldan að hvíla að sjá stofnuninni fyrir þeim tekjustofnum, að hún gæti sinnt verkefni sínu með svipuðum hætti og hún hefur gert undanfarin ár, en því miður virðist vera á öfugri leið nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 956) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, kom fyrst til umr. í hv. Nd. 21. apríl, þegar skammt var að þingslitum.

Það er nokkuð furðulegt, að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa verið fyrr á ferðinni með svo þýðingarmikið mál sem endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar hlýtur að vera. Þetta er í fyrsta lagi nokkurt undrunarefni.

Það er enn fremur nokkurt undrunarefni, hve hægt var unnið í þessu máli í hv. Nd., ef það hefði verið meiningin að ljúka því fyrir þingslit. Allt er þetta nokkuð með sérkennilegum hætti, og það skýrist betur, þegar frv. er athugað. Í fyrsta lagi kemur þá í ljós, að hér er ekki um neina almenna endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni að ræða, eins og ætla hefði mátt af mörgum ummælum hæstv. félmrh., bæði fyrr og síðar. En það, að frv. er þess eðlis, sem raun ber vitni um, kann að vera nokkur skýring á því, hve hægt var unnið í þessu máli í hv. Nd. Maður hefur haft ástæðu til þess að ætla og það hefur legið í loftinu, að meðal stjórnarliðsins hér á Alþ. hafi ekki verið nein sérstök ánægja með þetta frv., og er það ekki óeðlilegt. Það hefur meira að segja heyrzt, að það væri mikil andstaða gegn ýmsum ákvæðum þessa frv. innan stjórnarliðsins. Og það hefur meira að segja heyrzt, að það hafi verið ákveðinn vilji og fyrirætlun ýmissa í stjórnarliðinu að koma í veg fyrir, að þetta frv. næði fram að ganga. Allt þetta getur maður skilið, þegar frv. er nánar athugað.

En af þessu leiðir, að þau vinnubrögð, sem hér á nú að viðhafa, eru í hæsta máta óeðlileg, að koma með svo viðamikið mál til afgreiðslu í þessari d. fyrst á síðasta degi þingsins. Það verður að mótmæla mjög sterklega slíkum vinnubrögðum sem þessum. Það þarf ekki að færa sérstök rök fyrir þessum mótmælum. Það er svo augljóst, að hér er um algera óhæfu að ræða. Það er ekki hægt að koma við í þessari d. þeirri athugun þessa máls, sem væri eðlileg og makleg og nauðsynlegt, að d. viðhefði. Þess vegna getur þetta mál ekki fengið, hvernig sem það verður afgreitt úr þessari d., neina eðlilega afgreiðslu. Auk þess, sem þessi vinnubrögð hafa mjög alvarleg áhrif á það, að hægt sé að afgreiða þetta mál af einhverju viti, þá er þessi framkoma hrein móðgun og lítilsvirðing við hv. d. og Alþingi í heild.

En þetta frv. liggur hér frammi og þá er spurningin, hvers vegna frv. er fram komið. Til að svara þeirri spurningu er eðlilegast að líta nokkuð á frv. sjálft. 1. gr. frv. fjallar um það að breyta tölu stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn. Að vísu er nú búið með afgreiðslu hv. Nd. að gera breytingu á þessari 1. gr. En hæstv. ráðh. kom að ástæðunum fyrir því, hvers vegna hann leggur til fækkun í húsnæðismálastjórn samkv. 1. gr. frv. Mér þykir því eðlilegt að víkja nokkrum orðum að því. Það er einkennilegt með þennan hæstv. ráðh., að þegar hann kemst í þá aðstöðu að fara með æðstu stjórn húsnæðismálanna og vera yfirmaður húsnæðismálastjórnar, þá er það jafnan það fyrsta, sem skeður, að hann gerir till. um breytingar á skipun húsnæðismálastjórnar.

Þetta skeði 1956, þegar hæstv. félmrh. tók þá við stjórn húsnæðismálanna. Hann var ekki búinn að vera þá yfirmaður húsnæðismálastjórnar nema í nokkrar vikur, þegar hann setti brbl. um það að breyta skipun húsnæðismálastjórnar. Ekki lá honum minna á þá heldur en nú. Þá voru fimm menn, sem áttu sæti í húsnæðismálastjórn, en hæstv. ráðh. lá svo á að breyta þessu, að hann setti brbl. um, að þeir skyldu verða sjö. Og í forsendum fyrir þessum brbl. var tekið fram, að lánsfjárskorturinn væri svo mikill, það væru svo erfið störf af þeim ástæðum fyrir húsnæðismálastjórnarmenn, að það yrði að fjölga þeim. En jafnframt var tekið fram í lögunum um leið og tala húsnæðismálastjórnarmanna var hækkuð úr fimm í sjö, að einungis þrír af þessum sjö mönnum skyldu fara með öll framkvæmdastörf í húsnæðismálastjórn. M. ö. o.: Það var of mikið starf fyrir fimm menn að vinna í húsnæðismálastjórn. Þess vegna þurfti að bæta við og hafa töluna sjö. En það var tekið fram, að ekki mættu nema þrír vinna störfin. Þetta var nú hin fyrsta ganga hæstv. félmrh.

En þessi ganga er þyrnum stráð. Þetta var í sept. 1956 og í jan. 1957 var lagt fram frv. í Alþ. til staðfestingar þessum brbl. En í apríl sama ár leggur hæstv. félmrh. fram frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þá er hann kominn á þá skoðun, að það sé rétt, að fimm menn séu í húsnæðismálastjórn. Þetta gerist allt á nokkrum mánuðum. Þar er að vísu ekki tekið fram, að það megi einungis þrír menn vinna störfin. Hins vegar er það tekið fram í frv. ráðh. 1957, sem var samþ. og varð að lögum, að af þessum fimm mönnum skyldi sá maður, sem var fulltrúi Landsbankans og hafði mesta sérþekkingu á lánamálum, ekki koma nálægt þeim. Þetta var nú skoðun hæstv. félmrh. á hæfni veðdeildarinnar til þess að fjalla um þessi mál. Þetta skeði 1956 og 1957.

Og nú er það fyrsta, sem við heyrum frá hæstv. félmrh., auðvitað það, að breyta þurfi skipun húsnæðismálastjórnar, svo að sjaldan bregður mær vana sínum. En það er ekki nóg með það, að hæstv. félmrh. sé haldinn sjálfur þessari árátttu, heldur er hann búinn að gegnumsýkja sinn eigin flokk í þessu efni. Það eru hvorki meira né minna en þrjár skoðanir uppi um það í flokki hæstv. félmrh. núna, hvað margir eigi að eiga sæti í húsnæðismálastjórn. Sjálfur lagði hann til í frv., að það væru sex. Hv. þm. Bjarni Guðnason leggur til,

að það verði þrír og hv. þm. Karvel Pálmason leggur til, að þeir verði átta. Það verður gaman að sjá, hvert framhaldið verður í þessum efnum. Þetta er aðeins byrjunin, eins og 1956. Það var aðeins byrjunin, brbl., sem voru sett. Svo hélt dansinn áfram.

Hv. síðasti ræðumaður vék að því, að ekkert væri óeðlilegt, þó að hæstv. félmrh. vildi eiga fulltrúa eða flokkur hans í húsnæðismálastjórn. Ég skal nú ekkert um það segja. Það eru ýmis sjónarmið í því máli. Það er hægt að mæla vel fyrir því sjónarmiði, að það eigi að skipta um öll ráð og nefndir við alþingiskosningar. Það er svo ákveðið í mörgum tilfellum, að það skuli fara fram kosning í ráð og nefndir að loknum hverjum alþingiskosningum. En það er líka sú regla, að ráð og nefndir séu kosnar til ákveðins tíma. Það er á síðari árum, hygg ég, meir horfið að því ráði, t. d. er það svo í núverandi lögum um Húsnæðismálastofnunina, að stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára. Það er þannig ástatt líka t. d. með útvarpsráð. Útvarpsráðsmenn eru kosnir til fjögurra ára samkv. gildandi lögum. En samkv. eldri lögum ... **(Forseti:** Ég bið ræðumann afsökunar, en ég vil gefa honum færi á að fresta ræðu sinni, þegar honum hentar, ef hann óskar eftir, þangað til á framhaldsfundi.) Já, þökk fyrir. En áður gilti um útvarpsráð að kjósa skyldi útvarpsráð að afloknum hverjum alþingiskosningum. Hvers vegna var þessu breytt? Það var engin tilviljun, að þessu var breytt. Það var viss hugsun, sem lá þar á bak við. Þetta varð til þess að undirstrika það sjónarmið, að viss ráð og nefndir ættu ekki að starfa flokkspólitískt. Þeim var treyst til þess, að svo væri ekki, og þá litu menn svo á, að ekki þyrfti að breyta í þessum ráðum og nefndum, þó að breyting yrði á skipan Alþingis. Og þetta varð einnig til þess að undirstrika það sjónarmið, að þessi ráð og nefndir ættu ekki að vinna flokkspólitískt. Mér finnst þetta ekki einungis athyglisvert sjónarmið. Mér finnst, að það eigi mikinn rétt á sér. Samkv. þessu ættu þeir, sem vilja og telja sig hafa þá stefnu, að húsnæðismálastjórn eigi að vinna óflokkspólitískt, ekki að hrófla við þessari reglu, heldur væri það þá eðlilegt, að viðkomandi stjórn sitji út sín fjögur ár, eins og hún var kosin til að gera. Þessi till. hæstv. félmrh. um að breyta skipan húsnæðismálastjórnar um leið og hann tekur við stjórn þessara mála, gengur því þvert á sjónarmið þeirra manna, sem vilja, að unnið sé óflokkspólitískt í þessari stofnun, og þetta gengur þvert á allan málflutning hæstv. ráðh. um þessi efni nú á undanförnum vikum. Þetta gengur þvert á móti því, sem hann er sjálfur að halda fram, ef menn vilja þá annars taka nokkurt mark á því. [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði lokið nokkrum aths. við 1. gr. frv., eins og frv. var lagt fram, að gefnu tilefni vegna ummæla hæstv. félmrh. um það efni. En ég vil enn fremur af sömu ástæðu víkja nokkuð að till. þeirri, sem er í 4. gr. frv., eins og það var upphaflega lagt fram. Hæstv. félmrh. gaf ástæðu til þess að vikið yrði nokkuð að því efni.

Samkv. þeirri till. er lagt til að fækka um tvo menn í stjórnum byggingarfélaga verkamanna. Og rökin fyrir því eru þau, eftir því sem hæstv. félmrh. lagði áherzlu á, að það tæki svo langan tíma að skipa sjö menn í stjórn verkamannabústaðakerfisins á hverjum stað, að eiginlega væri óvinnandi vegur að koma slíku í framkvæmd. Hæstv. ráðh. skýrði nú ekki, í hverju þetta er fólgið. Það hefði verið gaman að fá skýringar á því, hvers vegna það er svona mikið atriði af þessum ástæðum að hafa fimm menn í stjórn verkamannabústaða í staðinn fyrir sjö. Hann segir, að það hafi verið ófært að taka upp þessa reglu, að hafa sjö menn í stjórn verkamannabústaða. Frá hverju var horfið? Það var horfið frá því fyrirkomulagi, að til þess að hægt væri að byggja verkamannabústaði í einhverju sveitarfélagi, þá þurfti ekki aðeins að tilnefna stjórn verkamannabústaða, það þurfti að stofna heilt félag. Það þurfti að stofna byggingarfélag verkamanna. Auðvitað, eins og allir vita, þá þarf ýmislegt að gera í sambandi við stofnun eins félags og öll félög þurfa svo að velja sér stjórn. Kemur nú einhverjum í hug, að það sé frambærileg ástæða, sem hæstv. félmrh. ber hér fram, að það sé brýnt nauðsynjamál að fækka um tvo í stjórn verkamannabústaða, af því að það hefði verið gert svo erfitt fyrir, frá því sem áður var, þegar þurfti að stofna byggingarfélög með öllu því, sem því fylgdi? Það er ekki hægt að halda slíkri fjarstæðu fram sem þessari. Og það er alveg furðulegt, að hæstv. félmrh. skuli láta sér sæma að gera slíkt hér í umr. á hv. Alþ. dag eftir dag. En það er nú búið að koma vitinu fyrir hæstv. ráðh. í þessu efni og frv. kemur til okkar þannig, að það er búið að fella niður þessa gr.

Það er eitt ákvæði, sem komið er inn í frv. og sett var inn af Nd. varðandi verkamannabústaðina. Það er, eins og frv. liggur nú fyrir, 5. gr., þar sem tekið er fram, að ráðh. geti ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags. Ég hef ekkert á móti þessari breytingu, og það kann að vera, að hún sé að einhverju gagni og geri enga aths. við hana. En hvað er þá orðið eftir af því frv., sem lagt var fram á Alþ. í síðasta mánuði? Í raun og veru ekki annað en 4. gr. frv. varðandi vísitöluákvæðin. Það má að vísu ekki gleyma 3. gr., en hún er um það að hækka heimild húsnæðismálastjórnar til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa úr 50 millj. kr. árlega í 70 millj. kr. Það er gott út af fyrir sig að geta veitt meiri lán út á gamlar íbúðir, en ef það er gert á kostnað þess að lána út á nýjar, þá er það vafasamara. En full ástæða er til þess að ætla, að svo verði, meðan ekki er betur séð fyrir fjárþörf almenna veðlánakerfisins en nú er gert og hefur komið fram hér á Alþ. og m. a. samkv. upplýsingum hæstv. félmrh.

En ég vil þá víkja að því, sem eftir stendur og raunar er umtalsvert í frv. því, sem lagt var fram, 4. gr., þar sem fjallað er um vísitölubindinguna. Það er orðin alllöng saga um vísitölubindingu húsnæðislána. Hún var fyrst tekin upp með lögum um húsnæðismálastjórn 1955. Þá var gert ráð fyrir því, að af 70 þús. kr. lánum væru svokölluð B-lán 20 þús., en það voru vísitölulánin. Þegar lögunum var breytt og sett voru lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins 1957, færðu menn sig upp á skaftið með vísitölubindinguna, þannig að þá var gert ráð fyrir, að helmingur íbúðarlánanna væri í formi vísitölulána. Það ástand hélzt í nokkur ár, en árið 1964, þegar gerðar voru veigamiklar breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var tekið upp ákvæði um það, að öll lánin skyldu vera vísitölulán. Var það í samræmi við júnísamkomulagið svokallaða frá 1964. Þegar ákveðið var að gera öll lán húsnæðismálastjórnar

að vísitölulánum árið 1964, þá var það svo, að talað var um að gera öll fjárfestingarlán í landinu að vísitölulánum. Ég hygg, að flestir, sem vildu þess vegna gera húsnæðismálastjórnarlánin að vísitölulánum árið 1964, hafi verið á þeirri skoðun, að það ætti að fylgja á eftir að vísitölubinda önnur lán. A. m. k. var ég þeirrar skoðunar, að slíkt ætti að gera. Nú hefur það ekki verið gert, eins og kunnugt er, og mér sýnist, að þess vegna sé brostin forsenda fyrir því að hafa vísitölubindingu á þessum lánum. Og það hefði mátt vera búið að breyta því. Það er engin sanngirni, sem mælir með því, að þeir, sem byggja íbúðarhús, skuli vera bundnir þeim kvöðum, sem vísitöluákvæðinu fylgir, en aðrir, sem fjárfesta í öðrum byggingum, skuli ekki vera það. Ég sé ekki, að það sé neitt réttlæti í slíku fyrirkomulagi. Og hvað sem má segja um gildi vísitölubindingarinnar, þá er hún í mínum huga einungis réttlætanleg, ef það eru almenn ákvæði um vísitölubindingu fjárfestingarlána.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að fella niður vísitöluna. Vísitalan á að vera áfram, en það á að setja viss takmörk fyrir því, hvað hún getur þýtt miklar byrðar, og þau takmörk eru bundin við það, sem samsvarar 7¾% vöxtum. Mér virðist þetta vera framför frá því ástandi, sem nú er. Ég er þó ekki viss um það, að þetta hafi verið eðlilegasta og bezta lausnin, sem gert er ráð fyrir nú í 4. gr. frv. Mér finnst, að alveg eins hefði komið til greina að afnema hreinlega vísitölubindinguna og hafa fasta vexti. Það væri fróðlegt að vita, en það hefur ekki komið fram í þessari hv. d., hverjar eru ástæðurnar fyrir því, að þessi leið var farin, en ekki sú að fastbinda vextina. Mér finnst sérstök ástæða til þess að spyrja hæstv. félmrh. um þetta, vegna þess að 1970, þegar lá fyrir Alþ. frv. um breytingar á þessari löggjöf, lagði þessi hæstv. félmrh. til, að vísitölubindingin yrði algerlega afnumin og ákveðnir vextir væru á lánunum. Það er fróðlegt að heyra, hvað hefur hér komið til, hvað veldur sinnaskiptum hæstv. ráðh. í þessum efnum.

Eins og ég sagði áðan, er þetta eitt meginefnisatriði frv. Með því að mér þykir þetta mál harla óljóst, þá styður það þá skoðun mína, að miklu eðlilegra sé að afgreiða ekki þetta mál á þessu þingi, heldur athuga þetta nánar, því að hér er vissulega um mjög þýðingarmikið atriði að ræða. Það er líka svo, að þetta breytir engu í framkvæmd mála, hvort samþykkt er nú breyting, sem snertir vísitöluákvæði lánanna, eða hvort það bíður til þingsins á n. k. hausti, vegna þess að gjalddagi þessara lána er fallinn og þetta kemur ekki til að hafa áhrif fyrr en við næsta gjalddaga.

En það, sem ég hef hér vikið að, er aðeins einn þáttur þessa máls. Þetta vísitölumál er miklu margþættara. Ef vísitalan er afnumin eða takmörkuð eins og gert er ráð fyrir í frv., þá hefur það margháttaðar afleiðingar í sambandi við framkvæmd þessara mála, og það er ekki hægt að víkja svo að þessu atriði, án þess að koma að því. Samkv. húsnæðislöggjöfinni er gert ráð fyrir því, að aflað sé fjár til veðlánakerfisins með sölu bankavaxtabréfa. Og þessi bankavaxtabréf eru vísitölubundin. Af því leiðir, að þau eru miklu auðseljanlegri eða ættu að vera, vegna þess að það þýðir miklu hærri raunvexti en ella, og um leið og við erum að finna að vísitölubindingunni, að hún sé mikill baggi á lántakendum, þá er hún hins vegar mikill hagur fyrir þá, sem kaupa bankavaxtabréfin, sem fjármagnsins er aflað með. Ef þessum hvata að kaupum á bankavaxtabréfunum er svipt burt og ekkert kemur í staðinn, þá er þar með vegið að rótum húsnæðismálakerfisins. Þetta sjá allir og ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minna enn frekar á það, að á Alþ. 1970, þegar frv. var til umr. um Húsnæðismálastofnunina, þá bar núverandi hæstv. félmrh. fram till. um niðurfellingu vísitöluákvæða. En hann gerði sér þá grein fyrir þessu. Hann gerði sér þá grein fyrir því, að ef ekkert væri gert annað, væri vegið að rótum veðlánakerfisins. Og hann tók afleiðingunum af þessu, sem ábyrgum manni sæmir, og gerði till. um stórkostleg skattfríðindi til þeirra, sem keyptu bankavaxtabréfin, þannig að það yrði unnið upp á þann veg, sem þeir töpuðu við afnám vísitölubindingarinnar. Samkv. tillögu Hannibals Valdimarssonar og tveggja annarra þáverandi stjórnarandstöðuþingmanna skyldi Byggingarsjóður gefa út og selja skuldabréf til 35 ára. Kaupendur slíkra bréfa skyldu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skattskyldum tekjum það ár, sem þeir keyptu bréfin af Byggingarsjóði.

Hér er um stórkostleg skattfríðindi að ræða. Nú vil ég spyrja: Hvað veldur sinnaskiptum hæstv. félmrh. í þessu veigamikla efni frá 1970? Ég sagði, að 1970 hefði hann sýnt í þessu efni mikla ábyrgðartilfinningu. Ég verð að segja, að maður gæti vænzt þess, að hann sýndi ekki minni ábyrgðartilfinningu nú sem ráðh., og ég vil ekki væna hann um það. Hinu gæti ég frekar trúað, að hæstv. ráðh. hefði sézt yfir þetta nú við þessa endurskoðun og það er náttúrlega eitt með öðru, sem sýnir, hvílík fjarstæða það er að hlaupa nú til á síðustu klukkustundum þingsins að afgreiða þetta mál. Og ég vil ekki trúa því fyrr en ég reyni á, að hæstv. félmrh. ætli sér að láta afgreiða þetta frv., eins og það er núna hvað þetta atriði snertir, án þess að gerðar séu ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem hann lagði sjálfur til 1970, til þess að tryggja undirstöðu veðlánakerfisins sjálfs.

En afnám vísitölubindingarinnar hefur líka önnur stórkostleg áhrif, ekki minni. 1957 var skyldusparnaður unglinga gerður að einum aðaltekjustofni veðlánakerfisins. Þá var ákveðið, að ungmenni á aldrinum 16—25 ára skyldu leggja 6% af tekjum sínum til hliðar til ráðstöfunar fyrir húsnæðismálakerfið. Þegar þessi ákvæði voru sett, þóttu þau mikil kvöð á þennan aldursflokk þjóðarinnar. Það var hægt að færa rök bæði með og móti í þessu máli. En hvort sem menn voru með því eða á móti, þá voru allir sammála um, að það yrði að búa svo um framkvæmd þessara mála, að komið væri í veg fyrir, að fólkið, sem þurfti að taka á sig þessar kvaðir, skaðaðist beinlínis af þessum ráðstöfunum. Þess vegna var ákveðið strax, að skyldusparnaðarfólkið skyldi fá ekki einungis venjulega vexti af fé sínu, heldur skyldu vextirnir bundnir vísitölu, sem þýddi það, að raunverulegir vextir, sem þetta fólk fékk fyrir fé sitt, voru langt yfir almennum bankavöxtum.

1964 var þessi kvöð á þessum ungmennum aukin úr 6% upp í 15%. Sjá þá allir, að ef það var þýðingarmikið að gæta hags skyldusparenda, þegar þeir þurftu að leggja til hliðar 6%, þá var það ekki minni þörf, þegar það voru 15%. Og nú eru það 15%. En nú er það alvarlega samkv. þessu frv., sem hér er lagt fram, að nú eru settar takmarkanir á þessa vexti, sem greiddir eru til þeirra, sem lúta skyldusparnaðinum, þannig að vextirnir geta ekki að meðaltali yfir tímabilið farið yfir

7.5%. Þeir geta ekki farið yfir það. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé ekki rétt. Ég held því fram, að þetta sé svona. Hann skýrir mál sitt þá á eftir. Ég er ekki að væna, eins og ég sagði áðan, hæstv. félmrh. um það, að hann vilji gera verr við skyldusparendur en hefur verið gert, dettur það ekki í hug. En ég leyfi mér að láta mér koma til hugar, að honum hafi sézt yfir þetta atriði, og það væri fróðlegt að heyra skýringar hans á því hér síðar. En ef það er svo, eins og ég held fram, þá sé ég ekki, að skyldusparnaðarkerfið geti haldið áfram. Það er ekki hægt, það er ekkert réttlæti í því að skylda skyldusparnaðarfólkið til þess að lúta því að geta aðeins fengið 7.5% vexti af fé sínu á sama tíma sem það getur fengið 9% vexti með því að leggja það inn í sparisjóðsbók. Ég sé ekkert réttlæti í þessu máli og það er meira en það. Þetta er það alvarlegt mál, að mér sýnist það höggva nærri stjórnarskrárákvæði því, sem verndar eignarréttinn í þessu landi. Og það mál þyrfti að athuga. En hvað sem því líður, þá segir mér svo hugur um, að unga fólkið í landinu sætti sig ekki við slíkt óréttlæti. Menn geta sætt sig við byrðar og kvaðir, hvort sem þeir eru gamlir eða ungir. En menn geta ekki sætt sig við óréttlæti, og það á enginn að gera það, hvort sem hann er ungur eða gamall.

Ég hef hér bent á, hve það er viðtækt mál að hreyfa ákvæðunum um vísitölubindinguna. Ég er ekki á móti því, að þeim ákvæðum sé hreyft. Ég tel, að það eigi að afnema vísitölubindinguna, eins og ég hef sagt áður, undir þeim kringumstæðum, sem við búum nú við, að þetta er ekki látið gilda nema um þessi einu fjárveitingalán. En það verður ... (**Félmrh.:** Ósköp erum við lengi að verða sammála um þetta.) að gæta þess í leiðinni, að tryggður sé fjárhagslegur grundvöllur fyrir veðlánakerfið, og það er það, sem hæstv. félmrh. hefur gert sig sekan um að gleyma. Og hann verður í þessum umr. aldrei of oft minntur á það.

Með tilliti til þess, sem ég hef núna sagt, þá tel ég mikið óráð að ætla að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Frv. er ekki einungis vanhugsað, það er hættulegt og í því er ekkert varðandi þann vandann, sem mestur er í dag, sem er fjárhagsvandamál íbúðarlánakerfisins. Ég held því, að það eigi að athuga þetta mál miklu betur og á miklu breiðari grundvelli en hæstv. félmrh. hefur gert og það eigi að nota tímann til næsta þings til þess að vinna það verk, og það verk verður að vinna. Það er augljóst mál.

Ég vil þá leyfa mér að víkja nokkuð að því, sem sérstaklega þarf að veita athygli í sambandi við endurskoðun þessara mála í heild. Ég skal þá víkja að lánskjörunum. Það er atriði, sem þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar. Þetta á við lánskjörin varðandi lengd lánstímans og varðandi lánsupphæðina. Ég hef áður vikið að vaxtakjörunum. Lánin núna, hin almennu íbúðarlán eru til 25 ára. Það þótti mikið átak á sínum tíma, 1955, þegar núverandi húsnæðismálalöggjöf var fyrst sett, að hafa lánin til 25 ára, vegna þess að þá a. m. k. um áratuga skeið höfðu ekki þekkzt nein lánskjör með lánum til svo langs tíma. En þó að það þætti vel af sér vikið 1955 að stíga þetta skref, þá er mönnum orðið löngu ljóst, að hér er brýnt verkefni að stíga þetta skref áfram. Það er brýnt verkefni að gera það. Við erum í þessu efni langt á eftir þeim þjóðum, sem við oftast viljum bera okkur saman við, eins og nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum. Það eru fleiri en ég, sem hafa þessa skoðun. 1970 hafði núverandi hæstv. félmrh. þessa skoðun. Þá lagði hann til, að lánstíminn yrði lengdur upp í 35 ár, úr 25 árum í 35 ár, og lánin yrðu fyrstu þrjú árin afborgunarlaus. Nú hefur hæstv. ráðh. ekki lagt þetta til. Má ég spyrja hæstv. ráðh., hver er ástæðan til þess? Ef það var þörf 1970 í þessu efni, er hún ekki nú fyrir hendi? Mér finnst, að hæstv. ráðh. þurfi að gera deildinni grein fyrir þessu máli. (**Félmrh.:** Svona skildi íhaldið við þetta.) Svona skildi íhaldið við þetta, segir hæstv. ráðh. Hann um það. En húsnæðismálalöggjöfin, fjáröflunin til húsnæðismálalöggjafarinnar er fyrst og fremst verk íhaldsins, það, sem við höfum í dag. Og Sjálfstfl. hefur aldrei talið, að við værum komnir á leiðarenda í þessum efnum. Sjálfstfl. og ríkisstj. hans bar fram frv. til breytinga á þessari löggjöf 1970, sem miðaði mjög í framfaraátt, og ég efast ekki um, að það hefði verið haldið áfram á sömu braut, ef áhrifa Sjálfstfl. gætti í dag. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað hefur breytzt síðan 1970? Hvers vegna leggur hann ekki til, að lánstíminn sé lengdur eins og hann lagði þá til?

Í frv., sem lagt var fram 1970 og samþ. var, var gert ráð fyrir, að lánsfjárupphæðin yrði 600 þús. kr., en í frv. var gert ráð fyrir því, að þessi upphæð skyldi endurskoðast á tveggja ára fresti. Hæstv. ráðh. lagði þá til, að þessi upphæð, lánsupphæð veðlánakerfisins, yrði endurskoðuð árlega. Hann lagði til, að þetta yrði gert árlega. Nú eru liðin tvö ár frá því að þessi lög voru sett, og hæstv. ráðh. gerir ekkert til þess að endurskoða þetta, þó að honum beri lagaskylda til þess. En samkv. eigin áliti hefði átt að gera það fyrir ári. Það væri fróðlegt og mér finnst, að hv. d. eigi kröfu á því að fá skýringar á þessum sinnaskiptum hjá hæstv. ráðh. Hvað dvelur hæstv. ráðh. að endurskoða upphæð húsnæðislánanna?

Ég hef hér farið nokkrum orðum um lánskjörin. En þá er hinn meginþáttur þessa máls og ekki veigaminni að sjálfsögðu. Það er fjáröflunin til veðlánakerfisins. Hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir oftar en einu sinni á undanförnum vikum í umr. hér á hv. Alþ., að veðlánakerfið væri í mikilli fjárþröng og það vantaði 500 millj. kr. á þessu ári til þess að geta fullnægt þörfunum. Það hafa aldrei verið nefndar þvílíkar tölur eins og þessar. Ég tek hæstv. ráðh. alvarlega, þegar hann gefur svona yfirlýsingar. En mér þykir miður að þurfa að vekja athygli á því, að hann virðist sjálfur ekki taka svona yfirlýsingar alvarlega, því að ef hann tæki yfirlýsingar sínar um þetta efni alvarlega, þá hefði hann auðvitað lagt til úrræði í þessum efnum í frv. því, sem hér liggur fyrir. En um þetta efni er ekki að finna eitt einasta orð, ekkert.

Fjáröflun veðlánakerfisins er byggð upp að veigamiklum hluta á launaskattinum og skyldusparnaðinum. Þetta eru þýðingarmestu tekjustofnar veðlánakerfisins. En þetta dugir ekki. Atvinnurekendur greiða 1% af launum til Byggingarsjóðsins. Ég held, að á sínum tíma, þegar þetta var ákveðið, hefði mjög átt að koma til greina, að það væru greidd 2% í Byggingarsjóðinn, 1% frá atvinnurekendum og 1% frá launþegum. Að vísu er það ekki fagnaðarefni fyrir neina að greiða skatta. En hér er um ákaflega mikið hagsmunamál að ræða fyrir launþega og ekki sízt fyrir þá, sem ættu verst með að greiða þennan skatt, hefðu minnst launin og ættu eftir

að koma sér þaki yfir höfuðið, en engir hefðu meiri hagnað af því, að hægt væri að fullnægja lánaþörf úr Byggingarsjóðnum.

Ég er ekki að segja, að þetta eigi að gera nú. Það geta komið ýmsir hlutir til álita. Hæstv. félmrh. lagði til 1970, að hækkað yrði beint fjárframlag úr ríkissjóði til þessara mála um 50 millj. kr. Þá var þörfin ekki eins mikil og hæstv. ráðh. hefur lýst núna og ég hef áður gert grein fyrir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvers vegna leggur hann ekki þetta til núna eða samsvarandi upphæð, sem væri töluvert hærri? Hver er ástæðan fyrir þessum sinnaskiptum hæstv. ráðh.?

Hæstv. núverandi ráðh. hélt því fram í umr. 1970, að það væri verðugt viðfangsefni fyrir Seðlabanka Íslands að sjá kerfinu fyrir fjármagni. Hann skýrði þetta nú ekki gaumgæfilega, en ekki má maður gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi farið með neitt fleipur í þessu efni. Ef hér eru einhver úrræði og ef það hefði verið ástæða til að grípa til þeirra 1970, þá sýnist mér, að þeim mun meiri ástæða sé að grípa til þeirra núna. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi rætt þetta mál við Seðlabankann núna og hver niðurstaðan hafi orðið. Ég geri ráð fyrir því, að hann hafi viljað halda fram svo snjöllum hugmyndum sem hann var með 1970, og hann hafi ekki minni ástæðu núna til þess að leysa þetta mál með þessum hætti, ef það er mögulegt, heldur en hann hafði þá. (**Félmrh.:** Við skulum geyma þessa fsp.) Ég held, að hæstv. ráðh. hafi nú nóg með, ef hann ætlar að svara öllum mínum fsp., og ég ætla ekki að íþyngja honum með svona lítilræði. Annars veit ég, að hann er hjálpsamur og mundi gera bæði þetta og fleira fyrir mig, ef ég bæði hann vel.

En áður en ég lýk máli mínu varðandi tekjustofnana, þá vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að skyldusparnaðinum. Í sambandi við það, sem ég var að tala um skyldusparnaðinn áðan, kom fram, að hæstv. ráðh. vegur algerlega að því kerfi, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að bæta skyldusparnaðarmönnum upp það, sem þeir tapa við takmörkun á ákvæðum vísitölubindingarinnar á íbúðalánin. En í þessu sambandi er einnig þess að geta, að að vissu leyti hefur skyldusparnaðarkerfið alltaf minni áhrif og minni þýðingu fyrir fjáröflunina að því er varðar aukningu á fjármagni því, sem inn í kerfið kemur. Þetta er vegna þess, að þegar skyldusparnaðurinn byrjar, á fyrsta árinu, þá leggja allir til hliðar, en það þarf ekkert að greiða út úr kerfinu. Á næsta ári þarf að greiða út til eins árgangs og þetta heldur áfram stig af stigi, þannig að það leitar jafnvægis það fjármagn, sem kemur inn í kerfið, og það, sem fer út úr kerfinu, og að öðru óbreyttu kemur loks ekki meira inn í kerfið en það, sem fer út úr því, nema sem svarar fólksfjölgun í landinu. Af þessu leiðir, að það er kominn núna tími til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að skjóta nýjum stoðum undir fjáraflakerfi veðlánakerfisins, vegna þess að skyldusparnaðurinn hefur ekki sömu þýðingu og áður. En auðvitað hefur skyldusparnaðurinn, á meðan hann stendur, ákaflega mikla þýðingu með því, að hann bindur mikið fjármagn í kerfinu. En það verður þó því aðeins, að hægt sé að halda við þessu kerfi. En í því efni vísa ég til varnaðarorða minna hér áður um það, að þar er öllu stefnt í voða eins og nú horfir, ef frv. þetta verður samþykkt.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um fjáröflunarmöguleika kerfisins. En það er náttúrlega grundvallaratriði, að séð sé fyrir nægilegu fjármagni. Þá verða ýmsir hlutir, sem við höfum rætt um núna á undanförnum dögum og vikum, miklu auðveldari. Þá leiðir af því, að það verður fjármagn til þess að byggja leiguíbúðir, þá leiðir af því, að það verður fjármagn til þess að veita lán út á gamlar íbúðir og þá verður líka möguleiki til þess að veita sérstök lán vegna öryrkja og annarra hópa í þjóðfélaginu. En hæstv. félmrh. minntist ekki á þessi stóru mál, sem ég hef hér verið að ræða um, í frumræðu sinni í þessum umr. Hann minntist ekki á tekjuöflunina og ekki á lánskjörin. Og hann minntist ekki á önnur mjög veigamikil atriði í þessu sambandi, eins og t. d. tæknimálin. Þó verður að geta þess, að hann minntist lítillega á tæknimálin í sambandi við teiknistofu húsnæðismálastjórnar. En húsnæðismálastjórn hefur frá upphafi átt að láta til sín taka tæknimál varðandi húsbyggingar. Þetta var strax tekið fram í lögum 1955. Þar var getið um nokkur atriði, sem húsnæðismálastjórn ætti sérstaklega að láta til sín taka. Í þeim lögum var þetta ekki mikið að vöxtum eða sérlega mikil verkefni, sem húsnæðismálastjórn þurfti að taka að sér samkv. anda og orðum laganna. En 1957 var þessu gerbreytt. Þá voru sett mjög ítarleg ákvæði um þetta efni samkv. stefnu núverandi og þáverandi hæstv. félmrh. Samkv. lögunum frá 1957 var það svo, að húsnæðismálastjórn var nærri ekkert óviðkomandi í tæknimálum, sem varðaði húsbyggingar, og voru sett undir Húsnæðismálastofnunina hin margvíslegustu verkefni. Mér þótti þetta þá töluvert orka tvímælis. Með þessu væri verið að setja upp embættisbákn og fela ákveðin verkefni ákveðnum aðila, sem í fyrsta lagi væri ekki víst, að væri sérlega fær um eða eðlilegt, að annaðist marga þessa hluti og að með þessu væri verið að fara inn á verksvið ýmissa annarra stofnana í landinu, eins og t. d. Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Byggingardeildar atvinnudeildar Háskólans o. fl. o. fl. Ég hélt því þá fram, að hér væri um lýðskrum að ræða eða algert ábyrgðarleysi. Það kom líka á daginn. Það tóku engir allt alvarlega, sem þarna var gert ráð fyrir. Sumir tóku sumt alvarlega, og ég hygg, að það hafi verið farin nokkuð rétt leið í stefnumörkun varðandi þessi mál í löggjöfinni frá 1955. Árið 1970, þegar frv. er lagt fram um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er mjög dregið úr þessu, vegna þess að það sáu allir, sem vildu sjá, að hér var um algerlega óraunhæfa hluti að ræða, algerlega óraunhæfa hluti. Það er óþarfi fyrir mig að fara að benda á fjarstæðurnar í þessum efnum, eins og t. d. það, að húsnæðismálastjórn var heimilað að undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa og fara út í stórkostleg fyrirtæki og framkvæmdir. Þetta var sett inn í lögin 1957, en þetta var ekki í frv. 1970. En þegar frv. kemur fram, þá rís núverandi hæstv. félmrh. upp og segir, að þetta megi ekki eiga sér stað, það megi ekkert draga úr verkefnum húsnæðismálastjórnar í þessum efnum. Það séu svik við fólkið í landinu og megi ekki ske og ber fram till., þá öfgafyllstu, sem sézt hefur í þessu efni. Þetta var árið 1970. Nú, árið 1972, segir hæstv. félmrh. og ítrekar í umr. hér áður, að mjög komi til greina að leggja niður húsnæðismálastjórn og leggja öll störf hennar undir veðdeild Landsbankans. Og ég verð að segja, að þótt margt væri ábyrgðarlaust í því efni, þegar var verið að

setja húsnæðismálastjórn verkefni í tæknimálum 1957, finnst mér enn þá ábyrgðarlausara að ætla veðdeild Landsbankans að sjá um öll þau verkefni. Slíkt er auðvitað alger fjarstæða. En ég tek undir það með hæstv. ráðh., að mér finnst ekkert óumbreytanlegt í sambandi við húsnæðismál. Ég get vel talið, að það komi til greina að fela lánamálin veðdeild Landsbankans, eins og hæstv. félmrh. hefur verið að tala um. En ég tel það fjarstæðu að ætla að leggja öll tæknimálin undir veðdeild Landsbankans, eins og hæstv. ráðh. hefur verið að tala um. Ég tel, að það eigi að hætta þeim skrípaleik, liggur mér við að segja, að samþykkja hér á Alþ. að fela húsnæðismálastjórn margþætt tæknimál, sem hún hefur engan möguleika til þess að sinna og aðrar opinberar stofnanir í landinu sinna. En hæstv. ráðh. gerir engar tillögur í þessu efni í frv. þessu, sem hann leggur hér fram núna. Hann talar aðeins um það að bæta gráu ofan á svart með því að fela veðdeild Landsbankans öll þau verkefni, möguleg og ómöguleg, sem húsnæðismálastjórn eru falin samkv. núgildandi lögum. Ég segi núgildandi lögum, því að því miður voru fleiri en hæstv. félmrh., sem þótti rétt 1970 að setja sömu fjarstæðuna inn í lög og áður hafði verið. En ég held, að það verði ekki margir, þegar á reynir, sem eru reiðubúnir að hlaupa með hæstv. ráðh. gönuskeið hans á enda og fara með öll þessi verkefni til veðdeildar Landsbankans.

Það, sem ég hef hér rætt um, eru verkefni, sem sérstaklega þarf að sinna, og atriði, sem þarf að taka til athugunar við endurskoðun þessara laga og varða almenna veðlánakerfið. En í þessari löggjöf er margt fleira en hið almenna veðlánakerfi. Þar eru m.a. ákvæðin um verkamannabústaðina. Verkamannabústaðakerfinu var gerbylt 1970 og það er ekki komin mikil reynsla á framkvæmd laganna. Það hefði verið fjarstæða að mínu viti að ætla að hrófla við þeim með þeim hætti, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerði ráð fyrir í upphafi og ég hef komið hér að áður. Ég skal þess vegna ekki fara að ræða hér nú nema að gefnu frekara tilefni um verkamannabústaðakerfið. Ég ætla ekki heldur núna að ræða um Breiðholtsframkvæmdirnar og ég ætla ekki að ræða heldur um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, en öll þessi atriði eru veigamiklir þættir varðandi löggjöfina um Húsnæðismálastofnun ríkisins. En það gefst kannske tækifæri síðar í þessum umr. að ræða þau atriði. En mér sýnist, að ég sé þegar búinn að víkja að svo mörgum og svo veigamiklum atriðum þessa máls, að það séu full og frambærileg rök fyrir því sjónarmiði, sem ég setti fram í upphafi máls míns, að þetta mál væri svo illa undirbúið, svo vafasamt og svo hættulegt í núverandi tillöguformi, að hyggilegast sé að bíða með afgreiðslu þess og nota tímann til næsta þings til þess að undirbúa málið betur.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég má nú víst gæta mín á því að vekja ekki nýjar umr. um málið, þegar svona seint er á ferðinni verið með það, og skal ég nú forðast það.

Það er talað um það í fyrsta lagi, að óþarft sé að vera að knýja þetta mál fram nú. Það kann að vera, að einhverjir hafi þær skoðanir, en svo mikið er víst, að verkalýðshreyfingin hefur lagt mjög þunga áherzlu á það, að því væri ekki slegið á frest að afnema vísitölukvöðina á húsnæðismálalánunum. Og þar sem allir eru nú að rannsókn lokinni orðnir sammála um það, að vísitölukvöðin leiði til óhæfilega hárra vaxta á síðari hluta lánstíma, þá ber auðvitað að verða við þeirri kröfu verkalýðshreyfingarinnar, að lánakjörunum sé breytt í skaplegt horf, þannig að þetta séu lán með tiltölulega hagstæðum vöxtum. Það er gert með þessu frv. Vísitölukvöðinni er létt af og ákveðnir meðaltalsvextir fyrir allan lánstímann, 7.5%, og við það bætist svo ¼% þóknun til veðdeildarinnar fyrir afgreiðslustörfin. Þetta er stórkostlegt mál, þó að hægt sé að orða það í stuttu máli, og þessu liggur á, en sannleikurinn er sá, að málið er flókið. Það tók fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Seðlabankans langan tíma að kanna þetta mál, hvernig það blasti við nú, og síðan voru settir menn frá Alþýðusambandinu og félmrn. til þess að gera tillögur um vaxtakjörin. Og það var heldur ekki auðhlaupið að því. Það var því hliðarmálið. Það þurfti að athuga, hvernig hægt væri að koma á sömu vaxtakjörum hjá öllum þeim, sem hefðu tekið lán frá 1965, þegar vísitölukvöðin lagðist á lánin, og þessi lánakjör yrðu þau sömu og hjá þeim, sem tækju lánin nú og framvegis eftir gildistöku þessara laga. Það þóttu ófullnægjandi allar tillögur, sem komu fram um það að setja bara á fasta vexti frá gildistöku þessara laga. Og að síðustu fundu menn út, að meðaltalsársvextir yfir allan lánstímann leystu þetta. Og eftir að sú tillaga kom fram, var að því ráði hallazt, og hef ég ekki heyrt neina koma með snjallari hugmyndir um lausn á þessu vandamáli fram til þessa og þætti mér leiðinlegt, ef hv. 5. þm. Vestf. lumar á einhverju þjóðráði til lausnar á þessu. Mér þætti vænt um, ef hann kæmi fram með einhverja tillögu, sem leysti þetta betur. (Gripið fram í.) Tillagan er um meðaltalsársvexti fyrir allan lánstímann. (**ÞK:** Frá 1970.) Frá 1970, frá því að vísitölukvöðin byrjaði. Hv. þm. segir, að þessu liggi sem sé ekkert á. Ég tel hins vegar, að því liggi á, og er þar að verða við kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Ég tek meira mark á því heldur en á kröfum hans.

Engin fjárútvegun er í frv. Það er alveg rétt. Það mál var ekki tekið með og á ekki að bögglast fyrir brjósti á neinum manni í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það er ekkert um það fjallað. Og af hverju ekki? Af því að það var verið að vinna að því sérstaklega og í miðjum klíðum, þegar frv. fór í prentun og var lagt fram á Alþ. Þá var verið að vinna að lánsfjárútveguninni alveg án tillits til afgreiðslu frv. Og það er unnið að þeirri fjárútvegun. Ef ekki verður útvegað fé, þá lendir allt í vandræðum, segja hv. þm. hér. Ætli það verði ekki að sjá til, hvernig það fer, og vona, að takist að útvega fé. Það er mikið fé, sem þarf að útvega, og af hverju þarf að útvega svona mikið fé núna? Af því að fráfarandi ríkisstj. var búin að eyða öllum tekjum þessa árs til húsnæðismálakerfisins að undanskildum 50.4 millj. kr., samkv. skýrslu húsnæðismálastjórnar sjálfrar. Þess vegna þarf að útvega svona mikið fé. Væri allt það fé, sem fellur til húsnæðismálakerfisins frá ári til árs, óskert í byrjun þessa árs, væru það smámunir einir, sem þyrfti að útvega í viðbót. Húsnæðismálakerfið hefur núna í fasta tekjustofna rétt um 1 milljarð kr., rétt um 1000 millj., og lánveitingarnar hafa farið svona lítils háttar yfir það núna allra seinustu árin. Að fjárútveguninni er unnið og við verðum að vænta þess, að málið leysist.

Fyrst og fremst standa yfir viðræður og samningar við lífeyrissjóðakerfið um að lána fé, og Atvinnuleysistryggingasjóðurinn hefur gert samþykkt um að veita 60 millj. kr. á þessu ári. Þegar atvinnuleysistryggingarnar fjölluðu um málið, er mér tjáð, að stjórnin hafi sagt, að hún mundi sætta sig við 7½% vexti af lánum til húsnæðismálakerfisins og sætta sig þannig við niðurfellingu vísitölunnar, sem var auðvitað tekjuauki fyrir Atvinnuleysistryggingasjóðinn sem lánveitanda. En ég geri nú ráð fyrir, að menn séu með hjartað á réttum stað í stjórn þess sjóðs, þannig að þeir vilji ekki taka okurvexti af húsbyggjendum í landinu, en telji sig þjóna þeim málstað bezt með því að fallast þar á hóflega og eðlilega vexti, og það hef ég fengið skilaboð um, að þessi sjóður geri. Hinn aðilinn, sem á mest af veðskuldabréfunum, er svo Byggingarsjóður ríkisins og ætti að vera nærtækara að ná samkomulagi við hann.

Menn tala um, að málið sé hér á síðustu stundu, og það er rétt. En þetta mál var lagt fram á Alþingi Íslendinga 17. apríl, og ef ekki hefði verið þvælzt og vafizt fyrir málinu, þá hefði mátt vera fyrir löngu búið að afgreiða það á Alþ. Það er rúmur mánuður síðan. Hverjir eiga sök á þessum drætti? Þeir, sem hafa beitt málþófi í báðum þd. til þess að tefja málið. (**Gripið fram í:** Hefur verið málþóf í þessari þd.?) Það er nú svona, ég held, að það verði að segja, að þetta hafi ekki verið stuttaraleg ræða, sem hérna var haldin áðan. Það voru alls konar bollaleggingar um sögu málsins frá ýmsum skeiðum, síðan húsnæðismálakerfið var stofnað. Það var verið að rekja sögu skyldusparnaðarins. Það var nú heldur saga. Ég játa það, að ég er upphafsmaður skyldusparnaðarins í þessu húsnæðismálakerfi. Það er ekki uppfinning íhaldsins. Íhaldið hamaðist á móti þessu og rógbar mig vel og rækilega, þegar ég setti á 6% skyldusparnað, en hækkaði síðan skyldusparnaðinn sjálft upp í 11 og síðan 15%. En unga fólkið hefur kunnað að meta skyldusparnaðinn. Það hefur fengið hærri vexti heldur en með nokkru öðru móti greidda á það fé, sem það hefur lagt fram. Féð notaðist í þjónustu íbúðarmálanna í landinu. Unga fólkið átti að sitja fyrir lánum, það átti að fá hærri lán, 25% hærri lán og fékk þannig mikil fríðindi fyrir það að leggja fram sitt fé og binda það eins og eðlilegt og rétt var. Þetta var á tímabili mikill tekjuauki fyrir húsnæðismálakerfið og hitt er launaskatturinn, og það er megintekjustofninn. Í gegnum launaskattinn hefur komið það fé, sem er meginstofninn af eigin fé sjóðsins. Og hvernig er það komið til? Það er komið til í stéttarfélagasamningum við atvinnurekendur og er í raun og veru klipið af launum verkafólksins. Þannig er það tilkomið. Það er verkalýðshreyfingin, sem hefur byggt upp húsnæðismálakerfið fyrst og fremst.

Hér var verið að gagnrýna lánstímann. Hann er 25 ár. Það má vel segja, að það sé of stuttur tími fyrir fólk til að endurgreiða byggingarkostnað dýrra og vandaðra íbúða, og væri æskilegt að dreifa greiðslum á lengri tíma. En Sjálfstfl. og Alþfl., sem stjórnuðu landinu s. l. 12 ár, gerðu ekki breytingu á þessu. Þegar verið er að gagnrýna þetta, hvað lánstíminn sé stuttur, þá eru þeir að gagnrýna sjálfa sig. Það væri mjög æskilegt að geta lengt lánstímann í 30-35 ár, helzt kannske 40 ár. En það kostar fé.

Þá minntist hv. þm. á tæknimálin, sem á að framkvæma samkv. húsnæðismálalöggjöfinni. En hvernig hefur það verið framkvæmt? Ég hugsa, að flest af því hafi verið svikið, ekki einu sinni hafðir neinir tilburðir til þess að framkvæma það. Kannske þurfi að fjölga húsnæðismálastjórnarmönnum upp í 11 eða 15 til þess að einhver litur væri sýndur á því? Nei, ef menn vilja halda sig við að ræða þetta frv. og láta það nægja, en ekki fara út í málþófstilburði, eins og rekið var tvær nætur í hv. Nd., þá er verkefni hv. d. það að taka afstöðu til, hvort auka eigi lánveitingar til eldra íbúðarhúsnæðis úr 50 millj. í 70 millj., hvort það eigi að sætta sig við breytingu á vaxtakjörunum frá því, að þau lúti vísitölukvöð og verði þannig óhóflega dýr húsbyggjendum á síðari hluta lánstíma eða, eins og lagt er til í frv., að 7½% verði meðaltalsársvextir yfir allan lánstímann, en séu þó framkvæmdir þannig, að byrjað sé með 4%, síðan á miðjum lánstímanum verður þetta 7½% og fer á síðari hluta lánstímans jafnmikið upp fyrir meðaltalið eins og byrjað er neðantil við það. En þetta leysir þann vanda, að hægt er að fá sömu vaxtakjör á öll lán Húsnæðismálastofnunarinnar frá því að vísitölukerfið byrjaði og þangað til lánstíma lýkur á hverju láni um sig. Ef maður setti á fasta vexti, þá væru þyngst vísitöluálög komin á lánum, sem voru tekin 1965, síðan smáminnkandi þangað til þau, sem voru veitt á liðnu ári, væru 4%, og yrði það áfram, ef settir yrðu fastir vextir. En samkv. þessu er nú byrjað á þeim lánum, sem nú verða veitt eftir gildistöku þessara laga, byrjað með 4%, síðan kemur það hækkandi, þangað til komið er jafnmikið upp fyrir 7½% eins og lánin byrja með þar fyrir neðan. Þetta held ég, að sé eina færa leiðin til þess að allir sitji við sama borð gagnvart Húsnæðismálastofnuninni um vaxtakjör á lánum sínum. Að öðrum kosti yrði þetta með föstum vöxtum mismunandi frá ári til árs, og það er sannarlega ekki viðkunnanlegt hjá sömu stofnun.

Ég skal ekki hafa mál mitt miklu lengra. Hér er komin fram till. til breytinga á frv., till. um það að reyna að lífga við kerfi hins frjálsa sparnaðar. Það er virðingarvert, ef það væri hægt, en það er eins og hv. tillögumaður sagði, hv. 1. landsk. þm., það hefur ekki komið inn ein einasta króna í gegnum frjálsa sparnaðarkerfið. Nú vill hann gera þetta aðgengilegra með því, að þetta séu tekjuskatts- og útsvarsfrjáls framlög, og má vera, að einhverjir ímyndi sér, að það leysi vandann og fé streymi inn eftir að þessi breyting yrði gerð. En því miður geri ég mér mjög veikar vonir um, að það mundi verða til mikillar fjáröflunar fyrir húsnæðismálakerfið, þó að þessi breyting yrði gerð. Ég legg lítið upp úr henni. Hún er sjálfsagt af góðum vilja fram borin, en ég er ekki viss um, að hún leysi neinn vanda. Helzt hefði ég kosið, ef menn hafa ekki mjög mikla trú á því, að slík till. leysi vanda húsnæðismálakerfisins, að þeir hefðu tekið hana aftur, þegar svo stendur á eins og nú, og hefðu veitt frv. stuðning óbreyttu. En afleiðing af því, hve málið er seint hér í hv. d., á síðasta degi þings, er sú, eða e. t. v. er formlega réttara að breyta 6. gr., þar sem segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar.“ Það er á það bent, að Alþ. eigi að kjósa húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna. En strangt tekið eru lögin ekki komin í gildi fyrr en þau

hafa verið staðfest af forseta og birt í Stjórnartíðindum. Hins vegar þyrfti kosning húsnæðismálastjórnarinnar að fara fram nú fyrir þinglausnir. Til þess að leiðrétta þennan formlega ágalla, ef menn vilja hengja sig í hann, þá þyrfti greinin að vera eitthvað á þá leið: Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir samþykkt laganna og fellur umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður, er lögin öðlast gildi.

Ég tel, að breytingin, sem felst í 5. gr., geti ekki orkað tvímælis, hún sé til bóta fyrir hin fámennu kauptún í landinu, sem eftir gildandi lögum geta í ýmsum tilvikum ekki fengið nema brothluta úr íbúð, jafnvel ekki heila íbúð á fjögurra ára tímabilinu. Þau kauptún eru til og þó nokkur. Þessi breyting er því tvímælalaust til bóta fyrir hin fámennu kauptún, sem mörg hver hafa mjög ríka þörf fyrir að notfæra sér kafla húsnæðismálalaganna um verkamannabústaði.

Þegar skoðað er í gegnum allt moldviðrið, sem hér hefur verið þyrlað upp af hv. 5. þm. Vestf., þá held ég, að verkefnið sé ekki ýkjamikið að taka afstöðu til þessa frv., þ. e. til þriggja meginefnisþátta þess. Það er búið að koma til móts við þá, sem höfðu gagnrýnt frv. í hv. Nd., og húsnæðismálastjórnin verður að vilja þessara manna jafnfjölmenn og ákveðið er í gildandi lögum og það, sem menn höfðu hnotið um líka, verður ekki fækkað í stjórn verkamannabústaða víðs vegar úti um landið. Sú grein, sem um það fjallaði og fór fram á fækkun, hefur verið felld niður, svo að þeir ásteytingarsteinar eiga að vera í burtu. Efnisatriðin þrjú standa svo eftir og það, að kjósa eigi húsnæðismálastjórn, eftir að Alþ. hefur samþ. þetta frv. Ég verð að segja, að úr því að menn vilja endilega hafa flokkspólitíska kosningu í húsnæðismálastjórn, er ekki óeðlilegt, að sá flokkur, sem á að fara með framkvæmd þessara mála, eigi mann í húsnæðismálastjórn. Ég hygg, að svo mundi Sjálfstfl. telja, ef hann ætti að fara með þessi mál. Hann tryggði sér hins vegar með gildandi löggjöf þrjá menn í húsnæðismálastjórn. Úr því sem komið var þótti líka rétt að fallast á óbreytta tölu húsnæðismálastjórnar, svo að Alþfl. missti ekki manninn út úr stjórninni. Það var gert af tilhliðrunarsemi við hann. Ég hefði því haldið, að með þessu tvennu, að fallast á óbreytta tölu í húsnæðismálastjórninni og fallast einnig á ákvæði gildandi laga um fjöldann í stjórn verkamannabústaða, þá væru sárustu broddarnir teknir af þessu frv. og menn teldu það bæði lýðræðislega og þingræðislega rétt, að núverandi minni hl., núverandi stjórnarandstaða hefði ekki meiri hl. í þessari stjórn, heldur sætti sig við það, að þeir urðu í minni hl. í síðustu alþingiskosningum og eiga þannig ekki þingræðislegan rétt til þess að fara með meiri hl. í húsnæðismálastjórn. (**Gripið fram í:** Ráðh. heldur bara uppi málþófi.) Hvað heldur nú hv. þm., að ég sé búinn að tala lengi, svo lengi að hann gæti fært það undir hugtakið málþóf? Ég hygg, að ég hafi ekki talað mikið yfir 17 mínútur, eitthvað svoleiðis. En ég skal sannarlega ekki stela tíma frá hv. d., svo að þeir geti þvælt áfram í sinni málþófsstreitu. Ég skal ekki taka þátt í neinu málþófi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. með þeim orðum, sem ég segi hér, en þau eru flutt hér að gefnu tilefni og ekki sízt vegna ummæla síðasta ræðumanns, hæstv. félmrh., þar sem hann var að sjá ofsjónum yfir því, að rætt væri um frv. til húsnæðismálalaga í einn dagpart eða svo hér í þessari hv. d. Ég vil leyfa mér að víta alveg sérstaklega þá málsmeðferð, sem hæstv. félmrh. stendur fyrir á þessu máli, og rifja það upp, að þessu máli er útbýtt hér á Alþ. 17. apríl s. l. eða rétt fyrir einum mánuði. Það tók sem sagt hæstv. félmrh. tímann frá 14. júlí 1971 til 17. apríl 1972 að koma þessu frv. frá sér. Ég minni á það, að hæstv. félmrh. var gagnrýninn á fyrrv. stjórn fyrir vísitöluákvæði húsnæðismálastjórnarlána, gerði það að höfuðuppistöðuefni í árás á ríkisstj. í síðustu kosningum, krafðist þess af fyrrv. ríkisstj., að hún breytti þeim ákvæðum þegar í stað fyrir kosningar til þess að það yrði ekki svikið eftir kosningar. Þegar hann svo sjálfur sezt í ráðherrastólinn, hefur hann ekki meira við en svo, að hann lætur marga mánuði líða án þess að nokkrir tilburðir séu uppi hafðir til þess að breyta þessu ákvæði, og gerir það ekki fyrr en útséð var um það, að breytingin tæki gildi á þessu ári, þ. e. hann var búinn að missa af strætisvagninum á þessu ári, var of seinn að bjarga skjólstæðingum sínum, sem hann bar umhyggju fyrir fyrir kosningar, en lét sér í léttu rúmi liggja eftir kosningar. Ég víti slíka málsmeðferð og segi það eins og er, að stjórnarandstaðan og Sjálfstfl. og þingflokkur hans getur ekki fellt sig við svona vinnubrögð. Ég minni enn fremur á það, að nál., — fyrst má geta þess, að 1. umr. málsins er 19. og 20. apríl, þannig að málið fer til n. 21. apríl, — nál. er útbýtt 16. og 17. maí, og fyrst eftir að í viðræðum við hæstv. forsrh. hafði komið fram af hálfu þingflokks Sjálfstfl., að hann taldi ekki unnt á svo skömmum tíma að afgreiða þetta mál, og hæstv. forsrh. taldi ekkert við það að athuga. Það var léð máls á því að afgreiða sérstaklega breytingu á vísitöluákvæðunum, en á öðru ekki. Það er fyrst eftir að þingflokkur Sjálfstfl. stendur í þeirri meiningu, að á það sé engin áherzla lögð að fá frv. samþykkt, samkv. umsögn sjálfs hæstv. forsrh., að nál. er skilað. Nál. er útbýtt í Nd. 16. og 17. maí, í fyrradag og daginn þar áður. 2. umr. er í fyrradag og í gær og í nótt í Nd. og málið er ekki komið hingað til okkar fyrr en í dag. Ég held, að það sé meira en lítil óskammfeilni af hæstv. ráðh. að telja þetta málsmeðferð, sem sæmandi sé, og ítreka fyllstu mótmæli og gagnrýni á slíka málsmeðferð.

Það er ekki hægt að bera það á borð fyrir hv. þdm. núna, að það liggi á að fá vísitöluákvæðunum breytt, þegar upplýst er, að hæstv. ráðh. hefur ekki hreyft legg né lið til að fá þeim breytt mánuðum saman og gerir ekki þessa tilraun fyrr en eftir að breytingin getur haft þýðingu á þessu ári. Það er sagt, að stjórnarandstaðan hafi þvælzt og vafizt fyrir málinu. Ég vil taka það fram, að í n. í Nd. stóð aldrei á nm. sjálfstæðismanna að ræða málið og taka það til meðferðar. Hver stjórnar heilbr.- og félmn. Nd.? Hver hefur meiri hl. í þeirri n.? Er það ekki ríkisstj. og ríkisstj.-flokkarnir? Ég vil þess vegna hvetja hæstv. félmrh. til þess að snúa geiri sínum að samherjum sínum í ríkisstj.-flokkunum, þegar hann er að tala um, að þvælzt hafi verið fyrir málinu, og sannleikurinn er sá, að í stuðningsflokkum ríkisstj. er mikil gagnrýni uppi höfð á meðferð hæstv. ráðh. á þessu máli. Og það er mjög ákveðin skoðun margra stuðningsmanna ríkisstj., að betur hefði þurft að fjalla um málið. Það er líka mjög sjaldgæft, að fram komi sammála álit stjórnar eins og húsnæðismálastjórnar um frv.

sem þetta. En það sammála álit er í stuttu máli á þá lund, að vandamálunum séu engin skil gerð í þessu frv., sem hæstv. ráðh. flytur nú á þingi, og því beri að fresta þessu máli. Svo belgir hæstv. ráðh. sig út hér og fárast yfir því, að við sjálfstæðismenn sættum okkur ekki við svona málsmeðferð. Við höfum sennilega rætt um þetta mál samanlagt í örfáa klukkutíma í báðum d. og í þeim fjórum umr., sem um málið hafa farið fram. Ég held, að hæstv. ráðherrar, því að í þann flokk má taka fleiri ráðh., séu farnir að láta valdið stiga sér nokkuð til höfuðs, ef þeir vilja vera alveg stikkfrí og gera Alþ. að einhvers konar afgreiðslustofnun fyrir sig. Ég held, að lýðræðiskenndin sé í það minnsta ekki djúprist, þegar slík ummæli eru skoðuð. **(Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, vegna þess að beðið hefur verið um fundarhlé.) Ég get ekki, herra forseti, fundið að þessari spurningu, vegna þess að ég hafði sjálfur óskað eftir fundarhléi kl. 4, en ég skil vel, að samherjum hæstv. félmrh. hafi ekkert liðið vel undir þessari ádrepu, sem ég vil leggja alvarlega áherzlu á, og ég ítreka mótmæli mín að öllu leyti varðandi meðferð þessa máls, sem er ljóst, hve vítaverð er, eftir hina ítarlegu ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem sýndi glögglega hin miklu og margslungnu vandamál í húsnæðismálum, sem að engu leyti er gerð tilraun til að glíma við í þessu frv. Ég læt máli mínu lokið.

Forseti (BJ): Ég held nú, að það skeyti, sem beint var til mín sem forseta d., hafi verið ómaklegt, eins og kom reyndar fram hjá ræðumanni, og vísa því til föðurhúsanna. En það hefur verið gerð ósk um fundarhlé í klukkustund, og ég hef ákveðið að verða við því í þeirri von, að það verði ekki til þess að torvelda störf d., heldur frekar til þess að flýta þeim. — [Fundarhlé.]

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vona, að þessi þáttur ræðu minnar eða þagnar verði ekki talinn til málþófs, meðan ég beið eftir hæstv. ráðh. En ég tel, að það sé ekki óviðeigandi, þó að þm. ætlist til þess af hæstv. ráðh., sem ber svo mjög fyrir brjósti, að þetta mál nái fram að ganga, að hann sé hér í salnum, því að varla verður talið, að málþóf hafi hér gengið úr hófi fram, þegar maður skyldi skoða innlegg hans, sem ekki hefur nú verið til þess fallið að draga úr líkunum fyrir því, að menn hafi uppi nokkur andsvör gegn þeim orðum, sem hann lét hér falla. Og ég verð satt að segja í framhaldi af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér, að lýsa furðu minni yfir þeim viðbrögðum, sem hæstv. félmrh. hefur sýnt hér í þessari hv. d. Það er mál út af fyrir sig, hvernig allur málatilbúnaður er og meðferð málsins í þingi, en fara hér sérstaklega að vera með hnútukast í garð þessarar hv. d., þar sem aðeins tveir hv. þm. höfðu tekið til máls auk hans um mál eins og þetta, — sem hann að vísu gerir allt til þess að reyna að sýna fram á, að sé í rauninni mál, sem sé sáralítils virði, en þó er lagt ofboðskapp á að koma hér í gegn, — það fær nú illa samrýmzt hvað öðru. En þegar þessa er gætt, þá fer ekki hjá því, að manni þyki hér vera um ómaklegar ásakanir að ræða af hálfu þessa hæstv. ráðh., ekki sízt eftir að það liggur fyrir og er kunnugt hæstv. ráðh., að þó að okkur væri hjálpað í stjórnarandstöðunni, það væri enginn sérstakur áhugi á að koma þessu þingmáli fram eða það ekki talið með þeim málum, sem hæstv. forsrh. taldi, að væru í fremstu röð mála, sem þyrftu að komast fram, þá engu að síður höfum við tekið vel í það að reyna að afgreiða málið með þeim hætti, að ekki þyrfti að tefja það fram yfir hvítasunnu eða þingstörf að tefjast af þeim sökum. En að það skuli vera óskapazt yfir því, þó að við eyðum hér dagstund til þess að ræða málið, gegnir mikilli furðu. Og ég verð að segja það, að báðir þeir hv. þm., sem hér töluðu, og var nú vítum hæstv. ráðh. fyrst og fremst beint til hv. 5. þm. Vestf., þeir hafa haldið sig eins vel að þessu máli og ég hef yfirleitt heyrt menn halda sig að málum. Það er kannske hins vegar mjög skiljanlegt hjá hæstv. ráðh., að hann sé ákaflega lítið hrifinn af því, að rakin séu hér í þd. afskipti hans af húsnæðismálum, og hlýtur það að vekja nokkra furðu þm., að hann skuli vera viðkvæmur fyrir því og telja, að það eigi að liggja á milli hluta, sem hann hefur fyrr og síðar sagt um þessi mál, og það skipti ekki heldur máli í sambandi við þetta frv., hvernig húsnæðismálin yfirleitt hafa þróazt og þessi stofnun, sem hér er nákvæmlega verið að ræða um. Ég veit ekki, hvernig á að ræða mál málefnalega, ef ekki með þeim hætti, sem hv. 5. þm. Vestf. hér hefur gert. Það er svo, eins og ég segi, annað mál, sem kannske skýrir betur en nokkuð annað, hvað þessi ræða hefur hitt hæstv. ráðh. illa, þau dæmalausu og óráðherralegu viðbrögð, sem þessi hæstv. ráðh. hefur haft hér í frammi í þeirri svarræðu, sem hann flutti áðan, þar sem hann beinlínis neyddi menn til þess að standa á fætur til andsvara þeim furðulega málflutningi, sem þá var borinn á borð.

Hv. 2. þm. Reykv. vék hér að því og vítti réttilega, og ég endurtek þær vítur, hvernig að þessu máli er staðið. Það er búið að liggja fyrir þinginu í langan tíma, án þess að hæstv. ráðh. hafi þokað því nokkuð áleiðis, nema þá að það hafi verið erfiðleikar innan stjórnarliðsins, og sú er auðvitað eina skýringin, að það hafi verið erfiðleikum bundið innan stjórnarliðsins að koma málinu áleiðis. Og sannast sagna furðar mann ekkert á þeim erfiðleikum, vegna þess að málið var þannig í pottinn búið og þannig úr garði gert, að ekki er að undra, að einhverjum hafi ofboðið í stjórnarliðinu, hvernig að málinu er staðið. En það er eina skýringin, en ekki það, að rætt hafi verið um málið í tvær nætur eða málþóf verið í tvær nætur, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, í Nd., þegar þess er gætt, að langt er síðan frv. var til meðferðar í n. og n. skilaði fyrst áliti núna fyrir 2—3 dögum, þá var það tekið til meðferðar, en síðan er það lagt stjórnarandstöðunni til lasts, að hún skuli ekki steinþegjandi kyngja þessu öllu saman, án þess að láta nokkra skoðun í ljós. Þetta er ekki leið fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að fá skilning á framgangi mála. Ég held ekki, að hægt sé að víta stjórnarandstöðuna fyrir það hér, að hún hafi reynt að setja fótinn fyrir þau frv., sem ríkisstj. hefur borið fyrir brjósti, að kæmust fram með skjótum hætti. En það hlýtur að fá sín andsvör úr okkar hópi, þegar með jafnmikilli óbilgirni og ósanngirni er tekið á málum og hæstv. ráðh., sem þetta mál flytur, hefur gert hér í þessari d. í dag. **(Gripið fram í:** Hefur það þekkzt áður?) Hefur það þekkzt áður? Það er gott, að hæstv. ráðh. á þó einn málsvara hér í d., sem telur afsakanlegt að viðhafa þetta. Ég hefði þó ekki búizt við, að þessi hv. þm. yrði í þeim hópi, sem afsakaði svona vinnubrögð. Það er náttúrlega fróðlegt út af fyrir sig, sem er mjög tíðkað hér af hæstv. ríkisstj., að mæla sig

alltaf við að gera það, sem fyrrv. stjórn er talin hafa gert lakast, og haga sér eftir því. (**Forseti:** Ég vil biðja menn að hafa hljóð í salnum.) Það eru upplýsingar út af fyrir sig, hverjum augum menn líta á þá hæstv. ríkisstj. og hverjar kröfur þeir gera til hennar, sem nú situr í stað. Hæstv. ráðh. hefur látið í ljós undrun yfir því, að ekki sé orðalaust kyngt því frv., sem hér liggur fyrir. Frv. í heild hefur verið rækilega rakið efnislega af hv. 5. þm. Vestf., og skal ég ekki fara að endurtaka þau rök eða gerast hér sekur um málþóf að því leyti að endurtaka það, sem sagt hefur verið, heldur aðeins drepa á nokkur atriði, sem mér finnst sérstaklega athyglisverð.

Það er auðvitað alveg ljóst, enda upplýst og staðfest af hæstv. ráðh., að það var rétt hjá hv. 5. þm. Vestf., að efnislega er höfuðkjarni málsins sá, að flokkur hæstv. ráðh. fái einn í þuklarahópinn til þess að fara höndum um umsóknir um húsnæðislánin. Það sagði hann hér í ræðu sinni áðan, og út af fyrir sig er ekkert við því að segja, og segja mátti á sínum tíma, að sá væri tilgangurinn með flutningi málsins. Það er nefnilega ekki sjáanlegt annað en að hitt atriði málsins, sem ætti að vera aðalatriði þess og vissulega er kjarni þessa frv., um vísitölubindingu lánanna, það hafi ekki verið eins mikið áhugamál hæstv. ráðh. og hann vill vera láta, þegar það er dregið að afgreiða þetta mál, þar til liðinn er gjalddagi húsnæðislánanna í ár. Mér er þannig ekki ljóst, hvernig á að fara að láta það gilda um þær afborganir, sem þegar er búið að greiða af þessum lánum. Það held ég að liggi í augum uppi og sé staðreynd málsins, að það hafi efnislega enga þýðingu, eins og við höfum bent á, þó að afgreiðsla þess væri geymd til hausts, vegna þess að menn hafa þegar orðið að greiða afborganir sínar eftir gildandi reglum eða gildandi árgjöld nú á þessu ári. Þannig að það út af fyrir sig hefur engin áhrif til hagsbóta fyrir það fólk, sem ætlunin er, að hagsbæturnar nái til, þó að málið fengi ekki afgreiðslu, vegna þess að það mundi geta gerzt með mun eðlilegri hætti og að betur athuguðu máli með því að fresta málinu til haustsins. Eina efnislega atriðið, sem eftir stendur því í frv. og veldur því, að verið er að reyna að knýja það í gegn, er því þetta, að flokkur hæstv. ráðh. fái fulltrúa í stjórnina, því að nú er búið að hverfa frá þeim sparnaði, sem hæstv. ráðh. var að stefna að. Ég tel líklegt, að það hafi verið sparnaður að fækka í húsnæðismálastjórninni. Nú hefur hann fallið frá því aftur, þannig að ekki er lengur í rauninni þörf á þeirri 1. gr., sem er í frv., vegna þess að hún er þegar orðin eins og efni þessa máls er í dag, þannig að það eina, sem eftir er af þeim þætti málsins, er ákvæðið um, að nú skuli kjósa nýja stjórn. Og auðvitað er eini tilgangurinn með því að setja þá menn frá, sem nú eru þarna, að svo miklu leyti sem hæstv. ráðh. hefur tök á því og stjórnarliðið, að ná völdum í þessari stjórn. Nú er ég ekki að segja, að þetta sé einstakt fyrirbæri, en það er mjög fátítt, að tekinn hafi verið upp sá háttur, þegar nýjar ríkisstjórnir taka við völdum, að endurkjósa og breyta lögum til þess að ryðja burtu þingkjörnum stjórnum. Þær eru ótal margar til, og ef farið væri að marka þessa stefnu, þá væri auðvitað hægt að gera marga hluti, ef menn vildu láta hafa sig í það og taka upp þau vinnubrögð. En þetta hefur almennt ekki verið gert. Það heyrir til algerra undantekninga, að til slíks sé gripið af ríkisstj., þegar hún kemur til valda, að láta breyta lögum til þess eins að svipta þá menn umboði, sem hafa með réttum hætti verið til þess kjörnir samkv. gildandi lögum frá Alþ. Þetta var að vísu gert af vinstri stjórninni, ef ég man rétt, með bankaráð ríkisbankanna á sínum tíma. Það var þá látið heita, að verið væri að endurskoða bankalöggjöfina, en ég held að megi telja þau skipti nokkuð á fingrum sér, að svona atferli hafi verið í frammi haft. Og ekki sízt kannske verður þetta undarlegt fyrir þá sök, að hæstv. ráðh. virðist bera, eftir orðum sínum að dæma, litla virðingu fyrir vinnubrögðum þessarar stjórnar.

Hæstv. ráðh. segir, að sig furði mjög á því, að stjórnarandstæðingar skuli vera að tala um, að þetta mál sé ekki þess eðlis, að það þurfi að fá afgreiðslu nú, og það sé einmitt þvert á móti nauðsynlegt, að það fái afgreiðslu. Hér sé, eins og hann orðaði það áðan og vildi gera að tilfinningamáli, verið að bæta úr miklu ranglæti, sem lántakendur húsnæðislána búi við vegna vísitölubindingarinnar, og þess vegna beri brýna nauðsyn til þess að gera þessa breytingu. Ég hef áður sagt, að út af fyrir sig skiptir engu máli, þó að það bíði til hausts, vegna þess að gjalddaginn í ár er liðinn. En hins vegar er rétt að víkja svolítið að sögu þessa máls. Hann vék að því, að verkalýðssamtökin hefðu átt þátt í því á sínum tíma með launaskatti, og það er alveg rétt, að það var í sambandi við kjarasamninga, að sá mikilvægi tekjustofn var fenginn fyrir húsnæðismálastjórnina eða stofnunina og er það vel. En ég man ekki betur en það hafi einnig verið á sínum tíma með fullri vitund og ekki andstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að vísitöluákvæðin voru sett á lánin. Það var einhliða yfirlýsing, en það var hins vegar ósköp vel vitað, að rætt hafði verið um það við verkalýðshreyfinguna og engin sérstök andmæli höfð í frammi um það, vegna þess að menn lögðu upp úr því, og það veit ég, að hæstv. ráðh. man vel, að brýn nauðsyn væri að reyna að tryggja sem mest fjármagn, og það var einmitt hugsunin að gera það með því að gefa út vísitölutryggð bréf og reyna að fá menn — þá var orðuð þessi hugmynd t. d., sem hv. 1. landsk. þm. vék hér að í dag — til að stuðla að frjálsum sparnaði og eitt og annað gert til þess að reyna að laða fjármagn inn í kerfið. Og það liggur auðvitað í augum uppi, að með því að breyta þessu aftur, þó að við getum verið út af fyrir sig sammála um, að mjög æskilegt sé að gera það, þá hefur þetta víðtæk áhrif á allt fjármálakerfi Húsnæðismálastofnunarinnar. Það hefur alls ekki verið rannsakað ofan í kjölinn, hver þau áhrif verða og hvort þar verði ekki um slíka skerðingu að ræða á tekjum Húsnæðismálastofnunarinnar, að þetta mál þurfi að skoða betur, — og hver á þá að taka á sig þá bagga, sem það leiðir af sér, að lánin verða veitt með þessum breyttu kjörum?

Hæstv. ráðh. sagði, að einkennilegt væri, að við settum fótinn fyrir þetta frv., og vildi halda því fram, að við værum sérstaklega að setja fótinn fyrir þetta atriði. Það er mikill misskilningur. Boðið hefur verið af hálfu stjórnarandstöðunnar að gera samkomulag um málið, þ. e. að taka vísitölumálið út úr og afgreiða það að svo miklu leyti sem hægt er, vegna þess að sannleikurinn er nú sá, að þetta þarf allt að skoða betur, og það er ekki eingöngu skoðun stjórnarandstöðunnar, að þetta þurfi að skoðast betur. Það er enginn ágreiningur um meginstefnuna, sem er talið, að eigi að felast í þessu frv. um að fella niður þessa vísitölubindingu. En það er einn

aðili, sem þekkir þetta betur en nokkur annar, og þar sitja ekki eingöngu fulltrúar stjórnarandstöðunnar, heldur einnig stjórnarflokkanna, og það er húsnæðismálastjórn, sem þekkir þetta betur en nokkur annar. Hún hefur gefið um þetta mál umsögn, og þar segir m. a. um þetta atriði:

„Húsnæðismálastjórn er samþykk þeirri meginhugsun, sem liggur að baki 3. gr. frv., að því er varðar breytingu frá núverandi vísitölubindingu afborgana og vaxta. Það er þó mikið álitamál, hvort hér er fundin heppilegasta lausn þessa máls.“ Þetta er umsögn húsnæðismálastjórnarinnar, og hún segir áfram: „Mætti eins og ekki síður taka til athugunar og ákveða fasta ársvexti, sem væru lágir fyrstu árin, en hækkuðu nokkuð, er fram í sækti um lánstímann, og stöðvuðust t. d. í 7—8% að nokkrum árum liðnum frá veitingu lána.“

Þá er einnig vikið að því, hvaða áhrif þetta kunni að hafa á fjárhag húsnæðismálakerfisins. Hv. 5. þm. Vestf. vék hér að einu atriði, sem ég efast um, að hafi verið hugsað, og hæstv. ráðh. svaraði ekki fsp. um það atriði, hvaða áhrif þetta hefði t. d. á skyldusparnaðinn. Skyldusparnaðurinn er merkilegt mál, og það er vert að þakka hæstv. félmrh. fyrir það út af fyrir sig að hlutast til um að koma honum á. Það má vera, að menn hafi ekki sýnt réttan skilning á því. Og það er rétt, að fyrrv. ríkisstj. hækkaði skyldusparnaðinn, og þó að þetta að vísu sé ekki orðinn, eins og hér hefur verið vakin athygli á, eins mikilvægur tekjustofn fyrir Húsnæðismálastofnunina eins og það var fyrstu árin, þá er þarna að vísu mikið fé í umferð, sem vex lítið ár frá ári. En ég held, að það sé gersamlega útilokað mál að ætla að fara að láta unglinga leggja til hliðar fé, án þess að tryggja þeim fulla vexti. (**Félmrh.:** Þetta er misskilningur.) Ég held, að vafasamt sé, að það sé misskilningur. En a. m. k. þarf að kanna þetta mun betur en tök hafa verið á að gera hér, því að það er vægast sagt mjög mikið vafamál og virðist ekki hafa verið skoðað ofan í kjölinn. Það er gott og blessað, ef svo er ekki, en það er eitt af því, sem enn þá er alveg óljóst.

Það eru fleiri atriði, sem ekki hafa verið gefnar neinar upplýsingar um og virðast vera í lausu lofti. Það er, hver á að taka á sig þær greiðslur og kvaðir, sem kunna að verða eftir í sambandi við þau vísitölutryggð bréf, sem þegar hafa verið seld. Það getur vel verið, að hægt sé að fá Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að breyta lánum sínum, það skal ég ekkert um segja, og taka lægri vexti. En það er auðvitað ekki hægt við marga aðila að gera slíkt. Það er því áreiðanlegt, að þarna verður um að ræða þunga bagga, sem leggjast á Húsnæðismálastofnunina, og er hætt við, að dragi úr lánamöguleikum hennar. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh. um eitt, ef hann hefur tíma til þess að hlusta. Það er varðandi það atriði, sem hann gat um í sambandi við lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðunum er skylt að ávaxta fé sitt á hæstu vöxtum og þess vegna er auðvitað vonlaust að ræða við þá um að lána fé sitt með lægri vöxtum heldur en fáanlegir eru hæstir á verðbréfamarkaði hverju sinni, annað er óleyfilegt. Og svo er annað, sem mér skilst að hafi gerzt og hæstv. ráðh. hafi gert eða þeir, sem hafa rætt við lífeyrissjóðina í hans umboði væntanlega, en það er að bjóða lífeyrissjóðunum verðtryggingu þeirra lána, sem þeir láta í veðlánakerfið. Er hugmyndin, að Byggingarsjóður ríkisins taki á sig áhættuna og kvaðirnar af þessari skuldbindingu og öðrum slíkum, eða er kannske hugsunin, að ríkissjóður leggi fram aukið fjármagn til að standa straum af þessum kvöðum? Það hefur áður gerzt hér á Íslandi, og gæti ég nefnt ákveðin dæmi þess, eins og t. d. stofnsjóði landbúnaðarins á sínum tíma, því að á þá voru lagðar kvaðir, sem þeir fengu að lokum ekki undir risið, og urðu þeir fjárþrota, vegna þess að það var lánað með öðrum kjörum það fé, sem þeir endurlánuðu til hinna einstöku lántakenda. Þetta má auðvitað ekki henda Byggingarsjóð ríkisins. Það er mikil gæfa, að þessi sjóður hefur þegar eignazt mikið fé, en ekki má ganga á þennan stofn nema farið sé mjög varlega, og ég vænti þess, að það sé í samræmi við skoðun hæstv. ráðh. að skerða ekki þennan sjóð, og spurningin verður þá, sem vaknar í sambandi við breytingar á þessum vísitölutryggingum lánanna, hvernig fer um t. d. þetta mál og önnur hliðstæð í sambandi við lán, sem kunna að verða tekin, eða lán, sem þegar hafa verið tekin og ógerlegt er annað heldur en greiða samkv. þeim ákvæðum, sem í gildi voru um vísitölutryggingu, þegar lánin voru gefin út og bréfin seld. Þetta er veigamikið atriði, sem stjórn Húsnæðismálastofnunar hefur nokkrar áhyggjur af.

Það eru áreiðanlega allir sammála um, að æskilegt væri, að það færi fram heildarendurskoðun á öllu íbúðarlánakerfinu, og skal ég ekki út í það mál fara, svo að ég verði ekki sakaður um að vera að fara út fyrir efni málsins, þó að það sé vissulega efni þess, að þetta er nauðsynlegt. Þó að gert hafi verið verulegt átak á s. l. ári, er enn þá margt ógert í þessu efni, og það er einmitt eitt af því, sem húsnæðismálastjórnin segir, og á þeim grundvelli leggur hún hreinlega til, að afgreiðslu þessa frv. sé frestað. Það er húsnæðismálastjórnin sameiginlega, sem leggur til, að frv. sé frestað í trausti þess, eins og segir í áliti húsnæðismálastjórnar, að Alþ. og ríkisstj. beiti sér fyrir skipun eða kosningu nefndar, er endurskoði löggjöfina í heild, og verði niðurstaða þeirrar endurskoðunar lögð í frv.-formi fyrir næsta þing. Og húsnæðismálastjórnin segir enn fremur orðrétt: Telur engar þær breytingar í umræddu frv. vera svo aðkallandi eða veigamiklar, að ekki sé unnt að fresta afgreiðslu málsins að þessu sinni. — Og í framhaldi af því segir hún, sem ég áðan gat um, að í því sambandi skal bent á, að ákvæði þau um meðaltalsársvexti, sem um ræðir í 3. gr., mundu ekki geta komið til framkvæmda á þessu ári. Þetta er kjarni málsins og fyrir liggur álit þeirra manna, sem mest og bezt eru inni í þessum málum og hafa um þau fjallað, og ég held, að það sé alveg ósæmilegt að vera í hnútukasti við þessa menn fyrir það, að þeir hafi ekki vel unnið að sínum störfum, heldur hafi þeir góðan vilja á að reyna að leysa mál þessi á farsælan hátt. En þegar fyrir liggur, að það er skoðun þessara manna, að frv. hafi enga þýðingu, það sé til tjóns að fækka í húsnæðismálastjórn, eins og þarna er lagt til, þó að því hafi nú að vísu aftur verið breytt, og það sé varhugavert að íhuga ekki betur, hvaða breytingar skuli gera á ákvæðunum um afnám vísitölubindingarinnar, sem húsnæðismálastjórn er samþykk alveg eins og við, sem höfum haldið uppi gagnrýni á frv. að öðru leyti, erum einnig sammála um, — þegar þetta er allt skoðað, gegnir það vægast sagt furðu, að það skuli vera talið árásarefni á okkur í stjórnarandstöðunni, að við skulum halda fram svip-

uðum skoðunum og húsnæðismálastjórn ríkisins hér gerir, af því að ég held, að það sé nokkuð einstætt, að slík umsögn berist einróma frá fulltrúum allra flokka, — nema að vísu fulltrúa þessa hæstv. ráðh., sem ekki er þangað enn þá kominn, — þar sem sameiginlega er lagt til jafnákveðið eins og hér er gert að fresta máli, sem ríkisstj. er með. Og það er áreiðanlega ekki að ófyrirsynju, þegar slíkt er gert, vegna þess að opinberar stofnanir reyna nú heldur að fara bil beggja og hlífa hæstv. ráðh., ef þær mögulega geta, við því að fá á sig bein andmæli frá þeim í sambandi við frv., sem viðkomandi ráðh. flytja.

Ég held, að ekkert sýni betur en einmitt þessi skoðun húsnæðismálastjórnar, að það er fullkomlega efnislega eðlilegt, hvernig hér hefur verið tekið á þessu máli af hálfu okkar sjálfstæðismanna, sem um það höfum talað hér og lagt fram till. um það. Það er mál út af fyrir sig, þó að hæstv. ríkisstj. hafi í sáttaskyni við Alþfl. lagt til að breyta aftur eða fjölga í húsnæðismálastjórninni. Það er mál, sem ég skal ekki út í fara og er samningamál hans og þess ágæta flokks, en það er aukaatriði í þessu máli. Það má segja að vísu, að það hljómi mjög kynduglega, að þó að ekki eigi að gera neinar breytingar á stjórninni, þá skuli samt vera ákveðið að kjósa nýja húsnæðismálastjórn, því að venjulega er kosið í sambandi við einhverja breytingu, sem er gerð. Nú á enga breytingu að gera, en hins vegar er þó ákveðið, að kjósa skuli nýja stjórn.

Ég endurtek það og legg á það áherzlu, að við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar, að rétt sé að endurskoða ákvæðin og orðið fullkomlega tímabært miðað við verðlagsþróun að endurskoða ákvæðin um vísitölubindinguna. Og við erum efnislega sammála því atriði. Við teljum hins vegar nauðsynlegt að skoða það mál frá öllum hliðum, hvernig það verði bezt framkvæmt og ekki flaustrað af á þann hátt, sem því miður virðist vera gert í þessu frv. að skoðun húsnæðismálastjórnar, og það þurfi jafnframt, sem alls ekki hefur legið fyrir í sambandi við meðferð þessa máls, að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif breyting sem þessi hefur á húsnæðismálakerfið. Og að segja, að það sé í rauninni mál, sem ekki skipti neinu eða a. m. k. litlu og sé eiginlega utan við þetta frv., fjárhagsmál húsnæðislánakerfisins, eins og hæstv. ráðh. segir, það er auðvitað í rauninni ekki hægt að láta sér um munn fara, því að undirstaðan að öllum þessum málum, undirstaða þess, að hægt sé að greiða götu fólksins, sem stendur í þessum mikilvægu framkvæmdum, er auðvitað fjármálalega undirbyggingin og það að tryggt sé, að til sé það mikið fjármagn til þessara þarfa, að uppfylli þarfirnar hverju sinni eins og þær eru, þannig að ekki þurfi að koma þar til neitt pólitískt mat eða þukl, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Það er eina tryggingin fyrir því, að ekki verði rangsleitni beitt í þessu máli. Ef hins vegar á að fara svo, sem skal játað, að var á sínum tíma, þegar mikið vantaði á, að hægt væri að fullnægja þörfum, þá skapast hættan á því, að fari að koma upp pólitísk sjónarmið. Ef hægt hefur verið að fullnægja þörfunum, eins og hefur verið undanfarin ár nokkurn veginn, þá hefur þessa ekki orðið vart, enda hygg ég, að þm. hafi ekki orðið varir við, að það hafi verið við erfiðleika að stríða í því efni eða hægt að hafa uppi ásakanir um það, að þar væri mönnum mismunað. Leið hæstv. ráðh., sem ég þykist vita, að hann hafi áhuga á að fara til þess að koma í veg fyrir pólitíska misnotkun, er því einmitt sú að reyna að tryggja fjármagnsútvegun til kerfisins. Og það, að allur vandinn stafi af því, að fyrrv. ríkisstj. hafi étið upp alla sjóði, er auðvitað gersamlega sagt út í hött. Það þarf að gera kerfisbundna athugun á áhrifum breytingarinnar, sem felst í þessu frv., og gera þarf kerfisbundna áætlun, hvort sem það er í sambandi við útvegun fjár frá lífeyrissjóðum eða með einhverri annarri tekjuöflun, um hvernig á að tryggja nægilegt fjármagn til þess að hægt sé að fullnægja þessum mikilvægu þörfum, sem hér er um að ræða. Þetta á og verður að fara saman, það er óaðskiljanlegt. Það þýðir ekkert að vera að karpa um stjórn á einhverjum fjárvana sjóðum. Við þurfum að láta þetta fara saman, og það er áhugamál okkar, sem höfum viljað, að þetta biði til hausts og heildarathugun færi fram á þessu máli, þannig að það gæti verið skoðað ofan í kjölinn frá öllum hliðum og gerðar þær fjármálalegu athuganir, sem algerlega skortir í sambandi við þetta frv. Það er undirstaða þeirrar till., sem við höfum verið með, að málið yrði látið bíða haustsins og unnið að því í sumar að rannsaka málið alhliða, eins og ég hef hér vikið að. Það þarf að skoða t. d. þessar hugmyndir, hvort hægt er að taka upp frjálsan sparnað. Það getur vel komið til álita, að hægt sé að taka upp skattfrjálsan sparnað í einhverju formi. Það er ekki einfalt mál, og verður, að því er ég ætla, erfitt — það má út af fyrir sig samþykkja það hér sem stefnuyfirlýsingu — að koma því á, án þess að það þurfi að skoða frá mörgum hliðum, hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til þess að fá slíkan sparnað og annað þess konar. Vafalaust geta einhver önnur úrræði komið til greina, en ég legg áherzlu á, að það er tómt mál að vera að gefa út ávísun með innistæðulausum tékkum, ef það er verið að fjalla um þessi mál, án þess að afla aukins fjár um leið og tryggja þessa mikilvægu starfsemi, sem er ein undirstöðustarfsemin í þjóðfélaginu, tryggja fólki húsnæði í landi, þar sem er eins ástatt og hjá okkur, að einstaklingarnir vilja einmitt sjálfir byggja og eiga sín hús, og mun í fáum eða engum löndum vera eins mikið um eigið húsnæði og hér. Það er mikils um vert, að að þessu sé kerfisbundið unnið og málið jafnan skoðað frá öllum hliðum, þetta er það flókið og víðtækt mál, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf., en ekki flumbrað af einstökum atriðum bara til þess að koma að einhverjum pólitískum sérsjónarmiðum. Og eins og hér var vikið að af hv. 2. þm. Reykv., þá gegnir mikilli furðu með jafnvaskan mann og hæstv. félmrh. vissulega er, þegar hann vill taka skörpum tökum á málum, að það skuli hafa verið látið bíða allan þennan tíma að koma saman ekki stærra frv. en hér er, þar sem sannast sagna er um sáralitla athugun málsins að ræða og hefði auðvitað verið hægt að leggja þetta frv. fram strax í haust og tryggja það, að fólk nyti við afborgun lána núna á þessu ári þeirra hlunninda, sem hæstv. ráðh. telur sig vera að berjast fyrir. Það er sannarlega ekki okkur í stjórnarandstöðunni að kenna, að það hefur ekki gerzt, heldur er það eingöngu því að kenna, að rn. hefur verið seint í svifum og hæstv. ráðh. hefur verið seinn í svifum að koma þessu á framfæri við hið háa Alþingi.

Herra forseti. Ég skal ekki flytja lengri ræðu um þetta mál og vonast til, að mér verði ekki gefið að sök að

halda uppi málþófi, og það er ekki ætlun okkar sjálfstæðismanna að halda uppi neinu málþófi hér, en orð mín hér hefðu kannske ekki einu sinni verið sögð, ef hæstv. ráðh. hefði ekki haft í frammi þann ósmekklega málatilbúnað og ásakanir að ráðast hér á okkur fyrir það að leyfa okkur að segja nokkur orð um mál, sem við eigum að hafa til meðferðar, einnig til athugunar í nefnd, einn einasta dag. Það finnst mér meiri óbilgirni en svo, að hægt sé að láta henni ómótmælt, og sannast sagna efast ég ekkert um, að hæstv. ráðh. sér eftir því eftir á að hafa borið hv. d. þessum sökum algerlega að tilefnislausu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. varð ókvæða við ræðu minni hér fyrr í þessum umr., eins og deildin varð áheyrandi að og ásjáandi. Það var ömurlegt að horfa upp á það, hvernig ráðh. hellti úr sér fúkyrðum og komst algerlega hjá því að ræða nokkurt atriði efnislega. Þó var það svo, að ég kom inn á mjög mörg efnisleg atriði í ræðu minni, vék að ýmsu, sem sérstaklega varðaði afstöðu félmrh., spurði um afstöðu hans til tillagna, sem hann hafði í fjölmörgum tilfellum borið fram hér á hv. Alþ. árið 1970, spurði hann fleiri spurninga um hin þýðingarmestu mál, bæði varðandi fjáröflun til kerfisins og útlánastarfsemina. Þessi hæstv. ráðh. leyfði sér að svara ekki einni einustu spurningu um hin þýðingarmiklu mál eða koma að þeim efnislega. Ég segi, það var ömurlegt að horfa upp á þetta, en það verður þó að viðurkennast, að þessi málflutningur virðist vera alveg í fullu samræmi við undirbúning þessa máls og eins og það ber að af hálfu hæstv. ráðh.

En ég ætla ekki hér núna að fara að endurtaka þau málsatriði, sem ég vék að í fyrri ræðu minni. Ég vil þó aðeins víkja að tilteknu atriði. Það er í sambandi við vísitölubindinguna. Hæstv. félmrh. talaði eins og ég væri á móti því að afnema vísitölubindinguna. Það var óþarfi af hæstv. ráðh. að láta orð falla á þá leið. Ég tók einmitt skýrt fram, að ég væri því fylgjandi, en ég sagði aðeins, að ég væri ekki viss um, að það væri rétt að fara hálfa leið í því efni, eins og hæstv. ráðh. gerir með frv. því, sem hér liggur fyrir, því að það er ekki lögð niður vísitölubindingin. En í þessu sambandi spurði ég hæstv. ráðh. að því, hvernig stæði á því, hvaða efnisástæður væru fyrir því, að hann bæri ekki núna fram till. breinlega um afnám vísitölubindingarinnar, eins og hann gerði 1970. Að sjálfsögðu kom hæstv. ráðh. ekki að þessu.

Ég álít, að af mörgu þýðingarmiklu sé það einna þýðingarmest að gera sér alveg fyllilega grein fyrir því, hvaða áhrif takmörkun á vísitölubindingunni hefur á fjáröflunina til kerfisins, annars vegar í sambandi við sölu bankavaxtabréfa og hins vegar í sambandi við skyldusparnaðinn. Ég vék að þessu hvoru tveggja í fyrri ræðu minni og ég benti á það, að kjör bankavaxtabréfanna rýrna stórlega, eða að sama skapi og kjör lántakenda batna. Og ég spurði að því, hvað ætti að gera á móti til þess að gera bankavaxtabréfin auðseljanlegri. Og ég minnti á það, að hæstv. ráðh., þegar hann lagði þetta sama til hér á hv. Alþ. 1970, sá þennan vanda, og þá lagði hann til, að það yrðu veitt sérstök skattfríðindi þeim, sem kaupa bankavaxtabréfin. Nú gerir hann þetta ekki. Mín spurning til hæstv. ráðh. var: Hverju sætir þetta og er þetta ekki alvarlegur hlutur? Hann hefur ekkert fjallað um þetta.

Hitt atriðið varðar skyldusparnaðinn. Ég hélt því fram, að eins og frv. núna liggur fyrir og ef það verður samþ. í því formi, sem það kom frá Nd., þá þýðir það, að þeir, sem eru bundnir skyldusparnaðinum, fá ekki nema 7.5% vexti. Hæstv. ráðh. muldrar í stól sínum, að þetta sé ekki rétt, en ég óska eftir því, að hann gefi skýlausa yfirlýsingu um þetta hér úr ræðustól. Það er ekki hægt að misbjóða þessari hv. d. þannig að neita að svara þessari spurningu, svo viðamikilli spurningu, áður en þetta mál gengur til nefndar.

Ég vil aðeins víkja nánar að þessu atriði. Í 5. gr. gildandi laga eru ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfa til fjáröflunar fyrir almenna veðlánakerfið. Þar eru líka ákvæði um vísitölubindinguna. Í 8. gr. eru hliðstæð ákvæði um vísitölubindinguna varðandi útlánin úr kerfinu. Í 11. gr. eru ákvæði um það, að skyldusparnaðurinn njóti vísitölukjara og þar er vitnað í 5. gr. laganna. Þegar hæstv. ráðh. leggur frv. fram, felur það í sér breytingu á ákvæðum 8. gr. laga um vísitölubindingu. Þetta var ákaflega einkennilegt, því að ef frv. hefði verið óbreytt, þá hefði verið misræmi á milli fjáröflunarinnar að þessu leyti og útlánanna, því að það er ekki gerð hliðstæð till. um hliðstæða breytingu í 5. gr. laganna. Þannig ber frv. að garði. Og samkv. frv. eins og það kemur fram er þetta rétt, sem hæstv. félmrh. virðist vera að halda fram, að skyldusparendurnir fá óbreytta vexti, vísitölubundna, ef frv. er samþ. óbreytt. Hæstv. ráðh. kinkar kolli og samþykkir þetta. Ja, gott og vel. En það er framhald sögunnar, og það er nú eitt dæmið um þá hroðvirknislegu málsmeðferð og undirbúning þessa máls, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að bera fram frv. aðeins um breytingu á vísitöluákvæði 8. gr. laganna, sem er varðandi útlánin, en ekki 5. gr., varðandi fjáröflunina. Þetta sá hv. Nd. og þar var borin fram brtt. um það, að gerð skyldi verða sama breyting á vísitöluákvæðunum varðandi 5. gr. um fjáröflunina eins og í 8. gr. Þessi brtt. var samþ. í Nd. og nú liggur frv. fyrir okkur þannig, eins og það kemur frá Nd., að það er búið að breyta vísitöluákvæðunum bæði í 8. og 5. gr. frv. En eftir sem áður vitnar 11. gr., sem varðar skyldusparnaðinn, í 5. gr. En þegar búið er að breyta 5. gr. þannig, að það verða ekki nema 7.5% vextir og vitnað er í hana í skyldusparnaðargreininni, þá er augljóst mál, að ef frv. verður samþ. eins og það kemur frá Nd., þá eiga skyldusparendur ekki rétt á nema 7.5% vöxtum.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þetta væri ekki rétt, og hann sagði það í fyrra skiptið, sem ég benti á þetta. En ég tek það ekki gilt, þó að hann muldri eitthvað í sæti sínu. Ég geri þá kröfu til hæstv. ráðh., að hann lýsi því úr ræðustól, hvort skyldusparendur eiga að fá 7.5% vexti, eins og ég held fram, ef frv. verður samþ. óbreytt, eins og það kemur úr Nd., eða hvort það eigi að vera óbreytt vaxtakjör á skyldusparnaðarkerfinu. Þetta er einfalt mál og hann getur gefið yfirlýsingu um þetta mál. Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess eða vill ekki gera slíkt, þá er það óvirðing við þessa hv. d. og óvirðing við Alþingi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér er kunnugt um, að forseti d. óskar eftir því, að menn teygi ekki

mjög lopann við þessar umr. og skal ég verða við því, en vegna þess að hæstv. ráðh. situr hér, vil ég aðeins beina nokkrum fsp. til hans, sem eru varðandi fjármálin. Vitanlega hefði það verið forsenda fyrir að fara af stað með svona frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins að efla sjóðinn, af því að áður voru svo vondir menn í ríkisstj., að þeir eyddu öllu án þess að hugsa nokkuð til framtíðarinnar. Þó viðurkenndi hann, að tekjurnar, sem kæmu í hann, væru um það bil einn milljarður, en það getur vel verið, að þeir hafi tekið forskot á sæluna og eytt langt fram í tímann. Þá væri mjög gott að fá hreinlegt yfirlit yfir það, svo að við sæjum svart á hvítu, hversu hroðalegir þeir hafa verið í óráðsíunni, fyrrv. ráðherrar. Það væri ekkert á móti því að sjá það, finnst mér, alls ekki neitt. Hitt vil ég fá afdráttarlaust fram, með hvaða hætti hann hyggst tryggja peningana, þar sem útlán hljóta að verða í kringum 1 milljarður eða útlánaþörfin og þörfin fyrir nýjar íbúðir á hverju ári er 1500—1600 íbúðir. Það er aðeins breytilegt svona eftir áhuga fólksins og því, hvernig fólkið metur ástandið í þjóðfélaginu, en þörfin er þessi. Það sýnir reynslan undanfarin ár og reynslan sýnir enn fremur, að u. þ. b. helmingur af útlánum í þessu skyni hefur farið til Reykjavíkur, og á ég þá ekki eingöngu við Reykjavík sem slíka, heldur stór-Reykjavíkursvæðið, en hitt hefur dreifzt á aðra kaupstaði og út um land.

Nú hefur verið vandlega rakið hér, hvað það ákvæði þýðir að lána 600 þús. kr. og að þörf sé á að hækka þá upphæð vegna hækkunar á vísitölu. Það getur þýtt allt að 200 þús. kr. hækkun á íbúð, þ. e. 200 millj. bara vegna verðbreytinga í landinu, sem er óhjákvæmilegt að mæta húsbyggjendum með. Mig minnir í sambandi við Keflavíkurflugvöll, að einu sinni væri gefið í skyn, að hægt væri að fá fjárveitingu í þá framkvæmd innanlands. Kannske er hægt að bera víurnar í það núna, vegna þess að það breyttist. Lífeyrissjóðirnir sem slíkir geta engan veginn ráðið við þá fjármagnsþörf, sem nauðsynlegt er að fá. Þótt þeir vildu gera vel, þá er fjármagnsþörfin örugglega meiri en það, annars vegar vegna óráðsíu, eins og sagt hefur verið, og hins vegar verðbólguáhrifanna. En svo er annað, sem kemur inn og á eftir að velgja mörgum húsbyggjanda undir uggum. Það er sú óvissa, sem er um að tryggja lán, og lán þarf á þessu ári, svo að nemi nokkrum umtalsverðum upphæðum, og svo hitt, að þegar viðskiptabankarnir vita það, — hér er í d. einn hv. þm. bankastjóri að starfi, — munu þeir verða mjög tregir til þess að hjálpa með bráðabirgðalánum, vegna þeirrar óvissu sem ríkir um að fá lánin afgreidd örugglega síðla árs, eins og venja hefur verið undanfarin ár, og einnig vegna útgáfu á spariskírteinum, sem hæstv. ríkisstj. er nú búin að fá lögheimild til, en það eru allt að 700 millj. núna á hálfu ári í tveimur gusum, 200 millj. áður og 500 millj. núna, þannig að fjármagnshreyfingar verða nú með allt öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár. Það getur vel verið, að það reynist betur og vonandi fer svo, að það reynist betur heldur en við í stjórnarandstöðunni höldum, en þetta hefur allt sín áhrif. Og þó að skynsamlegt sé vegna mikillar þenslu — ég segi skynsamlegt — að hamla á móti verulegri aukningu í íbúðarhúsabyggingum og hafa hana jafna, þá er líka óskynsamlegt að draga svo snögglega úr, að jafnvel komi til vandræða. Það leysir ekki nein vandamál. Nei, það er nauðsynlegt að fá af þessu heildarmynd og í því skyni hefði hæstv. ráðh. átt að koma með frv., en ekki frv., sem aðeins þjónar þeim tilgangi að tryggja hans flokki fulltrúa í stjórninni, eins og hann viðurkenndi auðvitað, eðlilega. Það er ekki nema eðlilegt af honum og ég hugsa, að flestir ráðh. hefðu viljað, jafnmikilvægan málaflokk og hér er um að ræða, hafa þarna fulltrúa síns flokks, það er ákaflega rökrétt, vegna þess að ég er alveg viss um, að hann vill leysa þessi mál á félagslegum grundvelli og einmitt þess vegna er hann heldur á móti því að setja það allt inn í bankakerfið, af því að ég tel, að miðað við allt, sem skeð hefur, og miðað við það, sem hann segir, vilji hann leysa málin á félagslegum grundvelli, og þess vegna hlýtur málið að vera tengt Alþ. Það er ekki bara verið að lána þetta dauðum persónum. Þetta er eitt af stærstu atriðum í lífi hverrar fjölskyldu, hvernig tekst til með íbúðarhúsnæði. Meginþátturinn í slíkri lausn hlýtur því að verða, séð frá öllum hliðum, stærð húsnæðis, gæði húsnæðis og þar fram eftir götunum, sem byggt verði á félagslegum sjónarmiðum, og það veit ég, að hæstv. ráðh. samþykkir.

Klukkan er nú að verða sex og ekki ástæða til að halda þessum umr. mjög lengi áfram, þó að ég hefði gjarnan viljað tala miklu lengur. En ég vil undirstrika það, að íbúðaþörfin er svo mikil, að ekki verður hægt að líta fram hjá því að gera þarf átak til að tryggja fjármagnið, og ég vil fá það fram hér núna við þessa umr., hvað ráðh. hugsar sér meira en að ræða við lífeyrissjóðina.

Ég hafði vakið athygli hv. 1. landsk. þm. á því, að í 6. gr., eins og frv. kemur nú frá Nd., er hortittur, og hæstv. ráðh. minntist á það. Við hljótum að verða að breyta því, því að í 6. gr. segir einfaldlega: „Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna.“ Mér finnst óverjandi að afgreiða svona orðalag, ef á annað borð á að kjósa í stjórnina strax eftir að frv. fer héðan sem lög, vegna þess að það er ekki hægt, þegar þinglausnir eiga að fara fram á morgun. Þess vegna verður að breyta þessari grein. Það er ekki hægt að komast hjá því. Annars erum við að fremja hér undarleg afglöp.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi mig hafa álasað þessari hv. þd. fyrir málþófstilburði. Ég leyni því ekki, að mér fannst nú vera málþófsbragð að ræðu hv. 5. þm. Vestf., en það, sem ég gerði að umtalsefni, var málþóf í Nd., og það viðurkenndi hv. 2. þm. Norðurl. e. líka, að þar hefðu átt sér stað umr. tvær nætur og rúmlega það meira að segja, og það voru sannarlega málþófsumræður.

Hins vegar eru ásakanirnar í minn garð, hvað ég komi seint með frv., ekki á rökum reistar, því að það er einn mánuður og tveir dagar síðan frv. var lagt fram, og vísa ég því alveg frá mér, að það hefði þurft að vera hér alveg á síðustu stundu. Það var a. m. k. ekki mín sök. Ég er hins vegar sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um það, að ef séð er fyrir nægu fjármagni til húsnæðismálakerfisins, þá þarf enga úthlutun lána, þá þarf enga átta eða níu manna stjórn til þess að úthluta lánum. Þá er það einfalt afgreiðsluatriði, sem bezt væri komið að fá afgreiðslu í banka. Já, við erum sammála um það, og þá þyrftu ekki tvær stofnanir að fást við þetta, heldur dygði ein. Og að því ber að hyggja, þó að hv. Alþ. hafi ekki áttað sig á því enn.

Þá er það varðandi þá spurningu hv. 5. þm. Vestf., hvort skyldusparnaðarkjörin eigi að breytast. Skyldusparnaðarkjörin standa óhögguð algerlega í frv. eins og þau eru í lögum og það er ekkert við þeim hróflað. 7.5% meðaltalsvextir allan lánstímann varða þá, sem fá lán hjá Húsnæðismálastofnuninni, og þá eina. (**ÞK:** Er þetta skilningur eftir breytingu Nd.?) Þetta er minn skilningur á málinu, já. (**ÞK:** Eins og málið liggur fyrir núna?) Já, minn skilningur er sá, að ekki eigi að breytast kjör skyldusparnaðarþega.

Hv. 5. þm. Reykn. leiddi talið að fjármagnsþörfinni. Ég hafði áður sagt, að sá liður, svo þýðingarmikill sem hann er, er ekki tekinn með að neinu leyti í frv. af því að það var verið og er verið að vinna að lausn á fjármagnsþörfinni alveg óháð því, hvernig afgreiðslu þetta frv. fær. Og það er áreiðanlegt, að gert verður allt sem hægt er til þess að útvega fjármagn í þeim mæli, að hægt verði að afgreiða þær umsóknir, sem berast á árinu. En það er mikið átak, ég játa það. Þangað til geta þm. ekki sagt annað en ef ekki tekst að útvega fjármagnið, fer allt í óefni. En það er ef. Ég vona a. m. k., að nokkurn veginn takist að leysa þá fjármagnsþörf. Það er ekkert fjarri því, sem hann sagði, að það þurfi á annan milljarð króna til þess að fullnægja þessari þörf. Við skulum segja, að sú áætlun hjá honum sé rétt, að á ári þurfi að fjármagna 1500—1600 íbúðir. Nú eru lánsupphæðirnar 600 þús. En í löggjöfinni eins og hún er, um það þarf enga lagabreytingu, er heimilt að hækka lánin í samræmi við hækkun byggingarvísitölu eftir tvö ár. Nú eru um það bil eða innan skamms tvö ár liðin síðan gildandi löggjöf um húsnæðismál fékk staðfestingu. Það er því að koma sá tími, að heimild sé til þess að endurskoða lánsupphæðina, sem nú er 600 þús., og mundi hún samkv. breytingu á byggingarvísitölu þá fara upp í rúmar 800 þús. Það er rétt. Og 1600 sinnum 800 þús. er sama sem 1 milljarður 280 millj. kr. Það má búast við, að byggingarþörfin á Íslandi á árinu 1972, ef lánin verða hækkuð, sem ég reikna með, upp í 800 þús. kr. úr 600 þús. samkv. heimildinni í löggjöfinni, um það þarf ekki nýja lagasetningu á neinn hátt, fjármagnsþörfin verði um það bil 1 milljarður og 300 millj. Og að því verður stefnt að útvega það fjármagn, svo að ekki þurfi að koma til neins vals á milli umsókna og úthlutunar, eins og hv. 5. þm. Vestf. fékkst lengi við með misjöfnum árangri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 949, n. 957 og 959, 956, 958).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., en ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Þó flytja meiri hl. og minni hl. sameiginlega eina brtt. á þskj. 958. Standa allir nm. að henni. Sú brtt. er þess efnis, að í stað þess ákvæðis í A-lið 8. gr. laganna, sem kveður svo á, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að verja allt að 70 millj. kr. árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa, þá verði þessi heimild hækkuð úr 70 upp í 80 millj. kr. árlega. Jafnframt er kveðið svo á, að af þessu fé megi einnig verja eftir reglugerð og frekari ákvörðun húsnæðismálastjórnar hluta til endurbóta, til lána, sem notuð yrðu til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Þetta er efnislega að mestu leyti sama till. og hv. 3. þm. Reykn. flutti hér snemma á þessu þingi. Nefndin varð ásátt um á sínum tíma að láta það mál bíða, þangað til fyrir lægi stjfrv. um Húsnæðismálastofnunina, en hafði allan tímann hug á því að gera því einhver skil. Í upphaflegu frv. hv. 3. þm. Reykn. var að vísu gert ráð fyrir verulega hærri upphæð til þessara hluta en mögulegt yrði eftir þessari samþykkt, en n. hefur litið til þess, sem öllum er kunnugt um, að miklir erfiðleikar eru á að útvega það fjármagn, sem húsnæðismálakerfið þarfnast til þess að geta staðið undir sínum eðlilegu og hefðbundnu og raunar að mestu leyti lögbundnu lánum, og því hefur ekki þótt fært að taka inn alla till. hv. 3. þm. Reykn. Nefndin hefur með þessari breytingu viljað sýna þessu góða máli, sem hann hefur flutt, nokkurn lit og opna þann möguleika, sem hans till. gerði ráð fyrir, og vænti ég, að allir hv. þdm. séu sammála um, að hér sé þarft mál á ferðinni, ljái þessu máli lið og fallist á þessa úrlausn, þó að hún sé ekki höfðingleg að þessu sinni. En vissulega er það von okkar, sem skipum heilbr.- og félmn., að þegar betur rætist úr um fjárhag þessarar stofnunar og nægjanlegt fé verður til ráðstöfunar, þá sé hægt að sinna þessu verkefni betur en unnt verður nú, þó að þessi till. verði samþykkt. En að einhverju gagni kemur hún áreiðanlega.

Við í meiri hl. heilbr.- og félmn. flytjum einnig brtt. við 6. gr. frv. Þar er eingöngu um formsatriði að ræða, sem ekki þótti nægilega tryggilega frá gengið í frv. eins og það lá fyrir frá hv. Nd., þ. e. að í frv. segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Alþ. kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar."

Það var talið, að ekki væri alveg öruggt, að þetta nægði til þess, að kosin yrði ný húsnæðismálastjórn á þessu þingi, sem er þó að sjálfsögðu meiningin með þessu frv. og hefur alltaf verið raunverulega kannske aðaldeiluefnið milli stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokkanna. En ég ætla, að menn geti þó alla vega fallizt á það, þó að þeir séu ósamþykkir um þetta atriði sjálfs frv., að rétt er að hafa þetta í því formi, sem allir ætlast til og allir skilja, að verður auðvitað að vera í fullu samræmi við þann tilgang, sem er með þessari lagabreytingu.

Ég sé ekki í raun og veru neina ástæðu til þess, og situr það líka sízt á mér, að lengja umr. með því að hætta mér út á sjói sögu húsnæðismálanna síðustu 10—20 árin. Það er ég hvorki fær um að gera né hef undirbúið mig til að kljást við það, og ég sé í raun og veru ekki heldur ástæðu til þess að fara mikið efnislega út í málið sjálft. Hér er um ákaflega einfaldar breytingar að ræða og í raun og veru auðskildar, þó að mér finnist nú, að það hafi verið hafðir uppi nokkrir tilburðir til að flækja málið meira en nokkur ástæða er til. Ég sé í raun og veru ekki, að í grundvallaratriðum sé um að ræða deilu nema um eitt atriði í sambandi við þetta

frv., og hún er sú, hvort kjósa skuli nýja húsnæðismálastjórn. Það er í raun og veru eina grundvallaratriðið, sem hér er deilt um, eftir því sem ég fæ bezt séð. Á því geta menn að sjálfsögðu haft tvær skoðanir, hvort það er réttmætt eða ekki. Ég bendi þó á, að húsnæðismálastjórn er þannig skipuð núna, að Sjálfstfl. á þar þrjá fulltrúa, sem hann hefur engan þingstyrk til að hafa eftir núverandi skipan Alþingis. Og það er nú svo og hefur verið frá upphafi, að húsnæðismálastjórn hefur verið kosin af Alþ. og megnið af tímanum eða lengst af, kannske alltaf, hefur meiri hl. þar verið í samræmi við þingstyrk flokkanna. Ef stjórn slíkrar stofnunar á að vera kosin af Alþ., þá hlýtur það eðli málsins samkvæmt að teljast eðlilegt, að meiri hl. hennar sé skipaður af þeim flokkum, sem hafa meirihlutavald á Alþingi. Og ég vildi nú bara spyrja, ég beini spurningunni, held ég, til hv. frsm. minni hl., af því að ég er nú ekki að hvetja fleiri til að standa hér í pontunni lengur en efni standa til, hvort hún teldi eðlilegt, ef Sjálfstfl. færi með húsnæðismálin, að t. d. fulltrúi okkar flokks væri þar í oddaaðstöðu og gegndi þar formennsku. (**MJ:** Þá á bara að segja þetta hreinskilnislega.) Ja, ég er að segja þetta hreinskilnislega, að ég tel eðlilegt, að skipan húsnæðismálastjórnar sé í samræmi við skipun Alþ. og þeir, sem ábyrgð bera á húsnæðismálunum, — eins og hér hefur komið fram, því að ég held, að hæstv. félmrh. hafi verið sæmilega dreginn til ábyrgðar fyrir ástand húsnæðismálanna, — eiga líka að hafa vald til þess að koma þeim málum fram, sem þeir vilja, og hafa þau eðlilegu áhrif, sem þeir þurfa að hafa til þess að með þau mál sé farið eftir því, sem þeir álíta rétt og vilja. Og ég held, að hvorki ríkisstj. né hæstv. félmrh. muni mælast neitt undan þeirri ábyrgð. En ríkisstj. getur hins vegar ekki haft slíka ábyrgð, ef stjórnarandstöðuflokkarnir ráða lögum og lofum í húsnæðismálastjórn og hafa þar meira að segja forustu. Þetta er atriði, sem ég held, að allir raunverulega skilji og finni raunverulega, að hér er um algert og eðlilegt og sanngjarnt mál að ræða. Hitt er svo annað mál, að hæstv. félmrh. beitti sér fyrir því, þegar hann lagði þetta frv. fram í öndverðu, að það yrði fækkað úr sjö í fimm í húsnæðismálastjórn, og sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að það hefði verið til bóta, því að ég hef aldrei orðið þess var, að neinar af þeim nefndum, sem kosnar eru á Alþ. og er nú orðið mjög algengt, að séu skipaðar sjö mönnum, vinni neitt betri störf heldur en áður var, meðan það var almenn regla, að þrír menn skipuðu nefndir. Og ég segi það sama líka um fjölda í nefndum hér á Alþ. Ég held, að það hafi verið misráðið að breyta þar nokkurn tíma um. Hitt er annað mál, að ég tel þetta ekki vera neitt úrslitaatriði og tel sjálfsagt af stjórnarflokkunum og hæstv. félmrh. að hafa gengið inn á það að hafa óbreytta tölu, ef betra samkomulag gat þá orðið um málið. En ég sé ekki, yfir hverju Sjálfstfl. hefur að kvarta, þegar inn á það er gengið, að sjö menn skipi stjórnina eins og nú er. Það er þá ekki yfir öðru en því, að þeir krefjist þess að halda sinni aðstöðu þar, þrátt fyrir það að þeir hafi engan þann þingstyrk á bak við sig, sem geri það eðlilegt.

Um vaxtaspursmálið ætla ég ekki að vera langorður. Það hefur öllum verið ljóst lengi, að núverandi fyrirkomulag leiðir til þess, að vextir verða óhæfilega háir miðað við almenn lánakjör í landinu, og ég held, að allir séu sammála um, að á því þurfi að gera breytingu. Hvort sú aðferð, sem hér er höfð, að ákveða meðaltalsvexti, en halda vísitölukerfinu að öðru leyti, er sú hagkvæmasta og bezta, skal ég alveg ósagt látið, en það er þó a. m. k. alveg öruggt, að með þessu verða lánakjörin sambærileg við það og þó heldur betri en almennt gerist á peningamarkaðinum. Og þó að það sé að vísu rétt, sem komið hefur fram, að gjalddaginn nú á þessu vori sé umliðinn, þá er það hins vegar ekki rétt, að þýðingarlaust sé, að lög um þetta séu sett nú, því að vel getur nú svo farið, — dæmin eru æðimörg um það, að frv., sem eru lögð fram í byrjun þings, eru ekki afgreidd alveg umsvifalaust, — það gæti svo farið, ef frá þessum málum væri ekki gengið núna, að leiðrétting hefði ekki orðið á þessu fyrir næsta gjalddaga. Hins vegar finnst mér skjóta nokkuð skökku við, þegar hæstv. félmrh. er mjög sakaður um það að hafa ekki lagt þetta frv. fram fyrr og því svo á hinn bóginn haldið fram, að það geri ekkert til, þó að þetta biði í hálft ár eða svo í viðbót. Þar finnst mér skjóta nokkuð skökku við. En sannleikurinn er sá, að ég held, að hæstv. félmrh. eigi hér enga sök á. Hann lét athuga þetta mál mjög vel og farið var út í ítarlegar reikningslegar rannsóknir á því, hvernig hinir ýmsu lánaflokkar kæmu út, bæði af sérfræðingum Seðlabankans og eins af sérfræðingi, sem Alþýðusambandið réð til þeirrar rannsóknar. Þessi rannsókn tók, svo ótrúlegt sem það kann að virðast, miklu lengri tíma en ætlað var í upphafi, og henni var ekki að fullu lokið fyrr en nokkru eftir áramót, þannig að ég held, að sök hæstv. ráðh. í þessum efnum sé ekki stórkostleg, þó að það kunni að vera hugsanlegt, að málin hefðu getað legið eitthvað fyrr fyrir, og að sjálfsögðu hefði það verið æskilegt, ef hægt hefði verið að koma þessu í horfið fyrir afborgunartímann nú. En um það er að sjálfsögðu ekki að fást núna, heldur verða menn að taka málið eins og það liggur fyrir, þegar við erum að fjalla um það nú í dag.

Um 5. gr. frv. held ég að sé ekki neinn ágreiningur, um hugsanlegt hærra framlag til mjög fámennra þéttbýlisstaða varðandi verkamannabústaði heldur en nú er heimilt. Ég held, að um þetta séu allir sammála og þurfi ekki mikið um að ræða. Ég tel sem sagt, að öll barátta hv. sjálfstæðismanna gegn þessu frv. sé eitthvað lík því sem gerðist með Don Quixote, þegar hann barðist við vindmyllurnar, að öðru leyti en því, að þeir eru að reyna að verja það, að einn fulltrúi, sem þeir hafa engan siðferðilegan rétt á, sitji lengur í húsnæðismálastjórn. Það er málið eins og það er núna. En þó að ég ætli mér ekki að verða langorður, þá get ég ekki stillt mig um að fara örfáum orðum um fullyrðingu, sem hér var í frammi höfð af hv. 5. þm. Vestf., þar sem hann hélt því fram, — ég segi ekki gegn betri vitund, því að ég er sannfærður um, að það hefur ekki verið, heldur er þar um misskilning að ræða, — að frv. fæli í sér með einhverjum mjög flóknum hætti, sem ég náði nú ekki utan um að skilja, þegar hann var að skýra það, að það væri verið að fella niður vísitölutrygginguna á skyldusparnaðinum. Eftir því sem ég hef getað athugað þetta mál enn frekar núna í kvöldmatartímanum, þá sýnist mér, að þetta eigi enga stoð í veruleikanum, og ég trúi sannast að segja ekki öðru, þegar hann athugar málið í ró og næði, en hann fallist á það og hafi það, sem sannara reynist. Ég efast ekkert um það. En það, sem mér

skildist að væru röksemdir hans fyrir þessu máli, er, að í 11. gr. frv. væri vísað til 5. mgr. 5. gr. laganna. En í 11. gr. frv. er fjallað um skyldusparnaðinn, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkv. 1. mgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkv. kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr."

Kjörin eru þau, að hann á að fá 4% vexti frá þeim tíma, sem féð er lagt inn, með viðbót samkv. kaupvísitölu, og er vísað til skýringar um kaupvísitöluna í 5. mgr. 5. gr. En sú mgr. hljóðar svo, svo að menn átti sig á því, hvað hér er um að ræða:

„Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkv. nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febr. 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febr., maí, ágúst og nóv. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkv. 2. mgr. þessarar gr. og C-lið 8. gr. er þrír mánuðir og reiknast frá fyrsta degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð."

Hvorki er hér um að ræða, að 11. gr. eða þeim hluta, sem ég las, sé breytt, né heldur þeim útreikningi, sem ákveðinn er í 5. mgr. 5. gr. um það, hvaða vísitöluuppbót skuli reiknuð á skyldusparnaðinn. Við hvorugu þessu er hróflað og það er sú einfalda ástæða, sem er fyrir því, að fullyrðing hv. þm. hefur ekki við rök að styðjast og hefur verið fram sett, vegna þess að hann hefur ekki athugað málið nægilega vel. Hins vegar er sú breyting, sem gerð var í hv. Nd. og ég tel í raun og veru sjálfsagða, við 6. mgr., en ekki þá 5., og fjallar um það. Þar segir í lögunum, eins og þau eru: „Á ársgreiðslur lána, er Byggingarsjóður tekur samkv. 2. mgr.," — þar er um veðlánakerfið að ræða eða sölu veðskuldabréfa veðdeildarinnar — „skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. þessarar gr.)", — þ. e. á sama hátt og Hagstofan reiknar þetta út frá útgáfutíma skuldabréfa til 1. febr. næst fyrir hverja ársgreiðslu. Við þetta bætist samkv. frv., eins og það liggur núna fyrir, að meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7.5%. Viðbót sú, sem þarna fellur til á afborganir samkv. þessari mgr., telst vextir. Hér er eingöngu fjallað um skuldabréfin, sem veðdeildin gefur út. Það kunna að vera skiptar skoðanir hins vegar um það, hversu réttmæt þessi breyting er og hversu heppileg hún sé, en ég hygg þó, að þeir, sem mest hafa talað um fjárþörf Byggingarsjóðsins og fjárþörf húsnæðismálastjórnar, hljóti að átta sig á því, að ef breytt væri svo mjög til batnaðar þeim kjörum, sem lántakendur taka við, en haldið hins vegar þeim uppbótum í vísitölu, sem þeir, sem féð skaffa, — ef því væri hvoru tveggja haldið, þá mundi það jafngilda því, að kveikt væri í sjálfum Byggingarsjóðnum og allur grunnur undir lánakerfinu og starfsemi húsnæðismálastjórnarinnar settur í stórkostlega hættu. Og ég tel þess vegna, a. m. k. að svo komnu, meðan enn þá eru ekki fundnir fjáröflunarmöguleikar til þess að greiða vexti verulega niður, að þá hefði verið algerlega nauðsynlegt að samræma þau kjör, sem lánveitendurnir hafa og lántakendurnir njóta. En ég hygg þó, að þegar betur er að gætt, þá sé ekki hér neitt slíkt alvörumál á ferðinni, sem eigi að hindra eðlilega fjáröflun til sjóðsins, eins og maður gæti haldið kannske við fyrstu sýn. Ef málið er athugað, þá kemur í ljós, að að þeim 2—3 milljörðum kr., sem hér er um að ræða og hafa verið gefnir út sem bankavaxtabréf af veðdeildinni, eru kaupendurnir fyrst og fremst Byggingarsjóðurinn sjálfur og Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, og hygg ég, að gengið hafi verið úr skugga um það, að ekki sé torvelt að semja við þessa aðila um þau vaxtakjör, sem hér ræðir um. Það er aðeins af þessum 2—3 milljörðum kr. Ég hef ekki nákvæma tölu um það, hvað þessi bréf eru há alls, en einhvers staðar er það á því bilinu, líklega er það nær þremur, og þá eru það ekki nema 50—60 millj. kr., sem um er að ræða frá öðrum aðilum en þessum tveimur. Það er nú allt og sumt, sem hefur fengizt á svokölluðum frjálsum peningamarkaði, ef hann þá á annað borð er til.

Aftur á móti hvað lífeyrissjóðunum viðkemur, þá fjallar þessi 5. gr. alls ekki um þau lán og það er ekki hugmyndin, að það fari fram í venjulegu bankavaxtakerfi, heldur verði gerðir um það alveg sérstakir samningar og þá væntanlega með eitthvað betri kjörum en þessir almannasjóðir, sem ég hef nefnt, yrðu að sæta. En ég bendi þó á það, að megnið af lífeyrissjóðunum er lánað til húsbygginga félagsmanna með lítið eitt lakari kjörum en hér er um að ræða eða nálega þeim sömu. Og ef fallizt er á, að þeirra hlutverk sé að styðja að því, að almenna lánakerfið sé í sæmilegu horfi, þá hygg ég, að samningar um þá yrðu ekki ákaflega örðugir eða ákaflega dýrir.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi, að ég ætlaði ekki að efna hér til neinna kappræðna, enda tel ég mig ekki hafa eytt meiri tíma í að skýra málið en brýna nauðsyn bar til. Læt ég nú máli mínu lokið og endurtek það, að meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur eindregið til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef gert grein fyrir og prentaðar eru á þskj.

Frsm. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við hv. 3. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, skilum sérstöku nál. á þskj. 959 og leggjum þar til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Það er komið nú á annan mánuð síðan þessu frv. var útbýtt hér á hv. Alþ. En það er ekki fyrr en skömmu fyrir hádegi nú í dag, sem málið er tekið til umr. hér í þessari hv. þd. og þd. ætlaður einn dagur til þess að afgreiða það og þar með að sjálfsögðu að hafa það til meðferðar í nefnd. Það liggur því í augum uppi, að í heilbr.- og félmn. hefur sáralítill eða nánast enginn tími gefizt til neinnar athugunar á málinu, svo að að nokkru gagni gæti verið, og eru það satt að segja vinnubrögð, sem varla geta talizt til fyrirmyndar. Það kom því úr hörðustu átt, þegar hæstv. félmrh. var í umr. hér í dag að brigzla stjórnarandstæðingum um það, að þeir hefðu tafið þetta mál. Það er ótrúlegt að heyra það hér í þessari hv. þd. og ég tel jafnmaklegt að því er varðar hv. Nd.

Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. er lofað miklu í

sambandi við húsnæðismál landsmanna. Ég hef nú ekki kverið við höndina og treysti mér ekki til að muna það utan að, sem þar stendur, og mér er kannske vorkunn, því að ég hef ekki lesið það kvölds og morgna, eins og manni var ráðlagt hér á sínum tíma. En hitt verð ég að segja, að það fer að verða svona eftir því sem lengra líður lærdómsríkara eða, svo að maður noti nú nútímamál, meira spennandi að lesa það kver og bera saman við það, sem verður í raunveruleikanum, þó að hins vegar hæstv. ríkisstj. beri því alltaf við, að hún sé búin að sitja svo stutt að völdum, að það hafi nú lítill tími gefizt til þess að efna stóru loforðin.

Þessu frv. var útbýtt hér 17. apríl, 17. f. m., og þá var liðinn svona um það bil venjulegur meðgöngutími, frá því að ríkisstj. tók við völdum og þangað til þetta afkvæmi hennar sá dagsins ljós. Hafi einhverjir búizt við því, að þetta yrði myndarlegt afsprengi, — það er ekki víst, að allir hafi búizt við, að það yrði sérlega frýnilegt, — þá hafa þeir hinir sömu sjálfsagt orðið fyrir töluvert miklum vonbrigðum, þegar þetta — ja, ég vil nú segja, eftir að hæstv. félmrh. hafði séð fyrir ljósmóðurstörfunum, þegar þetta — ég vil segja örverpi ríkisstj. var leitt út í lífið. Og það vita allir, að gleði og föðurstolt hæstv. ráðh. var nú satt að segja ekki alveg óblandið.

Það hefur verið spurt um það hér í umr., hvers vegna þetta frv. sé svo seint fram komið. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. lét að vísu falla um það nokkur orð í framsöguræðu sinni, frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hve erfiður hefði verið undirbúningur þessa máls og tímafrekur varðandi sérstaklega og eiginlega eingöngu eitt atriði, — það voru vísitöluákvæðin. Ég þori auðvitað ekki að vefengja það, sem hv. þm. sagði, og ugglaust hefur hann ekki sagt annað en það, sem við hann hefur verið fullyrt. En undarlega seint finnst okkur öðrum eða a. m. k. okkur í stjórnarandstöðunni, að þetta mál sé á ferðinni. Það voru nú önnur vinnubrögð, þegar gamla vinstri stjórnin tók við taumunum um stjórn ríkisins. Það hefur verið rakið hér í umr. En það eru líka liðin 16 ár síðan og það er nú alkunna, að þegar aldurinn fer að færast yfir menn, þá minnkar viðbragðsflýtirinn. En hæstv. félmrh., sem var einnig félmrh. í gömlu vinstri stjórninni, hafði þá önnur og hraðari handtök, því að hann hafði ekki setið nema í nokkrar vikur, þegar hann gaf út brbl. um breytingar, um fjölgun í húsnæðismálastjórninni, vegna þess að það væru svo litlir peningar, og það væri svo mikið að gera. Þótti sumum þetta kannske heldur furðulegur rökstuðningur. En hann gerði meira en það. Í þessum brbl. er ákvæði um það, að ráðh. skuli tilnefna þrjá af þeim, sem kosnir eru, þrjá af þessum sjö, sem áttu nú að eignast sæti í húsnæðismálastjórn, til þess að annast framkvæmdir. Þar með getur maður sagt, að fyrst hafi verið lögboðið þuklarakerfið í húsnæðismálunum og að hæstv. félmrh. megi kallast höfundur og faðir þuklarakerfisins í húsnæðismálum. Það er annars dálítið fróðlegt að lesa umr., sem urðu um það mál þá haustið 1956 og eftir áramótin, þegar þessi lög voru til umr. á þingi hér til staðfestingar, þessi brbl. Þar sagði hæstv. félmrh. m. a., að hann skildi nú ekki, hvers vegna menn væru að kvarta yfir þessari breytingu, þessari fjölgun um tvo menn, sem voru auðvitað þá eins og nú til þess að sjá honum fyrir fulltrúa í húsnæðismálastjórninni, auka áhrif hans og flokks hans þar. En hann sagðist ekki sjá, hvers vegna menn væru að kvarta undan þessu. Í húsnæðismálastjórn voru áður fimm menn og sjálfstæðismenn, sem þá mynduðu stjórnarandstöðuna, áttu þar tvo. Þeir fengju að halda þessum tveimur áfram og hann sæi sem sé ekki, að þetta væri neitt fyrir þá til þess að bera sig upp undan. Hann hefði allt eins getað sýnt hörku og haft bara þrjá og verið þá einráður um það, hverjir þeir skyldu vera, en það hefði hann ekki viljað gera. Hann hefði viljað vera mildur, sýna mildi í þessum málum. En í umr. datt það nú óvart út úr hæstv. ráðh., að breytingin væri vegna þess, að þáverandi stjórn, stjórnin, sem þá var nýtekin við völdum, vildi ekki trúa íhaldsmanni fyrir framkvæmdastjórn í húsnæðismálunum. Þetta sama endurtekur sig. Eitt ár er það fjölgun, næst á það að vera fækkun, en nú varð það ofan á, að það var í þetta sinn haldið sér við, eða verður væntanlega haldið sér við, þá tölu fulltrúa í húsnæðismálastjórn, sem gilt hefur undanfarið. Annars verð ég að segja í sambandi við það, að það er eiginlega heldur hlálegt að sjá 1. gr. frv., eins og hún er orðin núna. Það er búið að breyta henni til samræmis við það, sem er í gildandi lögum. Út af fyrir sig hefði auðvitað bara átt að fella 1. gr. frv. niður, því að gildandi lög standa áfram, þangað til þeim hefur annaðhvort verið breytt eða þau afnumin með nýjum lögum. En ég skal ekki vera að lengja mál mitt með því að fjölyrða um það atriði.

Ég spurði í upphafi máls míns, hvers vegna þetta frv. mundi hafa komið svona seint fram, og þegar það loks er komið fram, hvers vegna þá er dregin svo afgreiðsla málsins sem orðið hefur. Auðvitað hafði stjórnarliðið alveg hreint í hendi sér að ráða ferðinni og hefði jafnvel getað, ef það hefði viljað beita sér, afgreitt frv. og látið ákvæðin um afnám vísitölubindingarinnar koma til framkvæmda núna 1. maí. Það var þó ekki gert. Það verður ekki séð, að í frv. felist neinar þær breytingar, sem séu svo aðkallandi, að það sé nein nauðsyn á að afgreiða þetta frv. núna. En í umr. hér í dag sagði hæstv. félmrh., að það yrði að samþykkja frv. nú þegar. Ég held, að ég fari ekki rangt með það, að hann hafi sagt: Það liggur á, að frv. hljóti nú samþykki, því að verkalýðurinn krefst afnáms vísitölubindingarinnar. — Það skyldi nú ekki vera, að þetta sé svo gömul krafa, að hún hefði miðazt við það, að það yrði gert fyrir 1. maí núna í ár? Héðan af skiptir það engu máli, hvort það er gert nú eða næsta haust, en í því sambandi sagði hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., að þó að þetta yrði nú geymt til haustsins, þá væri kannske ekki alveg víst, að það gengi svo hratt fram hér á Alþ. Það væri kannske ekki alveg víst, að afnám vísitölubindingarinnar væri þá orðið „effektívt" að ráði fyrir 1. maí. Ég verð að segja það, að samkomulagið er víst ekki alltaf gott í hæstv. ríkisstj. En ef það ætti nú eftir að versna svo, að það tæki allan tímann frá þingbyrjun og fram til sumarmála að koma sér saman um að afgreiða eitt hugsjónamálið, — það þykir mér með ólíkindum. En það er alveg ljóst mál, að afnám vísitölubindingarinnar kemur ekki lántakendum til góða fyrr en í maí á næsta ári. Þá eru sem sé nærri tvö ár liðin frá valdatöku hæstv. ríkisstj., þangað til efndirnar koma á þessu loforði, ef hæstv. ríkisstj. situr þá á annað borð enn að völdum.

Við höfum lagt til, minni hl. heilbr.- og félmn., að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, eins og

fram kemur í nál. á þskj. 959, og m. a. teljum við, að það þurfi að skoða betur ákvæðin um afnám vísitölubindingarinnar eða vísitöluákvæði frv. Hv. frsm. meiri hl. n. lét það í ljós hér áðan, að hann væri ekki viss um, að þetta fyrirkomulag, sem hér er ráðgert í frv., eins og það nú liggur fyrir, væri það heppilegasta, og þess vegna sé ég ekki, hvers vegna ekki má af þeirri ástæðu einni fresta frv. Hvers vegna þarf endilega að samþykkja lagaákvæði, sem menn telja vafasamt að verði heppileg, þó að hugsunin á bak við sé góð og allra góðra gjalda verð? Það er líka svo, að allir flokkar hér á Alþ. hafa lýst sig fylgjandi því, að vísitölubinding lánanna yrði afnumin.

Það hefur verið rakið hér í umr., hver hefði orðið afstaða og umsögn húsnæðismálastjórnarinnar um þetta frv. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti fulltrúar annarra flokka heldur en flokks hæstv. félmrh. og þar eiga sæti fulltrúar hinna tveggja stjórnarflokkanna. Og mér er nú spurn: dettur mönnum annað í hug en að samstarfið gangi skaplegar þar, þegar fulltrúar stjórnarflokkanna vilja bíða alla vega eftir fullnaðarendurskoðun húsnæðislöggjafarinnar með það að endurkjósa stjórnina, því að það felst í umsögn þeirra? Mundu þeir, ef þeir tortryggðu fulltrúa núverandi stjórnarandstöðu í húsnæðismálastjórn, mundu þeir þá hika við að mæla með því, að stjórnin yrði endurkosin? Mér finnst allt hníga að því, að þetta frv. eigi að fá þá afgreiðslu, sem við hv. 3. þm. Reykn. leggjum til. Það er ekkert í því, sem kallar að, en hins vegar kallar það að að endurskoða lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og eins og í hinni rökstuddu dagskrá segir, einkum með tilliti til fjárþarfar Byggingarsjóðs, afnáms vísitölubindingar o. fl. og að sú endurskoðun fari fram nú í sumar og verði lokið fyrir haustið. Ég fæ ekki séð, að það sé nokkru tapað með þessu. Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. eigi að hafa tryggingu fyrir því, að ekki sé verið að hlunnfara hana með umsögn húsnæðismálastjórnarinnar og fulltrúa tveggja stjórnarflokkanna, sem þar eiga sæti, og ólíkt hefði satt að segja verið meiri mannsbragur á því að gera ráðstafanir til endurskoðunar og leggja ekki þá vinnu í þetta frv., sem sagt er, að gert hafi verið, því að það hefði þá mátt gera það betur og vandlegar með því að vinna að málunum fram á haust.

Ég skal nú ekki fara miklu fleiri orðum um frv. En það var spurning, sem hv. frsm. meiri hl. n. varpaði til mín um það, hvort ég teldi óeðlilegt, að hæstv. félmrh., sem hefði yfirstjórn þessara mála, óskaði eftir að fá sinn fulltrúa í þessa nefnd. Ég tel það út af fyrir sig ekki óeðlilegt, en ég segi nú eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann greip fram í fyrir honum: Það hefði þá mátt bara segja það. En ég spyr þá: Er þetta þá ekki bara stefnan að ryðja úr nefndum og ráðum, þegar ný ríkisstj. kemur til valda, hreinsa þar til og setja þar inn alls staðar sína fulltrúa? Það er að vísu svo og skal enginn neita því, að húsnæðismálastjórn á mikilvægu hlutverki að gegna, en það eru líka aðrar stjórnir og ráð, sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfélagi okkar. Ef þetta á að vera fyrirboði þess, að áfram skuli haldið á þessari braut, þá verð ég að segja, að það finnst mér vera vafasöm stefna.

Ég vil svo aðeins vekja athygli á þeirri brtt., sem við í minni hl. n. flytjum til vara, ef dagskrártillaga okkar skyldi verða felld, sem er um, að endurkosning stjórnarinnar falli niður, og skýrir sú till. sig algerlega sjálf.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú ætlazt til þess, að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur umr. hér, en því miður sé ég, að svo er ekki. Ástæðan til þess, að ég stend upp nú, er fyrst og fremst sú, að ég flutti við 1. umr. málsins ákveðna till. til breytingar á 10. gr. núgildandi laga um húsnæðismálastjórn, sem ég að mínu viti og af minni reynslu þar taldi, að gæti aukið tekjur húsnæðismálastjórnar, sem ráðstafað yrði í auknum útlánum. Ég tók það fram þá, að mér væri ekki fyllilega ljóst fremur en öðrum hv. þdm., hvort sú breyting, sem ég lagði til, gæti haft þau áhrif að auka tekjuöflun til útlána, en hins vegar teldi ég, að fullreynt væri, að sams konar ákvæði, sem giltu um skyldusparnaðinn og ég lagði til, að gilda ættu um hinn frjálsa sparnað, gætu haft allveruleg áhrif í tekjuöflunarátt. Nú er það staðreynd, sem fyrir liggur samkv. atkvgr. í hv. Nd. í dag, að allar hugleiðingar manna um það, að stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar verði skipuð með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár, þ. e. með kosningu þingkjörinna fulltrúa í stjórnina, eru andstæðar vilja Alþ., og berlegust var sú yfirlýsing, sem hv. Nd. gaf um þetta í dag, þegar einn þm. lagði til, að stjórnin yrði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af fulltrúa sveitarstjórnasambandsins, einum fulltrúa Alþýðusambands Íslands og þeim þriðja skipuðum af félmrh., og till. var felld með öllum atkvæðum gegn einu, atkvæði flm. sjálfs. Það virðist því liggja enn einu sinni fyrir, að Alþ. lítur svo á, að á meðan þessi stofnun, Húsnæðismálastofnun ríkisins, er upp á Alþ. komin með alla sína tekjustofna, þá vill Alþ. sjálft, þá vilja alþm. sjálfir hafa hönd í bagga með og ákveða, hverjir eru þar í stjórn. Ég tel, að þetta sé svo skýlaus yfirlýsing Alþ., að um hana verði ekki deilt og hún ekki vefengd, hvað sem einstökum þm. kann að sýnast um þessa hluti, og því beri að horfast í augu við þessar staðreyndir.

Þrátt fyrir fjarveru hæstv. félmrh. vil ég — í trausti þess, að hann, félmrh., láti nú þegar fram fara allsherjarendurskoðun á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins með þátttöku fulltrúa allra þingflokka, sem fulltrúa eiga á Alþ. í dag og þá sér í lagi um þá hlið stofnunarinnar, sem að tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins veit, — til að einfalda það mál, sem hér er til umr., taka till. mína á þskj. 956 aftur. En ég ítreka það, að ef hæstv. félmrh. eða hæstv. núv. ríkisstj. ætlar að ganga gegn yfirlýstum vilja Alþ. í þessum efnum og hafa einhverja happa- og glappaendurskoðun á þessum málum og velja fulltrúa til endurskoðunar á þessu af handahófi, þá gildir þessi afturköllun mín á till. ekki nema til samkomudags næsta Alþingis. Ég vil eindregið undirstrika það, að ríkisstj. verður eins og við að horfast í augu við þá staðreynd, að Alþ. ætlar sér að ráða því, hverjir stjórna Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo lengi sem stofnunin, eins og hún sennilega ætíð mun verða, er upp á Alþ. komin með sína tekjustofna, og ég tel það brigð við Alþ., ef gengið verður fram hjá nokkrum einum þingflokki um þátttöku í þeirri endurskoðun, sem ég hér hef vitnað til.

Með hliðsjón af framansögðu tek ég umrædda till. mína á þskj. 956 aftur, en undirstrika enn og aftur þær forsendur, sem fyrir þessari afturköllun eru.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e., frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., ræddi nokkuð almennt um þetta frv., sem hér er til umr. Hann gerði nokkra tilraun til þess að rétta hlut félaga síns, hæstv. félmrh., og var það ekki óeðlilegt. Hins vegar tókst honum ekki að mínu viti að gera það, enda fæ ég ekki séð, hvernig það er hægt. Ég sé því ekki ástæðu til þess að eiga hér orðaskipti við þennan hv. þm. um málið almennt. Ég er þegar við 1. umr. búinn að ræða það svo almennt. Ég vil hins vegar nú takmarka mig aðeins við eitt atriði, sem hv. þm. gerði að sérstöku umtalsefni. Þar á ég við, hvaða vaxtakjör mundu gilda um sparifé skyldusparnaðarins, ef frv. væri samþ. eins og það liggur nú fyrir.

Hv. þm. sagði, að ég hefði misskilið þetta mál og hann sagðist ekki heldur væna mig um það, að ég vildi hér halda fram vísvitandi röngu í þessu efni. Það er með sama hugarfari, sem ég ræði þetta mál núna. Mér kemur ekki til hugar að halda, að hv. 6. þm. Norðurl. e. vilji vísvitandi blekkja hv. d. Það hvarflar ekki að mér og sjálfsagt ekki að neinum öðrum. En það er um misskilning að ræða hjá hv. þm., sem er mjög alvarlegur, og hann er svo alvarlegur að mínu viti, að við þurfum að fara nánar inn í málið. Ég skal leitast við að vera stuttorður. En í 11. gr. núgildandi laga, sem fjallar um skyldusparnaðinn, er kveðið svo á, að vextir af skyldusparnaðarfé skuli vera 4% og með viðbót samkv. kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr. í 5. mgr. 5. gr. eru ákvæði um vísitöluna, við hvaða vísitölu skuli miðað, þegar ákveðin eru kjörin af bankavaxtabréfum til fjáröflunar fyrir íbúðalánakerfið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík samkv. nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febr. 1968 og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári miðað við fyrsta dag mánaðanna febr., maí, ágúst og nóv. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkv. 2. mgr. þessarar gr. og C-lið 8. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er miðuð við."

Hv. 6. þm. Norðurl. e. segir, að tilvitnunin í 11. gr. eigi við þessa 5. mgr. 5. gr. og ekki annað. En ég segi, að hún eigi líka við 6. mgr. 5. gr., þó að það sé ekki fram tekið í 11. gr., vegna þess að 5. og 6. mgr. 5. gr. hanga saman og það er vitnað í 5. mgr. í 6. mgr. En 6. mgr. 5. gr. er — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

„Á ársgreiðslur lána, er Byggingarsjóður tekur samkv. 2. mgr. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. þessarar gr., frá útgáfutíma skuldabréfa og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu."

Þessar gr. hanga saman, 5. mgr. og 6. mgr. Þess vegna á tilvitnunin í 11. gr. við þær báðar. Þetta er augljóst mál. En til þess að skýra þetta betur er nauðsynlegt að rifja nokkuð upp söguna, þó að mönnum sé nú sumum hverjum illa við, að það sé gert í þessum umr. En hjá því verður ekki komizt.

Ákvæðið í 5. mgr. um vísitöluna er frá þeim tíma, þegar miðað var við fulla vísitölu, bæði hvað viðkemur vöxtunum á bankavaxtabréfunum og vöxtunum á útlánum húsnæðismálastjórnar og vöxtunum á skyldusparnaðarfé. Þá var miðað við fulla vísitölu. En 1968 sáu menn, að það var ekki lengur stætt á því að miða við fulla vísitölu, vegna þess að vextirnir voru þá óhæfilega háir. Mig minnir, að þeir hafi verið þá á milli 20 og 30%, vextirnir. Og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þeir voru komnir yfir 20%. Það þóttu of háir vextir. Þá var sett það ákvæði, sem er í 6. mgr., að það skyldi miða við helming vísitölu. Þannig hafa lögin líka verið framkvæmd síðan, bæði hvað snertir vexti af bankavaxtabréfum til fjáröflunar fyrir kerfið og líka hvað snertir vexti á útlánum veðlánakerfisins samkv. 8. gr. og, ég bið menn að taka eftir, líka þegar reiknaðir hafa verið vextir af skyldusparnaðarfé. Ef það er nú rétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vill halda fram, þá þýðir það, að það ætti að hætta núna, ef þetta frv. verður samþ., að miða, hvað viðkemur skyldusparnaðinum, við hálfa vísitölu, heldur ætti að miða við heila vísitölu, sem mundi þýða helmingshækkun vaxta af skyldusparnaðarfé. Ég bið menn að athuga, hvað þetta þýðir. Það er nokkur munur á því að fella niður eða takmarka vextina af skyldusparnaðarfénu við 7.5% eða, ef skilningur hv. 6. þm. Norðurl. e. væri réttur, að hækka vexti af skyldusparnaðarfé frá því, sem þeir nú eru, um helming. Slíkt getur ekki staðizt.

Mér sýnist, að það sé ekki sæmandi fyrir þessa d. að afgreiða þetta mál eins og það liggur fyrir núna. Ég hef áður lýst því yfir hér fyrr í umr. í dag, eins og fleiri hv. þm., að rétt væri að fresta málinu. Á það vilja hv. stjórnarþm. ekki fallast og hæstv. félmrh. vill fá afgreiðslu á þessu máli á þessu þingi. Látum það gott heita. Enn þá er nokkur tími til stefnu og ég verð að segja það, að ég ber það mikla virðingu fyrir þessari hv. d., að mér sýnist, að henni sé ekki sæmandi að afgreiða málið nema eftir betri athugun. Og ef hæstv. félmrh., sem nú er víðs fjarri þessum mikilvægu umr., vill halda fast við það að afgreiða þetta mál, áður en þingi er slitið, þá sýnist mér, að það væru rétt vinnubrögð núna, að hv. heilbr.- og félmn. tæki málið aftur til athugunar til þess að freista þess, að það sé eitthvað fast ákveðið um þetta efni varðandi vexti af skyldusparnaðarfé. Þeim mun fremur ættu menn að gera það, sem það er augljóst, að ef ekki verður gerð breyting á frv., eins og það liggur nú fyrir frá Nd., þá eru lækkaðir vextir af skyldusparnaði niður í 7.5%. Talsmenn stjórnarliðsins í þessum umr. segja að vísu, að þetta sé ekki réttur skilningur, en í því felst, að þeir séu á móti þessu. En þeir geta að mínu viti ekki verið á móti þessu á þeim grundvelli, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vildi vera láta í ræðu sinni hér áðan, því að þá erum við komnir í aðrar öfgar. Þá erum við að hækka um helming vextina af skyldusparnaðarfénu, sem samkv. þeirri reglu þóttu orðnir allt of háir 1968. Ég vildi því mega bera þau tilmæli fram við hv. formann félmn., að hann gengist fyrir því, að málið sé tekið fyrir, þetta atriði sé athugað frekar í n., áður en þessum umr. lýkur, eða fyrir 3. umr. Mér sýnist, eins og ég hef áður sagt, að annað sé ekki sæmandi þessari hv. d., og ég veit það, að hv. 6. þm. Norðurl. e. er ekki síður kært um sóma þessarar d., sem hann er forseti fyrir, heldur en mér, og ég vil því leyfa mér að vona, að hann verði við þessum tilmælum.

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel með öllu ástæðulaust að halda áfram frekara karpi við hv. 5. þm. Vestf. um þetta mál. Við skiljum þetta hvor á sinn veg. Það er staðreynd og við því verður ekki gert. Ég gat ekki heldur fundið annað, — sú athugun var að vísu lausleg, sem öll n. gat á þessu gert — það kom ekki heldur fram hjá flokksbræðrum hans, að þeir skildu þetta á annan veg þar. En ég játa það, að það var aðeins mjög lausleg athugun, og ég athugaði þetta síðar frekar sjálfur og ég stend enn í þeirri meiningu, sem ég hélt fram áðan, en ætla þó ekki að karpa neitt um það. Ég get getið þess aðeins, að ég ræddi þetta við ráðuneytisstjórann í félmrn. í kvöldmatartímanum, og hann hafði á þessu sama skilning og ég. Ég segi það þess vegna, að ég sé ekki neina ástæðu til þess að tefja hérna frekar tímann með þessu, en ég er sannfærður um það, að þar sem þessi er skilningur rn. og ráðh., að hér sé ekki um neina skerðingu að ræða á vísitölu á skyldusparnað, þá sýnist mér það gefa auga leið, að komi í ljós, að minn skilningur, ráðuneytisstjórans og ráðh. á þessu sé rangur, þá verði það leiðrétt með öðrum hætti en hér getur farið fram. Ég held, að það yrði til þess að tefja málið og stefna því í algera óvissu, ef farið yrði að gera breytingar á því eða farið að freista þess núna, en ég mundi álita, að það væri alveg öruggt fyrir hv. þd. að treysta því, að á þessu verði ekki gerð breyting, jafnvel þó að svo væri, að sá skilningur, sem ég hef á lagasetningunni, sé rangur. Það yrðu þá gerðar ráðstafanir til þess, að það yrði leiðrétt með öðrum hætti, hætti, sem hv. 5. þm. Vestf. kannast vel við, vegna þess að hann var ekki óalgengur í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj.

Til þess að stytta mál mitt læt ég þetta nægja og fer ekki út í frekari uppblástur á þessu. En ég dreg það hins vegar í efa, að það hafi ekki verið raunverulega um það að ræða, að skyldusparifjáreigendur hafi verið hlunnfarnir, ef svo hefur verið, að þeir hafi verið tengdir við 6. mgr. eða þeirra kjör, en ekki bara 5. mgr., eins og kveðið er á í 11. gr., því að sú tenging, sem hann ræðir þarna um, tengir að mínu viti 11. gr. alls ekki við 6. mgr., heldur aðeins við þá 5., og þá mega allir sjá, að ef það er rétt, sem ég tel víst, þá hafa þeir, sem eiga skyldusparifé inni, ekki fengið það, sem þeim ber lögum samkvæmt. En það þyrfti líka að koma fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa nokkrum vonbrigðum mínum með það, að hv. síðasti ræðumaður, sem er formaður heilbr.- og félmn., frsm. n. og jafnframt forseti þessarar d., skuli ekki hafa séð sér fært að athuga þetta mál nokkru nánar. Og ég verð að segja það, að þessi orð, sem hann sagði hér, sannfærðu mig ekki um réttmæti þeirrar synjunar, nema síður væri. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að þegar þessu vísitöluákvæði var breytt þannig, að það skyldi miðað við hálfa vísitölu, þá var það augljóst öllum, að það varð að gera það vegna þess, að vísitöluákvæðin framkvæmd til fulls voru komin út í öfgar frá hvaða sjónarmiði sem var. Og alla tíð síðan, og það er enginn vafi á því, hafa vextir af skyldusparnaðarfé verið miðaðir við helming vísitölu. Þetta eru staðreyndir í málinu.

En svo eru staðreyndir, sem fram hafa komið hér í þessum umr., og þær eru um það, að hæstv. félmrh. lýsir því hér yfir, að það eigi engin breyting að verða á vaxtakjörum af skyldusparnaðarfé frá því, sem verið hefur, þ. e. að það sé miðað við helming vísitölu. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. segir, að þetta sé ekki rétt, það eigi að hækka vextina af skyldusparnaðarfé um helming. Sýnist mér nú, frá hvaða sjónarmiði sem litið er á þetta mál, að það taki alltaf á sig lakari og fráleitari mynd, og ég get ekki stillt mig um það í fullri vinsemd að ítreka enn þá óskir mínar til hv. 6. þm. Norðurl. e. að taka þetta mál til frekari athugunar, og mér finnst, að honum beri siðferðisleg skylda til þess sem forseta þessarar deildar.

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 5. þm. Vestf. sagði, að mjög stönguðust á fullyrðingar okkar, þar sem félmrh. hefði sagt, að engin breyting yrði gerð til hins verra á vaxtakjörum þeirra, sem eiga inni skyldusparnað, en ég hefði hins vegar sagt, að það ætti að hækka um helming. Ég hef aldrei sagt þetta og það er misskilningur hjá hv. þm., að ég segi það. Hins vegar sýndist mér við þá athugun, sem ég hef getað gert á lögunum, sýndist mér það vera athugunarefni, hvort þeir hefðu ekki verið hlunnfarnir miðað við lögin eins og þau eru á undanförnum árum. Það er allt og sumt, sem ég sagði um þetta, en ég var ekkert að fullyrða, að það ætti bara að hækka. En mér finnst, að það geti leikið vafi á því, hvort þeir hafi fengið það, sem þeir raunverulega áttu að fá samkv. lögum. En það, sem ég vildi svo frekar segja um þetta, að mér beri skylda til að framkvæma frekari rannsókn á þessu sem deildarforseta, þá bæri mér það nú frekar sem formanni heilbr.- og félmn., en ég hef notað allan þann tíma, sem n. hafði, og einnig allt kvöldmatarhléið, sem ég hafði, til þess að skoða þetta mál og afla upplýsinga um það, og betur get ég ekki gert. Það er skylda mín sem forseta deildarinnar að greiða fyrir framgangi mála hér, og þetta mál hefur fengið alla þá athugun, sem mögulega var hægt að framkvæma hér í hv. d. á þeim tíma, sem hún hefur til starfa.

En það var kannske ekki þetta, sem kom mér fyrst og fremst til þess að standa hér upp og segja nokkur orð, heldur það, að ég gleymdi hér í framsöguræðu minni að ræða till. hv. 1. landsk. þm., Eggerts G. Þorsteinssonar, sem hann hefur flutt og síðan tekið aftur, en hún var um það að auka möguleika innlánsdeildarinnar til þess að fá fé, með því að allt, sem lagt væri þar inn sem sparnaður, væri hvorki útsvarsskylt né tekjuskattsskylt. Ég játa það fullkomlega og virði það við hv. flm., að hann hefur vakið hér máls á atriði, sem er vissulega íhugunarvert og þyrfti að gefa gaum, þ. e. því, hvaða ráðstafanir unnt er að gera til þess að auka fjárráð húsnæðismálakerfisins í gegnum innlánsdeildina. Það tel ég sjálfsagðan hlut. Hins vegar verð ég að játa, að ég er ekki tilbúinn til þess að mæla með samþykkt þessarar till. nú nema þá a. m. k. að miklu betur athuguðu máli, því að mér sýnist, að hér sé um svo stórkostlegt skattaspursmál að ræða, að það geti jafnvel opnað möguleika til þess, að mönnum yrði mjög mikið mismunað í sköttum. Ef við tökum t. d. bara dæmi um einhleypan mann, sem hefur 1 millj. kr. í tekjur og gæti t. d. lagt fyrir 600 þús. kr. á ári og fengið þær skattfrjálsar, þá sýnist mér, að það mundi vera eignatilfærsla hjá þess-

um manni vegna þessara hlunninda, sem þarna er tæpt á, þá væri þar um eignayfirfærslu að ræða frá ríkinu til þessa manns á einu ári, sem næmi nokkuð á fjórða hundrað þús., umfram aðra þegna, og mér finnst hér tekið það djúpt í þessari ár, að það þurfi a. m. k. miklu betri athugunar við, hvort slíkt er hægt. Hitt tel ég svo alveg sjálfsagt, að bæði þetta atriði og raunar ýmis önnur í sambandi við húsnæðismálalöggjöfina séu tekin til áframhaldandi endurskoðunar, en þær lagfæringar, sem eru gerðar með þessu frv., skoða ég alls ekki sem neina heildarendurskoðun og tel það sjálfsagðan hlut, að endurskoðunin haldi áfram á þessum lögum. Ég er sannfærður um, að það er ýmislegt, sem betur má fara í þessari löggjöf þrátt fyrir þær lagfæringar, sem í þessu frv. felast, og ég mun a. m. k. gjarnan beita þeim áhrifum, sem ég kynni að geta haft á það, að slík nánari og betri endurskoðun á lögunum færi fram og eins fljótt og við væri komið. Og þá væri tekið bæði til athugunar það mál, sem hv. 1. landsk. þm. gaf tilefni til, að gefinn væri sérstakur gaumur, þ. e. hvaða aukin fríðindi þyrfti að bjóða sparifjáreigendum til þess að ákvæðin um þessa innlánsdeild kæmu að nokkru gagni. Sannleikurinn er nú samt sá, að þau kjör, sem innlánsdeildin býður, eru tiltölulega mjög góð miðað við þá möguleika, sem menn hafa til að ávaxta fé sitt í lánastofnunum, en það hefur ekki dugað til, og ég tel sjálfsagt, að það sé skoðað rækilega, hvað hægt er að gera þar til viðbótar, þó að ég álíti, að slík till. eins og hann flytur um þetta mál gangi það langt, að hún sé tæpast raunhæf.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var aðeins, að ég vil undirstrika það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann sagði, að það væri sín skoðun, að það gæti leikið vafi á því, hverjir væru vextir af skyldusparnaðarfé, ef frv. þetta væri samþ. í þeirri mynd, sem það er núna. Það gæti leikið vafi á því. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða. Ég tek það fram, að ég tel það óforsvaranlegt að afgreiða þetta mál meðan vafi leikur á því, og þess vegna ítreka ég þá skoðun mína, að það sé eðlilegt að gefa þessu frekari gaum og athuga málið áður en það verður afgreitt.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 959 felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 958 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 959 felld með 11:8 atkv.
— 957 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 960).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 90. fundi í Nd., 20. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 960 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það hefur stundum komið fyrir hér á þessu þingi, að menn hafa kvatt sér hljóðs utan dagskrár til að leiðrétta röng ummæli, sem þeir telja, að fram hafi komið í fjölmiðlum. Ég hef nú ekki lagt stund á þessa iðju, þó að ég telji, að ærið oft hafi verið rangt sagt frá mínum verkum, og stafar það sennilega af því, að ég er orðinn svo vanur þessu um aldarfjórðungsskeið, að ég er hættur að taka eftir því. En það kom frásögn í Morgunblaðinu í dag, sem mér finnst engu að síður að ég þurfi að leiðrétta. Þar er það staðhæft, að grimmilegar deilur innan ríkisstj. hafi tafið þingslit, og sagt, að þær deilur hafi staðið milli mín og hæstv. félmrh. og hafi hæstv. félmrh. tvívegis hótað að segja af sér, en að lokum hafi málið tekizt með hrossakaupum okkar á milli þannig, að hann léti fram ganga frv. um lagmetisiðju ríkisins gegn því, að ég féllist á að láta frv. um húsnæðismál ná fram að ganga.

Ég tel rétt að lýsa því hér yfir, að hér er um staðlausa stafi að ræða, ekki flugufótur fyrir þessari frásögn, sem er ekki aðeins í fréttaformi, heldur einnig í forustugrein. Eins og menn vita, varð frv. um lagmetisiðju ríkisins að lögum fyrir mörgum vikum, og ég veit ekki, hvernig hrossakaup um það mál ættu að geta haft áhrif á störfin nú á síðustu dögum þingsins. Það má vel vera, að Morgunblaðið eigi við sölustofnun lagmetisiðnaðarins, en ég vil segja það hreinskilnislega, að um þessi mál bæði hefur verið full samstaða á milli mín og hæstv. félmrh., okkur hefur ekki greint á um eitt einasta atriði í þessu sambandi. Á milli okkar hafa engar deilur verið. Þessi frétt er uppspuni frá rótum.

Ég segi þetta ekki til að vekja neinar deilur, heldur vegna þess, að ég trúi því, að þm. vilji heldur hafa það, sem sannara reynist. Það hefur raunar oft komið fram á síðum Morgunblaðsins, að það blað virðist binda alveg sérstakar vonir við það, að uppi sé í sífellu harður ágreiningur milli mín og hæstv. félmrh. Ég tel, að það sé þá rétt, að einnig komi fram, að þá 10 mánuði, sem við höfum starfað saman í ríkisstj., hefur verið á milli okkar alveg sérstaklega gott samstarf. Ég man ekki til þess, að við höfum deilt um eitt einasta atriði. Hafi okkur sýnzt sitt hvorum um mál, sem fjallað hefur verið um, hefur okkur reynzt ákaflega auðvelt að finna sameiginlega lausn á þeim vandamálum. Þannig að ef Morgunblaðið og Sjálfstfl. ætla að binda vonir sínar um endalok þessarar ríkisstj. við deilur milli mín og hæstv. félmrh., hygg ég, að það verði að bíða alllengi.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kom nú hingað í púltið aðallega til þess að votta hæstv. samgrh. samúð mína. Hæstv. iðnrh. var hér rétt áðan að lýsa því yfir, að hæstv. samgrh. væri innilega sammála sér í öllum atriðum. Ég veit ekki betur en að sá ágæti maður, hæstv. samgrh., hafi verið mjög eindreginn andstæðingur svo til allra kenninga hæstv. iðnrh. frá því, að

hann gerði sér grein fyrir því, hverjar væru hinar raunverulegu skoðanir þess ráðh. og flokks hans.

Hæstv. ráðh. Hannibal Valdimarsson lenti í þeirri ógæfu að verða samstarfsmaður þessara manna um alllangt skeið. Hann kynntist þeim mjög náið og þegar hann gerði sér grein fyrir eðli þess flokks og starfsaðferðum, sagði hann skilið við þann flokk og hefur ötullegast allra manna túlkað fyrir okkur, sem hér sitjum, og landslýð öllum, hvers konar flokkur það væri og hvers konar stefna það væri, sem hann fylgdi. Nú kemur hæstv. iðnrh. hér í ræðupúlt á Alþ. og lýsir yfir því, að þeir séu innilega sammála um alla hluti, þar sé eining andans og elskulegheit á alla vegu. Ég votta hæstv. samgrh. samúð mína. Ég býst ekki við, að hann fari hér á þessum stað og þessari stundu að afneita hæstv. iðnrh., en ég hygg, að hann muni gera það einhvern tíma síðar að launa honum þessa kveðju, sem honum var nú send.

Að því er varðar fréttina í Morgunblaðinu má kannske segja, að það sé tímabært, að þessi hæstv. ráðh., iðnrh., fari að gera sér grein fyrir réttri og sannri blaðamennsku. Hann hefur stundað blaðamennsku um alllangt skeið, og ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að heiðarleika hafi ekki gætt hjá því blaði, sem hann ritstýrði, og sízt í því, sem hann sjálfur skrifaði. Að því er frétt Morgunblaðsins varðar, lýsi ég því hér og nú yfir, að hún er rétt í öllum atriðum. Það vitum við ofurvel. Það er ekki eining andans í þessari ríkisstj. Það veit hver einasti þm., að þar er hver höndin upp á móti annarri, og ég hygg næstum því, að hæstv. samgrh. muni vilja staðfesta það, að þar sé ágreiningur og hafi verið. A. m. k. er ég sannfærður um, að hann kemur ekki hér í púltið til að taka undir það, sem hæstv. iðnrh. sagði, að enginn ágreiningur væri í ríkisstj., að enginn ágreiningur væri á milli hans og hæstv. iðnrh. um eitt né neitt. Ef hann gerir það, þá er hann á ný kominn á mála hjá þeim flokki, sem hann hefur lýst svo rækilega. Hvernig er t. d. með varnarmálin, eru þeir sammála um eitt og annað í því sambandi? Er þar eining andans? (**Gripið fram í:** Það er nú dálítið annað heldur en . . .) Dálítið annað? Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir, að það væri enginn ágreiningur. En ég ætla ekki að halda hér uppi málþófi. Ég endurtek það, að það, sem í þessari frétt stendur, er allt satt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég var kvaddur í síma og vissi þannig ekki, hvernig þessar umr. upphófust, en mér skilst, að þær fjalli um útsíðufrétt mikla í Morgunblaðinu í dag, þar sem frá því er skýrt, að við Magnús Kjartansson hæstv. iðnrh. höfum staðið í stríðu undanfarna daga, verið nánast því í hárinu hvor á öðrum, og tilgreind deiluefnin, lagmetisverksmiðja og húsnæðismál. Svo mikið er víst, að um sannleiksgildi þeirrar fréttar get ég sagt það eitt, að þar hefur Morgunblaðið sýnt okkur mikla viðhöfn með því að fara að ljúga á útsíðum, á fréttasíðum, því að fréttin er alröng. Hitt er annað mál, að það er alkunnugt, að lífsskoðanir okkar Magnúsar Kjartanssonar falla ekki saman í öllu og einu, en þá værum við orðnir skrýtnir, ef við værum dag hvern að rífast um okkar mismunandi lífsskoðanir, þær ber ekki á góma á hverjum degi. Það getur vel verið, að við teljum það ekki einu sinni ómaksins vert að leiða talið að því, því að við vitum hvor um annan á því sviði, að við höfum ekki sömu lífsskoðanir í einu og öllu og ekki heldur á pólitíska sviðinu. En fréttin í Morgunblaðinu núna er ekki sönn, þótt einn ritstjóri Morgunblaðsins komi og fullyrði það. Þeir yrðu að koma hér allir í kór til að nokkur tryði því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 963).

68. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [131. mál] (þmfrv., A. 179).

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 28 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er nú til 1. umr., fjallar um stórt og mikilsvert mál, þar sem eru togveiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar, en frv. í því formi, sem það er, verður að teljast tiltölulega einfalt, og geri ég því ráð fyrir, að ég þurfi ekki að hafa um málið ýkja mörg orð. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá starfaði fyrir einum þremur árum — eða sérstaklega veturinn 1968—1969 — þingmannanefnd, sem skipuð var af þáv. hæstv. sjútvrh. samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, að því að gera till. um fiskveiðiheimildir innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, þ. e. heimildir til veiða bæði með botnvörpu og flotvörpu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta mál, þ. e. hvernig við hagnýtum fiskveiðilögsögu okkar og heimilum skipum af ýmsum stærðum og með ýmsum veiðarfærum að veiða þar, er býsna viðkvæmt mál og erfitt vandamál á ýmsa lund. Sú nefnd, sem fékk þetta mál til meðferðar og fjallaði um það sérstaklega veturinn 1968—1969, hygg ég, að hafi unnið mikið og að flestra dómi gott starf að því að undirbúa frv., sem síðan var samþykkt vorið 1969, þ. e. lög nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á lögum um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Í þessum lögum voru samkvæmt niðurstöðum þeirra þingmanna, sem ég áður nefndi, sett nákvæm ákvæði um veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar bæði með botnvörpu og flotvörpu. Ég hygg, að það sé staðreynd, að ýmsir báru nokkurn ugg í brjósti í sambandi við þær nokkuð víðtæku veiðiheimildir, sem veittar voru með þessum lögum, en reynslan mun hafa sannað það, að þarna var býsna sanngjarnlega og skynsamlega á málum haldið, og í heild held ég, að reynslan af þessari löggjöf hafi orðið sú, að menn telji, að hún hafi komið að verulegu gagni og tryggt

þjóðarbúinu veruleg verðmæti. Þær veiðiheimildir, sem þarna var um að ræða, voru tímabundnar og þá ekki sízt vegna þess, að menn voru nokkuð í óvissu um það, hvernig þessi breyting á togveiði- eða botnvörpulögunum reyndist, og þess vegna náðist um það samstaða að hafa þessar veiðiheimildir tímabundnar, því að rétt þótti að fá hæfilega langa reynslu á þessi mál, áður en löggjöf yrði sett þar um til frambúðar. Þess vegna er það, að í 8. gr. laganna frá 1969 segir, að þessar togveiðiheimildir gildi til ársloka 1971. Þessar togveiðiheimildir allar falla því úr gildi nú í árslok.

Hinn 11. okt. s. l. skipaði hæstv. núv. sjútvrh. nefnd þingmanna samkvæmt tilnefningu þingflokkanna til þess að fjalla um þetta mál, um togveiðiheimildamálið, og sérstaklega þá um það atriði, hvað ætti að gera í sambandi við það ákvæði laganna, að togveiðiheimildirnar féllu úr gildi nú um áramót. Það var af sérstökum ástæðum lítils háttar dráttur á því, að nefndin gæti hafið störf, en fyrsti fundur hennar var haldinn 26. okt. s. l. Þingmannanefnd þessi leitaði til margra stofnana og félagssamtaka þeirra, sem mál þetta snertir alveg sérstaklega, til þess að glöggva sig sem bezt á því, hver væri vilji manna og þá alveg sérstaklega útvegsmanna og sjómanna í þessum efnum. Nefndin lauk störfum hinn 9. þ. m. og lagði fram daginn eftir eða e. t. v. tveimur dögum síðar frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. Ástæðan til þess, að frv. er svona síðbúið frá nefndinni, er fyrst og fremst sú, að nefndin beið í allra lengstu lög eftir umsögnum ýmissa aðila, sem hún hafði sent þetta mál eða beðið á annan hátt um, að segðu álit sitt á þessu mikilsverða máli.

Það hefði vissulega verið æskilegt, bæði fyrir nefndina sjálfa og þá alveg sérstaklega fyrir þingið, að geta haft þetta mál lengur til meðferðar en nú getur verið um að ræða, en það er þó bót í máli í þessu efni, að það má heita samdóma álit allra þeirra aðila, sem til hefur verið leitað og látið hafa í ljós álit sitt á þessu máli, að rétt sé eftir atvikum að framlengja gildandi veiðiheimildir um eitt ár annaðhvort lítt breyttar eða með öllu óbreyttar eins og þær hafa verið og eru í gildandi l. um þessi efni. Það kom vissulega til mála og var rætt í nefndinni, hvort ætti að fara inn á þá braut að gera minni háttar tilfærslur eða breytingar á togveiðiheimildunum. En niðurstaðan varð sú bæði vegna naums tíma og vegna þess, að nefndin telur óhjákvæmilegt, að taka öll þessi mál til rækilegrar endurskoðunar þegar á næsta ári, að flytja þá breytingu eina á lögunum, að togveiðiheimildirnar skuli gilda eitt ár í viðbót eða til ársloka 1972. Eins og ég sagði áðan, þá hnigu öll ummæli þeirra aðila, sem til var leitað, svo sem Landssambands ísl. útvegsmanna, Fiskifélags Íslands og þeirra félaga eða samtaka sjómanna, sem létu uppi álit sitt um málið, í þá átt, að rétt væri að framlengja þessar togveiðiheimildir lítt eða ekki breyttar um eitt ár, en jafnframt kom það fram, eins og nefndin leggur ríka áherzlu á, að nú þarf að nota tímann vel á næsta ári — bæði með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar hefur fengizt af fiskveiðiheimildunum, sem gilt hafa frá 1969, og alveg sérstaklega með tilliti til hinnar fyrirhuguðu útfærslu fiskveiðilögsögunnar á næsta ári — til þess að undirbúa löggjöf til nokkurrar frambúðar um hagnýtingu fiskimiðanna innan fiskveiðilögsögunnar, þ. e. hvernig við ætlum að hagnýta fiskimiðin okkur til handa. Á þetta leggur nefndin, sem undirbjó frv., ríka áherzlu.

Ég vil geta þess, að frv. það, sem hér um ræðir, er flutt í samráði við hæstv. sjútvrh., og nefndin var öll sammála um að flytja það — einnig sá hv. nm., sem ekki á sæti í þessari d. og er því ekki flm. málsins, Jón Árm. Héðinsson; hann er samþykkur flutningi þessa frv. Nefndin leggur sem sé til, að nú verði sú ein breyting gerð á lögunum um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, að þær togveiðiheimildir, sem gilda í lögum nr. 21 frá 10. mai 1969, verði framlengdar til ársloka 1972 eða í eitt ár.

Þetta mál er, eins og ég hef þegar tekið fram, undirbúið af nefnd þingmanna, og það er, eins og allir vita, orðinn mjög naumur tími til stefnu til þess að afgreiða mál, sem er til 1. umr. í fyrri d. Ég sé því ekki ástæðu til, herra forseti, að gera till. um, að þetta mál fari til n., þar sem það er, eins og ég sagði, undirbúið af þingnefnd, en að sjálfsögðu yrði orðið við slíkri ósk, ef hún kæmi fram. Þá væri eðlilegt, að hv. sjútvn. athugaði þetta mál. En það mun vera nær óhjákvæmilegt eða óhjákvæmilegt, ef það á að ná fram að ganga, að 2. umr. þess hér í þessari hv. d. geti orðið á morgun.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að málið, þó að það sé svona seint fram komið, sé þess eðlis, að það megi hafa framgang og verða að lögum nú, áður en þing fer heim í jólaleyfi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Breytingar á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum voru lengi vel eitt af viðkvæmustu málunum, sem hér voru rædd á Alþ., og minnist ég þess, að í þau skipti, sem ég gerði tilraun til að fá þeim breytt, urðu um þær till. mjög skiptar skoðanir og náðu þær ekki fram að ganga. Það var fyrst með þeirri breytingu, sem gerð var í desember 1968, að samkomulag varð og þá einróma á þingi um að gera tiltekna breytingu, sem átti þó aðeins að standa í nokkra mánuði eða til 30. apríl 1969, ef ég man rétt. Hæstv. þáv. sjútvrh. skipaði þá nefnd í málið til þess að endurskoða þessi lög og gera till. um breytingar, ef hún treysti sér til þess. Eins og hv. frsm. gat um, vann sú nefnd ábyggilega mjög gott starf og lagði mikið á sig í því sambandi, og árangurinn varð sá, að þær breytingar, sem hún lagði til, náðu fram að ganga með miklu minni andstöðu en nokkurn tíma áður hafði verið og voru endanlega samþykktar hér á Alþ. með yfirgnæfandi meiri hl. Einnig var í till. þeirrar nefndar það ákvæði, og var það lögfest, að lögin ættu að renna út eftir tiltekinn tíma eða í árslok 1971. Þetta var gert, eins og hér kom fram, í þeim tilgangi að láta reyna á breytingarnar og sjá, hvernig þetta reyndist í framkvæmd og hverju væri eðlilegt að breyta, ef þess væri talin þörf innan skamms tíma. Þessi tími er nú að verða liðinn, gildistími laganna er að renna út.

Hæstv. núv. sjútvrh. skipaði einnig nefnd í málið til framhaldsathugunar á því, og hefur hún haldið nokkra fundi, eins og hv. frsm. gat um, og ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir, að eftir þann tíma, sem lögin hafa verið í gildi, hefur komið á þau nokkur reynsla og málin hafa, sem betur fer, þróazt í þá átt, að ég hygg, að miklu raunsæjara sjónarmið hafi skapazt í sambandi við þessa tegund fiskveiðanna. Þó er það svo, að okkur er það alveg ljóst, að fram munu koma bæði frá einstaka

nefndarmönnum og án efa frá félagasamtökum útvegsmanna víða um land ábendingar um enn frekari breytingar. Hafði nefndin rætt þetta á fundi sínum. En ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá hv. frsm. hér áðan, að ef á að fara að gera breytingar á frv. nú, er alveg fyrirsjáanlegt, að það mun ekki ná fram að ganga fyrir áramót, og teldi ég það miður farið, því að vitaskuld þurfa að gilda ákveðin lög í sambandi við þessar veiðar, og ég vildi ekki eiga það á hættu, að þar yrði stigið neitt skref aftur á bak. Ég hef þess vegna, þó að ég sé með ákveðnar og tilteknar breytingar á lögunum í huga, gerzt hér meðflm. að þessu frv. og mundi eindregið vilja fara fram á það við aðra hv. þm., að þeir tækju þá afstöðu að samþykkja þetta frv., sem eingöngu er um það og um það eitt að framlengja lögin óbreytt í eitt ár til þess, að betri tími gefist til þess að vinna að breytingum á því og skipuleggja þessar veiðar að fenginni þeirri reynslu, sem þegar er komin á, og að fenginni þeirri reynslu, sem án efa mun koma fram á næsta ári, ef lögin gilda einnig út það ár. Þess vegna styð ég það mjög eindregið, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það hefur verið lagt fram.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeirri nefnd fyrir störf sín, sem stendur að flutningi þessa frv. Ég veit, að hún hefur þegar kynnt sér málið allítarlega og komizt að svipaðri niðurstöðu og ég hafði komizt að, þ. e. að ekki eru tök á því, eins og nú standa sakir, að gera neinar verulegar breytingar á þeim veiðiheimildum, sem í lögum hafa verið um nokkurt skeið varðandi veiðar með botnvörpu innan fiskveiðilandhelginnar. Það er enginn vafi á því, að þörf er á að gera ýmiss konar breytingar á þessum reglum, og ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að það eru nokkur atriði, sem hefði gjarnan mátt breyta. En við þekkjum það mætavel, að varðandi þessi mál eru uppi mjög skiptar skoðanir, því að sitt sýnist hverjum um það, hvað skuli veita rúmar heimildir til veiða með botnvörpu innan fiskveiðimarkanna. Það er því nokkurn veginn alveg ljóst, að ef farið yrði að flytja hér brtt. að nokkru ráði, a. m. k. varðandi þessar veiðiheimildir nú, mundi ekki vera hægt að afgreiða málið fyrir áramót og þá tækju við gömlu lögin, sem banna fullkomlega allar veiðar með botnvörpu innan fiskveiðimarkanna. Þá tæki sem sé við það gamla og erfiða ástand, sem hér var, áður en þessar veiðiheimildir voru lögfestar, en þá mátti segja, að ríkti í þessum efnum alger glundroði.

Ég er einnig á þeirri skoðun, að það sé óheppilegt, að við Íslendingar hefjum að nýju þær deilur — sem eflaust munu síðar meir koma upp, þegar setja þarf reglur varðandi þessar veiðar — nú á því tímabili, þegar við erum fyrst og fremst að fjalla um það að stækka fiskveiðilandhelgi okkar og þurfum á því að halda, að við stöndum allir saman um meginefni málsins, og megum ekki skipta okkar liði vegna deilna um það, hvernig háttað skuli nýtingarreglum hér okkar á milli. Ég tel því heppilegt að láta deilurnar um þessi mál kyrrar liggja fram eftir næsta ári og gera helzt ekki út um þetta, fyrr en við höfum náð okkar stóra marki í sambandi við stækkun fiskveiðilandhelginnar.

Ég styð því mjög eindregið, að þetta frv. nái fram að ganga í þeim búningi, sem það er, og vil vænta þess, að aðrir þm. geti fallizt á þessa lausn málsins og á það, að hægt verði að hraða afgreiðslu þess. Eins og fram hefur komið, hefur sérstök þingmannanefnd undirbúið þetta frv., fimm þm. úr öllum flokkum, og þeir standa raunverulega að flutningi þessa frv., þó að aðeins fjórir þeirra eða þeir, sem setu eiga í þessari d., séu beinir flm. Ég vil því vænta þess, að það sé alveg samstaða um málið, og af þeim ástæðum sé ég ekki heldur þörf á því að fara að vísa þessu máli hér til þn., þar sem sérstök þingmannanefnd hefur fjallað um málið og flytur málið, en teldi hins vegar rétt, að 2. umr. um málið yrði aftur ekki fyrr en á morgun. Ef sjútvn. óskar sérstaklega eftir því að fjalla um málið, gæti hún að sjálfsögðu notað tímann til þess, jafnvel þó að frv. yrði ekki vísað beint til nefndar.

Ég ítreka svo þakkir mínar til nefndarinnar, sem hefur starfað vel í málinu, og lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Það fer ekki á milli mála, að það mætti fjölmargt betur fara í þessum fiskveiðiheimildum, en lokun sumra svæða við landið hefur orðið til þess, að togbátar á lokuðu svæðunum hafa hópazt þangað, sem opið hefur verið. Þetta er mjög hættulegt fyrir togsvæði sunnanlands. Við Vestmannaeyjar er opið upp í landsteina, og þangað hafa bátar að sunnan s. l. sumar og stundum áður komið í vaxandi mæli. Ég álít, að þar ætti t. d. að miða við bátastærð. En vegna tímaleysis auk væntanlegrar útfærslu álít ég, að ekki sé unnt að breyta þessu í veigamiklum atriðum. Ég treysti því, sem segir í grg., að þetta verði allt saman endurskoðað mjög vel á næsta ári, og samþykki frv. því í því trausti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 179).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt að tilhlutun nefndar, sem skipuð var til þess að endurskoða þá löggjöf, sem hér er rætt um. Efni frv. er í rauninni mjög stutt. Það er, að lagt er til að framlengja um eitt ár eða út næsta ár þær veiðiheimildir fyrir botnvörpu innan fiskveiðilandhelginnar, sem í gildi hafa verið nú um rúmlega tveggja ára skeið. Þessi nefnd, sem skipuð var fimm alþm., þeim Gils Guðmundssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Ingvari Gíslasyni, Karvel Pálmasyni og Jóni Árm. Héðinssyni, hefur haft þetta mál til athugunar nú um nokkurt skeið og komst að þeirri niðurstöðu, að þó að almennt væri talið, að það væri nauðsynlegt að taka þær reglur, sem hér um ræðir, til endurskoðunar og breytingar í ýmsum efnum, þá væri þannig ástatt nú, að það væri ekki rétt að efna til þeirra deilna, sem óhjákvæmilega verða í sambandi við nýjar ákvarðanir um veiðileyfi innan fiskveiðilandhelginnar, og því þætti rétt að framlengja þessar veiðiheimildir óbreyttar um eins árs skeið eða fram yfir það tímabil, þegar fiskveiðilandhelgin verður stækkuð á næsta hausti, og vinna á þann hátt að því að reyna að skapa sem bezta samstöðu landsmanna um það stóra átakamál.

Ég veit, að allir hv. þm. þekkja mætavel þetta mál, og það er alveg óþarft að rekja það í löngu máli. Þetta mál fékk mjög greiða afgreiðslu í Nd., og ég vona, að svo verði einnig í hv. Ed. Þar sem þetta frv. er flutt af sérstakri þingmannanefnd og samið af þingmannanefndinni, urðu menn ásáttir um það í Nd. að vísa málinu ekki til n. og greiða þannig fyrir því. Ég vænti þess, að menn geti einnig fallizt á það hér að hafa þann hátt á, en fer hins vegar ekki fram á það, að málið sé afgreitt á þessu kvöldi. Það er sjálfsagt, að 2. og 3. umr. yrðu þá ekki fyrr en á morgun, en ég vænti þess, að þetta mál fái greiða afgreiðslu hér, og legg því ekki til, að málinu verði vísað til n., heldur fái hliðstæða afgreiðslu og í Nd., og ég vænti þess, að hér geti orðið fullkomin samstaða um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

---

69. Afstaða foreldra til óskilgetinna barna.

Á 10. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna [66. mál] (þmfrv., A. 71).

Á 12. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Efni þessa frv., sem er breyt. á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, er það, að meðlagsaldur hækki úr 16 í 17 ár, en eins og menn vita, er meðlag með óskilgetnum börnum nú greitt þar til þau eru fullra 16 ára. Á síðasta þingi voru samþ. ný lög um almannatryggingar, lög nr. 72 frá 1971, og í þeim er kveðið svo á, að barnalífeyri skuli greiða þar til börn eru fullra 17 ára, m. ö. o. aldursmark barnalífeyris er hækkað úr 16 í 17 ár. Með þessu er því í rauninni slegið föstu, sem reyndar er almennt viðurkennt nú, að framfærsluþörfinni ljúki ekki með ómagaaldri barns. Með aukinni velmegun almennings og sívaxandi menntunarkröfum í nútímaþjóðfélagi leggja menn eðlilega kapp á að skapa börnum sínum sem bezta aðstöðu til þess að búa sig undir lífið og þau störf, sem þeirra bíða. Nú orðið stundar líka þorri ungs fólks framhaldsnám, eftir að skyldunámi lýkur.

Hér í Reykjavík halda meira en 90% unglinga áfram námi í gagnfræðaskólum borgarinnar, eftir að þau hafa lokið sínu skyldunámi. En til þess að forvitnast um framhaldsnám í landinu öllu sneri ég mér til Hagstofunnar, sem lét mér þær upplýsingar í té, að af unglingum, sem fæddir eru 1954, þ. e. urðu 16 ára á síðasta ári og ná 17 ára aldri nú á þessu ári, þá hafi 76.2% stundað framhaldsnám af ýmsu tagi skólaárið 1970—1971, þ. e. 3176 af 4167 unglingum, sem eru í þessum aldursflokki. Og gera má reyndar ráð fyrir, að flestir þessara unglinga haldi enn áfram námi. Þróunin hefur verið ákaflega ör í þessum efnum, og þessi hlutfallstala, 76.2%, á eflaust eftir að hækka að mun á næstu árum.

Ég vil í því sambandi minna á það, sem allir eru sammála um, að stefna beri að, og nú er leitazt við að koma í framkvæmd, að draga úr mun á aðstöðu ungs fólks í dreifbýli og þéttbýli til framhaldsmenntunar. Sú rýmkun á greiðslu barnalífeyris, sem nýju almannatryggingalögin ákveða, þ. e. til fulls 17 ára aldurs, nær hins vegar að sjálfsögðu ekki til meðlaga, sem greidd eru samkv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi, svonefnds endurkræfs barnalífeyris. Eins og menn vita, hefur Tryggingastofnunin annazt milligöngu um greiðslu þessara meðlaga, sem hún innheimtir hjá sveitarfélögunum í heimasveitum barnsfeðra og sveitarfélögin aftur hjá barnsfeðrunum sjálfum. Það er alkunna, að ógiftar mæður og fráskildar, sem eru að baslast áfram með börn sín, eru gjarnan í hópi þeirra þegna í okkar þjóðfélagi, sem búa við erfiðastar aðstæður. Það er ákaflega hætt við, að börn þessara kvenna fari öðrum fremur á mis við þá framhaldsmenntun, sem nú er talin nauðsynleg öllu ungu fólki. Það virðist tæpast sanngjarnt, að þessar konur séu settar skör lægra með greiðslu lífeyris með börnum sínum en

bótaþegar almannatrygginga. Barnalífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar er m. a. greiddur vegna barna, sem hafa misst föður sinn eða móður, og satt að segja eru mæður óskilgetinna barna ekkert betur settar að þessu leyti en þó að feður barnanna væru fallnir frá, því að ég ætla, að það sé næsta fátítt, að af þeirra hálfu komi til önnur framlög til uppeldis og menntunar barnanna en það, sem úrskurðað er í meðlagsúrskurði.

Fyrir 1947 voru meðlögin ákveðin árlega og auglýst. Þau voru breytileg eftir aldri og heimili móðurinnar, voru ákveðin upphæð til fjögurra ára aldurs, lækkuðu síðan á aldursbilinu frá fjögurra til sjö ára, þegar skólaskylda hófst, hækkuðu síðan frá 7 til 15 ára aldurs og lækkuðu þá um helming fram að 16 ára aldri. Þessi stigsmunur á meðlögunum segir að vissu leyti sína sögu. Sem sé, að það var þá tiltölulega sjaldgæft eða mjög sjaldgæft samanborið við það, sem nú gerist, að börn héldu áfram námi, eftir að þau höfðu lokið skólaskyldu. Allt frá árinu 1947 hefur það ákvæði staðið í lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, að meðlög með óskilgetnum börnum megi ekki úrskurða lægri en barnalífeyri eins og hann er á hverjum tíma samkv. lögum um almannatryggingar, og með þessu frv. er lagt til, að einnig sé óheimilt að miða meðlagsskyldu barnsföður við lægri aldur barns en á hverjum tíma gildir um barnalífeyri almannatryggingarnna, sem er nú, eins og ég áður sagði, 17 ár. Og enn fremur er lagt til, að þetta komi til framkvæmda 1. jan. 1972, en í frv. er lagt til, að lögin öðlist gildi þann dag, þ. e. að þetta komi sem sé til framkvæmda þá og einnig varðandi meðlög, sem áður hafa verið úrskurðuð aðeins til 16 ára aldurs.

Með þessu frv. er lögð til breyting á einu tilteknu atriði barnalöggjafarinnar, þ. e. meðlagsgreiðslunum. Það er rétt, að ég geti þess, að sifjalaganefndin, sem af Íslands hálfu er aðili að samstarfi Norðurlandanna um endurskoðun sifjalöggjafarinnar, er þegar farin að undirbúa endurskoðun á barnalöggjöfinni, þ. e. lögum um afstöðu foreldra til skilgetinna og óskilgetinna barna. Hér er hins vegar um eitt alveg afmarkað atriði þessarar löggjafar að ræða, eins og ég áður sagði, sem er nátengt almannatryggingalöggjöfinni og eðlilegt, að komi til framkvæmda samtímis henni, þ. e. um næstu áramót, en þá er nýju almannatryggingalögunum ætlað að koma til framkvæmda í heild, þó að viss ákvæði þeirra séu, eins og menn vita, þegar komin til framkvæmda með brbl. frá því í sumar.

Ég vil einnig láta þess getið, að þegar almannatryggingalögin voru til meðferðar í þessari hv. þd. á síðasta þingi, þá beitti ég mér fyrir því, að það var flutt brtt. við 72. gr. laganna. Í þeirri gr. segir, að mæður, sem fengið hafa úrskurð um meðlag með börnum sínum, geti snúið sér til Tryggingastofnunarinnar og fengið greitt samkv. úrskurðinum, og í frv., eins og það fyrst lá fyrir, var sagt: til 16 ára aldurs. Sú breyting, sem á var gerð, rýmkar þetta hins vegar þannig, að það er miðað við það aldursmark, sem um barnalífeyri gildir, en ekki bundið við 16 ára aldur, þannig að í almannatryggingalögunum er þegar heimild fyrir Tryggingastofnunina til þess að afgreiða meðlög fram að 17 ára aldri. Ég beitti mér fyrir þessu við páv. form. heilbr.- og félmn. vegna þess, að ég taldi, að þessi breyting á aldursmarki vegna barnalífeyris hlyti að leiða til breytingar á aldursmarki vegna barnsmeðlaga einnig.

Þá má láta þess getið, að í nágrannalöndum okkar eru heimildir til að úrskurða meðlagsgreiðslur rýmri en hér hjá okkur. Í Danmörku t. d. nær meðlagsskyldan til 18 ára aldurs barns, og ég ætla, að í lögum annars staðar á Norðurlöndum, ég þekki þó bezt til í Danmörku, hafi verið heimildir til þess að ákveða meðlög lengur — í Danmörku jafnvel til 21 árs aldurs barns, ef um er að ræða, að barnið stundi nám fram að þeim aldri.

Mér er það ljóst, að flutningur þessa frv. kann að gefa mönnum ástæðu til að telja, að það þurfi að endurskoða ákvæði annarra laga, sem miða við 16 ára aldur í ýmsum tilvikum, og þá kannske einna helzt framfærslulögin. Ég tel þó, að það ætti ekki að tefja afgreiðslu þessa máls, sem hér er til umr. Bæði í framfærslulögunum og í lögum um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, sem vitnað er líka til í lögum um afstöðu til óskilgetinna barna, segir, að foreldrar skuli framfæra börn sín, sem eru orðin 16 ára; framfærsluskyldunni lýkur sem sé ekki við 16 ára aldur. Þetta frv. leggur ekki ríkissjóði, ef samþ. verður, eða Tryggingastofnuninni útgjaldabyrðar á herðar. Hins vegar er því ekki að leyna, að það snertir sveitarfélögin. Það er alkunna, að sveitarfélögunum gengur mjög erfiðlega að innheimta meðlagsskuldirnar hjá barnsfeðrum og bera þau því töluverðan halla af þeim sökum. Nú tekur, að ég ætla, um næstu áramót til starfa Innheimtustofnun sveitarfélaganna, sem menn gera sér vonir um, að muni greiða úr þessum málum. Að vísu er tómt mál um að tala, að meðlagsskuldirnar verði nokkurn tíma innheimtar til fulls, en þó ætti í framtíðinni að vera hægt að innheimta hærra hlutfall af meðlagsskuldum en hingað til hefur verið.

Herra forseti. Þetta frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, mætti ætla, að væri eðlilegt, að færi til meðferðar í allshn., en vegna þess að frv. fjallar aðeins um eitt afmarkað atriði barnalöggjafarinnar, sem í frv. er nátengt almannatryggingalögunum, þá sýnist mér, að rétt væri að vísa því til heilbr.- og félmn. Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 217).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar. N. sendi það lagadeild Háskóla Íslands til umsagnar, og skal ég lesa þá umsögn lagadeildarinnar, sem er mjög stutt, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd Efri deildar Alþingis hefir með bréfum 17. og 23. nóv. s. l. sent lagadeild til umsagnar frumvörp þau, er að ofan greinir.“ Þ. e. a. s. frv. um breyt. á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og til skilgetinna barna. „Fer umsögn deildarinnar hér á eftir:

1. Með almannatryggingalögunum nr. 67/1971, 14. sbr. 72. gr. var aldursmark varðandi barnalífeyri hækkað úr 16 í 17 ár. Hins vegar var lagaákvæðum í barnalögum, sem varða ákvörðun meðlags eða annars framfærslueyris með börnum, ekki breytt. Er það efni ofangreindra frumvarpa að mæla fyrir um breytingu á þeim ákvæðum barnalaga, er hér skipta máli, og telur deildin að réttmætt sé að breyta þessum ákvæðum til samræmis við lög um almannatryggingar. Í báðum frumvörpunum eru ákvæði um, að lögin hafi afturvirk áhrif, og eru skynsamleg rök, sem mæla með því.

2. Lagadeild bendir á, að meðlags- eða framfærsluskylda er á Norðurlöndum allt til 18 ára aldurs barns, en þó allt til 24 ára aldurs, ef þörf er á framlögum til menntunar, sbr. t. d. dönsku barnalöggjöfina frá 1960. Við heildarendurskoðun laganna, sem nú fer fram, ætti m. a. að athuga hækkun á aldursmörkum í þessu efni."

Lagadeild háskólans mælir sem sé með samþykkt frv., en efni þess er í stuttu máli það, að meðlag með óskilgetnum börnum megi ekki ákveða lægra né heldur ákveða aldursmark barns lægra en gildir á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, hvað barnalífeyri snertir. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 217, hefur heilbr.- og félmn. einróma mælt með samþykkt frv. Einn nm., Ásgeir Bjarnason, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í n. Ég vil sem flm. þessa frv. þakka meðnm. mínum fyrir þeirra góðu undirtektir undir þetta mál og vænti þess, að svo verði einnig hér í þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 217 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 237).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Frv. það, sem nú er á dagskrá, og einnig það, sem er nr. 3 á dagskránni, var lagt fram í hv. Ed. af hv. þm. Auði Auðuns og fjallar um það, að meðlagsskylda með börnum skuli ná til 17 ára aldurs í stað 16 ára aldurs áður. Þetta er mál, sem er alveg í eðlilegu samhengi við tryggingalögin, sem afgreidd voru á s. l. vori, og fullkomið réttlætismál, sem alger einhugur er um, en til þess að framkvæmd þessara laga og þessarar hugsunar geti orðið algerlega virk, er nauðsynlegt að breyta tvennum lögum um afstöðu foreldra til barna.

Þessi mál voru afgreidd ágreiningslaust í Ed., og ég leyfi mér að vona, að svo verði einnig í þessari hv. d., en ég vildi aðeins leggja áherzlu á nauðsyn þess, að frv. næðu fram að ganga nú strax næstu daga og gætu tekið gildi fyrir áramót.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 250).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. N. er öll sammála um að mæla með því, að þetta sjálfsagða réttlætismál nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 262).

---

70. Afstaða foreldra til skilgetinna barna.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna [76. mál] (þmfrv., A. 84).

Á 13. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að um meðlög með skilgetnum börnum skuli, að því er varðar upphæð meðlags og það aldursmark, sem meðlagsgreiðslurnar miðast við, gilda sömu reglur og um meðlög með óskilgetnum börnum.

Um upphæð meðlags skal það sagt, að í lögum nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, er ákveðið, að meðlag megi aldrei ákveða lægra en barnalífeyri eins og hann er á hverjum tíma skv. lögum um almannatryggingar. Þó að ekki séu beinlínis fyrirmæli um það í sifjalögunum, að sama skuli gilda um meðlög með skilgetnum börnum og gildir um meðlög með óskilgetnum börnum, hefur framkvæmdin samt orðið sú, að meðlög með skilgetnum börnum hafa verið

ákveðin með hliðsjón af þessu ákvæði, sem ég áðan nefndi, þannig að hvað upphæð meðlagsins varðar, er með frv. í rauninni eingöngu verið að leggja til að lögleiða þá framkvæmd, sem hefur tíðkazt.

Ég hef flutt á þskj. nr. 71 frv. til l. um breyt. á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og er þar lagt til, að meðlögin, sem hingað til hafa verið ákveðin til 16 ára aldurs barns, skuli ákvarðast fram að þeim aldri, sem á hverjum tíma gildir um greiðslur barnalífeyris skv. lögum um almannatryggingar, en með hinum nýju almannatryggingalögum er þar miðað við 17 ára aldur, eins og menn vita. Þetta frv. verður því að skoða í ljósi frv. á þskj. 71.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv., þar eð það er, eins og ég áður sagði, miðað við reglurnar um óskilgetin börn, og get ég þess vegna vísað til frv. á þskj. 71 og grg., sem því fylgir, og enn fremur til framsöguræðu minnar með því frv. hér í hv. þd. nú nýlega.

Ég vísa svo til þess, sem ég þá sagði, um það, til hvaða n. ég teldi eðlilegt, að frv. færi, og legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 216).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég get verið stuttorð um þetta frv. Efni þess er í rauninni alveg shlj. efni þess frv., sem síðast var til umr., en munurinn aðeins sá, að frv. fjallar um ákvæði um meðlög með óskilgetnum börnum, en þetta um ákvæði um meðlög með skilgetnum börnum. Mér láðist við umr. um síðasta frv. að geta um brtt., og shlj. brtt. er einnig við þetta frv. um, að í stað þess, að í frv. stendur, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1972, er lagt til, að greinin orðist þannig, að lögin öðlist þegar gildi. Þetta er, eins og ég býst við, að hv. þdm. hafi þegar séð, gert vegna þess, hve nærri er komið jólahléi á þingstörfum og þess vegna engin vissa fyrir því, að frv. hljóti fullnaðarafgreiðslu fyrir jól, þó að maður vonist til þess. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 216, hefur heilbr.- og félmn. einróma mælt með samþykkt frv. með þessari breytingu, sem ég áðan gat um, og einn nm., Ásgeir Bjarnason, var fjarverandi, þegar málið var afgr. í n.

Ég vil eins og í síðasta máli, sem hér var til umr., þakka meðnm. mínum fyrir góðar undirtektir og stuðning við frv., og ég vona, að ég megi einnig vænta hans af hálfu annarra þdm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 216 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 238).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 251).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. N. er sammála um að mæla með framgangi þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

71. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. ÞK o. fl.).

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [104. mál] (þmfrv., A. 123).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem við flm. þessa frv. leggjum hér fram um breyt.

á lögum nr. 30 frá 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, varðar verkamannabústaðakerfið. Með lögum nr. 30 frá 1970 var gerð veigamikil breyting á kerfi verkamannabústaðanna. Ég skal ekki fara að rekja það hér, í hverju þessi breyting var fólgin, en hún var gerð í þeim tilgangi að blása nýju lífi í byggingarstarfsemi í landinu á vegum verkamannabústaðakerfisins. Það hefði því mátt halda, að það hefðu orðið veruleg umskipti í þessu efni frá því, að lögin voru sett, en því er ekki að heilsa. Í framkvæmd hefur orðið lítil breyting. Það er aðeins á fjórum stöðum á landinu, sem byrjað er eða verið er að byrja á byggingu verkamannabústaða samkvæmt hinum nýju lögum, þ. e. á Sauðárkróki, Neskaupstað, Patreksfirði og Siglufirði, og það eru ekki nema milli 20 og 30 íbúðir, sem fyrirhugað er að byggja á öllum þessum stöðum. Hins vegar er búið að skipa stjórnir verkamannabústaða á 30 stöðum í landinu, en lengra er það ekki komið. Það er sums staðar yfirstandandi rannsókn, sem á að fara fram á viðkomandi stöðum samkvæmt lögunum, á byggingarþörfinni. Allt gengur þetta hægt úti á landi í hinum smærri stöðum vegna þess, að á mörgum stöðum hafa komið fram nokkrir gallar á lögunum frá því í fyrra og nokkrar hindranir reynzt vera á vegi þeirra, sem hafa viljað reisa byggingar samkvæmt verkamannabústaðakerfinu á smærri stöðum úti á landi.

Þetta er vegna þess, að lögin setja takmarkanir þeim framkvæmdum, sem hvert sveitarfélag getur stofnað til samkvæmt þessu byggingarkerfi. Þessi takmörkun er þannig samkvæmt lögunum, að ekki mega framkvæmdirnar vera meiri en sem svarar ákveðnu gjaldi eða ákveðnu framlagi, sem sveitarfélögin eiga að leggja í Byggingarsjóð verkamanna. Þetta framlag er ákveðið þannig, að það má ekki vera nema 200—400 kr. á hvern íbúa í sveitarfélaginu. Þetta takmörkunarákvæði er hliðstætt því, sem áður var í lögum. En í lögunum frá í fyrra er það nýmæli, að tekið er fram í lögunum, að íbúðir samkvæmt verkamannabústaðakerfinu skuli vera byggðar í fjölbýlishúsum og vera staðlaðar, til þess að þær verði sem hagkvæmastar og ódýrastar í senn. Að vísu er hægt að veita undanþágu frá þessu ákvæði laganna. En til þess að hægt sé að byggja íbúðir í fjölbýlishúsum og hafa þær staðlaðar að auki, eins og það er orðað í lögunum, þá þurfa það að vera nokkrar íbúðir, helzt 10 íbúðir, a. m. k. ekki minna en 5 íbúðir. Samkvæmt þeim takmörkunum, sem nú gilda, geta sveitarfélög með 500—1000 íbúum, ég tala ekki um færri íbúa, ekki byggt á hverju áætlunartímabili, sem gert er ráð fyrir fyrir þessar framkvæmdir, nema kannske 2—3 íbúðir eða minna í hverjum áfanga. Af þessu leiðir, að þetta verður ekki framkvæmt í þeim anda og með þeim hætti, sem lögin gera ráð fyrir.

Við flm. þessa frv. teljum, að þetta ákvæði laganna sé óviðunandi og því þurfi að vinda bráðan bug að því að breyta þessu. Þess vegna er efni þessa frv. það að hækka viðmiðun sveitarfélaganna úr 400 kr. á íbúa í 1200 kr., þannig að framlag sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna geti verið þeim mun meira eða sem þessu nemur og framkvæmdirnar þar af leiðandi þeim mun meiri, ef óskað er.

Þetta mál þarfnast ekki frekari skýringa, en af því, sem ég hef sagt, má sjá, að við flm. teljum, að það sé þýðingarmikið, að frv. þetta fái sem skjótasta afgreiðslu, og ég vildi beina þeim tilmælum til hv. heilbr.- og félmn., sem ég legg til að málinu verði vísað til, að hún afgreiði þetta mál sem skjótast vegna hinna sérstöku atvika, sem liggja þar til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 218).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar þetta frv. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Eins og fram kemur í grg. með frv., er það flutt til þess að auðvelda fámennum sveitarfélögum að notfæra sér ákvæði núgildandi laga um Húsnæðismálastofnun í sambandi við byggingu verkamannabústaða, þ. e. þá hagkvæmni, sem fylgir byggingu staðlaðra íbúða í fjölbýlishúsum.

Heilbr.- og félmn. hefur lagt til einróma, að frv. verði samþ. Einn nm., Ásgeir Bjarnason, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir skjóta og jákvæða afgreiðslu á þessu máli og vænti þess, að því verði fylgt eftir hér í sama anda í hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 33 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 252).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 264).

---

72. Sala Ytri-Bugs í Fróðárhreppi.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi [40. mál] (þm-frv., A. 41).

Á 8. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi. Svo sem kunnugt er, hafa ábúendur þjóð- og kirkjujarða vissan rétt á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt, sbr. lög nr. 102 frá 1962. Ella er ekki um annað að ræða en afla sérstakrar lagaheimildar til sölu hverrar jarðar, sem er í ríkiseign. Frumskilyrði þess, að maður eigi að hafa rétt til eignarhalds á jörð, er að mínum dómi, að jörðinni sé sýnd umhyggja og ræktarsemi. Ég hef enga samúð með þeim mönnum, sem kaupa upp jarðir með gróðasjónarmið og veiðimannavon fyrir augum. Hér er engu slíku til að dreifa. Hér er um að ræða ósk fimm bræðra, sem allir eru í fremstu röð afla- og skipstjórnarmanna vestanlands, um að eignast þá jörð, þar sem þeir uxu úr grasi — og nú er í eyði. Hreppsnefnd Fróðárhrepps hefur mælt með þessari beiðni og afsalað sér forkaupsrétti að jörðinni. Ég er viss um það, að smájörð þessi, Ytri-Bugur í Fróðárhreppi, er hvergi betur komin en í eigu bræðranna. Þeir munu áreiðanlega sýna henni góða umhirðu og ræktarsemi. Nánari upplýsingar um þetta mál er að finna í grg. og fskj. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 9. og 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 13. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 41, n. 152).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Landbn. hefur sent frv. þetta til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, eins og venja er um slík mál, og þar að auki óskað eftir umsögn hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps. Mæla þessir aðilar allir með samþykkt frv.
Þegar Alþ. hefur heimilað sölu ríkisjarða undanfarin ár, hefur að heita má alltaf verið áskilinn forkaupsréttur til að koma í veg fyrir, að lönd, sem ríkið lætur frá sér, lendi í braski eða gangi óeðlilega kaupum og sölum. Þykir n. rétt, að svo verði einnig með þessa jörð og verði kaupendum óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum, þ. e. Fróðárhreppi eða Ólafsvíkurhreppi. Ólafsvíkurhreppur er hér látinn fá forkaupsrétt, vegna þess að þessi jörð liggur rétt í útjaðri Ólafsvíkur. Það er skoðun margra, að ekki muni líða langur tími, þangað til Fróðárhreppur og Ólafsvíkurhreppur verði sameinaðir, og getur þá vel farið svo, að Ólafsvíkurhreppur þurfi síðar á þessu landi að halda, þótt hreppsnefndin hafi ekki óskað eftir því að fá jörðina keypta nú og hafi mælt með því, að hún yrði seld þeim aðilum, sem frv. fjallar um.
Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. með breytingu á forkaupsréttinum, sem prentuð er á þskj. 152.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég get fallizt á brtt. þá, sem n. hefur gert við frv. Ég þakka n. fyrir unnin störf að þessu máli og vænti þess, að frv. verði sem fyrst að lögum.

ATKVGR.
Brtt. 152 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 188).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 40. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 298).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi. Kaupendur eru bræður þeir, sem um getur í 1. gr. frv. Jörð þessi er í útjaðri Ólafsvíkurkauptúns, og leitað hefur verið umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og Landnáms ríkisins, og

mæla báðir aðilar með söluheimildinni. Einnig hefur verið leitað umsagnar Ólafsvíkurhrepps um sölu jarðarinnar, og mælir hreppsnefndin þar með sölunni.

Sú breyting var gerð á frv. í hv. Nd., að kaupendum er óheimilt að selja jörðina eða hluta úr henni öðrum en ríkissjóði eða nærliggjandi hreppum, þ. e. Ólafsvíkurkauptúni eða Fróðárhreppi. Ytri-Bugur er að fasteignamati 221 þús. kr., sem skiptast þannig: tún 51 þús. kr., annað land 43 þús. kr., íbúðarhús 82 þús. kr. og útihús 45 þús. kr.

Landnámsstjóri segir, að jörðin sé landlítil og geti ekki framfleytt nægjanlegum bústofni ein út af fyrir sig. Sama kemur fram í umsögn jarðeignadeildar ríkisins. Að fengnum þeim álitum, sem ég hef lýst, mælir landbn. Ed. með samþykkt frv., eins og fram kemur á þskj. 298.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

---

73. Sala Fjósa í Laxárdalshreppi.

Á 10. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi [59. mál] (þmfrv., A. 64).

Á 11. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Við flytjum hérna frv., hv. 2. þm. Vesturl. ásamt mér, og frv. fjallar um það eftir beiðni hreppsnefndar Laxárdalshrepps í Dalasýslu að fá keypta jörðina Fjós. Þessi jörð hefur verið í ábúð þar til á s. l. vori, að bóndinn, sem þar hefur búið alllengi, Jón Sigurjónsson, hætti búskap. Á jörðinni er 15 hektara tún metið á 138 þús. kr., og annað land jarðarinnar er metið á 40 þús. kr. og hlunnindi í Laxá á 700 þús. kr. Íbúðarhús var byggt 1941, og er það metið á 253 þús. kr., og útihús, þ. e. fjárhús og hlaða, voru byggð fyrir nokkrum árum og eru metin á 520 þús. kr. Mat jarðarinnar er því alls samkv. því mati, sem tekur gildi á næsta ári, 1 millj. 651 þús. kr.

Kauptúnið Búðardalur er byggt í landi Fjósa, en þar voru 202 íbúar með lögheimili 1. des. 1970. Auk þess er þar í vinnu allmargt manna, sem dvelur þar mestan hluta ársins og nokkrir lengri eða skemmri tíma. Í Laxárdalshreppi voru íbúar 1. des. 1970 353. En þeir, sem Búðardal byggja, lifa að mestu leyti af landbúnaði, ýmist beint eða óbeint. Þar er kaupfélag Hvammsfjarðar, mjólkurbú, sláturhús, bifreiða- og vélaverkstæði, trésmíðaverkstæði og nokkur minni iðnfyrirtæki. Þá sitja í Búðardal flestallir opinberir embættismenn í Dalasýslu, svo sem sýslumaður, héraðslæknir, hjúkrunarkona, ljósmóðir, héraðsdýralæknir, héraðsráðunautur, prestur, skólastjóri, kennarar, bankastjóri, rafveitustjóri, kaupfélagsstjóri, vegavinnuverkstjóri, margir bifreiðarstjórar, iðnaðarmenn og verkamenn. Flest af þessu fólki á nokkrar kindur, og margir eiga hesta sér til gagns og gamans, en afréttur Búðardals er á Ljárskógafjalli.

Frá Búðardal er engin sjósókn, enda Hvammsfjörður oft ísi lagður á veturna. Það er því mikil nauðsyn og hagsmunamál Laxárdalshrepps að eignast jörðina Fjós og geta á þann hátt tryggt betur en annars væri auðið ört vaxandi kauptúni í Búðardal meira land og svigrúm í framtíðinni. Vera má, að þarna séu líka verðmæt leirlög í jörðu, en þau er nú verið að rannsaka og athuga, á hvern hátt þau geta bezt að gagni komið. Búðardalur er ekki sérhreppsfélag. Því er það, að hreppsnefnd Laxárdalshrepps fer fram á það að fá jörðina Fjós keypta með það í huga að geta skipulagt og tryggt kauptúninu jörðina, en allar líkur benda til þess, að Búðardalskauptún muni vaxa ört, bæði hvað verkefni snertir og fólksfjölda, því að skammt er síðan þar voru innan við 100 íbúar, og þróunin í landinu hefur verið sú hin síðari ár, að fólkinu fjölgar mest, þar sem nokkurt þéttbýli er fyrir, en hinar dreifðu byggðir og sveitabæirnir hafa farið varhluta í þessum efnum.

Ég legg til, að þegar þessari umr. lýkur, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 149).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 149 ber með sér, þá mælir landbn. með samþykkt frv. Sama máli gegnir með landbrn. og Landnám ríkisins, sem fengu frv. til umsagnar. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál núna, en vísa til framsöguræðu minnar við 1. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 9. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 64, n. 300).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Efni þessa frv. er að heimila ríkisstj. að selja Laxárdalshreppi í Dalasýslu jörðina Fjós í sama hreppi. Tilefni þessarar jarðarsölu er, að kauptúnið Búðardalur hefur vaxið í landi þessarar jarðar. Þar sem það er blómlegur og vaxandi byggðakjarni, er nauðsynlegt talið, að hreppurinn eignist landið.
Landbn. hefur kynnt sér gögn málsins og mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

---

74. Sala Brekkuborgar í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaða í Sauðaneshreppi.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi [97. mál] (þmfrv., A. 114).

Á 20. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Oddvitinn í Breiðdalshreppi hefur fyrir hönd hreppsnefndarinnar þar í sveit farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Breiðdalshreppur eignist jörðina Brekkuborg í Breiðdal. Bóndinn, sem bjó á Brekkuborg, hefur látið af búskap, og jörðin er nú í eyði. Jörð þessari fylgja veiðiréttindi í Breiðdalsá, og hreppsnefndin telur mjög þýðingarmikið, að þessari jörð verði skynsamlega ráðstafað, þannig að tryggð verði þar ábúð til frambúðar, en jörðin verði ekki notuð í neinu öðru skyni, og telur bezt fyrir því séð með því, að hreppurinn eigi jörðina. Flm. eru sömu skoðunar og leggja því til, að ríkisstj. verði heimilað að selja Breiðdalshreppi þessa jörð.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. að aflokinni þessari umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, n. 304).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað umsagna um það að venju, bæði frá landbrn. og Landnámi ríkisins, og fengið umsagnir þessara aðila, sem báðar eru jákvæðar.
Þetta frv. er flutt samkv. beiðni hreppsnefndarinnar í Breiðdal. Hreppsnefndin telur það skynsamlegt, að hreppurinn eignist þessa jörð í þeim tilgangi alveg sérstaklega að geta af fremsta megni gert tilraunir til þess að byggja jörðina á ný. Hún hefur verið í eyði um stutt skeið, og hreppsnefndin væntir þess, að það megi takast að byggja hana á ný, ef hreppurinn fær eignarhald á jörðinni. Landbn. hefur fallizt á þessi sjónarmið og mælir með því, að orðið verði við þessari beiðni.
Þá er þess að geta í sambandi við þetta mál, að form. landbn., sem jafnframt er 4. þm. Norðurl. e., hafa borizt tilmæli um það að afla heimildar þingsins til handa ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi bændunum Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni. Þeir búa á Tunguseli í sama hreppi og hafa notað þessa jörð til beitar, Þorsteinsstaðina, sem lengi hafa verið í eyði, og fara þess nú á leit að fá eignarhald á jörðinni. Fyrir landbn. lá bréf frá oddvita Sauðaneshrepps, þar sem hann mælir með þessari jarðarsölu, og einnig umsagnir frá landbrn. og Landnámi ríkisins, sem báðar eru jákvæðar. Landbn. ákvað því að taka upp sem brtt. við þetta frv. um sölu jarðarinnar Brekkuborgar ákvæði um að heimila einnig sölu á Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi. Þessi tilhögun hefur stundum verið viðhöfð áður í sömu tilvikum og hér um ræðir.
Landbn. leggur því til, að frv. verði samþ. með breytingum, sbr. þskj. 304, í þá átt, að á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., þar sem heimilað er að selja nefndum bræðrum Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 304,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 304,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

Á 39. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 314).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta var borið fram í hv. Nd. af þremur þm. Austf. Við meðferð málsins í Nd. var bætt inn í frv. nýrri gr., sem nú er 2. gr. þess, og fjallar sú gr. um sölu á jörðinni Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi, en 1. gr. frv. felur í sér heimild til að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdal í Suður-Múlasýslu. Það kemur fram í nál. landbn. hv. Nd., að frv. þetta hefur verið sent til umsagnar til landbrn., þ. e. jarðeignadeildar, og Landnáms ríkisins. Eru umsagnir um málið jákvæðar, og hefur það nú fengið fullnaðarafgreiðslu í Nd. Ég tel, að fullkomnar skýringar með þessu máli komi fram í grg. frv. og þeim umsögnum, sem birtar eru með áliti landbn. Nd., svo að ég tel ekki ástæðu til við þessa umr. að fjölyrða um það, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 362).

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Landbn. fjallaði um þetta mál, sem hér er á dagskrá, og varð algerlega sammála um afgreiðslu þess. Frsm. er fjarverandi, en sem form. n. vil ég aðeins undirstrika það, að n. varð sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

---

75. Sala Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi [108. mál] (þmfrv., A. 130).

Á 20. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Háls og Kambshjáleiga liggja í næsta nágrenni Djúpavogs og eru báðar í eyði. Þeir, sem nytja jarðirnar nú, eiga heima í kauptúninu, og kauptúnsmenn þurfa margt að sækja í landareignir þessara jarða, t. d. er vatnsból Djúpavogs að nokkru leyti í landi Háls, og nýjum vatnsbólum, sem þörf er á á þessum slóðum, verður vafalaust komið fyrir ýmist í Hálslandi eða Kambshjáleigulandi. Þá er mikil nauðsyn á því, að þessar jarðir verði til frambúðar til afnota fyrir íbúa Djúpavogs vegna búfjárræktar, og þannig mætti fleira telja, sem sýnir, að eðlilegast er, að Búlandshreppur eignist þessar jarðir. Flm. leggja því til, að heimilað verði að selja þær hreppnum. Jafnframt er í frv. ákvæði um það, að óheimilt sé hreppnum að selja jarðirnar öðrum en ríkissjóði.

Ég legg til, að málinu verði vísað til landbn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 301).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt samkv. beiðni hreppsnefndar Búlandshrepps. Það er um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi. Þessar jarðir eru báðar í Hálsþinghá inn frá kauptúninu á Djúpavogi, sunnanvert við Búlandstind. N. hefur sent þetta mál til umsagnar eftir venjulegum leiðum til landbrn. og Landnáms ríkisins og fengið álitsgerðir þessara aðila, sem báðar eru jákvæðar. Að þeim umsögnum athuguðum getur n. fallizt á rök flm. og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. Það var flutt í Nd. af þrem þm. Austf. Frv. felur í sér heimild til handa ríkisstj. til að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu. Þessar jarðir liggja í næsta nágrenni Djúpavogs og eru báðar í eyði, en íbúar kauptúnsins hafa afnot jarðanna og þurfa margt þangað að sækja, m. a. er vatnsból Djúpavogs í landi jarðarinnar Háls að nokkru leyti og nýjum vatnsbólum verður á næstunni að koma upp annaðhvort í Hálslandi

eða Kambshjáleigulandi. Einnig eru afnot af þessum jörðum til stuðnings við fjáreign þeirra, sem búa í kauptúninu á Djúpavogi, en byggðin í því kauptúni er nokkuð dreifð, og er meðal íbúa þar um talsverða sauðfjáreign að ræða.

Landbn. Nd. hefur sent þetta frv. til umsagnar bæði landbrn. og Landnámi ríkisins. Og það kemur fram, að báðir þessir aðilar mæla með samþykkt þessa frv. Í umsögn landbrn. segir, að báðar þessar jarðir hafi verið í eyði um alllangt skeið og ekki séu líkur til, að þær verði leigðar til ábúðar í framtíðinni, en hins vegar liggja þær vel við til sameiginlegra nytja fyrir þorpsbúa á Djúpavogi, og ekki verður séð, að sérstakir hagsmunir séu tengdir því fyrir ríkissjóð að eiga áfram jarðirnar. Landnámsstjóri tekur fram í umsögn sinni, að jarðir þessar séu litlar, húsalausar eyðijarðir, sem verið hafi í eyði lengi, og liggi 2—3 km frá byggðakjarnanum á Djúpavogi. Í nýja fasteignamatinu er Háls metinn á 58 þús. kr. og Kambshjáleiga á 16 þús. kr. Enn fremur tekur landnámsstjóri fram, að ekki verði séð, að jarðir þessar hafi þá kosti til að bera, að þær geti talizt framtíðarbújarðir, en hins vegar geti lönd þeirra verið nokkur stuðningur við fjárbúskap á Djúpavogi. Hann telur og, að það megi telja til forsjálni og framsýni hjá sveitarstjórnum að festa kaup á jörðum eða landsvæðum í nágrenni vaxandi þéttbýliskjarna.

Ég vænti þess, að þetta séu nægar skýringar hér við 1. umr. með þessu máli, og vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 361).

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Landbn. hefur haft til umsagnar frv. til laga á þskj. 130 um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi. Frv. hefur þegar fengið afgreiðslu í Nd., og n. kynnti sér þær umsagnir, sem Nd. höfðu borizt um þetta mál, bæði frá Landnámi ríkisins og jarðeignadeild, og voru þær báðar jákvæðar.

Hv. 3. þm. Austf. hefur rækilega kynnt þetta mál við 1. umr. málsins, svo að ekki er ástæða til að fara nánara út í það. Eins og sést á nál. á þskj. 361, þá mælir n. einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 387).

---

76. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins [41. mál] (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt tveimur öðrum þm., þeim hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, og hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, leyft mér að flytja hér á þskj. 42 frv. til l. um breyt. á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hugmyndin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins mun fyrst hafa orðið til eftir hin miklu síldarár á árabilinu 1960—1965, en verðlag á síldarafurðum var þá einnig mjög hátt. Þetta varð til þess, að tekjur þeirra, sem þessar veiðar stunduðu, jafnt sjómanna sem útgerðarmanna og þeirra aðila, sem tóku við síldinni og unnu hana til útflutnings, urðu mjög miklar, sennilega mun hærri en almennt gerðist á þeim tíma. Leiddi þetta til mjög mikillar og kannske óeðlilegrar fjárfestingar í síldariðnaðinum. Um það bera vitni hinar mörgu síldarverkunarstöðvar, bæði verksmiðjur og söltunarstöðvar, sem nú standa því miður uppi allt of verkefnalitlar. Hvað sjómenn snertir, fór verulegur hluti af hinum háu tekjum þeirra í skatta til ríkis og sveitarfélaga. Þegar verð á síldarafurðum féll og afli minnkaði, töldu margir, að hagkvæmt hefði verið fyrir alla aðila, ef hægt hefði verið að skipta gróðanum jafnar á milli hinna betri ára og hinna erfiðari. Upp úr þessum hugleiðingum mun hugmyndin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hafa orðið til, en lög um hann voru samþ. á þinginu fyrri hluta árs 1969.

Verðjöfnunarsjóður er þannig upp byggður, eins og kunnugt er, að ef verð á sjávarafurðum hækkar frá tilteknu viðmiðunarverði, er ákveðinn hluti verðhækkunarinnar lagður í Verðjöfnunarsjóð. Hann kemur ekki til útborgunar til þeirra, sem sjávarafurðirnar flytja út, eins og áður var, heldur geymist í vörzlu Seðlabanka Íslands, að svo miklu leyti sem fénu hefur ekki verið ráðstafað samkv. 6. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð. Með tilliti til þessa, þar sem raunverulega er um að ræða geymslufé, sem Seðlabankinn hefur tekið við í erlendum gjaldeyri, en ekki afreiknað, verður að teljast eðlilegt, að fé þetta væri það, sem kalla mætti gengistryggt. Getur það gerzt á tvennan hátt að dómi flm., þ. e. annaðhvort sé féð ávaxtað í erlendri mynt eða lögfest sé, að verði breyting á gengi íslenzkrar krónu, verði féð umreiknað til hækkunar eða lækkunar í samræmi við gengisbreytinguna, eftir því sem við á — að því leyti, sem það kann að hafa verið ávaxtað í íslenzkum krónum, en engin ákvæði í gildandi lögum um Verðjöfnunarsjóð kveða á um þetta. Þegar þess er gætt, að hér er um verulegt fjármagn að ræða, sem í raun réttri er sameiginlegur tryggingasjóður fiskiðnaðarins, sjómanna og útvegsmanna, er ekki nema eðlilegt, að þessir aðilar leggi á það þunga áherzlu, að raunverulegt verðmæti þessara fjármuna þeirra skerðist ekki, þó að svo færi, að stjórnvöld sæju sig tilneydd að grípa til gengislækkunar. Ef um gengislækkun væri að ræða,

mundi sjóðurinn að sjálfsögðu lækka að krónutölu til, en þó halda raunverulegu gildi sínu.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, munu um síðustu áramót hafa verið um 230 millj. ísl. kr. í sjóðnum, og á fyrstu 5 mánuðum þessa árs munu hafa komið inn í sjóðinn um 320 millj. kr. — aðeins af verðhækkunum á frystum sjávarafurðum. Er því ekkert óvarlegt að áætla, að Verðjöfnunarsjóðurinn geti orðið um næstu áramót 700—800 millj. kr., ef ekki verður um lækkun að ræða á verðlagi sjávarafurða á erlendum markaði. Þegar á það er litið, að hér er raunverulega um geymslufé að ræða, sem Seðlabankinn hefur tekið við í erlendum gjaldeyri, en ekki afreiknað til útborgunar, getur það ekki talizt nema sjálfsögð og eðlileg krafa þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að raungildi þessara fjármuna skerðist ekki, þótt gengisbreyting eigi sér stað, hvort sem það yrði til hækkunar eða lækkunar. En til þess að ná því marki er frv. þetta flutt, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. Alþ. taki því vel og veiti því brautargengi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 338).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 42, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 338, þá mælir n. með, að frv. verði samþ. Einn nm., Jón Skaftason, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt, og tveir nm., þeir hv. 7. landsk. þm. og hv. 3. þm. Norðurl. v., skrifuðu undir nál. með fyrirvara. Frv. var sent til umsagnar ýmissa aðila, þegar það barst n., og hafa borizt svör frá flestum þessara aðila. Eru þau með einni undantekningu yfirleitt jákvæð, þannig að þeir, sem þar um gefa umsögn, mæla með því, að frv. verði samþ. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svarar með bréfi dagsettu í nóvember, þar sem segir svo í niðurlagi bréfsins:

„Stjórnin varð sammála um að mæla með þeirri breytingartillögu, sem hér um ræðir, varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins."

Landssamband ísl. útvegsmanna gerði á aðalfundi sínum í haust samþykkt um málið, og í svari Landssambandsins til sjútvn. er sú samþykkt, sem þar var gerð, tekin upp, en þar segir:

„Aðalfundur LÍÚ skorar á Alþingi að samþykkja fram komið frumvarp um verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins."

Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga fékk einnig málið til umsagnar, og segir svo í þeirri umsögn:

„Sjávarafurðadeild SÍS lýsir því stuðningi við ofannefnt frumvarp og telur aðkallandi, að það nái fram að ganga. Jafnframt teljum vér nauðsynlegt, að við 1. gr. frumvarpsins verði bætt skýru ákvæði um, hvers konar uppbætur verði taldar jafngilda gengisbreytingu."

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda vísar til fyrri samþykkta sinna, og segist sölusambandið vera því eindregið meðmælt, að frv. verði samþ.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eða fulltrúar fiskseljenda og fiskkaupenda gefa um málið umsögn. Þar segir í ljósriti af fundargerð, sem við fengum frá stjórn Verðjöfnunarsjóðs og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á 16. stjórnarfundi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins þann 4. sept. 1970 báru fulltrúar fiskkaupenda fram tillögu um, að eignir sjóðsins væru varðveittar í erlendri mynt eða gengistryggðar á annan hátt.

Á 17. fundi sjóðsstjórnar þann 13. okt. 1970 lýstu fulltrúar fiskseljenda samþykki sínu á þessari tillögu, og er hún því í raun viljayfirlýsing meirihluta sjóðsstjórnar.

Á fundinum varð samkomulag um, að tillögunni ásamt rökstuðningi yrði vísað til ráðherra og ríkisstjórnar til úrskurðar."

Þetta er álit fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda í stjórn Verðjöfnunarsjóðs.

Seðlabanki Íslands svarar erindi sjútvn. með bréfi dags. 4. febr. 1972 og segir þar, með leyfi forseta:

„Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er í dag ávaxtaður samkvæmt lögum í Seðlabankanum á hliðstæðan hátt og margir sjóðir í opinberri eigu og vörzlu. Má þar t. d. nefna Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Eru allir þessir sjóðir ávaxtaðir í innlendri mynt á jafnréttháum grundvelli, og teljum vér ekki réttmætt, að undantekning sé gerð frá þeirri reglu, að því er Verðjöfnunarsjóð snertir.

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs er öðrum þræði að greiða hluta af verðfalli, sem kann að verða á þeim afurðum, sem eignazt hafa inneignir í sjóðnum. Slíkt verðfall hefir oftar en einu sinni leitt til þess, að breyta hefir orðið gengi íslenzku krónunnar til þess þannig að skapa rekstrargrundvöll án styrkja fyrir veigamiklar greinar sjávarútvegsins. Tilvist Verðjöfnunarsjóðs getur hér breytt um í verulegum atriðum. Verðbreytingum á afurðum sjávarútvegsins til lækkunar mundi fyrst í stað verða mætt með greiðslum úr sjóðnum að því marki, sem hann hefði fjármagn til, en ekki þyrfti að grípa til gengislækkunar á meðan svo væri. Má því gera ráð fyrir, að ef til gengislækkunar kæmi, þá væri sjóðurinn tæmdur áður. Sömuleiðis má benda á, að gera má ráð fyrir, að komi til gengislækkunar, þá verði ekki fyrir hendi neinn gjaldeyrisvarasjóður, sem hugsanlegar eignir Verðjöfnunarsjóðs gætu verið hluti af. Loks geta þær aðstæður risið, að hækkun á gengi krónunnar gerði nauðsynlegt að greiða úr sjóðnum, en gengishækkun hefði þau áhrif, að binding sjóðsins við erlenda mynt yrði til að rýra hann.

Vér viljum taka undir þá viðleitni flm. nefnds frv., að Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins beri að styrkja og sé það sjávarútvegi Íslendinga í hag, að eflingu hans verði haldið áfram."

Sjútvn. ræddi sérstaklega þetta erindi Seðlabanka Íslands og þá umsögn, sem þessi stofnun gaf um frv., en við teljum, að þarna geti málin borið öðruvísi að. Vitað er og lögum samkv., að sjóðnum er skipt í fleiri en eina deild, ef ég man rétt í þrjár deildir. Það má vel vera svo, að innistæða sé í einhverri af þessum deildum, þó að innistæða einnar deildar sé kannske gengin til þurrðar. Það þarf því alls ekki að vera svo, að þó að þyrfti að

ganga á sjóðinn, þá gætu sumar deildir hans ekki átt þar inni, og ef til gengisbreytingar eða gengislækkunar kemur, mundi það að sjálfsögðu rýra verðgildi þeirra peninga, sem í þessum deildum stæðu eftir hjá Seðlabankanum. Þar af leiðandi teljum við, að það sé ekki ástæða til annars en frv. fái að halda áfram og verði afgreitt hér á hinu háa Alþ. Og það má einnig á það benda, að þó að þetta bæri að, sem Seðlabankinn segir, er þar ekki um neinn skaða eða neina hættu fyrir neinn aðila að ræða, ef lögunum yrði breytt á þann veg, sem frv. leggur til, að gert verði.

N. er því sammála um að mæla með frv. óbreyttu, eins og fram kemur í nál., en fyrirvara hafa gert um afstöðu sína tveir hv. þm., eins og ég minntist á í upphafi máls míns. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. því á þskj. 338, sem hér er til umr., og einnig í ræðu frsm. n., þá hef ég undirritað þetta nál. með fyrirvara. Þegar þetta mál var til lokaafgreiðslu í sjútvn., taldi ég mig ekki hafa kynnt mér málið nægilega vel til þess að skrifa undir nál. án fyrirvara. Ég hef hins vegar við nánari athugun á málinu síðan talið, að þetta mál sé rétt og það eigi fyllsta rétt á sér, að þetta verði gert. Lýsi ég því yfir, að ég mæli eindregið með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 42, n. 459).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til laga um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur verið til athugunar í hv. sjútvn., og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins eru ekki gömul. Þau voru samþ. á Alþ., eins og fyrr segir, á árinu 1969. Svo sem kunnugt er, er hlutverk Verðjöfnunarsjóðs að jafna á milli ára verðsveiflur, sem því miður allt of oft eiga sér stað á aðalútflutningsafurðum okkar, sjávarútvegsframleiðslunni.

Öllum er enn í fersku minni sú geysilega verð- og aflasveifla, sem átti sér stað í síldveiðunum á árunum 1960 til 1965. Þá fór það saman, að jafnhliða óvenjumiklum síldarafla var útflutningsverð afurðanna einnig mjög hagstætt. Þá var oft um það rætt, hvort ekki væri rétt með tilliti til þeirrar góðu afkomu, sem sjávarútvegurinn þá bjó við, að leggja eitthvað af heildarverðmætinu til hliðar og geyma til erfiðari ára, sem reynsla fyrri ára vissulega gaf tilefni til að ætla, að enn gætu komið. Á þetta var því miður ekki hlustað þá. Það var ekki fyrr en verðfallið og aflabresturinn, sem síðan skall á, hafði enn einu sinni kennt okkur Íslendingum að skilja, að valt getur verið að treysta um of á stöðugleika verðlags og sjávaraflann. Á árunum 1967 og 1968 fór það saman, að um alvarlegan aflabrest var að ræða og jafnhliða var afurðaverðið í algjöru lágmarki. Á árinu 1969 fór svo aftur að rofa til, og þá voru, sem betur fer, sett lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Áhrifa þessa sjóðs, sem mun um s. l. áramót hafa numið um eitt þús. millj. kr., hefur þegar gætt á verðlag sjávaraflans. Segja má, að sá hluti, sem þegar var kominn í Verðjöfnunarsjóð vegna loðnuaflans, hafi tryggt það verð, sem talið var nauðsynlegt að fá fyrir aflann á nýlokinni loðnuvertíð. Hitt er svo annað mál, sem vissulega hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga, að það skuli eiga sér stað, að í slíkri metaflavertíð, sem nú hefur verið, og með því verðlagi, sem verið hefur á afurðunum, sem engan veginn verður talið það lágt, að slíkt geti ekki átt sér stað hvenær sem er, hafi veiðarnar ekki haft fjárhagslegan grundvöll án sérstaks stuðnings frá Verðjöfnunarsjóði eins og nú hefur átt sér stað.

Eins og ég gat um áðan, mun bundið fjármagn í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hafa verið um eitt þús. millj. kr. um s. l. áramót. Samkv. gildandi lögum er eign Verðjöfnunarsjóðs á hverjum tíma bundin í Seðlabankanum, að svo miklu leyti sem henni hefur ekki verið ráðstafað til verðbóta samkv. 6. gr. laganna. Með tilliti til þess, að allt það fjármagn, sem hér um ræðir, er afhent Seðlabankanum í erlendum gjaldeyri og verður þar sem geymslufé, þar til til þess kemur, að það verður notað svo sem lög mæla fyrir um, er það í alla staði eðlilegt, að höfuðstóll Verðjöfnunarsjóðs verði þannig tryggður, að hann sé í samræmi við skráð gengi íslenzkrar krónu á hverjum tíma og í samræmi við þetta frv., sem hér er flutt. Það var einróma samþ. í hv. Nd. og sjútvn. þessarar hv. d. mælir einnig einróma með samþykkt frv. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 502).

77. Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð hjónanna frá Suður-Vík og dætra þeirra.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll [96. mál] (þmfrv., A. 109).

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Oddsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. nr. 109, er um breytingu á skipulagsskrá nr. 79 frá 18. sept. 1929, fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll. Frv. þetta er flutt að ósk stjórnar þessa minningarsjóðs, sem getið hefur verið um. Árið 1927 stofnuðu bræðurnir Jón Halldórsson og Ólafur Halldórsson, bóndi í Suður-Vík í Mýrdal, þennan sjóð til minningar um foreldra sína, hjónin Halldór Jónsson, kaupmann og bónda í Suður-Vík, og konu hans, Matthildi Ólafsdóttur, og tvær dætur þeirra hjóna, Guðlaugu og Sigurlaugu. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var svo staðfest hinn 18. sept. 1929, og er hún fskj. þessa frv.

Eins og nafn sjóðsins ber með sér, var markmið stofnenda að láta reisa elliheimili fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll til fulls lífsframfæris handa ellihrumu fólki, eins og það er orðað í skipulagsskrá. Stofnfé sjóðsins var 15 þús. kr., sem mun hafa verið allmikið fé á árunum kringum 1930. Enn fremur gáfu stofnendur jörðina Suður-Hvamm í Mýrdal, þar sem elliheimili skyldi reisa, sem skyldi verða full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, sem byrjað yrði á byggingunni, eins og stendur í 5. gr. skipulagsskrárinnar. Hér var um stórmannlega gjöf að ræða, sem ber vitni bæði um höfðingsskap og mannkosti gefenda. Halldór Jónsson, bóndi og kaupmaður í Suður-Vík, rak um langt skeið verzlun í Vík í Mýrdal, sem jafnan var kölluð Halldórsverzlun. Síðan rak Jón Halldórsson sonur hans þessa verzlun í mörg ár, og náði verzlunarsvæðið yfir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll. Árið 1927, þegar minningarsjóðurinn var stofnaður, voru almannatryggingar ekki komnar til sögunnar. Gamalmenni, sem voru eignalaus og umkomulaus, áttu á þeim tíma ekki margra kosta völ. Þegar þau gátu ekki unnið fyrir sér lengur, var oftast ekki um annað að ræða en leita á náðir sveitarfélagsins, en flestir munu hafa veigrað sér við því í lengstu lög og gera víst enn í dag.

Hugsjón stofnenda sjóðsins var að veita öldruðu fólki ókeypis vist og aðhlynningu til æviloka í hollum og hæfilega rúmgóðum bústað, eins og stendur í skipulagsskránni. Skyldu fátæk gamalmenni, ekkjur og einstæðingar, ganga fyrir öðrum við upptöku á heimilið, en vistin þar skyldi vera ókeypis. Þannig átti sjóðurinn að vera eins konar framfærslutrygging aldraðs fólks á þessu umrædda svæði — a. m. k. þeirra, sem við bágust kjör bjuggu. Bú átti að reka á jörðinni fyrir heimilið, stjórn sjóðsins átti að sjá um, að vistmenn á heimilinu gætu, ef þeir væru þess umkomnir, haft einhverja líkamlega vinnu sér til afþreyingar, en vinna þeirra átti að renna í staðinn til heimilisins. Vegna þeirra miklu þjóðfélagsbreytinga og breytinga á gildi íslenzkrar krónu, sem orðið hafa á síðustu fjórum áratugum, telur stjórn sjóðsins nú, að forsendur séu brostnar fyrir ýmsum ákvæðum skipulagsskrárinnar og þau verði ekki framkvæmd við núverandi aðstæður og að óbreyttri skipulagsskránni geti sjóðurinn ekki orðið að neinu liði við byggingu fyrirhugaðs elliheimilis. Stjórn sjóðsins ákvað á fundi sínum s. l. sumar að stofna umrætt elliheimili svo fljótt sem tök væru á. Þá höfðu borizt tvær stórar gjafir til elliheimilisins. Ólafur Kjartansson frá Skál á Síðu, sem lézt á elliheimilinu Grund nú fyrir nokkru, arfleiddi fyrirhugað elliheimili að mestum hluta eigna sinna eða rúmlega 1.6 millj. kr. Þá gaf Ágústa Vigfúsdóttir, ekkja Ólafs Halldórssonar í Suður-Vík, jörðina Rauðháls í Dyrhólahreppi eða land þeirrar jarðar öllu heldur. Þá hafa fleiri aðilar lofað fjárstuðningi við stofnun þessa, ef af verður.

Í 10. gr. skipulagsskrárinnar segir, að henni megi aldrei breyta að efni til. Þó verður að ætla, að hv. Alþ. geti breytt efni hennar með lögum, þegar aðstæður eru orðnar svo sem nú hefur verið skýrt frá, að útilokað er, að sjóðurinn geti orðið til styrktar því hlutverki, sem honum var ætlað í byrjun, að skipulagsskránni óbreyttri. Hér er um mál að ræða, sem á sér fá eða engin fordæmi. Þó má benda á, að með lögum hinn 12. maí 1969 var hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu heimilað að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti, sem gefin var hreppsnefndinni með þeim ákvæðum í gjafabréfi, að hún skyldi verða ævarandi eign hreppsins.

Frv. þetta hefur verið borið undir erfingja stofnenda, sem eru Ágústa Vigfúsdóttir, Reykjavík, og tvær dætur hennar og Ólafs Halldórssonar bónda í Suður-Vík, þær Ólöf Ólafsdóttir, Eskihlíð 20A, Reykjavík og Matthildur Valfells, Hrauntungu 46, Kópavogi. Við samningu þessa frv. hefur verið leitað samráðs við þessa erfingja, eins og fyrr segir, og einnig hefur verið leitazt við með frv. að tryggja það, að hugsjónir stofnenda verði í framkvæmd samræmdar þjóðfélagsháttum vorra tíma svo sem kostur er — þó þannig, að upphaflegum ákvæðum skipulagsskrárinnar verði sem minnst raskað, bæði að því er efni og form varðar. Fyrir þessa stofnun, elliheimili í Vestur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum, er brýn þörf, eins og sjálfsagt víðast hvar annars staðar á landinu, og skal það ekki rakið hér, en ég mun fara örfáum orðum hér um greinar frv.

Þá er það 1. gr. frv. Aftan við 2. gr. skipulagsskrárinnar bætist: Heimilt er og einstaklingum og fyrirtækjum að láta gjafir renna í sjóð þennan. Samkv. 2. gr. segir, að stofnendur og erfingjar þeirra geti aukið sjóð þennan, ef þeir vilji, en það virðist vera gert ráð fyrir, að aðrir geti það ekki. En eins og málum er nú háttað, verður að teljast eðlilegt, að aðrir aðilar fái einnig að leggja fé í sjóðinn, ef þeir vilja, enda ekki sýnilegt, að elliheimilinu verði komið upp fyrir peninga sjóðsins eina.

Í 2. gr. frv. felst breyting á 3. gr. skipulagsskrárinnar. Í henni eru þau ákvæði, að peningaupphæð sjóðsins

skal geymast og ávaxtast í lögleyfðum banka eða sparisjóði, í stað þess, að peningar sjóðsins áttu að geymast í Söfnunarsjóði Íslands. Þetta ákvæði munu stofnendur hafa sett, vegna þess að þeir hafa talið tryggara að geyma féð í Söfnunarsjóði en öðrum lánastofnunum, sem þá voru miklu færri en nú er. Þessi forsenda er núna úr sögunni og bæði eðlilegra og handhægara að öllu leyti að geyma a. m. k. einhvern hluta fjárins í öðrum stofnunum. En þetta ákvæði breytir í engu því, að féð má geyma eftir sem áður í Söfnunarsjóði, ef það verður ákveðið af stjórn félagsins.

3. gr. frv. hljóðar svo: „Úr 4. gr. skipulagsskrárinnar falli niður málsliðurinn: Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar með að öllu leyti ókeypis vist og aðhlynning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús.“ Eins og málum er háttað í dag, er það útilokað með öllu af kostnaðarástæðum að veita öldruðu fólki ókeypis vist á svona stofnun, enda eru komnar til sögunnar nú ellitryggingar, eins og allir vita, sem bæta þarna úr að miklu leyti.

Samkv. 5. gr. skipulagsskrárinnar átti að reisa elliheimilið á jörðinni Suður-Hvammi, en frv. gerir ráð fyrir því, að það verði stofnað í Vík í Mýrdal, þar sem allar ástæður mæla með því nú. Þar er fyrir hendi héraðslæknir og betri möguleikar á allri þjónustu við heimilið. Auk þess tel ég, að það sé betra fyrir aldraða fólkið og á allan hátt skemmtilegra að vera innan um annað fólk, umgangast annað fólk á öllum aldri, en vera ekki einangrað á einhverri jörð uppi í sveit. Og þá er einnig gert ráð fyrir því í 5. gr. skipulagsskrárinnar, að á elliheimilinu dvelji þau gamalmenni, sem sjóðurinn veitir lífsuppeldi. Hér verður sú breyting á í samræmi við það, sem ég hef áður skýrt frá, að í staðinn fyrir lífsuppeldi kemur: „... gamalmenni þau, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku ...“

2. málsl. 6. gr. skipulagsskrárinnar hljóðar svo: „En til alls þessa, byggingar og annars, má eigi verja meiru af fé sjóðsins en svo, að stjórn hans þyki öruggt, að ¾ hlutar árlegra vaxta af eftirstandandi höfuðstól nægi undir venjulegum kringumstæðum til þess að standast kostnað stofnunarinnar í rekstri og halla, er á búinu kynni að verða, og mega þeir ganga til þess, en ¼ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, til viðhalds stofnuninni og aukningar síðar meir.“

Eins og málefnum sjóðsins er háttað í dag, þá er óframkvæmanlegt að framfylgja þessu atriði skipulagsskrárinnar, enda ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. eða nú ekki gert ráð fyrir því, að það verði rekið bú á þessari jörð fyrir elliheimilið, né heldur að elliheimilið verði stofnsett þar. Eins og kom fram í grg., nemur upphæð sjóðsins nú ekki nema 205 077 kr., þannig að það er algerlega ómögulegt að framfylgja þessu ákvæði.

Um 6. gr. frv. er það að segja, að í 7. gr. í skipulagsskránni er gert ráð fyrir því, að gamalmenni fái ókeypis vist á elliheimilinu, en leggi í staðinn til vinnu sína. Með 4. gr. frv. eru ákvæðin um ókeypis vist felld niður og þar af leiðandi eðlilegt, að þessi ákvæði um það, að vinna þeirra falli heimilinu til, verði einnig felld niður.

Þá er það 7. gr. Breytingin á 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. er í samræmi við óskir erfingja stofnenda, sem allir eru búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu, og hefur stjórn sjóðsins talið þessa breytingu eðlilega, þannig að þegar þannig er ástatt, að erfingjar stofnenda sjóðsins eru allir búsettir utan sýslunnar, þá mega þeir, ef þeir vilja, bæta einum manni í stjórnina, sem þá verður skipuð 6 mönnum. Þá er þar einnig breyting á samkomustað stjórnarinnar, sem samkv. 8. gr. skipulagsskrárinnar átti að vera annaðhvort á elliheimilinu í Suður-Hvammi eða í Suður-Vík, en hér er gert ráð fyrir, að hann verði í Vík í Mýrdal, þar sem ráðgert er að reisa þetta elliheimili.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 13., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 109, n. 425).

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Frv., sem nú er til umr., var lagt fram snemma á þessu þingi, og var flm. þess þáv. 1. þm. Sunnl., Einar sýslumaður Oddsson. Nú hefur heilbr.- og félmn. d. lokið athugun þessa máls og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Þetta frv., sem fjallar um breytingu á skipulagsskrá minningarsjóðs hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík, er flutt samkv. beiðni stjórnar þessa sjóðs. Haft hefur verið samráð við erfingja hjónanna, og eru allir sammála um, að nauðsynlegt sé að gera þær breytingar, sem frv. leggur til, að gerðar verði til þess, að sjóðurinn geti náð tilgangi sínum. Það er ekki gert ráð fyrir, að breytingar verði á aðaltilgangi sjóðsins, heldur einungis á því, hvernig tilganginum eigi að ná, hvernig eignirnar eigi að ávaxtast, og enn fremur er gert ráð fyrir, að það ákvæði breytist, sem fjallar um ósk þessara látnu hjóna þess efnis, að veitt verði ókeypis vist á því elliheimili, sem sjóðurinn á að standa straum af, en það er fráleitt, að sjóðurinn hafi bolmagn til þess eins og hann er nú orðinn. Sjóður þessi var stofnaður 1927 og nemur nú 205 þús. kr. rúmum, svo að það sér hver maður, að hann nægir ekki til þess bæði að reisa elliheimili og reka það ókeypis fyrir vistmenn.

Það hefur þótt nokkuð orka tvímælis, hvort unnt væri að breyta skipulagsskrám sem þessari, og menn verða hikandi við að gera það með ráðstöfun jarðneskra yfirvalda, en til að styðja niðurstöðu okkar vil ég leyfa mér að lesa örlitla mgr. úr umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um þetta mál, sem undirrituð er af prófessor Gauki Jörundssyni, sem mun hafa manna bezta þekkingu á málum slíkum sem þessum. En hann segir: „Telja verður tvímælalaust stjórnskipulega heimilt að gera þessar breytingar á skipulagsskránni með lögum, þar sem um er að ræða breytingar, sem réttlætast af breyttum aðstæðum frá því, sem var við sjóðstofnun, og hafa auk þess ekki í för með sér veruleg frávik frá megintilgangi sjóðsins.“ Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

En ég vil skýra frá því, að við umr. um þetta mál í n. komu fram ábendingar um það, að nauðsynlegt sé að gera reka að því að gera allsherjarlagabreytingu, sem heimili að breyta vissum ákvæðum í skipulagsskrám gamalla sjóða, sem löngu eru þannig orðnir vegna breyttra aðstæðna, að ómögulegt er, að þeir nái tilgangi sínum nú. Þannig kann stórfé að liggja ónotað, sem fólk hefur ánafnað sveitarfélagi sínu eða landi í ýmsum tilgangi, og getur nauðsyn því borið til þess að gera sérstakar lagabreytingar til að breyta upphaflegum skipulagsskrám. Kemur mjög til álita að gera sérstök lög, sem heimili slíkar breytingar. Á það vildi ég leyfa mér fyrir hönd okkar nm. að benda, um leið og þetta frv. er til umræðu, og við erum öll sammála um að leggja til, að þær breytingar verði samþykktar, sem í frv. eru til greindar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 512).

Frsm. (Benóný Arnórsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur gefið út nál. á þskj. 512 um frv. til l. um breytingu á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929, fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll. Mál þetta er áður komið frá Nd. N. hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Í umsögn lagadeildar Háskóla Íslands, sem birt er á þskj. 425, kemur fram, að lagadeildin telur stjórnskipulega heimilt að gera þær breytingar á skipulagsskránni, sem frv. gerir ráð fyrir, með lögum, þar sem um sé að ræða breytingar, sem réttlætast af breyttum aðstæðum frá því, sem var við sjóðstofnun, og hafa auk þess ekki í för með sér veruleg frávik frá megintilgangi sjóðsins. Í umsögn lagadeildar er hins vegar bent á, að dómsmrn. fari innan vissra marka með vald til þess að gera breytingar á skipulagsskrám sjóða, þótt ef til vill sé ekki ljóst sem skyldi, hversu víðtækt það vald sé. Bent er á, að nauðsyn beri til þess, að afmarkað verði með löggjöf eða í framkvæmd valdsvið dómsmrn. í þessum efnum, þar sem naumast verði til þess ætlazt, að Alþ. fari í mjög ríkum mæli að gera breytingar á skipulagsskrám einstakra sjóða. Hér er vissulega bent á atriði, sem þarfnast íhugunar. Fjöldi sjóða, sem eru í vörzlu opinberra aðila, mun nær ótölulegur. Fjölmargir þeirra hafa misst af möguleikum til þess að fullnægja hlutverki sínu, og möguleikar annarra fara síminnkandi vegna stöðugrar verðbólgu. Í mörgum tilfellum eru í skipulagsskrám þeirra settar þröngar skorður við notkun þeirra — svo þröngar, að það útilokar, að nota megi sjóðina í þeim tilgangi, sem til var ætlazt í upphafi, þar sem aðstæður hafa oftlega breytzt verulega frá stofnun sjóðanna. Því virðist einsýnt, að rétt sé, að skipulagsskrár allra sjóða í vörzlu opinberra aðila verði teknar til endurskoðunar, sem miði að því að tryggja nýtingu þeirra í þágu þeirra málefna, sem þeim var í upphafi ætlað að verða að gagni.

Herra forseti. Eins og áður segir, mælir heilbr.- og félmn. eindregið með samþykkt frv., og því leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

---

78. Orkulög.

Á 24. fundi í Ed., 8. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967 [120. mál] (þmfrv., A. 151).

Á 26. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 151 hef ég leyft mér að leggja fram frv. til laga um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967. Breytingin er í því einu fólgin að bæta við í 2. lið 2. gr. svofelldri málsgr.:

„... hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neyzluvatnsleitar og, ef við á, gegn greiðslu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð."

Eins og segir í nokkuð ítarlegri grg., sem þessu frv. fylgir, er hér fyrst og fremst um staðfestingu að ræða á

því, sem þegar er orðið. En mér þykir þó þrátt fyrir grg. rétt að gera stuttlega grein fyrir þróun mála á þessu mikilvæga sviði, jarðfræðirannsókna og könnunar.

Það er að vísu rétt, að jarðfræðirannsóknir hófust hér á landi fyrir alllöngu, en veigamiklar urðu þær þó ekki, fyrr en þær voru teknar upp við Náttúrugripasafn Íslands, sem svo hét, og iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, sem einnig hefur breytt um nafn. Á þessum tveimur stöðum störfuðu og starfa enn ágætir vísindamenn, m. a. maður eins og Tómas heitinn Tryggvason hjá iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans og menn eins og Sigurður Þórarinsson og Guðmundur Kjartansson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Slíkir menn önnuðu nokkurn veginn eins og á þurfti að halda jarðfræðilegum rannsóknum. Þá var tiltölulega lítil skipting á milli undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna. Venjulega var komið með verkefni til þeirra, og þeir leystu þau af hendi eins og þeir gátu, þegar þeir höfðu tíma til.

Fljótlega fór hins vegar að verða vaxandi þörf fyrir rannsóknir, einkum á hinu hagnýta sviði, ekki síst í sambandi við auknar orkuframkvæmdir eða vatnsvirkjanaframkvæmdir hér á landi. Sömuleiðis í sambandi við nýtingu jarðhitans og raunar við mannvirkjagerð alla. Þess vegna var fyrir nokkrum árum litið á þetta mál og athugað, hvort ekki væri unnt að bæta það skipulag, sem þarna var, einkum á þann veg að reyna að sameina jarðfræðirannsóknir allar í einni stofnun. Þetta reyndist ekki unnt. Mætti það töluverðri andstöðu hjá vísindamönnum, ekki síst þeim, sem vinna fyrst og fremst á hinu almenna sviði jarðfræðirannsókna. Þróunin varð því sú, að við Orkustofnun, sem áður hét Raforkumálastofnun, efldist smám saman mjög mikil starfsemi á þessu sviði, sem var nauðsynleg, eins og ég sagði fyrr, vegna vatnsvirkjana. Hins vegar lagðist þessi starfsemi niður við iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, þegar lögin frá 1965 tóku gildi um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Sömuleiðis fluttust jarðfræðirannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem áður hét Náttúrugripasafn Íslands, yfir til háskólans, þegar háskólinn tók upp jarðfræðideild. Þannig hefur þróunin smám saman orðið sú, án þess að raunar væri nokkuð gert til þess af löggjafans hendi, að undirstöðurannsóknir, sem gjarnan eru svo kallaðar, hafa færzt yfir til jarðfræðideildar Háskóla Íslands, en hagnýtar athuganir hafa hins vegar smám saman aukizt, ekki aðeins á sviði vatnsvirkjana, heldur á öðrum sviðum framkvæmda, við Orkustofnun.

Ég tel fyrir mitt leyti þetta ekki óeðlilega þróun. Þó að ég væri sjálfur því fylgjandi, að þetta væri allt sameinað í eina stofnun, þá tel ég það, sem hér hefur gerzt, mjög viðunandi og get vel fallizt á, að að sumu leyti sé þetta hentugra.

Við það, að jarðfræðirannsóknir lögðust niður við iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, sem sinnti áður fyrst og fremst hinum hagnýtu verkefnum, hefur skapazt nokkurt tómarúm. Hinir ýmsu framkvæmdaaðilar, sem áður leituðu þangað, hafa orðið að leita til jarðfræðinga við þessar tvær stofnanir, sem nú eru starfandi á þessu sviði, og þá fyrst og fremst til Orkustofnunar, og hefur hún því þannig smám saman tekið upp viðamiklar rannsóknir á ýmsum jarðfræðilegum sviðum fyrir aðrar framkvæmdir en vatnsvirkjanir. M. a. tók Orkustofnun að sér fyrir Rannsóknaráð ríkisins fyrir tveimur árum að hafa eftirlit með málmleit á Suðausturlandi. Í framhaldi af því var gerð till. til iðnrn. um það, að við Orkustofnun yrði komið á deild, sem tæki að sér hagnýtar jarðfræðilegar kannanir á hinu almenna sviði. Á s. l. ári var því einnig beint til Orkustofnunar, bæði af aðilum á sviði rannsókna og einnig öðrum aðilum, að sú stofnun tæki að sér í ríkara mæli en hún hefur áður gert undirstöðurannsóknir fyrir neyzluvatnsleit. Það mál bar mjög á góma á ráðstefnu, sem haldin var á s. l. ári á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, og hefur síðan oft verið á það minnzt, ekki síst í sambandi við þær viðamiklu endurbætur, sem nú eru nauðsynlegar á fiskiðnaði landsmanna. Sérstaklega hefur jarðfræðingurinn Jón Jónsson fjallað allítarlega um þetta mál, m. a. í erindi, sem hann flutti á fyrrnefndri ráðstefnu. Einnig hefur Jón Jónsson árum saman annazt, við getum sagt næstum því í hjáverkum, jarðfræðilegar athuganir fyrir neyzluvatnsleit, en skipulögð starfsemi hefur ekki verið til á þessu sviði. Jón bendir á það af sinni reynslu og þekkingu, að til þess að unnt megi reynast að leiðbeina sveitarfélögum og öðrum, sem þarfnast betra vatns, séu nauðsynlegar viðamiklar undirstöðurannsóknir jarðfræðilegar, ekki síst á þeim tveimur svæðum landsins, sem þekkt eru sem blágrýtissvæði, þ. e. á Vestur- og Norðvesturlandi og Austfjörðum. Á þessum svæðum telur Jón Jónsson, að illfært sé að leiðbeina um boranir þannig, að sæmilegs árangurs megi vænta, án þess að ítarleg athugun fari fram á sprungukerfi.

Með þetta í huga gerði ég tilraun á síðasta þingi, þegar ég sat hér stuttan tíma, til þess að fá samþykkta þáltill. um neyzluvatnsrannsóknir og leit. Sú till. fékkst ekki afgreidd. Sömuleiðis gerði ég þá tilraun til þess að fá veitta 1 millj. kr. á framkvæmdaáætlun ríkissjóðs til neyzluvatnsleitar, en því var vísað á bug, m. a. með orðum þáv. hæstv. fjmrh., sem taldi vafasamt, að hið opinbera gæti tekið að sér slíka starfsemi. Ég vil nú reyndar efast um það. Mér sýnist hið opinbera framkvæma grundvallarrannsóknir á fjölmörgum sviðum, sem lagaákvæði eru raunar ekki til um, t. d. á því sviði, sem ég nefndi áðan, leit að málmum og nefna mætti fjölmarga aðra þjónustu, sem svipað er ástatt með. Engu að síður taldi ég nauðsynlegt, til þess að enginn vafi ríkti um þetta atriði, að leggja fram það frv., sem hér er til umr., og taka það sérstaklega fram, að neyzluvatnsleit eða jarðfræðilegar kannanir vegna neyzluvatnsleitar skyldu vera þar með taldar, enda hygg ég, að fá verkefni séu raunar meira aðkallandi en stóratak á þessu sviði. Ég þarf ekki að rekja það fyrir hv. þm., hvernig ástandið er víða um land. Hygg ég, að margir þekki það, því að mikið hefur verið um það rætt.

Nýlega sagði mér maður, sem við fiskvinnslu starfar úti á landi, að á hans svæði kæmi varla það úrfelli eða þíða, að vatnið yrði ekki eins og forarpollur og bæri með sér inn í fiskvinnslustöðvarnar ekki aðeins mosaflygsur, heldur jafnvel alls konar skorkvikindi og annað, sem ekki þykir gott í rækjunni okkar eða fiskinum, sem á að fara til útflutnings. Víða eru sveitarfélög með kostnaðarsamar hugmyndir um að bæta úr þessu, t. d. mjög langar leiðslur í vötn, sem liggja hátt uppi á fjöllum, en alls ekki gefa raunar viðunandi lausn. Það er eðlilegt, að sveitarfélög treysti sér ekki til þess að leggja

í mjög viðamiklar boranir án þess að fá betri leiðbeiningar en nú eru fáanlegar.

Ég ætla ekki að fara um þetta frv. fleiri orðum. Eins og ég sagði áðan, þá er grg. nokkuð ítarleg, og hygg ég, að hún skýri sig að mestu leyti sjálf. Ég vil því leyfa mér að ljúka máli mínu með því að leggja til, að frv. verði vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 458).

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til athugunar frv. til l. á þskj. 151 um breyt. á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að niður falli síðustu orðin, sem eru þannig: „. . . samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð". Almenn reglugerðarákvæði eru í orkulögum og þetta því óþarft.

N. leitaði umsagnar og bárust þrjár. Eru þær allar jákvæðar. Umsögn barst frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem segir, að stjórn sambandsins mæli einróma með samþykkt frv. Umsögn barst einnig frá borgarverkfræðingi í Reykjavík. Hann mælir eindregið með þeirri breytingu, sem lagt er til í frv., að gerð verði á orkulögum, og bendir jafnframt á þá skoðun sína, sem hann telur vera, að mjög sé til bóta, að Orkustofnun hafi leyfi til rannsókna, t. d. vegna neyzluvatnsleitar, án þess að fyrir liggi beiðni frá viðkomandi sveitarfélagi eða landeiganda. Einnig hefur borizt umsögn frá orkumálastjóra, sem mælir eindregið með frv. Hann segir, með leyfi forseta: „Ég get verið fáorður í umsögn minni um frv. Ég er algerlega samþykkur frumvarpinu og greinargerð þeirri, er því fylgir." Hann ræðir síðan nokkuð um þessi málefni almennt, og frá orkumálastjóra er komin sú ábending að gera þá breyt., sem ég sagði áðan, að n. hefði orðið sammála um.

Ég get verið fáorður um þetta frv. Ég hef áður rakið aðdraganda þess nokkuð í framsögu fyrir því hér í hv. d. Eins og ég sagði þá, er nánast um staðfestingu á því, sem orðið er, að ræða. Sú þróun hefur smám saman orðið, að svokallaðar grundvallarrannsóknir á sviði jarðvísinda hafa farið til Raunvísindastofnunar háskólans, til jarðfræðideildar stofnunarinnar, en hins vegar hagnýtar rannsóknir orðið sterkari við Orkustofnun, en þar er mesti fjöldi jarðfræðinga og tækjabúnaður beztur á þessu sviði. Hins vegar hefur nokkuð orðið vart við það hjá fjárveitingavaldinu, að því hefur ekki sýnzt ljóst, að Orkustofnun hefði heimild til þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, enda ekki greinilega fram tekið í núgildandi lögum um Orkustofnun. Því er þessi brtt. fram komin.

Ég vil að lokum aðeins taka það fram, þar sem ég hef orðið var við það lítillega í viðræðum við aðila utan Alþ., að með þessu er alls ekki til þess ætlazt, að svipta eigi aðrar stofnanir, sem verða eigin starfsemi vegna að hafa einhverja jarðfræðistarfsemi á sínum vegum, leyfi til slíks. Til þess er alls ekki ætlazt. Það er eðlilegt, að þær haldi því áfram, eins og verið hefur og eins og eigin þörf þeirra eða þjónustuverkefni krefjast. Hins vegar er með þessu stefnt að því, að opinberir aðilar, sem ekki hafa slíka þjónustu, eins og t. d. vegamálastjóri, vita- og hafnamálastjóri, borgarverkfræðingur í Reykjavík, sveitarfélög og aðrir, leiti fyrst og fremst til Orkustofnunar um slíka almenna þjónustu með rannsóknum á þessu sviði.

ATKVGR.
Brtt. 458 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 480).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 480, n. 536).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breytingu á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og hefur gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur athugað frv. og þær umsagnir, er fyrir lágu, þ. e. a. s. frá Rannsóknaráði ríkisins, Orkustofnun, Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og borgarverkfræðingi í Reykjavík. Nefndin mælir með samþykkt frv., eins og Ed. gekk frá því. — Fjarstaddur var Pétur Pétursson."

Ég vil aðeins benda á það í framhaldi af þessu, að hv. Ed. gerði svofellda brtt. á frv. við 1. gr. Orðin „samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð" falli niður. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekar grein fyrir þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 612).

79. Skipulagslög (frv. AJ).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 1964 [111. mál] (þmfrv., A. 134).

Á 23. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 134 frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 frá 1964, um, að við 31. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem getur leitt af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum."

Ég flutti 1967 frv., sem gekk í sömu átt og það, sem hér er til umr., en það náði þá ekki fram að ganga. Ég vil freista þess að flytja þetta mál á ný, því að ég er sannfærður um, að það verður að taka tillit til breyttra aðstæðna frá því, sem var fyrir nokkrum árum varðandi ásókn í jarðarefni alls konar. Til margþættrar mannvirkjagerðar voru til komnar miklu stórvirkari vinnuvélar en voru fyrir tiltölulega fáum árum, og eru þær mjög afkastamiklar. Það getur verið í fyllsta máta hagkvæmt og sjálfsagt að taka fyllingarefni í sem skemmstri fjarlægð frá þeim stöðum, sem á að nýta það á, en ég tel þó, að undir vissum kringumstæðum sé hægt að ganga of langt í þessu innan þéttbýlissvæðanna með tilliti til framkvæmda á skipulagi síðar meir til nýtingar á landinu undir byggð, götur eða opin svæði, eftir því sem talið verður hagkvæmt til framtíðarnýtingar landsins. Við sjáum fyrir okkur, eins og fram er tekið í grg. með frv., að landslagi hefur raunverulega verið gerbylt sums staðar. Ég er ekki hér með að halda því fram, að slíkt þurfi að leiða af sér vandkvæði síðar, en tel þó, að viss hætta geti í einstökum tilvikum af þessu stafað, og því er nauðsynlegt að setja við þessu einhverjar skorður. Mín skoðun er, að hér sé fyrst og fremst um undantekningar að ræða, og leggja þarf áherzlu á það, að sveitarstjórnir, sem vissulega eiga að gæta í þessu sem öðru hagsmuna heildarinnar, geti þó ekki upp á sitt eindæmi beitt banni gegn tilflutningi á jarðarefnum í stórum stíl, heldur þurfi samþykki skipulagsstjórnar að koma til, til að slíku banni verði komið á.

Á hitt vil ég þó leggja megináherzlu, að á málið sé litið með tilliti til umhverfisverndar og með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar er fengin. Leyfi ég mér að halda því fram, að þegar hafi orðið alvarlegt tjón í þessu efni. Við okkur blasir, einkum og sér í lagi í þéttbýlinu eða næsta nágrenni þess, ljót sjón, þar sem eru stórfelldar efnisnámur, sár eftir stórfelldan brottflutning jarðarefna. Umgengnin á þeim stöðum og viðskilnaðurinn við efnisnámurnar er í flestum tilvikum slíkur, að það er ekki vansalaust, að slíkt hafi viðgengizt, og því er fyllilega tímabært að setja ákvæði í lög til að tryggja bætur fyrir það eftirleiðis.

Þá vil ég einnig vekja athygli á þeirri hættu, sem samfara er stórfelldum tilflutningi jarðarefna, en þar á ég við uppblásturinn, sem af þessu getur stafað, ef ekkert er að gert. Hinar stórvirku vinnuvélar valda stórum sárum á móður náttúru, og okkur ber skylda til að græða þau og gera okkar til, að þau verði ekki með tímanum enn stærri, svo sem þau hljóta að verða, ef ekkert er að gert. Fyrst eftir að stórvirkar vinnuvélar voru teknar í notkun við vegagerð, var þess ekki gætt að græða upp þau sár, sem þær ollu. Á seinni árum hefur mikil breyting orðið hér á til batnaðar. Löggjafinn hefur viðurkennt nauðsyn þess með því m. a. að leggja fram fjármagn til uppgræðslu, þar sem um stórfelldar vegaframkvæmdir er að ræða, og ég vil halda því fram, að víðast hvar sé nú um fyrirmyndarstarf af hálfu vegagerðarinnar að ræða í því að græða upp þau sár, sem tilteknar framkvæmdir valda á landinu.

Varðandi umgengni hins almenna borgara í þessu efni verður hins vegar ekki það sama sagt. Það er fyrst og fremst um það hugsað að taka það byggingarefni, sem fyrirfinnst á hverjum stað, en ekkert hugað að umgengninni né viðskilnaðinum, þegar efnistöku er lokið. Ég vil vona, að hér sé fyrst og fremst um hugsunarleysi að ræða, en ekki illan ásetning. Við leggjum vissulega fram fjármagn og vinnu til þess að græða landið upp, og sérstaklega er ánægjulegt, hvað yngri kynslóðin sýnir þessu mikinn áhuga og leggur fram mikið sjálfboðastarf í þessu skyni. Ég er sannfærður um, að kostnaðurinn við úrbætur varðandi það, sem ég hér drep á, er hverfandi, en hins vegar skaðinn, sem af getur leitt, ef ekkert er að gert, ógnvekjandi.

Mikið er nú á síðustu tímum talað um nauðsyn aukinnar umhverfisverndar, og er það vel. Ég tel, að það heyri til umhverfisverndar að gera ráðstafanir til þess, að stórfelldur tilflutningur jarðarefna skilji ekki eftir sig slík sár eða ör á landinu, að til raunar sé hverjum þeim, sem það lítur. En þess eru því miður dæmi nú. Ég ítreka, að ég tel sjálfsagt að nýta það byggingarefni, sem finnst sem næst þeim stöðum, sem það á að nýtast við framkvæmdir, þó að í einstökum tilfellum geti verið nauðsyn á að hindra efnistökuna. Ég legg ríka áherzlu á, að dæmin sanna, að fyllsta þörf er á, að tryggð verði framvegis bætt umgengni og uppgræðsla þeirra sára, sem slíkt veldur. Til þess að ná fram þessu markmiði tel ég nauðsyn að setja inn umrædda lagagrein. Ef spurt er, hvort hér sé um skerðingu á umráðarétti að ræða, vil ég svara því til, að engum á að haldast uppi að valda landspjöllum án þess að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir uppblástur, né heldur á mönnum að

haldast uppi að skilja við efnisnámur eins og gert hefur verið í flestum tilvikum. Þessu til viðbótar vil ég geta þess, að í 31. gr. laganna nú eru vissulega settar takmarkanir á ráðstöfunarrétti á landsvæðum innan skipulagsskyldra staða. En greinin hljóðar nú þannig, með leyfi forseta:

„Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal."

Eins og sjá má af þessu, hefur löggjafinn talið nauðsyn á að setja vissar skorður við ráðstöfunarrétti á landi innan skipulagsskyldra staða. Með reynslu undangenginna ára í huga tel ég nauðsyn á því, að ákvæði, sem ég hér legg til, að lögfest verði, séu tekin í lög.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þetta mál nái fram að ganga á þessu hv. Alþ., og legg til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 513).

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur á þskj. 513 gefið út nál. um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum. N. hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Efni þessa frv. er, að aftan við 31. gr. skipulagslaga bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum."

Efnistaka til ýmissa mannvirkja, húsagerðar og annarra nota fer nú mjög í vöxt. Stórvirk tæki eru notuð og skilja gjarnan landið eftir í sárum. Ófagurt er víða um að litast, þar sem mikið efni hefur verið tekið, og enda þótt eigendur efnisins hafi gert ákveðnar kröfur í upphafi um viðskilnað, þá vilja efndir verða með ýmsum hætti. Það vill bera við, að þau fyrirtæki, sem hafa notað efni, hafi ekki alltaf bolmagn til þess að ganga sæmilega frá að efnistöku lokinni. Af slæmum viðskilnaði hlýzt uppblásturshætta, slysahætta og útlitshnekkir. Það er því fullkomlega eðlilegt, að sveitarstjórnir vilji hafa möguleika til þess að grípa í taumana, og það er það, sem hér er um að ræða. Ákvæði svipuð þessum er að finna í náttúruverndarlögum, 17. og 18. gr., en hvort tveggja er, að hér er um fyllri ákvæði að ræða og einnig finnst okkur fullkomlega eðlilegt, að þessi ákvæði sé einnig að finna í skipulagslögum. N. lítur því þannig á, að hér sé um gagnlega og þarfa viðbót við lög um skipulag að ræða, og leggur, eins og ég sagði, einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 68., 69. og 70. fundi í Nd., 3. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 134, n. 666).

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér er það gleðiefni að skýra frá því, að það var enginn semingur í heilbr.- og félmn. þessarar deildar við afgreiðslu þessa máls. Við erum öll einróma á þeirri skoðun, að það beri að samþykkja þetta frv., fyrst og fremst með það sjónarmið í huga, að við teljum, að með samþykkt þessa frv. sé stuðlað að því, að eigendur landssvæða sýni landi okkar þann sóma, sem það á skilið. Við teljum, að eigendur einstakra skika þessa lands séu skyldugir til að umgangast það af nærgætni og sýna fyllstu virðingu fyrir gæðum landsins, sérkennum þess og fegurð. Þetta eru þau sjónarmið, sem við fyrst og fremst höfum í huga, þegar við leggjum til einróma, að þetta mál verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 717).

80. Atvinnu- og þjónustufyrirtæki.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð [17. mál] (þmfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hérlendis hafa sveitarfélög haft með höndum atvinnurekstur á liðnum árum, sem jafnframt hefur einkum verið stundaður af einstaklingsframtaki og fyrirtækjum þess. Hér er um að ræða starfsemi, sem oft er talin fjárhagslega áhættusöm. Sú þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum og haft hefur í för með sér þátttöku sveitarfélaga í atvinnurekstri, á sjálfsagt m. a. rætur að rekja til þess hlutverks, sem þeim er ætlað samkvæmt sveitarstjórnarlögum, að leitast við að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi, eftir því sem unnt er á hverjum tíma. Þetta verkefni hafa sveitarfélögin leyst með ýmsum hætti, svo sem eins og með því að leggja fram fjármagn til stofnunar og starfrækslu fyrirtækja sem aðili að hlutafélagi með einstaklingum, eða þá með því, að sveitarfélögin sjálf hafa án hlutdeildar annarra staðið fyrir atvinnurekstri og rekið hann með eigin ótakmarkaðri ábyrgð. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Ég hygg, að ekki sé þörf á því hér að fjölyrða um mikilvægi þess, að sveitarstjórnum séu á hverjum tíma tryggð sem hentugust skilyrði til þess að efla og styrkja uppbyggingu atvinnulífs, þegar erfiðleikar og atvinnuleysi steðja að. Undir slíkum kringumstæðum hafa þær vissulega á stundum lagt út í áhættusaman atvinnurekstur á liðnum árum og sveitarsjóðir orðið fyrir skakkaföllum í því sambandi. Þess háttar áföll geta haft slík lamandi áhrif, að erfitt reynist að standa undir öðrum skyldum gagnvart þegnunum. Brýna nauðsyn ber því til að draga úr þessari áhættu, sem lagt er út í, þegar þannig stendur á, svo sem frekast er kostur. Með löggjöfinni um hlutafélög er einstaklingum, sem vilja stunda áhættusaman atvinnurekstur, skapaður grundvöllur til þess, að hægt sé að ná saman fjármagni til fjárfrekra framkvæmda, án þess að áhætta þátttakenda verði meiri en hlutafjárframlag þeirra. Öðru máli gegnir um sveitarfélögin; löggjöf vantar til að tryggja sveitarfélögum sömu aðstöðu og einstaklingum að þessu leyti.

Það frv. til laga, sem hér er nú til umr., stefnir að því að ráða hér bót á. Vissulega má færa rök fyrir því, að hlutafélagaformið geti a. m. k. að vissu leyti komið sveitarfélögum að gagni í þessu efni. Í því sambandi má benda á 31. gr. hlutafélagalaga, 2. málsgr. Þar er sveitarfélögum, sem aðilar eru að hlutafélagi, veitt undanþága varðandi takmörkun á því atkvæðamagni, sem einstakir hluthafar mega fara með á hluthafafundi. Þannig getur sveitarfélag tryggt sér meirihlutavald í hlutafélagi, sem það stofnar til. En eins og rakið er í grg. með þessu frv., eru á þessu fyrirkomulagi ýmsir annmarkar. Skal fyrst bent á það, að tilgangur hlutafélagaformsins er annar en sveitarfélagarekstrar. Annars vegar er rekstrarform hlutafélaga, sem einkum eru rekin í ágóða skyni og miða að söfnun fjármagns til framkvæmda og takmörkun áhættu þátttakenda við hlutafjárframlag þeirra. Hins vegar er markmið sveitarfélags, sem stofna vill atvinnufyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð til að auka og tryggja atvinnu í sveitarfélaginu með hag allra íbúa þess fyrir augum. Aðstæður, sem lög um hlutafélög eru miðuð við, eru þannig ólíkar þeim, sem eru hjá fyrirtækjum sveitarfélaga.

Þá eru ákvæði V. kafla hlutafélagalaganna, um stjórn og hluthafafundi, svo og ákvæðið um, að minnst 5 einstaklingar verða að vera með sem hluthafar á þann veg, að þarflaust og óheppilegt er að knýja sveitarfélög til að hlíta þeim. Það, sem er sameiginlegt áðurnefndum rekstrarformum, þ. e. hlutafélögum og sveitarstjórnarrekstri með takmarkaðri ábyrgð, er takmörkun ábyrgðar eigenda í báðum tilfellum, og skuldheimtumenn hafa þörf fyrir sams konar vernd einnig í báðum tilfellum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Nái þetta frv. fram að ganga, getur sveitarfélag dregið úr þeirri fjárhagsáhættu, sem það tekst á hendur við atvinnurekstur á eigin vegum og stofnað er til í atvinnuaukningar skyni. Gera verður þó ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð mundu í sumum tilfellum þarfnast frekari fjárhagsfyrirgreiðslu hjá viðkomandi sveitarfélagi en einungis stofnframlagsins. Í því efni kynni að þurfa að koma til ábyrgð sveitarsjóðs, t. d. í sambandi við lántökur vegna fjárfestingarframkvæmda eða jafnvel rekstrarins, ef brýn þörf væri á, en slíka aðstoð láta sveitarfélög sumum fyrirtækjum einstaklinga í té undir sérstökum kringumstæðum. Engu að síður mundi hið nýja rekstrarform, sem hér er lagt til, að tekið verði í lög, veita aukið aðhald fyrir stjórnendur viðkomandi rekstrar og stuðla að því, að slíkur atvinnurekstur stæði meira á eigin fótum en ella.

Í grg. með þessu frv. er vakin athygli á því, að ríkissjóður hafi farið þá leið, sem hér er bent á, og í því sambandi minnzt á lög um Síldarverksmiðjur ríkisins og Fiskiðjuver ríkisins. Þar kemur fram, að ástæða hefur þótt til að veita ríkissjóði heimild til rekstrar nefndra atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Ég leyfi mér að fullyrða, að þörf sveitarfélaga, sem fæst eru fjársterk, fyrir að fá nú slíka heimild er ekki síður brýn en þörf ríkissjóðs á sínum tíma fyrir heimild hans til rekstrar Síldarverksmiðja ríkisins og Fiskiðjuvers ríkisins, með takmarkaðri ábyrgð, svo að ekki sé meira sagt. Sú leið er vissulega hugsanleg, að sett verði sérstök lög um einstök atvinnufyrirtæki sveitarfélaga, sem eru talin fjárhagslega áhættusöm í rekstri, þar sem kveðið væri á um takmarkaða ábyrgð sveitarfélagsins. Enda þótt hér sé um að ræða örugga leið, sem gæti uppfyllt vel kröfur þær, sem gerðar eru í hverju tilfelli, er augljóst, að slíkt yrði ekki hagkvæmt. Það yrði of seinvirkt og of tímafrekt til þess, að þeim tilgangi yrði náð, svo að vel sé, sem að er stefnt með þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt með því að ræða ítarlega efni hinna einstöku gr. frv. Þær skýra sig sjálfar, en meginatriðin eru þau, að sveitarfélögum skal heimilt að stofna til atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, sem þau eiga ein og reka án

hlutdeildar annarra. Ábyrgðin skal takmörkuð við stofnfé það, sem lagt er fram til fyrirtækisins, og önnur framlög og ábyrgðir, sem sveitarstjórnin kann að ákveða. Það er gert ráð fyrir því, að nafn umræddra fyrirtækja beri með sér, að þau séu rekin með takmarkaðri ábyrgð, eins og er um hlutafélög í gildandi l. þar að lútandi. Í samþykktum um stofnun slíkra atvinnufyrirtækja, sem staðfestar yrðu af félmrh. samkvæmt frv., skal greina ýmis atriði, svo sem heiti fyrirtækis og heimilisfang, tilgang þess og upphæð stofnfjár, stjórn, framkvæmdastjóra, valdsvið þeirra og verksvið, svo að nokkuð sé nefnt. Þá er einnig gert ráð fyrir, að lágmarksstofnfé skuli vera aðeins 100 þús. kr. Ýmsum kann að finnast, að hér sé um lága upphæð að ræða, en haft er í huga, að fyrirhuguð löggjöf, ef hún nær fram að ganga, gæti einnig komið fámennum og fjárvana sveitarfélögum að gagni. Er áðurgreind upphæð sem lágmarksstofnfé við það miðuð. Þá skal lögreglustjóri halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem kynnu að verða stofnuð samkvæmt frv. Umrædd fyrirtæki skulu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkvæmt sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð. Refsiákvæði í frv. eru hin sömu og í hlutafélagalögum. Þá eru ákvæði um, að ráðherra geti með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd.

Herra forseti. Ég er kominn að lokum máls míns, en vil að síðustu víkja nokkrum orðum að sérstökum áhuga, sem fram hefur komið hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar varðandi það mál, sem hér er til umr. Hún hefur um skeið haft til athugunar möguleika til takmörkunar á ábyrgð bæjarsjóðs í sambandi við rekstur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, en það fyrirtæki var sett á stofn árið 1931, á kreppuárum, þegar við geigvænlegt atvinnuleysi var að etja. Í sambandi við þetta fyrirtæki skal tekið fram, að þótt á ýmsu hafi gengið í rekstri þess frá því, að það var stofnað, held ég, að þeir, sem til þekkja, séu nú sammála um, að starfsemi þess hafi haft ómetanlegt gildi fyrir allt atvinnulíf Hafnarfjarðar á liðnum árum. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 12. okt. s. l. var gerð ályktun um þetta mál, sem samþykkt var í einu hljóði og er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn samþykkir að beina því til Alþingis, að sett verði löggjöf, er heimili sveitarfélögum að stunda áhættusaman atvinnurekstur með takmarkaðri fjárhagsábyrgð."

Jafnframt er bæjarstjóra falið í samráði við bæjarráð að láta grg. fylgja málinu til Alþ. Í niðurlagi grg. bæjarstjóra Hafnarfjarðar, sem fylgir þessari ályktun bæjarstjórnar til Alþ., segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir sérstaklega í huga að mega takmarka ábyrgð bæjarsjóðs á rekstri Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Í sögu þess fyrirtækis hafa skipzt á skin og skúrir, og þótt menn geti deilt um gildi slíks reksturs fyrir bæjarfélagið, eru flestir sammála um mikilvægi þess á erfiðleikatímum í atvinnumálum bæjarins, eins og reynslan sannar. Alger samstaða er meðal bæjarfulltrúa um, að ályktun sú, sem hér um ræðir, nái fram að ganga, og væntir bæjarstjórn þess, að hið virðulega Alþingi, sem nú situr, sjái sér fært að samþykkja nú í vetur löggjöf þar að lútandi."

Þannig hljóðar niðurlag grg. bæjarstjórans í Hafnarfirði. Það frv. til laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, sem hér liggur fyrir til 1. umr., miðar að því að verða við slíkri beiðni, sem áðurgreind ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar felur í sér. Ég leyfi mér að láta þá ósk og von í ljósi, að hv. alþm. sjái sér fært að veita þessu frv. brautargengi, þannig að það geti orðið að lögum á því þingi, sem nú situr. Hér er ekki einungis um að ræða hagsmunamál þeirra sveitarfélaga, sem nú hafa með höndum áhættusaman atvinnurekstur á eigin vegum, sem rekinn er með ótakmarkaðri ábyrgð, heldur snertir þetta einnig þau sveitarfélög önnur, sem í framtíðinni kynnu að vilja stofna til svipaðrar starfsemi til styrktar og uppbyggingar blómlegu atvinnulífi á komandi árum.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Björn Sveinbjörnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum, er flutt til þess að gera sveitarfélögum kleift með sérstöku hagkvæmu félagsformi að starfrækja atvinnufyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð á svipaðan hátt og einstaklingar geta haft með höndum atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð með því að stofna hlutafélög um rekstur inn. Frv. er flutt í samræmi við ályktun, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 12. þ. m., eins og fram kom í ræðu hv. 5. landsk. þm., 1. flm. þessa frv., en hann las þessa ályktun upp. Hann hefur í ræðu sinni gert grein fyrir þeim ástæðum og rætt helztu sjónarmið og rök, sem mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Ég er í meginatriðum sammála skoðunum hans, en vil þó fara nokkrum orðum um frv. Verði það að lögum, sem ég vona, geta sveitarfélög með því að nota það félagsform, sem það gerir ráð fyrir, lagt í atvinnurekstur, þótt áhættusamur sé, án þess að hætta meira til en stofnframlagi sínu til félagsins, svo og eignum þess á hverjum tíma og þeim viðbótarframlögum, sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn kann að ákveða. Segja má, að þetta sé mögulegt samkv. núgildandi lögum með því að nota hlutafélagaformið, en þó er það ýmsum annmörkum háð, af því að í hlutafélagi þurfa stofnendur að vera 5 menn hið fæsta og ávallt þurfa a. m. k. 5 hluthafar að vera einstaklingar, þótt ýmsir ópersónulegir aðilar, þ. á m. sveitarfélög, geti átt mestan hluta hlutafjárins og ráðið félaginu í raun. Þetta er nú raunar auðveldara fyrir sveitarfélögin hér en áður var, eftir að breyting var gerð á hlutafélagalögunum árið 1957 á þá leið, að ríkið og sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og samvinnufélög, geti farið með atkvæðisrétt í fullu samræmi við hlutafjáreign sína, hversu há sem hún er, en áður gat enginn einn aðili farið með meira en 1/5 hluta samanlagðra atkv., þótt hann ætti meira hlutafé en því nam. Samt sem áður hefur hlutafélagaformið ýmsa annmarka fyrir opinbera aðila, enda er það fremur miðað við þarfir einstaklinga.

Það mun hafa staðið til árum saman að breyta hlutafélagalögunum þannig, að þau yrðu sniðin eftir

samsvarandi lögum þeirra landa, sem fært hafa löggjöf sína á þessu sviði til nútímahorfs, en þær breytingar hafa ekki enn náð fram að ganga. Víða erlendis hefur hlutafélagalöggjöf verið breytt í þá átt, að ópersónulegir aðilar geti verið stofnendur hlutafélaga og eigendur hlutafjár. Það er misjafnt, hversu margir hluthafar þurfa að vera hið fæsta. Í Danmörku eru þeir 3 og ekki bundið við einstaklinga, en sums staðar erlendis má einn aðili eiga öll hlutabréfin. Svo er t. d. í sumum fylkjum Bandaríkjanna. Þar sem því er þannig varið, getur einn maður eða einn aðili rekið fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð í hlutafélagsformi. Ef hlutafélagalögum hér yrði breytt í slíkt horf, kynni sú leið að henta sveitarfélögum, en ég óttast, að of langt verði að bíða slíkra breytinga, enda allt í óvissu um þær. Hins vegar tel ég og aðrir hv. flm. þessa frv. brýna nauðsyn, að þegar verði settar lagareglur, er heimili sveitarfélögum að hafa með höndum atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð, og því er þetta frv. flutt.

Ég mun ekki ræða hér einstök atriði þessa frv., en mér er ljóst, að á því kunna að vera einhverjir gallar, og ég er reiðubúinn að styðja hverja þá brtt., sem ég tel til bóta. Í ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem ég gat um í upphafi, er aðeins gert ráð fyrir því að reka áhættusaman atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð. Þetta frv. gengur allmiklu lengra, því að í því er gert ráð fyrir, að sveitarfélög geti stofnað hvers konar atvinnufyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð. Í nafni frv. er einnig talað um þjónustufyrirtæki. Orðið þjónusta ætti þar að falla niður til samræmis við orðalagið í 1. gr.

Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að heimild sveitarfélaga til stofnunar fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð eigi ekki að vera mjög rúm og fremur undantekning en regla og bundin því skilyrði, að um sé að ræða áhættusaman atvinnurekstur í atvinnuaukningar skyni. Sveitarstjórnir verða síðan að meta það, hvenær þörf er fyrir slík fyrirtæki. En það er ærið oft, að sveitarfélög þurfa að stofna til atvinnurekstrar í atvinnuaukningarskyni, þegar harðnar í ári, og þetta er eitt af hlutverkum sveitarfélaganna lögum samkvæmt. Upphaflega voru t. d. allar bæjarútgerðir stofnaðar í þessu skyni. Ég hef oft heyrt þá skoðun, að í raun skipti það ekki miklu máli fyrir sveitarfélög, hvort þau reki fyrirtæki með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð. Bankastofnanir munu eftir sem áður krefjast fullkominna veða og ábyrgða fyrir lánum sínum. Hér verður þó meginmunur á, og hann er sá, að sveitarfélagið ber ekki sjálfkrafa ábyrgð á öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Sveitarstjórn verður að taka um það sérstaka ákvörðun hverju sinni, ef illa gengur, hvort hún ætlar að halda viðkomandi fyrirtæki áfram með því að leggja því til meira fé eða ganga í aukna ábyrgð, en hún getur líka hætt rekstri þess, hvenær sem er, án þess að hætta meiri fjármunum en þegar hafa verið lagðir í fyrirtækið. Að því er varðar viðskiptamenn fyrirtækja þeirra, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þá eru hagsmunir þeirra ekki verr tryggðir en hagsmunir viðskiptamanna annarra fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Frv. gerir ráð fyrir því, að í nafni fyrirtækisins verði orð eða skammstöfun, sem gefi til kynna, að ábyrgð sé takmörkuð, og þetta tel ég veigamikið atriði. Síldarverksmiðjur ríkisins eru með takmarkaðri ábyrgð. Sama gildir um Fiskiðjuver ríkisins, en ekki bera nöfn þessara fyrirtækja það þó með sér, og hefði þó verið full ástæða til.

Frv. gerir ráð fyrir, að lögreglustjórar haldi skrá um þau fyrirtæki, sem stofnuð verða samkvæmt því, ef að lögum verður, á svipaðan hátt og skrár um samvinnufélög og hlutafélög, en nánari reglur um þetta verði settar með reglugerð. Ég tel nauðsynlegt, að í samþykktum þessara fyrirtækja verði skýrari reglur um verksvið og valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra og menn geti ávallt fengið glöggar upplýsingar um þetta í viðkomandi skrám, svo að þeir þurfi ekki að vera í neinum vafa um réttarstöðu sína sem viðsemjendur eða sem viðskiptamenn slíks fyrirtækis og geti á aðgengilegan hátt fengið upplýsingar um fyrirtækið og það, hvernig ábyrgð sveitarfélaga gagnvart því sé háttað. Það er vert að minnast aðeins á það, að frv. gerir ráð fyrir, að fyrirtækið verði undanþegið opinberum gjöldum eins og annar atvinnurekstur sveitarfélaga, og virðist þetta sjálfsagt og eðlilegt.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von mína, að frv. þetta fái góðar undirtektir hv. þm. og verði að lögum á þessu þingi. Það er skoðun okkar flm. þess, að það verði til mikils hagræðis fyrir sveitarfélög og bæti úr brýnni þörf. En fyrirtæki þau, sem hér um ræðir, mundu verða rekin með almenningsheill fyrir augum og til hagsbóta fyrir alla íbúa viðkomandi sveitarfélags.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég er ekki fyllilega sannfærður um ágæti þessa lagafrv. af þeirri grg., sem því fylgir. Mér er mætavel ljóst, að flm. koma hér fram af áhuga á því að bæta aðstöðu sveitarfélaga til þess að reka fyrirtæki, sem oft eru nauðsynleg til að tryggja atvinnu og þjónustu í byggðarlögum þeirra.

Það eru einkanlega tvö atriði, sem ég ætla bara að varpa fram til athugunar, án þess að ég hafi verulega ígrundað þau. Með því að sveitarfélögin fái ein heimild til að reka fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, þá fæli það í sér, að áhvílandi skuldir, ef fyrirtækið yrði gjaldþrota, skyllu vafalaust á lánasjóðum og ríki. Ég hygg, að það sé dálítið atriði að gera sér grein fyrir því, að með þessu er viðbúið, að stofnuð verði kannske óábyrg fyrirtæki, ef það má orða það svo, í trausti þess, að ef til vandræða kemur síðar meir, þá lendi skellurinn á lánastofnunum og ríki.

Spurningin er sú, hvort í nútímaþjóðfélagi sé ekki hægt að ætlast til þess, að ríki og bæjarfélög reki fyrirtæki, þar sem þau, ríki og bæjarfélög, beri fulla ábyrgð. Hver á að standa skil á þeim skuldum, sem kynnu að verða, ef ekki bæjarfélög og ríki? Og er þetta ekki í raun og veru framhald af því fjárhagslega ábyrgðarleysi eftirstríðsáranna í rekstri fyrirtækja, sem ríkt hefur í íslenzku þjóðfélagi og hefur kallað fram endurskoðun á hlutafélagalögunum, sem nú eru víst orðin hálfrar aldar gömul og hafa verið í endurskoðun, að mér skilst, í nokkur ár? Allir eru sammála um það, að þeim er í mörgu ábótavant, en menn geta ekki komið sér saman um, á hvern hátt eigi að bæta þau. En ég hygg, að rekstrarform fyrirtækja hér á Íslandi sé meira og minna í upplausn og glundroða og með þessu frv. yrði bætt við enn einni tegund af slíku rekstrarformi, sem gæti leitt til ýmiss konar ábyrgðarleysis, ef svo ber undir. Og ég

endurtek, að ég er nú svo barnalegur í viðhorfum mínum, að ég tel, að bær og ríki eigi ávallt að standa skil á skuldbindingum sínum, þegar þau standa í því að stofna fyrirtæki. Ég vil því spyrja að því, hvort ekki væri rétt að bíða með enn eina tegund af rekstrarformi, þar til endurskoðun hlutafélagalaganna væri búin. Í öðru lagi langar mig til að spyrja flm. um það, hvort slíkt rekstrarform, eins og hér er gert ráð fyrir, tíðkist nokkurs staðar á Norðurlöndum. Ég tel það mjög mikilvægt vegna þess, að löggjöf okkar um rekstrarform fyrirtækja er að mörgu leyti sótt þangað, og mér þætti æðiforvitnilegt að vita, hvort það væri þar finnanlegt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í þessu máli til þess að láta í ljós efasemdir mínar um ágæti þessa frv., og mér þykir vænt um það, að fram komu aths., áður en mér tókst að koma hingað upp í ræðustólinn, þó að ég hafi reyndar ekki átt von á því, að þær aths. mundu koma úr þessari átt. Síðasti ræðumaður benti réttilega á, að núverandi löggjöf um hlutafélög væri að ýmsu leyti úrelt og þyrfti endurskoðunar við, og þegar af þeirri ástæðu held ég, að það sé eðlilegt fyrir okkur að íhuga, hvort rétt sé að afgreiða nú frv. sem lög, byggð á þessari löggjöf í aðalatriðum, sem er að mati mjög margra meira og minna úr sér gengin.

Hlutafélagalöggjöfin byggir á því, að menn geta haft takmarkaða ábyrgð á þeim atvinnurekstri eða þeim áhættusama atvinnurekstri, sem þeir leggja í, og í grundvallaratriðum hljóta allir að vera á móti slíkri aðferð eða slíkri löggjöf, sem gerir ráð fyrir því, að menn geti lagt í atvinnurekstur, slegið lán og lagt út í vissa fjárfestingu án þess að bera fullkomna og ótakmarkaða ábyrgð á þessum atvinnurekstri. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sveitarfélög geti lagt út í áhættusaman atvinnurekstur með takmarkaða ábyrgð. Það er eflaust rétt til getið af flm., að þetta mál geti orðið til hagræðis og hagsbóta fyrir viðkomandi sveitarfélög, en ég hafði a. m. k. ekki hugsað mér að láta það verða eitt af mínum fyrstu verkum hér á hinu háa Alþ. að stuðla að auknum atvinnurekstri hins opinbera. Ég skal vissulega gera greinarmun á atvinnurekstri ríkisins annars vegar og atvinnurekstri sveitarfélaga hins vegar og tel á því mikinn stigsmun, þótt það sé kannske ekki eðlismunur, en ég hafði verið og er þeirrar skoðunar, að löggjafinn hverju sinni eigi fyrst og fremst að stuðla að því, að einstaklingarnir í þjóðfélaginu hafi aðstöðu og hafi tækifæri til þess að leggja út í atvinnurekstur, en við eigum ekki sem löggjafar að stuðla að því, að sveitarfélög eða ríkið eða hið opinbera, hverju nafni sem það nefnist, hafi vissan forgang og viss réttindi umfram einstaklingana í þjóðfélaginu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sveitarfélögin geti stofnað til slíks atvinnurekstrar eins og segir í grg., þar sem um er að ræða nauðsyn á atvinnuaukningu eða í þjónustu skyni. Hins vegar er það svo, að í frv. sjálfu er hvergi fjallað um, hvers eðlis þessi atvinnurekstur eigi að vera, og ég get ekki séð í fljótu bragði, að það séu nein takmörk fyrir því, að sveitarfélög geti stofnað og starfrækt atvinnu- og þjónustufyrirtæki á mjög víðum og breiðum vettvangi.

Sú hætta eða sá möguleiki er vissulega fyrir hendi, ef þetta frv. verður að lögum, að sveitarfélög færi mjög út kvíarnar, stofni til samkeppni við einstaklinga og þau atvinnufyrirtæki, sem fyrir eru, og þá á þann hátt, að þau eru undanþegin opinberum gjöldum og njóta annarra fríðinda umfram þann atvinnurekstur, sem er starfræktur við hlið þessara opinberu þjónustufyrirtækja. Þetta tel ég óeðlilegt og tel þurfa mjög mikillar athugunar við, áður en til samþykktar á slíku frv. kemur.

Ég tel það með öðrum orðum mjög varhugavert spor, sem Alþ. mundi stíga, ef það stuðlaði á þann hátt að því, að opinberir aðilar fengju viss forréttindi umfram hinn almenna, einstaka atvinnurekanda og aðra þá einstaklinga, sem hugsa sér að leggja út í atvinnurekstur. Nú er til athugunar verkefnaskipting eða verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, og ég á von á því, að sú verkaskipting eða sú athugun leiði til þess, að mjög sé skorið á milli þeirra verkefna, sem falla í hlut ríkis annars vegar og sveitarfélags hins vegar, og það sé ekki það samspil, það loðna og flókna samspil, sem er á milli ríkis og sveitarfélaga í ýmsum verkefnum og verkefnavali, þannig að sveitarfélögin fái meira í sínar hendur, sem hlýtur þá að vera eðlileg afleiðing af þeirri ákvörðun, að sveitarfélögin fái fleiri tækifæri og meira fjármagn til þess að beita sér í hinum ýmsu málum. Þar á ég fyrst og fremst við, að það fjalli um nauðsynlega þjónustu, sem einstaklingar leggja ekki út í, en óhjákvæmilegt og nauðsynlegt er, að sé á hverjum stað.

Þegar þessari verkefnaskiptingu eða þessari athugun er lokið milli ríkis og sveitarfélaga, teldi ég eðlilegt, að tekið væri upp til athugunar, að hvaða leyti sveitarfélög ættu að taka að sér ýmiss konar þjónustu og atvinnurekstur í viðkomandi sveitarfélögum, og þá væri betur hægt að átta sig á því, hvort slíkt frv. ætti rétt á sér.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vildi láta það koma fram hér við þessa 1. umr., að ég tel, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, ætti að íhuga það mjög vel, hvort nokkur ástæða sé til þess að fara að lögfesta eitt rekstrarform til viðbótar því, sem fyrir er. Ég held, að ef sveitarfélögin vilja — og telja sig þurfa að — stuðla að aukinni atvinnu, þá hafi þau opna leið til þess. Frsm. minntist á hlutafélagaformið, en ég tel, að það liggi alveg opið fyrir sveitarfélögum, sem vilja stuðla að aukinni atvinnu, að fara einmitt þá leiðina að vera meðeigandi í slíkum atvinnurekstri, láta einstaklingana taka þar höndum saman við sveitarfélagið. Ég er sannfærður um, að það er miklu betra form en það, sem hér er lagt til.

Eins og fram kom í ræðu frsm., er aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. að forða sveitarfélögum frá áföllum, sem þau kynnu að verða fyrir, ef þau leggja út í áhættusaman atvinnurekstur. Í sambandi við þetta hlýtur að rifjast upp fyrir manni það, sem skeði hér á nýsköpunarárunum, þegar mjög mörg sveitarfélög réðust í að gera út togara og mörg af þeim urðu fyrir allverulegum skakkaföllum, urðu úti með verulegt fé til þess að komast út úr málinu. Hvað hefði skeð, hefði þetta form þá verið, að sveitarfélög víðs vegar um landið hefðu getað stofnað til slíkra stóratvinnufyrirtækja aðeins með tilgreindu framlagi og tilgreindri ábyrgð? Hver hefði þá átt að borga þann halla, sem sveitarfélögin urðu að greiða, þegar þau voru að losa sig út úr bæjarútgerðunum aftur? Ég tel, að menn verði að hafa í huga, að allir aðilar, sem samskipti mundu hafa

við sams konar fyrirtæki og hér er lagt til, að stofnað yrði, líta það nokkuð öðrum augum, ef nafn sveitarfélags er tengt því. Þeir telja sig vera að lána eða veita fyrirgreiðslu slíku fyrirtæki og lána því, ef sveitarfélag á annað borð er sá aðilinn, sem á þetta að öllu leyti. Aftur á móti, ef um einstaklinga eða hlutafélög er að ræða, þá metur hver, sem lánar þessu fyrirtæki, það sjálfur, hvort hann telur fyrirtækið gott og hvort hann telur það þess virði að veita því fé og veita því fyrirgreiðslu. Það er einmitt þetta, sem ég óttast mjög, að yrði litið öðrum augum, ef sveitarfélagið er raunar „einkaaðili", þótt það sé með takmarkaða ábyrgð; það fer ekki fram hjá mönnum. Þeir teldu þá fyrirtækið gott, og því væri lánað, jafnvel þó að það væri kannske talið vafasamara, ef um einstaklingsfyrirtæki væri að ræða.

Ég satt að segja er ekki almennilega búinn að átta mig á því, en einhvern veginn finnst mér, að blærinn á frv. sé í heild sá, að það eigi að fara að stofna til fyrirtækja í nafni sveitarfélaga eða sveitarfélögin eigi að fá aðstöðu til þess að stofna fyrirtæki og ætli svo að geta sloppið undan þeim skyldum, sem hljóta að hvíla á þeim, sem stofna til áhættusams atvinnurekstrar. Ég tel, að þær sveitarstjórnir, sem slíkt spor stíga, eigi að gera sér ljóst fyrir fram, að þær verði að taka áhættuna af því, sem þar er um að ræða. Þær eiga ekki að hafa leyfi til þess að vera að tengja nafn sveitarfélagsins við fyrirtækið og segja svo: Stofnframlagið er milljón. Okkar ábyrgð er þetta og síðan varðar okkur ekki meira um fyrirtækið.

Ég tel, að það sé verið að leiða inn ábyrgðarleysi hjá sveitarstjórnarmönnum, ef þeim er gefin heimild til þess að gera slíka hluti og ef þeir leggja út í að framkvæma þá. Þar sem ég þekki til sveitarstjórna, er ég sannfærður um það, að það mundi ekki ein einasta sveitarstjórn á landinu, ef hún stofnaði fyrirtæki samkv. þessum l. og það færi eitthvað á annan veg en til hefði verið stofnað, láta aðra borga skakkaföllin af því. Ég þekki þá sveitarstjórnir illa, ef þær teldu sig ekki standa ábyrgar fyrir gerðum sínum og teldu sig vera bótaskyldar, jafnvel þó að það hefði eitthvað í upphafi verið bundið við einhverjar tilteknar greiðslur. Það er auðvitað hlutur, sem liggur beint við, að sé stofnað til áhættusams atvinnurekstrar og verði á honum halli, þá verður auðvitað að borga hallann, og það eiga ekki þeir að greiða, sem í góðri trú veita fyrirgreiðslur. Auðvitað eru það þeir, sem til atvinnurekstrarins stofna. Ef það er gert á þann hátt, sem hérna er lagt til, eiga þeir strax í upphafi að gera sér ljóst, að þeir eiga ekki að vera að stofna fyrirtæki, sem þeir ætla síðan að hlaupa frá og skilja eftir með skuldirnar, sem aðrir eiga að borga. Einnig þarf að gefa gaum að því atriði, sem hér kom fram hjá öðrum ræðumanni, 2. flm. frv., þ. e. að þessi fyrirtæki skuli undanþegin opinberum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkv. sömu reglum, sem gilda á hverjum tíma við sömu atvinnustarfsemi. Hvað felst í þessu? Eiga t. d. aðstöðugjöld til sveitarfélaganna að vera undanþegin slíku? Ef farið er inn á þá braut að opna leiðir til stofnunar félaga, sem eru undanþegin öllum gjöldum til ríkis og bæja, þá eru þetta orðin fyrirtæki, sem hafa alveg séraðstöðu. Það eiga þá aðrir aðilar að greiða skattana fyrir þessi fyrirtæki, og ég veit ekki, hversu heppilegt eða heilbrigt það er í þjóðfélaginu, að menn geti stofnað til fyrirtækja og haft þann forgangsrétt að þurfa ekkert að hugsa um opinber gjöld, þau séu undanþegin. Þetta er að mínum dómi allt of mikill forgangur til einstakra aðila.

En ég tel sem sé, að n., sem fær þetta frv. til meðferðar, eigi að athuga það mjög vel frá öllum hliðum, áður en hún mælir með, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Í tilefni af því, sem fram hefur komið í þeim umr., sem hér hafa farið fram út af því frv., sem hér er til 1. umr., vildi ég undirstrika fyrst það, sem ég reyndi að leggja áherzlu á í framsöguræðu minni, að samkv. sveitarstjórnarlögum er það eitt af hlutverkum sveitarstjórna að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi, þegar hætta er á slíku. Ég benti einnig á, að það hefðu sveitarfélög gert með ýmsum hætti. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar stofnaði Bæjarútgerð Hafnarfjarðar á kreppuárunum kringum 1930 með ótakmarkaðri fjárhagsábyrgð. Borgarstjórn Reykjavíkur setti á stofn Bæjarútgerð Reykjavíkur til þess að efla atvinnulíf þess byggðarlags. Eiga sveitarfélögin að hafa sömu skilyrði og einstaklingar til þess að stofnsetja og reka slík fyrirtæki til atvinnuaukningar? Einstaklingsframtakið hefur hlutafélagsformið til þess. Þeir, sem taka þátt í hlutafélögum til þess að efla atvinnulíf á þann hátt, bera einungis fjárhagsábyrgð í gegnum hlutafjárframlag sitt. Það, sem fyrir okkur vakir, sem að þessu frv. stöndum, er að reyna að koma hlutunum þannig fyrir, að áhætta sveitarfélagsins geti orðið söm við rekstur atvinnufyrirtækja.

Það hefur verið gert mikið úr því hér, að mikil hætta væri á ferðum fyrir lánardrottna í sambandi við stofnun fyrirtækja samkvæmt slíku rekstrarformi, þ. e. að lánardrottnar slíkra fyrirtækja væru settir í einhverja meiri hættu en ef um hlutafélag einstaklinga væri að ræða. Ég tel, að ástæðulaust sé að ætla, að svo yrði. Ég skal ekki fara út í að ræða um reynslu þá, sem Vestmanneyingar höfðu af bæjarútgerð sinni á sínum tíma eða önnur sveitarfélög, sem náðu misjöfnum árangri með slíkum rekstri á sínum tíma. En ég fullyrði, eins og ég reyndar gat um í ræðu minni hér áðan, að sú reynsla, sem við Hafnfirðingar höfum haft af bæjarútgerð okkar, hefur þrátt fyrir allt og þrátt fyrir ýmsa erfiðleika á stundum verið mjög til góðs fyrir allt atvinnulíf bæjarins allt frá stofnun fyrirtækisins.

Það er út af fyrir sig sjónarmið, sem ég virði og skil, að sumir menn hafa þá lífsskoðun, að það beri að reyna að takmarka allan atvinnurekstur á vegum sveitarfélaga svo sem frekast er kostur, eins og fram kom hér hjá hv. 9. landsk. þm. En ég verð að segja það, að mig furðar stórlega, að 3. landsk. þm., sem hefur viljað kalla sig jafnaðarmann, skuli tala á þann veg, sem hann hefur gert í þessum umr. (**Gripið fram í:** Er þetta rekstrarform til á Norðurlöndum?) Nákvæmlega þetta rekstrarform mun ekki vera til. (**Gripið fram í:** Eru nokkrir jafnaðarmenn á Norðurlöndum?) Ég veit ekki, hvaða samband þarf að vera á milli þess, að jafnaðarmenn séu til á Norðurlöndum, og þess, að þeir hafa ekki komið fram með þetta mál. Ég held, að við mættum bara vera hreyknir af því, Íslendingar, að koma með eða fá fram það, sem felst í þessari hugmynd, sem frv. grundvallast á, sem hér er til umr.

Það er samhljóða álit bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, að það sé algerlega óviðunandi fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að bíða eftir því, að endurskoðun fari fram á hlutafjárlögunum, eins og hv. 3. landsk. þm. talaði um í ræðu sinni. Hafnfirðingar leggja á það ríka áherzlu, að skilyrði skapist til að reka Bæjarútgerð Hafnarfjarðar með fyrirkomulagi í líkingu við það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar á von á þúsund tonna togara á næsta hausti, sem kostar 150 millj. kr. eða jafnvel enn meira. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vildi gjarnan koma rekstrarformi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar í það horf, svo fljótt sem við verður komið, að hægt verði að reka hana á svipaðan hátt og einstaklingsframtak getur rekið sín fyrirtæki á grundvelli hlutafélagalaga.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er ofur skiljanlegt, að það taki örlítinn tíma fyrir menn að gera sér grein fyrir frv. eins og því, sem hér er á dagskrá, og því, hver raunverulega er mergurinn málsins, þar sem hér er um að ræða algert nýmæli í rekstri atvinnu- og þjónustufyrirtækja. Ég held, að það, sem hér hefur verið sagt um aukinn opinberan rekstur sé misskilningur. Það, sem hér er fyrst og fremst verið að leggja til, er, að þar sem sveitarfélög ákveða að stofna til atvinnueða þjónustufyrirtækja, þá verði breytt út af því, sem nú er, og þeim heimilt að reka fyrirtæki sín með takmarkaðri ábyrgð í stað þess, sem verið hefur. Ég held, að ef þetta er skoðað ofan í kjölinn, komist menn að því, að hér er um að ræða hagkvæmnissjónarmið fyrir þau sveitarfélög, sem óska eftir því að stofna til slíkra fyrirtækja.

Hv. 3. landsk. þm. minntist á takmarkaða ábyrgð og það, hvernig mundi fara, ef slíkt fyrirtæki yrði gjaldþrota, og að með þessu frv. væri verið að stuðla að því, að einstakir aðilar, sem í dag gætu leitað réttar síns og fengið kröfur sínar greiddar hjá bæ eða ríki, ef um slíkt fyrirtæki væri að ræða, ættu ekki kost á því, þegar rekstrarformið væri komið í það horf, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá vil ég líka benda á, að oft og tíðum, þegar um er að ræða lánastofnanir og afstöðu þeirra til slíkra fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarfélögum, þá grunar mig, að stundum sé lánað til slíkra fyrirtækja meira en mundi gert, vegna þess að um er að ræða ótakmarkaða ábyrgð sveitarfélaga, en ekki athugað, hver grundvöllurinn er fyrir rekstri fyrirtækisins. Ég held, að væri stuðlað að því formi, sem hér um ræðir, mundi þessum hlutum komið fyrir mun betur og á þessi fyrirtæki litið eins og önnur fyrirtæki og ábyrgð þeirra bundin við það, sem gert er ráð fyrir í stofnsamningi fyrirtækis, eða til kæmi sérstök samþykkt viðkomandi sveitarfélags. Það er hins vegar sagt í 6. gr. þessa frv., að fyrirtæki, sem stofnsett yrði samkv. þessu frv., ef að lögum verður, skuli undanþegið gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkv. sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélaginu með ótakmarkaðri ábyrgð. Sjálfur hef ég þá skoðun, að slík félög ættu að vera eins sett í einkarekstri, og ég leit svo til, að með þessu ákvæði er aðeins tekið fram, að á meðan þær reglur gilda, að fyrirtæki sveitarfélaga eru undanþegin opinberum gjöldum, þá gildi það sama um þetta form. Ég væri hins vegar reiðubúinn til þess að breyta þessu ákvæði í þá átt, að það skulu allir sitja við sama borð, hvað snertir opinber gjöld, en ég held, að þegar menn skoða þetta ofan í kjölinn, geri þeir sér grein fyrir því, að hér er hagkvæmni sveitarfélaganna höfð fyrir augum, en á engan hátt verið að stuðla að auknum rekstri á vegum hins opinbera.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég held, að þessar umr. hafi orðið til góðs, þó að ekki væri til annars en upplýsa og draga fram, að skilningur flm. er mjög skiptur á þessu máli. Það kom fram hér í ræðu 1. flm. áðan, að það væri eðlilegt, að menn, sem hefðu þá lífsskoðun að vera á móti opinberum atvinnurekstri, væru á móti þessu frv., en hins vegar kæmi honum það á óvart, að jafnaðarmenn skyldu mæla því í gegn. M. ö. o. frv. virðist, a. m. k. að skilningi 1. flm., vera flutt til þess að útfæra nánar hina göfugu og ágætu jafnaðarstefnu, en alls ekki í þeim tilgangi — eins og síðasti ræðumaður tók fram, að hann héldi, að væri tilgangur frv. — þ. e. eingöngu að veita sveitarfélögunum heimild til þess að stunda þá þjónustu og þann atvinnurekstur, sem nauðsynlegur væri, þar sem einstaklingar létu ekki til sín taka. Á þessu er náttúrlega grundvallarmunur, þessum skilningi þessara tveggja aðila. Og ég skal ekki segja, hvor skilningurinn verður ofan á.

Rétt er að benda á, að í frv. kemur hvergi fram, að atvinnurekstur sveitarfélaga sé takmarkaður á einn eða annan hátt. Frv. gerir vissulega ráð fyrir því, eins og 1. flm. tekur fram, að atvinnureksturinn geti fært sig út á flest, ef ekki öll svið, þar sem rekstur og þjónusta á sér stað. Og þá er gert ráð fyrir því, að þegar sveitarfélög fara af stað með þennan atvinnurekstur og þessa þjónustu, séu þau undanskilin opinberum gjöldum. Þá njóta þau ýmissa fríðinda og hlunninda af hálfu hins opinbera, þannig að það verður mikill aðstöðumunur á atvinnurekstri hins opinbera, þ. e. sveitarfélagsins í þessu tilfelli, og svo einstaklinganna, sem jafnhliða stunda sama atvinnurekstur. Þetta tel ég náttúrlega fyrir neðan allar hellur, og ég skammast mín ekkert fyrir að taka það fram, að það er algerlega í andstöðu við lífsskoðun mína. Ég held, að sú lífsskoðun hafi nokkuð til síns máls, þegar þannig er verið að gera upp á milli einstaklinga og á milli aðila í þjóðfélaginu, þegar um atvinnurekstur er að ræða. Það er a. m. k. ekki í samræmi við jafnrétti og jafnaðarstefnu 1. flm.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um rekstur bæjarútgerða, hvorki í Hafnarfirði né annars staðar, en ég skal taka fram, að ég held, að stofnun þeirra fyrirtækja hafi verið mjög eðlileg á sínum tíma til þess að stuðla að aukinni atvinnu í viðkomandi sveitarfélögum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að ýmsar þessara bæjarútgerða hafi runnið sitt skeið til enda og það sé löngu orðið tímabært — ég skal ekki segja um Hafnfirðinga, en a. m. k. fyrir okkur Reykvíkinga — að endurskoða rekstur bæjarútgerðar okkar með það fyrir augum að breyta formi þess rekstrar. Ég vil undirstrika að gefnu tilefni, af því að þessar umr. hafa farið fram, að ég er þeirrar skoðunar, að opinber atvinnurekstur, opinber þjónusta sé nauðsynleg, þar sem aðrir geta ekki komið til skjalanna, en þörf er á atvinnurekstri eða þjónustu fyrir sveitarfélagið — fyrir borgarana á hverjum stað. En ég tel algerlega óeðlilegt, að verið sé beinlínis að stuðla að því með frv. og með löggjöf, að slíkur að-

stöðumunur skapist eins og ég hef hér fjallað um. Síðasti ræðumaður tók fram, að hann liti svo á, að það ætti alls staðar að gilda sama aðstaða, hver sem í hlut ætti, og ég vildi láta það verða mitt síðasta orð, að annað kemur bara ekki til greina.

Björn Sveinbjörnsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. Mig langar til þess að undirstrika það, sem ég raunar sagði í fyrri ræðu minni, að mín skoðun er sú, að félög þau, sem þetta félagaform gerir ráð fyrir, verði frekar undantekning en regla og þetta verði gert, þegar sveitarfélagi er það brýn nauðsyn að koma á einhverjum slíkum atvinnurekstri í atvinnuaukningar skyni, en alls ekki til þess að keppa við aðra aðila, þegar þess er ekki sérstaklega þörf.

En að því er varðar þá spurningu hv. 3. landsk. þm., hvort svona rekstrarform tíðkist á Norðurlöndum, þá er ég satt að segja ekki svo fróður, að ég viti það, en hins vegar er hlutafélagalöggjöf t. d. í Danmörku þannig úr garði gerð, að þetta ætti að vera óþarfi, og ef við byggjum við slíka löggjöf sem þar er, þá væri aldeilis óþarfi að koma með svona frv. Ef breyting á hlutafélagalögunum yrði gerð og þau færð eitthvað í það horf, sem þar er, þá kynni þetta félagsform að falla þar inn í á sínum tíma. En það, sem við flm. þessa frv. óttumst, er, að það verði of langt að bíða eftir heildarendurskoðun þeirra laga, og við teljum þetta mál meira aðkallandi en svo, að við getum beðið eftir heildarendurskoðun hlutafélagalaganna.

Út af því, sem hv. 3. þm. Sunnl. var að tala um, að það væri hætt við því, að fólk léti blekkjast í viðskiptum sínum við svona félög, af því að það héldi, að þarna væri það að skipta við sveitarfélög, sem bæru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum sínum, þá er einmitt lögð sérstök áherzla á það í frv., og ég minntist sérstaklega á það áðan, að þessi fyrirtæki verði einkennd þannig, að ekki sé minnsti vafi á því, við hvern sé verið að semja. Ég held, að það ætti ekki að vera meiri hætta fyrir bankastofnanir eða lánastofnanir að skipta við svona félög en hvert annað hlutafélag með ótakmarkaðri ábyrgð.

Ég vil að endingu taka undir það, að ég vonast til þess, að þn. sú, sem um þetta fjallar, athugi frv. gaumgæfilega, og ég er reiðubúinn til þess að styðja hverja þá brtt., sem stendur til bóta. Aðalatriðið að mínu áliti er það, að samþ. verði í einhverju formi lög, sem geri sveitarfélögum heimilt að reka áhættusaman atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð í atvinnuaukningar skyni, þegar sveitarstjórn telur þess sérstaka þörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 17, n. 422).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta mál og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Það er alkunna, að einstaklingar, sem reka atvinnufyrirtæki, geta ekki takmarkað fjárhagsábyrgð sína í sambandi við atvinnureksturinn. Í einstaklingsfyrirtækjum er ábyrgð eiganda fyrirtækisins ávallt ótakmörkuð. Hins vegar hefur íslenzkur félagaréttur eins og félagaréttur allra annarra landa viðurkennt takmarkaða ábyrgð í félögum. Til eru félög, þar sem ábyrgð er ótakmörkuð, félög með ótakmarkaða ábyrgð, en til eru einnig ýmis form fyrir takmörkun ábyrgðar í félagarekstri. Þar er algengast bæði hér og annars staðar hlutafélagsformið, þar sem fjárhagsábyrgð hluthafanna, sem eiga og reka fyrirtækið, er bundin við hlutafjárframlag þeirra.

Spurningin um takmarkaða ábyrgð í rekstri opinberra aðila hefur oftsinnis verið rædd. Að því er ríkisfyrirtæki snertir, var það löngum þannig, að ábyrgð ríkisins á rekstri eigin fyrirtækja var talin ótakmörkuð. Þó hefur ríkisvaldið talið sig sjá nauðsyn þess, að takmarka megi ábyrgð í opinberum rekstri ríkisins og um það hafa þá verið sett sérstök lög hverju sinni.

Fyrstu lög um þetta efni munu hafa verið lög um Síldarverksmiðjur ríkisins frá 1938, en í þeim lögum segir, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum, sem verksmiðjurnar stofna til eftir árslok 1937, nema heimild sé til þess veitt af Alþ. Þarna var m. ö. o. stofnað til ríkisrekstrar, þar sem heimiluð var takmörkuð ábyrgð ríkisins á skuldbindingum þess fyrirtækis, sem ríkið rak. Annað dæmi um þetta má nefna stofnun Fiskiðjuvers ríkisins 1949, en í þeim lögum er einnig tekið fram, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess sérstaklega af Alþingi. Þó var í hvorugum lögunum gerð sú krafa, að það skyldi koma fram í heiti fyrirtækisins, að ábyrgð ríkisins á skuldbindingum þess sé takmörkuð við það fé, sem lagt hefur verið fram til fyrirtækisins.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að sveitarfélög á Íslandi reka margs konar atvinnufyrirtæki, og er það reyndar algengara hér en mun vera í nokkrum öðrum nálægum löndum, að sveitarfélög reki atvinnufyrirtæki. Ber þetta vott um það, að að ýmsu leyti sé íslenzka þjóðfélagið félagslega séð lengra á veg komið en mörg önnur nálæg þjóðfélög, því að sveitarfélög geta að sjálfsögðu gegnt mjög mikilvægu hlutverki og eðlilegu hlutverki varðandi rekstur atvinnufyrirtækja. Hingað til hefur verið litið þannig á atvinnufyrirtæki sveitarfélaga, að bak við þau hljóti að standa ótakmörkuð ábyrgð þess sveitarfélags, sem stofnsett hefur fyrirtækið og rekur það. Hingað til hafa sveitarfélög ekki átt annars kost, ef þau hafa viljað takmarka ábyrgð sína við rekstur einhvers félags, en velja því hlutafélagaformið; það stendur að sjálfsögðu áfram opið. En segja má, að löggjafinn hafi að vissu leyti auðveldað sveitarfélögum að takmarka ábyrgð sína í hlutafélagaformi með því að undanþiggja sveitarfélög, sem eru hluthafar í hlutafélagi, þeirri reglu, sem almennt annars takmarkar atkvæðisrétt hluthafa við 1/5 af heildarhlutafé. Þau ákvæði gilda ekki um sveitarfélög, ef þau eru aðili að hlutafélagi.

Hins vegar er það að ýmsu leyti mjög óeðlilegt að knýja sveitarfélög til að stofna hlutafélög, ef þau vilja takmarka ábyrgð sína. Hlutafélagaformið er hugsað sem form fyrir marga einstaklinga, sem stofna vilja til mikils atvinnurekstrar, sem krefst mikils fjár, og vilja

þess vegna takmarka ábyrgð sína. Hlutafélagaformið er ekki hugsað fyrir sveitarfélög, eitt eða fleiri, í því skyni, að þau geti takmarkað ábyrgð sína, og kemur þetta fram í ýmsum atriðum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér nánar, enda virðist mér það liggja í augum uppi, að hlutafélögin eru hugsuð fyrir einstaklinga til að gera þeim kleift að takmarka ábyrgð sína, en ekki fyrir opinbera aðila.

Ef þess vegna vilji er fyrir hendi, ef menn þess vegna telja eðlilegt, að sveitarfélögin geti takmarkað ábyrgð sína við rekstur fyrirtækis, sem þau koma á fót, þá er nauðsynlegt, að um það séu sett sérstök lög, það sé heimilað í sérstökum lögum. Það er tilgangur þess frv., sem hefur verið flutt í hv. d. Efni þess er m. ö. o. það, að sveitarfélög megi takmarka ábyrgð þeirra atvinnufyrirtækja, sem þau stofna og reka sem einkaeigendur án hlutdeildar annarra. Skal þá ábyrgðin takmörkuð við það stofnfé, sem lagt er til fyrirtækisins, auk annarra framlaga og ábyrgða, sem sveitarstjórnin kann að ákveða. M. ö. o.; sams konar reglur um takmörkun ábyrgðar skulu gilda í þessum félögum eins og í hlutafélögum og félögum með takmarkaða ábyrgð, sem víða um lönd eru til, en að vísu ekki í íslenzkum félagarétti. Jafnframt eru sveitarfélögunum lagðar nokkrar skyldur á herðar í þessu sambandi, m. a. það að taka það fram í heiti félagsins, að um takmarkaða ábyrgð sé að ræða. M. ö. o., í heitinu skal vera skammstöfunin „STÁ“, þ. e. „Sveitarfélagarekstur með takmarkaðri ábyrgð“, þannig að allir viðsemjendur fyrirtækisins viti, að um takmarkaða ábyrgð af hendi sveitarfélagsins er að ræða.

Mál þetta var rætt allítarlega í hv. heilbr.- og félmn., og voru allir nm. sammála um það, að hér væri um mjög nýtilegt og gagnlegt nýmæli að ræða. Það væri sjálfsagt að auðvelda sveitarfélögum þann atvinnurekstur, sem þau hafa með höndum eða vilja stofna til, vegna þess að sveitarfélögin stofna auðvitað ekki til atvinnurekstrar, nema því aðeins, að þau telji félagslega nauðsyn á atvinnuaukningu eða þau gera það í ákveðnu þjónustu skyni við íbúa sveitarfélagsins. Og þá er sjálfsagt að auðvelda sveitarfélögunum að stofna til slíks rekstrar, og það mundi vera gert, ef þetta frv. næði fram að ganga.

Með hliðsjón af því, að n. hefur verið sammála um afgreiðslu málsins, leyfi ég mér að vænta þess, að málið geti fengið greiðan gang gegnum þessa hv. d., komist til Ed. og verði að lögum á þessu þingi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram og því fylgt úr hlaði hér fyrr í vetur, þá leyfði ég mér að gera ýmsar aths. við þetta frv. og lýsa yfir andstöðu minni við það, eins og það var úr garði gert. Ýmsar fleiri ábendingar og aths. komu úr öðrum áttum, og ég mun ekki fara að lengja fundinn með því að endurtaka þær aths., sem fram komu, að sinni, en ég hafði gert ráð fyrir því, að með tilliti til þeirra aths., sem fram komu í 1. umr., mundi n. átta sig á þeim og reyna að gera sér grein fyrir því, hvort ekki væri rétt að breyta ýmsu til samræmis við þær ábendingar.

Ég sé mér til vonbrigða, að málið er lagt aftur hér fyrir d. alveg óbreytt, og mér leikur forvitni á að vita, hvort n. hafi leitað álits einhverra aðila utan þings um þetta frv., hvort Samband ísl. sveitarfélaga, Vinnuveitendasamband Íslands eða aðrir hagsmunaaðilar hafi fengið þetta mál til athugunar, því að ég trúi því ekki, að þannig sé frá þessu frv. gengið, að ekki megi um bæta, og ég trúi því ekki heldur, að nm. hafi ekki getað tekið tillit til þeirra aths., sem fram komu hér í 1. umr. Sérstaklega hef ég þá í huga, að flm., a. m. k. tveir þeirra, tjáðu sig reiðubúna til að hlusta á ýmis rök, sem fram gætu komið, fyrir breytingum, en aðaltilgangur þeirra væri sá, að þetta mál sem slíkt kæmist í gegn.

Hér er endurtekið af hv. frsm. n., að tilgangurinn sé sá að gera sveitarfélögunum kleift að setja á stofn atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð, og hann orðaði það einhvern veginn á þann hátt, að sveitarfélög mundu ekki ráðast í atvinnurekstur, nema þar sem um væri að ræða nauðsynlega félagslega þjónustu eða þar sem brýn þörf væri að fylla í skarðið. Það má vel vera, að þetta eitt vaki fyrir flm., en ég hef vakið athygli á því áður, að það er ekkert í þessu frv., sem kemur í veg fyrir það, að sveitarfélög geti ráðizt í hvers konar atvinnurekstur sem vera skal. Þar er enginn varnagli sleginn og ekkert því til fyrirstöðu, að sveitarfélög geti ráðizt í hvers konar atvinnurekstur algerlega án tillits til þess, hvort um nauðsynlega félagslega þjónustu er að ræða. Ég tel það varhugavert í sjálfu sér að opna slíka möguleika fyrir opinbera aðila að fara í auknum mæli að hafa afskipti af almennum atvinnurekstri og ekki sízt með tilliti til ýmissa ákvæða í þessu frv., og þá á ég sérstaklega við ákvæðið í 6. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkvæmt sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð.“

Þarna er verið að binda í lögum, ef þetta frv. verður samþ., að sveitarfélög geti ráðizt í, eins og ég segi, hvers konar atvinnurekstur við hliðina á almennum frjálsum atvinnurekstri, og fyrirtæki sveitarfélaga eru á sama tíma undanþegin öllum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga á sama tíma og sambærilegur rekstur við hlið þeirra verður að greiða þessi gjöld. Þetta er náttúrlega engan veginn sanngjarnt og fyrir neðan allar hellur, að menn, sem eru hlynntir frjálsum atvinnurekstri, skuli styðja slík frv.

Ég hefði haldið með tilliti til þeirra umr., sem hér fóru fram fyrr í vetur, að menn mundu taka þessa grein til athugunar og leiðréttingar, a. m. k. þessa grein, svo að ekki sé um hreina mismunun að ræða milli opinberra aðila annars vegar og einkaaðila hins vegar. Og meðan frv. er ekki bætt að þessu leyti, þá legg ég til, að frv. verði fellt, en áskil mér að öðru leyti rétt til að leggja hér fram brtt.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Ég vil aðeins greina frá því, hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það var vegna þess, að ég vildi kanna þetta mál örlítið betur, og ég vil láta þess getið hér, að ég mun flytja brtt. þess efnis, að 6. gr. verði felld niður.

Ég er fylgjandi þeirri meginstefnu frv., að sveitarfélögum verði heimilað að stofna til atvinnurekstrar með takmarkaðri ábyrgð. Við vitum það, að sveitarfélög geta nú stofnað til atvinnurekstrar, og ég sé ekki, að þetta frv. í sjálfu sér breyti neinu um það, en með þessu

frv. verður þeim gert kleift að stofna til atvinnurekstrar með takmarkaðri ábyrgð án þess að þurfa að vera að beita einhverjum brögðum, sem við vitum ósköp vel, að oft hefur verið gert. Sveitarfélög hafa tekið þátt í rekstri hlutafélaga, en þau hafa ekki getað verið stofnendur þeirra, en eftir stofnfund hafa þau getað eignazt meiri hluta í hlutafélaginu og farið með öll völd í því. Ég er sem sé fylgjandi frv., en mun leggja fram brtt. þess efnis, að 6. gr. verði felld niður.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. spurðist fyrir um það, undir hvaða aðila þetta frv. hefði verið borið utan þings. Það var leitað umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga um málið, og hún var jákvæð.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég er andvígur þessu frv. af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég álít, að sveitarfélög eigi að einskorða sig sem mest við að standa fyrir samfélagslegri þjónustu. Að vísu má taka það fram, að oft og tíðum kann að bera nauðsyn til þess, að sveitarfélögin ráðist út í ýmiss konar atvinnurekstur, og á það þó sérstaklega við, þegar atvinnuleysi herjar á. Þetta er fyrri ástæðan fyrir því, að ég er andstæður þessu frv.

Hin síðari er sú, að ég fæ ekki með neinu móti séð, að hvaða gagni þetta mætti verða. Í fyrsta lagi hefur komið fram, sem rétt er, að sveitarfélög hafa átt þess kost að reka félög með takmarkaðri ábyrgð. Í öðru lagi er mér alveg ókunnugt um það, að þannig standi á í þjóðfélagi okkar, að nokkur aðili mundi t. d. greiða fyrir slíku fyrirtæki, án þess að krafizt yrði alveg frá upphafi — næstum því hvernig sem fyrirtækið stæði — ótakmarkaðrar ábyrgðar sveitarfélagsins. Það yrði þá í hæsta lagi, að þessi takmarkaða ábyrgð gæti komið til góða, ef einhverjir sakleysingjar yrðu til þess að eiga viðskipti við félagið og félagsskapinn án þess að gá að hagsmunum sínum nægjanlega vel.

Það er örugglega alfarið venja hjá öllum bönkum og lánastofnunum í tilfellum sem þessum að krefjast aukaábyrgðar sveitarfélags, þegar þannig stendur á eins og standa mundi á í þessu tilfelli.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri afgreiðslu, sem þetta frv. hefur fengið í þeirri n., sem hefur haft það til meðferðar. Það er vitað, að það hefur verið áhugamál margra sveitarstjórnarmanna víða um land, að í lög yrði tekið rekstrarform, sem tryggði það, að sveitarfélög gætu rekið áhættusaman atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð á sama hátt og einstaklingsframtakið getur stofnað til áhættusams atvinnurekstrar og lagt í áhættu einungis eigið fé, sem lagt er fram til stofnunar hlutafélags.

Síðasti ræðumaður talaði um það, að slíkt form sem þetta væri út af fyrir sig alls ekki fullnægjandi fyrir slíkan rekstur, sem mundi verða rekinn undir þessu rekstrarformi, þar sem til yrðu að koma frekari ábyrgðir, sem viðkomandi sveitarfélag yrði að leggja til. Það má vel vera, að slíks væri þörf undir vissum kringumstæðum, en við sveitarstjórnarmenn þekkjum það mjög vel, að það gildir oft og tíðum það sama í þessu efni, að því er snertir einstaklingsframtakið. Það kemur oft og tíðum til sveitarfélaga og biður um fyrirgreiðslu, bæjarábyrgð og annað þess háttar til að geta lagt út í þær fjárfestingar, sem viðkomandi hlutafélög hafa áhuga á. Hefur einstaklingsframtakið, hlutafélög, fengið slíka fyrirgreiðslu sveitarfélaga undir þessum kringumstæðum. Þess vegna er það ekki á nokkurn hátt nein goðgá að láta sér detta það í hug, að slíkt rekstrarform sveitarfélaga til rekstrar fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð fengi slíkar bæjarábyrgðir undir þeim kringumstæðum.

Ég vil taka það fram, að í bæjarstjórn Hafnarfjarðar er alger einhugur um það að vilja fá slíka löggjöf sem hér er lagt til, að verði á komið, og sá áhugi skapast einkum og sér í lagi af því, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar rekur fyrirtæki, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, og bæjarstjórnin vill gjarnan geta komið þeim rekstri í slíkt rekstrarform, sem hér er um að ræða, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég leyfi mér að fullyrða með tilvísun til umr., sem farið hafa fram á ýmsum vettvangi sveitarstjórnarmanna á liðnum árum, að það er áhugi á því hjá þeim, að í lög verði tekin sú hugsun, sem felst í þessu frv., sem hér er til umr.

Varðandi 6. gr. frv., þar sem segir: „Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkvæmt sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð", þá vildi ég aðeins vekja athygli á því, að ýmis sú starfsemi, sem rekin er með ótakmarkaðri ábyrgð á vegum sveitarfélaga, en má kallast áhættusamur atvinnurekstur, eins og t. d. bæjarútgerðir, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiða ekki gjöld til sveitarsjóðs og ríkis, og þetta ákvæði í frv. er tekið hér inn með hliðsjón af því.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. sjái sér fært að veita þessu frv. brautargengi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég lét það koma fram hér við 1. umr. um þetta mál, að ég væri síður en svo hlynntur þeirri hugmynd, sem fram kemur í frv., og gerði þá nokkra grein fyrir, af hverju það stafaði. Ég þarf því ekki að hafa um þetta langt mál nú. En ég verð að segja það, að ég vil ekki gefa sveitarstjórnarmönnum kost á því að fara að stofna til einhverra braskfyrirtækja án þess þá að bera bara á því fulla ábyrgð. Ef um þjónustufyrirtæki er að ræða, sem eðlilegt er, að sveitarfélög hafi með að gera, þá er það eðlilegt, að sveitarfélagið standi fyrir því og beri á því alla ábyrgð. Venjulega er þar um smærri fyrirtæki að ræða og áhættuminni, en sveitarfélög hér á landi hafa lagt út í stórkostleg áhættufyrirtæki, og hefði þetta form verið komið á t. d., þegar flest stærri sveitarfélögin keyptu nýsköpunartogarana og ráku þá nokkurn tíma, hvernig hefði þá farið? Auðvitað hefðu hinar opinberu lánastofnanir tryggt sig með bakábyrgð, ótakmarkaðri bakábyrgð, sveitarfélaganna fyrir lánum sínum. En allir aðrir, allir einstaklingar, sem voru í góðri trú, vegna þess að þetta var rekið á vegum sveitarfélagsins, hefðu auðvitað veitt fyrirgreiðslu og lán án þess að gæta réttar síns, og það er vitað, að á flestum eða mörgum þessum útgerðarfyrirtækjum varð milljónatjón á þeim tíma. Sveitarfélögin munu hafa flest orðið að greiða

allt, sem ég tel alveg eðlilegt og sjálfsagt. En hefði ekki verið svo, þá er ég sannfærður um, að bæði sjómenn og margir aðrir hefðu hreinlega tapað á því, því að þótt sjómenn hefðu fengið lögveð í skipunum, efast ég um, að þeir hefðu nokkurn tíma náð kaupi sínu út með því að yfirtaka skipin eða láta selja þau á uppboði með öllu því, sem vitað var, að hvíldi á mörgum þessara skipa.

Ég tel því alveg hiklaust, að við eigum að fara mjög varlega í það að opna þessa leið og kannske sérstaklega eins og nú stendur á, því að það er vitað, að í þeim kaupum, sem nú er verið að ganga frá og hefur verið gengið frá í sambandi við skuttogarana, hygg ég, að nokkur sveitarfélög hafi einnig áhuga á að verða aðilar. Ef þau eiga að geta lagt fram — við skulum segja — ekki 100 þús. kr., eins og þarna er lágmarkið, heldur 1 millj. kr. eða eitthvað svoleiðis, og hafa svo ekki meiri ábyrgð á því og rekstrinn fer öðruvísi en allir vona, tel ég, að þau sveitarfélög, sem í þetta leggja eða telja sig þurfa að leggja í það, eigi hreinlega að bera ábyrgð á gerðum sínum í sambandi við þetta, en geti ekki smeygt sér út úr því með rekstrarfyrirkomulagi eins og þarna er lagt til. (**StefG:** Gildir ekki sama með einstaklinga?) Það gildir allt annað með einstaklinga, vegna þess að þá veit sá, sem lánar, að hann er að lána einstaklingi, en ef hann er að lána heilu sveitarfélagi, þá er hann í þeirri góðu trú, að sveitarfélagið standi á bak við það. Það eru ekki allir einstaklingar, verzlanir eða aðrir, sem veita fyrirgreiðslu. Þeir fara ekki að gá í Lögbirtingablaðið til að sjá, hvaða form er á þessu. Þeir munu reikna með því, að það sé hið eðlilega form, að sveitarfélögin standi fyrir sínum gerðum eins og maður verður að ætlast til, að sveitarfélög geri almennt, þannig að viðhorf gagnvart einstaklingum er allt annað. Þá meta menn það, hvort þeir vilji lána einstaklingi, vilji hætta á að lána það og gera það upp við sig sjálfir á þeim grundvelli.

Þá er það einnig 6. gr. Ef á að fara að stofna sérstakt form til handa sveitarfélögunum vegna svona rekstrar, hví í ósköpunum á þá ekki þetta form að vera öðrum tiltækt, sem hafa sams konar rekstur? Hví á það ekki að standa jafnfætis öðrum með greiðslu opinberra gjalda? Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til annars, ef veita á sveitarfélögunum þau fríðindi að geta stofnað til rekstrar eftir þessu formi, en þau taki á sig þá kvöð, sem einstaklingar verða að taka á sig, þ. e. að borga eðlileg gjöld af atvinnurekstrinum.

Ég benti á þetta sama hér, þegar frv. var til 1. umr., og þarf því ekki að endurtaka meira um það, en vildi aðeins vekja þetta upp, af því að það virðist vera, að n. hafi tekið ákaflega lítið tillit til þeirra ábendinga, sem komu. Og þó að það sé sagt, að n. sé sammála, þá eru þarna fjórir aðilar, sem skrifa undir frv. með fyrirvara. Aðeins einn þeirra hefur gert grein fyrir, hvers vegna hann vill ekki samþykkja það nema með því að skrifa undir með fyrirvara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KI, KSG, HÞ, BrS, BGuðn, BP, SM, GS, IT, GÞG, HV, JSk, BL, KP, SBl, MK, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, StefG, SV, SvJ.

nei: SvH, TK, EBS, FÞ, IngJ, ÁS, PJ, GunnG.

EystJ, HES, IG, RH greiddu ekki atkv.

5 þm. (GuðlG, GTh, JóhH, LárJ, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að bein þátttaka sveitarfélaga í atvinnurekstri eigi því aðeins rétt á sér, að um sé að ræða óhjákvæmilega samfélagslega þjónustu og eigi sveitarfélögin að bera á þeim rekstri fulla og ótakmarkaða ábyrgð. Frv. þetta setur sveitarfélögum hins vegar engar skorður við hvers konar umsvifum eða starfrækslu slíkra félaga, sem lagt er til, að sveitarfélögin geti stofnað, en gerir um leið ráð fyrir takmarkaðri ábyrgð þeirra og ýmsum öðrum forréttindum þeim til handa umfram sambærilegan atvinnurekstur annarra aðila. Ég er því algerlega andvígur þessu frv. og segi nei.

2.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 17, 481).

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Á þskj. 481 hef ég leyft mér að flytja brtt. við 6. gr. frv. þess, sem hér er til 3. umr. Við 2. umr. málsins boðaði ég brtt. þess efnis, að 6. gr. yrði felld niður, en við nánari athugun taldi ég réttara að breyta gr., til þess að enginn vafi léki á, við hvað væri átt. Ég legg til, að 6. gr. frv. orðist svo:

„Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu hlíta skattskyldu eins og félög þau, sem um ræðir í fyrri málslið a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt."

Grein sú í skattalögunum, sem vísað er til, hljóðar þannig: „Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir: A. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila".

Það er að sjálfsögðu lengri upptalning, en þetta er það, sem vísað er til í brtt. minni. Það ætti að vera grundvallaratriði, að hinum ýmsu félagsformum atvinnurekstrarins sé ekki mismunað í skattgreiðslum eða mismunur sé í skattgreiðslum eftir því, hver rekur fyrirtækið; þess vegna er þessi brtt. flutt. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram, að ég er andvígur öllum óþarfaatvinnurekstri sveitarfélaga. Óþarfaatvinnurekstur sveitarfélaga er að mínu mati sá atvinnurekstur, sem einstaklingar eða fyrirtæki rekin af öðrum geta sinnt fyrir sveitarfélög og aðra, en þess er ekki að vænta, að einstaklingar geti keppt við sams konar fyrirtæki sveitarfélaga, ef ekki gildir sama regla um skattgreiðslur, hver sem að rekstrinum stendur. Nú eru raunar engin ákvæði í lögum, sem takmarka heimildir sveitarfélaga til þess að stofna til atvinnurekstrar. Í öllum tilfellum er sá atvinnurekstur með ótakmarkaða ábyrgð viðkomandi sveitarsjóðs á bak við sig auk skattfríðinda, sem hann nýtur. Ég er þeirrar skoðunar, að þessar heimildir ætti að takmarka. Það gerist að vísu ekki með samþykkt þessa frv., en hins vegar er ég sannfærður um, að þau sveitarfélög, sem telja sig af

einhverjum ástæðum þurfa að efna til atvinnurekstrar, munu nota þetta form, og þar með tel ég vera stigið spor í rétta átt.

Ég er ekki sammála þeim skoðunum, sem hér hafa komið fram um, að samþykkt þessa frv. muni hafa í för með sér stóraukinn atvinnurekstur á vegum sveitarfélaga, auk þess sem það muni innleiða ábyrgðarleysi hjá sveitarstjórnum eins og hér hefur einnig verið talið. Eins og ég sagði áðan, þá eru raunverulega engar takmarkanir í lögum nú á heimildum sveitarfélaga til að efna til atvinnurekstrar, og allur er reksturinn með ótakmarkaða ábyrgð sveitarsjóðs á bak við sig. Það er einmitt þetta, sem er óeðlilegt, enda hefur það leitt til alls konar vafsturs sveitarfélaga, sem þau ættu ekki að koma nálægt, vegna þess að aðrir geta leyst þær þarfir ýmsar. Þar fyrir utan hefur það leitt til ábyrgðarleysis, eins og dæmin sanna. Mér er fyllilega ljóst, að atvinnurekstur ýmissa sveitarfélaga hefur verið nauðsynlegur, bæði til þess að afstýra atvinnuleysi og eins hefur það beinlínis verið forsenda þess, að unnt hefur verið að koma ákveðnum greinum á fót. Það hefur verið forsenda, að sveitarfélögin stæðu þar á bak við. Hins vegar réttlætir það ekki, að um ótakmarkaða ábyrgð hefur ætíð verið að ræða.

Því hefur verið hreyft hér í umr., að samþykkt frv. muni hafa í för með sér breytt mat lánastofnana í viðskiptum þeirra við sveitarfélögin, þegar um yrði að ræða mat á því, hvort lána ætti fé til fyrirtækis eða rekstrar á vegum sveitarfélags, ef fyrirtækið eða þá reksturinn væri í þessu formi. Ég efast í sjálfu sér ekkert um, að þetta er rétt, en ég tel það einmitt vera til góðs. Fremur yrði það þá metið, hvort reksturinn væri í það góðu lagi, að ástæða væri til að lána til hans. Á það hefur áreiðanlega oft skort og sjálfsagt m. a. vegna þess, að vissa hefur verið fyrir því, að sveitarsjóðirnir stæðu á bak við.

Þá hefur það einnig komið fram í umr., að þetta form væri í sjálfu sér tilgangslaust, vegna þess að lánastofnanir mundu ætíð krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs fyrir lánum. Ég held, að slíkt fari að sjálfsögðu eftir því, hvað reksturinn er í góðu lagi, hvað hann er öruggur að mati lánastofnunar, en annars er ekki nema gott um það að segja, að lánastofnanir athugi betur sinn gang, áður en lánað er til e. t. v. vafasams rekstrar á vegum sveitarfélaga, en umfram allt tel ég það vera til bóta, að umr. mundu verða í sveitarstjórn hvert sinn, sem leitað væri ábyrgðar sveitarsjóðs. Ég leyfi mér að efast um, að nokkrar teljandi umr. hafi orðið í ýmsum sveitarstjórnum um ýmsar vafasamar fjárskuldbindingar, sem einstök fyrirtæki sveitarfélaga hafa gert. En með þessu formi verður ekki hjá því komizt, að það verði kannað ofan í kjölinn, hvort rétt sé að veita ábyrgð sveitarsjóðs.

Ég fylgi þessu frv. í trausti þess, að brtt. mín verði samþ., svo og í þeirri trú, að samþykkt frv. muni ekki leiða til aukinna umsvifa sveitarfélaga á sviði atvinnurekstrarins, heldur muni samþykkt þess leiða til betra rekstrarforms þess atvinnurekstrar, sem sveitarfélögin telja sig þurfa að sinna.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur gert grein fyrir brtt. á þskj. 481 við það frv., sem hér er til umr. Þótt ég sé í rauninni andvígur efni þessarar till., hef ég skilning á þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki hennar. Ég get mjög vel sett mig inn í þann þankagang, sem er lagður til grundvallar þessari brtt. Aðalatriðið í því máli, sem hér er til umr., er það, að meginefni og hugsun þess frv., sem hér er til umr., nái fram að ganga. Það er í mínum huga aukaatriði í málinu, hvort umrædd brtt. nær fram að ganga eða ekki.

Svo sem fram kemur í frv. og komið hefur fram í umr. hér á hinu háa Alþ. um efni þess, liggur það fyrir, að sú hugsun, sem býr að baki þessu máli, miðar að því að gera sveitarfélögum kleift að starfrækja atvinnufyrirtæki í atvinnuaukningarskyni með takmarkaðri ábyrgð án þátttöku annarra og að því að takmarka fjárhagsábyrgð þeirra við ákveðið framlag sveitarsjóðs. M. ö. o. er stefnt að því, að sveitarfélögum sé gert kleift að reka þess háttar starfsemi á ekki óhagstæðari grundvelli en einstaklingar geta gert á grundvelli núgildandi laga um hlutafélög. Sú spurning hlýtur að vakna í þessu sambandi: Undir hvaða kringumstæðum skyldu nú sveitarstjórnir hér á landi leggja út í slíkan atvinnurekstur, sem hér er hafður í huga, og hvenær mundu þær nota það rekstrarform, sem hér um ræðir?

Það er mín skoðun, að sá ótti, sem fram hefur komið hjá nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. um, að sveitarstjórnir mundu stofna til atvinnurekstrar að þarflausu og af ábyrgðarleysi með tilkomu þessa nýja rekstrarforms, sé ástæðulaus með öllu. Ég hef ekki trú á því, að sveitarstjórnir leggi út í áhættusaman atvinnurekstur, nema brýna nauðsyn beri til. Það sjónarmið, sem ræður slíkri ákvörðun hjá sveitarstjórnum, er alls ekki hagnaðarvon, eins og á sér stað, þegar einstaklingar stofna til atvinnurekstrar, heldur það að leysa úr vanda, sem skapast í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags og erfitt reynist að leysa á annan hátt. Ég lít nefnilega svo á, að því aðeins leggi sveitarfélag út í áhættusaman atvinnurekstur, að mjög knýjandi nauðsyn beri til. Það er þannig í rauninni þjónustusjónarmið við íbúa sveitarfélagsins og annað ekki, sem ræður úrslitum hjá sveitarstjórnum, þegar þær leggja út í áhættusaman atvinnurekstur, og af því leiðir, að ekki er sanngjarnt að gera kröfur til, að fyrirtæki sveitarfélags, sem rekið er með hag íbúa viðkomandi byggðarlags fyrst og fremst fyrir augum, þ. e. í þjónustuskyni, en ekki í hagnaðarskyni, sé gert að greiða skatt af starfsemi sinni til hins opinbera. Á þessum ástæðum fyrst og fremst byggist mín afstaða til þeirrar brtt., sem hér um ræðir.

Um hlutafélög og fyrirtæki sveitarfélags með takmarkaðri ábyrgð gilda nokkuð ólík sjónarmið. Svo sem ég hef bent á, er annars vegar um að ræða fyrirtæki, sem einn opinber aðili sveitarfélags stendur að og rekið er væntanlega í atvinnuaukningar skyni fyrir íbúa sveitarfélagsins, en hins vegar er um að ræða félag einstaklinga um rekstur í ágóða skyni. Það sameiginlega er, að í báðum tilfellum er um takmörkun ábyrgðar eigenda að ræða og skuldheimtumenn hafa þörf á svipaðri vernd í báðum tilfellum eins og gert er ráð fyrir í frv. Vegna þess að þau fyrirtæki, sem stofnsett yrðu og rekin samkv. því rekstrarformi, sem lagt er til, að komið verði í lög samkv. því frv., sem hér er til umr., hljóta í eðli sínu að vera þjónustufyrirtæki, svo sem ég hef bent á, er eðlilegast, að slík fyrirtæki sveitarfélaga séu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga, eins og á sér stað um aðra þjónustustarfsemi, sem rekin er af sveit-

arfélögum í þágu íbúanna. Fyrir því leyfi ég mér að vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að láta 6. gr. frv. standa óbreytta, en hún er svo hljóðandi:

„Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkvæmt sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð."

Á hinn bóginn vil ég undirstrika mjög og leggja áherzlu á, að að mínu áliti er það algert aukaatriði í þessu máli, hvort brtt., sem hér er á þskj. 481, nær fram að ganga eða ekki. Aðalatriðið er það, að meginefni frv. nái fram að ganga, þ. e. að því verði komið í lög, að sveitarfélögum skuli heimilt að stofna með takmarkaðri ábyrgð til atvinnufyrirtækja, sem þau reka ein sem einkaeigendur án hlutdeildar annarra.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar sem ég á sæti í n., sem fjallaði um þetta mál. Nál. undirritaði ég með fyrirvara, og fyrirvari minn var fólginn í því, að ég er andvíg 6. gr. frv., sem undanþiggur þar umrædd fyrirtæki frá greiðslu opinberra gjalda. Mér finnst sjálfsagt, að þessi fyrirtæki sitji að þessu leyti við sama borð og önnur sams konar fyrirtæki rekin af öðrum aðilum og sé ekki ívilnað umfram þá. Ég fylgi því brtt., sem hv. 11. landsk. þm. flytur og tekur af öll tvímæli um þetta efni. Ef sú till. fellur, mun ég hins vegar greiða atkv. gegn frv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel, að nokkur breyting yrði til batnaðar á frv., ef sú till., sem hér hefur verið lögð fram á þskj. 481, næði fram að ganga. Hins vegar tel ég það beztu afgreiðsluna á málinu, ef frv. yrði fellt. Ég hef gert grein fyrir því áður, hvaða ástæður liggja til þess, að ég er andvígur þeirri stefnu, sem þarna er verið að marka, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

Það var rétt, sem hv. 11. landsk. þm. sagði hér áðan, að það er nú hvergi í lögum neitt bann við því, að sveitarfélög geti stofnað alls konar fyrirtæki, bæði þjónustufyrirtæki og atvinnufyrirtæki. En ef þau gera það nú, bera þau ábyrgð á afleiðingum gerða sinna og verða að vera ábyrg fyrir því, ef tap verður á fyrirtækjunum. Ég hygg, að það sé einmitt þetta atriði, sem hefur dregið úr því, að sveitarfélög hafi lagt út í áhættusaman atvinnurekstur. Ég benti á það, þegar þetta frv. var síðast til umr., að þetta hefðu nokkur sveitarfélög gert, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir hingað til landsins, en reynsla þeirra af því varð sú, að það er mjög haldið aftur af sveitarfélögunum almennt að leggja út í áhættusaman atvinnurekstur, eftir að þau höfðu flestöll orðið að taka á sig verulegar fjárhagskvaðir til þess að losna við þá nýsköpunartogara, sem þau þá festu kaup á. Mér þykir það miður, að hv. 1. flm. þessa frv. drap á það í ræðu sinni, þegar frv. var rætt hér síðast, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar væri mjög samþykk þessu frv., og hann gat þess um leið, að það mundi vera vegna Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Ég vil ekki ætla neinum manni í bæjarstjórn Hafnarfjarðar það, að hann ætli að losa sig undan skuldbindingum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar með því að færa þá útgerð í þetta form, sem hér er rætt um, hvernig svo sem afleiðingarnar kunna að verða fyrir þá, sem hafa haft viðskipti við bæjarútgerðina og hún kann að skulda.

Hv. 1. flm. gat hér um það áðan, að það væru tvenns konar sjónarmið í sambandi við atvinnureksturinn, annars vegar atvinnulega séð fyrir byggðarlagið og hins vegar gróðasjónarmiðið. Ég skal ekki dæma um það. Ég tel mig þó hafa nokkra reynslu af því, en ég hygg, að það séu ekki margir, sem stofna atvinnufyrirtæki, t. d. í sambandi við fiskiðnað eða útgerð, sem geri sér fyrir fram háar vonir um mikinn ágóða. Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt það, að þetta er mjög áhættusamur atvinnuvegur, bæði útgerð og fiskvinnsla. Ef vel hefur árað og tekjuafgangur hefur orðið, þá hygg ég, að það gildi almennt og fáar undantekningar séu frá því, að þeir, sem hafa eitthvað þénað í þessari atvinnugrein, hafa lagt þénustuna í áframhaldandi uppbyggingu. Ég þekki a. m. k. engan, sem hefur lagt út í slíkan atvinnurekstur og haft upp úr því stórar fjárhæðir í peningum, þannig að einmitt atvinnurekstur frá því sjónarmiði hefur orðið til þess að byggja upp fyrirtækin og stækka þau og orðið til þess að efla atvinnu í bænum og standa undir gjöldum til sveitarsjóða og ríkisins. Ég tel það miklu heilbrigðara form en það að vera að hvetja sveitarfélögin beinlínis til þess — því að það er gert með þessu frv. — að leggja út í alls konar atvinnurekstur, án þess að þau þurfi að vera ábyrg fyrir afkomunni og án þess að þau þurfi að borga nokkuð í opinbera skatta, hvorki til sveitarfélags né ríkisins. Það tel ég vera megingalla þessa frv. og hef þess vegna tekið afstöðu gegn því og mun greiða atkvæði gegn því, þegar það kemur til atkvgr.

Ég benti á það hér, þegar ég ræddi þetta frv. síðast, að það er mjög svipað ástand núna víða og var, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir til landsins. Nú er verið að kaupa allmikinn fjölda af nýjum togurum, skuttogurum. Þ. á m. eru þó nokkur sveitarfélög, sem ætla sér að festa kaup á þessum togurum. Mér er tjáð, að sum þeirra séu ekki fjársterkari en það, að þau þurfi að fá verulega fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði og jafnvel Atvinnuleysistryggingasjóði einnig til þess að geta náð tökum á skuttogara, og ef þeim á svo að gefast kostur á því að leggja kannske fram, ég vil nú ekki nefna 100 þús. kr., eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að sé lágmarkið, heldur einhverja hærri upphæð, og vera síðan laus allra mála, þá tel ég það ekki atvinnurekstrarform, sem sé til uppbyggingar, hvorki fyrir það sveitarfélag, sem þarna á í hlut, né fyrir þjóðina í heild.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í sambandi við frv. á þskj. 17 og brtt. þá, sem er á þskj. 481, vil ég vekja athygli á því, að hér er um allmikla breytingu að ræða frá því, sem áður hefur verið í sambandi við rekstur sveitarfélaga. Og það, sem hefur verið einkennandi fyrir rekstur sveitarfélaga í atvinnurekstri, er það, að þar hefur venjulega verið um takmarkalausa ábyrgð af hendi sveitarfélagsins að ræða. Með þessu formi, sem hér er lagt til, verður mikil breyting, en með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er þó horfið mikið frá þeirri leið, sem áður hefur verið farin, þ. e. að fyrirtækjum sveitarfélaga væri með þeim hætti fyrir komið, að í flestum tilfellum væri þar um fulla ábyrgð af hendi þess að ræða. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er till. á þskj. 481.

Ég vil vekja athygli á því, að með skattalögunum og tekjustofnalögunum, sem hv. Alþ. hefur nýlega afgreitt, hefur verið lengra gengið inn á þá braut en áður hefur verið gert í því, að opinberir aðilar eins og ríki og bæjarfélög eigi að greiða skatta af þeim fyrirtækjum, sem þar eru rekin. Og nú var t. d. í fyrsta sinn ákveðið, að bankar landsins skyldu verða skattgreiðendur með vissum hætti, sem ekki hefur verið áður. Ef slík fyrirtæki sem þessi ættu að njóta algers skattfrelsis eins og hér er gert ráð fyrir í frv., þá væri það spor aftur á bak, þar sem enn þá lengra væri gengið í skattfrelsi en við höfum búið við í sambandi við fyrirtæki, sem sveitarfélög og ríki hafa staðið að, svo að ef á að gera þá breytingu eins og hér er lagt til með þessu frv., er það að minni hyggju alveg óhugsandi, að slík fyrirtæki gætu notið skattfríðinda.

Þess vegna vildi ég mæla með samþykkt till. á þskj. 481, því að með þeim hætti sitja þó þessi fyrirtæki við sama borð og hliðstæð fyrirtæki önnur í byggðarlaginu, en njóta ekki þeirra forréttinda, sem opinber fyrirtæki hafa áður notið, og mér fyndist það fráleitt, að þau nytu þess, eftir að ábyrgðin væri frá þeim tekin eins og hér er lagt til, því að hér er aðeins um takmarkaða ábyrgð að ræða. Ég verð því að segja það, að ég tel, að það orki nokkuð tvímælis, hvort þessu frv. hér á þskj. 17 eigi að beina inn á þessa braut, en ef það verður gert, verður skattgreiðsla slíkra fyrirtækja að vera með sama hætti og annarra fyrirtækja. Þau geta ekki verið undanþegin skatti, eins og lagt er til í frv., og því mæli ég með samþykkt till. á þskj. 481.

ATKVGR.
Brtt. 481 samþ. með 24:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 498).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 498, n. 699).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Forsetinn hefur þegar gert grein fyrir því, hvers vegna það er ég, sem stend hér. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. N. hefur athugað frv., eins og það kom frá Nd. Alþ., og mælir með samþykkt þess óbreytts. Einn nm., Auður Auðuns, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Frv. þetta fjallar, eins og hv. þm. er kunnugt, um heimild sveitarfélaganna til að stofna til atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Þessi fyrirtæki skal auðkenna á sérstakan hátt með orðinu „STÁ“, og ætlazt er til þess, að stofnfé þeirra sé a. m. k. 100 þús. kr. Þetta var allmikið rætt í n., og nm. gerðu sér grein fyrir því, að þau tilvik gætu verið fyrir hendi, að nauðsynlegt væri fyrir sveitarfélag að stofna til þjónustu- eða atvinnufyrirtækis og þá mikið öryggi í því að geta gert sér grein fyrir því á hverjum tíma, hve mikil ábyrgð sveitarfélagsins væri gagnvart þessu fyrirtæki. Í meðferð málsins í hv. Nd. var gerð á því sú breyting, að slík fyrirtæki, sem hér um ræðir, skuli bera opinber gjöld eins og um hlutafélög væri að ræða, og að gerðri þessari breytingu kom okkur saman um það að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 754).

---

81. Sala Holts í Dyrhólahreppi.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu [112. mál] (þmfrv., A. 135).

Á 23. og 24. fundi í Ed., 6. og 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 9. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Málið, sem hér er á dagskrá, er þess efnis, sem greinir í 1. gr. frv., en hana leyfi ég mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.“

Vil ég leyfa mér, þó að ég hafi oft gert það áður í þessari hv. d., að rekja málsefnið með nokkrum orðum, og þá ekki sízt vegna hinna nýju þm., sem margir eru hér í hv. d. og hafa lítt eða ekki kynnt sér þetta mál.

Á árinu 1936 keypti ríkissjóður jörðina Holt í Dyrhólahreppi. Eigendur jarðarinnar voru hjónin Jóhanna Sæmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson, sem þar höfðu búið með myndarbrag um langan tíma. Þorsteinn Einarsson er látinn fyrir mörgum árum. Vissulega voru það ríkar ástæður, sem leiddu til þess, að til kom þessarar jarðarsölu, og vissulega mun eigendum hafa

verið harla sárt að sjá þannig á bak jarðeigninni, jarðeign, sem hafði veitt þeim margan yndisarð og nokkuð góða afkomu. En ástæðurnar fyrir jarðarsölunni voru þessar í stórum dráttum: Ríkið ákvað að framkvæma fyrirhleðsluaðgerðir og jafnframt gera aðrar breytingar á vatnasvæði jarðarinnar. Veita átti í einn farveg ánum Hafursá og Klifandi vegna brúargerðar, og það var þá talið mjög líklegt, að sakir þessara aðgerða af opinberri hálfu yrði jörðin Holt alls ekki byggileg. Þegar málum var þannig komið, var nauður ein að taka því sem hverju öðru óhjákvæmilegu mótlæti að láta jörðina af hendi til ríkissjóðs með þeim kostum, sem einir voru í boði. En samt sem áður hélt Jóhanna Sæmundsdóttir ábúðarrétti sínum, og það var þó sannarlega raunabót. Hefur Jóhanna síðan nytjað þessa jörð, Holtið, ásamt fólki sínu, en þó frá annarri jörð, sem er í nágrenninu. Þegar fram liðu stundir, kom smám saman í ljós, að vatnságangur og spjöll önnur voru mun minni en óttazt hafði verið í upphafi. Þá tóku að sjálfsögðu að segja til sín þau bönd, sem tengdu ekkjuna við gömlu eignar- og ábýlisjörðina. Þess vegna hefur ekkjan um langt skeið sótt fast að eignast jörðina að nýju, og sérhverjum velþenkjandi manni hlýtur að finnast sú ósk ekkjunnar ofur eðlileg. Miðað við þá stefnu, sem á Alþ. hefur fram að þessu verið fylgt að því er varðar sölu á ríkisjörðum, mætti ætla, að slíkt mál sem þetta, svo einfalt sem það er í sniðum og venjulegt að öllu leyti, fengi skjóta afgreiðslu og jákvæða á þinginu. En því hefur ekki verið að heilsa. Svo sem alkunna er, hefur frv. sama efnis og það, sem hér er til umr., verið flutt þing eftir þing. Á hinni löngu og torsóttu leið þess og á ýmsum tíma hefur það verið flutt af velflestum þm. Sunnl., ýmist í Ed. eða í Nd. Ekki hefur virzt til að dreifa flokkspólitískum hagsmunum, síður en svo. En samt sem áður og þrátt fyrir allt þetta hefur fyrirstaðan við framgang þess verið slík, að líkast hefur verið því sem hagsmunum ríkissjóðs væri teflt í tvísýnu eða jafnvel í verulega hættu, ef þetta frv., sem lætur svo lítið yfir sér, hefði verið samþ. á Alþingi.

Þá er að geta þess, að innan Dyrhólahrepps, þar sem þessi jörð er, er slík eining og hefur verið a. m. k. um tíma, að hreppsnefnd hefur einróma mælt með sölunni til ekkjunnar og telur þá ráðstöfun vera hreppsfélaginu til góðs eins, og verður að telja það réttilega metið og álitið, enda þarf engan að undra, þótt hreppsnefndin taki þráðinn upp með þessum hætti, engan, sem þekkir til ekkjunnar og hennar fólks. Hinu hefur verið haldið fram af fyrri andófsmönnum þessa máls, að ríkissjóður kynni að verða fyrir tilfinnanlegu tjóni, ef af sölu yrði. Og í raun og veru hefur það verið eina mótbáran. En mér og mörgum öðrum sýnist, að sú mótbára hafi ekki verið studd þeim rökum, að á henni verði byggt um úrslit þessa máls. Og þá er einnig á það að líta, að í frv. er aðeins heimild til handa ríkisstj. að selja ekkjunni þessa jörð. Ekki tel ég, að núv. hæstv. ríkisstj. sé það ætlandi fremur en fyrrv. ríkisstj., að hún gæti ekki metið, svo að sanngjarnt og rétt væri, hagsmuni ríkissjóðs, áður en heimild yrði notuð. Auk þess gæti ríkisstj. sett viss skilyrði, þegar til afsals kæmi, skilyrði, sem ríkisstj. þætti henta að setja upp í afsalinu. Og ég sé það í máli, sem hefur verið fyrir Nd. og nál. er komið um, það er í sambandi við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi, að landbn. Nd. hefur breytt þessu heimildarfrv. á þá leið, að kaupendum jarðarinnar sé óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum. Það mun ekki oft hafa verið sett inn slík breyting, að ég hygg, í sambandi við jarðasölur úr hendi ríkissjóðs eða á ríkisjörðum. En þarna kemur fram breyting, sem að minni hyggju má telja eðlilega til þess að festa jarðeign eins og unnt er, svo að hún ekki gangi kaupum og sölum endalaust. Heimildarákvæði, sem frv. hefur að geyma, hefur að minni hyggju ekki hina minnstu hættu í för með sér fyrir ríkissjóð af þessum sökum, að ríkisstj. getur sett hvert það skilyrði, þó eðlilegt, inn í afsalið, sem tryggir það, að vel fari um jörðina og ríkissjóður hafi engin óþægindi af sölunni. Þannig sýnist í raun og veru algerlega óþarft, að nokkur þm. beri framar ugg í brjósti um það, að hagsmunum ríkissjóðs verði ekki þrátt fyrir söluna sæmilega vel borgið á þessu sviði.

Herra forseti. Ég vil geta þess, að í grg. fyrir frv. hefur skolazt örlítið til í frásögn um gang málsins, og óskast það að sjálfsögðu afsakað. Og þetta verður lagfært við endurprentun á frv., þegar að því kemur, að prentvélar fara í gang.

Í síðasta sinn, sem frv. var til meðferðar hér í þessari hv. d., var það ekki samþ., heldur var það fellt eftir 2. umr. með að vísu mjög naumum meiri hl., og ég leyfi mér að segja, að það hafi komið mjög á óvart af þeirri reynslu, sem fengin var hér í Ed. um framgang málsins, og kannske að það megi teljast til nokkurrar óheppni, sem ég vona, að ekki komi til í þetta sinn, því að jafnan hefur þetta mál átt vísan stuðning meiri hl. dm. og tvívegis verið samþ.

Það má í raun og veru margt fleira um þetta mál segja, en ég vil ekki tefja þdm. með löngu máli. Það eru ýmiss konar málsatriði, sem mætti drepa á, en ég geri það ekki hér í framsöguræðu minni, en að því gæti komið, að þau atriði verði dregin fram. Þau atriði tel ég þó ekki vera þess eðlis, að þau tilheyri kjarna málsins, en mætti vera, að það kæmi fram í ræðum, ef til þess kæmi, ræðum þeirra, sem væru andvígir framkvæmd málsins, að þyrfti að taka til þeirra og fleiri gagna.

Að lokum, herra forseti, auk hins eðlilega og réttmæta efnis þessa frv. hefur ekki síður þótt rétt að flytja frv. enn einu sinni sakir þeirrar breytingar, sem orðið hefur á þingmannaliði, og kanna enn einu sinni fylgi frv. hér í hv. d. Og þannig er þess freistað að koma nú, ef unnt er, málinu gegnum þingið til fulls lagagildis.

Herra forseti. Svo óska ég þess, að að lokinni þessari umr. verði málið samþ. til 2. umr. og til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 1. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 135, n. 363 og 366).

Frsm. meiri hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, 112. mál, þskj.

135, er vísað var til n. eftir 1. umr. um málið. Frv. þetta er flutt af Birni Fr. Björnssyni og er þannig:

„1. gr. Ríkisstj. er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. flm. með þessu frv. kemur fram, að þetta frv. hefur legið fyrir Alþ. 5 ár í röð, án þess að fá endanlega afgreiðslu. M. a. hefur það verið tvívegis samþ. í Ed., en jafnoft dagað uppi í Nd. Það sýnist því kominn tími til, að úr þessu verði skorið með þinglegum hætti, hver sé vilji Alþ. um framgang þessa máls.

Samkv. tilmælum 3. þm. Sunnl. á fundi n. 14. des. 1971 var landbrn. send till. til umsagnar með ákveðinni ósk um, að svör bærust fyrir jól. Ekkert svar hafði borizt frá rn., er n. hélt lokafund sinn um málið 23. febr. s. l. Er því eðlilegt að ályktа, að rn. hafi ekki áhuga á máli þessu.

Landbn. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Einn nm., Jón Ármann Héðinsson, sat ekki síðari fund n. um málið, en hefur skrifað undir álit minni hl. n. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ., sbr. þskj. 363. Er það álit í fullu samræmi við þá heildarstefnu, sem Alþ. hefur markað nú hin síðari ár í jarðasölumálum, þ. e. að selja eyðijarðir í eigu ríkissjóðs, sé óskað eftir kaupum. Verður að telja í alla staði óeðlilega þá afstöðu, sem til þessa hefur komið fram hér á Alþ. að koma í veg fyrir sölu þessarar eyðijarðar, Holts, svo sem hin fræga saga þessa máls s. l. 5 ár sýnir, þótt það sé staðreynd, að þessi eyðijörð er harla lítils virði fyrir ríkissjóð og ríkistekjur. Ég tel afgerandi fyrir þetta mál, að fyrir liggur skýlaus yfirlýsing viðkomandi sveitarstjórnar, þ. e. a. s. Dyrhólahrepps, dags. 24/10 1970, sem mælir einróma með sölu jarðarinnar, sbr. fskj. II með frv. Á þetta atriði vil ég leggja sérstaka áherzlu, þar sem ég tel, að viðkomandi sveitarstjórnir eigi að hafa mest að segja um slík jarðakaupamál innan sveitarinnar, ekki síst þegar álit þeirra er einróma, eins og hér liggur fyrir. Ég leyfi mér að telja það fyrir neðan virðingu Alþ. að láta þetta mál daga uppi einu sinni enn. Þess vegna treysti ég því, að meiri hl. sé fyrir hendi hjá hv. Alþ. að samþykkja frv.

Ég endurtek, ef marka má þá stefnu Alþ. í sölu eyðijarða í eigu ríkisins, sem nær undantekningarlaust hafa verið einróma samþykktar til sölu, bæði til einstaklinga og sveitarfélaga, þá skora ég á hv. þd. að samþykkja frv. þetta um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, eins og meiri hl. landbn. leggur til.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem frsm. meiri hl. lét hér falla áðan, að hann vænti þess, að það væri nú kominn tími til þess, að úr því yrði skorið á Alþ., hver væri vilji þess í þessu máli, þá vil ég taka undir þetta. Það er ekki álit minni hl. landbn., að Alþ. eigi ekki að taka afstöðu til málsins, enda ber okkar nál. það með sér, að við leggjum ákveðið til, að frv. verði fellt.

Þetta frv. um sölu á Holti í Dyrhólahreppi, sem er á þskj. 135, hefur verið alllengi til athugunar hjá landbn., sem varð svo að lokum ekki sammála um afstöðu til þess, eins og nál. meiri og minni hl. bera með sér. Við, sem stöndum að nál. minni hl. á þskj. 366, leggjum til, að frv. verði fellt, eins og ég sagði áðan, og vil ég með þeim fáu orðum, sem ég segi hér, benda á nokkur atriði málinu viðkomandi, sem renna stoðum undir það að afgreiða málið á þann hátt, sem við leggjum til.

Það er kunnara en svo, að á það þurfi að benda hér í hv. þd., að þetta frv. hefur margsinnis verið flutt og er mörgum alþm. vel kunnugt. Þó kemst ég ekki hjá því að rifja upp, að allir aðilar, sem leitað hefur verið til og beðnir umsagnar um frv., mæla gegn sölu jarðarinnar. Í sambandi við þau ummæli hv. frsm. meiri hl. hér áðan, að hann lagði sérstaka áherzlu á það, að sveitarstjórn Dyrhólahrepps hefði einróma mælt með samþykkt þessa frv., þá er ég ekki að mæla því í gegn, að það eigi að líta eftir slíkum umsögnum heimamanna, en ég vil jafnframt minna á það, að hefðum við átt að líta jafngrannt eftir umsögn heimamanna fyrir hreppsnefndarkosningarnar 1970, þá var það álit gagnstætt. En eins og að líkum lætur og venja hefur verið um allar jarðasölur, þá hefur verið leitað umsagnar landnámsstjóra ríkisins og segir hann svo í umsögn sinni frá 11. apríl 1967:

„Landnám ríkisins telur ekki rétt, að jörð þessi sé endurbyggð sem sérstök lögbýlisjörð. Er það stutt þeim rökum, að enn sé ekki útilokað, að nytjað land skerðist sem bein afleiðing af sameiningu aurvatnanna. En svo hagar til á þessum stað, að búseta var lögð niður á jörðinni Holti, vegna þess að stórárnar Hafursá og Klifandi voru færðar saman í einn farveg og það var álit sérfróðra manna, að hætta stafaði af þessari framkvæmd fyrir land jarðarinnar, og hefur það sýnt sig raunar síðan, að Klifandi hefur brotið land og varnargarða, þó að hún hafi ekki eyðilagt jörðina jafngagngert eins og margir ætluðu, að verða mundi."

Jafnan síðan þessi umsögn var gefin hefur landnámsstjóri vitnað til þessarar umsagnar, þegar álits hans hefur verið leitað.

Þegar Jóhanna Sæmundsdóttir leitaði eftir meðmælum sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu með sölu Holts, gerði sýslunefndin svo hljóðandi samþykkt:

„Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar beiðni Jóhönnu M. Sæmundsdóttur Nikhól um, að sýslunefndin mæli með og samþykki fyrir sitt leyti kaupbeiðni hennar á jörðinni Holti í Dyrhólahreppi. Meiri hl. nefndarinnar og raunar sýslunefndarinnar allrar er ókunnugur öllum aðstæðum. Leggur nefndin því til, að sýslunefndin láti þetta mál afskiptalaust."

Sem sjá má og heyra af þessari samþykkt, þykir mönnum austur þar, að þetta mál sé engan veginn sjálfsagt að leysa með sölu jarðarinnar. Þótti mér rétt, að þetta kæmi hér fram, þegar við ræðum þetta mikilvæga mál.

Eins og fram hefur komið og sjá má á nál. minni hl., þá sendi landbn. í des. þetta frv. landbrn. til umsagnar. Þar sem umsögn rn. hafði ekki borizt til n., þegar síðasti fundur var haldinn í n., þá litum við svo á í minni hl. og þeir, sem að nál. minni hl. standa, að afstaða rn. til frv. mundi vera óbreytt frá því, sem fram kom í umsögn þess, sem var dags. 27. nóv. 1967 og rn. hefur jafnan vitnað til síðan, þegar óskað hefur verið eftir áliti á þessum frv. Eins og sjá má af nál. á þskj. 366, þá létum við prenta sem fskj. umsögn rn. til glöggvunar fyrir þá menn, sem ekki höfðu fylgzt með því áður, og mun ég því ekki rekja það nánar.

Málið stóð þannig, þegar við vorum á lokafundi hinn 23. febr., eins og ég áðan sagði. En síðan hefur það gerzt, að landbrn. hefur skrifað landbn. hinn 28. febr. s. l., og fyrst ég komst á snoðir um það, að það bréf hafði borizt hingað til Alþ., vil ég leyfa mér að lesa þá umsögn, sem nú hefur borizt, með leyfi hæstv. forseta, en hún er svo hljóðandi:

„Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja ríkisjörðina Holt í Dyrhólahreppi.

Vegna þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Rn. vísar til fyrri umsagnar sinna um mál þetta, en frv. til l. um sölu jarðarinnar hefur áður verið til meðferðar á Alþ.

Ábúandinn á næstu ríkisjörð, Álftagróf, sem á óskipt land með Holti, hefur ítrekað ugg sinn um, að búskaparaðstöðu hans sé stefnt í voða, verði Holt selt.

Byggist sá uggur m. a. á, að ekki er unnt að skipta Holtslandi út úr torfunni og að upprekstrar- og beitarlönd eru sameiginleg.

Ofnotkun beitar frá Holti mundi t. d. bitna á ábúanda Álftagrófar, þar sem örskammt er milli Holts og Álftagrófar.

Meðan ríkissjóður hefur eignarhald á Holti, er hægt að fyrirbyggja, að vandamál skapist af þessum sökum.

Það er því skoðun rn., að með því að heimila syni Jóhönnu Sæmundsdóttur með leigusamningi varanleg afnot Holts sé hægt að tryggja honum fullnægjandi not af jörðinni, eins og hann hefur haft, en fyrirbyggja um leið árekstra vegna nábýlis Holts og Álftagrófar. Með sölu gætu hins vegar skapazt vandamál, sem rangt væri að stofna til.

Telja verður, að jarðareiganda (ríkissjóði í þessu tilfelli) beri skylda til að taka tillit til hagsmuna ábúandans í Álftagróf, sem þar hefur dvalið allan aldur sinn og rekið búskap í hartnær 40 ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, getur rn. ekki mælt með, að sala jarðarinnar verði heimiluð með lögum."

Undirskrifað af skrifstofustjóra landbrn. hinn 28. febr. 1972.

Af þessu bréfi sést, að afstaða rn. er enn hin sama og áður, enda hygg ég, að hver sá, sem skoðar málið í heild, komist jafnan að þeirri niðurstöðu, að sala jarðarinnar sé andstæð hagsmunum ríkisins og að notarétt fjölskyldunnar á Nikhól af jörðinni megi tryggja með öðrum og eðlilegri hætti, eins og fram kemur í bréfi rn. Ég hygg, að þess gerist ekki þörf að fjölyrða öllu meira um þetta mál, en að lokum vil ég þó segja þetta.

1. Þó að Holt hafi enn ekki spillzt svo af vatnaágangi sem upphaflega var óttazt, þá hefur jörðin þó orðið fyrir spjöllum og sá möguleiki er jafnt fyrir hendi nú að dómi kunnugra manna eins og var árið 1936, að frekari landsspjöll gætu átt sér stað, enda bendir landnámsstjóri á þetta m. a. í umsögnum sínum um þetta mál. Það má, eins og ég sagði áðan, einnig benda á, að Klifandi hefur undanfarin ár hlaupið úr farvegi sínum, brotið varnargarða og skemmt nytjalönd.

2. Jarðirnar Álftagróf, sem er ríkisjörð, og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd og gengur búsmali jarðanna saman. Bóndinn í Álftagróf, sem þar hefur búið í tæp 40 ár, eins og áður hefur komið fram, hefur sent landbrn. bréf, sem Alþ. hefur borizt ljósrit af í fyrravetur, þar sem hann telur, að búskap hans í Álftagróf sé stefnt í það mikinn voða, að hann muni segja ábýlisjörð sinni lausri, verði Holt selt. Þá er einnig upplýst, að eignir ábúandans í Álftagróf í mannvirkjum eru miklar, og ríkissjóður er að lögum sem jarðeigandi skyldur að kaupa þær, standi ábúandinn upp af jörðinni.

3. Þá hefur það komið fram og hafa verið endurteknar yfirlýsingar um það frá rn., að Jóhanna Sæmundsdóttir og sonur hennar, Hörður, geti áfram haft leiguafnot af Holti, en þannig er hægt að firra árekstrum vegna landsafnota milli ábúanda Álftagrófar og leigutaka Holts umfram það, sem gæti orðið, ef ríkið sleppti eignarhaldi á Holti.

Í fjórða lagi vil ég geta þess, sem ég á erfitt með að sýna ykkur hér, að við í landbn. höfum virt fyrir okkur og skoðað gaumgæfilega loftmynd af þeim jörðum, sem hér er rætt um, og það sýnist vera augljóst mál, að rétt er með farið, þegar talið er torvelt eða ómögulegt að skipta landi jarðanna svo, að þær verði notaðar hindrunarlaust og án ágangs hvor á aðra, ef settar væru upp girðingar til þess að bægja frá búsmala.

Með tilvísun til alls þessa, sem ég hef hér rakið, þá telur minni hl. landbn. svo þung rök mæla gegn því, að jörðin verði seld, að við leggjum til, að frv. verði fellt.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég hygg, að hv. 6. þm. Sunnl. sé vart sjálfrátt, þegar virtur er hinn mikli ákafi hans fyrir því að leggja hina ágætu stórjörð Holt í Dyrhólahreppi í eyði. Og það er ekki aðeins nú, sem þessi ákafi hans sýnir sig, heldur hefur hann komið oftar fram. Og við, sem eldri erum hér í þessari d., í raun og veru þekkjum ekki aðeins þennan áhuga hans og fleiri, heldur málið allt í heild. Það er fyrir þá, sem síðar eru komnir í d. og kannske má álíta að hafi ekki fylgzt með þessu máli, að nokkurra skýringa þyrfti við. En ég hygg, að það, sem er kjarni máls, hafi komið fram fyrst og fremst í grg. fyrir því frv., sem hér er til umr., og svo í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. landbn.

Það eru að vísu nokkur stórveldi, sem hafa gefið sig fram til aðstoðar við þá hv. þm., sem mælt hafa gegn framgangi þessa máls, og hafa þeir verið tilnefndir. Það er landnámsstjóri og svo að sjálfsögðu rn. sjálft. Bréf kom frá rn., sem er harla síðbúið, ritað 28. og kom í hendur n. 29. febr. eða 1. marz, og gat að sjálfsögðu ekki komið til álita, þegar n. afgreiddi málið. En þetta bréf er nú þess eðlis, að sams konar efni hefur legið hérna fyrir, og er ekkert nýtt í þessu erindi rn. til landbn. Ég vil leyfa mér í örstuttu máli að taka fram aðeins örfá atriði.

Ríkissjóður bíður hnekki mikinn við sölu þessarar jarðar, segir minni hl. landbn. Ábúandinn í Álftagróf, sem setið hefur jörðina um 40 ára skeið, fer brott, ef af sölu jarðarinnar Holts verður, og ríkissjóður verður að greiða fyrir hús og önnur mannvirki, sem ábúandinn á á þessari jörð. Að sjálfsögðu eru orð ábúandans, sem koma fram í margnefndu bréfi rn., sem var lesið hér upp áðan, ekkert annað en fullkomin hótun við ríkisvaldið og eiganda jarðarinnar Álftagrófar, og eðlilega á ekki að taka nein mið af slíkri hótun, sízt í máli eins og þessu, sem er að sjálfsögðu fremur lítið mál að kalla, en er orðið stórvægilegt mál og raunar eitt af meiri háttar deilumálum á þingi og hefur verið undanfarin ár, eins og við vitum. Þessa hótun af hálfu ábúandans í Álfta-

gróf á ekki að taka til athugunar eða hafa nein mið af henni, eins og ég sagði áðan. Auðvitað getur bóndinn í Álftagróf, sem er kominn nokkuð til ára sinna, hætt búskap hvenær sem er, og um leið getur hann fengið og skyldað ríkið til þess að kaupa húseignir og önnur mannvirki. Hann getur gert það hvenær sem er, hvernig sem fer um jörðina Holt, þannig að þetta er mjög lítilvægt.

Þá er talað um það, að heiðar- og beitilönd yrðu nánast upp urin eða a. m. k. þannig með farin, að bóndinn í Álftagróf geti ekki lengur stundað beit fyrir búfé sitt á annarra landi. Það hefur nú ekki þótt og sízt á síðari árum mikið til þess koma, að einn bóndi hafi skefjalausan rétt eða tök á að beita annarra manna lönd. Og ég veit, að hv. 6. þm. Sunnl. þekkir slík mál frá upphafi til enda og allt þar á milli. Þess vegna er þetta mjög lítilvægt. Það er ekki hægt að skipta beitar- eða heiðarlöndum. Hvað þýðir það? Það þýðir það, að Álftagrófarábúandinn getur bara haldið áfram að beita þessi sömu lönd. Og þetta atriði einmitt, að það er ekki hægt að girða þessi mikilvægu heiðalönd Holts, gerir það að verkum, að það er vel búandi áfram á Álftagrófinni. Ég sé ekki betur. Enda er það mála sannast, að sá ágæti maður, sem ég þekki vel og að öllu góðu, bóndinn í Álftagróf, hann er einn af betri bændum ekki aðeins í sínum hreppi, heldur um alla sýsluna. Og ég man eftir því, að það var viðtal við hann í Morgunblaðinu fyrir nokkrum árum — ég ætlaði nú að lesa hluta úr því, en ég gat ekki náð í blaðið nægilega snemma — og eins viðtal við tengdason hans, að ég hygg, sem býr á jörðinni, sem er hinum megin við Álftagróf, þ. e. a. s. tengdamennirnir búa sitt hvorum megin, og Holt er þar á milli. Það kemur fram í þessu viðtali, að honum hafi mjög vel farnazt þarna í Álftagróf á alla lund og enginn ágreiningur hafi verið milli Holtsmanna og Álftagrófar alla þessa tíð. Þetta gefur okkur í skyn, að ekki sé líklegt, að ágreiningur verði uppi, þó að Holt verði selt, ágreiningur verði uppi með Álftagrófarmönnum og Holtsmönnum, og það er engin ástæða til þess að ætla, að svo verði. Sambeit þarna á þessum miklu heiðalöndum mundi halda áfram eins og ekkert hefði í skorizt. Um það þarf ekki að deila. Hver er þá undirrótin að þeirri andspyrnu, sem hefur verið gegn framgangi þessa máls? Skyldi það nú ekki vera, að tengdafólkið, annars vegar í Álftagróf og hins vegar á Felli, telji hagsmunum sínum betur borgið eftir en áður, ef Holtið yrði eyðijörð áfram og ég tala ekki um, ef enginn kæmi nærri þeirri jörð? Þetta er ákaflega mannlegt og liggur nærri að álykta, að sé hinn rétti undirtónn þessa máls. En ég hygg, að það séu fleiri en ég af þm. hálfu, sem telja þetta eiga að vera úrslitaatriði um framgang málsins.

Nú er það kunnugt eða ég hygg, að það sé rétt hjá mér, að Holt er að fornu mati mun stærri jörð heldur en Fellið annars vegar og Álftagrófin hins vegar, þó að báðar þær jarðir sitt hvorum megin við Holt séu mjög dýrar í mati og á þeim jörðum hafi alla tíð verið vel búið. Og meira að segja var Fell prestssetur um langa hríð. Ég man ekki, hvort þar var kirkjustaður. Ef vandkvæði einhver væru á að selja jörðina af hálfu ríkissjóðs frú Jóhönnu Sæmundsdóttur að því er varðaði hættu fyrir ríkissjóð, að ríkissjóður þyrfti að greiða skaðabætur, ef Klifandi rynni nú aftur yfir löndin með því, sem slíku mundi fylgja, aur og leðju, þá hygg ég, að það væri hægt og einfalt að setja inn í afsal, þegar að því kæmi, ákvæði, sem gæti varnað því, að ríkissjóður yrði fyrir fjárhagslegu tjóni af þeirri sök, þannig að þann brunn má hæglega byrgja.

Ég hygg nú, að hreppsnefndin í Dyrhólahreppi, sem skipuð er 5 úrvalsmönnum, sé mun líklegri til þess að gæta hagsmuna sveitarfélagsins heldur en okkur þm. hér er unnt. Þó að við værum allir af vilja gerðir, hygg ég, að hreppsnefndin mundi bezt geta sinnt því hlutverki. Og hún hefur látið álit sitt í ljós á þá lund einróma, að jörðin Holt verði látin af hendi af hálfu ríkissjóðs til frú Jóhönnu Sæmundsdóttur. Og það má geta þess, að í síðustu hreppsnefndarkosningum var Holtsmálið eitt af höfuðmálum í sambandi við kosninguna. Það er vitað bæði innan þess hrepps og utan og ekki síður vegna þeirra úrslita, sem urðu úr þeirri kosningabaráttu. Gefur það enn frekar auga leið, hvert við eigum að stefna, þegar við greiðum atkv. um þetta mál.

Það getur vel verið, að það séu fleiri undirtónar þessa máls en ég hef getið um, en ég ætla mér ekki að fara út í þau efni, enda tel ég varla ástæðu til þess. En lokaorð mín eru þau, að hagsmunir ríkissjóðs eru engan veginn í neinni hættu, enda hefur það verið venja hér á hv. Alþ., að jarðasölur úr hendi ríkissjóðs hafa átt greiðan gang um báðar deildir þingsins og yfirleitt ekki mætt neinni andstöðu að kalla af hálfu neins þm.

Þetta virðist vera orðið dálítið pólitískt mál, og það er nú oft svona um minni málin, sem við teljum svo, þurfa ekki að vera lítil, að þau geta orðið að stórum og verða það, þegar fer að hlaðast utan á þau. Og ég hygg, að svo gegni um þetta mál. En fyrst alls og síðast er þetta réttlætismál, að fólk fái aftur eignarhald á jörð, jörð, sem þetta sama fólk er tengt mjög sterkum böndum, og slíka aðstöðu eigum við Íslendingar vel að þekkja og við eigum líka að kunna að meta það. Og það er það manneskjulega í þessu máli, sem er kannske fremst alls og á að íhuga, þegar þetta mál er virt.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð í viðbót við það, sem ég hef áður sagt um þetta mál, en ég kem hér upp í stólinn aðeins vegna þess, að ég verð að segja, að mér sýnist það vera dálítið undarlega farið með staðreyndir í málinu, þegar það er talið vera rök, sem réttlæti sölu á jörðinni Holti, að tengdafólkinu í Álftagróf og Felli þyki á sig gengið og það sé verið að verja það sérstaklega með þessum hætti. Það má vel vera, að það megi lesa það út úr því, að svo sé, en eins og ég lagði höfuðáherzlu á áðan í ræðu minni, þá er það vitað, að þessar jarðir hafa þá afstöðu hver við aðra, að það eru langeðlilegustu eignarhöldin, að þær séu í einni eign. Og þó að talað sé þarna um allstórar jarðir, þá held ég, að það sé yfirleitt vitað mál, að í Mýrdal er frekar landþröngt. Þessar jarðir eru að fornu mati eitthvað um 1400 hvor jörð. Það þættu ekki alls staðar stórar jarðir, og við þekkjum það, að í slíku þröngbýli er miklu erfiðara um skipti fólksins og not landsins heldur en annars staðar er.

Ég gat um það í fyrri ræðu minni einnig, að afstaða hreppsnefndar til þessara sölumála hefði verið tvenns lags og hefði þar orðið breyting á við kosningarnar 1970. Hv. 4. þm. Sunnl. staðfesti það, að þetta mundi

vera rétt, þar sem hann sagði, að kosningarnar mundu hafa snúizt um Holtsmálið, og má telja með ólíkindum, að slík mál skuli hafa getað ráðið úrslitum við kosningar til sveitarstjórnar.

Ég ætla mér ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta málefni. Ég hygg, að ég hafi gert mönnum ljósa þá þætti, sem eru þess valdandi, að við í minni hl. leggjum til, að frv. verði fellt og salan verði ekki leyfð, og ég efast ekki um það, að alþm. í þessari hv. d. leitast við að haga atkv. sínu í samræmi við það, sem þeim þyki sannast og réttast í því efni.

Ég vil að endingu ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að það sé tryggt, að því fólki, sem nú býr í Nikhól, en sækist eftir að fá keypta eyðijörðina Holt, því hefur verið heitið afnotum af jörðinni með sama hætti og verið hefur, og ég hygg, að það ætti að vera fullnægjandi til þess að tryggja afnot þess í þeirri búskaparaðstöðu, sem það hefur nú.

Frsm. meiri hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika aftur það, sem ég tel að sé aðalatriði þessa máls. Um leið vil ég segja það, að ég tel, að raunar sé óeðlilegt í alla staði, að ríkið eigi eyðijarðir í sveitum, enda undirstrikuð stefna Alþ. á undanförnum árum, og alþm. hafa litið þannig á, að það væri eðlilegt, að ef óskað væri eftir kaupum á slíkum jörðum, þá stæði ríkið ekki í vegi fyrir þeim sölum. Og ég vil benda á eitt jarðasölumál, sem ekki alls fyrir löngu var afgreitt hér á Alþ. Það var jörð í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi. Þar hagaði þannig til, að það var einmitt fólk, sem átti uppruna sinn á þeirri eyðijörð, sem óskaði eftir kaupum á jörðinni, og það var talin eðlileg ósk, var talin eðlileg afgreiðsla, að ríkið stæði ekki í vegi fyrir því, að þetta fólk eignaðist þessa jörð.

Ég get ekki skilið þær röksemdir, að um ofbeit á þessari jörð geti verið að ræða frekar, ef hún er í eigu einstaklings heldur en ríkisins, þar sem sú ofbeit ætti alveg eins að geta orðið núna með sameiginlegri notkun, þegar jörðin er í leigu. Og ég vil undirstrika, að ég tel mikilvægast í þessu máli, að það er einmitt samþykkt sveitarstjórnarinnar, sem er punktur í svona málum að mínum dómi, og ég álít, að ef sveitarstjórnir óska einróma eftir því að fá keyptar eyðijarðir í eigu ríkissjóðs innan sinnar sveitar, þá eigi Alþ. alls ekki að standa í vegi fyrir því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, HK, BFB, EggÞ, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, TÁ, RA, BJ.

nei: ÞK, AuA, GH, JónÁ, JÁH, MJ, OÓ, SteinG.

StH greiddi ekki atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 588 og 600).

Frsm. meiri hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Það hefur áður verið flutt á 4 þingum og er því gamall kunningi hér á Alþ., en hefur aldrei náð samþykki. Er það nokkuð óvenjulegt um jarðasölufrv., því að sú hefur verið stefna Alþ. fram að þessu, að jarðir ættu fyrst og fremst að vera í eign bænda og sveitarfélaga.

Jörð sú, sem hér um ræðir, Holt í Dyrhólahreppi, var í eign og ábúð Þorsteins Einarssonar bónda þar til árið 1936, að ríkið keypti hana, vegna þess að fyrirhleðslur, sem ríkið gerði til þess að veita saman í einn farveg ánum Klifandi og Hafursá, voru taldar líklegar til þess að spilla svo Holtslandi, að þar yrði lítt eða ekki byggilegt. 36 ára reynsla af þessum framkvæmdum hefur hins vegar sýnt, að sá ótti var ástæðulaus. Ekkja Þorsteins Einarssonar hefur lífstíðarábúð á jörðinni, og hefur sonur hennar, Hörður Þorsteinsson bóndi á Nikhól í Dyrhólahreppi, mikill dugnaðarbóndi, sem ekki fær notið athafnasemi sinnar á smábýlinu Nikhól, haft afnot af Holti. En ef hann missti þessi afnot, þá væri búskap hans stefnt í hættu. Yrði það honum og sveitarfélaginu óbætanlegur skaði. Samkv. öllum venjum um jarðasölu ríkisins á Jóhanna Sæmundsdóttir, ekkja Þorsteins Einarssonar, sem bæði var eigandi og ábúandi Holts, fullan rétt á því að fá jörðina keypta og þarf ég ekki að færa frekari rök fyrir því en þau, sem þegar eru fram komin í þessu máli.

Þeir, sem beita andófi í þessu máli, hafa haft þau rök á oddi, að ríkið eigi jarðir sitt hvorum megin við Holtsland. Er þar annars vegar um að ræða hið forna höfuðból, Fell, sem var lengi prestssetur, en er nú í eyði, og hins vegar jörðina Álftagróf með eyðibýlinu Keldudal, en Álftagróf er setin af góðum bónda. Ég get enga ástæðu séð til þess, að ríkið þurfi endilega að eiga allar þessar jarðir fremur nú, þegar Fell er komið í eyði, heldur en áður, meðan Fell var í byggð. Ekki heyrðist þá getið um neina árekstra milli ábúenda þarna á þessum jörðum, og ég veit ekki til þess, að um neitt slíkt sé að ræða heldur nú. Hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur sent einróma meðmæli sín með því, að Jóhanna Sæmundsdóttir fái að kaupa Holt og tryggja þannig, að

þessi gamla ættarjörð komist á sínum tíma í eign niðja hennar og Þorsteins Einarssonar.

Ég tel, að síðan ég kom á þing, hafi fá eða engin, ég hugsa engin, jarðasölufrv. átt meiri rétt á því að ná fram að ganga heldur en þetta frv. Og þess vegna vona ég núna, að það fái góðan byr gegnum þessa hv. d. eins og það fékk í gegnum Ed.

Landbn. hefur haft frv. til athugunar. Meiri hl. n., 5 af 7 nm., mælir með samþykkt þess, og er álit n. prentað á þskj. 588. Minni hl., 2 nm., hefur gefið út sérstakt minnihlutaálit og mun minni hl. gera grein fyrir sinni skoðun í málinu.

Frsm. minni hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. n., þá er frv. þetta ekki nýr gestur hér í þingsölum, og áður hefur það verið flutt á a. m. k. 4 þingum. Frv. varð eigi útrætt fyrr en á síðasta Alþ., en þá var það fellt í hv. Ed. Það er því ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að frv. þetta hafi ekki hlotið afgreiðslu hér á þingi áður. Þetta rangherми er einnig í grg. frv. og í fskj. með frv.

Það er út af fyrir sig nýlunda, að jarðarsölumál skuli valda deilum í Alþ. og vera flutt þing eftir þing til þess að freista þess að fá það samþykkt. Yfirleitt er það svo með mál sem þetta, að þau mál eru einföld og hafa þótt sjálfsögð, ef ekki eru sérstakir meinbugir á. Nauðsynlegar forsendur hafa þó jafnan þótt þurfa að vera fyrir hendi til þess að slík frv. væru samþykkt. Ber þar fyrst að nefna, að samstaða sé um málin heima fyrir. Í annan stað, að fyrir liggi meðmæli jarðeignadeildar ríkisins, og í þriðja lagi, að berist jákvæð umsögn Landnáms ríkisins. Þessar þrjár meginforsendur hafa jafnan verið hafðar í huga og höfð hliðsjón af þeim við afgreiðslu slíkra mála hér á hv. Alþ.

Nú er það svo með það frv., sem hér liggur fyrir, að að þessu sinni liggur fyrir einróma álit viðkomandi sveitarstjórnar, þar sem mælt er með sölu jarðarinnar. Þetta hefur ekki gerzt áður og hafði fyrr á þingum þegar þetta mál var á dagskrá, verið ýmist neikvætt eða klofið álit sveitarstjórnar.

Þá fylgir hér með prentað sem fskj. með nál. okkar minni hl. n. álit landbrn., undirritað af Sveinbirni Dagfinnssyni, þar sem mælt er gegn sölu, en jarðeignadeildin hefur jafnan mælt gegn sölu þessarar jarðar. Það verða að teljast glöp hjá okkur í hv. landbn., og á ég þar ekki síður sök en aðrir nm., að hafa hér ekki á takteinum nýtt álit frá Landnámi ríkisins. Að vísu liggur fyrir gamalt álit frá fyrrv. landnámsstjóra, en að þessu sinni var kannske meiri ástæða en nokkru sinni áður til þess að leita eftir áliti þessarar stofnunar, vegna þess að á síðasta ári voru samþ. ný lög um Landnám ríkisins undir lagabálknum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. Í þessum nýju lögum er breytt um stefnu í þeim málum, er snerta starfssvið Landnáms ríkisins, að verulegu leyti. Það er horfið frá þeirri landskiptastefnu og smábýlastefnu, sem áður hafði gilt, og horfið að því meginmarkmiði að freista þess að haga svo gerðum, að það megi verða til þess að treysta byggðina og vinna þá fremur að því að sameina jarðir en sundra þeim til þess að búseta megi verða sem öruggust og traustust. Þetta er megintónninn í hinum nýju lögum um Landnám ríkisins.

Í þessum nýju lögum er Landnámi ríkisins fengið það verksvið í hendur að koma á skipulagi í sveitum, sem miði að þessu markmiði. Í sambandi við eyðijarðir er þar einnig kveðið svo á, að samþykki Landnáms ríkisins þurfi til þess að eyðijörð skuli endurbyggð eða að eyðijörð, sem endurbyggð er, nýtur ekki framlaga og lána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins nema til komi samþykki Landnámsins. Enn fremur er þar lagt á herðar Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar að meta það, hvort það hafi æskileg áhrif á viðkomandi byggðarlag að sala jarðar fari fram, hvort hún verði endurbyggð að nýju eða hvort hún skuli sameinuð nágrannajörð eða nágrannajörðum. Þessi stefnubreyting í lagakaflanum um Landnám ríkisins er vissulega þess eðlis, að ástæða hefði verið til að taka hana til nánari athugunar í sambandi við þetta mál og leita eftir umsögn Landnáms ríkisins um það að nýju.

Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. gat um, að n. varð eigi sammála um þetta mál, og svo hefur verið á öllum þeim þingum, sem það hefur verið flutt á, að eigi hefur verið samstaða um málið. En hvað er það þá, sem liggur til grundvallar því, að þessi samstaða hefur ekki tekizt og við tveir þm. eða ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. höfum séð ástæðu til þess að leggja til, að frv. þetta verði fellt?

Svo hagar til á þessum stað, að hér er um samliggjandi þrjár ríkisjarðir að ræða. Á einni jörðinni er búið og eftir því, sem ég bezt veit, munu þar vera tveir ábúendur, sem jafnframt hafa ábúð á jörðinni Felli, sem einnig er í þessari torfu. Eyðijörðin Holt liggur á milli þessara tveggja jarða, og ef um sölu hennar yrði að ræða, væri rekinn fleygur í þetta land, þannig að það yrði klofið í sundur. Þó er sagt að vísu, að þessu landi sé svo hagað, að eigi sé unnt að koma við eðlilegum landskiptum á beitilandi jarðanna, sem er sameiginlegt, og það megi eigi með girðingu skilja það í sundur, svo að með eðlilegum hætti sé. Það er því ljóst, að það er óhyggilegt að selja þennan fleyg úr þessari þriggja jarða torfu, sem þarna er sameiginleg. Hv. frsm. meiri hl. n. gat þess, að á jörðinni Nikhól, sem er nokkuð fjarri þessum jörðum, búi sonur Jóhönnu Sæmundsdóttur, Hörður Þorsteinsson, og sé mikill dugnaðarbóndi. Ekki skal kastað rýrð á dugnað þessa manns eða búumsvif hans. En þau mæðgin hafa haft afnot af eyðijörðinni Holti síðan hún var seld ríkinu. Þessara afnota eiga þessi mæðgin kost áfram með leigusamningi, og þarf því ekki að raska búrekstraraðstöðu þessa manns, þó svo að frv. þetta verði fellt.

Það er hins vegar svo, að ef þarna yrði um sölu að ræða og landskipti með öllum þeim annmörkum, sem lýst hefur verið á framkvæmd þeirra, þá má búast við, að það geti leitt til þess að skerða verulega búrekstraraðstöðu þeirra manna, sem búa á nágrannajörðinni Álftagróf. Ég hygg því, að það séu engin tvímæli á því, að ef leitað hefði verið eftir áliti Landnáms ríkisins í þessu máli, þá hefði það í samræmi við nýsett lög frá Alþ. 1971 mælt gegn því, að þessi sala fari fram. Enn er þó tækifæri á milli 2. og 3. umr. að leita eftir því, hvernig sú umsögn mundi hljóða, og þætti mér ástæða til þess, að það yrði gert, ef frv. verður ekki þegar fellt hér við 2. umr.

Mál þetta, sem svo lengi hefur verið að velkjast hér í þingsölum, hefur verið sótt af óvenjulegu harðfylgi af hálfu annarra aðila. Nú skal því ekki hallmælt, þó að

þeir menn, sem sækja þurfa mál til Alþ., reyni að hafa áhrif á, að þau fái þann framgang, sem þeim þykir sér henta. Hins vegar er það svo, að hv. alþm. hljóta og verða að halda sjálfstæði sínu fyrir slíkri ásókn og meta mál af fullri skynsemi eftir því, sem þeim þykir, að sé sannsýnilegt hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál frekar, svo kunnugt sem það er. En ég tel, að það sé óhyggilegt frá búrekstrarsjónarmiði þessara jarða, sem þarna eiga hlut að máli, að þetta frv. verði samþykkt. Ég vitna til þess, að í umsögn Sveinbjörns Dagfinnssonar er sagt, að telja verði, að jarðeigandá, sem í þessu tilliti er jarðeignadeild ríkisins, beri skylda til að taka tillit til hagsmuna ábúandans í Álftagróf, sem þar hefur dvalið allan sinn aldur og rekið búskap í hartnær 40 ár. Og það er jafnframt augljóst, að jarðeigandi, sem á þrjár samliggjandi jarðir, verður að haga svo sínum gerðum, að það bitni ekki á þeim, sem býr á hluta af þessum jarðeignum.

Hv. frsm. meiri hl. n. sagði það réttilega, að það hefði á undangengnum árum verið svo, að flest jarðasölufrv. hefðu fengið jákvæða afgreiðslu. Það er einnig mín skoðun, að svo eigi fram að halda. Það er mín skoðun, að svo bezt sé hagur bænda tryggður, þeirra, sem nytja landið og búa á því, að þeir eigi eignarhald á því sömuleiðis. En það á ekki að gerast í þeim tilvikum, þegar sérstakir meinbugir eru á sölu slíkra jarða, svo sem þeirrar, er hér um ræðir. Með hliðsjón af því, sem ég hef hér að framan rakið, þá legg ég til fyrir hönd minni hl. n., að frv. verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. v., hefur nú haldið hér langa framsöguræðu fyrir nál. sínu og komið allvíða við. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta í viðbót við það, sem ég áðan sagði, en vil þó minna á vissar staðreyndir. Hann byrjaði á því að rekja það, að umsagnir um þetta frv. frá jarðeignadeild ríkisins hafi jafnan verið neikvæðar og jafnvel frá Landnáminu, og það væri ekki venja, að þm. gerðu samþykktir, sem ekki væru í samræmi við slíkar umsagnir. Ég held, að þetta sé mesti misskilningur. Umsagna er ekki fyrst og fremst leitað til þess, að þm. séu með því að skapa sér vissa skoðun á málinu eða láta umsögnina ráða fyrir um það, hvernig þeir greiði atkv., heldur eru þeir að kynna sér ýmis atriði í málum með því að leita umsagnanna. Og umsagnir, sem berast, eru ekki nærri alltaf samhljóða. Hv. alþm. greiða atkv. eftir samvizku sinni hér á þingfundum, en ekki eftir því, hvernig einhverjir, sem hafa verið spurðir um álit á málunum, hafa lagt til, að þau yrðu afgreidd. Það er alger misskilningur, að þm. séu nokkurn hlut bundnir við umsagnir, sem berast frá ýmsum stofnunum, og jafnvel þó að þær séu ríkisstofnanir.

Þá gat hann þess, að í nýjum lögum um Landnám ríkisins sé orðin stefnubreyting, það sé horfið frá smábýlastefnu og nú sé stefnt að því að stækka býlin og auka möguleika til þess að bændur geti búið stórum búum. Ég álít, að þessi stefna sé alveg hárrétt, og er hv. frsm. algerlega sammála um þessa stefnu. Hún er rétt. Við eigum að hverfa frá mjög smáum búum. En nú stendur þannig á þarna í Mýrdalnum í þessu efni, að bóndi sá á Nikhól, sem ég hef minnzt á og er afkomandi Þorsteins Einarssonar og Jóhönnu Sæmundsdóttur, býr á smárri jörð, en býr hins vegar stórbúi af miklum dugnaði, og það byggist m. a. á því, að hann nýtur ættarjarðar sinnar Holts, meðan móðir hans er á lífi, vegna þess að hún hefur lífstíðarábúð á jörðinni. En um leið og þessi aldraða kona dæi, væri þessi réttur fyrir bí. Og þá mætti gera ráð fyrir því, að þessi dugnaðarbóndi yrði annaðhvort að draga mjög saman búskap eða hverfa algerlega frá búskap. Hreppsnefndin í Dyrhólahreppi sér þessa hættu og mælir þess vegna eindregið með því, að Jóhanna Sæmundsdóttir fái að kaupa jörðina.

Það eru líka önnur rök, sem mæla mjög með í þessu máli. Þau eru ekki fjárhagslegs eðlis, þau eru hreinlega siðferðislegs eðlis. Ég get ekki annað séð en Jóhanna Sæmundsdóttir eigi fullkomlega siðferðislegan rétt á því að fá þessa ættarjörð sína keypta, þegar við hér á Alþ. samþykkjum hvert jarðasölufrv. yfirleitt um það að selja bændum jarðir, sem aldrei hafa átt nokkurt tilkall til þeirra samkv. ættartengslum eða fyrri ábúð. Þess vegna finnst mér það mikið óréttlæti að neita þessu fólki nú, að það fái að kaupa þessa jörð. Hann segir, að með sölunni yrði rekinn fleygur inn í einhverja torfu ríkisins. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Ég veit ekki til þess, að þarna hafi nokkurn tíma verið um nokkra sérstaka torfu að ræða, sem ríkið á þar. Ríkið átti Fell og Álftagróf, sem lágu sitt hvorum megin við Holt. Holt var ekki í þessari torfu. Það var sérstök eign, þó að beitiland hafi verið óskipt eins og víða er enn í dag. Þarna eru óskipt beitilönd. Það er sjálfsagt erfitt að skipta þeim, sem oftast nær hefur nú tekizt að skipta jörðum, þegar það hefur verið reynt.

Ég veit, að þarna liggur Holt á milli tveggja ríkisjarða, en ég sé enga ástæðu til þess, að allt þetta svæði þurfi endilega að vera ríkiseign, úr því að við höfum yfirleitt haft þá stefnu, að bændur ættu að eiga jarðirnar. Hann segir, að Jóhanna Sæmundsdóttir eigi kost á leigusamningi. Hún hefur leigusamning, lífstíðarábúð á jörðinni, lífstíðarábúðarrétt á jörðinni, og ég geri ekki ráð fyrir, að hún geti átt kost á neinu öðru heldur en þessum lífstíðarábúðarsamningi eða ég veit ekki til þess.

Þá segir hv. 5. þm. Norðurl. v. um Álftagrófarmenn, að hagsmunir þeirra mundu mjög skerðast við það, ef Holt yrði selt. Þetta þykir mér alleinkennileg röksemdafærsla, þar sem þeir hafa aldrei haft nein afnot af Holti. Þeir hafa aldrei haft nein afnot af Holti, þessir ágætu menn. Þeir búa í Álftagróf og Keldudal, en til viðbótar hafa þeir svo fengið til ábúðar eða afnota höfuðbólsjörðina Fell. Og ég get ekki annað séð en þeir hafi þarna góða möguleika til þess að búa á þessum jörðum öllum, Álftagróf, Keldudal og Felli, þó að þeir fái ekki Holt einnig til viðbótar, svo að ég held ekki, að hagsmunir þeirra séu á nokkurn hátt skertir, því að þeir hafa aldrei haft afnot af þessari jörð. Ég vildi benda hv. alþm. á það, að hér er ekki um neina hagsmunaskerðingu að ræða gagnvart Álftagrófarmönnum. Þeir hafa alla sömu möguleika eftir sem áður, sem þeir hafa haft.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta mál, en ég vænti þess, að hv. alþm. líti á þau rök með skilningi, sem ég hef hér flutt um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem þegar er. Það voru þó örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Sunnl. Hann taldi, að þm. ættu ekki að móta skoðanir sínar í samræmi við umsagnir, sem berast um mál, og ég tel rétt að taka það skýrt fram af minni hálfu, að vitaskuld móta þm. ekki skoðanir sínar einvörðungu í samræmi við umsagnir, enda umsagnir ekki alltaf samhljóða. Ég geri ráð fyrir því, að flestir líti svo á, að hér sé um smámál að ræða. Um slíkt smámál, eins og sölu á einni eyðijörð, hafa þær umsagnir, sem leitað er eftir, verulegt gildi. Þar er ekki verið að tala um almenna skoðun viðkomandi þm. á því, hvort skuli selja jarðeignir ríkisins eða ekki. Við höfum báðir tekið það fram, ég og hv. 2. þm. Sunnl., að við teljum það eðlilega þróun og jákvæða fyrir landbúnaðinn í heild, að bændur skuli almennt eiga jarðir sínar. En þegar um einstakt tilvik er að ræða, þá skiptir nokkuð miklu máli, að umsagnir þær, sem berast frá þeim stofnunum, sem kanna þessi mál sérstaklega, séu jákvæðar, ef maður vill samþykkja viðkomandi frv.

Hv. þm. sagði, að með því að selja þessa jörð væri verið að styrkja búskap á Nikhól. Því hefur þegar verið lýst, að Jóhanna Sæmundsdóttir hefur lífstíðarábúð á þessari jörð, og því hefur einnig verið lýst, að sonur hennar Hörður muni geta fengið hana til ábúðar. Þetta er því ekki alls kostar rétt. En þá þótti nú hv. þm. heldur slá í baklás fyrir mér, þegar ég taldi, að með þessu háttalagi kynni að skerðast búrekstraraðstaða í Álftagróf. En svo er, að ef jarðeignadeild ríkisins á jörðina áfram, getur landsdrottinn haft hemil á því, að ekki sé of sett í landi Holts, sem er óskipt frá landi Álftagrófar. Sé hins vegar um sölu að ræða, þá er enginn landsdrottinn, sem getur haft vald á þessu. Það er þetta atriði, sem einkanlega er haft í huga, þegar til þess er horft, að með sölu þessarar jarðar kunni að skerðast búrekstraraðstaða þeirra Álftagrófarbænda. (Gripið fram í.) Eftir því, sem segir í umsögn jarðeignadeildar ríkisins, er það svo torvelt verkefni, að það sé nær ógerlegt.

Mér þótti gaman að heyra hv. 2. þm. Sunnl. tala hvað eftir annað um jörðina Keldudal. Þetta býli hefði ég ánægju af að fá vitneskju um, hvenær þar hefur verið búið. Ég hygg, að það sé nokkuð langt síðan og ég hefði einnig gaman af að fá upplýsingar um það, hvað þetta býli, sem hv. frsm. meiri hl. n. nefnir Keldudal, sé stór jörð. Ég hygg, að hér sé um slíkt smákot að ræða, að ekki taki því að nefna það í þessu sambandi. En hv. frsm. meiri hl. talar um það hvað eftir annað eins og þarna sé um þýðingarmikla jörð að ræða, sem þeir Álftagrófarbændur hafi til sinna umráða og þurfi þess vegna allsendis ekki meira.

Hv. þm. talar um, að það væri fjarri því, að með því að selja þessa jörð, Holt í Dyrhólahreppi, væri verið að reka nokkurn fleyg á milli tveggja ríkisjarða. Í næstu setningu segir hann svo, að það sé auðvitað rétt, að jörðin Holt sé á milli tveggja ríkisjarða, og er þarna vissulega veruleg þversögn í.

Það væri vitaskuld mjög æskilegt og sjálfsagt að leita eftir því að finna aðra lausn á þessu máli heldur en þá, sem hér er stefnt að. Ef svo er, sem fullyrt er og ég dreg ekki í efa, að jörðin Fell sé eyðijörð og nytjuð frá Álftagróf, þá væri ekki ólíklegt, vegna þess að jörðin Fell liggur nær Nikhól, að þar mætti fá land til afnota og jafnvel selja land til bóndans á Nikhól. Það land liggur nær og er miklu hentugra til þess að bæta búrekstraraðstöðu þess bónda, og mætti þá kannske svo fara, að allir aðilar gætu vel við unað. Ég hygg, að réttara væri, á meðan það mál er ekki að fullu kannað, að þá ætti bóndinn á Nikhól að láta sér nægja að hlíta þeim kostum, sem hann þegar getur fengið með fullu samþykki landsdrottins, að fá leigusamning á þessari jörð og leita síðan í framhaldi af því eftir heppilegra skipulagi á þessum málum. Það er í sjálfu sér leiðinlegt, að slík tilfinningamál, sem þetta mál virðist vera orðið, skuli þurfa að reka hér á fjörur Alþingis og koma þar til ákvörðunar þing eftir þing, og væru miklu sæmra, ef unnt væri að leysa slík mál með fullu samkomulagi allra þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Og það hygg ég, að kynni að geta gerzt með því að hafa þarna eins konar makaskipti á landi.

Frsm. meiri hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að taka til yfirvegunar nema eitt af þessu, sem hv. þm. var að segja seinast, aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á. Hann lét eiginlega að því liggja, að ég hefði búið þarna til eina jörðina í viðbót, jörðina Keldudal. Ef hann lítur í fasteignamatið, jarðamatið, þá mun hann sjá það, að Álftagróf er metin með Keldudal, og ég get sagt honum það, að ég þekki hóp af fólki, sem er fætt og uppalið í Keldudal. Jörðin er að vísu lítil, það efast ég ekki um, en mér fannst engin ástæða til þess að leyna því, að þarna er um jörð að ræða, sem hefur lagzt undir Álftagróf. Ég er ekki að telja það eftir á nokkurn hátt. Ég get vel unnt bóndanum í Álftagróf að hafa fengið að njóta þeirrar jarðar. Og ég sé ekki, að bóndinn í Álftagróf sé rændur neinum búskaparmöguleikum í sambandi við Holt. Eins og ég sagði áðan, hefur hann aldrei haft neinar nytjar af Holti. Ég veit ekki, hvort hann hefði heldur nokkurn áhuga á að hafa þau afnot, ég hef aldrei orðið þess var, og ég sé ekki, að hann sé rændur neinum möguleikum. Ef einhverjir erfiðleikar eru þarna í sambandi við samgang á milli Fells og Álftagrófar, vegna þess að Holtsland liggur þarna inn á milli, þá hafa slík mál iðulega verið leyst með góðu samkomulagi. Ef samkomulag er ekki, þá eru girðingalögin, sem koma til greina. Þá er að girða á milli jarðanna, skipta þeim og girða á milli þeirra. Og ég trúi því ekki, — ég skal að vísu játa, að ég er ekki svo staðkunnugur þarna, — en ég þekki hvergi svo landamæri á milli jarða, að það sé ekki hægt að girða þar á milli, svoleiðis að ég sé enga meinbugi á þessu af þeim ástæðum, sem hv. frsm. taldi upp.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það má nú raunar segja það, að þær umr., sem hafa farið hér fram á milli hv. frsm. meiri og minni hl. landbn., ættu að geta dugað í umr. um þetta mál. Ég skal viðurkenna það, að þegar við ræddum þetta mál í landbn., þá var afstaða mín til málsins, a. m. k. framan af, mjög tvíráð, og einfaldlega fyrst og fremst vegna þess, að hérna var um mál að ræða, sem ég hafði engin persónuleg kynni af og þekkti sáralítið til. Og svo hlýtur ætíð að fara, þegar við erum að ræða um mál eins og þessi, sölu á jörðum hingað og þangað um landið. Það eru í flestum tilfellum ekki nema einstakir þm., sem hafa aðstöðu til þess að dæma

um þessi mál af fullkominni þekkingu nema þá því aðeins, að þeir fari á staðinn, kynni sér þær jarðir, sem um er að ræða, og ræði við það fólk, sem þarna á hlut að máli, og kynni sér skoðanir þess. Þess vegna hefur þingið haft þann hátt á ætíð, þegar þessi mál hafa verið hér til meðferðar, að vísa þessum frv. til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og Landnámsins. Og ég held, að í allflestum tilfellum, a. m. k. sem ég man eftir, hafi landbn. farið eftir umsögnum þessara aðila og eftir meðmælum þeirra um sölu þessara jarða. En nú bregður svo við, að við fáum umsögn frá jarðeignadeild ríkisins, þar sem eindregið er lagzt gegn því, að orðið verði við sölu á þessari jörð. Og ég segi það alveg eins og er, að afstaða mín til málsins mótast fyrst og fremst af þessari umsögn jarðeignadeildarinnar. Eiginlega má segja, að hún mótist einvörðungu af henni.

Í umsögninni kemur fram, að rn. telur, að verði orðið við beiðni um sölu þessarar jarðar, geti af því skapazt ýmiss konar vandamál, sem rangt væri að stofna til. Ég skal nú ekki fullyrða um, hvaða vandamál muni vera hér um að ræða. Það má vera, að það sé einhver persónulegur ágreiningur heima í héraði, að þetta geti orðið til þess að skapa kannske enn þá meiri nágrannakryt, enn þá meiri óvild á milli nágranna en er e. t. v. þegar orðin. Ég vil helzt ekki gera mig dómara í slíku máli. Og ég vil benda á það, sem segir í umsögn Sveinbjörns Dagfinnssonar, að það sé skoðun rn., að með því að heimila syni Jóhönnu Sæmundsdóttur með leigusamningi varanleg afnot Holts sé hægt að tryggja honum fullnægjandi not af jörðinni, eða sem sagt öll þau not, sem hann hefur af þessari jörð nú í dag. Ég get ekki betur séð en þessi maður, — hann var nefndur hér með nafni áðan, en ég man ekki nafn hans á stundinni, — gæti jafnvel fengið erfðafestu á þessu landi, og ég tel, að hann sé þá fullkomlega jafnvel settur með þeim hætti eins og það, þó að hann hefði eignaraðild að jörðinni. Það er a. m. k. mín skoðun, að það er í mörgum tilfellum ekkert verra fyrir bændur að búa í erfðaábúð heldur en eiga jarðir sínar sjálfir, þó að ég kjósi það náttúrlega helzt, að þeir eigi ábýlisjarðir sínar.

En sem sagt, afstaða mín til þessa máls mótaðist einvörðungu af þeirri umsögn, sem liggur fyrir þinginu frá hinu háa landbrn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66., 67., 68. og 69. fundi í Nd., 26. og 27. apríl og 3. og 4. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 9. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:10 atkv.

2. gr. samþ. með 23:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:5 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 770).

---

82. Dýralæknar.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna [231. mál] (þmfrv., A. 487).

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., þá hefur landbn. Nd. flutt þetta frv. að beiðni landbrh., en nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem síðar munu koma fram. Annars er þetta mál þannig til komið, að oddvitarnir í Svarfaðardalshreppi og Árskógsstrandarhreppi ásamt sveitarstjóranum á Dalvík hafa beðið um flutning á þessu máli. Hér sem fskj. fylgir yfirlýsing frá yfirdýralækni ásamt dýralækni á Akureyri, Guðmundi Knútsen, þar sem þeir mæla með því, að þetta frv. verði samþ., en 1. gr. frv. er þannig, með leyfi forseta:

„1. gr. Í stað 11. liðar 2. gr. laganna komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir gr. samkv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur.

12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur."

En það, sem kemur fram í umsögn þessara lækna, yfirdýralæknis og dýralæknisins í þessu umdæmi, Vestur-Eyjafjarðarumdæmi, er, að þetta umdæmi eins og það er er mjög stórt og bústofn í hinu nýja, fyrirhugaða dýralæknisumdæmi, að sögn yfirdýralæknis, yrði um 11 þús. fjár, 1600 nautgripir og 250 hross. Á Dalvík er sláturhús, sem þessi Guðmundur Knútsen á Akureyri hefur verið eftirlitsmaður með, en hann er líka eftirlitsmaður með sláturhúsinu á Akureyri og hefur þar meira en nóg verkefni í sláturtíðinni. Það hefur verið þannig á undanförnum árum, vegna þess hve þetta dýralæknisumdæmi, Vestur-Eyjafjarðarumdæmi, er stórt og annasamt, að um margra ára bil hefur verið maður úti í Svarfaðardal, sem hefur þó ekki lækningaleyfi, sem hefur reynt að hlaupa í skarðið, þegar ekki hefur vegna anna eða færðar verið hægt að ná í dýralækni á Akureyri.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð hér að þessu sinni fleiri. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 487, n. 540).

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál var að beiðni hæstv. landbrh. flutt af landbn. N. hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess, en þegar málið var til umr., komu fram tilmæli um það að athuga um breytingu á því, þ. e. a. s.: það yrði komið með þá brtt. að stofna nýtt dýralæknisumdæmi á milli sanda í Skaftafellssýslu. Málið lá nú ekki nógu vel fyrir, þegar við afgreiddum þetta, en af þeirri ástæðu, að við vissum, að það mundu koma fljótlega gögn um þetta mál, og þau liggja nú fyrir, þá áskilur n. sér rétt til þess að koma með brtt. fyrir 3. umr., en leggur sem sagt að öðru leyti til, að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 487, 629).

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Landbn. hefur flutt brtt. við frv. þetta og er sú brtt. prentuð á þskj. 629. Brtt. er við 1. gr. og um það, að aftan við gr. bætist ný mgr., sem hljóðar þannig:

„Í stað 17. liðar, sem verður 18. liður sömu lagagr., komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir gr. samkv. því:

18. Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.

19. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur."

Breyt., sem till. felur í sér, er sú, að settur verði dýralæknir fyrir hreppana austan Mýrdalssands og vestan Skeiðarársands, eða milli sanda, eins og það er kallað. Það eru 5 hreppar, þar verði sett dýralæknisumdæmi með aðsetri dýralæknisins á Kirkjubæjarklaustri. Það var um það leyti, sem 2. umr. um þetta frv. fór fram hér, að landbn. barst bréf frá oddvitunum á þessu svæði þarna milli sanda, og vil ég leyfa mér að lesa bréfið, svo að þm. viti, hvað um er að ræða:

„Við undirritaðir oddvitar Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvallar-, Skaftártungu- og Álftavershreppa í Vestur-Skaftafellssýslu beinum þeirri eindregnu áskorun til Alþ., að það samþykki stofnun dýralæknishéraðs, sem nái yfir sveitirnar austan Mýrdalssands í Vestur-Skaftafellssýslu. Enginn dýralæknir er búsettur í Vestur-Skaftafellssýslu, en sá, sem á að þjóna henni, hefur aðsetur í Skógum í Rangárvallasýslu. Fyrir bændur austan Mýrdalssands er mjög oft ómögulegt að ná til hans, eins og glöggt sést af því, að þar er um svipaðar vegalengdir að ræða og ef Rangæingar yrðu að sækja dýralæknisþjónustu til Reykjavíkur. En þar að auki eru samgöngur oft erfiðar, sérstaklega yfir Mýrdalssand og símasamband við Skóga mjög ófullkomið. Það hefur orðið bændum í þessum sveitum til hjálpar, að fengizt hefur laginn maður til þess að aðstoða bændur og útvega lyf. En hann er orðinn fullorðinn og treystir sér vart til að sinna því lengur, og mun þá skapast algert neyðarástand, þar sem vonlítið er að fá annan slíkan. En skepnur yrðu oft dauðar, áður en til dýralæknis næðist, ef sækja ætti hann út að Skógum, auk þess mikla kostnaðar, sem það hefði í för með sér fyrir bændur.

Við væntum því þess, að Alþ. sjái sér fært að verða við þessari beiðni.

Seglbúðum, 13. apríl 1972.
Bjarni Bjarnason.
Loftur Runólfsson.
Jón Helgason.
Valur G. Oddsteinsson.
Jón Gíslason.

Til landbn. Nd. Alþingis."

Þegar landbn. hafði fengið þetta bréf, þá sendi hún það til umsagnar yfirdýralækni, og ég hef hér í höndum umsögn hans, sem er dags. 22. apríl þessa árs.

„Mér hefur borizt til umsagnar erindi 5 oddvita í Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem þeirri áskorun er beint til Alþ., að sérstakt dýralæknisumdæmi verði stofnað austan Mýrdalssands í Vestur-Skaftafellssýslu. Eins og bent er á í erindi þessu, hafa bændur í þeim 5 sveitum, sem hér um ræðir, verið mjög afskiptir um dýralæknisþjónustu og eru raunar enn vegna fjarlægðar frá aðsetri héraðsdýralæknis, sem nú er að Skógum. Gripafjöldi í þeim sveitum, sem hér um ræðir, var í ársbyrjun 1971 eins og hér segir:

Nautgripir voru 1087, sauðfé 31841, hross 566. Sláturhús er að Kirkjubæjarklaustri og þar er einnig frystihús, og hefur á stundum reynzt erfitt að fá menn til að annast þar lögboðna heilbrigðisskoðun á sláturfé. Vissulega væri því æskilegt, ef fært þætti að stofna dýralæknisumdæmi, sem næði yfir sveitir Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

Virðingarfyllst.
Páll A. Pálsson.

Til landbn. Nd. Alþingis."

Þegar n. hafði borizt þessi umsögn, þá varð hún sammála um að flytja þá brtt., sem hér er fram lögð á þskj. 629. Þess skal þó getið, að ekki voru allir nm. á þeim fundi, þegar þessi samþykkt var gerð. Áður hafði ég haft samband við hæstv. landbrh. og látið hann vita um þessa beiðni oddvitanna austan Mýrdalssands, og hann tjáði mér, að hann mundi ekki beita sér gegn því, að brtt. af þessu tagi yrði samþ. hér.

Ég held, að það sé óþarft fyrir mig að hafa um þetta mál fleiri orð. Þessi bréf, sem ég hef lesið, skýra fyllilega þetta mál fyrir hv. alþm., svo að ég get ekki gert það betur.

ATKVGR.
Brtt. 629 samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 640).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 640, n. 700).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð, þegar ég mæli fyrir nál. landbn. um þetta frv. til l. um breyt. á l. um dýralækna. Frv. er komið frá Nd. og hefur verið þar einróma afgreitt bæði af n. og í d., og landbn. varð sammála um það að mæla með, að það yrði samþ. eins og það liggur fyrir hér í þessari hv. d. Þær breyt., sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um dýralækna, eru fólgnar í því, að tveimur umdæmum dýralækna, annað er í Eyjafirði, hitt í Skaftafells- og Rangárvallasýslu, verði skipt í tvö héruð og hefur landbn. þessarar d. eins og Nd. fallizt á, að þetta sé réttmætt og eðlilegt, og n. hefur kynnt sér það, að á þessum stöðum er það mikið verkefni fyrir dýralækna, að fullkomin þörf er á því, að þessi breyt. sé gerð á dýralæknalögunum.
Að svo mæltu vil ég endurtaka það, að landbn. mælir með því, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

---

83. Sala Markúsarsels, Tunguhlíðar og Veturhúsa í Geithellnahreppi.

Á 31. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi [150. mál] (þmfrv., A. 287).

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi hafa árum saman verið í eyði. Þetta eru dalajarðir, sem liggja við afréttirnar ofan byggðarinnar, eins og hún er nú. Hreppsnefnd Geithellnahrepps telur eðlilegt, að hreppurinn eignist jarðirnar, svo að haga megi nytjum þeirra með því móti, sem bezt samrýmist þörfum hreppsbúa. Hefur hreppsnefndin farið þess á leit að fá jarðirnar keyptar, en flm. þessa frv. fallast á sjónarmið hreppsnefndarinnar og leggja til, að hv. Alþ. heimili að selja hreppnum jarðirnar.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 638).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta mál. N. sendi það til umsagnar eftir venjulegum leiðum landbrn. og Landnámi ríkisins. Umsagnir þessara aðila eru prentaðar með nál. á þskj. 638 sem fskj. Báðir þessir aðilar mæla með því, að heimildin verði veitt. Eins og þar kemur glögglega fram, liggja þessar þrjár jarðir inn til dala og hafa verið notaðar sem afréttar- og beitilönd, og ég hygg, að ástæðan til þess, að hreppsnefnd fer fram á það nú að fá þessar jarðir keyptar, sé sú, að það hefur borið nokkuð á því, að einstaklingar sækja eftir þessum jörðum til kaups, en hreppsnefndin telur eðlilegra, að sveitarfélagið eigi þær, með tilliti til þess, að ekki er fyrirsjáanlegt, að af þeim verði önnur almenn not en til afréttar. Landbn. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hreppsnefnd Geithellnahrepps hefur farið fram á það, að þm. Austurlandskjördæmis beittu sér fyrir því, að leitað yrði lagaheimildar til þess, að hreppurinn fengi að kaupa þær 3 jarðir, sem um er rætt í þessu frv. Af þessu tilefni var frv. það, sem hér er nú til 1. umr., borið fram í Nd. nokkuð snemma á þessu þingi. Efni frv. er það, að ríkisstj. skuli veitt heimild til að selja Geithellnahreppi jarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu. Þessar jarðir eru allar langt inn til dala og hafa lönd þeirra í reynd sameinazt afréttarlöndum hreppsins, svo að landsnytjar eru einungis til beitar að heita má.

Markúsarsel er eyðijörð innarlega í svonefndum Flugustaðadal. Jörð þessi hefur verið í eyði um 30 ár, og engin hús eru þar uppistandandi, en allmiklir sumarhagar eru þar fyrir sauðfé í landareign jarðarinnar, og auk þess á Markúsarsel veiðirétt í Hofsá, sem kann að gefa þessu býli nokkurt gildi.

Tunguhlíð er ekki mjög langt frá Markúsarseli. Það er einnig eyðijörð á mótum svonefnds Flugustaðadals og Hofsdals. Þar eru engin hús uppistandandi, en landið er sumarbeitiland fyrir sauðfé þeirra jarða, sem eru byggðar þar í grennd. Einnig fylgir þessari jörð veiðiréttur í Hofsá.

Þriðja býlið, sem hér er um fjallað, er Veturhús. Það er eyðibýli í Hamarsdal, nokkuð innarlega í dalnum, og þetta býli hefur einnig verið í eyði mjög lengi. Engin nothæf hús geta talizt vera uppistandandi á Veturhúsum.

Eins og ég tók fram, hefur hreppsnefnd hreppsins leitað eftir því að fá heimild til að kaupa þessar jarðir, svo að haga megi nytjum þeirra með því móti, sem bezt samræmist þörf hreppsbúa, eins og komizt er að orði í bréfi frá hreppsnefnd.

Landbn. Nd. sendi þetta mál til umsagnar bæði jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóra og í umsögn landnámsstjóra kemur það m. a. fram, að það sé skoðun landnámsins, að eigi komi til þess, að þessar 3 jarðir verði endurbyggðar sem bújarðir og þess vegna verði lönd þeirra framvegis nytjuð sem sumarhagar fyrir búfé hreppsbúa, svo sem verið hefur undanfarna áratugi. Einnig segir landnámsstjóri: „Vera má, að ár þær, sem um Hofsdal og Hamarsdal falla, búi yfir möguleikum til fiskiræktar og að hreppsnefnd þyki skynsamlegt að ná eignarhaldi á þeim af þeirri ástæðu.“ Umsögn landnámsins er því jákvæð, og hið sama er að segja um umsögn jarðeignadeildar ríkisins.

Ég legg svo til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 730).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls, sem fór fram hér í d. fyrir fáum dögum, gerði ég grein fyrir efni frv. og benti á, að landbn. Nd. hefði fengið umsagnir frá Landnámi ríkisins og jarðeignadeild ríkisins um frv.

Landbn. þessarar d. hefur athugað þetta mál og kynnt sér þær umsagnir, sem fyrir liggja, og mælir einróma með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

---

84. Námslán og námsstyrkir.

Á 24. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki [135. mál] (þmfrv., A. 191).

Á 31. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 191 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Samkv. 1. gr. þessa frv. er um það að ræða, að nemendur, sem stunda nám við íslenzka sjómannaskóla, svo sem stýrimannaskóla og vélskóla á Íslandi, fái aðild að hinum almenna Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Með hliðsjón af því er svo lagt til, að 3. gr. laganna breytist eins og þar segir um stjórn sjóðsins og að ráðh. tilnefni fulltrúa fyrir þá hópa námsmanna, sem ekki eiga sérstaka fulltrúa í stjórninni, og skal kveðja þá til funda og starfa með stjórninni, þegar fjallað er sérstaklega um málefni þessara hópa. Njóta þeir þá sömu réttinda og stjórnarmenn. Öllum ætti að vera það ljóst, hversu þýðingarmikil störf sjómanna eru fyrir lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar. Það er því augljóst mál, að miklu skiptir, að þeir, sem menntunar leita í stofnunum þjóðarinnar á sviði skipstjórnar og vélfræði, eigi þess kost að njóta

lánsaðstoðar til náms, a. m. k. til jafns við það, sem aðrar starfsgreinar eiga við að búa.

Þeir, sem til þekkja um ástandið á fiskiskipaflotanum, vita, að þar er um mikinn hörgul að ræða á lærðum mönnum. Þar vantar oftast meira eða minna af mönnum, sem hafa full réttindi. Útvegsmenn verða því í mörgum tilfellum að sækja um undanþágur til stjórnvalda, að þeir megi lögskrá réttindalausa menn á skip sín. Um menntun þeirra, sem sjómennsku leggja fyrir sig, er það að segja, að í flestum tilfellum hafa viðkomandi lokið gagnfræðaprófi, en til viðbótar verða þeir síðan að hafa stundað sjó eða verið lögskráðir á skip um tveggja ára skeið. Segja má, að það sé eins konar framhaldsnám eða reynslutími. Það er því oft þannig, að þegar að því kemur, að viðkomandi hyggst hefja nám við stýrimannaskóla, hefur sjómannsefnið stofnað heimili, og þegar þannig er ástatt, getur það í sumum tilfellum ráðið úrslitum um það, hvort viðkomandi sér sér fært að hefja námið, að hann eigi þess kost að fá hagstæð lán, á meðan á námstímanum stendur. Ég hygg, að ef þetta frv. verður samþ., muni það verulega örva aðsókn að sjómannaskólunum, og á því er vissulega full þörf.

Sérstaklega þyrfti að kanna í þessu sambandi, hvað þetta kostar mikið og hvað þarf að afla mikilla fjármuna til þess að standa straum af þessum viðbótarlánum, sem þarna yrði um að ræða. Það liggur ekki fyrir, en hitt liggur fyrir, að hér er ekki um fjölmenna skóla að ræða, því miður. Hér er um skólastofnanir að ræða, sem eru frekar fámennar, enda þótt þjóðin eigi, sem raun ber vitni, mikið undir því, að sjór sé stundaður hér á Íslandi. Ég vil því vænta þess, að hv. þdm. muni leggja máli þessu lið og samþykkja það, þegar að því kemur, að það kemur aftur frá n., en ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 191, n. 569).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Í núverandi lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna segir, að það sé hlutverk sjóðsins „að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð."

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að nemendum við íslenzka stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands og framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla verði bætt við þennan námsmannahóp, sem áður hefur hlotið lán og styrki úr þessum sjóði. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi, að nemendur við íslenzka landbúnaðarskóla hafa fengið lán úr þessum sjóði, þótt ekki hafi það verið tiltekið í lögum sérstaklega, þar sem það þótti nokkuð leiða af eðli máls og hefur verið algert samkomulag um það, þannig að hin efnislega breyting, sem felst í þessu frv., er fyrst og fremst sú, að nemendur við stýrimannaskóla og Vélskóla Íslands bætist nú við í hóp þeirra, sem notið geti lána. Það er einnig rétt að hafa það í huga, að verði þetta frv. samþ., þá er um að ræða nokkra stefnubreytingu, hvað snertir námslán og námsstyrki almennt.

Eins og hér hefur komið fram, eru það ákveðnir námsmannahópar, sem njóta lána, og ef það er athugað svolítið frekar, hvaða hópa þar er um að ræða, þá sést glöggt, að þar er fyrst og fremst um að ræða námsmannahópa á háskólastigi. Þarna er sem sé um að ræða námsmenn við háskólann og námsmenn við erlenda háskóla, stúdentadeild kennaraskólans og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, sem er talinn vera á raunverulegu háskólastigi.

Í umsögn stjórnar Lánasjóðs íslenzkra námsmanna er framkvæmt nokkurt mat á því, á hvaða stigi stýrimannaskóli og vélskóli geti talizt vera, og samkv. mati lánasjóðsins virðist það liggja nokkuð ljóst fyrir, að stýrimannaskóli geti ekki á nokkurn hátt talizt vera á háskólastigi eða hliðstæður háskólum á nokkurn hátt og ekki heldur 1.—3. stig vélskóla, en hins vegar telur stjórnin, að 4. stig vélskólanáms geti jafnazt á við háskólann eða talizt vera á háskólastigi, og þá er sem sé haft í huga, hve mikið nám liggur að baki, þegar metin eru viðkomandi skólastig. Þeir, sem eru á 4. stigi vélskólanáms, verða sem sé raunverulega að hafa lokið iðnnámi.

Stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna bendir hins vegar á það, að önnur rök kunni að mæla með því, að nemendur þessara tveggja skóla hljóti lán eða styrki til náms, án þess að aðrir hópar framhaldsskólanemenda, sem hliðstæða stöðu hafa í skólakerfinu, fái þessi réttindi samtímis. Þar geti verið um að ræða félagslegar aðstæður eða þjóðfélagslegar aðstæður, sem látnar séu ráða úrslitum. Við afgreiðslu þessa máls er hiklaust hægt að segja, að fjhn. d. hafi einmitt haft þess háttar sjónarmið að leiðarljósi. N. telur óhjákvæmilegt, að það sé haft í huga, að nemendur umræddra skóla eru yfirleitt eldri en sem svarar stöðu þeirra í skólakerfinu. Félagslegar aðstæður þeirra eru því almennt erfiðari en flestra annarra nemenda á hliðstæðu skólastigi. Það er algengara í þessum skólum en öðrum, að nemendur hafi stofnað heimili og njóti þar af leiðandi ekki aðstoðar og framfærsluskyldu foreldra eins og þeir, sem yngri eru. Samkv. upplýsingum, sem n. hefur fengið í hendur, var framkvæmd könnun í Vélskóla Íslands á félagslegri aðstöðu nemenda, og þar kom í ljós, að 61% nemenda eru búsettir úti á landi, 19% nemenda eiga börn og 50% nemenda höfðu undir 200 þús. kr. í árstekjur. Þegar þetta er athugað, er líka rétt að hafa í huga, að sú aðstoð, sem sjóðurinn veitir, er miðuð við tekjur nemenda. Það er tekið mið af því, hve miklar tekjur nemendurnir hafa, og þeir, sem miklar tekjur hafa í skólaleyfum, fá því raunverulega litla aðstoð.

N. telur, að eins og málum er nú háttað bæði með hliðsjón af útfærslu landhelginnar og ört vaxandi togaraflota sé það höfuðnauðsyn fyrir þjóðina að eignast öfluga, þróttmikla og ekki sízt vel menntaða sjó-

mannastétt. Ef fallizt verður á þessa breytingu, verður, eins og ég hef áður nefnt, um að ræða undantekningu, hvað snertir báða þessa skóla, vélskólann og stýrimannaskólann, sé miðað við stöðu þessara skóla og nemenda þessara skóla í skólakerfinu sjálfu og tekið mið af núgildandi lagaákvæðum.

En hitt er allt annað mál, og á það hafa núv. stjórnarflokkar margsinnis bent, að eðlilegt verður að teljast, að stefnt sé að því, að nemendur almennt á framhaldsskólastiginu njóti opinberrar fjárhagsaðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur. Einmitt þess vegna hefur verið sett sérstakt ákvæði í frv. til l. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþ. og hefur verið undirbúið af menntmrn. í vetur. Þar segir m. a. í 5. gr., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanefnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni: a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis." Þarna er sem sé farið inn á nýja braut, og þar segir einnig: „b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma." Og í þriðja lagi segir: „c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga."

Þarna er sem sé verið að opna leið, sem ekki hefur verið til áður, til þess að mögulegt sé að veita aðstoð nemendum í framhaldsskólum, sem sérstaklega þurfa þess með. Hitt er svo ljóst, að þarna er aðeins um heimildarákvæði að ræða — ákvæði, sem ekki er ætlunin að nota, nema um undantekningar sé að ræða, og raunverulega fjallar frv. að meginefni til um allt annan hlut, þ. e. um jöfnun námskostnaðar miðað við þær afleiðingar, sem það hefur, að menn eru misjafnlega staðsettir á landinu og misjafnlega fjarri skólunum. Þetta er sem sé aðeins heimildarákvæði, sem er ætlað að fylla til bráðabirgða upp í augljósa eyðu, sem er í menntakerfi okkar, en hitt blasir við, að það þarf að finna varanlega lausn á þessu máli yfirleitt, þ. e. hvernig háttað skuli námsaðstoð við nemendur á framhaldsskólastigi, hvar skuli fá til þess fjármagn og hve mikið og í hvaða formi yfirleitt aðstoðin skuli veitt. Þessi mál þarf sem sé að taka til heildarendurskoðunar og marka nýja stefnu. Einmitt þess vegna hefur fjhn. gert till. á þskj. 569 um svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið áður en þing kemur saman haustið 1972."

Aðrar brtt. n. þarfnast ekki skýringa. Það eru hér orðalagsbreytingar nokkrar varðandi heiti skólanna vegna breyttra aðstæðna, bæði varðandi kennaraháskólann og tækniskólann. Það eru breytingar, sem ekki hafa neinar efnislegar breytingar í för með sér. N. mælir sem sé með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 569,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 569,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 569,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 569,4 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 607).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 607, n. 741).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., varðar námslán og námsstyrki og lýtur að breytingum á núgildandi lögum varðandi þetta efni og snertir 1. gr. Í 1. gr. núverandi laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð."

Samkvæmt hinu nýja frv. hljóðar 1. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenzka stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð."

Hér er 1. gr. m. ö. o. víkkuð út þannig, að fleiri skólar koma undir þetta námslánakerfi, og er enginn vafi á því, að það er alger samstaða um það í þinginu, að ekki einungis langskólamenn svonefndir eða langskólanemendur skuli hljóta þau hlunnindi, sem felast í námslánum, heldur einnig aðrir skólar, eins og hér eru upp taldir, og horfir þar verulega til eflingar, ekki sízt verklegri menntun og menningu í landinu. Ég skal því ekki hafa fleiri orð um jafn sjálfsagðan hlut og hér er

um að ræða, heldur aðeins lýsa því yfir, að menntmn. hefur kannað þetta mál og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Að lokum er svo í þessu frv. ákvæði til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir því, að menntmrh. skuli beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki og skuli að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972. Hér er m. ö. o. allt með felldu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 781).

---

85. Íþróttalög.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49/1956 [67. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef borið fram hér í d. frv. til l., sem felur í sér breytingar á íþróttalögunum, þeim kafla laganna, sem fjallar um íþróttasjóð. Breytingunni er ætlað að leysa að einhverju leyti úr þeim gífurlegu fjárhagserfiðleikum, sem nú blasa við öllum þeim aðilum, sem standa fyrir byggingu íþróttamannvirkja í þessu landi. Er hér reynt hvort tveggja, þ. e. að finna lausn til frambúðar og gera tillögur um úrbætur vegna fyrri skuldbindinga.

Íþróttasjóður ríkisins var á sínum tíma hugsaður sem framlag hins opinbera til íþróttamannvirkja, en vangeta hans frá fyrstu tíð hefur leitt til ástands, sem hefur staðið íþróttastarfseminni verulega fyrir þrifum, leitt til þess, að ríkið hefur safnað skuldum hjá velflestum sveitarfélögum landsins, og sízt orðið til þess að auka virðingu og álit viðkomandi yfirvalda, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Í till. minni er gert ráð fyrir, að sú skylda sé lögð á herðar íþróttasjóði í stað heimildarákvæðis, sem nú er, að greidd séu 40% stofnkostnaðar íþróttamannvirkis, sem reist er með samþykki íþróttanefndar ríkisins. Jafnframt sé gerð áætlun um greiðslu á vangreiddum bókfærðum stofnkostnaði íþróttasjóðs, sem nú nemur rúmlega 74 millj. kr., og er miðað við, að sú greiðsla fari fram á 5—6 árum. Af þessu tilefni þykir mér rétt að rifja lítillega upp nokkur atriði um framkvæmdir og fjármál, sem varða íþróttasjóð.

Ákvæði í lögum um sjóðinn eru í íþróttalögum, sem upphaflega eru sett 1940 og endurskoðuð 1955—1956 og staðfest sem l. nr. 49 1956. Samkv. þeim skal Alþ. árlega veita fé á fjárlögum til sjóðsins eða sjá honum fyrir tekjum á öruggan hátt. Íþróttanefnd ríkisins annast úthlutun styrkja úr sjóðnum. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana og létta undir kostnaði félaga vegna íþróttakennslu.

Íþróttanefnd ríkisins hóf störf 1940. Í l. frá 1940 var ekkert ákvæði, sem skuldbatt ríkissjóð til að greiða ákveðinn hundraðshluta af stofnkostnaði hinna ýmsu íþróttamannvirkja, en fordæmi hafði skapazt að áliti íþróttanefndar og mþn. um slíkar fjárveitingar með samþykktum Alþ.:

1) Með heimild í fjárlögum allt frá árinu 1929, en þar segir:

„Til þess að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda sjeu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, . . .“

2) Með l. nr. 32 frá 1928, um Sundhöll Reykjavíkur.

Önnur þessara samþykkta gerði ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi ákveðinn hundraðshluta af stofnkostnaði íþróttamannvirkja eða 50%, en styrkveiting ríkissjóðs til bæjarsjóðs Reykjavíkur vegna smíði Sundhallar Reykjavíkur var upphaflega ráðgerð 50% af stofnkostnaði, en nam rúmum 40% stofnkostnaðar, þegar framkvæmdum var lokið.

Vegna þessa gerði íþróttanefnd ríkisins það hér að starfsvenju að miða þátttöku íþróttasjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja við þetta hlutfall, og reyndar er ávallt gengið út frá, að íþróttasjóður leggi til 40% stofnkostnaðar, enda er reikningsyfirlit íþróttanefndar við það mark miðað og nefnd skuldaupphæð í samræmi þar við. Í lögunum er nú, eins og áður er að vikið, gert ráð fyrir því, að íþróttasjóði sé heimilt að veita allt að 40% úr sjóðnum til stofnkostnaðar íþróttamannvirkja.

Eins og fyrr segir, kom fljótt í ljós, að fjárveitingar Alþ. voru sjaldan eða aldrei í samræmi við þær þarfir eða kröfur, sem gerðar voru til sjóðsins, og árið 1963 skipaði menntmrn. nefnd til að endurskoða lagaákvæði um íþróttasjóð. Safnaði sú n. ýmsum upplýsingum um fjárþörf og áætlaðar byggingar og gerði tillögur um breytingar á lögunum, sem fólu í sér einkum eftirfarandi atriði. Þess skal getið, að það var eingöngu hluti nefndarinnar, sem lagði fram þessar tillögur, en embættismenn í nefndinni gerðu sínar aths.

Í fyrsta lagi var það lagt til, að Alþ. samþykkti heimild til handa ríkisstj. um, að það, sem þá var vangoldið af áætlaðri þátttöku sjóðsins í kostnaði við íþróttamannvirki, sem þá var 22 millj. kr., yrði greitt á þremur árum.

Í öðru lagi skyldi á grundvelli áætlunar, sem lögð hafði verið fram um uppbyggingu íþróttaaðstöðu þjóðarinnar næstu 20 árin, þeirri stefnu fylgt fram, að ríkisvaldið styrkti byggingu íþróttamannvirkja, sem reist yrðu og nýtt á þrennan hátt, þ. e. í skólastarfi, með íþróttaiðkunum almennings og með starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga.

Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga.

Síðan þetta skeði, hefur sífellt sigið meir á ógæfuhliðina. Til að lýsa þeirri þróun, sem átt hefur sér stað, vildi ég leyfa mér að vitna til bréfs Íþróttasambands Íslands til hæstv. menntmrh., dags. 31. ágúst s. l., með leyfi hæstv. forseta, en þar segir m. a.:

„Vér teljum, að starfsgrundvöllur sjóðsins (þ. e. a. s. íþróttasjóðs) sé brostinn og með sama áframhaldi sé sjóðurinn aðeins til þess að vekja falsvonir þeirra, sem leggja í framkvæmdir í þeirri trú, að íþróttasjóðurinn muni verða þess megnugur að styrkja þær samkv. lögum og reglum. Um 5 ára skeið hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir um og yfir 5 millj. kr. framlagi til sjóðsins. Það út af fyrir sig, að þessi upphæð skuli hafa staðið í stað þessi ár, segir sína sögu. Árið 1967 voru íþróttasjóði veittar 5.4 millj. kr. í fjárlögum. Þá voru ríkisútgjöld um 5 milljarðar kr. Árið 1971 eru í fjárlögum 5 millj. kr. til sjóðsins, en í ár er gert ráð fyrir, að ríkisreikningurinn fari upp í 12 milljarða kr. Miðað við árið 1967 hefðu tekjur sjóðsins þetta ár átt að vera um 13 millj. kr., ef sama hlutfall hefði haldizt. Ef mál þetta er lengra rakið, verður dæmið enn óhagstæðara fyrir sjóðinn", segir í þessu bréfi. „Árið 1943, sem er raunverulega hið fyrsta fastmótaða fjárhagsár sjóðsins, fékk hann 300 þús. kr. á fjárlögum, en þá voru ríkisútgjöldin tæplega 90 millj. kr., og miðað við þetta ár, 1943, og sömu hlutföll ættu tekjur sjóðsins í ár að vera um 40 millj. kr. Næsta ár á eftir eða 1944 fékk sjóðurinn 450 þús. kr., sem er enn óhagstæðara miðað við árið í ár. Fyrstu 15—16 árin stóð sjóðurinn nokkurn veginn við skuldbindingar sínar, en síðan hefur sigið mjög á ógæfuhliðina. Þegar þessi öfugþróun er höfð í huga, er mjög eðlilegt, að fjárhagur sjóðsins sé bágur, enda var svo komið, að um síðustu áramót átti hann vangreitt samkv. þeim reglum, sem sjóðurinn starfar eftir, um það bil 77 millj. kr. til þeirra íþróttamannvirkja, sem lokið var þá við eða voru í smíðum þá.

Ungmenna- og íþróttasamtök vor, sem byggja starfsemi sína öðrum fremur á íþróttaiðkun og útivist ungra sem eldri, álíta, að sú stefna, sem mörkuð var í upphafi, að virkja hið félagslega framtak með tilkomu íþróttasjóðs, sé heilladrýgst, hvað varðar uppbyggingu íþrótta- og útivistarmannvirkja. En því aðeins er sú stefna framkvæmanleg, að styrkveitingar séu eitthvað í hlutfalli við verðlag og tilkostnað."

Þetta var tilvitnun í bréf Íþróttasambands Íslands til hæstv. menntmrh. frá 31. ágúst s. l. Í þessu bréfi setur Íþróttasamband Íslands þá ósk fram, að fjárveiting til íþróttasjóðs fyrir næsta ár verði hækkuð í 20 millj. kr., og setur jafnframt fram þá tillögu, að samið verði við þá aðila, sem nú eiga vangreitt framlag hjá sjóðnum, um afslátt og verði eftirstöðvarnar þá greiddar á tiltölulega skömmum tíma samkv. áætlun, eins og segir í erindinu.

Fjárveiting samkv. fjárlagafrv. nú er 13 millj. kr., og enda þótt hún fullnægi engan veginn óskum íþróttasambandsins, má ekki skilja þetta frv., né heldur ræðu mína nú, sem gagnrýni á hendur núv. fjmrh. Mál þetta á sér miklu lengri sögu, eins og fyrr er rakið, og ekki við því að búast, að vandamál íþróttasjóðs verði leyst í einu vetfangi.

Hvað snertir hugmyndina um greiðsluáætlun, sem tæpt er á í bréfi Íþróttasambands Íslands og sett var fram í tillögunum frá 1964 og gerð er till. um í mínu frv., þá er sá skuldahali orðinn svo geigvænlegur, 74—77 millj., að til hreinnar hneisu er. Það hlýtur að vera algerlega óviðunandi og ósæmandi fyrir ríkissjóð að standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að íþróttasjóður skuldi sveitarfélögum og íþróttasamtökum svo stóra upphæð, án þess að eitthvað sé gert til að leysa það mál. Það mál eitt út af fyrir sig krefst skjótra og tafarlausra aðgerða. Ég hef rökstudda ástæðu til að ætla og leyfi mér jafnvel að fullyrða, að þeir aðilar, sem eiga hér hlut að máli, flestir hverjir a. m. k., væru til viðræðu um einhverja eftirgjöf eða afslátt af skuldum þessum, ef það áynnist, að loforð og ákvörðun fengjust um greiðslutilhögun.

Því er ekki að leyna, að stærsti hluti þessarar skuldar er við borgarsjóð Reykjavíkur og íþróttasamtök hér í borg. Bókfærðar skuldir Reykjavíkurborgar og borgarsjóðs Reykjavíkur eru nú rúmlega 55 millj. kr., en að íþróttafélögunum meðtöldum mun þessi upphæð nálgast 65 millj. kr. Að vísu má ætla, að þessar háu upphæðir stafi af hlutfallslega meiri og fleiri byggingum íþróttamannvirkja hér í Reykjavík, og má því halda því fram, að svo vel hafi verið staðið að þeim málum, að ekki hefði það átt að standa íþróttastarfseminni fyrir þrifum, en þess ber að gæta, að í þessa mannvirkjagerð er ráðizt einmitt vegna tilveru íþróttasjóðs og vonarinnar um 40% framlag úr honum. En þegar greiðslur dragast ár og jafnvel áratugi og þegar svo háar upphæðir eru í húfi, er ekki við öðru að búast en afturkippur komi í framkvæmdirnar og erfiðleikar verði hjá viðkomandi sveitarfélagi. Þess er líka að geta, að þau íþróttamannvirki, sem hér er um að ræða í Reykjavík, eru notuð til æfinga og keppni fyrir landsmót og landskeppni, þannig að þau koma landsmönnum öllum að notum, en ekki Reykvíkingum eingöngu.

Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að minna á ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 18. des. 1969, en þar segir og var ályktað:

„Borgarstjórn skorar eindregið á Alþ. og ríkisstj. að taka fjáröflun íþróttasjóðs til endurskoðunar og tryggja honum tekjur, svo að hægt verði að greiða upp loforð sjóðsstjórnar á næstu 5 árum, enda er vitað, að fjárskortur háir mjög byggingu íþróttamannvirkja."

Þessi till. var samþ. shlj. í borgarstjórn og send Alþ. fyrir rúmlega einu ári. Vandamál annarra sveitarfélaga eru hliðstæð, og er bent á það í grg. með frv. þessu, að nú blasa við verkefni til uppbyggingar á íþróttamannvirkjum í öllum stærstu kaupstöðum landsins, mannvirki, sem mjög nauðsynleg eru til þess að byggja upp eðlilega íþróttastarfsemi á viðkomandi stöðum, og er þá ekki í grg. minnzt á þá þörf, sem að sjálfsögðu og eðlilega er fyrir hendi í öllum minni kauptúnum og sveitarfélögum landsins.

Ég vildi að lokum segja þetta: Ég tel mig ekki þurfa að fjölyrða um gildi íþróttaiðkana frekar en fram kemur í grg. með frv. þessu. Íþróttir hafa gildi og þýðingu langt umfram hlaupabrautina eða keppnisvöllinn,

og í því þjóðfélagi, sem við lifum í nú með auknum frístundum, vaxandi hreyfingarleysi og agaleysi, með auknum áhyggjum okkar af uppeldi æskunnar og ráðabreytni hennar, þá eru íþróttir ekki eingöngu sem líkamsrækt, heldur sem þroskandi félagsskapur og heilbrigt verkefni, sá vettvangur, sem við ættum að beina æskunni að í ríkari mæli. Í öllum þeim þróuðu þjóðfélögum, sem við þekkjum til, er viðurkenndur og metinn þáttur íþróttanna sem æskilegt uppeldislegt og félagslegt viðfangsefni. Ég tel mér trú um, að sá skilningur og velvilji sé sömuleiðis fyrir hendi hér á landi, og meðal almennings er áhugi á íþróttum slíkur, að ekki þarf að kvíða undirtektum eða stuðningi borgaranna í þessu máli né heldur þátttöku og notkun hins almenna borgara á íþróttamannvirkjum. Alls staðar blasa verkefnin við í þéttbýli sem strjálbýli, alls staðar knýja sveitarfélög og íþróttasamtök á. Það er einlæg von mín, að fram komin till. geti stuðlað að sanngjarnri úrlausn þessara mála.

Ég legg til að loknum þessum umr., að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar ég sá frv. á þskj. 73, þá varð mér á að hugsa, að það hefði verið sannarlega þörf á því og ánægjulegt, ef hv. þm. Ellert Schram hefði verið fyrr kominn hér inn á Alþ. og getað ýtt við samherjum sínum, meðan þeir réðu hér málum í þessu efni. Það hefði sannarlega verið þörf á því að gera það, því að það var talað fyrir daufum eyrum, þegar ég og aðrir hv. þm. í minni hl. hér á Alþ. voru að reyna að hafa áhrif í þá átt að auka fjárveitingar til íþróttasjóðs.

Það er rétt, sem hv. 9. landsk. þm. segir, að ástandið er orðið mjög alvarlegt og raunverulega algerlega tilgangslaust að reyna að framkvæma lögin nú vegna fjárskorts, og svo hefur lengi verið og hefur farið vaxandi. Mér var það ánægja að hlusta á það í ræðu hv. 9. landsk. þm., þegar hann vitnaði hér í bréf Íþróttasambands Íslands, þar sem það skýrði frá því, að á fyrstu 15—16 árum sjóðsins hefði mátt segja, að fjárveitingar hefðu að mestu mætt fjárþörfinni. Síðan þá hefur sigið á ógæfuhliðina, og nú er svo komið, að 70—80 millj. kr. skuld er hjá íþróttasjóði og til þess að mæta þessu hefur hann á árinu 1971 5 millj. kr. Það hefur staðið óbreytt nú s. l. 5—6 ár, og sjá allir, hvernig að málinu hefur verið staðið — að slíku nauðsynjamáli sem þessu skuli á engan hátt hafa verið sinnt í þeim hækkunum, sem hafa orðið á fjárlögum síðustu ára.

Ég fór að kynna mér till. okkar í minni hl. hér á Alþ., sem við gerðum um þessi mál fyrir nokkrum árum, og er hér með þskj., þar sem samfleytt var reynt að þoka þessu áfram, og var þó aldrei um það að ræða, að farið væri út í neinar öfgar í þeim efnum, heldur reynt að stilla till. það í hóf, að von væri um árangur. Síðasta tilraun okkar framsóknarmanna í þessum efnum var svo sú að leita eftir því, að ríkið mætti taka lán til þess að greiða upp skuldir íþróttasjóðs á þremur árum. Allt kom fyrir ekki. Það var sama, hvað reynt var til þess að þoka þessu máli áleiðis. Það var ekkert gert í þá átt, og skuldirnar uxu ár frá ári, og nú, þegar breytt var um stefnu í þessu máli á fjárl. 1972, er þetta framlag hækkað um 160%. Að vísu er það ekki há tala miðað við fjárlögin, þegar litið er á upphæðina sjálfa, en það er veruleg hækkun, þegar um svo mikla hlutfallshækkun er að ræða, eins og hér átti sér stað, þ. e. um 160%. Þá var ekki meiri áhugi hjá Morgunblaðinu en svo, að það var talað um, að lítið drægi vesalan, þegar þeir sögðu frá því, að fjmrh. hefði skýrt frá þessu. Þetta var þó meira mál en svo, að þeir gætu ráðið við það, þeir ágætu menn, á sinni löngu stjórnarsetu. Það var erfiðara að draga en svo, að það væri á þeirra færi að koma því til rétts vegar.

Nú gleður það mig hins vegar, að þessi hv. 9. landsk. þm. hefur tekið sig út úr hópnum og vill styðja þetta mál, og ég tek sannarlega undir það með honum, að það er full þörf á því að styðja þessi mál æskunnar, og það þýðir ekki að vera að tala um, að æskunni verði á ýmiss konar mistök, nema gerðar séu einhverjar tilraunir til þess að koma í veg fyrir þau. Það verður ekki gert með neinu öðru en því að láta unga fólkið í landinu fá verkefni við sitt hæfi, og eitt af þeim verkefnum eru íþróttirnar — og þær eru í fremstu röð.

Á síðari árum hefur það orðið mjög áberandi, að íþróttirnar hafa færzt inn á það svið, að boltakeppni eins og handbolti og körfubolti og slík keppni eða slíkir leikir hafa verið ríkjandi hjá skólaæskunni. Úr leikfiminni, sem áður var mest stunduð, hefur dregið, en í þetta sótt. Af þessu leiðir, að íþróttasalirnir verða að vera stærri og þannig úr garði gerðir, að þessir leikir geti farið þar fram. Það þýðir að sjálfsögðu, að kostnaður verður meiri við íþróttamannvirkin og þeir staðir, sem ekki geta staðið undir því að koma upp hæfilegum íþróttamannvirkjum, til þess að æskan geti stundað þar slíka leiki, dragast aftur úr og skapa sinni æsku miklu lélegri skilyrði til íþróttaiðkana en þeir staðir, sem geta leyst þennan þátt. Það skortir mjög á það, að við höfum getað þetta, og við þurfum að taka á þessu máli með myndarskap. Ég er sammála hv. 9. landsk. þm. um það.

Eins og ég gat um áðan, gerðum við um það till. fyrir nokkrum árum, minni hl. fjvn., að samið yrði um að taka lán til þess að greiða þær skuldir, sem á íþróttasjóðnum hvíldu þá. Um leið og ég minni á þetta, vil ég skýra frá því, að ég hef mjög hugsað um þessa leið þennan tíma, sem ég hef verið fjmrh. Ég tel í raun og veru, að það sé brýn nauðsyn á því að skera þarna á línuna, til þess að íþróttasjóðurinn verði starfshæfur aftur, en það hefur hann ekki verið um langt skeið. Bezta lausnin á því væri að semja um að greiða skuldirnar á nokkrum árum, til þess að hægt væri að nota fjárveitingarnar að verulegu leyti til framkvæmda svo sem nauðsyn ber til.

Ég þarf náttúrlega ekki að vekja athygli á því, að til þess að hægt verði að sinna þessum málum og greiða úr þeim, er óhjákvæmilegt að auka fjárveitingar, og það þýðir það, að fjárlögin hækka, og svo er um marga útgjaldaliði, sem hefur orðið að taka tillit til við fjárlagaundirbúning nú, þó að núv. valdhafar hafi ekki tekið ákvarðanir um það, en þann þátt ætla ég ekki að fara út í að þessu sinni. Ég vil bara undirstrika það og mun athuga það mjög nákvæmlega, hvort ekki sé leið til þess að ganga svo frá skuldum íþróttasjóðs, að hægt verði með fjárveitingu í ár, á næsta ári og síðar að hefja aftur greiðslur á framkvæmdum þeim, sem stofnað er til. Ef koma á lagi á þessi mál, svo sem nauðsyn ber til og að verður stefnt, þá verður að sjálfsögðu að gera áætlanir um framkvæmdirnar og ákveða fyrir fram, hve

mikið verður hægt að gera á hverju ári. En ég fagna hverjum liðsmanni, sem vill sinna þessu máli, því að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, sem við megum ekki láta vera svo vanhirt sem verið hefur um langt skeið.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær undirtektir, sem hann hefur látið hér í ljósi við þetta frv., sem ég hef borið fram. Hann er annar framsóknarmaðurinn á tveimur dögum, sem lætur þá skoðun í ljósi að nærvera mín hér á þingi sé mjög æskileg. Ég verð að láta í ljósi þakklæti fyrir þennan óvænta stuðning og sé, að mín hefur verið saknað hér undanfarin ár. Ég skal játa það, að það fer talsvert í taugarnar á mér, þegar menn standa hér upp í pontunni og láta í ljósi álit sitt á hinum ýmsu málum ætíð út frá sjónarhóli síns eigin flokks.

Hér fóru fram umr. í gær um ýmis ágæt mál, en það var ómögulegt, að því er virtist, fyrir þm. og þá einkum, að því er virtist, fyrir ágæta framsóknarmenn að taka á þeim málum með hlutlausum og skynsamlegum hætti, heldur körpuðu þeir um það, hvort málið hefði upphaflega komið frá Framsfl. eða Sjálfstfl. Nú vil ég taka fram, að ef þetta frv. mitt skoðast sem gagnrýni á störf fyrri stjórnar og þykir bera vott um það, að slælega hafi verið að þessum málum staðið að undanförnu, þá er ég ekkert feiminn við að gangast við þeirri gagnrýni. Ég treysti mér vel til að fylgja hvaða máli sem er, hvernig sem að því hefur verið staðið og án tillits til þess, hverjir hafa farið með þau mál að undanförnu. Það, sem vakir fyrir mér, er það að koma brýnu nauðsynjamáli á framfæri og leiða það til lykta, þannig að viðunandi úrlausn fáist.

Vegna þessara aths. frá hæstv. fjmrh. um það, að Framsfl. eða framsóknarmenn hér á þingi hafi ekki fengið stuðning sem skyldi frá sjálfstæðismönnum, vil ég þó geta þess, án þess að ég vilji taka upp slíkar umr., að einmitt sú háa upphæð, sem nú er færð til skuldar hjá íþróttasjóði, stafar af mjög myndarlegu og verulegu átaki hér í Reykjavík, þar sem Sjálfstfl. hefur verið í meiri hluta og hrundið þessum málum áfram af miklum myndugleik að mínu viti. Þannig má lengi um það deila, hver sé fremstur íþróttaunnandinn og hver sé helzti stuðningsmaður þessarar ágætu hreyfingar, en látum það kyrrt liggja að sinni.

Ráðh. benti á, að fyrstu 15—16 árin, eins og ég reyndar tók fram og las upp úr bréfi Íþróttasambands Íslands, hefði íþróttasjóður staðið nokkurn veginn fyrir sínu, en síðan hefði sigið á ógæfuhliðina. Þetta á sér að sjálfsögðu þá skýringu fyrst og fremst, að nú á seinni árum, síðasta áratuginn og síðustu áratugina, hafa kröfur þjóðfélagsins á þessu sviði sem og mörgum öðrum félagslegum sviðum vaxið mjög og auknar kröfur eru gerðar til þess að byggja upp íþróttamannvirki og stuðla að auknu starfi slíkrar hreyfingar. Þessum þörfum og þessum kröfum hefur verið mætt af ýmsum sveitarfélögum og af frjálsum íþróttasamtökum, og þess vegna er hlutur íþróttasjóðs svo bágborinn sem nú ber raun vitni, þar sem ríkissjóður, íþróttasjóður fyrir hans hönd, hefur ekki staðið í stykkinu og lagt fram sjálfsagt framlag, sem hefði átt að koma frá ríkisvaldinu.

Ég skal játa það, að hér hafa ýmis mál á undanförnum árum verið borin fram til þess að leysa vandamál íþróttasjóðs. Þar er um að ræða heiðarlegar tilraunir, en þær hafa verið fálmkenndar að mörgu leyti, og ekki hefur tekizt að grípa á kjarna málsins til að reyna að leysa það í eitt skipti fyrir öll. Þann veg lít ég á málið og viðurkenni, að sú fjárveiting, sem nú er lagt til, að veitt verði samkv. fjárlagafrv., 13 millj. kr., er virðingarverð tilraun til þess að bæta hag íþróttasjóðs, en öllum hlýtur að vera ljóst, að það framlag nægir hvergi, þegar við höfum það í huga, að nú er skuld sjóðsins þegar orðin 75—76 millj. kr. Fyrirsjáanlegt er, að mjög verulegt átak er nauðsynlegt á allra næstu árum í þessum málum. Það er skoðun mín og trú, að sú till., sem hér er sett fram í nefndu frv., sé til þess fallin að leiða til raunhæfrar lausnar á þessu máli. Þess vegna er ekki gerð till. um að hækka nú fjárlög vegna þessa um tugi millj. kr., eins og þó er full þörf á. Það er ekki gert ráð fyrir því að krefjast þess af ríkisvaldinu, að úr 13 millj. kr. verði farið upp í 30—40, hvað þá 70 millj. kr., eins og stundum hefur viljað brenna við í málflutningi og tillögugerð hér á Alþ. Ég hef a. m. k. reynt að setja þessa till. þannig fram, að hún beri vott um ábyrgðartilfinningu, og ég vona, að menn virði mér það til vorkunnar, þótt ég gangi ekki lengra, en það er líka gert með því hugarfari, að hæstv. fjmrh. og þeir menn, sem með þessi mál fara nú, geti athugað þessa till. og raunverulega gert tilraun til þess að leysa þetta mál á þessum grundvelli.

Hæstv. fjmrh. hafði hér allmörg orð um það, að hann vildi nú gera tilraun til þess að greiða niður þá skuld, sem þegar væri fyrir hendi. Ég vék að því í framsöguræðu minni, að ég teldi öll líkindi til þess, að takast mætti að semja við íþróttasamtökin og sveitarfélögin um afslátt eða eftirgjöf á hluta þessara skulda, en að sjálfsögðu hlýtur það að haldast í hendur við það, að þessi mál séu leyst til frambúðar, þannig að viðkomandi aðilar geti átt von á því að eiga greiðslur vísar úr íþróttasjóði, eins og lög gera ráð fyrir.

Ég vil ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil þakka fjmrh. mjög vinsamleg orð um minn málflutning og um þetta mál. Hann undirstrikaði, að hér væri um mikið nauðsynjamál að ræða, og taldi það vera þýðingarmikið frá þjóðhagslegum, félagslegum og uppeldislegum sjónarhóli séð, að mál þessi væru leyst. Ég vil taka undir þessi orð og ítreka það, sem ég hef sagt áður, og treysta því, að við getum leyst þetta mikla hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í landinu án tillits til stjórnmálaskoðana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 73, n. 521).

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. N. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og hún var að meginefni til samþykk því markmiði, sem frv. stefndi að, þ. e. að binda frekar fastmælum í lögum, hvernig framkvæmdir eða bygging íþróttamannvirkja væri fjármögnuð. Hins vegar varð að samkomulagi að breyta upphaflega frv. á

þá leið að miða það við þá reglu, sem fram kemur í skólakostnaðarlögunum, þ. e. að framkvæmd hefjist ekki, fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki rn. og viðkomandi yfirvalda, í þessu tilfelli íþróttanefndar, og þá hafi verið veitt fjárveiting á fjárlögum. Með þessu er stefnt að því að taka sjálfstæðar ákvarðanir um hvert eitt mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa, og tryggja með því, að fjármagn fáist til áframhaldandi byggingarframkvæmda, þegar það í eitt skipti hefur verið samþykkt. Nm. voru sammála um, að þessi regla, sem væri í skólakostnaðarlögunum, hefði reynzt allvel, svo og þeir embættismenn, sem n. hafði samráð við, og því er farið inn á þessa braut.

Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að hlutur ríkissjóðs eða íþróttasjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja yrði 40% af heildarkostnaði, en í núverandi lögum er heimildarákvæði um, að íþróttasjóður taki þátt í allt að 40% af stofnkostnaði viðkomandi íþróttamannvirkis, en í reynd hefur það verið svo, að íþróttasjóður hefur lagt fram eða gert áætlun um að leggja fram frá 25—40 af hundraði kostnaðar, og fer það þá eftir því, um hvers konar mannvirki er að ræða. Í þeirri till., sem n. leggur fram, er áfram miðað við þessar hundraðstölur, sem í framkvæmd hafa verið notaðar.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir því í upphaflega frv., að gerð yrði áætlun um að greiða vangreiddan bókfærðan stofnkostnað íþróttamannvirkja hjá íþróttasjóði á næstu 5—6 árum, og var lagt til, að sú áætlun yrði lögð fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. En í trausti þess, að á næstunni verði teknir upp samningar af hálfu íþróttasjóðs eða fjmrn. við viðkomandi aðila um þennan vangreidda bókfærða skuldahala, þá varð það ofan á í n. að leggja til, að bráðabirgðaákvæðið væri fellt niður úr frv.

Ég vil af sérstöku tilefni taka fram, að í brtt. n. er talað um, að gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, sé háð samþykki íþróttafulltrúa og fari ekki eftir þeirri reglu, sem ég hef hér rakið, en hliti sömu meðferð og verið hefur, þ. e. að samþykki íþróttafulltrúa þurfi að liggja fyrir, þegar veittur er styrkur til íþróttatækja. Vildi ég taka fram, að þá er haft í huga, að undir orðið íþróttatæki falli t. d. ýmis hreyfanleg íþróttatæki, eins og skíðalyftur eða annað sambærilegt, þar sem ekki er sem sé um að ræða fasteignir beinlínis.

Ég vildi ekki hafa frekari orð um þetta nál., en vildi taka fram sem upphaflegur flm. þessa frv., að ég er þakklátur meðnm. mínum fyrir góðar undirtektir og skilning á þessu máli, og ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt till. hafi ekki verið samþ. óbreytt, eins og hún var í upphafi sett fram, þá miða þessar breytingar mjög í rétta átt og eru því til styrktar, að íþróttamannvirki geti verið byggð með eðlilegum hætti og til þeirra fáist fjármagn á þann veg, að ekki hamli byggingarframkvæmdum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 521,1 (ný 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 521.2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 521,3 (ákvæði til bráðabirgða falli brott) samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 597).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 597, n. 769).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á íþróttalögum nr. 49 frá 1956 og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það kom frá Nd., en þar voru gerðar á því allverulegar breytingar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég vil aðeins segja það sem persónulega skoðun mína, að ég harma að ýmsu leyti, að fellt hefur verið úr ákvæði til bráðabirgða, sem var í upphaflega frv., en það var þess efnis, að vangreiddur bókfærður stofnkostnaður íþróttamannvirkja í íþróttasjóði verði gerður upp á næstu 5—6 árum. Ég tel mikla nauðsyn á því, að þessi skuldahali verði gerður upp sem fyrst, og vil láta þá skoðun mína koma hér fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 820).

86. Skipulagslög (frv. LárJ o. fl.).

Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964 [235. mál] (þmfrv., A. 499).

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 499 er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga. Það eru fimm þm., sem flytja þetta frv. og flokkarnir hafa valið til þess að vera tengiliðir við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa hér langa framsöguræðu um þetta mál, en efni frv. er það, að skipulagsstjórn getur heimilað sveitarstjórn að annast á eigin kostnað tiltekin skipulagsverkefni undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Ráðh. er þá heimilt að láta greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar sveitarstjórnar við það verkefni, enda hafi skipulagsstjórn staðfest samning sveitarstjórnar við þann aðila, sem verkefnið tekur að sér, þ. á m. kveðið á um hámarksframlag ríkissjóðs.
Ég vil aðeins geta þess, að skipulagsstjórn ríkisins hefur einróma samþykkt að mæla með samþykkt frv., og sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Hv. þdm. geta kynnt sér frekari rök málsins í greinargerð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 665).

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 665 liggur fyrir álit heilbr.- og félmn. um þetta frv. um breyt. á skipulagslögum. N. mælir einróma með samþykkt frv. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Valgeirsson og Jón Skaftason.
Hv. 1. flm. þessa frv. gerði grein fyrir málinu hér við 1. umr., og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 786).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., þar sem það var flutt af þm. frá öllum flokkum og samþ. samhljóða. Frv. var, eins og kemur fram í grg., flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og tilgangur þess er sá að auðvelda sveitarstjórnum að annast skipulagsmál sín undir yfirstjórn skipulagsstjórnar ríkisins.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv.; það kemur ljóst fram í grg. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 786, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 821).

---

87. Þingsköp Alþingis (frv. allshn. Nd.).

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [253. mál] (þmfrv., A. 558).

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Til allshn. þessarar d. var fyrir nokkuð löngu vísað frv. á þskj. 293, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, 156. mál þingsins, en frv. þetta var samið af mþn. árið 1966 og hefur áður legið fyrir Alþ. Við 1. umr. um þetta frv., sem ég nú hef nefnt, fóru fram töluverðar umr. í hv. d., og komu fram hugmyndir um breytingar á frv., sem ekki er óeðlilegt, þar sem frv., sem fyrir lá, var samið fyrir 6 árum. Nú hefur n. haft þetta mál til meðferðar, og niðurstaðan varð sú, að n. samdi nýtt frv., sem hún ætlast til, að

komi í stað hins frv., en er byggt á því með nokkrum breytingum, sem komu til greina í samræmi við umræður, sem urðu við 1. umr. Hér er í raun og veru um formbreytingu að ræða að verulegu leyti. Hér hefur verið samið nýtt frv., og við höfum gert ráð fyrir því í n. og rætt um það við hæstv. forseta d., að í raun og veru mætti telja, að 1. umr., sem fram fór um frv. á þskj. 293, gæti skoðazt sem 1. umr. um þetta frv. Það mundi flýta fyrir málinu, og af hálfu n. yrði þá við 2. umr. þessa frv. gerð nánari grein fyrir hinu nýja formi málsins og þeim breytingum á fyrra frv., sem þetta frv. hefur í för með sér. Málið er flutt af n.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 558).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú liggur fyrir til 2. umr. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, er flutt af n., þ. e. allshn. þessarar hv. d. Þar sem frv. er flutt af n., fylgir því ekki nál. við þessa umr. Hins vegar hefur n. áskilið sér rétt til þess að athuga málið nánar og e. t. v. að gefa út sérstakt nál. fyrir 3. umr. En rétt hefur þótt að gera nokkra grein fyrir frv. nú við 2. umr. og aðdraganda þess, og hefur það komið í minn hlut að gera það.

Aðdragandi þessa máls er sá, að árið 1966 — eða fyrir 6 árum — var starfandi mþn. við endurskoðun laga um þingsköp. Hún samdi frv. um breytingar á þingsköpunum, sem nokkrum sinnum hefur verið lagt fram hér í hv. d., en ekki orðið útrætt. Og enn var þetta frv. lagt fram á þingi því, er nú situr, af nokkrum hv. dm. Þessu frv., sem er á þskj. 293, var vísað til allshn. En það kom fram við 1. umr. um það frv., að á þeim 6 árum, sem liðin eru, síðan það frv. var samið, hafa hugmyndir manna um efni þingskapanna að sumu leyti breytzt, sem ekki er óeðlilegt á svo löngum tíma, og þegar n. tók málið til meðferðar, þá varð það niðurstaðan að gera ráðstafanir til þess, að af hálfu n. væri haft samráð við ýmsa hv. þm., sem höfðu látið í ljós áhuga á þessu máli, og í reyndinni hefur sérstaklega verið rætt um þetta við ýmsa hæstv. forseta, núv. og fyrrv., um þetta mál. Ég vil þó geta þess, að það tókst ekki á þeim tíma, sem viðræður fóru fram, að ræða við hæstv. forseta Ed., sem þá var erlendis. En rætt hefur verið bæði við hæstv. forseta Sþ., hæstv. forseta Nd. og hæstv. varaforseta Sþ. og einnig fyrrv. forseta. Með tilliti til þess, sem fram kom við 1. umr. um frv. á þskj. 293, og með hliðsjón af þeim viðræðum við einstaka þm., sem ég nú hef nefnt, var svo á vegum n. samið frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 558. Grundvöllur þess er að sjálfsögðu frv. frá 1966, frv. mþn., en sumu hefur þar þó verið breytt, og inn hafa komið nýmæli, og eru þau byggð á þessum grunni, sem ég þegar hef nefnt, þ. e. því, sem fram kom við 1. umr. frv. á þskj. 293, viðræðum við ýmsa áhugamenn, einkum núv. og fyrrv. forseta, og hugmyndir, sem komið hafa fram innan nefndarinnar.

Með þessum formála vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um einstakar gr. þessa frv., sem fyrir liggur, og gera lítils háttar samanburð á því og þingsköpunum, eins og þau nú eru, en um þetta hlýt ég þó að vera fáorður. Það er æskilegt, að við þessa umr. komi það fram, ef einstakir hv. þm. vilja eða hafa áhuga á því, að n. fyrir 3. umr. athugi nánar einstök atriði.

Greinar frv., eins og þær liggja fyrir, eru alls 22 talsins.

1. gr. er um breytingu á 1. gr. þingskapanna og er þess efnis, að ekki þurfi að skipta þinginu í deildir til prófunar kjörbréfa nema eftir almennar kosningar.

2. gr., sem lýtur að breytingu á 8. gr. þingskapanna, er þá jafnframt um það, að kjörbréfanefndin skuli vera kosin fyrir allt kjörtímabilið, og það er því náið samband á milli þessara breytinga tveggja.

3. gr. er um breytingu á 11. gr. þingskapanna og er lítils háttar, og 4. gr. er um það, að 13. gr. þingskapanna falli niður, en 13. gr. í núgildandi þingsköpum fjallar um kosningu svokallaðra milliþingaforseta. Það er lagt til, að þau ákvæði falli niður. Þess er ekki lengur þörf að kjósa milliþingaforseta.

5. gr. er um breytingu á 16. gr. þingskapanna. Í þessari gr. eru meginákvæðin um nefndir þingsins. Þar er t. d. það ákvæði um utanrmn., að hún starfi einnig á milli þinga og sé ríkisstj. til ráðuneytis um utanríkismál, enda skuli ríkisstj. ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nm. séu bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður eða ráðh. kveður svo á. Þetta eru ákvæði, sem eru nokkuð breytt frá því, sem í þingsköpunum stendur nú, m. a. um það, að nm. séu bundnir þagnarskyldu, þegar formaður eða ráðh. ákveður, að svo sé. Í gr. eru taldar upp allar þn., og þar er gert ráð fyrir að fjölga nefndum deildanna um eina, sem er nýmæli frá allshn., þannig að heilbr.- og félmn. verði skipt í tvær nefndir, annars vegar félmn. og hins vegar heilbr.- og trygginganefnd. Þetta er í samræmi við núverandi skipun rn. skv. nýju stjórnarráðslögunum. Í þessari gr. er líka nýmæli frá allshn., sem er um það, að hver þn. kjósi sér varaformann. Samkv. gildandi þingsköpum kýs hver þn. formann og ritara, en þá er það svo, að ef formaður nefndar fer af þingi af einhverjum ástæðum, þá tekur varaformaður hans við formennskunni. Það þykir ekki heppilegt eða sjálfsagt, að varamenn, sem kannske hafa ekki mikla reynslu í þingstörfum eða nefndarstörfum, taki sjálfkrafa við formennsku í þn. og það kannske á þeim tíma, sem annríki er mikið, og því þykir það rétt, að kosinn sé í öndverðu varaformaður, sem tæki við starfi formannsins, ef hann forfallast.

Ég vil vekja athygli á því, að það stendur í þessari gr. m. a., að það sé samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála, sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar. Þetta nýmæli, þetta orðalag —"... sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar ..." — lýtur að því, að þetta ákvæði eigi eingöngu við það, þegar samkynja nefndir Ed. og Nd. vinna að máli saman, en í þessu felst m. a. í rauninni það, að samgmn. d. hætti að vinna saman í Sþ. Það hefur tíðkazt, þótt óeðlilegt sé, að þessar deildarnefndir starfi í Sþ.

6. gr. er um breytingu á 19. gr. þingskapanna, og 7. gr. er um breytingu á 25. gr. þingskapanna. Efni þessara gr. varðar meðferð mála, sem mega teljast minni háttar.

8. gr. er um breytingu á 29. gr. þingskapanna, að þar komi: skal, í staðinn fyrir „má“ á einum stað. Þessi breyt. er um það tilvik, þegar till. til þál. er flutt í d., hversu með skuli fara. Algengast er, að þáltill. séu fluttar í Sþ., en þó kemur það fyrir, að þær eru fluttar í deildum þingsins. Oftast er það svo, að till. kemur aðeins til meðferðar í þeirri d., sem hún er flutt í, en í þingsköpunum segir þó, að slíkar till. megi taka til meðferðar í báðum d. Efnisbreytingin í þessu frv. er sú, að til þess að verða gild þál. þurfi að samþykkja till. í báðum deildum þingsins. Að því lýtur þessi orðabreyting að setja „skal“ í staðinn fyrir „má“.

Þá er ég kominn að því, sem segja má, að sé eitt aðaltilefni til þess, að frv. var samið fyrir 6 árum, og það er efni 9. og 10. gr. þess, sem fjalla um skýrslu ráðh. og um fyrirspurnir. Þessar gr., 9. og 10. gr., höfum við í allshn. tekið upp, að ég ætla, nokkurn veginn alveg óbreyttar, eins og þær voru í frv. mþn. fyrir 6 árum, og þarf því ekki að gera sérstaklega grein fyrir þeim, því að það hefur verið gert oftar en einu sinni hér á þingi. En geta vil ég þess, að okkur hefur verið bent á það, að í 5. mgr. 10. gr., sem varðar fyrirspurnir, muni þurfa nánari ákvæði um það, hversu langur tími megi líða frá því, að fyrirspurn er flutt og þangað til hún er tekin til umr.

11. gr. er um breytingu á 43. gr. þingskapanna og varðar leyfi ráðh., hvort mál megi taka til meðferðar, þ. e. að þess þurfi ekki við.

12. gr. er um breytingu á 48. gr. þingskapanna og varðar hlutfallskosningu og lagt til, að orðalagið verði þannig í upphafi gr., að þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða Sþ., sé forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, sem kennd er við de Hondt (listakosning) o. s. frv. En aðalnýmælið er það, að þegar kjósa skal í n. aðalmenn og varamenn, þá skuli kosnir á einum lista í einu lagi aðalmennirnir og varamennirnir, en það hefur ekki gerzt þannig hingað til, heldur hafa aðalmenn verið kosnir sérstaklega og varamenn á eftir. Þetta getur haft það í för með sér, að kosning varamanna verði ekki í fullu samræmi við kosningu aðalmanna, en með því að hafa einn lista á það að vera tryggt.

Þá kem ég að 13. gr., sem er um breytingar á 2. mgr. 51. gr. þingskapanna. Í greininni, eins og hún er nú í þingsköpunum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annarra þingflokka, enda hefur fjmrh. þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.“

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er þessum reglum um útvarp nokkuð mikið breytt. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund, og fulltrúar annarra þingflokka — hér mun hafa orðið villa í prentun, þar sem stendur „af hálfu annarra þingflokka“, en á auðvitað að standa „af hálfu annarra þingflokka en flokks forsrh.“, forsrh. er ekki þingflokkur — 20 mínútur hver, en í annarri umferð hefur hver flokkur 5—10 mínútur til umráða. Enn fremur segir í þessari grein frv., að einnig skuli útvarpa framsöguræðu fjmrh. um frv. til fjárlaga, þó ekki lengur en 1 klukkustund, ef samkomulag verði milli allra þingflokka um útvarpsumræðurnar að öðru leyti.

Í frv. frá mþn. fyrir 6 árum voru felld niður ákvæðin um, að útvarpa skyldi fjárlagaumræðu og umræða um stefnu forsrh. átti að koma í staðinn. En hér í frv. allshn. er tekin upp aftur umræða um fjárlög, en þó með þeim hætti, að það er í raun og veru gert að samningsatriði milli þingflokka, hvort sú umræða fer fram. Það má vera, að það séu ekki margir, sem kæra sig um umræðu um fjárlög eða fjárlagaræðuna, en þó hygg ég, að það sé töluverður hópur manna í landinu, sem gjarnan vill hlýða á skýrslu fjmrh. um fjárhag ríkisins. Hins vegar tel ég, að það þurfi að takmarka lengd þeirrar ræðu, sem þannig er flutt í útvarp.

14., 15., 16., 17., 18., 19. og 20. gr. frv., sem fela í sér breytingar á 53., 54., 55., 56. og 60. gr. þingskapanna auk þess, sem gert er ráð fyrir viðbótargrein, fjalla allar um útvarp frá Alþ., og um þær hefur verið allmikið rætt á undanförnum þingum. Ég vil þó geta þess, að í þessu frv. er gert ráð fyrir meiri styttingu á ræðutíma en gert hafði verið í fyrra frv. frá því, sem nú er.

Ég vil vekja athygli á 19. gr. frv., en þar segir svo:

„Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þessi tilmæli á dagskrá, og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.“

Í frv., eins og það lá fyrir fyrir 6 árum, var gert ráð fyrir, að forsetar gætu veitt útvarpinu slíkt leyfi, en hér er gert ráð fyrir, að beiðni frá útvarpinu um útvarp frá þinginu á þennan hátt sé lögð fyrir hlutaðeigandi þingfund og afgreidd þar.

Ég vil einnig vekja athygli á 21. gr. frv., sem er um það, að ný gr. komi inn á eftir 62. gr. þingskapanna, eins og þau nú eru, og sú nýja gr. hljóði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.“

Þessi gr., ef samþ. yrði og framkvæmd, hefur í för með sér mikla breytingu frá því, sem verið hefur. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú á síðari áratugum hefur prentun Alþingistíðinda dregizt mjög. Venjulega er búið að prenta A-deild eða skjalabálk þingsins um það leyti, sem næsta þing kemur saman, en það getur dregizt í mörg ár, að lokið sé prentun umræðna á þingi. (Gripið fram í.) Hann er nú alveg að ljúka máli sínu, en mun reyna að fara eitthvað hærra með þau fáu orð, sem eftir eru, en annars var hér svo mikill hávaði úti fyrir, á meðan meginhluti ræðunnar var fluttur, að það tók því varla að reyna að keppa við þann hávaða. En í 21. gr. frv. felst það, ég skal endurtaka það, að umræður frá þingi ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum skuli prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum. Á þessu hefur verið misbrestur lengi, áratugum saman, að því er umræðurnar varðar. Þær hafa ekki komið út fyrr en nokkrum árum eftir að þær fóru fram, og er þetta náttúrlega mjög mikill galli, en hér er gert ráð fyrir því, að reynt verði að stefna að því, að prentað sé jafnóðum

allt það, sem frá þinginu kemur opinberlega, að prentuð séu jafnóðum þingskjöl, umræður og atkvæðagreiðslur, og með orðinu jafnóðum er náttúrlega átt við, að það megi ekki dragast. Ég lít svo á, að það megi ekki dragast nema svona nokkra daga og sé svo síðar eins og nú að sjálfsögðu gefið út í Alþingistíðindum. Á þessari grein vil ég vekja sérstaka athygli.

22. gr. frv. er um breytingu á 64. gr. þingskapanna og varðar ráðherraleyfi. Það er á ýmsum stöðum, að felld eru niður ákvæði um, að leyfi ráðh. þurfi til þess, að umræður geti farið fram eða hægt sé að taka mál fyrir, sem í raun og veru er orðið úrelt ákvæði.

Þá hef ég farið lauslega yfir efni frv. og nefnt allar greinar þess, um hvað þær fjalli og hvaða greinum sé gert ráð fyrir að breyta. Eins og ég sagði í byrjun, þá er það mjög æskilegt, ef einstakir hv. þm. eru með breytingaráform í huga, að þeir láti þau koma fram við þessa umræðu eða við allshn., því að n. hefur gert ráð fyrir því að taka málið til nánari athugunar fyrir 3. umr. og þá, ef ástæða þykir til, að gefa út framhaldsálit, en eins og frv. liggur fyrir hér á þskj. 558, þá er það í raun og veru ekki þannig, að nm. séu við það bundnir eins og það er, heldur hafa þeir áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En ef það á að takast að afgreiða þetta mál á þessu þingi, þyrftu menn að hafa hraðan á, ef menn vilja koma á framfæri við n. hér á þessum fundi eða á annan hátt breytingum sínum. Ég hygg, að n. muni halda fund mjög fljótlega og þá taka þetta mál fyrir á ný.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég stóð upp til þess að þakka hv. n. fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefur lagt í þetta mál. Hún hefur tekið það mjög rækilega fyrir, eins og sést á því, að hún hefur ritað frv. upp og aukið í það ýmsum atriðum. Mér sýnist flest af því, sem hv. n. hefur aukið í, vera aðgengilegt og sumt ótvírætt til bóta. Ég vil aðeins benda á eitt atriði í sambandi við 10. gr. frv., sem ég hygg, að væri rétt að taka til skoðunar, en það er, að gert yrði skylt að taka fyrirspurnir á dagskrá eigi síðar en 8 dögum eftir að þær eru viðurkenndar. Mér sýnist það vera öruggara og tryggara að hafa slíkt ákvæði í frv. Ég sé ekki, að það sé neitt í því, sem kemur í veg fyrir, að forseti gæti dregið að taka fyrirspurn á dagskrá. Ákvæðið, sem í greininni er, er til þess að tryggja ráðh. gegn því, að fyrirspurn sé tekin fyrirvaralaust á dagskrá, en mér finnst vanta tryggginguna fyrir spyrjandann.; frsm. mun hafa minnzt á, að þetta væri til skoðunar hjá n.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð — önnur en þau að leggja hina mestu áherzlu á, að þetta mál gæti orðið að lögum á þessu Alþ., og vil biðja hæstv. forseta d. og hv. allshn. að leggjast á eitt, til þess að svo megi verða. En þá má að sjálfsögðu ekki verða mjög langur dráttur á því, að lokaafgreiðsla fari hér fram, enda hygg ég, að þau atriði, sem eftir er að athuga, séu þannig vaxin, að það ætti að vera hægt að komast að niðurstöðu um þau afar fljótlega í nefndinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns og þakka n. fyrir að hafa komið þessu máli áleiðis og þá sérstaklega frsm. hennar fyrir þá vinnu, sem hefur verið lögð í að endurskrifa frv.

Þetta mál er orðið harla einkennilegur þáttur í starfssögu Alþ. Menn hafa verið sammála um það um langt árabil, að þingsköp væru orðin úrelt að mörgu leyti og að það þyrfti að endurskoða þau. Nefnd allra flokka settist að störfum fyrir 6 árum og skilaði þá frv., en ár eftir ár hefur þetta mál lognazt út af í n. í þinginu af einhverjum dularfullum ástæðum, sem aldrei hafa komið greinilega í ljós.

Ég vildi leggja á það ríka áherzlu, að þingið taki sig nú til og sýni, að það geti komið sínum eigin málum í sæmilegt horf með því að afgreiða þetta frv. Að sjálfsögðu er endalaust hægt að deila um einstök atriði í þingsköpum. Þau verða stöðugt í mótun, en ef 6 ára tímabil líður án þess, að nokkur hlutur sé gerður, þá er ekki von, að þróunin sé ör eða í rétta átt.

Það eru ýmis atriði í því frv., sem nú hefur verið lagt fram endurskrifað, sem mætti ræða um, ýmis atriði, sem mætti bæta við, en ég ætla ekki að taka neitt slíkt fyrir. Ég tel, að það sé svo mikill ávinningur að frv. eins og það er, að við eigum að leggja megináherzlu á að afgreiða það. Ég skora því eindregið á n. að taka ekki langan tíma í frekari athugun fyrir 3. umr., heldur skulum við reyna að koma þessu máli frá okkur. Svo getum við byrjað að hugsa á ný, eftir að við höfum gert þessar breytingar. Það er nauðsynlegt, ekki sízt ef það tekur 6 eða 8 ár að koma næsta frv. fram.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér hafa tveir áhugamenn um þingsköp kvatt sér hljóðs og hvatt til þess, að þetta mál nái fram að ganga. Jafnframt hafa þeir beint þökkum til hv. allshn. fyrir hennar hlut að því að leggja fram þetta frv., eins og það liggur nú fyrir. Þessar þakkir á fyrst og fremst skilið 1. þm. Norðurl. e., frsm. þessa máls, því að hann hefur haft veg og vanda af að útbúa þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé við hæfi nýrra manna hér á þingi að leggja mörg orð í belg. Þingsköp eða fundarsköp hér á þessum vettvangi eins og annars staðar taka mið af vissum starfsvenjum og vissri þróun í gangi funda, og því er eðlilegt, að þeir, sem lengur hafa setið hér, séu dómbærari um það en þeir, sem nýir eru, hvernig með þessi mál skuli fara. Ég ætla því ekki að flytja hér langt mál um þetta frv. Ég á sæti í hv. allshn. og á því þátt í því að leggja þetta mál fyrir hér. Mér er hins vegar engin launung á því, að ég hefði haldið, að gera þyrfti miklu róttækari og meiri breytingar á þingsköpum en fram kemur í þessu frv. Mér hefur hins vegar skilizt, að áhugi manna beinist að því að koma mjög nauðsynlegum breytingum fram, en láta róttækari lagfæringar bíða og koma þeim á framfæri smám saman. Þess vegna er áhugi á að afgreiða þetta mál, eins og það liggur fyrir í aðalatriðum nú.

Ég hefði haldið t.d., að eitt stærsta málið, þegar gerðar væru breytingar á þingsköpum Alþ., væri, hvort ekki væri rétt að breyta Alþ. í eina málstofu, en til þess þarf að sjálfsögðu meiri breytingar en breytingar á þingsköpunum einum; það er stjórnarskrármál. En vitaskuld þyrfti sú n., sem hefur með þetta að gera, að taka einmitt slík atriði til gaumgæfilegrar athugunar, þegar breytingar eru einmitt á annað borð á dagskrá.

Frsm. lýsti eftir till. við þessa umræðu, og ég vildi því ekki láta hjá líða að ítreka það, sem ég hef sagt hér fyrr í vetur um skoðun mína á fundarsókn hv. þm. við

umræður í þessari d. sem og í Ed. og Sþ. Mér finnst mjög á skorta, að menn sæki fundi hér með sómasamlegum hætti, og hefði haldið, að hægt væri að setja inn í þingsköpin einhver ákvæði . . . (**Gripið fram í:** Það er í þingsköpum.) Já, það er í þingsköpum í 33. gr. ákvæði, sem segir, með leyfi forseta: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni.“ En ég hef ekki séð, að þessu ákvæði hafi verið fylgt í raun, og þá hafa það a. m. k. varla getað verið mjög ríkar nauðsynjar, sem hafa bannað mönnum að sækja fundi hér upp til hópa, þegar ekki nema kannske 4—5 menn sitja undir umræðum langtímum saman. Þetta skal ég ekki orðlengja frekar. Þetta er sem sé skoðun mín, og ég hefði haldið, að hægt væri að knýja betur á og kveða rækilegar á um þetta í þingsköpum Alþ. Það kæmi t. d. vel til greina, að þingfundir yrðu alls ekki settir, nema hér væri tilskilinn fjöldi manna saman kominn, og að menn sæju sóma sinn í því að tilkynna forföll, ef þeir þurfa að fara frá á miðjum fundum.

Það, sem ég hafði hins vegar ætlað að koma hér gagngert á framfæri varðandi brtt., var, að í 5. gr. frv., sem fjallar um nefndaskipan, er gert ráð fyrir því, að fjölgað sé um eina n., þ. e. að þeim störfum, sem hingað til hafa heyrt undir heilbr.- og félmn., verði skipt, annars vegar látin heyra undir félmn. og hins vegar undir svokallaða heilbr.- og tryggingnefnd, sem þá teldist ný n. Þetta tel ég til bóta. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að áfram haldist að sjálfsögðu þær n., sem fjalla um aðalatvinnuvegina, landbúnað, sjávarútveg og iðnað, og enn fremur er sérstök n., sem fjallar um samgöngumál. Í þessu hefur að mínu viti gleymzt að taka til greina einn mjög stóran þátt í atvinnulífinu í þessu landi, sem er orðinn ríkur í öllum störfum og umsvifum þjóðfélagsins, en þar á ég við verzlun og viðskipti. Og ég get vel trúað því, að full ástæða sé til að skipa sérstaka n., sem fjallar um verzlunar- og viðskiptamál, og áskil mér rétt til að flytja brtt. þess efnis síðar í þessari umræðu. En hvað snertir nefndastörf, sem eru vissulega mjög stór þáttur í störfum Alþ., þá er ég þeirrar skoðunar, að það þurfi að gera þeirra veg meiri í þingsköpunum.

Nú vita allir, sem hafa kynnzt störfum Alþ., að fundir hér í deildunum sjálfum eru kannske ekki það, sem skiptir öllu máli. Mjög veigamikil störf fara fram annars staðar og þá ekki sízt í þingflokkunum og í n. Hins vegar hefur mér sýnzt, að þessar n. hafi í störfum sínum verið hornrekur bæði hvað tíma og vinnu snertir, og stafar það bæði af því, að þm. hafa einfaldlega ekki haft tíma og aðstöðu til þess að sinna nefndastörfum sem skyldi, og eins af því, að þróun mála er með þeim hætti, sem raun er á. (Gripið fram í.) Um það skal hv. þm. spyrja aðra þm. en mig. Ég þykist hafa sótt fundi hér með sæmilegum hætti svo og sinnt nefndastörfum. Þessu er ekki beint til eins eða neins sérstaklega og ekki sagt í neinum ásökunartón, heldur af því tilefni, að það er einmitt orðið mikið umhugsunarefni víða í þingræðislöndum, hvernig hagað er störfum og aðstöðu þjóðþinga. Með vaxandi tækni fer sú tilhneiging vaxandi að beina öllum störfum og undirbúningi til sérfræðinga, til sérfróðra manna bæði í opinberum embættum og öðrum stöðum. Vegna þessa fara möguleikar þingmanna á því að kynna sér mál til hlítar sífellt minnkandi, og þeir standa jafnvel máttvana gagnvart flóknum málum og tillögum, sem eru settar fram af sérfræðingum, þannig að þeir eiga ekki annarra kosta völ en einfaldlega að samþykkja þær tillögur og þá framsetningu, sem koma frá sérfræðingum og embættismönnum. Því hefði ég haldið, að það ætti að auka hlut n. þannig, að þær hefðu betri aðstöðu til þess að setja sig inn í mál og auka þannig völd þeirra og alla aðstöðu, án þess að ég geti endilega útskýrt það.

Sú þróun, sem á sér stað í nútímaþjóðfélagi, hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir þjóðþing okkar eins og þing annarra þjóða. Þar hafa menn leitt hugann að því að efla vald n. til þess að kalla til sín aðila og rannsaka mál, hafa frumkvæði og auka allan aðbúnað fyrir þessar n. til að kynna sér og setja sig betur inn í mál en nú er. Þessari hugmynd og þessu atriði vildi ég koma á framfæri, því að ég held, að það sé vissulega þörf fyrir að taka það til íhugunar hér á hinu háa Alþ. sem annars staðar í þingræðislöndum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 558, 713, 716).

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mál þetta hefur þegar verið svo ítarlega rætt, að ég mun ekki gera það efnislega, enda legið fyrir hv. Alþ. mörg undanfarin þing. Ég vildi aðeins leyfa mér að fylgja með örfáum orðum úr hlaði brtt., sem ég vil leyfa mér að leggja hér fram skrifl. og leyfa mér að flytja ásamt hv. 1. þm. Sunnl. Þessi brtt. er við 5. gr. frv. þess efnis, að á eftir 2. tölul. 1. mgr. komi nýr liður og töluröð breytist samkv. því, þ. e. undir 3. lið komi: „atvinnumálanefnd, skipuð 7 mönnum.“ Það verði sem sé kjörin til viðbótar ein n. í Sþ., sem beri nafnið atvinnumálanefnd. Einnig leggjum við til í till. okkar, að í b-lið, á undan síðasta málsl. 2. mgr. komi: „Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum, sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um, ef borin væru fram í frumvarpsformi.“

Þessi till. er borin fram að gefnu tilefni sérstaklega vegna þess, að það hefur legið fyrir nú í vetur, að það eru ekki aðeins tugir mála, sem hefur verið vísað til allshn., heldur geri ég ráð fyrir, að þau mál fari að nálgast 100 nú, og sízt ætla ég að draga úr þeirri staðreynd, sem öllum er ljós, að þessi hv. n., allshn. Sþ., hefur sjaldan unnið betur en hún hefur gert á yfirstandandi þingi. Hins vegar er það svo, að flutningur þessarar brtt. okkar er fyrst og fremst af hagræðingarástæðum, og teljum við, að með samþykkt hennar megi mikil vinna sparast og fleiri mál gætu þar náð afgreiðslu til Sþ.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að leitað verði afbrigða fyrir þessari till. og hún borin upp.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 753) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt., sem sjá má á þskj. 713 og er um að bæta við einni nýrri n. í hvorri d. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir þessari hugmynd minni og þessari till. og skal því ekki orðlengja það miklu frekar hér, sem ég hef áður sagt. Ég vakti athygli á því, að nú væri það svo, að n. væru skipaðar vegna allra helztu atvinnuvega landsmanna, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. Auk þess væru n. um samgöngumál og mál félagslegs eðlis. Því væri ekki óeðlilegt, þótt sérstök n. væri skipuð vegna verzlunar og viðskipta, sem einnig hljóta að teljast til höfuðatvinnuvega þjóðarinnar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það, hvers eðlis þau mál yrðu, sem til þessarar n. yrði vísað. Nafn n. bendir til þess og felur það í sér. Það er mín skoðun, að þetta sé sjálfsögð og eðlileg nefndarskipan, og það ætti varla að vera til mikils trafala, þó að ein n. bættist við í d. Ég er jafnvel þeirrar skoðunar, að það geti flýtt fyrir nefndastörfum, ef n. yrði fjölgað með þessum hætti, því að mín reynsla er sú, að oft vill fara svo, að í hinum ýmsu n., sem fyrir eru nú, hlaðast upp mál og vegna tímaskorts og anna hjá nm. vill verða erfitt að ganga frá málum og afgreiða þau. Því fleiri sem n. eru, því færri mál fara til hverrar n., og því ætti að ganga rösklegar að afgreiða þessi sömu mál.

Ég held svo, að ég sjái ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa till., en óska eftir því, að hún verði tekin til afgreiðslu nú við þessa umræðu.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil skýra frá því, að milli 2. og 3. umr. hefur verið haldinn fundur í allshn. þessarar hv. d. og frv. þar tekið til nokkurrar athugunar. Þar voru uppi m. a. þær hugmyndir, sem nú hafa komið fram í brtt. á þskj. 713 og skrifl. brtt. Að athuguðu máli varð n. sammála um það að leggja til, að samþ. yrði brtt. við 10. gr. frv., sem varðar fyrirspurnir. Brtt. er þess efnis, að bætt verði inn í gr., að fyrirspurn skuli ávallt tekin á dagskrá eigi síðar en 8 virkum dögum eftir að hún var leyfð. Þetta sýndist nm. vera sjálfsögð breyting til þess að tryggja það, að ekki drægist um of að taka fyrirspurn á dagskrá. Þessi brtt. er á þskj. 716, en þar er einnig brtt. við 13. gr., sem er aðeins leiðrétting málfræðilegs eðlis og verður að telja sjálfsagða. Ég man ekki, hvort hún var sérstaklega rædd í n., en ég hef rætt um hana við skrifstofustjórann, og það er aðeins málfræðileg leiðrétting.

Til þeirra till., sem fram hafa komið á þskj. 713, og til skrifl. brtt., sem fyrir liggur, hefur n. ekki tekið afstöðu sem slík.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð til þess að mæla með þeirri till., sem hér er flutt skrifl. af hálfu hv. alþm. Péturs Sigurðssonar og Ingólfs Jónssonar, þ. e. hv. 10. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Sunnl. Ég vil mæla með þessari till. Mér finnst hún skynsamleg og eðlileg og tel, að hún mundi bæta vinnubrögð í Sþ. Allshn. er orðin ofhlaðin málum, en málin mundu dreifast og verða n. viðráðanlegri með þessu lagi. Ég vil mæla með þessari till.

ATKVGR.

Brtt. 753 samþ. með 27:1 atkv.
— 713 felld með 15:15 atkv.
— 716,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 716,2 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 756).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 756, n. 815).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Á þskj. 293 er þmfrv. um þingsköp flutt í Nd. Eftir 1. umr. þar kom það til allshn. Síðan flutti allshn. þeirrar d. sérstakt frv. um sama efni, og er það mál nr. 156, og það er það frv., sem Nd. afgreiddi frá sér og er hingað komið og er hér til umræðu.

Í grg. er sagt, að frv. sé samið á grundvelli frv. um sama efni, sem var samið af mþn., sem skipuð var af Sþ., að mig minnir á árinu 1966. Þetta var sjö manna n., sem var falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp, og í þetta sinn hefur málið komizt þetta langt, það er komið til seinni deildar.

Ég tel það alveg víst, að allir hv. þm. hafi kynnt sér þetta mál og þá ekki sízt þau nýmæli, sem í frv. felast, sem hafa áður velflest, ef ekki öll, komið fram í umræðum. Og ég ætla því ekki og tel það enda ástæðulaust að rekja frv. eða ákvæði þess frekar. Slíkan lagabálk, sem varðar svo mjög störf þm., verða þeir sjálfir að kynna sér vel og vandlega og munu gera það. En þetta frv. er samið af hinum færustu mönnum í þessum efnum, og við verðum að treysta því, að í heild sé þar fullforsvaranlega að verki staðið.

Allshn. hefur samt sem áður leyft sér að bera fram tvær brtt., ekki stórvægilegar, við frv., eins og það var samþ. við síðustu umræðu í Nd. Og þessar tvær brtt. eru á þskj. 815. Þær eru báðar við 13. gr. frv. Önnur þeirra fjallar um það, að eftirrit af stefnuræðu forsrh., sem útvarpa skal innan tveggja vikna frá þingsetningu hverju sinni, skuli sendast formönnum þingflokkanna viku áður en stefnuræðuna á að flytja. Hin brtt. er á þá lund, að niður falli með öllu að útvarpa framsöguræðu fjmrh. við frv. til fjárlaga.

Um hina fyrri brtt. vildi ég segja þetta, að n. taldi rétt að veita stjórnarandstæðingum fyrst og fremst tækifæri til að kynna sér efni stefnuræðunnar hverju sinni og taldi jafnframt eðlilegt, að þeir hefðu hæfilegan tíma til þeirrar athugunar. Okkur í n. þótti ekki hlýða, að stefnuræðan væri flutt á einum og sama degi, ef andstæðingar stjórnarinnar skyldu svara henni.

Í annan stað þótti n. sem stefnuræða forsrh. gæti mætavel komið í stað útvarps- og framsöguræðu fjmrh. við framlagningu frv. til fjárlaga og umræðu um hana og að fjmrh. eins og aðrir ráðh. hefðu tækifæri til þess að koma höfuðatriðunum fram í fjölmiðlum með öðrum hætti.

Þetta eru þær brtt., sem fylgja nál. frá allshn. Allshn. hélt fund í morgun, og þá tókum við að ræða aðeins um þetta frv. og aðeins eitt atriði þess. Það var í sambandi við nefndir, fastanefndir í deildum. Og okkur kom öllum í n. saman um það að flytja skrifl. brtt. við þetta tækifæri, sem væri á þá leið, að 3. mgr. 1. tölul. 5. gr. frv., eins og það kom frá Nd., yrði á þá lund, að þar væri um nefnd að ræða, sem héti fjárhags- og viðskiptanefnd, þannig að mál viðskiptalegs eðlis kæmu til fjhn., og okkur þótti eðlilegt, að þetta tvennt færi saman, því að viðskiptamál yfirleitt eru fjárhagslegs efnis og væri samræmi í því, að slík mál féllu til fjhn. En vegna þess að þessi hugmynd var svo síðborin, að hún kom ekki fram fyrr en eftir að við höfðum gengið frá nál. og tveimur fyrrnefndum breytingum, þá þótti okkur rétt, eins og ég sagði, að flytja skrifl. brtt. í þessa átt, og hún er á þessa leið: „Við 5. gr., 3. mgr. 1. töluliður orðist svo: Fjárhags- og viðskiptanefnd.“ Og ég leyfi mér að afhenda þessa till., sem er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og leyfi mér að biðja hv. forseta að leita afbrigða.

Að lokum vildi ég geta þess, af því að því var skotið að mér rétt áðan í sambandi við fyrri brtt. okkar um það, að afrit af stefnuræðu forsrh. skyldi fengið formönnum þingflokkanna í hendur, að það væri eðlilegra og lýðræðislegra, að þetta endurrit yrði fengið í hendur öllum þm. Það gæti átt sér stað og er alveg hugsanlegt, að þm. væri ekki í flokki einhvern eða mestan hluta þingtímans, svo að ekki sé meira sagt, og hann væri t. d. í stjórnarandstöðu. Þá þætti það ekki tilhlýðilegt, að hann fengi ekki eins og aðrir þm. — ég tala ekki um þm. stjórnarandstöðunnar — slíkt eftirrit í hendur. En af því að þetta er síðbúið, þá hef ég ekki tök á því, þótt ég vildi, að flytja brtt. við þetta nú, en ég vildi varpa þessu fram, því að ein umr. er eftir, ef hv. þm. vildu sinna þessari mjög síðbornu aths.

Og að síðustu vil ég segja það, að við nm. leggjum nokkurt kapp á afgreiðslu þessa frv. úr hv. d., en ef brtt. verða samþ., fer það að sjálfsögðu aftur til Nd.

Þá hef ég lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 839) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 839 samþ. með 15:1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 815 samþ. með 16 shlj. atkv.

13. gr. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 846).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þar sem ég hef nokkurn hug á að flytja skrifl. brtt. á þá lund, sem ég minntist á síðast í ræðu minni hér áður, en mér hefur ekki unnizt tími til þess að skrifa hana, þyrfti ég svo sem eina mínútu til þess að koma þessu á blað, svo að ég geti afhent herra forseta hana til fyrirgreiðslu. (**Forseti:** Það verður séð til þess.)

Herra forseti. Þá leyfi ég mér samkv. áður sögðu að flytja brtt. við þingskapafrv. á þessa leið: Við 13. gr. Í stað orðanna „formanni hvers þingflokks“ komi: þingmönnum sem trúnaðarmál.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 847) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 847 samþ. með 12:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 848).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á þingsköpum Alþ., var flutt af allshn. þessarar hv. d. og að verulegu leyti byggt á 6 ára gömlu frv. frá mþn., en er nú komið hingað aftur til d. frá hv. Ed., og hefur hún gert á því breytingar, sem ég vil leyfa mér, af því að ég hef verið frsm. þessa máls hér í d., að vekja athygli á. Breytingarnar, sem Ed. hefur gert á frv., eru eftir því, sem mér virðist, við 5. gr. og við 13. gr.

Breytingin við 5. gr., en sú grein fjallar um þn., er um að breyta nafni á einni af fastanefndum þd., þannig að fjhn. verði eftirleiðis nefnd fjárhags- og viðskiptanefnd, og er með þessu tekið tillit til ábendingar, sem gerð hefur verið um þetta efni að vísu með nokkuð öðrum hætti við umræður um málið.

Í öðru lagi hefur verið gerð breyting á 13. gr. frv., og þar er raunar um tvær breytingar að ræða. Önnur er um það, að áður en stefnuræðu forsrh. er útvarpað, skuli eftirrit af ræðunni afhent þm. sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Hin breytingin er þess efnis að fella niður að útvarpa fjárlagaræðu, framsöguræðu fjmrh., við 1. umr. fjárlaga og umræðu um hana.

Ég vil segja það um þessar breytingar, sem ég nú hef nefnt, að mér virðist fyrir mitt leyti eðlilegt, að hv. Nd. geti á þær fallizt, þannig að afgreiða megi frv. svo breytt sem lög frá þingi.

Ég vil svo bæta því við auk þess, sem ég nú hef sagt, að ég vil vona það fyrir mitt leyti, að reynslan leiði í ljós, að sú breyting, sem gerð verður á þingsköpunum, ef þetta frv. nær fram að ganga, reynist til bóta að ýmsu leyti. Þess er þó að gæta, að undanþágur frá þingsköpum eru á valdi þm. á hverjum fundi, og ekki má gera ráð fyrir, að breytingar þær, sem nú eru væntanlegar á þingsköpunum, hafi í för með sér neina stórbreytingu á

starfsháttum þingsins. Þeir aðilar, sem einkum móta starfshætti þingsins á hverjum tíma, eru þingforsetarnir og ríkisstj., sem að jafnaði hefur mikil áhrif, hver sem hún er, á ganghraða þingmála og að jafnaði flytur sjálf mörg hin stærstu mál. Glöggt er gests augað, og einn hinna nýkjörnu þm., þ. e. sem nú situr á þingi í fyrsta sinn, hefur oftar en einu sinni í vetur haft orð á því við mig, að honum þætti nefndastörfum vera áfátt í þinginu. Hann benti mér á það, að hann hefði tekið eftir því, að sumar n., sem hann tilgreindi, hefðu ekki verið boðaðar á fund vikum saman, þótt þar lægju fyrir mál til afgreiðslu. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki einsdæmi um þær n. eða á þessu þingi. Sjálfur hef ég þótzt veita því athygli í seinni tíð, að n. leggi minni alúð við störf sín nú en þær gerðu fyrir 30—40 árum, þegar ég átti fyrst sæti á Alþ. eða hafði kynni af þingstörfum. En það hygg ég miklu skipta fyrir löggjafarstarfið, að þn. vinni vel og láti ekki sinn hlut eftir liggja. Ekki má þá heldur gleyma því, að þingflokkarnir, sem nú eru orðnir fimm talsins og fer trúlega fjölgandi að öðru óbreyttu, ráða mjög miklu um starfshætti þingsins, og það liggur við, að segja megi, að Alþ. skiptist nú í fimm þing líkt og stéttaþingin fyrr á öldum.

Utanstefnur viljum vér engar hafa, stóð í Gamla sáttmála. En þátttaka Íslands í alls konar bandalögum og þjóðasamstarfi fer nú sívaxandi og jafnframt það, að alþm. sé nú oft og mörgum utan stefnt af þeim sökum, stundum þegar verst gegnir, og fjarvistir hinna reglulega kjörnu þm. aukast einnig af öðrum sökum. Það hefur líka sín áhrif, að fundir eru nú orðið lengst af á þinginu ekki haldnir nema fjóra daga í viku, og segir það þá til sín, ef nefndastörf aukast þá ekki að sama skapi. Allt það, sem ég nú hef nefnt, hefur áhrif á starfshætti þingsins, en hornsteinn þingstarfanna, löggjafarinnar og hins sjálfstæða þjóðríkis á Íslandi er auðvitað stjórnarskráin. Hin fyrirheitna lýðveldisstjórnarskrá er enn ófengin. Endurskoðun gömlu stjórnarskrárinnar er enn ólokið 28 árum eftir lýðveldisstofnunina. Á því leikur víst enginn vafi, að meiri hluti þjóðarinnar vill láta endurskoða stjórnarskrána, og ég held, að meiri hl. alþm. muni einnig vera þess sinnis, en það mál er nú einnig á lokastigi hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 891).

88. Iðnfræðsla.

Á 34. fundi í Nd., 21. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu [145. mál] (þmfrv., A. 266).

Á 38. og 39. fundi í Nd., 7. og 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að sú breyting verði gerð á lögum um iðnfræðslu, að aftan við 21. gr. þeirra laga komi ný mgr., svo hljóðandi um það efnisatriði þessa máls:

„Er námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs lágmarkslaunum iðnnema í viðkomandi iðngrein, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll."

Iðnnemasamband Íslands hefur í auknum mæli orðið fulltrúi iðnnemanna í þeirra málum og þá einkum og sérstaklega í öllu, er varðar framkvæmd iðnfræðslulöggjafarinnar. Það munu víst allir vera nokkurn veginn sammála um það, að ýmislegt hafi á skort um framkvæmd þeirrar löggjafar og margt hefur þar verið að breytast, og Iðnnemasambandið hefur því haft þar aukin afskipti, og Alþ. hefur fyrir nokkrum árum viðurkennt rétt sambandsins á þessu sviði, sérstaklega með því, að fulltrúi þess á nú sæti í iðnfræðsluráði.

Ég ætla ekki að fara að rekja þetta mál neitt sérstaklega nánar. 1. flm. þess, Sigurður Magnússon, sem átti sæti hér á Alþ. fyrir jólin, er gagnkunnugur þessum málum, hefur nokkur ár starfað í Iðnnemasambandinu og var forseti þess um árabil. Frv. er samið af honum og grg., og ég vil vísa til hennar um annað varðandi þetta mál, en ég vil hins vegar taka það fram, að hér er ekki verið að fara fram á stórar álögur á iðnfyrirtæki eða iðnmeistara. Það er talið, að miðað við núgildandi kaupgjald muni þetta vera nálægt 800 kr., sem iðnmeistarar eða fyrirtæki greiddu vegna hvers iðnnema. Í þessu sambandi má einnig geta þess, að með þeim breytingum, sem nú er fyrirhugað að gerðar verði á persónusköttum, falla niður tryggingagjöldin, sem iðnmeistarar hafa greitt vegna iðnnemanna, þannig að ekki yrði nú sagt, að löggjafarvaldið væri að íþyngja þeim með gjöldum, þó að þetta gjald yrði tekið upp, sem er miklu lægra en þau persónugjöld, sem meistararnir hafa orðið að greiða fram til þessa vegna iðnnemanna.

Eins og ég sagði, er 1. flm. þessum málum gagnkunnugur. Þess er getið í grg. frv., að málið hefur verið rætt við Iðnnemasambandið og stjórn þess hefur lýst sig því fylgjandi. Það mætti e. t. v. segja, að annan hátt væri hægt að hafa á fjáröflun til þessara samtaka, og víst er það þannig nú og gæti verið, en á það skal þó bent, að iðnnemar eru tiltölulega skamman tíma í þessum samtökum. Þar er um stöðuga endurnýjun að ræða, nokkuð undir hælinn lagt um starfskrafta, og félög iðnnema verða þess vegna af eðlilegum ástæðum ekki starfshæf á sama hátt og t. d. verkalýðsfélögin eða iðnsveinafélögin, þar sem menn eru félagsmenn að sjálfsögðu til miklu lengri tíma. Það hefur verið erfiðleikum bundið að halda uppi starfsemi í hinum einstöku félögum. Þau geta blómstrað ágætlega tímabundið, en síðan dalar starf þeirra oft og tíðum, þegar forustumenn, sem verið hafa, hverfa úr félögunum, en það eru einmitt félögin, sem eru undirstaða Iðnnemasambandsins, og af þessum sökum er býsna erfitt að halda uppi inn-

heimtu og öðru slíku til starfsemi sambandsins. En ef farið væri inn á þessa braut, sem ég tel mjög ákjósanlega, þá greiða iðnnemarnir á sama hátt og meistarinn sín gjöld og ætti þá fjárhagur þessa sambands að vera mun tryggari.

Eins og ég sagði, þá vil ég að öðru leyti vísa til grg. með frv. og legg svo til, að að umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 682).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til breyt. á iðnfræðslulögum frá 11. maí 1966 og nál. verið hér útbýtt. Í því segir:

„N. hefur athugað frv. og umsagnir Landssambands iðnaðarmanna og Iðnnemasambands Íslands.

Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson telja þá fræðslustarfsemi fyrir iðnnema, sem frv. fjallar um, mjög æskilega og eru því fylgjandi, að henni verði komið í framkvæmd. En þeir hefðu kosið, að fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, fremur en að taka upp nýjan markaðan skatt og að leggja hluta kostnaðar á iðnnemana. Af þessum ástæðum skrifa Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson undir nál. með fyrirvara."

Þær breytingar, sem n. leggur til, eru síðan:

Við 1. gr.

a) Á eftir orðunum „Iðnnemasambandi Íslands" í 1. málslið bætist: og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina.

b) 2. málsliður orðist svo:

„Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð."

Eins og fram kemur í nál., mælir n. einróma með samþykkt frv. Þó gera tveir nm., þeir hv. þm. Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson, þá aths., að þeir hefðu heldur kosið, að ríkisvaldið tryggði fé til þessarar fræðslustarfsemi, er um ræðir í lögunum, heldur en að þess yrði aflað með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert. Ég fagna mjög einróma ákvörðun n. um að mæla með samþykkt frv. og vænti þess, að hún sé í samræmi við almennan hug þm. til málsins.

Varðandi það atriðið, að betra væri að fé væri tryggt til þessarar fræðslustarfsemi af hálfu ríkisins, vil ég einungis segja: Iðnnemasamband Íslands hefur um langt árabil notið nokkurs styrks á fjárlögum til starfsemi sinnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að mjög erfiðlega hefur gengið að fá þessa lágu upphæð hækkaða í samræmi við hækkun kaupgjalds og verðlags hverju sinni. Þessi upphæð var þannig 100 þús. kr. árið 1966, en þrátt fyrir mikla óðaverðbólgu á síðustu árum fékkst hún lítið sem ekkert hækkuð fyrr en nú í haust. Þar fyrir utan er það álit mitt, og ég veit, að samtök iðnnemanna eru á sama máli, að það sé ofur eðlilegt, að iðnmeistarar og iðnnemar leggi sjálfir fram smáfjárhæðir til þessa starfs, en vitaskuld má það ekki og á ekki að koma í veg fyrir, að ríkisvaldið auki fjárveitingar af sinni hálfu til kennslueftirlitsins.

Örlitlar breytingar hefur n. gert, eins og fram kemur í nál., og tel ég þær báðar til bóta. Í fyrsta lagi er tekið fram í lögunum, til hvers kyns starfsemi féð skuli notað, en áður var þess einungis getið í grg. Í öðru lagi er tekið sem viðmiðunarkaup kaup rafvirkjanema, en slík einföldun auðveldar mjög innheimtu gjaldsins til iðnfulltrúanna. Ef lög þessi öðlast gildi, eru þær upphæðir, sem hér um ræðir, sé miðað við kaup rafvirkjanema eins og það er nú í dag, um það bil 780 kr. á iðnmeistara, en 390 kr. á nemanda.

Ég hef nú í fáum orðum gert grein fyrir afstöðu iðnn. til þeirra breytinga á iðnfræðslulögunum, sem hér eru til umr. En þar sem málefni iðnfræðslunnar, vandamál hennar og vanefndir ríkisvaldsins í hennar garð, eru að mínum dómi allt of sjaldan til umr. hér í þingsölum, ætla ég að nota tækifærið og lengja mál mitt um þetta efni, því að það er trú mín, að hinn herfilegi aðbúnaður, sem iðnfræðslan og þolendur kerfisins, iðnnemarnir, búa við, væri ekki til staðar, ef hv. alþm. þekktu raunverulega ástand þessara mála.

Enn í dag á 20. öld, öld tækni og þekkingar í þjóðfélagi, sem kallar sig velferðarþjóðfélag, ríkir í skipulagsmálum iðnfræðslunnar ómannúðlegt, stirðnað miðaldafyrirkomulag. Þessar staðreyndir eru ósamrýmanlegar þeim hugmyndum, sem nútímamenn gera sér um skólagöngu og menntun yfirleitt, og alger þversögn við skeleggar stefnuyfirlýsingar stjórnmálaflokka og fullyrðingar stjórnmálamanna þess efnis, að allir eigi að geta notið þeirrar menntunar, er hugur þeirra og hæfileiki stendur til.

Iðnfræðslan og verkmenntun öll hefur orðið út undan í menntakerfinu. Þetta hefur gerzt, þótt allir viðurkenni, að góð verkmenntun sé ein helzta forsenda þess menningarþjóðfélags, sem við höfum kjörið okkur að byggja. Orsaka aðgerðaleysis þjóðfélagsins, þegar verkmenntun er annars vegar, held ég að verði fyrst og síðast að leita í því ranga gildismati menntunar, sem hér hefur verið landlægt og enn í dag stendur í vegi fyrir framförum í þessu efni, og þetta ranga gildismat hefur ekki aðeins verkað sem hemill á eðlilega uppbyggingu iðnskólakerfisins, heldur hefur það beinlínis verkað sem kjaradómur. Það hefur skammtað hinum vinnandi stéttum, sem svo eru oft nefndar, lægri kjör, þar sem gildi vinnu þeirra eins og gildi menntunar þeirra hefur í augum hinna ráðandi þjóðfélagsafla verið dæmt þýðingarminna og þá um leið verðminna. Það er hins vegar ofur eðlilegt, að laun séu að einhverju leyti miðuð við lengd og kostnað skólagöngu, meðan við búum við núverandi menntunaraðstæður, en slík viðmiðun verður að vera réttlát og nær sanni. Það er álit mitt, að við uppbyggingu nútímamenningarþjóðfélags hljóti öll hagnýt menntun, öll þroskaleið, hvort sem hún fellur undir hið svokallaða andlega eða verklega svið, að hafa sama grundvallargildi. Saman eru allir hinir einstöku menntaþættir sú máttarstoð, sem framvinda þjóðfélagsins hvílir á. Sé einn numinn brott eða að honum þrengt, veikist sjálf undirstaðan og hætta steðjar að. Það er hins vegar hlutverk framsýnna menntunaryfir-

valda að hafa áhrif á þróun einstakra menntunarbrauta með tilliti til sérstakra þarfa þjóðfélagsins hverju sinni.

En víkjum aftur að iðnfræðslunni. Ég sagði áðan, að í málefnum hennar ríkti miðaldafyrirkomulag. Hvað á ég við með því? Jú, enn í dag gildir í öllum meginatriðum sama kennsluformið og gilt hefur frá tímum handiðnaðarins, þar sem nemendur fara í læri til iðnmeistara. Þannig fer meginhluti hins venjulega iðnnáms enn fram utan ramma hins eiginlega skólakerfis á vinnustað iðnmeistarans, þótt forsendur vinnustaðarnámsins séu í mörgum tilfellum alveg horfnar. Sé þannig einungis höfð í huga hin öra sérhæfing innan einstakra iðngreina, sem átt hefur sér stað, þar sem einstök verkstæði tileinka sér þröng, afmörkuð svið, má vera ljóst, að öll skynsamleg forsenda vinnustaðarnámsins er brostin. Enda er það ein algengasta kvörtun iðnnema, að þeir hafi ekki hlotið þá almennu fagþekkingu, sem lög ætlast til. Þetta veldur þeim síðan miklum erfiðleikum að námi loknu og í sumum tilfellum meinar þeim að vinna við þann þátt iðngreinarinnar, sem þeir hefðu helzt kosið.

Í öðrum tilfellum sjá iðnmeistararnir sér beinlínis hag í því, að nemendur þeirra vinni sérhæfð störf, afkastageta þeirra vex um leið og færnin og gróði fyrirtækisins að sama skapi. Um þessa misnotkun meistara á iðnnemunum segja iðnnemarnir sjálfir í bréfi, sem nýlega hefur verið dreift hér meðal þm., með leyfi forseta: „Í flestum tilfellum skoðar meistarinn iðnnemann sem láglaunaðan vinnukraft, vinnukraft, sem malar honum gull. Þennan ódýra vinnukraft hefur margur meistarinn nýtt í sína eigin þágu, án tillits til þeirrar fræðslu, sem meistaranum er skylt að veita.“ Þannig komast iðnnemarnir sjálfir að orði.

En þótt dæmin séu mörg, þar sem iðnmeistarar sjái nemum sínum ekki fyrir þeirri alhliða verklegu fræðslu, sem þeim er skylt, eru einnig mörg dæmi þess, að þeir láti þá vinna verk, sem alls ekki heyra til náminu. Einhver hroðalegustu dæmin þekki ég úr hárgreiðsluiðn, þar sem stúlkur eru oft frekar notaðar sem ræstingarkonur, barnapíur og jafnvel þjónustustúlkur á heimilum hárgreiðslumeistara, meðan námið sjálft situr á hakanum. Auk þess er þeim oft þrælað út á frídögum og fram eftir kvöldum, án réttrar þóknunar. Og nýlegt dæmi þekki ég, þar sem iðnnemi, eftir tveggja ára samningsbundið nám hjá meistara, vinnur enn sem afgreiðslumaður í búðarholu, sem fyrirtæki iðnmeistarans rekur. Eftir tveggja ára samningsbundið nám hefur hann raunverulega ekki komizt í snertingu við hið eiginlega námssvið sitt. Þessi ungi maður hafði, áður en hann komst á samning, beðið í rúmt ár eftir slíkum námssamningi, svo lái honum hver sem vill, þótt hann vilji í lengstu lög forðast stórdeilur og jafnvel samningsslit.

Ég sagði hér áðan, að óttinn við að komast ekki aftur í nám réði því iðulega, að iðnnemar slíta ekki námssamningi, þótt á þeim sé brotið. Þetta leiðir hugann að hinum alvarlegasta galla núgildandi iðnfræðslukerfis, galla, sem stríðir gegn öllum jafnréttishugmyndum, en það er sú miðaldamennska, að iðnmeistararnir, duttlungar þeirra og sveiflur lítt skipulagðs atvinnulífs eru ákvarðandi um það, hvort, hvenær og hverjir fá að læra þær iðnir, er hugur og hæfileiki hvers og eins stendur til. Þannig eru heilu iðngreinarnar oft lokaðar tímunum saman og aðeins fáir útvaldir komast að til náms og þá einatt án tillits til þess, hve lengi þeir hafa beðið eða hverjir hæfileikar þeirra séu. Miklu frekar eru það ættartengsl, kunningsskapur og aðrar klíkuaðferðir, sem bezt duga.

Mér varð það fyrst fyllilega ljóst, hversu hroðaleg misþyrming á réttlæti þetta eðli kerfisins er, á atvinnuleysisárunum 1968—1970, en þá var iðnaðurinn í miklum öldudal og leiðin til iðnnáms flestum lokuð, því að fáir iðnmeistarar vildu taka á sig fjögurra ára samningsskyldu, eins og þá áraði. Á þessum árum eða 1969 gerði Iðnnemasambandið könnun til að finna út áætlaðan fjölda þeirra ungmenna, sem ekki komust til náms á árinu 1968 af þessum sökum. Í könnuninni var stuðzt við upplýsingar iðnfræðsluráðs um fjölda nemenda þrjú árin þar á undan. Þessi könnun leiddi í ljós, að ætla má, að um það bil 400 ungmenni hafi orðið fyrir barðinu á þessum þrælalögum á þessu eina ári, 1968, ef miðað er við landið allt. Ég hef ekki við höndina heildarniðurstöður könnunarinnar, en niðurstöðurnar í Reykjavík voru sem hér segir:

360 iðnnemar hófu nám í Reykjavík árið 1965, 407 árið 1966 og 344 árið 1967. Meðaltal þessara ára er um það bil 370 nemendur. Hins vegar hófu nám í Reykjavík árið 1968 einungis 176 nemendur, þannig að ætla má með nokkurri vissu, að tæplega 200 ungmennum í Reykjavík einni hafi af þessum sökum verið meinuð leiðin til iðnnáms þetta eina einstaka ár. Í heild voru niðurstöðurnar úti á landsbyggðinni svipaðar, en þó á einstaka stöðum miklu alvarlegri. Þannig man ég, að talan í Vestmannaeyjum féll úr 23 iðnnemum árið 1965 í 0 1968 og á Akureyri úr 79 iðnnemum í 26 á sama tíma. Næstu tvö ár á eftir, eða 1969 og 1970, var atvinnuástand enn mjög bágborið og inntaka nýrra nema lítil, þannig að víst er, að á þessum þremur árum voru ungmenni svo að hundruðum skipti dæmd frá námi, dæmd frá námi af þessu óréttláta iðnfræðslukerfi. Ég hef ekki í hyggju að tína til fleiri einstök dæmi um hið alvarlega ástand iðnfræðslumálanna, þó að af nægu sé að taka. Ég vona, að orð mín verði til þess, að hv. alþm. hugleiði gaumgæfilega vandamál þessa skólastigs og finni sem fyrst leiðir til úrbóta. Stórhækkað fjárframlag núv. vinstri stjórnar til uppbyggingar iðnskólum landsins gefur manni vonir um, að betur verði staðið að þessum málum nú en verið hefur um sinn. Ég vona líka, að orð mín verði til þess, að það frv., sem hér er til umr., verði samþ., því að víst er, að efling samtaka iðnnemanna sjálfra í því skyni að kynna iðnfræðslulöggjöfina mun auðvelda ríkisvaldinu hlutverk sitt að tryggja sem bezt framkvæmd iðnfræðslulaganna. Og eins og sést bezt, ef litið er hér upp á þingpallana, fylgjast iðnnemar af áhuga með gangi þessa máls og þarf enginn að efast um hug þeirra til þess.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eftir þessa rækilegu ræðu frsm. er raunar óþarft að koma hingað upp til að mæla með frv., en mér finnst samt rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Það hefur verið réttilega talað um það, að skattar á atvinnurekendum væru orðnir býsna margir og það væri ekki rétt að bæta nýjum við, og það finnst kannske einhverjum víð eiga í þessu tilefni eða í þessu sam-

bandi, að eðlilegra sé að leggja það fé fram, sem hér um ræðir, til Iðnnemasambandsins beint frá ríkinu en gera það með þeirri skattheimtu, sem ræðir um í frv. En ég held, að þegar menn athuga þetta nánar, þá sjái þeir, að þetta mál er nokkuð sérstaks eðlis og með því að tryggja þann tekjustofn, sem frv. fjallar um, þá fær Iðnnemasambandið miklu öruggari tekjur heldur en ef þarf að leita á náðir Alþ. hverju sinni, þegar ákveða skal, hve hátt framlag það eigi að fá. En það, sem hafði svo mikil áhrif á mig í þessu sambandi, að ég féllst á þessa skattheimtu, var það, að í sambandi við þær breytingar á skattalögunum, sem gerðar voru hér fyrr á þinginu, var létt verulega sköttum af iðnmeisturum umfram aðra atvinnurekendur. Iðnmeistarar hafa hingað til greitt bæði sjúkrasamlagsgjöld og almannatryggingagjöld fyrir iðnnema, en með þeim breytingum, sem urðu á skattalögunum á síðasta þingi, þá fellur þessi kvöð alveg niður, vegna þess að ríkið hefur tekið að sér að greiða sjúkrasamlagsgjöldin og almannatryggingagjöld, sem iðnmeistarar greiddu áður.

En í sambandi við þetta mál finnst mér rétt að minna á frv., sem ég flutti ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, á síðasta þingi um breyt. á l. um iðnfræðsluna. Efni þessa frv. var á þá leið að fjölga fulltrúum í iðnfræðsluráði um tvo, þannig að Iðnnemasambandið tilnefndi þrjá fulltrúa í iðnfræðsluráð í staðinn fyrir einn nú. Atvinnurekendur tilnefna nú þrjá fulltrúa í iðnfræðsluráð. Það liggur í augum uppi, að iðnfræðsluráðið er sú stofnun, sem hefur fjallað langsamlega mest um þessi mál, og skiptir þess vegna mjög miklu máli, hvernig þar er á málum haldið. Þar er ákveðið í stórum dráttum, hvernig iðnfræðslulögin eru framkvæmd og hvernig leyst eru mörg ágreiningsmál, sem kunna að koma upp á milli iðnmeistara og iðnnema. Og maður getur vel gert sér það í hugarlund, að þar sem um níu manna ráð er að ræða, og aðeins er þar einn ungur maður frá iðnnemum, geti oft og tíðum verið nokkuð örðugt verkefni fyrir hann að halda á málum þeirra þar. Og þess vegna væri það eðlilegt fyrirkomulag, að þeir ættu þarna jafnmarga fulltrúa og atvinnurekendur, eða þrjá. Því miður náði þetta frv. ekki fram að ganga á síðasta þingi, en hins vegar hafði það þau áhrif, að sú breyting var gerð á iðnfræðslulögunum í fyrra, að fjölgað var fulltrúum iðnnema í skólanefndum iðnskólanna, og það var áreiðanlega spor í rétta átt. Sú stefna er nú yfirleitt uppi annars staðar og ber líka á henni í vaxandi mæli hér, að nemendur sjálfir fái að tilnefna fleiri eða færri og jafnvel fleiri fulltrúa í þær nefndir, sem sjá um fræðslumál og skólakennslu. Þetta hefur verið gert í Háskóla Íslands í nokkrum mæli og verður vafalaust gert í enn ríkari mæli í framtíðinni. Ég held, að þess vegna hljóti það að teljast eðlileg skipan á iðnfræðsluráðinu, að þar verði fjölgað fulltrúum frá iðnnemum og réttur þeirra tryggður þar á sama hátt og t. d. stúdenta við Háskólann. Ég hef hins vegar ekki viljað hreyfa þessu máli hér í sambandi við þetta frv., vegna þess að um það kann að vera einhver ágreiningur, og ég hef ekki viljað verða til þess að torvelda framgang þessa máls. Hins vegar mun ég eiga þátt í því, og vænti þess að fá þar fullan stuðning, að þetta mál um fjölgun iðnnema í iðnfræðsluráði verði tekið upp á næsta þingi, og ég vænti þess, að það muni ná fram að ganga þá.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. við þetta mál út af nál., sem hér liggur fyrir, og út af þeirri framsögu, sem hv. frsm. flutti hér áðan. Eins og skýrt kemur fram í nál., þá skrifum við hv. þm. Gunnar Thoroddsen undir þetta álit með fyrirvara einungis vegna þess, að okkur fannst, að sú fjáröflunarleið, sem í þessu frv. er bent á, væri ekki æskileg og satt bezt að segja hélt ég, að hv. þm. hér væru nokkuð sammála um það, að það væri orðið allt of algengt að fara þessa fjáröflunarleið, þegar um þörf mál er að ræða, að bæta við nýjum og nýjum mörkuðum tekjustofnum. Það kom mér því svolítið á óvart, að menn skyldu ekki geta fallizt á það að kanna þá möguleika, að þessi fjáröflunarleið yrði farin, sem við hv. þm. Gunnar Thoroddsen bentum á í þessu sambandi.

Ég vil aðeins undirstrika það hér, að því fer víðs fjarri, að með þessu séum við á einhvern hátt andstæðir þessu máli. Við teljum, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða, og ég vil fagna því, að þetta mál er hér komið fram. Ég vildi aðeins undirstrika þetta, þannig að það kæmi alveg skýrt og greinilega í ljós.

En úr því að ég er kominn hér í ræðustól og verið er að ræða um iðnfræðslulöggjöfina og um framlög ríkisins til iðnfræðslunnar á undanförnum árum, þá vil ég aðeins benda á eitt atriði í því sambandi, sem ég tel, að sé mjög mikilvægt. Það er, að það hefur átt að koma upp svonefndum kjördæmisiðnskólum, þ. e. einum aðaliðnskóla fyrir hvert kjördæmi í landinu, eins og við vitum. Og það hefur því miður verið sú sorgarsaga, að veruleg togstreita hefur verið um það víða, hvar þessir iðnskólar skyldu rísa. Ég held, að ég fari með rétt mál, að það sé veigamikil ástæða fyrir því, að ekki hefur þokazt lengra á undangengnum árum í því að koma iðnskólum upp heldur en verið hefur. Það kunna að vera fleiri ástæður fyrir því, ég er ekki að fortaka það, en ég vil benda á, að þetta hefur verið mikið vandamál. Nú er þetta víða að leysast, þetta sérstaka vandamál. Mér er tjáð, að mörg kjördæmi, byggðarlög þar hafi komið sér saman um, hvar þessir skólar eigi að rísa, og því vil ég vænta þess, að nú fari að komast skriður á iðnskólabyggingar í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 682 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 692).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 692, n. 813).

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess óbreytts eins og það kemur frá hv. Nd., en þar voru gerðar á frv. töluverðar breytingar.
Tveir nm., hv. þm. Geir Hallgrímsson og Þorv. Garðar Kristjánsson, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, höfum við hv. 2. þm. Reykv. skrifað undir nál. með fyrirvara. Við höfum samþ. meðmæli með þessu frv. Við teljum, að fræðslustarfsemi fyrir iðnnema, sem frv. gerir ráð fyrir, sé mjög æskileg og erum því fylgjandi, að henni verði komið í framkvæmd. En við hefðum kosið, að fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, fremur en að taka upp nýjan markaðan skatt og leggja hluta af kostnaðinum á iðnnema.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 905).

---

89. Sveitarstjórnarlög.

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961 [273. mál] (þmfrv., A. 668).

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég leyfi mér að flytja hér, er um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 1961. Ég vil leyfa mér að lesa upp efnisgreinina, 1. gr., með leyfi forseta. Hún er á þessa leið:
„Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker sýslunefnd úr. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til félmrn., sem fellir fullnaðarúrskurð."
Ég hef fyrr á þessu þingi borið fram frv. um efni, sem er þessu frv. nokkuð skylt. Það var á þá lund, að sveitarfélög, sem eiga aðild að afrétti, annaðhvort afnotarétt eða eignarrétt, hefðu rétt til þess að leggja útsvör og aðstöðugjald á fyrirtæki og þá einstaklinga, sem hefðu að staðaldri atvinnu á afréttarsvæðum og ættu þar sínar bækistöðvar. Það kom í ljós, þegar frv. til laga kom fram hér á þingi um tekjustofna sveitarfélaga, að það reyndist ekki nein leið þess að koma ákvæði af því tagi, sem í efni þessa frv. míns er, inn í ramma frv., og af þeirri sök og þeirri sök einni hef ég leyft mér að bera fram frv. það, sem hér liggur fyrir til umr.
Eins og kunnugt er, eru ekki bein ákvæði í íslenzkum lögum um staðarmörk sveitarfélaganna, þegar til afrétta kemur og dregur að hálendinu. Í stjórnarskránni er gert ráð fyrir rétti sveitarfélaga til þess að fara með sín mál undir umsjón ríkisstj. og þessum réttarefnum sveitarfélaganna skuli skipað með lögum. Til samræmis við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar hefur svo verið samþ. löggjöf um, að sveitarfélög skuli hafa rétt í ýmsar áttir og að ríkið skiptist í sveitarfélög. Með hliðsjón af þessum lagagreinum er ljóst, að fá eða jafnvel engin svæði landsins væru slík, að eigi féllu þau undir stjórn einhvers sveitarfélags. Nú mun svo vera ástatt um sum afréttarlönd, að þau eru í raun og veru ekki talin heyra undir sveitarstjórnarvald. Um önnur er annars að segja, að þau heyra beinlínis til sveitarfélagi. En það sýnist liggja í augum uppi, að þess konar landsvæði, sem þannig hefur ekki verið ráðstafað undir sveitarstjórnarvald, þau landsvæði þurfi og eigi að heyra til einhverju sveitarfélagi.
Eins og kunnugt er, eru afréttir okkar Íslendinga, bæði margir og stórir, stór hluti lands. Og þeir hafa flestir, ef ekki allir, að meira eða minna leyti verið nýttir, og svo hefur verið um aldir. Á því er ekki minnsti vafi, að nýting afréttarlanda víðs vegar um landið mun verða mun stórkostlegri heldur en nokkru sinni fyrr á næstu árum og áratugum. Og það er ekki aðeins, að landið verði grætt upp. Þar sem ógróið er, mun hefjast mikil ræktun og hún verður að sjálfsögðu á vegum sveitarfélaga og íbúa sveitarfélaga og þá yfirleitt bænda.
Þá má líka geta þess, að stórfelldar framkvæmdir eiga sér stað og hafa átt sér stað um skeið á afréttarlöndum uppi. Þar á ég við stórvirkjanir og undirbúning að stórvirkjunum. Þar hafa verktakar og fyrirtæki þeirra haft bækistöðvar um langa hríð og þar hefur starfað fjöldi manna langtímum saman á hverju ári, þó að óvíða sé komið til þess, að slíkir starfsmenn hafi þar bækistöð og heimilisfestu árið yfir. En það er enginn vafi á því, að bækistöðvar af ýmsu tagi og starfsmenn einnig munu koma til með að eiga þarna athvarf og eiga þarna heimilisfestu, einstaklingarnir og fyrirtækin líka, og munu ekki langir tímar líða þar til að því kemur. Því er það eðlilegt, að slík svæði og það fólk og fyrirtæki, sem sezt að á þeim, hlíti valdi einhvers sveitarfélags og hafi þar samsvarandi að vísu bæði skyldur og réttindi. En svo er ástatt nokkuð víða um þessi af-

réttarsvæði, að ekkert sveitarfélag hefur þar sveitarstjórnarvald, og einstaklingar og fyrirtæki, sem kunna síðar að búa á þessum svæðum, þurfa ekki að leita til sveitarfélags, sem er nærri afrétti eða á eða hefur afnotarétt af afréttarsvæðinu. Og það segir sig sjálft, að slíkt getur vart átt sér stað, að þeir einstaklingar, sem þannig er ástatt um, og fyrirtæki geti átt heimilisfestu hvar sem er á landinu. Því tel ég, að sú skipan afréttarlands í þessu efni að því er varðar sveitarstjórn sé nærtækust og eðlilegust, að það svæði heyri til því sveitarfélagi, sem þar hefur haft um langan tíma og jafnvel aldir afnotarétt eða jafnvel eignarrétt, og enn fremur hefur því sveitarfélagi, sem þannig er ástatt um, verið skylt að rækja ýmiss konar störf og athafnir á þessu sama svæði.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að íbúar sveitarfélags, sem hefur haft afrétt, íbúar slíks sveitarfélags líta á þetta landsvæði sem heimaland og jafnvel svo, að þeir telja margir hverjir, að það land sé innan túngarðs hjá þeim. Og dæmi eru þess fyrr og síðar, að afréttarsvæði hafi jafnvel verið talin tilheyra jörðunum innan sveitarfélagsins. Mér er ekki kunnugt um það, að slík afréttarsvæði hafi verið bundin í fasteignamati við ákveðnar jarðir. Þó má það vel vera, ef það mál væri frekar athugað. Og þau bönd, sem binda íbúa sveitarfélagsins við afréttinn, eru æðisterk og jafnvel þó að ekki sé um íbúa sveitarfélagsins að ræða, heldur þá landsmenn, sem upp á afrétt fara, þeir verða óðar en líður mjög tengdir þessu svæði og jafnvel tengdari heldur en sínum heimahögum.

Ég hef ekki talið ástæðu að leggja út í það að ræða sérstaklega um sjálft eignarhaldið á þessum afréttarlöndum. Ég tel, að það sé mál alveg sérstaks efnis, sem væntanlega verður útkljáð fyrir dómstólum. Ekki heldur vil ég ræða frekar um það, að ríkisvaldið sjálft fari með sveitarstjórn á þessum svæðum. En mér sýnist það vera nærtækast að ætla, að svo sé um sum hver afréttarlöndin, eins og háttar nú.

Ég tel það vel viðeigandi á 100 ára afmæli sveitarstjórnarlöggjafar á landi okkar, sem er nú um þessar mundir og verður haldið hátíðlegt með einum og öðrum hætti, að þess væri minnzt m. a. með því að koma eðlilegu sveitarstjórnarskipulagi á þessi landsvæði, sem ég hef hér fjallað um og í frv. getur, — þessi landsvæði, sem bæði nú og sjálfsagt enn frekar þó í framtíðinni eru sá hluti íslenzkrar landhelgi upp til landsins, sem sízt má vanrækja, og fer þá saman hvort tveggja, að hér er um höfuðauðlindir okkar að ræða: Það er landhelgin okkar upp til hálendisins og landhelgin okkar út til hafsins. Og þessar auðlindir okkar verða að sjálfsögðu því verðmætari sem stundir líða fram. Á þeim mun byggjast að verulegu leyti framtíðarvelferð þjóðarinnar og til þeirra mun hún sækja það afl fyrst og fremst, sem knýja má okkur fram til hvers kyns framfara og þeirra lífshátta, sem við bezt teljum okkur geta náð. Um bæði þessi mikilvægustu nytjasvæði okkar gildir það sama, það verður að vinna að hagkvæmu skipulagi, nauðsynlegri vernd og hyggilegri rækt.

Ég vildi með þessum orðum benda á það, að þessi svæði, sem hér ræðir um að koma sveitarstjórnarskipulagi á, eru æðimikilsverð og mega engan veginn vera út undan í því efni, sem hér ræðir. Það er þannig að mínu áliti og enda margra annarra fyllilega tímabært, að þegar sé þessu sérstaka landsvæði skipaður sess að sveitarstjórnarlögum. Hér hefur orðið nokkur misbrestur á, þegar sveitarstjórnarlög voru síðast samþ. eða frá þeim gengið, að ekki skyldi verða tekinn fyrir þessi þáttur þeirra. En hér er sem sagt gerð tilraun til þess að koma hæfilegu og eðlilegu lagi á.

Eins og getur um í 1. gr. frv. eða fyrri gr. frv., þá er gert ráð fyrir því, að fleiri en eitt sveitarfélag hafi haft afnot eða eignarrétt á afréttarlandi. Það má gera ráð fyrir því, að samkomulag geti náðst um, hverju sveitarfélaginu afrétturinn skuli að þessu leyti tilheyra, og ég vil ætla, að það gæti orðið höfuðreglan og bezt fyrir alla aðila. Og ég vil geta þess í því sambandi, að þetta mætti kannske leiða til þess, að sá ágreiningur, sem yrði um ákvörðun í þessu efni, hverju sveitarfélagi afrétturinn ætti að tilheyra, sá ágreiningur gæti leitt til þess, að sveitarfélög sameinuðust enn frekar en ella. Það þætti mér ekki ótrúlegt. En hvað sem því líður, þá hefur verið reynt að setja varnagla í þessu efni og hann er sá, að ágreiningsmáli af þessu tagi verði vísað til viðkomandi sýslunefndar, sem fellir að sjálfsögðu úrskurð um. Það gæti oft orðið erfiður úrskurður, en ég sé ekki annað ráð betra eða hef ekki séð, og síðan megi skjóta þeim úrskurði sýslunefndar, ef verkast vill, til félmrn., sem mundi þá fella fullnaðarúrskurð um málið.

Ég hef þá leyft mér að rekja hér í örstuttu máli þau rök, sem ég tel vera til þess, að þetta frv. er hér lagt fram, og ég vil vænta þess, að því verði vel tekið og ég hef haft nokkurt samráð við stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga og lagt þetta undir þeirra dóm og þeir, sem ég hef við talað, hafa fallizt á, að þetta væri nokkuð heppileg leið til að ráða fram úr þessu vandamáli, að bæta þann brest, sem hér er orðinn á í sveitarstjórnarlögunum. Nú má vel vera, að ýmislegt komi inn í þetta mál, sem er ófyrirséð. Ég segi fyrir mig, ég er ekki svo kunnugur um land, að ég viti, hvernig háttar til þar um afréttarlönd, legu þeirra og alla aðstöðu og notkun. En þar, sem ég til þekki, hygg ég, að slík löggjöf sem þessi, ef til hennar kæmi, mundi vel henta.

Þá held ég, að ég ljúki máli mínu, en óska eftir því, að þessu máli mætti verða svo hraðað, ef lítill eða enginn ágreiningur verður um það, að það geti fengið lagastaðfestingu á þessu þingi. Það væri að ýmsu leyti mjög ákjósanlegt, en að sjálfsögðu fer það eftir atvikum.

Þá vil ég, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að eftir þessa 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þótt hér sé ekki langt frv., þá er sannarlega hreyft hér mikilsverðu máli, því að hér er við mikið vandamál að etja, eins og frummælandi benti á. Ég verð nú að segja það, að þar sem málið er eins viðkvæmt og flestir vita, þá finnst mér það nokkuð seint fram komið, því að jafnvel þótt sumir í samtökum sveitarstjórnarmanna séu þessu sammála, þá er lausnin ekki auðveld. Við í Alþfl. lögðum fram þáltill. á þessu þingi og höfum gert það áður, og reyndar var það einn maður að því er mig minnir frá Sjálfstfl., Ásberg Sigurðsson, sem lagði á síðasta þingi líka fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að hefjast handa og fá hæfa menn til að semja löggjöf um afréttir og óbyggðir og eignar- og afnotarétt viðkomandi sveitarfélaga og ríkisins sjálfs. Þetta er mikið mál, og ég held,

að þetta sé það mikið mál, að eitt svona frv., þó að því fylgi góður hugur, bæði frummælanda og okkar hinna hér í d., geti varla leyst það svona skyndilega.

Það kemur fram í 1. gr. frv., að ef eigi eru aðilar sammála, þá skuli sýslunefnd skera úr. Frummælandi tók fram, að hann sæi ekki aðra lausn betri. Ég er ekki löglærður maður, en mér dettur í hug, að ekki væri úr vegi, að hæstiréttur mundi þá skipa sérstakan mann, því að vissulega gæti í sýslunefndum verið deilt innbyrðis af fulltrúum hreppanna. Slíks eru dæmi áður fyrr hér á Íslandi, þannig að það eitt gæti valdið mikilli togstreitu innan sýslunnar. Undir þau orð flm. vil ég taka, að tímabært er að skipa þessu svæði sess í sveitarstjórnarlögum og í stjórnarskránni, og einmitt vegna þess, að í dag eru tímamót í sögu sveitarstjórnarmála, það eru 100 ára tímamót, þá er verðugt að taka þessi mál, sem eru erfið og viðkvæm, til meðferðar. En nú vill svo til, að flm. þessa frv. er frsm. allshn. í Sþ., er hefur sent frá sér meirihlutanál. um þáltill. okkar Alþfl.-manna, og sjá þeir ekki ástæðu til að vísa henni einu sinni til ríkisstj., heldur vísa henni frá, og þykir mér það lélegt, þar sem málið er stórmál og þarf að taka það föstum tökum. Það er óhjákvæmilegt, og það verður ekki undan því ekizt. Jafnvel þó að sérstakt mál sé fyrir dómstólunum um eignarréttaraðild ríkisins að vissu landsvæði, sem á að nota til virkjunar núna, þá er ekki hægt annað en skoða þessi mál öll sem eina heild. Það verður margra ára barátta, ef á að dómtaka hvert mál og bíða eftir niðurstöðu, þar sem ágreiningur er um afréttarsvæði og nytjar þeirra. Við í Alþfl. ætlumst alls ekki til þess, að nytjar bænda séu dregnar frá þeim og þeirra réttur sé rýrður, alls ekki, en við viljum hafa það á hreinu, hvernig um slíkan rétt er, hver á landið og hverjum ber þá skylda til að varðveita það og fara um það höndum á réttan og viðeigandi hátt, svo að það eyðist ekki. Menn líta á þessi landsvæði, eins og frummælandi sagði, sumir jafnvel sem sína eign í gegnum afnotarétt, og það út af fyrir sig er eðlilegt. En fyrir alla framtíð er það bezt fyrir viðkomandi notendur að hafa sinn rétt tryggðan og skjalfestan og eins fyrir ríkið, sem þarf á þessu landi að halda í sambandi við stórvirkjanir. Fyrir allan landslýð er líka nauðsynlegt að hafa allt á hreinu, hvað þarf að borga fyrir réttinn og með hvaða hætti er hægt að tryggja hann til almannaþarfa í landinu, þá vonandi einnig fyrir þá, sem hafa haft nytjar af þessu svæði áður. Sum þessara svæða eru óbyggðir, sem hafa gildi núna vegna stórframkvæmda og breytinga á vatnsföllum og hugsanlega meira að segja vegna gróðurmyndunar í kjölfar gróðursetningar, sem kostuð er af ríkinu. Hér er því stórmál á ferðinni, sem er varla hægt að vísa frá. Þó að menn séu ekki sammála um vissa upptalningu, sem á að athuga, þá er málið það viðamikið, að ekki er annað hægt en Alþ. taki afstöðu til þess, svo að þetta verði leyst, og setji hæfa menn í það að finna þessu rétta og sanngjarna löggjöf.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég tel hæpið, að við getum afgreitt þetta frv. héðan af, af því að það kemur svo seint fram, en vissulega hefði verið æskilegt, að d. hefði fengið þessi mál fyrr til athugunar og getað leitað umsagnar víða og reynt að kanna, hversu mjög hugur manna stefnir í þá átt að fá þetta á hreint, með umsögn víða að af landinu, því að ekki getum við reiknað með, að þetta sé aðeins á tilteknu svæði hér sunnanlands. Það hafa fallið dómar um mál norðan heiða og e. t. v. eru víða átök, þó að þau séu ekki komin fyrir dómstólana.

Herra forseti. Ég tók aðeins til máls vegna þess, að hér er í sjálfu sér hreyft mikilvægu máli, þó að frv. sé ekki stórt í sniðum, en ég vona, að flm. skilji það, að ég vil, að málið fái víðtæka athugun, því að það er í eðli sínu stórmál.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá síðasta ræðumanni, að fyrir Sþ. liggur till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign ásamt margs konar réttindum öðrum. En eins og ég sagði í framsöguræðu minni, þá tel ég alls ekki rétt í sambandi við þetta mál að vera að ræða um eignarrétt á afréttarsvæðum. Um það mál gengur dómur væntanlega, og sá dómur mun binda málið yfirleitt í eitt, þannig að afréttir yfirleitt, sem ekki eru bundnir einstaklingseign, fara eftir því sem sá dómur fellur á sínum tíma. En það mál, sem hér er til umr., fjallar aðeins um það, hver aðili eigi að hafa sveitarstjórn á hendi á þessum svæðum. Ríkið getur þrátt fyrir það átt allt landið. Ríkið getur átt eignir í hvaða sveitarfélagi sem er og einstaklingar líka, þannig að ég hygg, að hv. síðasti ræðumaður hafi svolítið misskilið þetta litla frv., sem hér liggur fyrir til umr., og ég er þess vís, að þegar hann athugar þetta betur, þá sér hann, að þetta eru tvö algerlega aðskilin mál, og ég hygg, að þó að við færum að kanna afréttarmál víðs vegar um land, þá mundi þar ekkert fram koma, sem kæmi í veg fyrir, að þetta frv. út af fyrir sig yrði samþ. Ég á ekki von á því. En sem sagt, ég þakka síðasta hv. ræðumanni fyrir það, hversu vel hann tók að vissu leyti undir þetta frv., því að það er út af fyrir sig eðlilegt, að hv. þm. vilji rannsaka mál, sem fram koma, og ætla sér töluverðan tíma í það. En ég gerðist svo djarfur að álíta, að þetta mál væri þess eðlis, að það væri fljótlegt að fá umsögn þeirra aðila, sem gerst til þekkja svona mála, þannig að hægt væri að samþykkja það og koma því frá á þessu þingi. Það er kannske til of mikils mælzt, en það verður að ráðast.

En sem sagt, ég vildi aðeins segja það, að þessi mál, sem síðasti hv. ræðumaður minntist á, eru alveg aðskilin og þarf engan veginn að blanda þeim saman. Ríkið getur og aðrir einstaklingar haft margs konar rétt fyrir því á þessu svæði, og þetta frv. mundi alls ekki í neinu hagga þeim rétti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 668, n. 766).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., fjallar um staðarmörk sveitarfélaga, þannig að með þau afréttarsvæði, sem þegar eru ekki talin heyra undir staðarmörk sveitarfélags, verði þannig farið, að þau gangi til þess sveitarfélags eða undir stjórn þess sveitarfélags, sem þar á eða hefur átt eignar- og

afnotarétt. Eins og getið var um, þegar þetta mál var flutt hér á dögunum, eru ákvæði í lögum um það, að ríkið allt skuli skiptast í sveitarfélög, en af einhverjum ástæðum hefur það dregizt nokkuð að skipa ýmsum afréttarsvæðum undir sveitarfélög og því er með þessu frv. stofnað til þess, að úr verði bætt. Í frv. segir, að ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi (afréttarsvæði) og ekki er samkomulag um, hverju sveitarfélagi það skuli tilheyra, þá skuli sýslunefnd skera úr. Síðan megi skjóta úrskurði hennar, ef sýnist, til félmrn.

Þetta frv. var sent til umsagnar Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og er umsögn sambandsins jákvæð, en það óskar þó eftir einni breytingu á frv. Hún er á þá leið, að sýslunefnd verði ekki látin skera úr, heldur félmrn., og þessi aths., sem sambandið hefur gert, stafar af því, að nú þegar munu einhver átök vera um afréttarsvæði milli hrepps og kaupstaðar og af því tilefni hefur sambandið óskað eftir því, að þessi breyting yrði gerð á frv., en að öðru leyti, eins og ég hef sagt, mælir sambandið með samþykkt frv. með þessari breytingu, og heilbr.- og félmn. hefur samþykkt að gera þessa breytingu á frv. og er hennar getið í nál. Að öðru leyti hefur n. einróma fallizt á að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
Brtt. 766 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 802).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 802, n. 883).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. hefur einróma mælt með því, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 916).

---

90. Siglingalög.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. l. nr. 14/1968 [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 25 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á siglingalögum, ásamt hv. 10. þm. Reykv. Shlj. frv. var flutt á síðasta þingi. Að lokinni 1. umr. var því vísað til hv. sjútvn., en lengra komst málið ekki að því sinni. Nú er það endurflutt og fylgir því shlj. grg. og í fyrra.

Að dómi flm. og fjölmargra annarra, sem að þessum efnum hyggja, eru meginrök málsins þau, að sjómenn, sem verða fyrir slysum við störf sín, njóti ekki nægjanlegrar réttarverndar samkv. gildandi skaðabótareglum. Á þetta atriði hefur oft og iðulega verið bent. Það hefur verið ofarlega á baugi hjá sjómönnum og samtökum þeirra. Um það hafa margar ályktanir verið gerðar. Reglur um fébótaábyrgð á þessu sviði er að finna í siglingalögum nr. 66 frá 1963, sbr. lög nr. 14 frá 1968. Samkv. þeim ákvæðum er fébótaábyrgð útgerðar á kröfum út af lífs- eða líkamstjóni skipverja eða annarra, sem í þágu skips vinna, háð því, að útgerðarmaður eigi sjálfur sök á tjóninu, þ. e. sé valdur að því af ásetningi eða gáleysi eða kenna megi um yfirsjónum eða vanrækslu vissra starfsmanna hans. Hér er m. ö. o. um svokallaða „subjektiva" skaðabótaábyrgð að ræða.

Ég ætla ekki að fara að taka þingheim í tíma í skaðabótarétti, enda ekki sérfræðingur á því sviði né heldur í tryggingafræði, sem hér kemur mjög til álita. Reglur um þetta efni eru og að nokkru raktar í grg. Meginmáli skiptir, hversu þær reynast í framkvæmd. Þar er um mörg dæmi að velja. Margir dómar eru til, sem snerta þetta málefni, bæði héraðs- og hæstaréttardómar. Í mörgum tilvikum fá sjómenn að sjálfsögðu bætur ákveðnar með dómi. En hin málin eru einnig mörg, sem fara á annan veg. Ég vel einn dóm til skýringar, til að bregða upp stuttri svipmynd, og vitna í registur hæstaréttardóma frá 1965. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Togari var hinn 5. jan. 1960 að veiðum út af Vestfjörðum. Um kl. 20.30 var stjórnborðspoki dreginn inn. S. háseti var við gilsinn og stóð við þilfarsvinduna bakborðsmegin. Er pokanum hafði verið lyft sem skyldi, hugðist S. slaka á gilsinum. Slóst þá bragð af

gilsvírnum um fætur honum. Kipptist S. við það á loft og fram í fiskkassa með þeim afleiðingum, að hann fótbrotnaði. Eigi var leitt í ljós, að slysið yrði rakið til vanbúnaðar skips, handvammar skipverja né annarrar áhættu, er eigandi togarans bar ábyrgð á. Var honum því dæmd sýkna af kröfum S. um bætur."

Í þessu máli hlaut hinn slasaði sjómaður engar bætur. Þarna voru t. d. engir sjónarvottar, hálka á þilfari af olíu og fiskúrgangi ekki talin meiri en gerist og gengur, sjór ekki svo ókyrr, að ógætilegt gæti talizt að láta menn vera við slík störf. Umrætt slys var flokkað undir óhappatilviljun. Dómkrafan nam um 450 þús. kr., en bætur fengust engar, eins og áður segir. Hvað tóku málaferli þessi langan tíma? Slysið varð í jan. 1960. Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur gekk í jan. 1963. Dómur hæstaréttar féll í febr. 1965. Það er ljóst, að auknum tryggingum fylgja aukin útgjöld. Iðgjöld sjómannatrygginga hvíla þegar þungt á útgerðinni. Sjómenn njóta að sjálfsögðu sem aðrir slysabóta almannatrygginga. Samningsbundnar viðbótartryggingar tíðkast í ýmsum samböndum. Hvað sem því líður, skortir mikið á nægilegt öryggi sjómanna í þessum efnum að mati flm.

Frv. þetta stefnir að því marki, að lögfest verði „objektiv", hlutlæg fébótaábyrgð á þessu sviði. Öðlast hinn slasaði þá bótarétt án tillits til þess, með hvaða hætti tjónið hefur að höndum borið, nema hann sé meðvaldur þess eða meðábyrgur. Með hliðsjón af þessu er frvgr. orðuð af dr. juris Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara. Að sjálfsögðu þarf að skoða þetta mál vel og meta þá hagsmuni, sem í húfi eru af allra hálfu. Og svo sannarlega ætti hin nýríka, íslenzka þjóð ekki að telja eftir að verja ögn af fé sínu og tíma sérfræðinga sinna á hraðfleygri stund til að skoða þetta mál, sem svo mjög snertir hag og heill íslenzkra sjómanna.

Ég legg svo til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 67., 68. og 69. fundi í Nd., 27. apríl, 3. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 25, n. 630, 637).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Hv. sjútvn. Nd. hefur haft mál þetta til meðferðar, sent það til umsagnar ýmsum aðilum og rætt það á nokkrum fundum sínum. Í sjálfu sér sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar efnislega málið. Það var rætt mjög ítarlega af 1. flm. málsins við framsögu þess hér á fyrri hluta þingsins, en rétt er að geta þess og láta það koma fram, að eitthvert samkomulag mun vera um það á milli hæstv. sjútvrh. og a. m. k. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, ef ekki Sjómannasambands Íslands, að mál þetta skuli samþykkja vegna samninga, bátakjarasamninga um s. l. áramót.

Farmanna- og fiskimannasambandið sendi ítarlega umsögn um málið og óskaði eftir nokkrum breytingum á því, sem sjútvn. taldi sig ekki geta orðið við, þótt hins vegar nm. hafi ákveðið að samþykkja það með undirskrift sinni, en eins og sjá má í nál., áskildu þeir sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ein slík hefur komið fram frá hæstv. sjútvrh. sjálfum þess efnis, að síðasta mgr. frv. breytist. Í frv. er hún á þá leið, að lækka megi fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur. Till. hæstv. ráðh. er á þá leið að breyta þessu orðalagi þannig, að ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins, megi lækka eða fella niður fébætur. Um þessa brtt. hefur ekki verið rætt í hv. sjútvn. og ekki heldur um þá umsögn, sem kom fyrst í dag frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, en vegna mistaka, kannske bæði hv. sjútvn. og starfsmanna þingsins, þá er aðeins stutt síðan þeir fengu mál þetta til umsagnar. Mér þykir rétt að láta koma fram efnislega það, sem þeir segja í umsögn sinni, en þeir lýsa sig mjög eindregið andvíga breytingu þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem lausleg áætlun hefur leitt í ljós, að hækkun iðgjalda á ábyrgðartryggingu skipverjanna vegna breytinganna muni nema nokkrum tugum millj. Þeir óska þess jafnframt, að frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi, þar sem endanlega liggur ekki fyrir, hver útgjaldaaukningin hjá skipaeigendum verður með samþykkt þess. Þeir taka svo fram í lok umsagnar sinnar, að þeir hafi fengið mjög skamman frest til að kanna mál þetta, þótt efni þess snerti svo mjög alla skipaeigendur, og er þess vegna ekki óeðlilegt, að málinu verði frestað.

Þá má og geta þess, að Samband ísl. tryggingafélaga hefur sent ítarlega umsögn. Íslenzk endurtrygging var með umsögn frá s. l. vetri um málið, og leggjast þeir gegn því, að það verði samþ. Ég hefði talið rétt, vegna umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna, að fresta umr. um mál þetta nú og ræða þá umsögn í hv. sjútvn. og reyndar við hæstv. sjútvrh. líka, áður en málið verður afgr. héðan við 2. umr. hér í hv. deild.

Umr. frestað.

Á 74. og 75. fundi í Nd., 10. og 12. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér litla brtt. við þetta frv., við 1. gr. frv. Sú brtt. er á þskj. 637 og er þannig, að síðasti málsl. gr. orðist þannig:

„Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins", en niðurlagið á gr. var þannig: „Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur."

Hér er um nokkurn eðlismun að ræða, eins og heyra má, en þetta frv. miðar sérstaklega að því að draga úr því, frá því sem verið hefur, að hægt sé að skipta sök eins og mjög hefur verið títt í sambandi við slys eða tjón, sem m. a. verða á skipum, þannig að verulegur hluti tjónbótanna sé lagður á herðar þess, sem fyrir tjóninu verður, aðeins vegna þess, að talið er, að hann

sé að einhverju leyti meðábyrgur þess, að slysið eða tjónið varð. Sjómannasamtökin í landinu hafa barizt fyrir því nú um árabil að fá þessu breytt og lagt á það mjög mikla áherzlu, en nú er sem sagt með þessu frv. tekinn upp sá háttur, að það er ekki hægt að leggja tjónbótaskylduna á þann, sem fyrir slysinu verður eða tjóninu verður, nema sannað sé á hann vítavert gáleysi, sem hafi síðan leitt til tjónsins eða slyssins. En reglan hefur sem sagt verið sú, eins og flestir hv. alþm. kannast við, því að þetta mál hefur verið hér til umr. nokkrum sinnum áður, að það hefur verið í mjög mörgum tilvikum, að tjónbótunum hefur verið skipt á milli aðila, vegna þess að sá, sem fyrir tjóninu hefur orðið, hefur þótt þar eiga einhverja hlutdeild að.

Ég vænti þess, að þessi till. verði samþykkt til þess að gera hér ákvæði frv. nokkru skýrari og ákveðnari til þess að ná því marki, sem raunverulega er stefnt að, en ég legg fyrir mitt leyti mikla áherzlu á það, að þetta frv. nái fram að ganga. Það hefur verið lögð sérstök áherzla á það af samtökum sjómanna, m. a. við gerð kjarasamninga, og þeir hafa fengið góðar undirtektir um það, að fullur skilningur væri á því að gera þessa breytingu, sem í þessu frv. felst.

Ég vænti svo, að brtt. mín verði samþ. og frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.
Brtt. 637 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 874).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur nú verið afgr. í Nd. með shlj. atkv. þar viðstaddra þdm., og ég vil því vænta þess, að það geti tekizt einnig hér að afgreiða þetta mál mjög fljótlega.

Meginefni þessa frv. er það, að lagt er til að gera nokkru skýrari ákvæði í lögum um það, að þeir skipverjar, sem verða fyrir tjóni eða slysi við störf sín, séu ekki dregnir til meðábyrgðar eða meðsektar í sambandi við sakir, nema fyrir liggi á ótvíræðan hátt, að þeir eigi sök á tjóninu eða slysinu vegna vítaverðs gáleysis með framkomu sinni. Það hefur verið í alllangan tíma svo, að það hefur þótt ástæða til þess að skipta sök í málum eins og þessum, þannig að skipverjar hafa æðioft þurft að taka á sig verulegan hluta af tjóninu, þ. e. fá ekki tjónbætur nema að vissum hluta, vegna þess að talið hefur verið, að þeir ættu með framkomu sinni einhvern þátt í því, hvernig fór. Samtök sjómanna hafa í nokkur ár lagt mikla áherzlu á það að fá lögunum breytt í þá átt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta frv. er flutt af hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og Pétri Sigurðssyni, og fleiri þm. úr fleiri flokkum hafa komið við sögu í sambandi við flutning þessa máls hér á Alþ. Það er auðvitað augljóst mál, að þessi breyting getur haft það og kemur til með að hafa það í för með sér, að útgerðarmenn þurfi að taka á sig einhver aukin útgjöld, sem þeir munu væntanlega greiða í sambandi við auknar tryggingar. Það verður ekki hægt að komast hjá því, en það er álit mitt, að hér sé um slíkt réttlætismál að ræða, að það sé full ástæða til þess, að þetta frv. nái nú fram að ganga. Í síðustu kjarasamningum lögðu samtök sjómanna mjög mikla áherzlu á það, að þetta frv. næði fram að ganga, og því var lýst yfir, að fullur skilningur væri á þessu sjónarmiði þeirra og reynt að greiða fyrir þessu máli. En nú er orðið mjög áliðið þings og lítill tími eftir og málið hefur því miður, eins og reyndar ýmis fleiri, legið of lengi í þeirri d., og mönnum gefst því heldur stuttur tími til að athuga málið. Bezt hefði mér þótt, ef samkomulag hefði getað orðið um það, að málið fengi að ganga hér í gegnum þrjár umr. án þess að fara til n., en ef óhjákvæmilegt þykir, að sjútvn. fjalli um málið, geri hún það þá á þann hátt, að það þurfi ekki að tefja afgreiðslu þess hér að neinu leyti. (Gripið fram í.) Já, ég býst nú við því og vona, að það verði, en sem sagt, ég legg mikla áherzlu á það, að þetta frv. nái fram að ganga, og vænti þess, að það geti orðið jafngóð samstaða um það hér í þessari d. og var í Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 874, n. 907).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir, á fundi sínum nú í dag. Frv. er flutt af þeim hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni, og hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Þetta frv. hefur áður verið flutt á nokkrum þingum, en ekki orðið útrætt. Við gerð síðustu sjómannasamninga munu sjómenn hafa lagt áherzlu á, að sú breyting á siglingalögum, sem hér er ráðgerð, næði fram að ganga, og af hálfu ríkisstj. hafa verið gefin fyrirheit um að stuðla að framgangi málsins. Er þess því að vænta, að þar sem hæstv. sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., nái það fram að ganga nú.

Meginrök þessa máls eru þau að dómi flm. frv. og ýmissa annarra, að sjómenn, sem verða fyrir slysum við störf sín, njóti ekki nægjanlegrar réttarverndar samkv. gildandi skaðabótareglum, en efni frv. er, eins og áður segir, að ganga til móts við óskir sjómanna og samtaka þeirra, þannig að slasist sjómaður, öðlist hinn slasaði bótarétt án tillits til þess, með hvaða hætti tjónið hafi að höndum borið, nema hinn slasaði hafi með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hafi til slyssins, og hann þannig meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Nokkur kostnaður mun vafalítið hljótast af þessu og

leggjast á útgerðarmenn í þessu sambandi, og m. a. þess vegna hefur sjútvn. orðið sammála um að leggja til eina breytingu við þetta frv., þannig að 2. gr. frv. orðist eins og segir í nál.: Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1972. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir, að frv. öðlaðist þegar gildi, en rétt þótti að veita nokkurn umþóttunartíma. Sjútvn. mælir samhljóða með samþykkt frv. með þeirri breytingu, sem ég hef lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 907 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 909).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 934).

---

91. Lífeyrissjóður sjómanna (frv. KSG og EggÞ).

Á 31. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970 [151. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 41. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir á þskj. 288, fjallar um breytingar á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, sérsamþykkt frá árinu 1970.

Í 1. gr. frv. segir, að í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgr., svo hljóðandi:

„Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt."

2. gr. fjallar einungis um breytingu aldursákvæða til samræmingar lögum um almannatryggingar.

Árið 1958 voru sett lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, en tildrög sjóðsins voru þau, að ríkjandi valdhafar komu til liðs við sjómannasamtökin, er til stóð að segja upp kjarasamningum. Var fallizt á það tilboð þáv. ríkisstj. að koma því til leiðar, að lög um sjóðinn yrðu samþykkt á Alþingi, ef horfið yrði frá því að segja upp gildandi kjarasamningum. Setning þessara laga markaði að ýmsu leyti tímamót í réttindamálum sjómanna, hér var um að ræða réttlætismál gagnvart sjómönnum sjálfum og fjölskyldum þeirra, en er lögin voru sett, höfðu fjölmargir aðilar betur settir í þjóðfélaginu, stéttir, sem unnu létt störf og höfðu stuttan vinnutíma, fengið tryggð lífeyrisréttindi. Það væri í rauninni hróplegt misræmi, að þeir, sem ynnu áhættusömustu störfin, sjómenn, sem vinna lengstan vinnutíma og slitna fyrr og verða því að hverfa frá störfum á undan öðrum, yrðu að afloknu ævistarfi að hverfa í land án nokkurs öryggis um lífsframfæri eftir að heilsa og starfsorka hefði bilað við afkastamestu, erfiðustu og lífshættulegustu störfin, sem unnin eru í þjóðfélaginu. Færi svo, að þeir féllu í valinn við þessi störf, voru réttindamál sjómanna ekki betur komin en það, að fjölskyldur þeirra höfðu engan rétt á lífeyri sér til framfærslu, þótt ýmsar stéttir aðrar hefðu þá þegar tryggt sér hvers konar lífeyri. Því var það vonum seinna, að lög um lífeyri togarasjómanna voru sett, og það var ekki fyrr en árið 1970, að sjóðurinn var stækkaður og sjómenn, sem voru á bátum yfir 12 smálestir, fengu aðild að honum. Sú ákvörðun var ekki runnin undan rifjum valdhafanna, heldur var hún eitt af samningsatriðum sjómannasamtakanna við vinnuveitendur. Þá var um svipað leyti stofnað til lífeyrissjóða verkafólks, sem síðan hafa vaxið mjög og verða áður en langt um líður einn helzti þáttur í sparifjármyndun landsmanna, a. m. k. ef það kerfi verður áfram við lýði að safna upp sjóðum með því að greiða sjóðfélögum lágar bætur. Störf sjómanna eru þjóðinni það þýðingarmikil, að þjóðfélagið getur ekki staðizt, ef ekki er vel að þeim búið. Sjómennskan er og verður um ófyrirsjáanlega framtíð ein helzta undirstaðan undir þjóðarbúskap landsmanna, en þessi atvinnuvegur gerir miklar kröfur til starfsmanna sinna, kröfur um, að þeir afsali sér að miklu leyti heimilislífi og samvistum við fjölskyldur sínar, kröfur um, að þeir séu nánast gestir á heimilum sínum, og bitnar það að sjálfsögðu á sjómönnunum sjálfum, konum þeirra og börnum. Þeir, sem í landi eru, njóta hins vegar eldanna, þeir vinna styttri vinnudag, búa við skilyrði fjölbreyttrar menningar og félagsstarfsemi, sem þeir, er sjóinn stunda, fara að mestu á mis við. Allt þetta veldur því í raun, að sjómenn ætti að launa betur en aðrar starfsstéttir, þeir og fjölskyldur þeirra ættu að njóta meira félagslegs öryggis en tíðkast um aðrar starfsstéttir.

Eins og ég minntist á hér áðan, var setning laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og síðar lífeyrissjóð sjómanna þáttur í kjarabaráttunni. Lögin voru stórt skref í átt til félagslegs öryggis, en þrátt fyrir tilvist sjóðsins

hefur sjómennska ekki verið eftirsóknarverð atvinnugrein, því hafa valdið rýr kjör á öðrum sviðum.

Undanfarin ár hefur verið mjög erfitt að manna bátana, svo að í mörgum tilvikum hafa margar skipshafnir verið á hverjum bát eina og sömu vertíðina. Menn hafa fremur kosið öryggi og þægindi landvistar en vosbúð, vöku og erfiði sjómennskunnar. Lífsafkoma þjóðarinnar er öll háð sjávaraflanum og störfum sjómanna á fiskiskipaflotanum. Afkastageta sjómanna er að sjálfsögðu misjöfn, en því vanari sem mannskapurinn er, því hæfari er hann, fljótari og kunnáttan til verka meiri. Það er því hagsmunamál allra, að sem mest festa verði í mannahaldi skipanna. Slík festa kemur ekki, nema afkoma sé tryggð, það verði ljóst, að til einhvers er að vinna.

Í lögum um lífeyrissjóð sjómanna eru margir gallar, margt er úrelt miðað við þá öru þróun, sem átt hefur sér stað síðustu árin hjá hinum ýmsu lífeyrissjóðum. Það er t. d. nokkur hópur sjómanna, sem ekki á aðild að sjóðnum, eða allir þeir, sem eru á bátum undir 12 smálestum. Það eru einnig úrelt ákvæði í núverandi lögum varðandi útreikning á bótum til sjóðfélaga. Hjá hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna er notað stigakerfi, sem er meira í samræmi eða takt við óðaverðbólguna, sem brennir alla lífeyrissjóði upp. Það er ekki nokkur vafi á því, að höfuðvandamál lífeyrissjóða er vanmáttur þeirra til að tryggja verðgildi lífeyrisgreiðslna. Þeir sjóðir, sem veita slíka verðtryggingu, hafa yfirleitt hlutaðeigandi vinnuveitendur, svo sem ríki og bæjarfélög, að bakhjarli. En vissulega væri tímabært að verðtryggja alla lífeyrissjóði í landinu. Lífeyrissjóður sjómanna er traustur fjárhagslega, traustari en flestir aðrir lífeyrissjóðir. Stafar það að mörgu leyti af því, að biðtími þeirra, er greiðslna ættu að njóta, er óeðlilega langur. Þá er nauðsynlegt og réttlátt að breyta bótaupphæðum til samræmis við ríkjandi kauplag á hverjum tíma.

Í ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna er heimild fyrir bátasjómenn í einstökum byggðarlögum eða landshlutum til undanþágu frá þátttöku í sjóðnum. Þessi undanþáguákvæði hafa valdið því, að sums staðar hafa sjómenn tekið þann kostinn að gerast þátttakendur í hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga. T. d. varð sú raunin á Vestfjörðum, en Vestfirðingar mynduðu einn heildarsjóð, lífeyrissjóð Vestfjarða. Hins vegar tóku sjómenn í byggðarlögunum á Suðurnesjum og víðar þann kostinn að gerast þátttakendur í lífeyrissjóði sjómanna. Þessi ákvörðun var einkum tekin með það í huga, að vanmegnugir lífeyrissjóðir einstakra landshluta eða byggðarlaga stæðu illa að vígi, ef heil skipshöfn færist. Þá var og hald manna, að lífeyrissjóður sjómanna gæfi ekki síðri réttindi eða tryggingar en aðrir sjóðir. Einnig var það þáttur í þessari ákvörðun, að lífeyrissjóður sjómanna hefur á undanförnum árum átt ríkan þátt í því að aðstoða sjómenn fjárhagslega með lánum. En þegar frá leið var ljóst, að í mörgu var löggjöfin um lífeyrissjóð sjómanna úrelt eða ekki eins hagstæð og æskilegt væri. Nú er svo komið, að hin ýmsu sjómannafélög um landið hafa ákveðið, hvernig þau haga lífeyrismálum sínum, þ. e. hvort þau mynda sérsjóð eða taka þátt í aðalsjóðnum. Því er mjög tímabært að endurskoða hin ýmsu ákvæði lífeyrissjóðs sjómanna.

Ég ætla að minnast á enn eitt ákvæði laganna, sem gjarnan mætti breyta, en það er ákvæði um aldursmark ellilífeyrisþega. Samkv. gildandi lögum er aldursmarkið 65 ár, en mikið réttlætismál er það, að þetta aldursmark verði fært niður, a. m. k. niður í 55—60 ár. Fyrra ákvæðið hefur sjálfsagt verið lögfest með hliðsjón af lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, en er ekki eðlilegra að hafa aldursmarkið hjá sjómönnum lægra með hliðsjón af því, hve störf sjómanna eru erfiðari og hættulegri en störf opinberra starfsmanna? Hverjum dettur í hug, að sjómaður, sem vinnur oftast mestan hluta sólarhringsins, slitni ekki fyrr en skrifstofumenn, sem vinna hægari störf og hafa mun styttri vinnutíma? Og skyldi aðstaða sjómannsins, eftir að aldursmarki er náð, til að afla sér léttrar vinnu ekki vera verri en þeirra, er í landi vinna?

Þá kem ég að því atriði, sem ég og hv. 1. landsk. þm. gerum till. um, en það eru bætur til ekkna og barna. Samkv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins njóta aðeins sjö ekkjur sjómanna makalífeyris úr lífeyrissjóði sjómanna. Eru það að sjálfsögðu allt ekkjur þeirra manna, er voru í sjóðnum, áður en hann var stækkaður. Geta menn gert sér í hugarlund, hve margar ekkjur hafa farið á mis við þessi sjálfsögðu réttindi, þegar það er haft í huga, að sjóðurinn er nú 14 ára gamall, og jafnframt hve margir kvæntir sjómenn hafa látizt á þessum tíma. Það er ekki nokkur vafi á því, að þessu valda ákvæði laganna um 10 ára biðskyldu. Er hér um að ræða hróplegt misræmi, þegar tekið er tillit til þess, að hefðu þeir sjómenn, sem að undanförnu hafa farizt, verið í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks, þá hefðu ekkjur þeirra í langflestum tilfellum fengið bætur.

Við stofnun hinna almennu lífeyrissjóða verkafólks var tekin upp sú regla, að hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í 6 mánuði af undanförnum 12 mánuðum, þá fær viðkomandi ekkja makabætur. Ég hef getið um hin ýmsu atriði, sem þörf er á að breyta í gildandi lögum um lífeyrissjóð sjómanna. Þörf er á, að heildarendurskoðun laganna dragist ekki lengur og unnt verði að móta þau á svipaðan hátt og nú tíðkast hjá öðrum lífeyrissjóðum. Við teljum það svo brýnt hagsmunamál, að frv. okkar verði samþ., því að að okkar dómi er þetta sú grein gildandi laga, sem sízt má bíða að lagfæra. Vertíð stendur nú yfir og fram undan eru verstu vetrarveðrin. Því miður er það undantekningarlaust, að á hverri vertíð verður skiptapi.

Ég vil að síðustu hvetja hv. alþm. til þess að hraða afgreiðslu þessa frv., svo að hjá því verði komizt, að sjómannsekkjurnar beri skarðari hlut frá borði en þekkist hjá öðrum stéttum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 745).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins

og fram kemur á þskj. 745, hefur heilbr.- og félmn. haft þetta mál til meðferðar og mælir einróma með samþykkt þess, en fjarstaddir afgreiðslu málsins í n. voru hv. 6. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykn. N. mælir sem sagt einróma með samþykkt frv., eftir að hún hefur lokið athugun sinni á málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., 13. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 849).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna. Efni þess er varðandi makabætur sjóðfélaga og það er flutt til að samræma ákvæði laga um lífeyrissjóð sjómanna hliðstæðum ákvæðum í lögum og reglugerðum um lífeyrissjóði hinna almennu verkalýðsfélaga. Þykir vel fara á því og eðlilegt, að hér gildi sömu ákvæði.
Fjhn. leggur til, að frv. verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun ekki gera ágreining um afgreiðslu þessa máls að þessu sinni. Ég vil hins vegar benda á þá staðreynd, að ákvæði lagafrv. þess, sem við erum að afgreiða nú, taka einungis til sjómanna, sem lögskráðir eru samkv. lögskráningarlögum. Er þar um að ræða sjómenn á skipum 12 rúmlesta og stærri. Hér fyrir Alþ. hefur legið í vetur frv., sem ég hef flutt ásamt nokkrum sjálfstæðismönnum, um breytingu á lögskráningarlögum á þann veg, að sjómenn, sem stunda fiskveiðar á skipum undir þessari stærð, öðlist m. a. þau réttindi, sem fylgja þessari löggjöf. Hv. formaður sjútvn. Nd. hefur ekki séð ástæðu til þess að taka þetta mál fyrir í n. eða afgreiða það, þannig að ég tel miður farið, þegar við erum að afgreiða þetta mál, að svo sé ekki. En þar fyrir utan þá auðvitað áskilja þeir þm., sem flutt hafa þetta mál, sér allan rétt til þess að taka það upp á næsta Alþ., ef þeir eiga þangað afturkvæmt, en ég vil aðeins undirstrika þetta, að með þessari löggjöf, sem við erum að samþykkja, er verið að skera af smábátasjómenn allt í kringum land og það hefur legið fyrir þessu hv. Alþ. í sjútvn. Nd. frv. um þetta efni, án þess að það hafi fengizt nokkur afgreiðsla á því máli þar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti til hv. n. fyrir það að hafa afgreitt þetta mál fljótt og vel, eftir að það kom hingað til d. Hér er um að ræða mál, sem fjallar um leiðréttingu á ýmsum atriðum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd á lögum varðandi lífeyrissjóði sjómanna. Hitt get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að bæði í þessu máli og í mörgum öðrum þarf Alþ. að taka miklu meira tillit til þeirra, sem róa á smæstu bátunum, á trillunum, og að ýmsu leyti eru settir hjá við löggjöf varðandi ýmiss konar réttindi og ýmiss konar aðstöðu, sem við sköpum í þessu landi. Við megum ekki hugsa eingöngu um stærri bátana, og við megum ekki vera blind fyrir því, hversu mikils virði aflinn af allra smæstu bátunum er og hversu mikið atvinnuatriði þetta er og hvaða þýðingu slíkir róðrar hafa fyrir þá, sem stunda þá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Nd., 18. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 935).

---

92. Ferðamál (frv. fjhn. Ed.).

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969 [286. mál] (þmfrv., A. 858).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir skömmu var afgreitt hér á Alþ. frv. til staðfestingar á brbl., sem fyrrv. samgrh. hafði gefið út á s. l. vori og voru þess efnis, að Ferðamálasjóði væri heimilt að taka allt að 48 millj. kr. að láni í staðinn fyrir, að í lögum var kveðið svo á, að sjóðurinn mætti taka að láni 40 millj. kr.

Svo illa tókst til af hálfu fjhn. Ed., að bréf, sem borizt hafði til n. frá samgrn., komst ekki í hendur nm. fyrr en eftir að þessi afgreiðsla átti sér stað vegna mistaka, og fjhn. var því ekki kunnugt um það, að þörf var á því að hækka þá lánsheimild, sem hér um ræðir, ekki aðeins í 48 millj. kr., eins og gert var á s. l. ári, heldur um 25 millj. kr. í viðbót, eða í 73 millj. kr. Þar sem frv., sem hér um ræðir, er nú orðið að lögum fyrir nokkrum dögum, verður því ekki frekar haggað, og því hefur verið valin sú leið að flytja hér nýtt mál um sama efni, sem er þó til breyt. á lögum um ferðamál nr. 4 frá 14. febr. 1969.

Það skal að vísu tekið fram, að breytingin, sem gerð var hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, hefur enn ekki hlotið formlega staðfestingu og enn þá síður verið birt í Stjórnartíðindum. En það haggar að sjálfsögðu ekki rétti Alþ. til að breyta þessum lögum nú öðru sinni, og þess vegna er þetta frv. hér flutt og þarf ekki að taka það fram, að það er flutt í samráði og reyndar að beiðni samgrh. og í samráði við fjmrh.

Ég vildi aðeins segja að lokum, að frv. er raunverulega ekki um nýja lántökuheimild til viðbótar við þá lántökuheimild, sem fyrir er í framkvæmdaáætluninni, heldur má segja, að flutningur frv. og samþykkt þess er óhjákvæmilegt til þess, að sú lánveiting, sem í framkvæmdaáætluninni er, geti orðið að veruleika.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 33 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 858, n. 924).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og segir í grg. með þessu frv., er það flutt að beiðni hæstv. samgrh. í samráði við fjmrh. og er um það að hækka lántökuheimild vegna Ferðamálasjóðs. Hún er í upphaflegu lögunum 40 millj., hafði verið hækkuð í 48 millj. kr., heildarheimildin vegna ársins 1971. En með þessu frv. er lagt til, að lántökuheimildin verði hækkuð í 73 millj. kr., eða um 25 millj. frá því, sem hún var áður orðin. — Fjhn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 950).

Önnur mál.

1. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var tekin á dagskrá:
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Núverandi ríkisstj. var mynduð 14. júlí s. l. Sú stjórnarmyndun var eðlileg afleiðing kosningaúrslitanna. Þegar stjórnin var mynduð, höfðu þeir flokkar, sem að stjórninni standa, Alþb., Framsfl. og SF, gert með sér málefnasamning, sem birtur var alþjóð. Í þessum málefnasamningi er mörkuð stefna ríkisstj. og afstaða til margra mikilvægra þjóðfélagsmála. Þessi málefnasamningur er því stefnuskrá núv. ríkisstj. Þessi málefnasamningur skiptist í fimm höfuðþætti. Fjallar sá fyrsti um landhelgismál, annar hefur fyrirsögnina kjaramál, sá þriðji hefur yfirskriftina atvinnumál, fjórði þáttur fjallar um félags- og menningarmál og fimmti þáttur nefnist utanríkismál.

Þessar kaflafyrirsagnir gefa nokkra en hvergi nærri tæmandi hugmynd um málefni þau, sem þar er rætt um, því að í sumum köflunum er fjallað um margvísleg efni, sem kaflaheitið nær út af fyrir sig ekki yfir. Þó að málefnasamningurinn hafi þegar verið birtur, svo sem áður er sagt, þykir ríkisstj. rétt að birta hann Alþ. nú í þingbyrjun og gefa þannig hv. alþm. kost á að ræða hann sérstaklega og þar með stefnu stjórnarinnar. Þar sem málefnasamningurinn er alllangur, mun ég þó ekki lesa hann í samfellu, heldur halda mig við þá efnisskipan, sem áður er lýst, og lesa hvern kafla út af fyrir sig og gefa þá um leið á honum nokkrar skýringar, gera m. a. grein fyrir því, hvað þegar hefur komið til framkvæmda af því, sem þar er kveðið á um, og hverjar framkvæmdir eru í undirbúningi og fyrirhugaðar á næstunni.

Eins og áður er sagt, fjallar I. kafli málefnasamningsins um landhelgismál. Þar segir, að það sé stefna ríkisstj., að landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja verði sagt upp og ákvörðun tekin um útfærslu fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílur frá grunnlínum og komi sú útfærsla til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Jafnframt verði ákveðin 100 sjómílna mengunarlögsaga. Ríkisstj. mun um landhelgismálið hafa samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á að fylgjast með allri framvindu málsins.

Þessi ákvæði málefnasamningsins eru í algeru samræmi við þá stefnu í landhelgismálinu, sem núv. stjórnarflokkar mótuðu á síðasta Alþ. Með þá sameiginlegu stefnu gengu þeir til síðustu alþingiskosninga og lögðu einmitt í kosningabaráttunni áherzlu á, að landhelgismálið væri mál málanna. Er óhætt að fullyrða, að sú stefna hlaut ótvíræðan stuðning í kosningunum. Það er því ekkert vafamál, að þm. núv. stjórnarflokka voru alveg sérstaklega kosnir til þess að koma þessu máli fram. Það er því eðlilegt, að þetta mál sé sett efst á blað í samstarfssamningi stjórnarflokkanna. Það er eins og ég sagði mál málanna hjá núv. ríkisstj. og hefur algeran forgang fram yfir önnur málefni. Sú afstaða er byggð á þeirri sannfæringu, að hér sé um að ræða lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar. Framtíð hennar og lífsskilyrði velta öðru fremur á því, hvort það tekst að vernda fiskimiðin umhverfis landið gegn ágangi útlendra fiskiskipa og að Íslendingar einir geti nýtt þessar auðlindir landgrunnsins, sem eru nú á dögum jafneðlilegur hluti af yfirráðasvæði íslenzka ríkisins eins og landið sjálft. Þetta er svo sjálfsagt mál í augum allra Íslendinga, að um það er óþarfi að fjölyrða hér.

Það má segja, að ríkisstj. hafi á þessu fyrsta starfstímabili sínu einbeitt sér að þessu máli. Það hefur verið hafin kynningarherferð á málstað Íslendinga. Ég fullyrði, að á þremur starfsmánuðum núv. ríkisstj. hefur þetta mál og stefna Íslendinga í því verið kynnt meir en á öllu hinu svokallaða viðreisnartímabili. Fyrirhugaðar aðgerðir hafa verið sérstaklega kynntar Bretum og Vestur-Þjóðverjum, meðal annars með sendiför utanrrh. til þessara landa. En til þess var sérstök ástæða vegna samninganna frá 1961. Þá hefur og utanrrh. flutt um málið skelegga ræðu á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar Íslands á undirbúningsfundum hinnar fyrirhuguðu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hafa lagt mikla vinnu í að kynna stefnu Íslands og stuðla að skilningi á sérstöðu þess og í það að leita samstarfs við þær þjóðir, sem svipuð sjónarmið hafa. Þá hefur og stefna Íslands í landhelgismálinu nýlega verið sérstaklega kynnt Einingarsamtökum Afríkuþjóða, þegar sendinefnd frá þeim var hér á ferð.

Ég hika ekki við að fullyrða, að utanrrh. og embættismenn þeir, sem með honum hafa sérstaklega starfað að málinu, hafi unnið ágætt starf. Nú á næstunni mun verða lögð fyrir Alþ. till. til þál., þar sem leitað verður eftir staðfestingu á stefnu stjórnarinnar í landhelgismálinu. Þessi till. hefur nú þegar reyndar verið lögð fram og henni hefur verið útbýtt. Þegar sú till. kemur til umr., verður gerð nánari grein fyrir málinu, og skal ég því ekki fjölyrða frekar um það í þessu sambandi. Þó vil ég segja það, að ákveðnar hafa verið viðræður við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem mótmælt hafa fyrirhuguðum aðgerðum. Er gert ráð fyrir því, að þær viðræður hefjist í byrjun nóvember. Þó að ekki verði hvikað frá þeirri grundvallarstefnu í landhelgismálinu, sem mörkuð hefur verið, er vitaskuld sjálfsagt að ræða við þessar þjóðir, sem um langan aldur hafa verið góðar viðskiptaþjóðir Íslendinga, og leita að lausn í þessu máli, sem þær líta öðrum augum á en við. Verðum við að vona, að slíkt geti tekizt með gagnkvæmum skilningi og sanngirni.

II. kafli málefnasamningsins ber fyrirsögnina kjaramál. Þar kennir þó ýmissa grasa. Þar er ekki aðeins fjallað um kjaramál í þrengri merkingu, heldur og um verðlagsþróun, efnahagsmál o. fl. Þessi kafli er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og strangri verðlagseftirliti. Til þess að ná þessu marki vill stjórnin hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum. Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum, en halda áfram verðstöðvun, þar til nýjar ráðstafanir til að hamla gegn óeðlilegri verðlagsþróun verða gerðar. Það er stefna ríkisstj. að bæta afkomu verkafólks, bænda, sjómanna og annarra þeirra, sem búa við hliðstæð kjör. Í trausti þess, að ríkisstj. hljóti stuðning til þess að ná sem beztum tökum á þróun verðlagsmála og í því skyni, að hægt verði að tryggja láglaunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur, mun ríkisstj. beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í kjaramálum:

1. Vinnuvikan verði með lögum stytt í 40 stundir, án breytinga á vikukaupi.

2. Orlof verði lengt í 4 vikur og framkvæmd orlofslaga auðvelduð.

3. Kaupgjaldsvísitalan verði leiðrétt um þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögunum, og komi leiðréttingin nú þegar til framkvæmda.

4. Þau vísitölustig, sem ákveðið var í verðstöðvunarlögunum, að ekki skyldu reiknuð í kaupgjaldsvísitölu fram til 1. sept., verði nú þegar tekin inn í kaupgjaldsvísitöluna.

5. Auk þeirra kjarabóta, er að framan greinir, telur ríkisstj., að með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. sé mögulegt að auka í áföngum kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum, og mun beita sér fyrir því, að því marki verði náð. Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð í samráði við Stéttarsamband bænda og að því stefnt, að stéttarsambandið semji við ríkisstj. um kjaramál bændastéttarinnar og verðlagningu búvara. Miða skal jafnan við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta. Ríkisstj. vill, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt um kjör sín, enda hverfi þá öll sjálfvirk tengsl á milli launasamninga þeirra og annars launafólks. Ríkisstj. leggur sérstaka áherzlu á, að launakjör sjómanna verði bætt verulega og mun vinna að því m. a. með breyt. á l. nr. 79 frá 1968 og með hækkun á fiskverði. Ríkisstj. mun m. a. beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í efnahagsmálum:

1. Að lækka vexti af stofnlánum atvinnuveganna og lengja lánstíma þeirra.

2. Að endurkaupalán Seðlabankans verði hækkuð og vextir á þeim lækkaðir.

3. Að vátryggingarmál fiskiskipa verði endurskoðuð með það fyrir augum að lækka vátryggingarkostnað.

4. Að endurskoða lög og reglur um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, og stefna að því, að þau verði lækkuð eða felld niður.

5. Að söluskattur á ýmsum nauðsynjavörum verði felldur niður.

6. Að auka rekstrarlán til framleiðsluatvinnuveganna.

7. Að breyta lögum og reglum um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins þannig, að unnt verði að tryggja hækkun fiskverðs.

8. Gagnger athugun fari fram á núgildandi verðlagningu á sem flestum sviðum í því skyni að lækka verðlag eða hindra verðlagshækkanir."

Nokkur af þeim fyrirheitum, sem gefin eru í þessum kafla, eru þegar komin til framkvæmda. Þannig var verðstöðvunin framlengd til áramóta með brbl. Það verður svo Alþingis að ákveða það, hvort það vill framlengja verðstöðvun lengur í sömu eða svipaðri mynd. En hvað sem ofan á verður í því efni, þá leggur ríkisstj. áherzlu á, að ströngu verðlagseftirliti verði haldið uppi. Eins og fram er tekið í þeim kafla málefnasamningsins, sem lesinn var, leggur ríkisstj. ríka áherzlu á, að hafður sé hemill á hinni háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað hér á landi undanfarin ár, og mun því leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Hins vegar er vert að undirstrika það, að ríkisstj. gefur ekkert fyrirheit um það að stöðva algerlega verðbólgu, svo sem viðreisnarstjórnin gerði á sínum tíma. Ég held, að slíkt fyrirheit væri óraunsætt eins og þróunin er í kringum okkur. Ég held einnig, að horfast verði í augu við það, að naumast verður hjá því komizt, að fyrirhugaðra kjarabóta gæti eitthvað í verðlagi, þó að allrar varúðar verði gætt í því efni. Vert er að undirstrika, að sem nánast samstarf skal haft við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Kaupgjaldsvísitalan var strax leiðrétt með brbl. um þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögunum. Sama máli gegnir um þau tvö vísitölustig, sem ákveðið var í verðstöðvunarlögunum, að ekki skyldu reiknuð inn í kaupgjaldsvísitölu. Þá hefur og fyrirheitið um bætt launakjör sjómanna og hækkun fiskverðs komið til framkvæmda, svo sem menn vita. Nefndir skipaðar fulltrúum ríkisstj., verkamanna og vinnuveitenda vinna nú að því að semja lagafrv. um vinnutímastyttingu og orlofslengingu. Ég held, að ekki verði annað sagt en hér hafi rösklega verið tekið til hendi. Þessar ráðstafanir og stefnumörkun ríkisstj. í kjaramálum að öðru leyti hafa það markmið að tryggja kjarabætur og greiða fyrir kjarasamningum og stuðla að vinnufriði. Það má hiklaust telja eitt af höfuðmarkmiðum þessarar ríkisstj.

Nú standa yfir allsherjarkjarasamningar og verður á þessu stigi ekkert um það sagt, hver niðurstaða þeirra verður. Það er auðvitað ekki ætlun ríkisstj. að grípa inn í kjarasamninga. Hitt hefur ríkisstj. gert, að benda á tilteknar leiðir. Hún hefur lýst því, að hún telji mögulegt með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. að auka í áföngum kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum. Ríkisstj. hefur heitið því, að beita sér fyrir því, að þessu marki verði náð. Ég undirstrika, að talað er um 20% kaup-

máttaraukningu en ekki um 20% kauphækkun. Þarna er mörkuð stefna um kjarabætur í tilteknum áföngum og miðað við tveggja ára tímabil. Ég held að þessi stefna, ef í framkvæmd kemst, geti stuðlað að auknu öryggi á vinnumarkaði og komið í veg fyrir hinar stóru og snöggu sveiflur, sem eru mjög hættulegar traustu efnahagslífi.

Nefnd hefur verið skipuð til að endurskoða lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins, svo sem gert var ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum. Er þess að vænta, að lagafrv. um það efni verði lagt fyrir þetta þing síðar í vetur. Að því er varðar þær sérstöku ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nefndar eru síðast í þeim kafla málefnasamningsins, sem hér er um að ræða, þá er þess að geta, að söluskattur hefur þegar verið felldur niður af nokkrum nauðsynjavörum. Að öðru leyti eru þessar ráðstafanir, svo sem vaxtalækkun þargreindra lána, lækkun ýmissa gjalda, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, aukin rekstrarlán o. fl. í athugun og undirbúningi.

Þriðji kafli málefnasamningsins er um atvinnumál, og er hann svo hljóðandi: „Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlunargerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnunin skal gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greindar eru þær fjárfestingarframkvæmdir, sem forgang skulu hafa. Stofnunin fari með stjórn Framkvæmdasjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða, sem eðlilegt verður talið að falli undir hana. Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein í því skyni að lækka rekstrarkostnað og gera m. a. mögulegt að bæta kjör starfsmanna, án þess að hækkun verðlags fylgi. Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni, eftir því sem ástæða þykir til. Í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skal starfa sjóður undir sérstakri stjórn, sem veitir fjárstuðning til þess að treysta sem bezt eðlilega þróun í byggð landsins. Eignir og tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs gangi til þessa sjóðs og aðrar tekjur, eftir því sem ákveðið verður síðar. Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun. Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meira en nú er gert. Ríkisstj. hefur ákveðið, að helztu verkefni í einstökum atvinnugreinum verði þessi: Að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að semja iðnþróunaráætlun og verði í henni lögð höfuðáherzla á uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í eigu landsmanna sjálfra. Skal einkum stefnt að því að gera stórátak til að byggja upp fjölbreyttan fullvinnsluiðnað íslenzkra afurða, sjávarútvegs og landbúnaðar, með því m. a. að útvega verulegt fjármagn til niðursuðu- og niðurlagningariðnaðar, skipuleggja víðtæka markaðsleit og koma upp öflugum sölusamtökum þessa iðnaðar. Að beina auknu fjármagni til iðnaðarins með það fyrir augum, að hann verði fær um að taka við verulegum hluta þess vinnuafls, sem sjá þarf fyrir atvinnu á næstu árum. Könnun fari fram á því, hvaða greinar iðnaðar hafi mesta þjóðhagslega þýðingu og þær látnar njóta forgangs um opinbera fyrirgreiðslu. Að halda áfram með auknum þrótti rannsóknum á möguleikum til íslenzks efnaiðnaðar. Að leggja áherzlu á eflingu skipasmíðaiðnaðarins með það takmark fyrir augum, að Íslendingar smíði að miklu leyti skip sín sjálfir og geti annazt viðhald fiskiskipa og kaupskipa.

Að gera sérstakt átak til að endurbæta frystihúsareksturinn og taka löggjöf um rekstur síldarverksmiðja ríkisins til endurskoðunar.

Að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Stuðla að aukinni fjölbreytni landbúnaðarins, m. a. með ylrækt og fiskirækt og efla innlenda fóðurframleiðslu, auka stuðning við félagsrækt.

Að endurskoða lánakerfi landbúnaðarins með það fyrir augum að gera stofnlán hagstæðari, koma rekstrarlánum í eðlilegt horf, hækka jarðakaupalán og færa íbúðalán í sveitum til samræmis við önnur íbúðalán. Gera sveitarfélögum kleift að kaupa jarðir, sem ekki byggjast með eðlilegum hætti.

Að stuðla að nauðsynlegri endurnýjun og uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins.

Að stórefla fiskiskipaflotann með skuttogurum og öðrum fiskiskipum, sem vel henta til hráefnisöflunar fyrir fiskiðnaðinn. Afla skal fjár í þessu skyni og veita nauðsynlega forustu og fyrirgreiðslu. Skal þegar gera ráðstafanir til, að Íslendingar eignist svo fljótt sem verða má a. m. k. 15 til 20 skuttogara af ýmsum stærðum og gerðum. Þar sem staðbundið atvinnuleysi ríkir og ekki reynist unnt að afla nægilegs hráefnis til vinnslu, verði gerðar ráðstafanir til að koma upp útgerðarfyrirtækjum með samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra heimaaðila.

Að hefjast þegar handa um undirbúning að stórum vatnsafls- og jarðhitavirkjunum, sem nægi til hitunar á húsakosti landsmanna og tryggi íslenzkum atvinnuvegum næga raforku. Stefnt sé að því að tengja saman meginaflstöðvar landsins. Að koma svo fljótt sem verða má upp raforkuverum til öryggis, þar sem þess er mest þörf. Jafnframt verði unnið að því að leysa af hólmi raforkuframleiðslu með dísilvélaafli.

Að ljúka innan þriggja ára rafvæðingu allra þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið að fái raforku frá samveitum. Hinum, sem tryggja verður raforku með einkavatnsaflsrafstöðvum eða dísilstöðvum, verði veitt aukin opinber aðstoð.

Að vinna að aukinni jöfnun raforkuverðs í landinu.

Að endurskoða allt samgöngukerfið, m. a. með hagkvæmustu þungavöruflutninga á sjó og landi til allra byggðarlaga í huga. Leggja verður jöfnum höndum aukna áherzlu á endurbyggingu eldri vega og lagningu nýrra. Lán, sem tekin verða til vegagerðar, endurgreiðist af tekjum ríkisins af umferðinni. Ljúka þarf hringvegi um landið. Taka ber upp að nýju farþegaflutninga á sjó umhverfis landið. Bæta skal flugvelli og skipulag flugsamgangna.

Að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða. Að taka

skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum sérstaklega, að sjávarútveginum verði tryggt hagstætt olíuverð. Að taka vátryggingarmálin til endurskoðunar með það fyrir augum, að vátryggingarkerfið verði gert ódýrara og einfaldara.

Að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn."

Ákvæði þau, sem ég hef nú lesið, þurfa naumast skýringar við. Þær viljayfirlýsingar, sem þar er að finna, eru ákveðnar og fullljósar. Í þessum atvinnumálakafla kemur m. a. fram sú stefna ríkisstj., að beita skuli skipulegum áætlunarvinnubrögðum við uppbyggingu atvinnuveganna og eflingu atvinnulífsins. Er hinni fyrirhuguðu Framkvæmdastofnun ríkisins ætlað að hafa þar forustu og frumkvæði. Hefur verið samið frv. um þá stofnun og verður það lagt fyrir þingið á næstunni. Ég vil einnig vekja athygli á, að það er lögð rík áherzla á byggðarþróunarstefnu. Kemur sú stefna, jafnvægis- og jafnréttisstefna raunar auk þess fram í ýmsum ákvæðum málefnasamningsins á víð og dreif. Um verkefni þau í einstökum atvinnugreinum, sem sérstaklega eru nefnd, er það að segja, að það hlýtur eðli málsins samkvæmt að taka sinn tíma að koma þeim í framkvæmd. Það liggur í hlutarins eðli, að á hinum stutta starfstíma stjórnarinnar hefur ekki unnizt tími til að undirbúa aðgerðir í þeim efnum nema að litlu leyti. Nefna má þó ráðstafanir þær, sem þegar hafa verið gerðar til að greiða fyrir aukningu skipastólsins, bæði með skipasmíðum og skipakaupum erlendis og með skipasmíðum innanlands, ákvörðun um stórvirkjunarframkvæmdir, Sigölduvirkjun, og sérstaka athugun á niðursuðu- og niðurlagningariðnaði, sem nú er unnið að. Enn fremur er byrjað á undirbúningi að löggjöf um sum þau efni, sem um er fjallað í atvinnumálakaflanum, og ég hirði ekki um að tíunda það hér. Athugun annarra er enn ekki komin af stað. Um þessi mál ætla ég ekki að fjölyrða frekar að sinni, nema tilefni gefist til síðar. Er og ekki ólíklegt, að þessi mál öll beri á góma, er væntanlegt frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins verður rætt hér innan tíðar. Ég get þó ekki stillt mig um að vekja aðeins athygli á, hver áherzla er lögð á umbætur í samgöngumálum, jafnt á landi, í lofti og á sjó. En sérstaklega vil ég nefna stefnumarkið um hringveg um landið. Það er ekki lítið atriði að brúa það bil, sem þar er eftir. Ég hygg, að engin ríkisstjórn hafi áður sett fram það stefnumið. Vissulega þarf þar til stórt átak, en það átak þarf að gera og það átak verður gert.

Ég vek athygli á þeirri stefnu í raforkumálum, að tengdar skuli saman meginaflstöðvar landsins og að rafvæðingu sveitanna skuli lokið á þremur árum.

Í fjórða kafla málefnasamningsins um félags- og menningarmál segir svo:

„Ríkisstj. hefur sett sér þessi höfuðmarkmið í félags- og menningarmálum: Að beita sér fyrir auknum jöfnuði lífskjara og tryggja í framkvæmd fullt jafnrétti landsmanna, án tillits til kynferðis, stéttar eða búsetu.

Að beita sér fyrir setningu löggjafar um alhliða vinnuvernd, svo og löggjafar um hlutdeild starfsfólks í stjórn fyrirtækja og tryggja, að slíkri skipan verði komið á í ríkisfyrirtækjum. Að ríkisfyrirtæki segi sig úr Vinnuveitendasambandi Íslands. Að styðja launþegasamtökin til þess að koma upp hagstofnun á sínum vegum. Að tryggja með löggjöf, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda.

Að endurskoða allt tryggingakerfið, m. a. með það fyrir augum, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að það nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur.

Að lögtekinni hækkun elli- og örorkulífeyris verði flýtt með setningu bráðabirgðalaga.

Að aðstaða landsmanna í heilsugæzlu og heilbrigðismálum verði jöfnuð. Verði sérstaklega kostað kapps um að bæta úr vandræðum læknislausra héraða og ráðin bót á ófremdarástandi í málefnum geðsjúkra og drykkjusjúkra.

Að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila, elliheimila og annarra hliðstæðra stofnana og séð fyrir fullnægjandi menntunaraðstöðu starfsliðs þeirra.

Að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána.

Að hafa forgöngu um, að byggt verði leiguhúsnæði, er lúti félagslegri stjórn og sé einkum í þágu frumbýlinga og aldraðs fólks.

Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skattaeftirlit verði hert, þannig að réttlát skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er. Stefnt verði að því, að persónuskattar eins og til almannatrygginga verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti. Jafnframt verði gerð ítarleg athugun á rekstrarkostnaði ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í þeim tilgangi að gera reksturinn einfaldari og draga úr kostnaði.

Að framkvæma endurskoðun á fræðslukerfinu og gera heildaráætlun um þörf þjóðarinnar fyrir hvers konar fræðslustofnanir, kennaralið, námsleiðir og tengsl milli þeirra í því skyni að skapa samræmt og heilsteypt menntakerfi. Skólarannsóknir verði efldar og skipulag þeirra endurskoðað. Menntunaraðstaða ungmenna verði jöfnuð, námsbrautum fjölgað, komið á víðtækum stuðningi við námsfólk og fjárframlög til skólabygginga aukin. Fólki á ýmsum aldri verði gert kleift að njóta menntunar og endurmenntunar og gefinn kostur á að ljúka fullgildu námi í sem flestum sérgreinum. Iðnnám og tæknimenntun þarf að endurskipuleggja frá rótum, allt frá almennri iðnfræðslu til stofnunar tækniháskóla. Rannsóknarstörf og vísindi verði efld og tengd áætlunum um þjóðfélagsþróun. Listir, bókmenntir og önnur menningarstarfsemi hljóti aukinn stuðning. Aðstoð sé veitt til stofnunar og rekstrar félagsmálaskóla verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar.

Að stuðla að breyttu gildismati á þann veg, að til hinna eftirsóttustu lífsgæða verði talið hreint og ómengað umhverfi og fullnægjandi skilyrði til eflingar frjálsrar hugsunar og andlegs þroska einstaklingsins.

Við hagnýtingu íslenzkra auðlinda skal kosta kapps um alhliða náttúruvernd, svo að hver þjóðfélagsþegn eigi þess kost að njóta heilbrigðra lífshátta.

Að gera þær ráðstafanir, sem þörf krefur, til að girða fyrir mengun umhverfis af völdum iðnvera og annars atvinnurekstrar. Að tryggja náttúruverndarráði nauðsynleg fjárráð og stuðla á annan hátt að öflugri framkvæmd einstakrar löggjafar um náttúruvernd."

Hér í þessum kafla, sem ég hef nú lesið, eru boðaðar margar og mikilsverðar aðgerðir í félags- og menningarmálum. Margar þeirra þurfa verulegan undirbúning. Það má því búast við, að það taki nokkurn tíma að koma þeim í framkvæmd. Í sumum málunum hefur þó þegar verið hafizt handa. Þannig hefur hin lögtekna hækkun elli- og örorkulífeyris, sem fyrst átti að öðlast gildi við næstu áramót, þegar komið til framkvæmda, svo sem kunnugt er. Skipaðar hafa verið nefndir til að endurskoða tryggingalöggjöfina og skattamálin og tekjustofna sveitarfélaga í samræmi við þau fyrirheit, sem gefin eru í málefnasamningnum, og með það fyrir augum, að náð verði þeim markmiðum, sem þar eru sett. Verða frv. um þau efni væntanlega lögð fyrir Alþ. síðar í vetur.

Einnig er unnið að undirbúningi löggjafar um afnám vísitölubindingar húsnæðislána, og verður væntanlega unnt að leggja frv. um það efni fyrir Alþ. innan tíðar. Í málefnasamningnum segir, að ríkisfyrirtæki skuli segja sig úr Vinnuveitendasambandi Íslands. Sú ákvörðun er byggð á þeirri skoðun, að óeðlilegt sé, að ríkisfyrirtæki leggist á sveif með öðrum aðilanum í kjarasamningum og vinnudeilum. Ákvörðun um úrsagnir þessara fyrirtækja úr Vinnuveitendasambandinu mun verða tekin fyrir áramót, þ. e. úrsagnir munu verða lagðar fram fyrir áramót.

Í sambandi við þau stefnumörk, sem sett eru í menningarmálum, vil ég segja þetta: Það fer ekki á milli mála, að ein styrkasta stoð framfara hér á landi er útbreiddur vilji fólksins til að afla sér þekkingar, bæði almennrar menntunar og starfsþjálfunar og stuðla að því, að afkomendunum séu búin betri menntunarskilyrði en kynslóðinni, sem á undan fór. Svo hefur þó til tekizt þrátt fyrir almennan og góðan vilja, að mikið skortir á, að ríkjandi ástand í fræðslumálum geti talizt viðunandi. Á ýmsum stöðum reynist torvelt að framfylgja fræðsluskyldu. Misbrestur er á, að unglingar eigi kost á skólavist að skyldunámi loknu. Iðnnám og tæknifræðsla eru langt á eftir tímanum. Menntaskólar eru tvísettir og Háskóli Íslands ætlar að springa utan af nemendafjöldanum. Mörgum þeirra meina, sem nú hrjá fræðslukerfið, hefði mátt afstýra, ef í tæka tíð hefði verið tekið tillit til hinna fjölmennu árganga, sem nú eru á skólaaldri, og skólakerfið búið markvisst undir að veita þeim viðtöku. Því miður voru þau vinnubrögð ekki viðhöfð og afleiðingin varð sú, að í ótíma var gripið til neyðarráðstafana, sem hlutu að gefast misjafnlega eins og í pottinn var búið. Í þessu efni hvílir þung ábyrgð á herðum fyrrv. ríkisstj., svo lengi sem hún fór með völd. En vítin eru til þess að varast þau, og það er með reynslu undanfarins áratugar í huga, sem núv. ríkisstj. hefur sett sér það markmið að framkvæma endurskoðun á fræðslukerfinu og gera heildaráætlun um þörf þjóðarinnar fyrir hvers kyns fræðslustofnanir, kennaralið, námsleiðir og tengsl milli þeirra í því skyni að skapa samræmt og heilsteypt menntakerfi, eins og segir í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og ég las áðan. Undir lok valdaferils fyrrv. stjórnar tók hún að sýna þess nokkur merki, að henni var orðið ljóst, að ekki mátti lengur við svo búið standa um handahófsvinnubrögð í fræðslumálum. Seint á síðasta þingi var borið fram frv. að miklum lagabálki um grunnskóla, þar sem vissulega er að finna athyglisverð nýmæli. Frv. þetta hefur mjög verið rætt utan þings, bæði hjá skólamönnum og almenningi. Núv. ríkisstj. telur, að þetta mál þurfi nákvæmrar athugunar við, áður en það verður tekið upp að nýju, og mun gangast fyrir því, að hún fari fram, þótt ekki sé enn ákveðið í einstökum atriðum, hvernig þeirri endurskoðun verður hagað. Um kostnaðaleytið í sumar birtist annað ítarlegt plagg um þýðingarmikinn og lengi vanræktan þátt fræðslumála. Var það nál. um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi. Þar eru bornar fram rækilegar till. um úrbætur á því, sem kalla verður ófremdarástand í ýmsum greinum, bæði ráðstafanir til að ráða skjóta bót á verstu vankönturnum og frambúðarskipun í samræmi við fyrirsjáanlega þörf. Ríkisstj. mun, áður en langt um líður, taka afstöðu til þeirra megintillagna, sem fram eru bornar í þessu nál.

Ríkisstj., sem sett hefur sér það mark að tryggja svo sem framast er kostur jafnrétti landsmanna, getur ekki horft á það aðgerðalaus, að sá hluti þjóðarinnar, sem elst upp í strjálbýli, búi við stórum lakari hlut í að afla sér menntunar en uppvaxandi kynslóð í þéttbýli. Fyrir eftirgangsmuni núverandi stjórnarflokka, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, hafa fyrstu skrefin þegar verið stigin til að jafna námsaðstöðuna, sem búsetan skammtar. En mikið verk er þó óunnið. Til bráðabirgða er framlag til aðstoðar við þá, sem sækja verða nám fjarri heimili, aukið verulega á fjárlögum, eða fjárlagafrv. En ljóst er, að hér verður að koma til könnun á þörfinni og lagasetning í samræmi við hana. Ekki er þess að dyljast, að þrátt fyrir ríkan menntavilja með miklum hluta þjóðarinnar eimir enn eftir af því sjónarmiði, að bókvitið verði ekki í askana látið, að allt skuli miðað við þrengsta nytsemdarsjónarmið í fræðslu sem öðru. Slíkt viðhorf var skiljanlegt í samfélagi, sem bjó við varanlegan skort á viðurværi, hvað þá öðru. En í tæknivæddu nægtaþjóðfélagi er það beinlínis háskalegt, á tækniöld fer sérhvert samfélag sjálfu sér að voða, ef það er ríkjandi hugsunarháttur, að sá sé hólpnastur í lífinu, sem mest getur hremmt og hrifsað úr sameiginlegum sjóði landkosta og náttúrugæða. Dæmi um voðann, sem af slíku hátterni leiðir, verða ljósari með degi hverjum í hinum fjölbýlu löndum, sem við höfum sótt tækni okkar til. Vegna fámennis fremur en hófsemi og fyrirhyggju erum við Íslendingar skár á vegi staddir í þessu efni, enn sem komið er, en því aðeins verður svo einnig til frambúðar, að við látum ófarir annarra okkur að kenningu verða. Í því skyni, að sú verði raunin, hefur ríkisstj. sett sér í stefnuyfirlýsingu sinni að stuðla að breyttu gildismati á þann veg, að til hinna eftirsóknarverðustu lífsgæða verði talið hreint og ómengað umhverfi og fullnægjandi skilyrði til eflingar frjálsrar hugsunar og andlegs þroska einstaklingsins. Við hagnýtingu íslenzkra auðlinda skal kostað kapps um alhliða náttúruvernd, svo að hver þjóðfélagsþegn eigi

þess kost að njóta heilbrigðra lífshátta eins og segir í stefnuyfirlýsingunni og ég las hér áðan.

Síðasti kafli málefnasamnings stjórnarflokkanna er um utanríkismál. Þar segir svo:

„Í utanríkismálum hafa stjórnarflokkarnir komið sér saman um eftirtalin meginatriði:

Stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið og sé jafnan við það miðað að tryggja efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi landsins. Haft skal fullt samráð við utanrmn. Alþ. um öll meiri háttar utanríkismál og mótun utanríkismálastefnu landsins. Á hverju Alþ. skal gefin skýrsla um utanríkismál og fari þá fram almennar umr. um þau. Hafa skal sérstaklega náin tengsl við Norðurlandaþjóðirnar.

Innan Sameinuðu þjóðanna og annars staðar á alþjóðavettvangi ber Íslandi að styðja fátækar þjóðir til sjálfsbjargar og jafnréttis við efnaðar þjóðir. Ríkisstj. beitir sér fyrir jöfnum rétti allra þjóða og mun því greiða atkv. með því, að stjórn Kínverska alþýðulýðveldisins fái sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Enn fremur mun hún styðja það, að bæði þýzku ríkin fái aðild að Sameinuðu þjóðunum, ef það mál kemur á dagskrá. Ríkisstj. leggur áherzlu á frelsi og sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða og fordæmir því hvarvetna valdbeitingu stórvelda gegn smáþjóðum. Ríkisstj. telur, að vinna verði að því að draga úr viðsjám í heiminum og stuðla að sáttum og friði með auknum kynnum á milli þjóða og almennri afvopnun, og telur, að friði milli þjóða væri bezt borgið án hernaðarbandalaga.

Ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstj. mun kappkosta að fylgjast sem bezt með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Ríkisstj. er samþykk því, að boðað verði til sérstakrar öryggisráðstefnu Evrópu.

Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Ísland gengur ekki í Efnahagsbandalag Evrópu, en mun leita sérstakra samninga við bandalagið um gagnkvæm réttindi í tolla- og viðskiptamálum. Utanríkisþjónustan skal endurskipulögð og staðsetning sendiráða endurskoðuð."

Þetta er stefnuyfirlýsing ríkisstj. í utanríkismálum. Eins og þar er tekið fram, skal skýrsla um utanríkismál gefin á hverju Alþ., og er gert ráð fyrir því, að þar fari fram almennar umr. um þau. Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu mun utanrrh. gefa Alþ. síðar og sennilega áður en langt um líður sérstaka skýrslu um utanríkismál, og verður þá tilefni til að ræða þau sérstaklega. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða þau ítarlega að þessu sinni. En það er sérstaklega eitt ákvæði í þessari utanríkismálayfirlýsingu, sem hefur gefið tilefni til umræðu. Það er ákvæðið um varnarsamninginn og aðild landsins að NATO. Það ákvæði hefur verið nokkuð afflutt, bæði innanlands og utan. Ég ætla því að fara fáeinum orðum um það. Í málefnasamningnum segir, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför varnarliðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Því hefur verið haldið fram í málgögnum stjórnarandstöðunnar, að ósamræmis hafi gætt af hálfu ríkisstj. í túlkun á þessu ákvæði. Það er alger misskilningur. Í málefnasamningnum er engin fjöður dregin yfir það, að stjórnarflokkarnir hafa mismunandi afstöðu til aðildar Íslands að NATO. En þar er sagt og það höfum við jafnan síðan aðspurðir sagt, að Ísland yrði að óbreyttum aðstæðum áfram í NATO. Jafnframt höfum við margundirstrikað, að Ísland mundi standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart NATO. En við teljum, að þátttaka okkar í NATO leiði ekki til þess, að við séum skuldbundnir til að hafa erlendar hersveitir hér á landi á friðartímum. Því til sönnunar bendum við á forsögu málsins og fyrirvara af Íslands hálfu við inngöngu í NATO, sem ég ætla ekki að fara að rifja upp hér, nema tilefni gefist síðar til. En ég ætla, að hér gerist enginn til að vefengja þær yfirlýsingar, sem þá voru gefnar bæði af íslenzkum stjórnmálamönnum og útlendum mönnum, sem talað var við. Enn fremur er það augljóst mál af mismunandi gildistíma NATO-samningsins og varnarsamningsins, að þar er um tvö aðskilin mál að ræða. Hefur sú staðreynd oftlega verið undirstrikuð af hálfu forsvarsmanna allra þeirra stjórnmálaflokka, sem stóðu að inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Varnarsamningurinn er því fyrst og fremst málefni milli Íslands og Bandaríkjanna. Eins og við höfum margsagt, munum við eftir áramótin eða þegar við höfum kynnt okkur öll málefni varðandi varnarstöðina nægilega rækilega, óska eftir viðræðum við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins. En í tíð fyrrv. stjórnar var núverandi stjórnarflokkum haldið utan við öll varnarmál, svo að það er ekkert óeðlilegt við það, þó að þeir þurfi að kynna sér þau gaumgæfilega, áður en þeir ganga til viðræðna um endurskoðun samningsins.

Ég vona, að í þessum fyrirhuguðu viðræðum takist að finna þá lausn þessara mála, sem báðir aðilar geti unað við. Stefnumark okkar er skýrt. Við viljum, að hið erlenda varnarlið hverfi úr landinu í áföngum. Við viljum, að slíkt geti átt sér stað á kjörtímabilinu.

Stefnumark okkar er þannig ljóst, eins og ég sagði. Við viljum, að erlent lið sé ekki á Íslandi á friðartímum, og er það í samræmi við yfirlýsingar, sem allir flokkar hafa áður gefið. En eins og ég hef sagt, munum við láta fram fara rækilega könnun á málum þessum öllum. Við þá könnun hlýtur margt að koma til skoðunar og þá fyrst og fremst öryggi okkar sjálfra, og má í því sambandi ekki gleyma þeirri hættu, sem herstöð í landinu kann að skapa. En jafnframt þarf að hafa í huga skyldur okkar gagnvart bandalagsþjóðum, enda væntum við þess, að þær sýni sjónarmiðum okkar fullan skilning, þegar þau eru skýrð fyrir þeim.

Enn fremur er skylt að hafa í huga stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar um að stuðla að sáttum og draga úr viðsjám í heiminum. En samkvæmt því er Íslandi skylt að leggja sitt litla lóð á vogarskálarnar til stuðnings viðleitni þeirra ágætu stjórnmálamanna, sem eru að reyna að draga úr spennu í heiminum. Þá þarf og auðvitað að athuga, hvernig viðhaldi og vörzlu varnarmannvirkja skuli háttað eftir brottför varnarliðsins. Ég vil taka það skýrt fram, að stefnuyfirlýsingu okkar í varnarmálum

má ekki með neinu móti skoða sem óvináttuvott í garð Bandaríkjanna. Síður en svo. Samskipti okkar við þá voldugu vinaþjóð hafa að mínum dómi verið góð og munum við fyrir okkar leyti kappkosta, að þau góðu samskipti megi haldast. Tilefnið er ekki heldur neinir sérstakir árekstrar við varnarliðið umfram það, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af dvöl herliðs. Og persónulega get ég sagt það, að ef og á meðan nauðsynlegt er talið að hafa hér erlent varnarlið, þá vil ég enga fremur en Bandaríkjamenn. Stefnan í varnarmálunum byggist einfaldlega á þeirri eðlilegu ósk lítillar þjóðar, sem nýlega fékk fullveldi, að geta lifað í landi sínu án þess að erlent herlið hafi þar varanlega setu. Sú ósk er efalaust auðskilin öllum frelsisunnandi lýðræðisþjóðum.

Vitaskuld er mér ljóst, að í sambandi við brottför varnarliðsins geta komið til viss atvinnuleg vandamál, en þau ætti að vera auðvelt að leysa á hæfilegum umþóttunartíma. Og ég vil segja það, að í þessum efnum geta ekki gerzt neinar breytingar eins og hendi sé veifað. Þær hljóta allar að taka sinn tíma. Þar verður að gera ráð fyrir hæfilegum umþóttunartíma. Það verða menn að gera sér ljóst, enda eru ákvæði varnarsamningsins á því byggð. Ég læt þetta nægja um varnarmálin að sinni.

Að sjálfsögðu eru margar athyglisverðar stefnuyfirlýsingar aðrar í utanríkismálakaflanum, eins og t. d. ákvæði um öryggisráðstefnu Evrópu og um jafnrétti og sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða, en ég mun ekki ræða það hér frekar, þar sem ég tel eðlilegt, að það sé gert af utanrrh., er hann gefur skýrslu sína um utanríkismál, og mun ég því ekki fara fleiri orðum um utanríkismálakaflann sérstaklega.

Ég hef nú gert grein fyrir málefnasamningi stjórnarflokkanna og þar með stefnuskrá ríkisstj., og er nú ekki óeðlilegt, að spurt sé: Hvað hefur breytzt? Hverjar eru helztu breytingarnar á stefnu ríkisins, sem núv. stjórn hefur mótað?

Breytingarnar eru margar og mikilvægar, eins og málefnasamningurinn sýnir og ég hef þegar rakið. Skal ég nú að lokum til frekari áréttingar rifja upp nokkur höfuðatriði, er gefa hugmynd um þá stefnubreytingu, sem átt hefur sér stað.

Ég hygg, að ein mikilvægasta grundvallarstefnubreytingin sé sú, að núv. ríkisstj. er og vill vera ríkisstj. hins vinnandi fólks í landinu, launþega og framleiðenda til sjávar og sveita. Hún vill stjórna í þeirra þágu og hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og framleiðenda. Fyrrv. ríkisstj. beitti hins vegar ríkisvaldinu hvað eftir annað gegn verkalýðshreyfingu og launafólki, bæði með setningu brbl. og gerðardómum í kjaradeilum, en einnig með því að beita gengislækkun æ ofan í æ og rýrði þannig kjör launþega, eftir að þeir höfðu háð árangursríka kjarabaráttu. Núv. ríkisstj. hefur aftur á móti sett sér það meginmarkmið að bæta verulega afkomu verkafólks, bænda, sjómanna, iðnverkafólks og allra þeirra, sem búa við hliðstæð kjör. Jafnframt hefur hún heitið því, að hún mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem nú er við að glíma í efnahagsmálum. Þar að auki hefur hún ákveðið að stytta vinnuvikuna niður í 40 stundir án breytinga á vikukaupi og lengja orlof í 4 vikur. Hún hefur þegar leiðrétt þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögum fyrrv. ríkisstj., og látið taka inn í kaupgjaldsvísitöluna þau tvö vísitölustig, sem ákveðið var í verðstöðvunarlögunum, að ekki skyldu reiknuð í kaupgjaldsvísitölunni fram til 1. sept., svo sem ég hef rakið hér áður. Auk þess vill núv. ríkisstj. vinna að því í nánu samstarfi við samtök vinnandi fólks í landinu, að kaupmáttur launa verkafólks, bænda, sjómanna, iðnverkafólks og annars láglaunafólks aukist í áföngum um 20% á næstu tveimur árum. Verður að vona, að þessi markmið náist með frjálsum samningum launþega og atvinnurekenda og ríkisstj. mun að sjálfsögðu beita áhrifum sínum í þá átt, að svo megi verða. Umfram allt mun hún reyna að tryggja, að umsamdar kjarabætur renni ekki út í sandinn, svo að stefna ríkisstj. um kaupmáttaraukningu komist raunverulega í framkvæmd. Hér hefur því orðið grundvallarstefnubreyting hvað snertir meðferð ríkisvaldsins miðað við það, sem var. Í stað þess styrjaldarástands, sem allt of oft ríkti á vinnumarkaðinum í tíð fyrrv. ríkisstj., leitar núv. ríkisstj. samvinnu við launþegasamtökin og samtök framleiðenda til sjávar og sveita til þess að stuðla að vinnufriði, aukinni hagsæld, meiri framleiðslu og framleiðni og bættum hag og betra lífi fólksins í landinu.

Ég vil nefna aðra meginbreytingu. Með málefnasamningnum frá 14. júlí er því slegið föstu, að komið skuli á skipulögðum áætlunarbúskap á Íslandi, þannig að undirstöðuatvinnuvegirnir verði efldir á grundvelli áætlunargerðar undir forustu ríkisvaldsins. Í þessu skyni verður komið á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafa skal á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum, gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma og raða fjárfestingarframkvæmdum með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir þjóðarbúið. Í stað handahófsins, sem einkenndi efnahagsstefnu fyrrv. ríkisstj., koma nú skipulögð vinnubrögð og áætlunarbúskapur. Í stað þess að láta handahófsleg og skammvinn gróðasjónarmið ráða forgangi fjárfestingarframkvæmda, verður nú stefnt markvisst að auknum hagvexti, meiri framleiðslu, meiri framleiðni og fullri atvinnu fyrir alla með því að skipuleggja efnahagskerfið þannig, að það þjóni bezt markmiðum ríkisstj. um bætt kjör, betra líf og bjartari framtíð fólksins í landinu. En jafnframt hinum skipulega áætlunarbúskap vill ríkisstj. efla frjálst framtak í atvinnurekstri, bæði einstaklinga og félaga. En þar sem frjálst framtak einstaklinga og félaga dugir ekki til, verður hið opinbera, ríki og sveitarfélög, að koma til og hjálpa við að ryðja framþróuninni braut. Rétt er að taka það fram, að það er langt í frá, að ríkisstj. stefni að haftabúskap eða skömmtunarkerfi. Það hefur aldrei komið til greina að stefna að haftabúskap og skömmtunarkerfi. Hins vegar er höfuðmarkmiðið að skipuleggja ríkisbúskapinn þannig, að fólkið í landinu njóti betra lífs og batnandi kjara án hafta og skömmtunar, en raða fjárfestingarframkvæmdum eftir mikilvægi þeirra fyrir þjóðarbúið og hagsæld þjóðarinnar allrar.

Þá vil ég og aðeins nefna stefnuna í landhelgismálinu. Í stað þess tómlætis og sinnuleysis, sem lengst af ríkti um landhelgismálið á því tímabili, sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, hefur núv. ríkisstj. tekið upp þá stefnu að segja upp landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja og færa út fiskveiðilögsöguna í 50

sjómílur í síðasta lagi 1. sept. 1972. Þetta er eitt stærsta og mikilvægasta mál þjóðarinnar í dag, og ég leyfi mér að segja óhikað, að þjóðin öll er nú einhuga um þessa stefnu. Við erum þeirrar skoðunar, að þjóð, sem byggir 80—90% útflutningstekna sinna á fiski og fiskafurðum, eigi rétt til fiskveiðilögsögu, sem nær til alls landgrunnsins. Það er greinilegt, að fiskistofnarnir við Ísland þola ekki meiri veiði en nú á sér stað. Ef Íslendingar ætla að auka fiskveiðar sínar, verður það að gerast á þann hátt, að við tökum stærra hlutfall af veiðinni úr sjónum umhverfis landið en við höfum gert fram að þessu. En útlendingar veiða nú um helming aflans við Ísland. Reynslan hefur sýnt, að þeir hirða lítt um fiskverndarsjónarmið, en stunda gjarnan rányrkju á miðunum. Við erum því að vernda lífshagsmuni okkar Íslendinga, þegar við færum út landhelgina í 50 sjómílur. Enda þótt því hafi verið haldið fram af erlendum aðilum, að við værum að brjóta alþjóðalög með því að færa út fiskveiðilögsöguna, þá hefur þeim sömu erlendu aðilum vafizt tunga um tönn, þegar þeir hafa verið beðnir um að benda á, hvaða alþjóðalög við séum að brjóta með fyrirhugaðri útfærslu. Enda er það sannast sagna, að við brjótum engin alþjóðalög með því að færa út fiskveiðilögsögu okkar í 50 sjómílur, heldur eiga þessar aðgerðir okkar stoð í ákvörðun margra ríkja, auk þess sem alþjóðalög um landgrunnið eru ótvíræð hvað snertir rétt strandríkja til þess að hagnýta sér efnahagsleg gæði á botni landgrunnsins. En auðvitað er það í samræmi við heilbrigða skynsemi, að rétturinn til botnsins og gæða sjávarins yfir honum fylgist að. En aðalatriðið er þó, að það er ekki til nein almennt viðurkennd þjóðréttarregla um víðáttu landhelgi. Þess vegna er það réttur hvers strandríkis að ákveða fiskveiðilögsögulandhelgi sína með einhliða aðgerðum innan sanngjarnra og eðlilegra marka. Núv. ríkisstj. hefur mótað trausta og farsæla stefnu í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar, og við munum framkvæma þessa stefnu á grundvelli réttlætis og sanngirni.

Það hefur einnig orðið mikil breyting frá því, sem var í tíð fyrrv. ríkisstj. hvað snertir kynningu á landhelgismálinu og röksemdum okkar í því. Þann stutta tíma, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, hefur hún eins og ég hef áður sagt gert meira til þess að kynna landhelgismálið heima og erlendis heldur en fyrrv. ríkisstj. gerði öll þau 12 ár samanlögð, sem hún sat að völdum. Þessu mikla kynningarstarfi mun haldið áfram og stefnt að því, að sá skilningur skapist sem víðast í heiminum, að Ísland eigi fyllsta rétt til þeirrar 50 mílna fiskveiðilögsögu, sem ríkisstj. hefur ákveðið, að taka skuli gildi 1. sept. n. k.

Það getur að sjálfsögðu orðið þungur róður í landhelgismálinu. Vel má vera, að einhverjum detti í hug að beita okkur þvingunaraðgerðum. En í þessu máli verða Íslendingar ekki kúgaðir. Þeir munu ekki láta kúga sig í þessu máli. Það skal hér sagt í eitt skipti fyrir öll.

Það hefur einnig orðið stórkostleg stefnubreyting í utanríkismálum. Í stað aftaníossaháttar og undanlátssemi, sem allt of oft einkenndi viðhorf fyrrv. ríkisstj. í utanríkismálum, hefur verið mótuð sjálfstæð og einbeitt utanríkisstefna, sem miðast við að tryggja okkur Íslendingum efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi og sjálfstæði og losna við varanlega hersetu í landinu. Þeirri stefnu mun núv. ríkisstj. fylgja fast fram.

Ég gæti nefnt fjöldamörg önnur dæmi um þá miklu stefnubreytingu, sem núv. ríkisstj. hefur mótað í málefnum ríkisins miðað við það, sem var í tíð stjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Málefnasamningurinn, sem ég hef nú lesið, er gleggsta dæmið um breytingu, og þarf ég ekki að endurtaka það. En ég vil aðeins árétta hin mismunandi viðhorf fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. í virkjunar- og stóriðjumálum, í tryggingamálum, menntamálum, byggðaþróunarmálum, náttúruvernd, atvinnumálum og á fleiri sviðum. Ég bið menn að grandskoða málefnasamninginn til þess að ganga úr skugga um þá miklu breytingu, sem orðið hefur á stefnu ríkisins við valdatöku þessarar ríkisstj.

Núv. ríkisstj. á sér það markmið að beita ríkisvaldinu í þágu þjóðarheildarinnar. Hún vill efla félagslegt jafnrétti á Íslandi og skapa þar með jafna möguleika, jöfn tækifæri fyrir alla til þess að þroska sína hæfileika og gegna áhugaverðu hlutverki í lífinu með tilliti til hæfni og áhugasviðs. Hún vill stuðla að efnahagslegu öryggi og atvinnu fyrir alla og efla lýðræði í landinu, þ. á m. atvinnulýðræði, þar sem þátttaka í verðmætasköpuninni, framleiðslustarfinu ekki síður en fjáreign ráði stjórn fyrirtækja og atvinnugreina. Hún leggur höfuðáherzlu á að auka framleiðslu og framleiðni og efla vinnufriðinn í landinu með það fyrir augum að bæta kjör landsmanna allra. Hún vill efla menntun og menningu í landinu og skapa það byggðajafnvægi, að landið verði allt byggt og nýtt, en framkvæmd stefnu sinnar byggir hún á hollustu við hið þingræðislega lýðræðisskipulag, sem á sér rótgróna hefð hér á landi. Ríkisstj. gerir sér þess fulla grein, að hún kemur til með að mæta ýmsum erfiðleikum og erfiðum úrlausnarefnum á valdaferli sínum. En hún er þess jafnframt fullviss, að hvaða ríkisstj. sem með völdin fer mætir erfiðleikum af ýmsu tagi. En miðað við núverandi aðstæður á Íslandi mundi engin samsteypustjórn geta leyst aðsteðjandi vandamál betur en núv. ríkisstj. Í öllum stuðningsflokkum ríkisstj. er sterkur vilji til samstöðu og samstarfs. Fólk gerir sér grein fyrir því, að stjórnin þarf starfsfrið til að koma áformum sínum í framkvæmd. Þess vegna hlýtur allt stuðningsfólk ríkisstj. að vera á verði gegn broslegum tilraunum stjórnarandstöðunnar til að veikja ríkisstj. með því að vekja upp og ala á innbyrðis tortryggni stuðningsflokka hennar. Ríkisstj. á sinn mikla styrk í því trausti, sem þjóðin hefur sýnt henni, eftir að hún tók við völdum. Ég trúi því, að þetta traust eigi enn eftir að eflast. Ríkisstj. mun gera sér allt far um að bregðast ekki því trausti.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú gert grein fyrir stjórnarmyndun sinni á s. l. sumri, þann 14. júlí, og meginatriðum úr stjórnarsáttmálanum. Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að gera grein fyrir nokkrum grundvallaratriðum í stefnu og viðhorfum Sjálfstfl. Af þeim hlýtur að sjálfsögðu öðru fremur að mótast afstaða þingflokks sjálfstæðismanna til núv. hæstv. ríkisstj.

Þegar Sjálfstfl. var stofnaður fyrir rúmum 42 árum, í maímánuði 1929, við samruna Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins, var grundvallarstefna flokksins mörkuð í tveimur mjög einföldum, en skýrum yfirlýsingum:

1. Að vinna að því og undirbúa það, að Ísland taki að

fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda.

2. Að vinna í innanlandsmálum að viðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.

Hér er ekki á ferðinni löng stjórnmálayfirlýsing eða sáttmáli, en það er ekkert loðið í því, sem hér er sagt, og öll þjóðin skildi vel, við hvað var átt. Það er ekki tilviljun, að þessar tvær grundvallaryfirlýsingar hafa verið, eru og verða grunntónninn í stefnu og starfi Sjálfstfl.

Fyrra atriðið er að vísu til framkvæmda komið við stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 17. júní 1944. Á enga er hallað, þótt sagt sé, að aðrir hafa ekki tekið forustumönnum Sjálfstfl. fram í því að berjast fyrir og leggja með farsælum hætti hornsteininn að hinu íslenzka lýðveldi árið 1944. Sjálfstæðismönnum var líka fullljóst, að sjálfstæðisbaráttunni var ekki lokið með endurreisn lýðveldisins. Engir aðrir hafa átt ríkari þátt í því að móta utanríkismálastefnu þjóðarinnar á fyrstu árum lýðveldisins en forustumenn Sjálfstfl. og leggja grundvöllinn að farsælu samstarfi með vestrænum lýðræðisþjóðum og bræðraþjóðum á Norðurlöndum á alþjóðavettvangi, í senn til þess að treysta öryggi landsins og framtíð og taka þátt í varnarsamstarfi lýðræðisþjóða gegn ofbeldi og ofríki, eftir því sem okkar litla þjóð hefur verið þess megnug. Það er til lítils sóma fyrir hæstv. forsrh. að tala um aftaníossahátt í forstöðu og undirbyggingu utanríkismálastefnu íslenzku þjóðarinnar. Ég vil segja það, að ef hæstv. utanrrh. nú tekur fram þeim mönnum, sem lögðu grundvöllinn að utanríkisstefnu okkar á þeim tímum, sem síðan hefur verið fylgt, þá er vel.

Bjarni Benediktsson gerði grein fyrir því í ritlingi, sem Samband ungra sjálfstæðismanna gaf út 1970 og nefnist „Þættir úr 40 ára stjórnmálasögu", að ein af höfuðástæðum fyrir stofnun Sjálfstfl. 1929 hafi verið vaxandi ótti margra um, að þáv. ríkisstj. Framsfl. stefndi með stuðningi Alþfl. að takmörkunum á einstaklingsfrelsi og athafnafrelsi í skjóli harðnandi stéttabaráttu. 2. gr. í stofnyfirlýsingu Sjálfstfl. ber að skoða í þessu ljósi, en seinni tíma saga hefur kennt okkur, að eigi var ástæðulaust að leggja áherzlu á að efla í þessu þjóðfélagi einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi með hagsmuni allra stétta fyrir augum. Vinstri stjórn tók hér við völdum 1934 undir forsæti Framsfl. Voru þá mjög aukin ríkisafskipti á ýmsa vegu og sjaldan lét hún standa á sér hin ríka tilhneiging stjórnvalda þess tíma til að vega að einstaklingsfrelsinu og athafnafrelsinu, ef því var að skipta. Vinstri stjórn var aftur mynduð á Íslandi á miðju ári 1956 eftir alþingiskosningar þá og eftir að gerð hafði verið tilraun með kosningabandalagi, svokölluðu Hræðslubandalagi, til þess að ná meiri hluta á Alþ. með minni hluta kjósenda. Því var lýst yfir af forustumönnum þess stjórnarsamstarfs, að aðalatriðið væri að setja Sjálfstfl. hjá í þjóðfélaginu, að útiloka áhrif hans, að hann og hans sjónarmið skyldu utan garðs í íslenzku stjórnmálalífi. Þessi áform lánuðust ekki. Spyrja mætti, hvers vegna þau hafa ekki lánazt. Að mínum dómi misheppnuðust þau fyrst og fremst vegna þess, að sjálfstæðisstefnan er of rótgróin í lundarfari Íslendinga til þess, að hún verði sett utangarðs. Sjálfstfl. efldist jafnt og þétt á meðan hann var einn í stjórnarandstöðu á þessu vinstristjórnartímabili. Þegar bæjarstjórnarkosningar fóru fram í ársbyrjun 1958 í öllum kaupstöðum landsins, sem þá voru jafnframt sérstök kjördæmi, hlaut stuðningslið þáv. vinstri stjórnar aðeins 42.3% atkv., en Sjálfstfl. einn 53.77% atkv. Þessi vinstri stjórn flosnaði upp eftir tveggja og hálfs árs stjórnartímabil og var orðstír hennar vægast sagt mjög vafasamur, eins og oft hefur verið vikið að hér í þingsölunum og utan þeirra. Íslenzka þjóðin hafði hlotið mikilsverðan lærdóm af tveggja og hálfs árs stjórnarferli vinstri stjórnar á Íslandi. Ýmsir höfðu áður haldið, að í vinstra samstarfi væri eitthvert lausnarorð fólgið. Nú vissu þeir betur. Ríkisstj. hafði reynzt þess algerlega vanmegnug að efna fyrirheit sín um efnahagslega uppbyggingu í landinu og hún hafði svikið eitt helzta kosninga- og samningamál sitt að láta varnarlið Bandaríkjamanna á vegum Norður-Atlantshafsbandalagsins hverfa úr landi. Það er e. t. v. kaldhæðni örlaganna, að þá gerði þessi vinstri stjórn bezt, þegar hún sveik mest.

Nú er orðið langt um liðið síðan dagar þessarar vinstri stjórnar voru taldir. Hins vegar er það óumdeilt, að á því tímabili, sem síðan er liðið, hefur íslenzka þjóðin lifað eitt hið mesta framfaraskeið í allri sinni sögu, jafnt vinnandi stéttir í þjóðfélaginu sem aðrar, sem ég skal koma svolítið að síðar. Þó er það svo, að bæði skiptust á skin og skúrir á þessu tímabili í aflabrögðum, árferði og viðskiptakjörum þjóðarinnar, eins og kunnugt er. Á þessu framfaraskeiði íslenzku þjóðarinnar og efnahagslegrar velgengni eru það öðru fremur grundvallarsjónarmið sjálfstæðisstefnunnar, sem mótað hafa stjórnarathafnir og löggjöf. Þau hafa verið samræmd félagshyggju og áætlunargerð án ágreinings við Alþfl., en um stjórnarsamstarf þessara tveggja flokka var að ræða allt tímabilið. Hver eru þessi grundvallarsjónarmið sjálfstæðisstefnunnar, sem í ríkum mæli mótuðu stjórnmálaþróun eða þjóðfélagsþróun undanfarinna ára? Ég get svarað þessari spurningu með örfáum orðum.

Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstfl., sagði í ræðu á fundi Heimdallar, Félags ungra sjálfstæðismanna, í Reykjavík fyrir 42 árum:

„Sá, sem vill leita eftir efnalegri velgengni fyrir sjálfan sig, verður að gera það með því fyrst og fremst að leitast við að fullnægja sem bezt þörfum annarra."

Þetta höfum við sjálfstæðismenn talið vera grundvallarlögmál allrar heilbrigðrar efnahagsstarfsemi, sem byggð eru á atvinnufrelsi og frjálsum viðskiptum. Á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var í lok aprílmánaðar í vor, var m. a. þessu lýst yfir: Stefna Sjálfstfl. er grundvölluð á þeirri lýðræðishugsjón, að einstaklingar og samtök þeirra hafi svigrúm til orða og athafna, svo að frjáls hugsun og persónulegt framtak fái notið sín til heilla fyrir hvern einstakan þjóðfélagsborgara og heildina í senn. Sjálfstfl. leggur einn íslenzkra stjórnmálaflokka megináherzlu á gildi einstaklingsins. Markmið sjálfstæðisstefnunnar er að efla og varðveita frjálsræði sérhvers borgara til orðs og æðis. — Enn fremur lýsti landsfundurinn því yfir, að Sjálfstfl. mundi því aðeins taka þátt í stjórnarmyndun að kosningum afstöðnum, að unnt yrði að halda áfram á braut aukins frjálsræðis og dreifingar valdsins í þjóðfélaginu til

þegnanna. Sjálfstfl. hefur samlagað einstaklingshyggju gildi félagslegrar samhjálpar. Allar meiri háttar breytingar í félagsmálalöggjöf okkar, sérstaklega þær, sem lúta að tryggingamálum, almannatryggingum og heilbrigðismálum, hafa átt sér stað, þegar Sjálfstfl. var aðili að stjórnarsamstarfi og þá jafnframt fyrir frumkvæði hans, þegar svo bar undir. Sjálfstfl. átti frumkvæði að gerð byggðaáætlana hér á landi eða áætlana um byggðaþróun, svo sem Vestfjarðaáætlun, Norðurlandsáætlun og samgönguáætlun Austfjarða. Síðar sigla fleiri í kjölfarið, en við höfum ætíð gert okkur grein fyrir því, að tengja verður dreifbýli og þéttbýli traustum samfélagsböndum og þannig þróast þjóðfélagið bezt, eins og hagkvæmust þróun grundvallast að sínu leyti á gagnkvæmum skilningi stéttanna, aðila vinnumarkaðarins, launþega og vinnuveitenda.

Sjálfstfl. heldur fast við það sjónarmið, að bæta þurfi kjör láglaunastéttanna í þjóðfélaginu og hefur ótrauður barizt fyrir því, að launastéttunum beri á hverjum tíma réttlátur arður af afrakstri þjóðarbúsins, og það er staðreynd, sem ekki verður hrakin. Á hinum miklu uppgangstímum undanfarinna ára hefur afrakstri af þjóðfélagsbúinu að þessu leyti verið skipt í réttum hlutföllum milli stéttanna. Og eftir því sem betur hefur blásið, því meiri hefur hlutur launastéttanna verið. Þetta er staðreynd, sem ekki verður hrakin, en það hefur stundum staðið á þeim mönnum, sem nú þykjast vilja bæta kjör láglaunastéttanna, og þeir verið nokkuð tregir í bandi í þeim efnum, og er vel hægt að ræða það mál nánar, þegar tilefni gefst til, eins og mun verða á þessu þingi, þegar þau málefni koma frekar til umr. En það er staðreynd, að þegar við höfum öðru fremur lagt áherzlu á það að bæta kjör láglaunastéttanna, þá hafa alltaf einhverjir aðrir verið á ferðinni, sem hafa sagt sem svo: Nú eru láglaunastéttirnar búnar að fá sinn hlut, nú ætlum við að heimta okkar hlut, og þannig hefur þetta haldið áfram stig af stigi. Þegar láglaunastéttirnar hafa verið búnar að berjast fyrir sínu, koma aðrar stéttir og heimta til sín ríflegan skerf úr þjóðarbúinu, þannig að láglaunastéttirnar hafa hlutfallslega ekki náð þeim arði, sem þær börðust fyrir hörðum höndum. Ég óska hæstv. forsrh. til hamingju, ef honum tekst að breyta til í þessu efni. Það hefur sannarlega verið ætlun okkar sjálfstæðismanna að gera það og við höfum stutt að því, eftir því sem við höfum haft aðstöðu til.

Sá stjórnarflokkanna, sem tapaði verulega fylgi í kosningunum í sumar, Framsfl., hefur nú stjórnarforustuna. Fyrrv. formaður flokksins, Eysteinn Jónsson, missti tíunda hvert atkv. í sínu kjördæmi á Austurlandi. Sjálfur hæstv. forsrh. missti þm. í kjördæmi sínu, og morgunstjarna flokksins, Steingrímur Hermannsson, ritari flokksins, tapaði upp undir 8% atkv. í sínu kjördæmi. Kommúnistar hafa verið leiddir til valda með mestum áhrifum í ríkisstj. landsins á veigamest mál, svo sem atvinnumálin öll utan landbúnaðarmála, peningamálin með yfirstjórn bankamála og yfirstjórn viðskiptamála í landinu og eins út á við. Mörgum finnst annarra hlutur æðimiklu minni.

Nú höfum við heyrt boðskap hæstv. forsrh., og vil ég í framhaldi af því, sem ég nú hef sagt, snúa mér nokkuð að honum. Um stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. langar mig fyrst til þess að fara nokkrum og almennum orðum.

Rétt eftir kosningarnar gaf Alþb. út sérstakt blað, Alþýðubandalagið, þar sem m. a. voru rædd úrslit kosninganna, en á 4. síðu var talið upp í 19 liðum það, sem laut fyrirsögninni „Þetta þarf vinstri stjórn að gera". Á miðri síðu var tveggja dálka mynd og fögur af fossi í fallvötnum okkar Íslendinga. Eflaust hefur hann átt að minna á stórhug í virkjunarmálum. Myndin var af Ófærufossi, hvort sem það hefur nú verið tilviljun eða kaldhæðni, sem réð. Hitt er athyglisvert, að það gefur vart að líta líkari plögg en stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. og þessa stjórnmálayfirlýsingu Alþb. um það, hvað vinstri stjórn þurfi að gera. Það er augljóst mál, að það er sama höndin, sem stýrir pennanum. Það er sama formið á báðum plöggunum. Í öllum aðalatriðum er það sami hugur eða sama efni, sem á bak við býr.

Stjórnarsáttmáli núv. hæstv. ríkisstj. er að því leyti mjög sérkennilegur miðað við fyrri stjórnarsáttmála, að hann líkist meira fundarsamþykkt, óskalista eða stjórnmálayfirlýsingu frá ráðstefnu eða einhverju því um líku, eins og við reyndar heyrðum á lestri hæstv. forsrh. hér áðan. Þar af leiðandi er lítil ástæða til þess að ræða hann í einstökum atriðum nú, heldur láta reynsluna skera úr um framkvæmd málanna, enda verður það að segjast, að samningsatriðin eru í langflestum tilfellum svo óljós eða almenn, að ekkert verður sagt um það í raun og veru, hvað í þeim felst fyrr en ríkisstj. leggur fram frv. á Alþ. til staðfestingar á þeim áformum sínum, sem stjórnarsáttmálinn víkur að. Gagnrýni okkar sjálfstæðismanna mun að þessu leyti bíða þess tíma, er væntanleg stjfrv. sjá dagsins ljós.

Hæstv. forsrh. vék að landhelgismálinu, en það er í sérflokki mála hjá íslenzku þjóðinni nú sem fyrr. Hæstv. forsrh. tvíendurtók það, held ég, að landhelgismálið hefði verið meira kynnt á þremur mánuðum núv. ríkisstj. heldur en á öllu viðreisnartímabilinu. Og svo fór hann að tíunda kynningarnar. Jú, hæstv. utanrrh. hafði haldið ræðu á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég veit nú ekki, hve margar ræður fyrrv. utanrrh. hélt á fundum Sameinuðu þjóðanna, sennilega árlega, eitthvað um það bil, þar sem ævinlega var lögð áherzla á landhelgismálið og í æ ríkari mæli, eftir því sem leið á tímabilið. Svo segir hæstv. forsrh., að hingað hafi komið í heimsókn nokkrir Afríkumenn, fulltrúar sambands Afríkuríkja, og ríkisstj. kynnti þeim landhelgismálið. Þeir komu hér til þess að tala við ríkisstj. um sín málefni og allt afrekið er svo að láta ekki undir höfuð leggjast að tala svolítið við þá um okkar eigin málefni. Mér finnst nú, að stærilætið mætti vera svolitið minna.

Árið 1969 voru sett hér lög um rétt Íslendinga til landgrunnsins, þar sem við helguðum okkur allt landgrunnið, en þess utan hafa bæði embættismenn ríkisstj. og ráðh. óteljandi sinnum á erlendum vettvangi, hjá Sameinuðu þjóðunum, í Evrópuráðinu, í Norðurlandaráði, einmitt lagt áherzlu á hið veigamikla mál, landhelgismálið, og rétt okkar Íslendinga til landgrunnsins. Ég tel óþarft að vera í raun og veru með meting út af þessu. En þegar maður ætlar að miklast af einhverjum málflutningi, þá mætti nefna a. m. k. eitthvað meiri háttar atriði heldur en þau, sem ég hef vikið að hér áðan, jafnvel þó að ræða hæstv. utanrrh., eins og forsrh. komst að orði, hafi verið skelegg um landhelgismálið á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég skal ekkert um það segja. En hitt vil ég þó segja, að ég held, að hún

hafi ekkert verið skeleggari en ræður fyrirrennara hans á þeim vettvangi, þó að ekkert sé nema gott um hana að segja. En ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að átelja, að núv. stjórnarflokkar gerðu allt, sem þeir máttu, til þess að villa mönnum sýn í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar, bera Sjálfstfl. og Alþfl. sökum um viljaskort til útfærslu íslenzku landhelginnar og jafnvel um fyrirhugaða sviksemi í málinu fyrir kosningar í vor. Kann að vera, að þessi óhróður, sem stjórnarliðinu er til háborinnar skammar, hafi villt einstöku mönnum sýn í kosningunum í vor. Stjórnarandstöðuflokkarnir gengu strax heils hugar til samstarfs við stjórnarliðið varðandi landhelgismálið, þegar eftir því var óskað, og hafa formenn stjórnarandstöðuflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., eins og kunnugt er, tekið sæti sem fulltrúar í landhelgisnefnd allra þingflokkanna, en varaformenn flokkanna eru varamenn þeirra. Stjórnarandstaðan hefur þegar góðu áorkað um framvindu mála á þessum mikilvæga vettvangi. Eins og kunnugt er, hafði ríkisstj. uppi ráðagerðir um það að segja upp í óðagoti fyrir 1. sept. s. l. samningum við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem leiddu landhelgisdeiluna frá 1958—1961 til lykta á mjög farsælan hátt. Þetta átti að gerast nokkrum dögum eftir að hæstv. utanrrh. kom úr viðræðuför sinni við brezka og þýzka ráðh. og ráðamenn og hafði sjálfur stungið upp á því, að viðræðum yrði haldið áfram. En framhald viðræðna hafði að sjálfsögðu engan tilgang, ef ekki var gert ráð fyrir því, að hugsanlegt væri, að sjónarmið yrðu að einhverju leyti samræmd til friðsamlegrar úrlausnar. Af þessum ástæðum hefði orðsending um uppsögn samninganna við þessar þjóðir nokkrum dögum eftir heimkomu utanrrh. verið æði ósmekkleg, þótt ekki sé meira sagt. En meira máli skiptir hitt, sem við sjálfstæðismenn lögðum megináherzlu á og rituðum forsrh. bréf um þann 13. ágúst s. l., að við teldum, að hér væri um svo veigamikið mál að tefla, samningagerð við önnur ríki, sem Alþ. á sínum tíma hefði ákveðið, hvernig gera skyldi, að þingræðislega væri allt annað óhæfa en að leggja annaðhvort breytingar eða uppsögn slíkrar samningsgerðar fyrir Alþingi sjálft. Á þessi sjónarmið féllst hæstv. ríkisstj., og fagna ég því.

Ég lagði til í landhelgisnefndinni í ágústmánuði, að Ísland ætti frumkvæði að því að flytja till. á næsta fundi undirbúningsnefndar að hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1973 um sérstaðan rétt strandríkis til fiskveiðilandhelgi á landgrunni þess, þegar líkar aðstæður eru og hér á Íslandi, að þjóð byggi afkomu sína eða efnahagslega þróun á fiskveiðum og nauðsyn ber til að takmarka veiðar til verndar fiskistofnum. Verði leitað samvinnu við aðrar þjóðir um slíkan tillöguflutning. Þessi till. mín hefur nú verið afgreidd í landhelgisnefndinni með stuðningi allra aðila, og í samræmi við það mun hæstv. ríkisstj. láta vinna að slíkri tillögugerð og öflun fylgis við hana, en fyrir okkur Íslendinga er að sjálfsögðu mikilvægt að láta ekkert tækifæri ónotað til þess að vekja athygli á hinum sérstæða rétti okkar til landgrunnsins alls og þá rétti annarra strandríkja um leið, ef líkt stendur á hjá þeim og hér á Íslandi.

Hér hefur nú í dag verið lögð fram till. hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka í landhelgismálinu. Það er sama till. til þál. og þeir lögðu fyrir þingið í vor og þá var afgreidd með rökst. dagskrá, þar sem Alþ. hafði þegar afgreitt málið með annarri till. Það voru að vísu viss atriði í till. stjórnarandstæðinga þá eða þessari till., sem nú er flutt af ríkisstj. hálfu, sem ekki fólust í till. þeirri, sem Alþ. samþykkti í vor. En að ýmsu leyti gekk sú till., sem samþ. var og er enn í gildi, verulega lengra og fól t. d. í sér ákvæði um friðunarráðstafanir, sem ekki var að vikið í till. þeirri, sem nú er flutt og flutt var af hálfu stjórnarandstæðinga á s. l. þingi. Ég harma þennan tillöguflutning vegna þess í fyrsta lagi, að með honum hefur ekki verið gerð minnsta tilraun til þess að ná samstöðu við stjórnarandstöðuna um eina og sameiginlega till. í þessu mikla máli, enda þótt óskað hafi verið eftir samvinnu og samráði við okkur og við höfum fúslega látið það í té. Slík vinnubrögð lýsa miklum mistökum hæstv. ríkisstj. Úr þessu má að vísu bæta við meðferð málsins. Samkv. þingsköpum verður þessari till. ríkisstj., landhelgismálinu, vísað til utanrmn. Utanrmn. mun þá einnig fá til meðferðar brtt., sem við þessa till. kunna að verða fluttar. Meðal þm. Sjálfstfl. er til íhugunar tillöguflutningur, sem snertir þetta mál, en slíkar till. frá þm. bæri að sjálfsögðu að skoða í utanrmn. samhliða till. hæstv. ríkisstj.

Ég hef á opinberum vettvangi hreyft till. í þessu máli, sem ég taldi, að gæti verið vænleg til samkomulags allra aðila. Í þeirri till. felst, að Alþ. lýsi yfir, að allt landgrunnið sé landhelgi okkar Íslendinga, fiskveiðilandhelgin, að landið og landgrunnið sé eitt, ekki síður varðandi fiskveiðar í hafinu yfir landgrunninu en nýtingu auðæfa í landgrunnsbotninum sjálfum. Jafnframt sé því lýst yfir, að fyrst í stað sé fiskiskipum erlendra ríkja heimilt að veiða upp að 50 mílna mörkum, þar til við Íslendingar sjálfir ákveðum annað eftir að hafa nánar rannsakað og mælt landgrunnið og ákvarðað endanlega landhelgislínu landgrunnsins. Í þessu fælist, að við ættum ekki síðar, að nokkrum árum liðnum, að þurfa að hefja nýja baráttu fyrir útfærslu frá 50 mílum, en tökum málið allt í einum áfanga, sem engum þarf að koma á óvart og sízt Bretum og Þjóðverjum, sem við tilkynntum með samkomulaginu frá 1961, að við mundum halda áfram að afla viðurkenningar á rétti okkar til landgrunnsins alls, sem við teldum okkur eiga skýlausan rétt til. Það er auðveldara fyrir okkur Íslendinga að vinna almenningsálitið í heiminum á okkar band á grundvelli baráttu okkar fyrir landgrunnssjónarmiðinu en einhverri tiltekinni mílulengd, hvort sem það eru 50 mílur eða annað frá grunnlínum. Aðalatriðið er nú, að Alþ. auðnist að standa saman um endanlega afgreiðslu þessa máls og umfram allt verður það að vera ljóst viðsemjendum okkar, Bretum og Þjóðverjum og öllum öðrum þjóðum, að við Íslendingar hvikum ekki frá útfærslu landhelginnar. Það er lífshagsmunamál þjóðarinnar, og það er einnig hagsmunamál allra, að fiskistofnar á miðunum við Ísland verði ekki eyðilagðir vegna ofveiði. Sú hætta er yfirvofandi, þegar litið er til þeirrar uppbyggingar á fiskveiðiflota annarra þjóða og allrar þeirrar nýju tækni, sem þeirri uppbyggingu er samfara. Ég vil nú leyfa mér að minna á samþykkt Alþ. á s. l. vori um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis Ísland. En þar segir m. a.:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, einn frá hverjum þingflokki (það var gert til þess að undirstrika samstöðuna í málinu að hafa ekki hlutfallskosn-

ingu), til að semja frv. til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess. Skal frv. lagt fyrir næsta Alþ. og m. a. fela í sér eftirfarandi atriði:

1. Skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.

2. Ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða á hafinu yfir landgrunninu eins og rétturinn til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með lögum frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið.

3. Ákvæði um ráðstafanir, er séu nægjanlega víðtækar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið kringum Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum."

Þessi fimm manna nefnd hélt sinn fyrsta fund síðla sumars, — sennilega í ágústlok, ég man það nú ekki fyrir víst, — þar sem hæstv. sjútvrh. var kosinn formaður nefndarinnar. Það má nú ekki dragast lengur, að nefndin taki til við samningu þess frv., sem henni var falið að semja, og Alþ. fái það til meðferðar og afgreiðslu, áður en það lýkur störfum. Það hefur áður verið talið rétt af hv. stjórnarflokkum, að Alþ. sjálft ákvæði fiskveiðilandhelgina með lögum, en það væri ekki aðeins reglugerðarákvæði, hver hún skyldi vera. Nú liggur einnig mikið við, að allir alþm. sýni einn vilja í þessu lífshagsmunamáli Íslendinga.

Í fyrrgreindri ályktun Alþ. fól það einnig ríkisstj. að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um uppeldisstöðvar ungfisks er að ræða. Þetta mál þolir enga bið. Þetta gæti ríkisstj. þegar hafa hafizt handa um, eins og Alþ. fól henni, ef röggsemi hennar væri jafnmikil eins og sumir hafa viljað vera láta.

Langalvarlegast er gáleysi hæstv. forsrh. í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar samkv. því, sem sjálfur stjórnarsáttmálinn segir til um. Þótt hæstv. ríkisstj. lýsi yfir, að hún telji, að vinna beri að því að draga úr viðsjám í heiminum og stuðla að sáttum og friði með auknum kynnum milli þjóða og almennri afvopnun, og telji, að friði milli þjóða verði bezt borgið án hernaðarbandalaga, þá skiptir auðvitað sáralitlu máli, hvað hún segir um þetta. Við Íslendingar ráðum ekki hernaðarkapphlaupinu í heiminum og ekki þeim voða, sem af því stafar. Því ræður ekki heldur þessi ágæta ríkisstj., enda þótt hún hafi taugar út til alþjóðastjórnmála, þar sem kommúnisminn er innan búðar hjá stjórninni. Hvað segir hæstv. ríkisstj. í stjórnarsáttmálanum um stefnuna í utanríkis- og öryggismálum landsins? Orðrétt segir á þessa leið í stjórnarsamningnum:

„Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu."

Hvað felst nú í þessari loðmollu? Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að það væri mistúlkun hjá stjórnarandstæðingum eða blöðum þeirra, að það gætti töluverðs misræmis í því, sem sagt væri í stjórnarsamningnum og hvernig ráðh. túlkuðu hann. Þetta er mikill misskilningur, sem bæði er hægt að sannfæra hæstv. forsrh. og aðra um með nánari tilvitnun í það, hvað þessir menn hafa sagt í eitt eða annað skiptið. En hvað felst í þessu stjórnarsáttmálaákvæði? Fyrst sagði hæstv. utanrrh., að það felist í þessu að sjálfsögðu, að herinn verði farinn á kjörtímabilinu. Ég held, að það hafi verið daginn eftir stjórnarmyndun. Síðan segir hann, eftir að vera búinn að hugsa sig betur um, að það eigi nú að tala við Bandaríkin. Og svo þegar þau viðtöl hafi átt sér stað og ef það komi í ljós, að það kunni að vera varhugavert að láta varnarliðið hverfa úr landi, þá verði það endurskoðað. Það er hægt að vitna til þessara ummæla lið fyrir lið og staf fyrir staf orðrétt. Ég hirði ekki um það. Þetta er alkunna. Enn fremur er það haft eftir hæstv. utanrrh. í frásögn Tímans af fundi með ungum framsóknarmönnum, að hann hafi efnt til endurskoðunar á varnarsamningnum, en þessi endurskoðun eða athugun miðist fyrst og fremst við að gera sér grein fyrir, hvaða efnahagslega afleiðingu það hafi í för með sér, að varnarliðið sé látið hverfa eða fari af landinu. Efnahagslegu áhrifin eiga að vera öllum kunn og rannsókn þar af leiðandi óþörf, enda er það algert aukaatriði í þessu máli. Sæmd og öryggi er það, sem situr í fyrirrúmi. Mér leiðist að þurfa að draga hæstv. utanrrh. inn í þennan hringlandahátt, en hjá því verður því miður ekki komizt.

Hæstv. forsrh. sagði, að fyrrv. stjórnarandstöðuflokkum hefði verið haldið utan við allar upplýsingar um varnarmálin. Þeim getur þó ekki verið haldið utan við þær upplýsingar, sem sagt er frá á opinberum vettvangi, bæði af hæstv. utanrrh. hér á þingi um efnahagslegu áhrifin af dvöl varnarliðsins hér á landi og því, sem birt er um það á almennum blaðamannafundum lið fyrir lið eftir upplýsingum frá sjálfum foringja varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, eins og oft hefur verið gert. Af þessum ástæðum þarf ekki að taka marga mánuði í könnun á hinni efnahagslegu hlið málsins, þrátt fyrir að hæstv. núv. stjórnarliðar hafi verið áður fyrir utan stjórnarsamstarf. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð fylgt þeirri stefnu frá því, að varnarsamningur var gerður 1951, að við vildum ekki hafa hér varnarlið lengur en nauðsyn krefur vegna öryggis landsins og öryggis þeirra lýðræðisþjóða í hinum vestræna heimi, sem við erum í samfélagi við. Við höfum margendurtekið þessa stefnu. Okkar stefna stendur algerlega óbreytt frá því 1951, á árunum þar á eftir og 1956, þegar vinstri stjórn þá ætlaði að reka varnarliðið, og eins í dag. Það er alltaf sama festan og öryggið í utanríkismálunum í viðhorfi okkar til öryggis landsins og varnar þeirra þjóða, sem mynda Atlantshafsbandalagið með okkur og voru þess umkomnar að stöðva framrás kommúnismans í Evrópu, að stöðva það, að Sovétríkin innlimuðu land eftir land og kúguðu önnur lönd til fylgis við sig sem leppríki hvert á fætur öðru. Og ekki nóg með það, heldur hafa Sovétríkin síðar haldið kúguninni áfram austan tjaldsins á hinn svívirðilegasta hátt, bæði í Ungverjalandi 1956 og í Tékkóslóvakíu 1968.

Við höfum ekkert á móti því, að varnarsamningurinn sé endurskoðaður eða endurmetin þörfin á vörnum hér á landi og með hverjum hætti þeim bezt yrði fyrir komið. Þetta hafa sjálfstæðismenn gert og Alþfl.-menn í fyrrv. ríkisstj. og kvatt til sérfræðinga, eins og kunnugt

er, til þess að láta í ljós álit sitt í þessum málum. Það er hægt að endurskoða þessi mál frá almennu sjónarmiði og það er líka hægt að endurskoða þau á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. En í því fælist að óska eftir áliti Atlantshafsbandalagsins eða ráðsins á þörfum fyrir varnir á Íslandi. Var nú ekki Framsfl., sem tók að sér stjórnarforustuna, nægjanlegt að gera grein fyrir því, að hann vildi athuga og endurskoða þessi mál og síðan taka ákvarðanir, eftir að hann hefði athugað og endurskoðað málin? Það er furðulegt einkenni á þessari hæstv. ríkisstj. að þurfa alltaf að taka ákvarðanir, áður en hún skoðar málin, og hefja athugun síðar. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það, hvort þessi hæstv. ríkisstj. lætur varnarliðið fara, hvort hún meinar bara já, já og nei, nei eða já eða nei. Því verður hún sjálf að gera þjóðinni grein fyrir. Ég minni á það, að 1956 fyrir myndun vinstri stjórnar stóðu flokkar að því hér á Alþ. 28. marz að lýsa því yfir, að nú væri svo breytt ástand í heiminum, að það væri óhætt að láta varnarliðið fara. Síðan var ríkisstj. mynduð með þeirri stjórnaryfirlýsingu, að varnarliðið skyldi hverfa. Fimm og hálfum mánuði eftir að þessi stjórn komst á laggirnar samdi hún á ný við Bandaríkin um það, að varnarlið skyldi vera áfram hér á landi, því að hún taldi þá á ný breytt viðhorf. Ég minni á þennan furðulega hringlandahátt vegna þess, að nú er í æ ríkara mæli lögð áherzla á það, sérstaklega af hálfu framsóknarmanna til þess að verja óverjandi framkomu sína í varnarmálum þjóðarinnar, að við höfum lýst því yfir og gert það að skilyrði við inngöngu í NATO, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Þetta er rétt, og um þetta vorum við sammála. En hv. alþm. mættu gera sér grein fyrir og þjóðin í heild, að það, sem menn meintu með hugtakinu „á friðartímum", er allt annað en hugsanlegt er, að falizt geti í slíku hugtaki í dag. Við, sem stóðum að því að óska þess, að hér væri ekki varnarlið á friðartímum, höfðum í huga, að friðartímar mundu myndast í Evrópu fyrst og fremst svipað því og gerðist eftir heimsstyrjöldina fyrri 1918 og þar til heimsstyrjöldin brauzt aftur út 1939. Á þessu hvila fyrri yfirlýsingar um, að hér skuli ekki vera varnarlið á friðartímum. En friðartímahugtak er annað í dag og því óraunsætt að byggja grundvallarstefnu ríkisins í öryggis- og varnarmálum á slíku hugtaki. Hér kemur svo margt fleira til, eins og alkunna er, vegna gerbreyttrar heimsmyndar, tækni og vígbúnaðar á síðari áratugum. Ég vil, að hæstv. ríkisstj. fari að hugsa alvarlega í þessum málum. Ég hef því styrkt áform hæstv. utanrrh. til viðræðna við Bandaríkin og önnur ríki Atlantshafsbandalagsins, er miða að því að ganga úr skugga um, hvar við erum staddir og hvers er að vænta. Ég harma það, að ríkisstj. skyldi verða svo hrapallega á í messunni, að láta kommúnista ráða yfirlýsingum sínum í utanríkis- og varnarmálum. Það hlaut að vera nægjanlegt fyrir framsóknarmenn að lýsa því yfir, að þeir vildu endurskoða afstöðu okkar í varnarmálum og hvaða þörf við hefðum fyrir varnarlið og með hvaða hætti vörnum skyldi fyrir komið. Í því hefðum við sjálfstæðismenn fylgt framsóknarmönnum. Slíkt var eðlilegt viðhorf lýðræðisflokkanna í landinu. En þetta nægði ekki kommúnistunum í ríkisstj. Nei, hæstv. forsrh. varð að ganga undir það jarðarmen að lýsa því yfir fyrir fram, að brottför varnarliðsins á Íslandi skyldi eiga sér stað á kjörtímabilinu. Þetta er hans mesta yfirsjón, sem hæstv. forsrh. mun áreiðanlega lengi sjá eftir. Það var glaðzt í Moskvu, þegar ríkisstj. birti sáttmála sinn. Fréttir báru þess órækt vitni. Það var einnig glaðzt á þessum slóðum 1956, þegar vinstri stjórnin þá var mynduð með þeim ásetningi að láta varnarlið Bandaríkjanna á vegum Atlantshafsbandalagsins hverfa frá Íslandi. Ég minnist þess, að þáv. utanrrh. Sovétríkjanna, Molotoff, lét hafa það eftir sér við sænska blaðamenn, að Sovétmenn hefðu algerlega vitað, að hverju stefndi í sambandi við yfirlýsingu ríkisstj. á Íslandi þá að reka varnarliðið, vegna þess, eins og hann sagði, að þeir ættu svo marga vini á Íslandi.

Herra forseti. Nú er enn eftir sá þátturinn, sem ég tel langalvarlegastan í yfirlýsingu stjórnarsáttmálans varðandi utanríkis- og öryggismál landsins. Hann er sá, að við völdum taki ríkisstj. á Íslandi, sem lýsi því yfir, að það sé ekki samkomulag innan þessarar ríkisstj. um það að bindast samtökum eða vera bundin samtökum með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum til varnar ofbeldinu. Það heitir þannig orðrétt í stjórnarsáttmálanum: Ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. — Þessi yfirlýsing er sú aumasta, sem nokkur ríkisstj. á Íslandi gat gefið eins og á stendur í heiminum í dag. Hæstv. forsrh. sagði nokkur athyglisverð orð í þessu sambandi. Hann sagði, að þeir svöruðu því alltaf til, stjórnarherrarnir í dag, þegar þeir væru spurðir, að þeir ætluðu að vera í NATO að óbreyttum aðstæðum, — að óbreyttum aðstæðum. Ég hef minnt á, að 28. marz 1956 töldu vinstri flokkar hér á landi, að nú væru breytt viðhorf, breyttar aðstæður, óhætt að láta varnarliðið fara. Í nóvembermánuði sama ár voru aftur breyttar aðstæður. Þá þurfti að endursemja það, að varnarliðið skyldi vera. Hvenær verða þær breyttu aðstæður, að þessi ríkisstj. lýsi yfir, að hún sé horfin úr NATO, horfin úr vestrænu lýðræðislegu samstarfi? Það er þetta, sem þjóðin óttast. Það er þess vegna sem ég segi, að þessi yfirlýsing ríkisstj. að lýsa því yfir frammi fyrir öllum heiminum, að það sé ekki samstaða um að vera heils hugar í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, er sú versta, sem íslenzk ríkisstj. gat gefið í dag.

Það er rétt, að kommúnistar hafa áður verið í ríkisstjórn á Íslandi og það með sjálfstæðismönnum í nýsköpunarstjórninni 1944—1946, en þeim voru þá sett þau takmörk, að um utanríkismálin hefðu þeir ekkert að segja, og þegar þeir gerðu kröfur til þess, þá var því stjórnarsamstarfi lokið. Nú hefur Framsfl. beygt sig undir okið. Það er búið að lýsa því yfir fyrir heiminum, sem okkur Íslendingum er til skammar, og áhrif slíkrar yfirlýsingar stjórnarsáttmálans veit enginn, hversu víðtæk eru eða verða. Við sjálfstæðismenn munum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að stýra ríkisstj. af villu síns vegar. Við vitum, að það verður ekki hlustað á okkur af kommúnistum í ríkisstj., en við treystum því, að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. leggi hlustirnar við þeim aðvörunum, sem við komum á framfæri.

Loks var svo þessi hæstv. ríkisstj. í stjórnarsáttmálanum að tala um nýtt fjárfestingarkerfi hér á landi, framkvæmdastofnun, fjárfestingarstofnun o. s. frv. Ríkisstj. einsetur sér, eins og segir í stjórnarsáttmálanum, að efla undirstöðuatvinnuvegina undir forustu

ríkisvaldsins. Ríkisstofnun á að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Það vantar ekki, að vasklega sé til orða tekið. Það er ævinlega sama sagan, þegar vinstri stjórn kemur til valda: meiri ríkisafskipti, nýtt leyfakerfi, úthlutunarkerfi til þess að úthluta gæðum lífsins til einstaklinganna af opinberum pólitíkusum. Einstaklingarnir eiga ekki sjálfir að kunna að finna fótum sínum forráð. Ég get ekki rætt um þessa nýju stofnun, sem sennilega á eftir að verða allgild áður en lýkur, ef þessi stjórn situr einhvern tíma að völdum, fyrr en við sjáum stjfrv. um hana. Það er því útrætt um hana að öðru leyti en því, að hérna er um að ræða algerlega ástæðulaust opinbert kerfi til þess að auka ríkisafskipti af athöfnum einstaklinganna, sem við sjálfstæðismenn munum af öllum kröftum berjast gegn.

Það var svolítið broslegt, þegar hæstv. forsrh. var að tala um ýmislegt, sem hefði breytzt síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Hann talaði m. a. um það, hvað ríkisstj. hefði verið að bæta aðstöðu íslenzkra skipasmíða. Það væri nú gott að fá einhverjar frekari greinargerðir um það, að hve miklu leyti hæstv. ríkisstj. hefur bætt aðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins síðan hún tók við völdum hér. Hann sagði líka með allþungum áherzlum, að engin ríkisstj. á Íslandi hefði tekið upp á arma sína hringveg um landið. Þetta er ekki nein smáræðis ríkisstjórn. Samþykkt er á síðasta þingi till. frá einum þm. sjálfstæðismanna um að afla fjár til þess að byggja þennan hringveg um landið, og það var enginn ágreiningur um þennan blessaðan hringveg. Sumum finnst hins vegar, að það liggi meira á öðru. En nú á þetta bara að vera ein aðalskrautfjöður hæstv. ríkisstjórnar. — Hann segir, að rafvæðingunni um sveitirnar eigi að ljúka á þremur árum. Það lá fyrir í iðnrn. áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók við áætlun um að ljúka rafvæðingunni á fjórum árum og í hana hafði verið lagt mikið verk í allan vetur. Það var gerð grein fyrir, hvernig og í hvaða röð hverjum bæ er ætlað að koma inn í rafvæðingarkerfið. Það kostaði sérfræðinga og starfsmenn rn. heilan vetur að binda endahnútinn á þetta með sérfræðingum úr Orkustofnun og frá Rafmagnsveitum ríkisins o. s. frv. Ríkisstj. stytti þetta náttúrlega á einum degi í þrjú ár, án þess að mér sé kunnugt um, að hún hafi nokkuð litið á þessa áætlun eða gagnrýnt hana. Og ég hef heyrt sagt, að sumir í stjórnarliðinu séu nú í efa um, að við getum staðið við áætlun fyrrv. stjórnar, og ef okkur dugi fjögur ár, þá megum við þakka fyrir. En það er auðvitað hægt að segja þrjú ár, án þess að hafa nokkuð gert sér grein fyrir, hvernig er að því stefnt að ljúka þessu mikilvæga verki, eins og áður var gert, á fjórum árum.

Því miður er allt of margt af því, sem lýst hefur verið yfir af hæstv. ríkisstj., sýndarmennska og yfirlæti. Það skiptir auðvitað engu máli, hvort launþegar fá vísitölustig einum mánuði fyrr eða síðar, eins og átti að gera samkvæmt síðustu lögum, þegar frestað hafði verið greiðslu tveggja vísitölustiga til 1. sept., en hæstv. ríkisstj. var svo röggsöm að láta það koma til framkvæmda strax 1. ágúst. Það er svo sem ekkert afrek heldur, þó að hún hafi flýtt hér um nokkra mánuði greiðslum í tryggingamálunum eins og gert var, en það var ánægjulegt, að ríkisstj. gat gert það. E. t. v. hefði þessu verið flýtt, þegar þing kom saman, ég skal ekkert um það segja, en það hlaut auðvitað að byggjast á þeim efnahag, sem var í þjóðfélaginu, og þeirri aðstöðu, sem hún tók við. En þarna er náttúrlega ekki um neinn eðlismun á afstöðu til málsins að ræða.

Samkvæmt yfirlýsingum sínum hverfur ríkisstj. algerlega frá stóriðjustefnu fyrrv. ríkisstj., en fyrrv. ríkisstj. stuðlaði að því, að stóriðja hélt hér innreið sína á Íslandi í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins, og renndi þar sem víðar stoðum undir atvinnulíf landsmanna, gerði það öruggara og traustara, því að svipull er sjávarafli, eins og reynsla okkar kennir okkur ótvírætt. Geysilegt hagræði höfum við þegar í dag haft af þeirri öru iðnþróun, sem leiddi af Búrfellsvirkjun í stórum stíl og álbræðslunni og einmitt á þeim tíma, sem áföllin urðu mest í þjóðfélaginu. Það munu um 3000 mannár hafa farið í það að vinna við þessi fyrirtæki, Búrfellsvirkjun, álbræðsluna og höfnina í Straumsvík, sem samsvarar því, að 1000 manns hafi að meðaltali á þriggja ára tímabili unnið við þessi fyrirtæki, þegar atvinnuleysi var að öðru leyti að halda innreið sína. Þá eru ótalin þau miklu áhrif á almenna iðnþróun í landinu, sem slík fyrirtæki hafa, og skal ég ekki tefja tímann með því nú að ræða það.

Hæstv. ríkisstj. miðar í virkjunarmálunum við innanlandsmarkaðinn, húsahitunina, eins og þar stendur. Ég vil með engu móti gera lítið úr húsahitun með rafmagni. Ég hef á sínum tíma beðið sérfræðinga að rannsaka möguleikana til húsahitunar á Íslandi með rafmagni. Það verður gert. Sjálfur flutti ég till. um það til breytingar á landsvirkjunarlögum á s. l. þingi, að það skyldi verða eitt af verkefnum landsvirkjunarstjórnar að kanna á hverjum tíma, að hve miklu leyti væri hægt að hagnýta rafmagn til húsahitunar. Hins vegar er það ljóst, að húsahitun með rafmagni er ekki nokkur þáttur í stóriðju á Íslandi, engan veginn og getur aldrei orðið það. Hún getur aldrei byggt upp þann stórmarkað fyrir raforku, sem nauðsynlegur er, ef almenningur á Íslandi á virkilega með stórvirkjunum að geta átt þess kost að fá ódýrt og hagkvæmt rafmagn.

Ég minnist þess ekki að hafa talað við neitt erlent stóriðjufyrirtæki á síðari árum, sem ekki hefur talið það eðlilegt og sjálfsagt, að við værum sjálfir aðilar í stóriðjufyrirtækjunum, annaðhvort að minni hluta eða meiri hluta eða þá þannig, að við á vissu tímabili eignuðumst meiri hluta eða öll fyrirtækin. Alger undantekning er álbræðslan hér í Straumsvík, en þar tel ég, að við höfum hitt á hið rétta form að koma ekki nálægt þeim rekstri, þar sem hann er aðeins einn liður í langri keðjuframleiðslu. Þetta hef ég margoft bent á. Við erum ekki neinir aðilar að námum, báxítnámum. Við erum ekki neinir aðilar að úrvinnslu báxítsins né súráls. Við erum ekki neinir aðilar að markaðinum úti í hinum stóra heimi, þegar búið er að vinna hráálið, og því skyldum við þá vera aðilar aðeins að vinnslu hráálsins með allri þeirri áhættu, sem því er samfara? Ég tel, að það hafi verið okkar lán að ganga frá samningum við svissneska álfyrirtækið eins og við gerðum. Þeir hafa alla áhættuna, við höfum hagnaðinn af framleiðslugjaldinu, þ. e. sköttunum, sem þeir verða að borga fyrir hvert tonn, sem framleitt er. Við höfum hagnaðinn af raforkunni, að selja hana í erlendum gjaldeyri og þeir verða að borga hana, hvort sem þeir nota hana eða ekki, og við höfum hagnaðinn af þeim vinnulaunum,

sem þeir borga í erlendum gjaldeyri. Við högnumst á öllum þeim hliðarráðstöfunum, sem gera þarf í sambandi við svona stóriðjufyrirtæki, í málmiðnaði, byggingariðnaði og á öðrum sviðum, í skipaflutningum til þess að flytja farm fram og aftur o. s. frv. Allt er þetta okkur til góðs, en þeir bera áhættuna. Hitt er svo alveg rétt, að í öðrum tilfellum höfum við ætíð talað um hlutdeild okkar Íslendinga og meirihlutahlutdeild eins og í Kísiliðjunni t. d. Það er ekkert nýtt. Nú hefur verið sagt frá því í blöðum, að hæstv. iðnrh. hafi kvatt menn til ráðuneytis við sig í stóriðjumálum. Er eitthvert afturhvarf frá afturhvarfinu í vændum? Um það fáum við sjálfsagt nánari upplýsingar síðar.

Lítið er hægt að finna í stjórnarsáttmálanum um efnahagslega stefnu. Það er að vísu óskalisti um lækkaða vexti, hækkuð lán og lengingu lánstíma. Þetta er nú fallegt. Lækkaðir vextir, hækkuð lán og lenging lánstíma. En hvernig þetta samrýmist og framkvæmist, það kann að vera annað mál og bíður síns tíma. Á hinn bóginn er stefnt að einu marki, auknum ríkisafskiptum og það fer ekki á milli mála. Svo langt er gengið, að ríkisvaldið ætlar sér að skammta launþegasamtökunum það, sem handhafar þess, ríkisvaldsins, telja launþegunum hæfa. Einhvern tíma hefðu áform slíkrar ríkisforsjár þótt tíðindi, en síðan ríkisstj. tók við völdum, þá hafa þeir einn af öðrum, handbendi kommúnista í launþegasamtökunum, sagt já og amen. Þessi ágæta ríkisstj. skal skammta okkur. Áður vildu þeir fá að semja um þetta sjálfir, hafa samningafrelsi. Alkunna er, að núverandi ríkisstj. settist í bú góðs efnahags. Vitna ég í því sambandi í úttekt þjóðarbúsins, sem fráfarandi ríkisstj. gerði grein fyrir á miðju ári, enda er það nú öllum ljóst, að ríkisstj. hefur útdeilt fé í ríkum mæli án þess enn að hafa þurft að hafa nokkrar áhyggjur af að afla þess.

Ég hirði nú ekki að elta ólar við einstaka liði á óskalista kommúnistanna í stjórnarsáttmálanum, því að hann er, eins og ég sagði áður, í raun og veru „kópía" af þeirra kröfum. Menn hljóta hins vegar að gera sér grein fyrir því án nokkurra tvímæla, þegar hafður er í huga fyrsti hluti ræðu minnar, að grundvallarsjónarmið Sjálfstfl. samrýmast engan veginn þeim sjónarmiðum, sem þessi ríkisstj. hefur samið um að reyna að koma í framkvæmd, hvorki inn á við né út á við. Út á við er farið glæfralega að. Það er ósk mín, að það megi lagfæra og leiðrétta, og ég býð fram allan stuðning Sjálfstfl. að því marki. Inn á við er stefnt að auknum ríkisafskiptum með einhverju fjárfestingarbákni, sem á að setja á laggirnar.

Af því, sem ég hef sagt, er ljóst, að við sjálfstæðismenn erum í mjög eindreginni andstöðu við núv. hæstv. ríkisstj. og sér í lagi vegna þeirra miklu áhrifa, sem kommúnistum hafa verið falin í ríkisstj. Við erum reiðubúnir til samstarfs og samráðs í landhelgismálinu og höfum tjáð það og sýnt það í verki. Við erum reiðubúnir til samráðs við hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. í varnar- og utanríkismálum, en ekki við kommúnistana. Það verða menn um leið að vita.

Við munum svo að öðru leyti marka afstöðu okkar til einstakra mála, sem stjórnin flytur, eftir því sem efni standa til.

Í lok ræðu sinnar vék hæstv. forsrh. að því, hve mikið hefði breytzt í þjóðfélaginu í dag. Ég veit nú ekki, hvort menn hafa almennt orðið varir við þessar óskaplegu breytingar. En hann sagði m. a., að þessi ríkisstj. væri ríkisstj. hins vinnandi fólks, launafólks og framleiðenda. Hvaða fólk er ekki vinnandi fólk í þessu landi í þessum skilningi? Og hvað meinar ríkisstj. með þessu slagorði, sem kommúnistar oftast hafa flaggað með, en nú er tekið upp á varir hæstv. forsrh., að verða stjórn hins vinnandi fólks í landinu, launafólks og framleiðenda? Ríkisstj. vill vinna að kjarabótum í landinu. Það hlýtur að vera markmið hverrar ríkisstj., sem hér situr í landi, og ég sagði áðan, að einmitt á þeim miklu uppgangstímum, sem við hefðum haft, hefur almenningur í þessu landi notið fullkomlega þess bata, sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum, enda eru lífskjör almennings í þessu landi með allt öðrum hætti en þegar fráfarandi ríkisstj. tók við. Þau eru sambærileg við það bezta, sem við þekkjum í hinum vestræna heimi, og stökkbreytingarnar eru meiri en svo, að þær dyljist nokkrum, til hins betra. Kaupmáttur launanna hefur vaxið í samræmi við vaxandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur á hverjum tíma.

Hæstv. forsrh. segir, að ríkisstj. hafi lýst því yfir, að hún ætli ekki að grípa til gengisfellingar nú, hún ætli ekki að grípa til gengisfellingar, eins og hann orðar það, ekki nú í sambandi við þau viðfangsefni, sem um er að ræða í dag. Nei, þakka skyldi, að hún grípi nú ekki til gengisfellingar í dag með alla sjóði fulla og vaxandi gjaldeyrissjóði dag frá degi. En hvaða ríkisstj. grípur til gengisfellingar gengisfellingarinnar vegna? Engin ríkisstj. Og ríkisstj. sjálfstæðismanna og Alþfl. greip ekki til gengisfellingar til þess að skaða fólkið í þessu landi, heldur til þess að leggja grundvöllinn að bættum efnahag sjávarútvegsins í landinu, sem er undirstöðuatvinnuvegur í öllu efnahagslífi okkar, og þar með til þess að verða launþegum, verkalýð og öllum almenningi til hagsbóta, enda reyndist það, þegar á reyndi, farsæl ráðstöfun.

Hæstv. forsrh. segir, að það hafi verið styrjaldarástand milli ríkisstj. fyrrv. og launþegasamtakanna. Ég kannast nú bara ekki við þetta og verður litið til hæstv. forseta Alþýðusambandsins, að það hafi verið nokkurt styrjaldarástand á milli stjórnar ASÍ og okkar í ríkisstj. Ég veit ekki betur en júnísamkomulagið, sem Bjarni Benediktsson beitti sér fyrir ásamt fleiri góðum mönnum í ríkisstj., Emil Jónssyni öðrum fremur, hafi einmitt verið talið ein af merkari sáttagerðum, sem hér hafa verið gerðar milli ríkisstj. og fulltrúa vinnumarkaðarins, aðila vinnumarkaðarins. Og hvað gerði fyrrv. hæstv. ríkisstj., þegar atvinnuleysið hélt innreið sína? Setti á laggir atvinnumálanefndir, atvinnumálanefnd ríkisins, atvinnumálanefndir í öllum kjördæmum landsins í samráði við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, verkalýðsstéttirnar, Alþýðusambandið og vinnuveitendur með farsælum og góðum árangri, sem áreiðanlega leiddi til þess, að atvinnuleysi var hér fyrr úr sögunni en ella hefði verið. Nei, það var síður en svo, að það væri neitt styrjaldarástand á milli ríkisstj. og launþegasamtakanna, og ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það, að ef samkomulagið milli hans og launþegasamtakanna verður aldrei verra en á milli okkar í fyrrv. ríkisstj., þá þarf hann engu að kvíða.

Jú, það er rétt, sú breyting er, að menn horfa með kvíða fram á skipulagðan áætlunarbúskap, sem svo

hefur verið kallaður. Menn horfa með kvíða fram til þess. Við eigum eftir að sjá þetta blessaða frv. um fjárfestingarstofnunina. En það átti ekki að skammta neitt. Það hefur aldrei komið til greina, sagði hæstv. forsrh., að stefna að hafta- og skömmtunarkerfi. Það á aðeins að raða framkvæmdum. Það má kalla þetta ýmsum nöfnum. Það má vera með orðaleik í þessu sambandi. En ef á að raða þessu á undan öðru og hinu á undan hinu o. s. frv., mundi þá ekki vera anzi stutt í það, að það kæmi að því að skammta öðrum, ja, við skulum segja fyrsta sætið, næsta manni annað sætið og þriðja manni þriðja sætið? Þetta gera menn, þegar menn hafa ekki trú á því, að frjálsræðið í þjóðfélaginu ráði bezt við þetta sjálft og einstaklingarnir viti sjálfir bezt, hvernig þeir eiga að fara að með þeim takmörkunum, sem einstaklingsfrelsinu að sjálfsögðu hljóta á hverjum tíma að vera settar. En hæstv. forsrh. sagði líka athyglisvert orð. Það á að setja á laggirnar skipulag, sem þjóni sem bezt markmiðum ríkisstj. Það er einmitt það skipulag og við stjórn þessa skipulags eiga svo einhverjir pólitíkusar að hafa völdin, náttúrlega ríkisstj. í toppinum, og það á að þjóna sem bezt markmiðum ríkisstj. Þetta eru ær og kýr sósíalismans og ær og kýr vinstri stjórnar, sem þegar hefur setzt við völd hér á Íslandi. En þessu hafa bara Íslendingar fengið nokkuð — ja, ég vildi segja nóg af, og ég efast um, að vinsældir ríkisstj. að þessu leyti verði nú svo miklar eða vaxandi eins og hæstv. forsrh. vildi gera sér vonir um.

Það er gott að vera sjálfumglaður, og hæstv. forsrh. segir: Enginn getur betur en ég. — Hann segist vera fullviss um það, að engin ríkisstj. gæti betur gert á Íslandi heldur en þessi hæstv. ríkisstj. hans. Það getur nú verið, að sumir hugsi svona einhvern tíma, en ég held, að færri séu nú að lýsa svona yfir. En það er ekki það, sem öllu máli skiptir.

Herra forseti. Ég vil ekki ljúka máli mínu með öðrum hætti en þeim að óska hæstv. forsrh. til hamingju með þann mikla heiður, sem honum hefur fallið í skaut. Það hefur áður komið fyrir, að menn fá mikinn hróður af litlum afrekum, eins og Davíð Stefánsson segir í einu ljóði sínu:

„Orðstír hlaut af illum sigri
Ólafur kóngur digri."

Sannast að segja galt Framsfl. geysilegt afhroð í þeim kosningum, sem fram fóru á s. l. sumri, eins og áður er að vikið. Má vera, að það hafi orkað nokkuð á um það, að þessum mönnum hafi þótt mikils um vert miklu að fórna til þess að komast í ráðherrastóla. Við sjálfstæðismenn vitum, að áhrif okkar verða ekki útilokuð, enda þótt tilgangurinn sé að setja okkur utangarðs. Við eigum sterkari ítök í hugum fólksins en svo. Á því byggjum við stjórnarandstöðu okkar í þeim mæli, sem ég hef lýst henni. Hún á að vera ábyrg, en hörð, hún á að vera málefnaleg og hún á að vera sanngjörn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Íslenzka þjóðin hefur búið við núverandi flokkaskipun lítt breytta í rúmlega fjóra áratugi. Í hverjum kosningum á fætur öðrum hafa fjórir eða fimm aðalflokkar keppzt um hylli þjóðarinnar, án þess að nokkur þeirra hlyti hreinan meiri hluta. Þingræði hefur því aðeins reynzt starfhæft stjórnkerfi, að flokkarnir hafa myndað hverja samsteypustjórn á fætur annarri.

Þegar tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar sameinast um ríkisstj., hlýtur stefna þeirrar stjórnar að verða málamiðlun milli flokkanna. Sú málamiðlun gerist óhjákvæmilega að tjaldabaki, og hætta er á, að þjóðin missi sjónar af eiginlegri stefnu hvers stjórnmálaflokks, ekki sízt ef samsteypustjórn verður langlíf. Alþfl. hefur átt sæti í ríkisstj. samfleytt í hálfan annan áratug frá sumrinu 1956 til s. l. sumars. Fyrst var svonefnd vinstri stjórn Hermanns Jónassonar, síðan minnihlutastjórn Emils Jónssonar og loks um meira en áratugs skeið þrjú rn. undir forustu Sjálfstfl. Öll þessi ár hefur Alþfl. haldið fram stefnu sinni eftir beztu getu og reynt að gæta hags umbjóðenda sinna, launþega og neytenda, þegar stjórnarstefna hefur verið mörkuð. Mörgum umbótum hefur flokkurinn á þennan hátt komið til leiðar eða átt hlut að þeim, en oft hafa þó erfiðleikar dægurmála og aðstæður í efnahagslífi ráðið því, hvað gert var, og ýtt pólitískum draumum til hliðar. Þrátt fyrir þetta er það trúa mín, að er fram líða stundir, muni hinar margvíslegu umbætur síðustu ára lifa löngu eftir að hagsveiflur efnahagslífsins og stundarerfiðleikar eru gleymdir. Alþfl. hefur um langt árabil ekki verið dæmdur eftir stefnu sinni ómengaðri, heldur eftir málamiðlun í stjórnarsamstarfi við annan og stærri flokk.

Nú hefur eftir eðlilegum reglum þingræðis skipazt svo málum, að aðrir fara með stjórn, en Alþfl. er í fyrsta sinn í 15 ár í stjórnarandstöðu. Flokkurinn stendur nú einn og mun boða stefnu sína óháður öllum öðrum í framtíðinni. Þessi breytta aðstaða gerir það að verkum, að Alþfl. telur það nú höfuðverkefni sitt að endurhæfa að ýmsu leyti stefnu sína í dægurmálum í anda grundvallarstefnu jafnaðarmanna. Þessi staðreynd mun móta afstöðu flokksins til ríkisstj., og það verður hlutverk flokksins að gæta hagsmuna launþega, svo og allra þeirra, sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Flokkurinn mun leitast við að veita núverandi stjórnarflokkum aðhald í þessum efnum, ekki síður en þeir oft og tíðum vægðarlaust gagnrýndu Alþfl., er hann sat í stjórn undanfarin ár og varð stundum að standa að óvinsælum, en óhjákvæmilegum ráðstöfunum, þegar á móti blés.

S. l. vor var því lýst yfir af hálfu Alþfl., að hann teldi rökrétta afleiðingu alþingiskosninganna, að Framsfl., Alþb. og SF mynduðu ríkisstj. Þetta gerðist og skömmu síðar, og það er enn skoðun Alþfl., að þessir flokkar eigi að fá tækifæri til að stjórna landinu, fá eðlilegt tækifæri til þess að reyna stefnu sína í framkvæmd. Hæstv. ríkisstj. kom til valda í miklu góðæri. Þess eru engin dæmi í stjórnmálasögu Íslendinga, að ný ríkisstj. hafi tekið við svo góðum fjárhag ríkissjóðs sem verið hefur nú í sumar. Hitt hefur verið algengara, að ríkisstjórnir hafa mátt byrja á að gera ráðstafanir til að rétta við efnahag landsins, og þær hafa þá gert óþægilegar aðgerðir í trausti þess, að kenna mætti fráfarandi stjórn um allan vandann. Slíku er ekki til að dreifa að þessu sinni.

Enda þótt fjárhagshorfur hafi verið góðar fyrir kosningar á s. l. vori, treystu fyrrv. stjórnarflokkar ekki svo á batnandi hag ríkissjóðs, að þeir teldu þá rétt að gera ýmsar þær ráðstafanir, sem núv. ríkisstj. hefur gert í sumar. Reynslan hefur sýnt, að þeir hefðu gjarnan

mátt vera djarfari en þeir voru. En um það þýðir ekki að fást. Og þetta breytir ekki þeirri staðreynd, að Alþfl. fagnar hverju því skrefi, sem bætir hag þeirra, sem njóta almannatrygginga, svo og sjómanna og annarra launþega.

Þegar fyrrv. ríkisstj. hafði til athugunar frv. um endurskoðun tryggingalaganna, var fyrst í stað gert ráð fyrir tryggingabótum, sem næmu 300 millj. kr. Þingflokkur Alþfl. neitaði að fallast á frv. nema bæturnar hækkuðu í 500 millj. í stað 300. Ríkisstj. fékkst til þess að ganga inn á þessa verulegu hækkun, en treysti sér ekki til að láta hana koma til framkvæmda 1. ágúst, eins og margir hefðu þá viljað. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að fyrir alþingiskosningar á s. l. vori réðust núv. stjórnarflokkar sérstaklega á Alþfl. fyrir þessa 500 millj. kr. hækkun á bótum almannatrygginganna og töluðu um smánarbætur í því sambandi. Nú eru þessir menn komnir til valda í einu mesta góðæri sögunnar og hafa lagt fyrir Alþ. fyrstu fjárlög sín. En viti menn. Smánarbæturnar eiga ekki að hækka. Hin nýja ríkisstj. hefur ekki sett sér, enn a. m. k., hærra mark í tryggingamálum en að framkvæma þau lög, sem síðasta ríkisstj. gekkst fyrir, að sett væru. Þeir kölluðu það smánarbætur, þegar við Alþfl.-menn knúðum fram og fengum með fylgi síðustu ríkisstj. 500 millj. kr. hækkun tryggingabóta. Nú hafa þeir meiri hl. á Alþ., nú fara þeir með ríkisstj., en þeir virðast ekki treysta sér til þess að gera betur.

Þetta kann að vera vísbending um sitthvað fleira. Stjórnarflokkarnir munu komast að raun um, ef þeir reyndustu í hópi þeirra hafa gleymt því í langri stjórnarandstöðu, að þeir bera nú ábyrgð á þjóðarbúinu í heild og það er eitt að lofa og annað að efna loforðin. Málefnasamningur stjórnarflokkanna, sem hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir, er alllangt og ítarlegt plagg. Kennir þar margra grasa og er heitið ýmsum breytingum á íslenzku þjóðfélagi, sem ég hygg, að fáir munu andmæla, ef stjórninni tekst að hrinda þeim í framkvæmd. Í heild minnir samningurinn þó á pólitíska óskalista, en mikið skortir á, að þar sé gerð fullnægjandi grein fyrir ýmsum undirstöðuatriðum, svo sem fjárhagshlið mála, og er því ekki ljóst, hvernig stjórnarflokkarnir hyggjast framkvæma hin ýmsu stefnumál sín.

Margt af því, sem ríkisstj. hefur tekið sér fyrir hendur, er í samræmi við hugsjón og stefnu Alþfl. Og flokkurinn mun að sjálfsögðu styðja þau mál, er til framkvæmda þeirra kemur. En það, sem hefur vakið hvað mesta athygli í stjórnarsáttmálanum, er, að ríkisstj. lofar að beita sér fyrir 20% aukningu á kaupmætti láglaunafólks, en lofar þar að auki kjarabótum eins og 40 stunda vinnuviku, fjögurra vikna orlofi og ýmsu fleira. Það mun vafalaust verða þjóðinni allri mikið fagnaðarefni, ef unnt reynist að standa við þessi áform. Sá áróður, sem haldið hefur verið uppi með miklum krafti, að fyrrv. stjórnarflokkar hafi vísvitandi viljað, að Ísland yrði láglaunasvæði, er bæði ósvífinn og ósannur. Ekkert hefur verið eða er Alþfl. meira áhugamál en raunhæfar kjarabætur fyrir allar stéttir, en alveg sérstaklega þær, sem hafa búið við lægst laun. Alþfl. hefur jöfnum höndum reynt að stuðla að bættum kjörum með hærra kaupgjaldi og félagslegum umbótum, en margt hefur valdið því, að oft hefur verðbólgan gert að litlu það, sem áunnizt hefur, og getur svo farið enn. A. m. k. virðist hæstv. forsrh. óttast það, svo greinilega tók hann fram, að hann lofaði ekki stöðvun verðbólgunnar. Alþfl. hefur því ekki talið rétt að gefa mikil fyrirheit, eins og núv. ríkisstj. gerir, en hefur lagt meiri áherzlu á efndirnar, sem flokkurinn veit af langri reynslu, að oft geta verið erfiðleikum bundnar.

Ekki verður sagt, að stefnuyfirlýsing ríkisstj. í kjaramálum launþega hafi haft hagstæð áhrif á þá samninga, sem nú standa yfir milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda. Vegna hinna fögru fyrirheita hafa atvinnurekendur getað snúið sér beint að ríkisstj. og spurt, hvernig hún hyggist framkvæma loforð sín. Enn hefur orðið fátt um svör af hálfu stjórnarinnar, og atvinnurekendur hafa því komizt hjá því hingað til að lofa svo mikið sem einum eyri eða gera nokkra tilslökun gagnvart óskum verkalýðsfélaganna. Þannig hafa vikurnar liðið, án þess að nokkur árangur yrði af löngum samningafundum. Gerast launþegar nú óþolinmóðir og böndin hljóta að berast að ríkisstj. Hvernig ætlar hún að leysa samningamálið? Hún hefur blandað sér inn í það með loforðum sínum í stjórnarsáttmálanum, svo að hjá því verður ekki komizt, að hún beri þunga vandans. Hvenær má búast við því, að gengið verði til þess að leysa þetta mál?

Hæstv. fjmrh. hefur að vanda lagt fram fjárlagafrv., hið fyrsta af hendi hinnar nýju ríkisstj. Að vísu hefur stjórnin enn aðeins setið skamman tíma, en forustumenn hennar á fjármálasviði hafa undanfarin ár fylgzt nákvæmlega með gerð fjárlaga og eru þar öllum hnútum kunnugir. Fjárlagafrv. hefði því átt að bera einhver merki um verulega stefnubreytingu, ef slíks væri að vænta af ríkisstj. hálfu.

Hæstv. forsrh. kvað upp þunga dóma um stjórn menntamála í tíð fyrrv. ríkisstj., enda þótt það sé allri þjóðinni ljóst, að aldrei í sögu hennar hafi verið stigin eins stór skref í þeim málum, hvort sem litið er á uppbyggingu löggjafar, þar sem hver einasti þáttur í menntakerfi þjóðarinnar hefur verið endurskoðaður á 10 ára tímabili, eða á uppbyggingu skólanna. Hver einasti maður hefur séð þessar framfarir. Ef ástandið í mennta- og kennslumálum væri svo slæmt sem hæstv. forsrh. virðist telja það, hvers vegna má þá ekki sjá þess nein merki í fjárlagafrv., að það eigi að gera snöggar og stórar ráðstafanir til að bæta úr því ástandi? Annaðhvort er, að hæstv. forsrh. trúir ekki því, sem hann segir í þessum efnum, og veit, að hann fer með rangt mál, eða þá fjármálastjórnina er þegar farið að bresta, ef hún getur ekki fylgt eftir svo stórorðum fullyrðingum oddvita ríkisstj. á Alþ. með gerðum í fjárlagafrv.

Það er margur vandi enn óleystur og mikið verk óunnið, áður en hallalaus fjárlög verða afgreidd, ef það tekst. Hvergi sést heildarmynd þjóðarbúsins betur en á fjárl., en þar virðist ekki vera um nýjar leiðir að ræða, nema síður sé.

Stefna ríkisstj. í utanríkismálum hefur vakið hvað mesta athygli og deilur innanlands og utan. Þar ber hæst tvö stórmál, útfærslu landhelginnar og varnarmálin. Landhelgismálið komst á dagskrá fyrir 3—4 árum, er stórveldin hófu baráttu fyrir því, að 12 mílur yrðu staðfestar sem þjóðaréttur. Málefni hafsbotnsins og mengun sjávar komust á dagskrá hjá Sameinuðu þjóðunum og fram kom hugmynd um nýja alþjóða-

ráðstefnu um öll þessi mál 1973. Þessi þróun mála var að því leyti hættuleg fyrir Íslendinga, að lögfesting 12 mílna fiskveiðimarka er alls óviðunandi fyrir okkur og andstæð þeirri stefnu, sem þjóðin markaði sér með landgrunnslögunum fyrir aldarfjórðungi.

Þegar þessi tíðindi gerðust, brá fyrrv. ríkisstj. þegar við og hóf margvíslegar ráðstafanir til að vinna á móti þessum áformum stórveldanna, bæði með því að kynna viðhorf okkar Íslendinga og vinna beinlínis á móti samningsuppköstum, sem þegar var búið að gera. Ég skal ekki rekja það frekar hér, en vil benda mönnum á, að þótt starf í höndum manns eins og Emils Jónssonar hafi oft verið unnið í meiri kyrrþey heldur en yngri menn temja sér, skulu menn ekki vanmeta það, sem þá var unnið í þessu máli, enda hefur verið hægt á því að byggja síðan.

Fyrrv. ríkisstj. kallaði fulltrúa þingflokkanna í nefnd til að reyna að samræma skoðanir og móta stefnu í málinu, sem allir flokkar gætu staðið að. Þetta tókst því miður ekki, og fyrir kosningar urðu um landhelgismálið miklir flokkadrættir. Greindi menn að vísu ekki á um meginstefnu, heldur öllu frekar um starfsaðferðir og tímasetningu, en þó ber vissulega að harma, að þetta mál skyldi verða mesta áróðursmál og átakamál kosninganna. Þær deilur styrktu málstað Íslendinga ekki.

Núv. ríkisstj. fór að dæmi hinnar fyrri og kom á fót landhelgisnefnd með fulltrúum allra flokka til þess að fjalla um framkvæmd málsins. Hefur samstarf í þeirri nefnd verið að ýmsu leyti gott og gagnlegt, og hefur þar náðst samkomulag um ýmis framkvæmdaratriði. Er ástæða til að láta í ljós ánægju yfir því, að hæstv. utanrrh. hefur haldið á málinu af meiri ábyrgð og gætni en ætla mátti eftir viðhorfum a. m. k. sumra stjórnarsinna. Það styrkir málstað Íslendinga til muna, að ráðh. skyldi bjóða frekari viðræður við þær þjóðir, sem telja sig eiga mestra hagsmuna að gæta, hvort sem þær viðræður koma til að bera árangur eða ekki.

Eins og sakir standa virðist aðeins eitt efnislegt atriði geta valdið teljandi ágreiningi í landhelgismálinu, en það eru sjálf útfærslumörkin. Ríkisstj. heldur fast við 50 mílur, en Alþfl. hefur ítrekað þá afstöðu sína, að ekki megi skilja eftir utan landhelgi þýðingarmiklar sneiðar af landgrunninu, sérstaklega úti fyrir vestanverðu landinu, og beri því að færa út allt að 400 metra dýptarlínu, sem er nærri brún landgrunnsins. Síðan verður að breyta landgrunnslögunum, eins og Alþ. hefur raunar þegar samþ. að gera, og þar er nauðsynlegt að halda opnum leiðum til þess að fjalla síðar um hlíðar landgrunnsins og athuga framtíð þeirra. Alþfl. vill mikið á sig leggja til þess að varðveita þjóðareiningu í landhelgismálinu og vill hafa náið samstarf við aðra flokka til að öll meðferð þess verði sem heilsteyptust. Flokkurinn mun leitast við að gera ekki framkvæmdaratriði eða minni háttar mál óþarflega að deiluefni, en mun halda sér eingöngu við það, sem hann telur meginatriði. Flokkurinn áskilur sér því allan rétt varðandi landgrunnslínuna, sem ég hef þegar nefnt.

Íslenzka þjóðin gerir sér vonandi ljóst, að landhelgismálið er erfiðasta verkefni í samskiptum við umheiminn, sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Diplómatísk kurteisi og vinsamlegar móttökur sendimanna okkar erlendis mega ekki villa okkur sýn. Andstaða gegn þeirri útfærslu, sem við áformum, er hörð og alvarleg. Okkur hefur þegar verið hótað ýmsum gagnráðstöfunum, sem gætu valdið okkur miklu tjóni. Þess vegna má einskis láta ófreistað til þess að finna leiðir, er draga kynnu úr þessum gagnráðstöfunum, og er mikið til þess vinnandi. Landhelgismálið verður veigamesta verkefni þessa þings. Alþfl. mun styðja hverja þá viðleitni, sem eykur líkur á farsælum lyktum málsins, þannig að við Íslendingar fáum þá útfærslu, sem við teljum okkur lífsnauðsyn og með sem minnstri andstöðu annarra þjóða.

Í varnarmálum hefur ríkisstj. lýst yfir, að hún muni beita sér fyrir því, að varnarliðið fari úr landinu í áföngum á næstu fjórum árum. Þessi yfirlýsing kemur Íslendingum varla á óvart, þar sem stjórnarflokkarnir hafa allir um nokkurra ára skeið fylgt þeirri stefnu, að varnarliðið skuli hverfa á brott, enda þótt Framsfl. hafi hingað til tekið upp aðra stefnu í þessum efnum, þegar hann hefur setzt í ríkisstj. Utanrrh. hefur einnig í þessu máli sýnt nokkra varúð og fer sér hvergi óðslega. Hann hefur tilkynnt, að viðræður við Bandaríkjamenn hefjist ekki fyrr en snemma á næsta ári, en málið verði athugað vandlega fyrir þann tíma. Sú framkoma að taka fyrst ákvörðun í slíku máli, en hefja síðan athugun þess, vekur varla traust innanlands eða utan. Yfirleitt er talið skynsamlegra að láta athugun fara fram fyrst, en taka síðan ákvörðun um stefnu á grundvelli athugunarinnar. Ekki hefur verið frá því skýrt, hverjir annist athugun varnarmálanna og hvernig hún fer fram. Væri þó vissulega ástæða til að veita þjóðinni nokkrar upplýsingar um meðferð málsins.

Andstaða gegn setu erlends hers í landinu hefur jafnan verið allsterk hér á Íslandi og á hún sér nokkurn hljómgrunn í huga langflestra landsmanna. Þessi skoðun er fyrst og fremst byggð á tilfinningum og sterkri þjóðerniskennd. Hins vegar er öryggi íslenzka lýðveldisins í nútímaheimi vandasamt mál, sem ekki er unnt að leysa eingöngu á grundvelli tilfinninga. Þar verður einnig að koma til raunhæft mat á heimsmálum hverju sinni, landfræðilegri stöðu Íslands, þróun hermála og öðrum slíkum atriðum. Þeir menn, sem mótað hafa og stutt þá stefnu, sem fylgt hefur verið í varnarmálum, hafa byggt á slíku mati þrátt fyrir tilfinningar sínar.

Því verður ekki neitað, að undanfarin ár hafa gerzt allmiklar breytingar á því svæði, sem Ísland er hluti af. Hafið ræður örlögum okkar, og þar er nú byrjað vígbúnaðarkapphlaup með stórfelldum smíðum herskipa, fyrst og fremst af hálfu Sovétríkjanna, en nú einnig af hálfu annarra. Frændur okkar, Norðmenn, hafa af þessari þróun alvarlegar áhyggjur og það ættum við Íslendingar einnig að hafa. Við getum ekki stungið hausnum í sandinn og látið eins og við vitum ekki af því, sem er að gerast umhverfis okkur eða það komi okkur ekki við. Við stöndum á þessu taflborði miðju, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Íslendingar verða að láta raunhæft mat á aðstæðum ráða stefnu sinni í varnarmálum. Við þyrftum að hafa meira samráð um þessi mál við nágranna okkar, sem eiga við sams konar vanda að glíma. Væri ekki athugandi fyrir Ísland að bjóða ríkjunum við Norðurhaf, þ. e. við Grænlandshaf, Íslandshaf og Noregshaf, til sérstakrar ráðstefnu til þess að fjalla um öryggismál á þessu svæði, sem er nánar tiltekið hafið milli Græn-

lands, Íslands, Færeyja og Noregs? Slík ráðstefna haldin án þátttöku stórveldanna gæti reynzt vera gagnleg.

Fyrrv. utanrrh., Emil Jónsson, hafði ákveðið veigamiklar breytingar á skipan mála á Keflavíkurflugvelli, lengingu flugbrauta, sem eru nauðsynlegar fyrir Loftleiðir, og algeran aðskilnað varnarliðsins og hinnar íslenzku flugstöðvar. Þessar framkvæmdir eru nú í óvissu vegna þeirrar tvísýnu, sem er um framvindu þessa máls í höndum ríkisstj. Alþfl. telur ekki óeðlilegt, að varnarsamningurinn verði endurskoðaður, því að margt getur verið orðið úrelt í honum eftir 20 ár. En ákvörðun um breytingar á skipan varnarmálanna telur flokkurinn ekki rétt að taka fyrr en fullkomin athugun, samráð við nágranna og endurskoðun samningsins hafa átt sér stað.

Alþfl. er andstæður ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Engu að síður telur flokkurinn, að þessi ríkisstj. eigi að fá tækifæri til að reyna stefnu sína og glíma um sinn við vandamál þjóðarinnar, svo að séð verði og sannreynt, hvernig hún framkvæmir fyrirheit sín. Alþfl. mun leitast við að haga stjórnarandstöðu sinni á málefnalegan hátt. Flokkurinn mun styðja þau mál, sem honum þykir til bóta, en beita sér harðlega gegn hinum, sem hann er ósammála. Alþfl. mun í stjórnarandstöðu ekki síður en í stjórn starfa í anda jafnaðarstefnunnar og leitast við að auka og styrkja frelsi, jafnrétti og bræðralag í þjóðfélagi okkar. Flokkurinn mun vinna að einingu allra sannra jafnaðarmanna á Íslandi til þess að í framtíðinni verði áhrif stefnu þeirra á þróun íslenzks þjóðfélags enn meiri og betri en hingað til.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eftir ítarlega framsöguræðu hæstv. forsrh. af hálfu ríkisstj. get ég leyft mér að vera stuttorður. Úrslit seinustu þingkosninga og myndun núv. ríkisstj. marka skýr og ótvíræð þáttaskil í íslenzkum stjórnmálum. Málefnasamningur stjórnarflokkanna, sem hér hefur verið rakinn og ekki skal endurtekinn, ber augljós merki um þau tímamót, sem orðin eru. Ég nefni örfá dæmi. Loksins hefur ákveðin stefna verið mörkuð í landhelgismálinu eftir margra ára hik. Úrtöluraddirnar eru þagnaðar og þjóðin öll tekur nú virkan þátt í að undirbúa erfiða og örlagaríka baráttu, sem fram undan er til verndar íslenzkum fiskimiðum.

Í utanríkismálum hafa Íslendingar tekið upp sjálfstæðari stefnu en áður var og herseta erlendra manna í landinu er ekki lengur eðlilegt ástand í augum íslenzkra ráðamanna. Í efnahags- og atvinnumálum er að verða mikil breyting. Á skömmum valdaferli ríkisstj. hefur tekizt að bæta kjör aldraða fólksins og öryrkja og rétta að nokkru hlut láglaunamanna. Og áfram verður haldið á þessari braut. Víðtæk áætlanagerð mun senn hefjast, nútímaleg vinnubrögð við eflingu íslenzkra atvinnuvega, og megináherzlan verður nú lögð á uppbyggingu atvinnutækja í eigu landsmanna sjálfra.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málefnasamning ríkisstj. En ég minni á það, sem flestum mun vera ljóst, að þessi samningur túlkar ekki nema að nokkru leyti stefnu Alþb. Ef við hefðum einir mátt ráða, hefði þar ýmislegt staðið, sem þar er ekki að finna. En samningurinn er góður samnefnari þriggja stjórnmálaflokka, sem beina nú sameiginlega kröftum sínum að því að byggja upp betra og heilbrigðara þjóðfélag. Alþb. styður þessa ríkisstj. af öllum mætti og mun gera sitt til að varðveita hinn ágæta samstarfsanda, sem ríkt hefur í samskiptum flokkanna þriggja frá myndun núv. ríkisstj.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tel raunar alveg ástæðulaust, að samstarfsflokkarnir í ríkisstj. lýsi yfir sérstaklega úr ræðustóli á Alþ., að við styðjum þá ríkisstj., sem við erum þátttakendur í, en það skal ekki fara á milli mála, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna eru aðili að þessari ríkisstj. og styðja þann merka stjórnarsáttmála, sem okkur tókst á liðnu sumri að gera. Ég vitna til stjórnarsáttmálans. Forsrh. las hann upp, birti hann fyrir hv. Alþ. og túlkaði hann á sérhvern þann hátt, sem ég get undirstrikað og tileinkað mér og mínum flokki. Ég vil aðeins vona það, að sú merka stefna, sem mótuð er með stjórnarsáttmálanum, fái glæsilega framkvæmd af núv. ríkisstj. og mun leggja mig fram um það fyrir hönd flokks míns og flokkur minn mun þar ekki liggja á liði sínu.

Ég fer ekkert efnislega út í þær umr., sem hér hafa farið fram, tel, að ef umr. hefði verið hagað á þann hátt að fresta þeim, þá hefði gefizt ærið tilefni til þess, vegna þess, sem fram hefur komið af hendi stjórnarandstöðunnar, en tel, að næg tilefni muni þá gefast til þess síðar. Ég fagna því, að stjórnarandstöðuflokkarnir báðir hafa lýst því yfir, að þeir í mesta örlagamáli ríkisstj., landhelgismálinu, muni láta markmið málsins ráða afstöðu sinni og ekki gera aukaatriði að ágreiningsefni. Það eitt vil ég segja efnislega um málið á þessu stigi. Ég tel, að hér sé mörkuð þjóðarstefna, sem eigi að sameina alla stjórnmálaflokkana á Íslandi um framkvæmd þeirrar stefnu, svo að enginn af andstæðingum okkar úti í heimi geti sagt, að íslenzka þjóðin sé sjálfri sér sundurþykk um það mál. Það er örlagaglíma okkar og það ríður á því, að við stöndum saman um það mál.

II. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 68. fundi í Sþ., 12. maí, voru teknar á dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (EystJ): Fundur er settur í sameinuðu Alþingi. Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður, eldhúsdagsumræður, útvarpsumræður.

Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær til umráða 40 mínútur, er skiptast jafnt í tvær umferðir. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., SF og Alþb. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð: 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, í síðari umferð 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, og Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð: Forsrh., Ólafur Jóhannesson, og í síðari umferð utanrrh., Einar

Ágústsson. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð: 2. landsk. þm., Pétur Pétursson, og í síðari umferð 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson. Fyrir SF í fyrri umferð: Menntmrh., Magnús T. Ólafsson, og í síðari umferð 6. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson. Fyrir Alþb. í fyrri umferð: Iðnrh., Magnús Kjartansson, og í síðari umferð 5. þm. Sunnl., Garðar Sigurðsson, og 8. þm. Reykv., Sigurður Magnússon. — Hefst nú umræðan, og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í almennum stjórnmálaumr. á Alþ., svokölluðum eldhúsdagsumr., liggur að sjálfsögðu fyrir að skyggnast um þinghaldið sjálft í höndum nýrrar ríkisstj. og aðra þætti stjórnmálanna.

Hæstv. ríkisstj. hefur setið skamman tíma að völdum, sem segir þó sína sögu og gefur þegar nokkurt hugboð um framvinduna. Ill var hin fyrsta ganga, er gamalkunnugt orðtak. Því miður virðist það ætla að sannast of berlega á núverandi hæstv. ríkisstj. Var ekki lofað og látizt og talið, að allt léki í lyndi? Var ekki mat sjálfrar ríkisstj., að hún hefði setzt í svo gott bú þjóðarinnar, að hægt væri að lofa miklu?

Forsrh. var að því spurður á Alþ. 15. nóv. s. l., hvort ríkisstj. hefði kynnt sér, hvort atvinnuvegirnir og þjóðarbúið gætu staðið undir því að veita launþegum 20% kaupmáttaraukningu, lengingu orlofs og styttingu vinnuvikunnar. Forsrh. svaraði því skýrt og afdráttarlaust. Svar forsrh. var þannig: Að sjálfsögðu var ríkisstj. búin að kynna sér þau gögn, sem lágu fyrir, og þær upplýsingar, sem hún fékk í hendur frá ýmsum aðilum, áður en hún gaf sína yfirlýsingu út. Þetta var hennar mat þá á þeim gögnum, sem fyrir lágu, að þannig væri hægt að standa að málum til að því markmiði, sem þar var sett fram, yrði náð. En hvar stöndum við nú? Fyrst er e. t. v. rétt að huga að innviðum stjórnarsamstarfsins. Varðandi utanríkismál segir í stjórnarsáttmálanum, að stjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um, að ágreiningur sé milli þeirra um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þetta var þá upphafið. Og hvers mátti síðan vænta? Þegar um jafnmikilvægt mál var að ræða, hefði reyndar mátt ætla, að með slíkri yfirlýsingu væri sagt, að grundvöllur stjórnarsamstarfs væri alls ekki fyrir hendi. Er það sennilega algert einsdæmi í hinum vestræna heimi og jafnvel þótt skyggnzt væri austur fyrir járntjald, að ríkisstj. sé saman sett og ágreiningur sé um sjálf varnarmál landsins. En hér var talið til mikils að vinna. Formaður Framsfl. myndaði ríkisstj., og það eitt að komast í ríkisstj. var látið sitja fyrir öðru.

Kommúnistar voru leiddir til hásætis í öllum meginmálum nema utanríkismálum, en þar hefur kennt margra grasa, enda yfirlýstur ágreiningur frá upphafi. Til þess að samrýmast yfirlýstum ágreiningi hefur utanrrh. þurft að gefa hverja yfirlýsinguna af annarri annaðhvort með eða á móti því, sem kommúnistar hafa viljað, og þeir síðan hnykkt á sitt á hvað, og fá menn tæpast tölu komið á þá mörgu snúninga. Þjóðin fékk augum að líta riddaralið það, sem Framsókn valdi sér til brautargengis í sjónvarpsþætti á liðnum vetri, og enn fagnaði þetta sama lið höfðingjum sínum að Árnagarði ekki alls fyrir löngu. Mannvalið er mikilfenglegt. Einu sinni slettist upp á vináttuna um sjálfa páskahelgina, en þá klofnaði hin virðulega ríkisstj. um lengingu flugbrautar á Keflavíkurflugvelli. Við þann þverbrest var svo látið sitja og yfirlýst í blöðum stjórnarliðsins, að vináttan innan stjórnarherbúðanna hefði aldrei verið innilegri og betri en eftir klofninginn.

Allt er slíkt framferði í utanríkismálum þjóðarinnar og öryggismálum slík háðung, að engu tali tekur. Þjóðviljinn tekur utanrrh. Framsóknar á hné sér þann 6. maí s. l. og lætur hann segja orðrétt og birtir innan gæsalappa, að hann sjálfur, utanrrh., hafi sagt við Rogers, utanrrh. Bandaríkjanna, að ríkisstj. líti svo á, að við þyrftum ekki að þola hér erlent herlið. Hvenær höfum við þurft að þola hér erlent herlið? Höfum við ekki sem frjáls og sjálfstæð þjóð gert varnarsamning við Bandaríkin innan vébanda Atlantshafsbandalagsins? Hefur ekki utanrrh. og reyndar menntmrh. líka neitað því afdráttarlaust beinlínis aðspurðir í sjónvarpsþætti, að við værum hernumið land? Hvers vegna þá að tala um að þola erlent herlið? Í þessum efnum þurfum við ekkert að þola annað en það, sem við sjálfir kjósum og viljum. Ég hygg einnig, að æ fleiri séu þeirrar skoðunar í dag, að ríkisstj. muni sjá að sér áður en lýkur og væri þá betur komið okkar málum.

Um landhelgismálið náðist einróma samstaða á Alþ., en ríkisstj. og hennar liði er ekki sérlega fyrir að þakka. Eftir að fórnað hafði verið eða felldar till. beggja stjórnarandstöðuflokkanna um landgrunnsstefnuna, létu þeir gott heita að fylgja ríkisstj. um minni kröfur en fólust í þágildandi ályktun Alþ. frá 7. apríl í fyrra, til þess að fyrir lægi einróma samstaða út á við. Það er krafa þjóðarinnar í dag, að landhelgismálinu sé stýrt farsællega í höfn með samkomulagi til bráðabirgða við aðrar þjóðir, gagnkvæmum skilningi, en sigurvilja. Telja mætti næsta eðlilegt að hafa um jákvæð úrlausnarefni þessa vandamáls, sem þó stefnir ótvírætt að sigri okkar, samráð við fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og yfirleitt að skapa í sérhverjum aðgerðum okkar sem mesta breidd og samstöðu, eins og þessu lífshagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar bezt sæmir. Við sjálfstæðismenn höfum flutt á þessu þingi frv. og þáltill. til þess að styrkja aðstöðu okkar í landhelgismálinu, bæði er varðar landgrunnið, landhelgismörkin, byggingu varðskips og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæzlunnar í framtíðinni, samfara stórauknum framlögum til Landhelgissjóðs Íslands. Vissulega hefðum við mátt vænta jákvæðrar afstöðu stjórnarliðsins til slíkra mála, enda þá fyrst samræmi í einingu þingflokka í þessu máli og framvindu þess, en slík mál liggja óbætt hjá garði, enn í þingnefnd.

Hvert stefnir nú í efnahagsmálum þjóðarinnar? Hefur ríkisstj. þar mótaða stefnu? Færustu hagfræðingar benda réttilega á, að verðbólgualdan rísi nú sennilega hærra en nokkru sinni fyrr. Stjórnarliðið talar um kjarabætur og vinnufrið, verkföll og vinnudeilur hafa rekið og reka hvert annað. Farmannaverkfallið, eitt lengsta sinnar tegundar, alvarlegar deilur með kjaradómsúrskurði við opinbera starfsmenn, deilt er við lækna og hjúkrunarkonur og fleiri blikur eru á lofti. Sífelldar verðhækkanir ríða yfir almenning. Ríkisstj. segir, að það sé þessu eða hinu að kenna, en fólkið hefur ekki til annars að grípa en eigin pyngju, og mörgum finnst tæplega endast of vel innihaldið til útgjaldanna.

Ríkisstj. leggur nú fram í þinglokin framkvæmda- og

fjáröflunaráætlun, sem lýsir fjáröflun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða, samtals upp á meira en 2000 millj. kr. Þetta gerist í einu mesta góðæri, sem við höfum notið. Spariskírteini með verðtryggingu ætlar ríkisstj. að selja fyrir 500 millj. kr. Spariskírteini fyrir 200 millj. kr. voru seld fyrir áramót. Ný verðbréfaútgáfa af þessu tagi hefur numið um 75 millj. kr. síðustu ár. Hér við bætist um 100 millj. kr. happdrættislán til vegagerðar yfir Skeiðarársand og loks eru 300 millj. kr. af eldri spariskírteinum, sem á að endurlána. Hvaða áhrif halda menn, að slík ráðsmennska hafi á getu banka og sparisjóða til að sinna rekstrarlánaþörf atvinnuveganna? Vissulega verða þessar fjárfúlgur teknar úr bönkum og sparisjóðum nær allar. Þar á ofan bætist víxilsláttur ríkissjóðs hjá bönkum, sem ráðgert er að nema kunni hundruðum millj. kr., en slíkt er eitt af nýjustu bjargráðunum.

Hér er ekki staðar numið. Þessu til viðbótar á að taka erlend lán, sem sagt er að muni nema 6—700 millj. kr. Erlend lán vegna framkvæmdaáætlunar í fyrra námu aðeins 80 millj. kr. Og enn getur verið um að ræða viðbótarlántökur, sem orðaðar hafa verið óljóst, 150—250 millj. kr. Með þessum hætti er þvinguð fram tilfærsla fjármagns frá fyrirtækjum og einstaklingum til hins opinbera og fjárfúlgurnar notaðar til þess að yfirbjóða vinnuaflið og kynda undir verðbólgunni. Að vísu má segja, að framkvæmdir, sem til er vitnað í framkvæmdaáætluninni að afla skuli fjár til, séu út af fyrir sig góðra gjalda verðar, — en hvert stefnir? Er vísvitandi verið með öllum ráðum að auka þensluna af hálfu hins opinbera? Í skýrslu ríkisstj. segir svo: „má fastlega gera ráð fyrir, að allt þanþol sé á þrotum.“ Allt þanþol á þrotum! Þetta er ekkert ofmælt, síður en svo, því að samanburður frá fyrra ári varðandi fjárvöntunina sjálfa til framkvæmdanna er allt að því fjarstæðukenndur. Fjárvöntun til framkvæmdaáætlunar í fyrra í tíð fyrrv. ríkisstj. var mætt með þessu tvennu: Í fyrsta lagi með sölu spariskírteina 75 millj. kr., erlendri lántöku (PL-480) 80 millj. kr., eða samtals 155 millj. kr. Sambærilegt dæmi er nú: Sala spariskírteina samkv. fyrirliggjandi frv. 500 millj. kr. Sala spariskírteina fyrir áramót 200 millj. kr. Happdrættislán vegna Skeiðarárvegar 95 millj. kr. Áætlaðar erlendar lántökur um 665 millj. kr. og óákveðnar viðbótarlántökur 240 millj. eða samtals 905 millj. kr. Samtals eru þetta 1700 millj. kr. samanborið við það, sem í fyrra þurfti á að halda, að afla 155 millj. kr. Hér er um að ræða hvorki meira né minna en 10—11 sinnum hærri upphæð en á s. l. ári, þegar framkvæmdaáætlunin var gerð. Gerir hæstv. ríkisstj. sér grein fyrir þessu? Vill hún gera svo vel að skýra og rökstyðja áform sín? Flýtur hún sofandi að feigðarósi?

Gert er ráð fyrir í skýrslum ríkisstj., að þjóðartekjur muni tæpast vaxa á þessu ári nema um 5—6%, samt er gert ráð fyrir því, eins og þar stendur, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna verði í heild nálega 15% meiri en á síðasta ári. Þessir útreikningar um kaupmáttaraukningu þarfnast alvarlegrar endurskoðunar og liggur reyndar í augum uppi, að þeir geta ekki stuðzt við annað en ráðagerðir um, að þjóðin eigi að lifa á slætti með viðskiptahalla við útlönd, sem nema muni þúsundum millj. kr. Þannig á að skrifa ávísun á framtíðina, auk þess sem vísitölufölsunin er ekki talin með í dæminu og stytting vinnutíma rangmetin til kjarabóta sem kaupmáttaraukning. Á slíkri kaupmáttaraukningu skyldu launþegar alvarlega vara sig.

Alvarlegum áhyggjum hlýtur að valda, að gjaldeyrisvarasjóðurinn gangi til þurrðar, enda hefur hann minnkað um 1000 millj. kr. frá áramótum, þegar erlendar lántökur eru frá taldar. Undanfarin ár, 1969 og 1970, var viðskiptajöfnuðurinn við útlönd hagstæður, sem m. a. leiddi til hins mikla hagvaxtar síðustu ára, t. d. í iðnaði allt að 15%.

Sé litið yfir þinghaldið í heild, verður ekki annað sagt en að mörg meiri háttar mál hafi verið mjög flaustursleg undirbúin, og hvað eftir annað hefur orðið ljós verulegur ágreiningur innan stjórnarliðsins. Virðist það stundum stafa af því, að einum stjórnarflokki er tæpast ljóst, hvað annar hefst að í málatilbúnaði. Þetta var m. a. mjög bert varðandi skattamálin. Mjög stirðlega gekk að afgreiða þau. Víða kom í ljós, að alvarlega er hallað á vissa aðila, svo sem t. d. aldraða fólkið og einstæðar mæður, sem tæplega virtist mega gera ráð fyrir, að raunverulega vekti fyrir stjórnarliðinu.

Ungt fólk, sem hefur í því staðið að koma sér upp húsnæði með ærnum tilkostnaði og þá jafnan mikilli skuldasöfnun, fær ekki vexti af lánum reiknaða til frádráttar, þegar útsvar er á lagt. Sérstakur frádráttur aldraðra, sem heimilaður var í lögum í fyrra, er nú afnuminn, og veldur það eldra fólki þungum byrðum samfara þyngingu fasteignaskatta hjá þeim, sem eignazt hafa húsnæði á lífsleiðinni. Sýnt hefur verið fram á, að skattar ekkju, sem fær ellilaun og 50% makabætur, geta í lægri launaflokkum hækkað um meira en 100% frá því, sem ella hefði orðið. Felld var till. sjálfstæðismanna um að heimila sveitarstjórnum að veita allt að 50% frádrátt frá tekjum giftra kvenna, áður en útsvar er á þær lagt. Reynslan mun staðfesta það, sem við sjálfstæðismenn sögðum frá öndverðu, að hin nýju skattalög mundu yfirleitt íþyngja öllum þorra fólks með miðlungstekjur.

Of langt mál er nú að rekja hinar miklu deilur um skattamálin á liðnum vetri. Í næsta mánuði kemur skattskráin út, og þá er líka komið að skuldadögunum. Á hitt vil ég benda, að þm. Sjálfstfl. mótuðu mjög ákveðna stefnu í skattamálunum í nál. sínum við afgreiðslu málanna. Í stytztu máli er hún þessi:

1. Skattheimtan má aldrei ganga það langt, að hún lami framtak einstaklinga og félaga.

2. Það ber að stefna að því að skattleggja eyðsluna, en örva eignamyndunina.

3. Einstaklingnum verður að tryggja eðlilegan ráðstöfunarrétt yfir tekjum hans í hverju skattþrepi og samanlagðir skattar í hæstu skattþrepunum ekki yfir 50%, þ. e. af síðustu tekjuöflun.

4. Verkaskipting sveitarfélaga og ríkis miðist við aukið sjálfsforræði sveitarfélaganna og tekjuöflunarmöguleikar þeirra verði í samræmi við það.

Í þinginu hefur verið gerð breyting á almannatryggingalögum. Að vissu leyti var hér um að ræða framhald á heildarendurskoðun laganna á Alþ. í fyrra. En tryggingabætur voru hækkaðar, og var ekki um það ágreiningur í þinginu. Ágreiningur var ekki heldur um að hverfa frá innheimtu persónuskatta eða nefskatta í formi almannatryggingagjalds og iðgjalda sjúkrasamlaga, en hér féll ríkisstj. á prófinu. Stöðugt var talað um, að þessi gjöld væru niður felld. Svo er ekki. Þau eru

innheimt í gegnum tekjuskattskerfið. Þessi gjöld höfðu áður áhrif á vísitöluútreikning framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Fjmrh. sagði í upphafi, að vísitalan mundi lækka um ca. 4% af þessum sökum, og þá var ákveðið að lækka niðurgreiðslur af landbúnaðarvörum, sem hækkaði svo verðlag þeirra, eins og allir vita. Svo eiga menn eftir að greiða hina fyrri nefskatta í tekjuskattsinnheimtunni, en hún verkar ekki á vísitöluna. Þannig er í stórum dráttum hið margumtalaða vísitölufals hæstv. ríkisstj., sem vissulega átti að fela og leyna eins og mannsmorði. Rétt er það, að þeim allra launalægstu er hagur í því að hverfa frá þessum nefsköttum. En það kemur hins vegar ekki til góða hjá þeim, sem komnir eru yfir visst tekjumark og ekki eldra fólki yfir 67 ára aldri, en hjá því hafa þessir nefskattar ekki verið innheimtir. Dregið var að leyfa ýmsar verðhækkanir, svo að þær gætu ekki verkað til hækkunar á kaupgjaldsvísitöluna, fyrr en við útreikning hennar þann 1. júní. Þar liggur einnig álitlegur biðreikningur launþega.

Það alvarlegasta er, að nú eru aftur í gangi víxlverkanir kaupgjalds og verðlags, sem hleypa verðbólguhjólinu á fullan hraða, sem leiða mun til lífskjaraskerðingar fyrir launþega umfram þá fölsun, sem í vísitölunni felst. Þá reynir enn á þol atvinnuveganna, og enn gilda þau sannindi, að dragi úr þróun þeirra vegna vaxandi tilkostnaðar, þá er það jafnskaðlegt launþegum og vinnuveitendum og þar af leiðandi almennum hagvexti í þjóðarbúinu. Eyðslustefnan er allt of áberandi í fari hæstv. ríkisstj. Kom það m. a. skýrt fram við afgreiðslu fjárl., sem nú eru 50% hærri en á s. l. ári.

Lítið hóf hefur verið á skipun nefnda til alls konar verka, og virðist þar vera um að ræða eins konar nýja stétt, einkum á vegum vissra rn. Í löggjöf og frv.-flutningi og tillögugerð gætir og ríkrar tilhneigingar til vaxandi miðstjórnarvalds. Fyrsta dæmi þess er báknið nýja, Framkvæmdastofnun ríkisins, með sínum pólitísku „kommissörum". Valdbeitingarmöguleikum þessarar opinberu stofnunar eru lítil takmörk sett varðandi yfirráð og stjórnun fjárfestingarsjóða og áætlunargerð um opinberar framkvæmdir. Sams konar tilhneigingar gætir í frv. og tillögugerð um heilbrigðisþjónustu landsmanna og í rafvæðingaráformum og einstökum frv. um nýjar stofnanir með opinberri stýringu. Að vísu leynir sér ekki löngun til þess að hylja þessi áform með lýðræðishjali og tali um nauðsyn aukins sjálfræðis landshluta, en það endar jafnan í því, sem stendur huganum næst, þ. e. einni allsherjarstjórn, yfirstjórn miðstjórnarvaldsins. Jafnþokukennd hugtök eins og ríkisstj. hinna vinnandi stétta eða vinnandi fólks eiga að gefa eitthvað til kynna um aukið lýðræði eða valddreifingu, þegar hið gagnstæða býr að baki.

Þessa óheillaþróun mátti þegar marka af stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. Þar segir m. a.:

„Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlunargerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum." Enn fremur: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga". Þveröfugt er stefnt, og ekkert hefur verið hirt um það fram til þessa að efna það loforð að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun.

Fleiri loforð stjórnarsáttmálans eru álíka mikils virt eins og t. d. það að lækka verðlag, eins og þar stendur, eða hindra verðhækkanir. Í stjórnarsáttmálanum segir, að ríkisstj. muni leggja ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hafi sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár. Hún muni leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Til þess að ná þessu marki segir í stjórnarsáttmálanum, að ríkisstj. vilji hafa samráð við samtök launafólks og atvinnuveitenda um ráðstafanir í efnahagsmálunum. Hver kannast við ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálunum til þess að stuðla að stöðugu verðlagi? Einn þm. stjórnarliðsins er sagður hafa sagt þessa dagana: „Ef stjórnin ekki eyðir dýrtíðinni, þá étur dýrtíðin stjórnina."

Í hinu merka riti The Economist, þann 29. apríl s. l., er gerður samanburður á verðbólguþróun í ýmsum viðskiptalöndum okkar og þ. á m. á Íslandi frá 1967—1971. Áföllin í efnahagsmálum Íslands árin 1967 og 1968 leiða til þess, að verðbólgan vex meira en í nágrannalöndunum. Síðan fer Ísland niður á við, og á árinu 1971 er Ísland í samanburði við önnur lönd komið niður fyrir Holland, Svíþjóð og Bretland, jafnt Noregi, Danmörku, Finnlandi og Sviss. En hvernig horfir nú? Það er augljóst mál, að við rjúkum upp úr öllu valdi þegar á þessu ári, þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmálanum. Þá berast böndin að atvinnuvegunum. Rísa þeir undir þunganum? Ef þeir gera það ekki, þarf ekki um kjarabætur almennings að spyrja.

Í upphafi þings gerði ég grein fyrir stjórnarandstöðu Sjálfstfl. Ég lagði áherzlu á þá staðreynd, að hún væri í eðli sínu jákvæð, þar sem hún mótaðist öðru fremur af andspyrnu gegn þeim sósíalisma, sem boðaður væri í stjórnarsáttmála ríkisstj. og lýsti sér í stórlega auknum ríkisafskiptum og vaxandi miðstjórnarvaldi. Þetta er svo af stjórnarflokkunum kallað því fallega nafni félagshyggja. Þeir telja sig allir vera svo góða, að þeir séu fyrst og fremst að hugsa um aðra, en ekki sjálfa sig, samfélagið en ekki einstaklingana. Ég endurtek nú, að við sjálfstæðismenn erum algerlega andsnúnir þessari væmni sósíalismans, sem og ótuktareðli kommúnismans, sem er eitt afsprengið. Við vitum, að hann felur í sér síaukin yfirráð þeirra, sem um stjórnvölinn halda, og hin sósíalíska yfirstétt skarar eld að sinni köku, ekki á grundvelli verðleika einstaklinganna, heldur valdsins, ríkisvaldsins, en í skjóli þess er skákað. Þetta skipulag getur gefið valdbeitingarstétt og stjórnmálaflokkum slíkra stétta tækifæri í bili til þess að skara eld að sinni köku, en ekkert er fráleitara en almenningur leiti á slík mið til hagsældar og vaxandi velmegunar. Nú þegar er að koma í ljós, hvílíka óstjórn við búum við. Svo mun fram halda um skeið, þar sem enginn stjórnarflokkanna vill fórna valdaaðstöðu sinni. Samt sem áður er stjórnarliðið sjálfu sér sundurþykkt og sýnist oft sitt hverjum, enda eru liðsmenn frá harðsvíruðum kommúnistum til frjálslyndra og meinlausra bændafulltrúa og jafnvel einstaklingshyggjumanna í eðli sínu. Við sjálfstæðismenn viljum, að í þjóðfélagi okkar bjóðist ungum framtaksmönnum betri kjör til framtaks og gróða. Ég segi hiklaust gróða og aftur gróða. Í mínum huga er það

ekki skömm, heldur heiður að geta stjórnað atvinnurekstri, þjónustustarfsemi og hvers kyns framtaki með hagnaði og góðum afrakstri. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð viljað og höfum sýnt það, þar sem við ráðum, eins og í Reykjavík, að við samrýmum einkaframtakshugmyndina ríkri félagshyggju til samhjálpar í anda bróðurhyggju okkar litla samfélags.

Góðir hlustendur. Ég kveð nú með þessum orðum: Við Íslendingar þurfum og viljum frelsi og framtak okkar fáu einstaklinga örsmárrar þjóðar. Við óskum ekki eftir Framkvæmdastofnunum ríkisins með frumkvæði þeirra til aðgerða og útdeilingar fjármagns og annarra lífsins gæða, t. d. leyfa til að kaupa bíl, leyfa til að kaupa ísskáp eða þvottavél, leyfa til að byggja eða reka atvinnu á einn eða annan hátt, lifa og starfa. Við viljum vera frjálsir, en jafnframt virða, skilja og hjálpa hverjir öðrum.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Málefnasamningur núverandi stjórnarflokka er að sjálfsögðu miðaður við kjörtímabilið. Enginn getur því ætlazt til þess, að á fyrsta starfsári stjórnarinnar sé allt það komið til framkvæmda, sem þar er ráðgert. En sé farið yfir málefnasamninginn lið fyrir lið og borið saman við það, sem gert hefur verið, þá sýnir það sig, að það er býsna margt, sem þegar er komið til framkvæmda. Þetta hygg ég, að allir þeir verði að játa, sem heldur vilja hafa það, sem sannara reynist.

Hér er eigi tími til ítarlegrar úttektar, en á nokkur atriði ætla ég að drepa. Að landhelgismálinu hefur verið unnið í samræmi við málefnasamninginn. Um það og þess framvindu ræði ég ekki. Fyrir því mun utanrrh. gera nánari grein. Fyrirheit málefnasamningsins í kjaramálum eru flest komin til framkvæmda að mestu eða öllu leyti. Kjarasamningar hafa þannig verið gerðir í samræmi við markaða stefnu stjórnarflokkanna, þ. e. víðtækir kjarasamningar hafa verið gerðir til tveggja ára, þar sem kauphækkanir eiga sér stað í áföngum auk sérstakra hækkana þegar í stað til þeirra lægst launuðu. Þannig mun verða náð því marki, sem sett var um kaupmáttaraukningu á næstu tveimur árum. Sjómannakjörin voru bætt. Tryggðar hafa verið fullar vísitöluuppbætur á laun og leiðrétt sú skerðing, sem áður var, þannig að kaupmáttur launa á ekki að raskast vegna þeirra verðhækkana, sem óhjákvæmilegar hafa reynzt og reyndar voru fyrirsjáanlegar, en frestað var á verðstöðvunartímabilinu, svo og að nokkru vegna kauphækkana, sem hlaut að gæta að nokkru í verðlagi. 40 stunda vinnuvika og fjögurra vikna orlof hefur verið lögfest. Frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins hefur verið lagt fyrir Alþ. og er það í samræmi við þá meginstefnu, sem mótuð er í málefnasamningnum. Nefnd hefur verið skipuð til að semja lagafrv. um réttindamál opinberra starfsmanna og skal þar á því byggt, að þeir fái frjálsan samningsrétt um kjör sín, svo sem fyrirheit var gefið um í stefnuskrá stjórnarinnar.

Þau fyrirheit, sem gefin voru í atvinnumálakafla málefnasamningsins eru mörg hver þegar komin til framkvæmda, en undirbúningur að öðrum hafinn. Þar má t. d. nefna það, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið sett á fót, svo sem mælt er í málefnasamningi. Framkvæmdastofnun á að hafa á hendi frumkvæði í atvinnumálum og heildarstjórn fjárfestingarmála, samkv. því, sem nánar er fyrir mælt í lögum. Hún skal gera áætlanir til lengri tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma. Auk þess fer hún með forsjá þeirra sjóða, sem henni eru fengnir til umráða. Að sjálfsögðu er byggt á starfi þeirra stofnana, sem fyrir voru og Framkvæmdastofnun tók við. Starfstími Framkvæmdastofnunarinnar er enn þá svo skammur, að af henni er ekki fengin full reynsla, en ég fyrir mitt leyti bind miklar vonir við starfsemi hennar og tel sérstaklega mikilvægt, að hún örvi og ýti undir framtak í atvinnumálum og styðji að öflun atvinnutækja víðs vegar um landið.

Í einstökum atvinnugreinum hafa þegar verið gerð mikil átök í þá stefnu, sem boðuð var. Ber þar hæst eflingu fiskiskipaflotans og þá einkanlega með kaupum hinna mörgu skuttogara. Er eigi að efa, að útgerð þeirra á eftir að verða lyftistöng í atvinnulífi margra staða, sem sumir hverjir hafa til þessa staðið höllum fæti. Ráðstafanir hafa verið gerðar til eflingar innlendra skipasmíða og er framtíðartakmarkið þar það, að Íslendingar smíði að miklu leyti skip sín sjálfir og geti annazt viðhald fiskiskipa og kaupskipa, en vitaskuld hlýtur það að taka sinn tíma að koma málum í það horf.

Þá má og nefna það, að verið er að setja löggjöf um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins og um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði. Er með þeirri löggjöf stefnt að stóreflingu þess iðnaðar og umbótum á sölu og markaðsskilyrðum. Munu flestir játa, að þar sé um mikilvæg verkefni að ræða. Nefnd hefur verið skipuð til að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Er ekki vafi á, að landgræðslumálum verður að sinna í stórauknum mæli á næstunni. Aðrir ræðumenn munu síðar í þessum umr. víkja að ýmsum framkvæmdum á sviði landbúnaðarins.

Í samgöngumálum má nefna hringveg um landið, þ. e. tengt verður saman vegakerfi umhverfis landið. Í raforkumálum er mótuð ákveðin stefna, unnið að undirbúningi stórvirkjana og kannaðir í því sambandi möguleikar á stóriðju.

Á sviði félagsmála má nefna, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir lagasetningu um stórhækkun elli- og örorkubóta, tryggingu lágmarkslauna lífeyrisþega og gert ýmsar aðrar endurbætur á tryggingalöggjöfinni.

Ríkisstj. hefur nú lagt fram frv. til l. um afnám vísitölubindingar á húsnæðislánum. Samkv. málefnasamningnum skyldi endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en áður. Jafnframt skyldi að því stefnt, að persónuskattar eins og til almannatryggingganna verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti. Þetta hefur nú verið gert, m. a. með hinum nýju skatta- og tekjustofnalögum. Jafnframt hefur verið ákveðið, að endurskoðun þeirra laga verði haldið áfram, og verður auðvitað við þá endurskoðun tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fæst af hinum nýju skattalögum. Það er mikið búið að pexa um það, hvort skattar verði hærri eða lægri eftir hinum nýju lögum eða hinum eldri. Ég skal ekki fara út í það hér. Það er skammt að bíða reynslunnar, og þá getur hver og einn prófað þetta á sjálfum sér, en auðvitað má þá ekki bera saman við skatta s. l. árs, heldur verður að bera saman við það,

hverjir þeir hefðu orðið í ár eftir gamla kerfinu. En annars vil ég undirstrika það, að núv. stjórn hefur aldrei heitið lækkun á sköttum í heildina.

Nú hefur verið gert stærra átak en áður til að jafna menntunaraðstöðu ungmenna. Til skóla- og menningarmála er varið meira fé en nokkru sinni fyrr. Í þeim málum eru á döfinni ýmsar breytingar og nýjungar, sem ég hirði ekki um að rekja hér. Í dómsmálum og löggæzlu er unnið að ýmsum endurbótum. Verður margt í þeim málum tekið til gagngerðrar endurskoðunar á næstunni, ef það verður mitt hlutskipti að fara með þau málefni.

Í utanríkismálum hefur verið tekin upp önnur stefna og breyttir starfshættir frá því, sem áður tíðkaðist. Um þau mál mun utanrrh. fjalla og sleppi ég því að ræða þau frekar. Til ýmiss konar verklegra framkvæmda eru fjárveitingar mun hærri en áður. Ég get hér ekki tímans vegna farið nánar út í að bera saman málefnasamning og framkvæmdir. En sá stutti útdráttur, sem ég hef hér gert, sannar það svo glöggt, að ekki verður um deilt, að fyrirheitum stjórnarsáttmálans hefur verið fylgt fast eftir. Ég veit, að þetta finnur fólkið í landinu. Og hvað sem um þessa stjórn verður sagt, held ég, að allir sanngjarnir menn hljóti að játa, að hún hefur ekki setið auðum höndum. Sumum finnst jafnvel nóg um dugnað hennar. Hvað sem um það er, þá er hitt víst, að enn er mikið ógert, enn eru ýmis þau verkefni óleyst, sem vikið er að í stefnuskrá stjórnarinnar. Auk þess sem ný viðfangsefni berja daglega að dyrum. Það varðar því miklu, að stjórnin fái starfsfrið út kjörtímabilið og geti þá lagt mál sín öll og verk undir þjóðardóm.

Þegar frá er skilið verkfall á farskipum, má heita, að alger vinnufriður hafi ríkt hér á landi á valdatíma núv. stjórnar. Vel má segja, að það sé hennar mesta gæfa. Kjarasamningarnir, sem náðust í desember s. l., eru að mínum dómi einn mikilvægasti atburður, sem átt hefur sér stað á stjórnartímabilinu. Þá var samið til lengri tíma en áður og um kjarabætur í áföngum. Ég álít slíkt mjög mikilsvert fyrir atvinnureksturinn, sem veitir honum lengri tíma en áður, þar sem hann veit, með hverju hann má reikna. Ég held, að atvinnurekendur ættu að meta það mikils, og ekki sízt, þegar slíkur árangur náðist án verkfalls. Almennar kjarabætur launþega voru og verulegar, þegar á allt samningstímabilið er litið, auk þess sem hinir lægst launuðu fengu hlut sinn nokkuð réttan þegar í stað. Ég er þeirrar skoðunar, að ekki hafi mátt tefla á tæpara vað um greiðslugetu atvinnuveganna, og ég held, eins og ég hef áður sagt, að óhjákvæmilegt sé að umsaminna kauphækkana gæti að einhverju leyti í verðlagi. Síðari kjarasamningar hafa svo verið sniðnir eftir desembersamningnum. Þó að þessir kjarasamningar séu í stórum dráttum í samræmi við boðaða stefnu stjórnarinnar, dettur mér ekki í hug að eigna henni sérstaklega heiðurinn af þeim. Þar ber auðvitað fyrst að þakka aðilum vinnumarkaðarins, en einnig vil ég fyrir mitt leyti alveg sérstaklega þakka þeim sáttasemjurum, sem að samningunum unnu.

Þeir eru til, sem hafa allt á hornum sér og halda því fram, að horfurnar séu allt annað en glæsilegar, að fram undan séu, að manni skilst, eins konar ragnarök og auðvitað sé það stjórnin, sem sé að fara með allt til fjandans. Þessi svartnættissefasýki, ef á sannfæringu er byggð, er mér óskiljanleg. Sannleikurinn er sá, að íslenzka þjóðin hefur aldrei búið við betri lífskjör en einmitt nú. Menn búa við almenna velmegun, atvinna er næg, vinnufriður ríkir, atvinnurekstur er í fullum gangi og hefur víða staðið með blóma sem betur fer. Framleiðsluaukning er á flestum sviðum, verðlag á útflutningsafurðum yfirleitt ágætt, árferði er gott og ytri aðstæður eru yfirleitt hagstæðar. Framfarir blasa hvarvetna við og framkvæmdir eru meiri en nokkru sinni fyrr. Sannleikurinn er líka sá, að sjaldan hefur ríkt meiri bjartsýni í íslenzku þjóðlífi en einmitt nú. Framfara- og framkvæmdaviljinn hefur aldrei verið sterkari en einmitt nú. Það er eins og allir, jafnt einstaklingar sem hið opinbera, vilji ráðast í framkvæmdir. Eftirspurn eftir atvinnutækjum, stórum og smáum, er óvenjulega mikil, og eru togarakaupin gleggsta dæmið um það. Hvarvetna blasir við gróska en ekki stöðnun. Þetta sjá allir, nema þá helzt málgögn stjórnarandstöðunnar, en þess verður ekki vart í reyndinni, að úrtölur þeirra og hrakspár dragi úr mönnum kjark eða dragi úr mönnum hinn almenna sóknarhug. Það er svo sannarlega enginn undanlátstónn í Íslendingum um þessar mundir. Það er enginn uppgjafarsvipur á Íslendingum í dag. Auðvitað eru til menn, sem alltaf eru óánægðir, vanþakka allt og alltaf kvarta. Það eru ekki þeir menn, sem setja svip sinn á íslenzkt þjóðfélag í dag. Það er gott að vera Íslendingur í dag, það er gaman að vera Íslendingur í dag og þá ekki sízt fyrir unga fólkið með þá aðstöðu og þá möguleika, sem nú eru fyrir hendi. Engin kynslóð hefur áður haft slík tækifæri á Íslandi eins og unga kynslóðin í dag.

Vitaskuld dettur mér ekki í hug að halda því fram, að velmegunin sé eingöngu að þakka nýrri stjórnarstefnu. Árferði og ytri aðstæður ráða þar mestu, en hinu held ég fram, að hin nýja stjórnarstefna hafi vakið bjartsýni, aukið mönnum áræði, örvað framtak og leyst ný öfl úr læðingi. Auðvitað getur enginn með neinni vissu spáð um framtíðina. Þar geta óviðráðanlegar ástæður ráðið svo miklu. Í okkar þjóðarbúskap geta snöggar fjárhagssveiflur reynzt örlagaríkar. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að útiloka, að óhagstæðar hagsveiflur beri að höndum, en ég held, að eins og nú horfir, sé engin sérstök ástæða til svartsýni. Ég held þvert á móti, að sterkar líkur séu fyrir áframhaldandi framfarasókn og batnandi lífskjörum. Útfærsla landhelginnar, hin nýju og stóru skip og vaxandi úrvinnsluiðnaður munu bæta aðstöðu okkar og skapa nýja möguleika á efnahagssviðinu. Aukin orkuvinnsla og ný stóriðja í því sambandi mun styrkja grundvöll atvinnulífsins, en það er mín bjargföst skoðun, að traustir atvinnuvegir og blómlegt atvinnulíf sé það, sem framar öllu öðru ber að leggja áherzlu á. Það er sú undirstaða, sem allt annað verður að byggjast á í þessu landi. Að sjálfsögðu ber að fylgjast vel með í þeim efnum, en eins og ég sagði, þá er það eins og nú horfir, þá finnst mér sízt af öllu ástæða til bölsýni. En það er engu líkara en að sumir menn hafi um þessar mundir að kjörorði hið gamla íhaldsspakmæli, við illu má búast, því gott skaðar ekki.

Þeir eru til, sem telja, að fyrirhugaðar framkvæmdir séu of miklar og innflutningur ofbjóði gjaldeyrisgetunni. Slíka menn verður að spyrja, úr hvaða framkvæmdum þeir vilji draga og hvernig þeir vilji hefta innflutning. Það er mín skoðun, að í þessum efnum sé nú farið á fremsta hlunn, en án þess þó, að um verulega

ógætni sé að ræða. En þar verður að vera á verði og gera viðeigandi ráðstafanir, ef reynslan sýnir, að til vandræða horfir. Að mínum dómi gæti verið skynsamlegt að reka þjóðarbúið og ríkisbúskapinn þannig, að leggja nokkuð til hliðar í góðæri. Að slíkum búskaparháttum þarf að stefna.

Það er nokkuð gagnrýnt, að ríkisstj. hafi ekki nægilega föst tök á verðlagsþróuninni og verðbólgu gæti nú meira en góðu hófi gegnir. Af þessu tilefni er rétt að taka það fram, að núv. ríkisstj. hefur aldrei heitið því að stöðva verðbólgu. Það er að mínum dómi ómögulegt við þær aðstæður, sem nú eru í íslenzku þjóðfélagi. Það er ekki hægt, a. m. k. ekki til frambúðar, að setja þar neinn enda algjörlega fastan. Hitt segir í okkar málefnasamningi, að ríkisstj. muni leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Ég viðurkenni hreinskilnislega, að ríkisstj. hefur ekki enn náð þeim tökum á þessum málum sem skyldi og hún hefði viljað. Þá er líka rétt að hafa í huga, að starfstíminn er ekki orðinn langur og við mörg verkefni hefur þurft að fást. Ríkisstj. þarf og mun einbeita sér að þessum verkefnum á næstunni. Þá varðar miklu, að hún njóti fulls stuðnings og skilnings frá almenningi. Mér virðist satt að segja, að í reyndinni skorti nokkuð á um skilning á nauðsyn þess, að verðbólgu sé haldið í skefjum. Kröfurnar um hækkanir á öllum sviðum eru yfirgengilegar og þar hafa þeir ekki verið neinir eftirbátar, sem mest gagnrýna hækkanir og hæst tala um hættu af verðbólguþróun. Gegn hvers konar verðhækkunum verður að standa, svo sem kostur er og beita ströngu verðlagseftirliti. Hins vegar þýðir ekkert annað en að horfast í augu við það, að nokkrar hækkanir á verðlagi og ýmiss konar gjaldskrám hafa verið og munu verða óhjákvæmilegar. Það verður mönnum að vera ljóst, og er ekki komið aftan að neinum í því efni. En í þessu sambandi vil ég minna á, að glíma við verðbólguna hefur orðið fleirum erfið en núv. ríkisstj. Fyrrv. ríkisstj. lofaði að stöðva verðbólguna. Henni entust ekki 12 ár til að standa við það fyrirheit. Þvert á móti þurfti hún á valdaferli sínum að grípa fjórum sinnum til gengisfellingar. Það situr því allra sízt á stuðningsmönnum viðreisnarstjórnarinnar sálugu að tala digurbarkalega um verðbólguþróun og dýrtíð. Það hljómar eins og spott og spé um þá sjálfa. En hverjar eru þær verðhækkanir, sem núv. stjórn hefur leyft, sem stjórnarandstæðingar telja að synja hefði átt um? Það væri fróðlegt að heyra í þessum umr. og það af þeirra munni.

En ég ætla annars ekki hér að fara að skattyrðast við stjórnarandstöðuna, hún sparar sjálfsagt ekki stóryrðin, ef að vanda lætur. Hún sér ekkert nema myrkur um miðjan dag. Ég dreg í efa, að menn taki skraf hennar alvarlega, enda mun sannfæringarkraftinn skorta, en það er nú einu sinni svo, að stjórnarandstaðan hefur og á að hafa fullt frjálsræði um það, hvernig hún hagar sínum málflutningi og gegnir sínu hlutverki. Það ætlast auðvitað enginn til þess, að dómar hennar um ríkisstj. séu hlutlausir.

Eitt af því, sem ég hef tekið eftir, að stjórnarandstæðingar hafa verið að skírskota til, eru ummæli mín þess efnis, að við stjórnarmyndunina hefðum við haft ýmsar skýrslur sérfræðinga um ástand og horfur í efnahagsmálum og að við hefðum dregið af þeim þær ályktanir, að afkoman væri þannig og afkomuhorfur slíkar, að gerlegt væri að gera þær ráðstafanir, sem við gerðum og ráðgerðum. Inn í þessi ummæli er það lagt, að ég hafi viðurkennt, að viðskilnaður fyrri ríkisstj. hefði verið góður. Þetta er að sjálfsögðu útúrsnúningur. Í ummælum mínum liggur ekkert um viðskilnað fyrri ríkisstj., enda gátu skýrslurnar ekki sagt nema takmarkað um það, og kom margt í þeim efnum fyrst á daginn, eftir að við höfðum tekið við og fórum að starfa, t. d. ýmsir skuldahalar á sjóðum og framkvæmdafé. Um það skal ég ekki frekar ræða hér. Ég geri ráð fyrir því, að aðrir ræðumenn víki að því og að viðskilnaði viðreisnarstjórnarinnar. Ég skal svo ekki vera að eyða orðum að stjórnarandstöðunni. Maður tekur hana svona eins og hún er.

En við þá menn, sem vilja meta núv. ríkisstj., starf hennar og stefnu af fullri sanngirni, vil ég segja þetta: Það verður að hafa í huga, að núv. ríkisstj. er samsteypustjórn þriggja flokka, sem um margt eru ólíkir og hafa mismunandi viðhorf til ýmissa málefna. Málefnasamningurinn er því í ýmsum greinum byggður á málamiðlun, og um tiltekið atriði er það beinlínis tekið fram, að um það sé ágreiningur. Yfir þetta er engin fjöður dregin. Auðvitað hlýtur starf stjórnarinnar einnig stundum að byggjast á málamiðlun. Það getur enginn samstarfsflokkurinn búizt við því að fá öll sín sjónarmið að fullu og öllu tekin til greina. Það verða allir góðviljaðir menn að skilja, og í þeim anda verðum við stuðningsmenn stjórnarinnar á Alþ. að starfa. Annað er óvinafagnaður.

Ég hef sagt það annars staðar áður og segi það enn, að með myndun núv. ríkisstj. og samstarfi þeirra flokka, sem að henni standa, urðu þáttaskil í íslenzkri pólitík. Þeirra þáttaskila var þörf og það af mörgum ástæðum. Það hafa þegar átt sér stað verulegar stefnubreytingar á ýmsum sviðum þjóðfélagsins og í fjölmörgum framkvæmdum. Þær stefnubreytingar tel ég, að séu og verði til góðs fyrir hinn almenna þjóðfélagsborgara, ef svo má segja, en sjálfsagt síður fyrir hina, sem hafa eða haft hafa einhverja forréttindaaðstöðu. Ég held, að þeirra stefnubreytinga muni þó í reyndinni gæta þeim mun meir, því lengur sem stjórnin starfar. Mörgum stefnumálum hennar er þannig háttað, að þeim verður ekki komið í framkvæmd á einum degi. Framkvæmd þeirra hlýtur að taka sinn tíma, en menn munu smám saman verða breytinganna varir. Ég nefni t. d. það markmið stjórnarinnar, að stefna skuli að skipulegum áætlunarvinnubrögðum. Flestir munu í orði játa nauðsyn slíkra starfshátta. Með þeim má koma í veg fyrir margvísleg mistök og verðmætasóun, t. d. við stofnun og uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja. Slík mistök geta t. d. átt rót sína að rekja til vanþekkingar eða skorts á yfirsýn. Menn verða að skilja og beygja sig fyrir þeirri staðreynd, að það er ekki hægt að gera allt í einu. Það verður að raða verkefnum og láta þau ganga fyrir, sem nauðsynlegust eru og koma þjóðarheildinni að mestu gagni. Það þarf að vera skipulag á uppbyggingu og framkvæmdum í stað þess handahófs, sem hér á landi hefur lengst af ríkt í þeim málum. Í Framkvæmdastofnuninni er vissulega þegar kominn vísir að slíkum áætlunarvinnubrögðum. Eðlilega skortir þó enn mikið á, að þau mál séu komin í það horf, sem verða

þarf. Á þau efni verður að leggja ríka áherzlu á næstunni. Þar er mikið verk óunnið enn, eins og skiljanlegt er, þegar tekið er tillit til þess, hve starfstími er stuttur.

Landhelgismálið er um þessar mundir langsamlega stærsta mál íslenzku þjóðarinnar. Það er hennar lífshagsmunamál og á farsælli úrlausn þess veltur framtíðargengi hennar öllu öðru framar. Það ber að setja öllum málum ofar. Í því máli stendur öll þjóðin einhuga um þá stefnu, sem mörkuð hefur verið, og að baki ríkisstj. Þá einingu má ekki með neinu móti rjúfa, því að hún mun að lokum færa okkur fullnaðarsigur. Allar deilur um málið hér innanlands á því að leggja til hliðar. Hitt væri blekking að loka augunum fyrir því, að enn er langt í land. Um það mál ætla ég annars ekki að ræða. Það gerir utanrrh. En ég vil aðeins að lokum segja það, að ef núv. ríkisstj. ber gæfu til að hafa forustu um að koma því máli heilu í höfn, þá er það mín trú, að það eitt muni endast henni til góðs vitnisburðar á dómsdegi.

Þökk sé þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við Alþfl.-menn teljum, að Alþfl. hafi á síðustu 50 árum unnið þannig að málefnum þjóðarinnar, að ekki verði talið lítils virði, þegar litið er málefnalega á árangurinn á þessu tímabili. Jafnaðarstefnan á Íslandi vann sigur í síðustu kosningum. Aðrir flokkar hafa oft fallizt á skoðanir okkar í Alþfl. í grundvallaratriðum og gjarnan samþykkt þær, þegar augljóst var, að þjóðin var á sömu skoðun. En eins og í öðrum málum er og verður þjóðin sá aðili, sem tekur lokaákvörðun um það, hvort stefna Alþfl. sé í samræmi við vilja fólksins. Sjálfur held ég, að í raun og veru séu fjölmargir Íslendingar sammála okkar stefnu, kannske flestir. En annarleg pólitísk sjónarmið virðast oft ráða ferðinni. Við þessu er hreint ekkert að segja. Fólkið ræður sjálft í lýðræðisþjóðfélagi.

En ég tel það sjálfur fráleitt, að tveir jafnaðarmannaflokkar séu í landinu. Fyrir því er hreint engin forsenda. Ég held, að það sé ekki aðeins æskilegt, að þessir tveir jafnaðarmannaflokkar renni saman, heldur sé það alveg sjálfsagt. Á það verður að reyna á allra næstu vikum. Þessi samruni hlýtur að gerast á næstu mánuðum eða hann gerist hreint ekki. Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem segjast vera jafnaðarmenn, verða á þessu tímabili að gera það hreinlega upp við sig, í hvort ístaðið þeir ætla að stíga. Varla geta þeir ætlazt til, að Alþfl. bíði von úr viti. Þeir verða sjálfir einhvern tíma að taka ákvörðun.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð á s. l. sumri, gekk það nú ekki þrautalaust. Þegar allt ætlaði að mistakast, var fundin upp afbragðs leið til þess að leysa málin. Öll kosningaloforð stjórnarflokkanna voru skrifuð niður. Síðan var nýjum óskum þeirra allra bætt við, enn athugað betur, hvort eitthvað væri eftir, sem hægt væri að lofa. Þegar allt hafði verið tínt til, var plaggið prentað, og heitir málefnasamningur ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Það væri freistandi að rekja afrekaskrá hæstv. ríkisstj. og bera saman við málefnasamninginn, sem menn áttu að lesa bæði kvölds og morgna samkv. beiðni hæstv. forsrh. Og ég er honum alveg sammála. Menn þurfa að lesa þennan samning til að átta sig sjálfir á því, hvernig hann er þverbrotinn í veigamiklum atriðum. Ég ætla aðeins að nefna eitt, sem ég álít raunar langalvarlegast af öllum aðgerðum eða aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj.

Þetta eru svikin við launafólk í landinu. Fyrirsjáanleg óðaverðbólga, hækkandi verðlag á öllum sviðum, vísitölurán í fyrrahaust og stórhækkandi skattar á þessu ári. Þetta gerir sama ríkisstj., sem lofaði fyrir 10 mánuðum að auka kaupmátt launa um 20% á tveimur árum. Helmingur þess tíma er nú að verða liðinn. Dettur nokkrum manni í hug, að við þetta loforð sé með nokkru móti hægt að standa? Í þessu sambandi verður hin alvarlega verðbólga örlagavaldurinn. Má ég minna hæstv. ráðh. á, að húsmæður þessa lands taka vel eftir verðlagsþróuninni. Þær finna bezt, hvernig verðlag hækkar frá degi til dags, allt vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. Þær eru fljótar að átta sig á því, að það, sem kostaði 100 kr. í gær, er komið upp í 110 eða 115 kr. í dag. Alda verðhækkana gengur yfir, sem alls ekki er séð fyrir endann á. Á sama tíma er vísitölunni hagrætt eftir því, sem við verður komið á hverjum tíma. Og að framkvæmdum þessum afrekum leyfir hæstv. ríkisstj. sér að kalla sig ríkisstj. hinna vinnandi stétta. Meira öfugmæli er líklega ekki til.

Hæstv. ríkisstj. segir í Ólafskveri, að hún leggi áherzlu á að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem leiði til gengislækkana og óðaverðbólgu. Núv. stjórnarflokkar töldu einmitt, að fyrrv. ríkisstj. hefði hagað sér einstaklega illa í þessum efnum. Var þá ekki öllu kippt í lag? Ónei, ekki aldeilis. Fyrirsjáanleg er hin mesta óðaverðbólga, líklega sú mesta frá upphafi Íslandsbyggðar. Þegar gjaldeyrisvarasjóðnum hefur verið fórnað og verðbólgan haldið áfram í nokkurn tíma, þá er auðvitað ekki nokkurt ráð til annað en gengislækkun. Þangað til mun bæði launafólk og atvinnurekendur finna verulega fyrir þeirri stjórnarstefnu, sem nú er rekin. Það er vissulega kaldhæðni örlaganna, að bæði hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, og hv. þm. Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, skuli standa að þessum aðgerðum, sömu mennirnir, sem unnu hvað glæsilegasta kosningasigra á s. l. ári. Hvaða nauðsyn er eiginlega fyrir þá að taka yfirleitt þátt í þessum dansi, nema þeir séu að standa við bakið á vinum sínum í Alþb., sem raunar sýnir sig að vera sterkasta aflið í stjórnarsamstarfinu? Hvernig stendur annars á því, að hæstv. forsrh. lætur slíkt og þvílíkt viðgangast? Ekki trúi ég því, að flokksmenn hans séu yfirleitt sammála slíkum vinnubrögðum.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um málefni iðnaðarins. Ég tel, að í framtíðinni muni meginhluti vinnuaflsaukningarinnar í landinu leita til tækni- og iðnaðarstarfsemi. Þessi málefni þarf strax að fara að ræða af mikilli alvöru og með skipulegum hætti. Reiknað er með, að eftir tæplega 50 ár, árið 2020, verði Íslendingar orðnir um 450 þús. Það er því ljóst, að atvinnuöryggi fyrir þessa fjölgun er eitt af meiri háttar verkefnum næstu áratuga.

Hæstv. iðnrh. hefur að mínu mati sýnt málefnum iðnaðarins mikinn og þakkarverðan skilning. Sérstaklega er þýðingarmikið að fá það lögfest, að framleiddar iðnaðarvörur og hráefni til þeirra sé veðhæft fyrir lánum eins og sjávarútvegs- og landbúnaðarvörur. Fyrir þetta ber að þakka. En ég hef spurt um það nokkrum sinnum hér á hv. Alþ., hvort líklegt sé, að fjármagn

verði til staðar, þegar lögin hafa verið samþ. nú á allra næstu dögum. Hæstv. ráðh. hafa fáu svarað. Þó hefur hæstv. iðnrh. sagt, að frv. sé samið í samvinnu við Seðlabanka Íslands og hann reikni með, að sá banki endurkaupi afurðalánavíxla af viðskiptabönkum. Þetta er gott og blessað. En stóra spurningin er, eru viðskiptabankarnir tilbúnir til að meta veð iðnaðarins á sama hátt og sjávarútvegs- og landbúnaðarvara? Þetta er hin ósvaraða spurning, sem reynslan ein mun skera úr um. Það er vonandi, að allir atvinnuvegir verði settir við sama borð í lánamálum. En ég er engan veginn viss um, að svo verði í reynd. Þá eru lögin lítils virði. En við skulum vona hið bezta. Ef framleiðsla iðnaðarvara vex stórstígum skrefum eins og verður að gerast, ef iðnaðurinn á að geta tekið við stærstum hluta fólksfjölgunarinnar, þá verður framleiðsluaukningin að langmestu leyti að byggjast á útflutningi iðnaðarvara.

Nú er hér til meðferðar á hv. Alþ. frv. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þar sem tekið er myndarlega á því verkefni með árlegu fjárframlagi næstu fimm ár upp á 25 millj. hvert ár. Ég hef lýst hér stuðningi mínum við þetta frv. En það er nú fleira matur en feitt kjöt. Það er til margs konar annar iðnaður í þessu landi, sem er hæfur til útflutnings. En þessi annar iðnaður heldur en niðursuðuiðnaðurinn hefur ekki átt því láni að fagna, að svo myndarlega væri staðið að útflutningstilraunum hans. Það er rétt eins og þar sé um einhvers konar annars flokks iðnað að ræða, sem ekki eigi rétt á sams konar fyrirgreiðslu og þessi fyrsta flokks iðnaður, og þessu mótmæli ég.

Þegar fjárlög voru afgreidd í vetur, var framlag ríkisins til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins lækkað úr 6 millj. í 4 millj. frá árinu á undan. Ég flutti till. um að færa þessa upphæð upp í það sama og verið hafði. Ekki var það nú stórbrotnara. En allt stjórnarliðið, hver og einn einasti hv. þm. í stjórnarflokkunum, sagði nei við nafnakall um till. Jafnvel þeir hv. stjórnarþm., sem oft hafa verið skilningsríkir á þarfir iðnaðarins, sögðu líka nei. Þetta er auðvitað alveg forkastanleg afstaða og ómögulegt að túlka á annan hátt en sem algert viljaleysi til að stuðla að auknum útflutningi almennra, íslenzkra iðnaðarvara og þar með eflingu iðnaðarins í landinu. Þessi stofnun þyrfti auðvitað að fá svipaða fyrirgreiðslu og Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Allt annað er óviðunandi. Ég vil eindregið skora á hæstv. iðnrh. að taka jafnmyndarlega á þessu máli og hann hefur gert í ýmsum öðrum málum, sem eru mikils virði fyrir iðnaðinn.

Umtalsverður útflutningur á íslenzkum iðnaðarvörum er þjóðarnauðsyn. Fólksfjölgunin á næstu áratugum bókstaflega krefst þess. Þess utan verður íslenzkur iðnaður að mæta síharðnandi samkeppni frá öðrum löndum, eftir því sem tollar lækka hér á erlendum iðnaðarvörum. Annars finnst mér, að allir Íslendingar ættu að leggja metnað sinn í að kaupa íslenzkar iðnaðarvörur fremur en erlendar. Þær eiga auðvitað að vera álíka góðar og ekki dýrari. En slíkt væri iðnaðinum í heild til mikils stuðnings.

Þeir Íslendingar eru langflestir, sem í öðrum löndum eru kallaðir miðstéttarfólk eða millistétt. Þetta fólk vill yfirleitt eiga sína íbúð búna þokkalegum húsgögnum, e. t. v. á fjölskyldan bíl og leyfir sér að fara í orlof. Þetta eru þau lífskjör, sem hafa skapazt í landinu á s. l. þremur áratugum eða svo. Öryggi fyrir aldraða eða þá, sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni, er nokkurn veginn jafnmikið hér á landi og í öðrum löndum, þar sem bezt er fyrir þessum málum séð. Svona vill íslenzka þjóðin, að lífskjör hennar séu og að þau haldist svona. Undir það tekur Alþfl. heils hugar. Það er enginn lúxus að eiga íbúð, sem oftast er að verulegu leyti í skuld. Það er heldur enginn lúxus að eiga þokkalegt innbú og ekki heldur að eiga smábíl. Og enn getur það ekki talizt lúxus, þó að vinnandi fólk geti leyft sér að taka orlof árlega, jafnvel að fara til útlanda einu sinni á ævinni eða svo. En spurningin er, hvort núv. hæstv. ríkisstj. sé treystandi til þess að halda þannig á efnahagsmálum þjóðarinnar, að þessi almennu lífskjör haldist. Um það hef ég miklar efasemdir. Mér hefur oft fundizt hæstv. ríkisstj. haga störfum sínum á þann veg, að hún væri fremur að vinna fyrir einstaka hópa í þjóðfélaginu heldur en fyrir fjöldann í landinu, langstærsta hópinn, millistéttina, sem flestir tilheyra sem betur fer. Auðvitað er sjálfsagt, að þeir séu aðstoðaðir, sem búa við lökust lífskjör. Það er líka stefna jafnaðarmanna um allan heim. En það verður að finna önnur ráð til þess en níðast á millistéttinni, og það á að vera hægt.

Þá langar mig til að nefna aðeins atvinnumál almennt. Ég fer ekkert leynt með, að ég tel þann málaflokk langþýðingarmestan allra landsmála. Atvinnuleysi er böl, sem ekki á að þekkjast í nútímaþjóðfélagi. Það hefur hins vegar víða gengið erfiðlega að vinna bug á þessu böli. Ytri aðstæður geta verið slíkar, að næstum ómögulegt sé að yfirvinna tímabundið atvinnuleysi, í okkar tilfelli t. d. aflaleysi. Á þessum uppgangsárum, sem nú ganga yfir landið, er hins vegar óafsakanlegt, að til skuli vera jafnalvarlegt atvinnuleysi og sums staðar er á Norðurlandi einmitt nú. Þessu hlýtur bókstaflega að vera hægt að kippa í lag, ef vilji er fyrir hendi. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að gera viðhlítandi ráðstafanir fyrir þá staði, þar sem atvinnuleysi hefur verið og er. Að vilja vinna og fá ekki vinnu er niðurdrepandi fyrir alla menn, sem á annað borð eru heilbrigðir. Atvinnumálin eru margslungin. Stundum vantar starfsfólk á einum stað, en svo er atvinnuleysi á öðrum. Við þetta er oft erfitt að ráða. Hins vegar finnst mér, að það eigi að vera hægt með viðeigandi skipulagi. Mér finnst það vera grundvallaratriði, að léttur iðnaður sé efldur úti um landið, til að fólkið sé ekki algjörlega háð því, hvort fiskur komi á land. Slíkur léttur iðnaður verður að byggjast á útflutningsmöguleikum hans. Ef Framkvæmdastofnun ríkisins verður starfrækt á þann hátt, sem til er ætlazt, verður að gera ráð fyrir, að hún hafi forustu um skipulega starfsemi í þessum efnum. Ég tel, að framkvæmdaáætlanir fyrir tiltekna landshluta séu forsenda fyrir skipulegum aðgerðum til atvinnuaukandi framkvæmda á hverju landssvæði. Þetta verk þarf alveg nauðsynlega að vinna í náinni samvinnu við heimamenn á hverjum stað, þeirra, sem bezt þekkja til allra staðhátta. Slíkar áætlanir ættu fyrst og fremst að vera byggðar upp með það fyrir augum, að framkvæmdirnar séu atvinnuaukandi fyrir viðkomandi byggðarlag.

Núv. hæstv. ríkisstj. lagði í upphafi afar mikla áherzlu á að verða vinsæl meðal landsmanna. Sjálfsagt vilja allar ríkisstj. verða vinsælar. En þær mega bara alls ekki gleyma því, hvaða stjórn sem er, að fólkið í landinu ætlast til þess, að ríkisstj. stjórni eftir einhverri ákveð-

inni stefnu, en ekki að eitt sé ákveðið í dag og svo verði stjórnarandstaðan að koma til hjálpar til að bjarga málum, eins og komið hefur fyrir á þessu þingi. Fólkið ætlast líka til, að það sé metið nokkurs, hvað það vinnur mikið fyrir, ja, við skulum segja góðum lífskjörum. En það ætlast ekki til, að lífskjörin séu skert, eins og því miður margt virðist benda til. Á því ber hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, fulla ábyrgð. Fyrir það svara þeir á sínum tíma.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum í júlí í fyrra, var mikil gleði, sem hefur staðið langt fram eftir vetri. Stjórn hinna vinnandi stétta, eins og þeir kölluðu sjálfa sig, var í gleðivímu yfir að hafa komið gömlu ólukkustjórninni frá. En nú er ég hræddur um, að gleðskapnum sé lokið og við taki innan skamms stórbrotin eftirköst, eins konar pólitískir timburmenn. Fólkið í landinu fer að krefjast reikningsskila fyrir því, hvers vegna ekki hafi verið staðið við mörgu og fallegu loforðin, þ. á m. loforðið um 20% kaupmáttaraukningu. — Góða nótt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hlustendur góðir. Hvarflað gæti að mönnum, sem fylgzt hafa með þinghaldi í vetur, að forustusveit stjórnarandstöðunnar sé svipað á sig komin og þeir andar framliðinna, sem töluverðar sögur fara af í ritum spíritista og þar eru sagðir í stökustu vandræðum að átta sig á flutningnum af einu tilverustigi á annað. Þótt þessar óhamingjusömu sálir séu komnar til andaheima, halda þær sig enn vera á jarðríki og hegða sér í samræmi við það. Þetta heitir víst á máli spíritista að vera jarðbundinn og kvað einkum eiga sér stað við sviplegan aldurtila. Ástæðan til, að forusta stjórnarandstöðunnar á Alþ. minnir furðu oft á þessa villuráfandi anda, er, að hún hefur að mestu leyti látið undir höfuð leggjast að rækja það hlutverk stjórnarandstöðu að móta og leggja af sinni hálfu fyrir þing og þjóð yfirvegaða stefnu í þeim málum, þar sem ágreiningur um grundvallaratriði er milli hennar og stjórnarliðsins.

Skýrasta dæmið þessu til sönnunar er afgreiðsla skattamála hér á þinginu í vetur. Veruleg hækkun tryggingabóta ásamt niðurfellingu nefskatta til trygginganna gerði breytingu á skattheimtu ríkisins og tekjustofnum sveitarfélaga óhjákvæmilega. Talsmenn Sjálfstfl. í umr. um þau mál fundu till. ríkisstj. flest til foráttu, þótt þeir viðurkenndu í öðru orðinu, að endurskoðun skattheimtunnar væri aðkallandi. En ekki örlaði á, að þeir mótuðu af sinni hálfu raunhæfa stefnu, sem gerði fært að standa straum af auknum tryggingabótum og tilfærslu gjaldaliða frá sveitarfélögum til ríkissjóðs, sem allir voru sammála um, að ætti að eiga sér stað.

Menn heyrðu ávæning af þessum málflutningi í orðum hv. 1. þm. Reykv., Jóhanns Hafstein, hér áðan. Þegar hann kvaðst setja fram stefnu Sjálfstfl. í skattamálum, reyndist hún ekkert annað en almennt orðagjálfur um mátulega skatta. En aldrei var skýrt frá, hvorki í ræðunni núna fyrir klukkutíma né í umr. í vetur, í tölum, sem hentar verða reiður á, hvað fólgið sé í orðunum mátulegir skattar.

Ekki er ólíklegt, að vandkvæðin á að gegna eðlilegu hlutverki stjórnarandstöðu eigi sér svipaða skýringu og gefin er í andafræðum á hérvillu sálnanna jarðbundnu, sem sé að færsla milli tilverustiga hafi gerzt svo óvænt, að hlutaðeigendur eigi erfitt með að gera sér grein fyrir umskiptunum. Það er nefnilega mála sannast, að úrslit alþingiskosninganna í fyrrasumar, sem skópu ríkjandi styrkleikahlutföll á Alþ., eiga sér ekki fordæmi í þingsögunni síðustu áratugi. Við íslenzkt flokkakerfi eru samsteypustjórnir næstum óhjákvæmileg regla. Einu undantekningar frá henni eru minnihlutastjórnir eða utanþingsstjórn. Nú gerðist það í kosningunum í fyrsta skipti í áratugi, að samsteypustjórnin, sem fyrir var, missti hreinlega meiri hlutann, hún kolféll. Og ekki nóg með það. Stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstfl., hlaut eftir rúmlega áratugs óslitna stjórnarforustu lægri hundraðshluta atkvæða en í nokkrum kosningum öðrum undanfarin 40 ár. Þetta voru þó smámunir hjá útreiðinni, sem hinn stjórnarflokkurinn varð fyrir. Eftir rúmlega hálfrar aldar starf náði Alþfl. aðeins einum og hálfum hundraðshluta framar en SF, nýr flokkur, sem nú háði kosningabaráttu til Alþ. í fyrsta skipti og var svo varbúinn til bardagans, að hann bauð ekki einu sinni fram í öllum kjördæmum.

Alþingiskosningarnar síðustu sæta því miklum tíðindum í íslenzkum stjórnmálum, og ekki fyrir þá sök eina, að af þeim hlutust stjórnarskipti með öðrum hætti en Íslendingar hafa átt að venjast. Hausavíxl hrein og bein urðu á stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu. Enn meira máli skiptir, að flokkakerfið, sem ríkt hefur frá fjórða tug aldarinnar, er rofið. Framtíðin ein sker úr, hvað við tekur, en þá verður illa á málum haldið af þeirra hálfu, sem vilja, að endurnýjun eigi sér stað, ef flokkakerfið skreppur í sitt fyrra far.

Það er því óskhyggja og ekkert annað, þegar talsmenn Sjálfstfl. hugga sig við, að fráfarandi stjórn hafi fyrst og fremst fallið fyrir nýjungagirni nokkurs hluta kjósenda, sem verið hafi orðnir þreyttir á þrásetu hennar þrjú kjörtímabil í röð. Væri þetta rétt skýring, hefði O-listanum orðið meira ágengt en raun ber vitni.

Sigurvegarinn í kosningunum var tvímælalaust SF. Samtökin sönnuðu eftirminnilega mál sitt í kosningabaráttunni, að ef kjósendur veittu þeim brautargengi til þingsetu, væri fráfarandi stjórn þar með fallin. Og fall hennar varð enn meira en þorri manna í flokkunum, sem að henni sóttu, hafði gert ráð fyrir. Í kosningunum snerist þingstyrkur fráfarandi stjórnar og stjórnarandstöðu hreinlega við, svo andstöðuflokkarnir höfðu að kosningum loknum nákvæmlega sama meiri hluta á þingi og stjórnarflokkarnir áður.

Ekki var því að heilsa, að flokkarnir þrír, sem standa að núv. ríkisstj., gengju til kosninga með sameiginlega eða samræmda stefnuskrá. Því fór svo fjarri, að eldri flokkarnir tveir gerðu hvað þeir gátu til að koma nýgræðingnum SF fyrir kattarnef, með því að halda því að kjósendum, að framboð hans væru öll með tölu vonlaus og atkvæðum, sem hann hlyti, því á glæ kastað. En þótt engin fyrirheit um samstöðu að kosningum loknum lægju fyrir, leiddu viðræður í ljós, að flokkarnir þrír gátu komið sér saman um stjórnarstefnu. Í kosningunum höfðu kjósendur lýst vantrausti á fráfarandi stjórn. Eftir réttum þingræðisreglum bar því stjórnarandstöðuflokkunum frá fyrra þingi að taka saman höndum um stjórnarmyndun, úr því að ekki bar á milli um meginstefnumál.

Fyrstu vikurnar og mánuðina eftir að stjórnin, sem

nú situr, tók til starfa, höfðu nýbakaðir stjórnarandstæðingar mjög í flimtingum, að fyrstu ráðstafanir hennar jafngiltu því, að hún hefði efnt til veizlu til að kaupa sér vinsældir. Leitun mun á áróðursbragði, sem komið hefur höfundum sínum jafnrækilega í koll og þetta. Veizlubrigzlin báru því vott, að þeir, sem þar réðu ferðinni, höfðu ekki gert sér minnstu grein fyrir einni meginástæðunni fyrir falli svonefndrar viðreisnarstjórnar. Kjósendur höfnuðu henni ekki sízt fyrir þá sök, að með ýmsum ráðstöfunum á síðasta kafla valdaskeiðsins hafði hún brotið gróflega í bág við réttlætiskennd mikils hluta Íslendinga. Á sama tíma og viðreisnarstjórnin gerði ráðstafanir til að létta stórlega skatta á gróða og stóreignum einstaklinga og fyrirtækja skerti hún laun daglaunamanna og aflahlut sjómanna og skaut á frest hækkun tryggingabóta til gamalmenna og öryrkja. Þetta höfðu núverandi stjórnarflokkar fordæmt, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, og létu verða sitt fyrsta verk að hnekkja slíku misrétti, rétta hlut vinnu gagnvart fjármagni í þjóðfélaginu. Hnjóðsyrði um, að með því væri ástundað svall og sólund misstu gjörsamlega marks.

Enda var öðru nær en að núv. stjórnarflokkar lofuðu þjóðinni dansi á rósum í málflutningi sínum fyrir kosningar, þvert á móti. Það voru þáv. stjórnarflokkar, núv. stjórnarandstaða, sem héldu því fram í kosningabaráttunni, að í rauninni væri allt í stakasta lagi í þjóðarbúskapnum, ef þeir fengju bara að halda áfram ráðsmennsku sinni. Þeir bentu á verðstöðvun sína og sögðu hana flestra meina bót. Aftur á móti voru það núv. stjórnarflokkar, sem bentu mönnum á, að verðstöðvunin væri skammgóður vermir ein sér. Eftir kosningar hlyti að koma að skuldadögum, hverjir svo sem við völd væru.

Þetta skilur fólk, það veit, að núv. stjórn hefur hingað til átt við þann vanda helztan að glíma að jafna yfirdráttarskuldirnar, greiða víxlana á framtíðina, sem viðreisnarstjórnin lét eftir sig. Hver ímyndar sér til að mynda, að unnt sé að halda linnulaust áfram að hækka niðurgreiðslur af almannafé á verði ýmissa helztu neyzluvara? Hvernig á að standa við umsamdar launahækkanir til opinberra starfsmanna án þess að ætla til þess fé á fjárlögum? Stundum er helzt að heyra á talsmönnum stjórnarandstöðunnar, að hvort tveggja sé lafhægt.

Aðgerðir ríkisstj. fyrstu vikurnar, sem hún var við völd, bjuggu í haginn fyrir, að kjarasamningar tókust án stórátaka í vetur. Hefði allt verið með felldu um viðskilnað viðreisnarstjórnarinnar, ætti þjóðarskútan þar með að hafa komizt í lygnari sjó. En slíku er ekki að heilsa. Frá því um áramót og fram til þessa dags er verið að greiða bakreikningana frá síðustu valdamánuðum fráfarandi stjórnar. Þegar verðstöðvunin rann út, var óhjákvæmilegt að takast á við vandann, sem fyrri stjórn hafði slegið á frest. Framlag foringja stjórnarandstöðunnar er að gera ýtrustu hækkunarkröfur fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem þeir veita forstöðu og áfellast svo ríkisstj. gagnvart almenningi fyrir, að hún beri ábyrgð á verðhækkunum, sem af hljótast, enda þótt hún skeri hækkanakröfur þessara sömu manna stórlega niður.

Meðferð borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík á breytingum, sem gerðar voru á tekjustofnalögum sveitarfélaga, eru eitthvert ljósasta dæmið um hentistefnu foringja stjórnarandstöðunnar. Þegar till. um að gera fasteignagjald að öðrum aðaltekjustofni sveitarfélaga var rædd á þingi, viðurkenndu ýmsir talsmenn Sjálfstfl., að þeir hefðu fyrr hreyft svipuðum hugmyndum, en héldu því líka fram, að gjaldið væri ákveðið óhóflega hátt í frv. ríkisstj. Jafnframt var hafin áróðursherferð í Reykjavík til að telja Reykvíkingum trú um, að með hinum breyttu tekjustofnalögum væri framin aðför að Reykjavík, þar sem að hag borgarsjóðs væri þrengt stórlega. En svo þegar tekjustofnafrv. ríkisstj. var orðið að lögum, ákvað borgarstjórnarmeirihlutinn að láta ekki sitja við hina almennu reglu um fasteignagjald, heldur nota heimild til helmingshækkunar. Jafnframt var afgreidd framkvæmdaáætlun langt umfram það, sem áður hefur þekkzt í ýmsum þýðingarmestu greinum. Engum fær dulizt, hversu hér er ætlunin að leika tveim skjöldum. Álögur eru spenntar til hins ýtrasta í trausti þess, að unnt verði að skella skuldinni af því á ríkisstj. Jafnframt er gert ráð fyrir meiri framkvæmdum en nokkru sinni fyrr í því skyni, að borgarstjórnarmeirihlutinn hafi af sem mestu að státa, þegar gengið verður til borgarstjórnarkosninga. Svona brögð eiga ekkert skylt við stjórnmálastefnu. Annaðhvort telur Sjálfstfl., að fasteignaeigendum sé íþyngt jafnvel um of með hinu almenna gjaldi, sem lögin ákveða, og hegðar sér samkv. því, eða hann telur gjaldið svo hóflegt, eins og það var ákveðið að till. ríkisstj., að borginni sé óhætt að innheimta það með álagi. Vilji menn láta taka sig alvarlega, geta þeir ekki haldið hvoru tveggja fram.

Forustumenn stjórnarandstöðunnar ættu að leitast við að læra af reynslu sinni í landhelgismálinu. Eitt af því, sem tvímælalaust stuðlaði að falli fráfarandi stjórnar í síðustu kosningum og myndun þeirrar, sem nú situr, var, að flokkarnir þrír, sem að henni standa, mótuðu fyrir kosningar sameiginlega stefnu um útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þegar leitað var eftir allsherjarsamstöðu, voru núv. stjórnarandstöðuflokkar ekki reiðubúnir að fallast á svo ákveðna stefnumörkun. Nú hafa þeir góðu heilli staðið að einróma samþykki Alþ. á markaðri stefnu, og taka í landhelgismálinu þátt í að leggja á ráðin um, hversu henni skuli framfylgt.

Í þessu máli guldu núv. stjórnarandstöðuflokkar þess í síðustu kosningum, að þeir þekktu ekki sinn vitjunartíma, þótt þeir hafi síðan séð að sér. En furðuleg fastheldni við úrelt sjónarmið kemur líka fram í smáatriðum. Til að mynda er óhætt að fullyrða, að það mundi vekja almennan fögnuð útvarpshlustenda, ef þessar eldhúsdagsumræður væru styttar og látið nægja til þeirra eitt kvöld. Í ráði var að breyta til í þetta skipti, en það strandaði á þingflokki sjálfstæðismanna. Svo að engum sé gert rangt til, skal tekið fram, að formaður þingflokksins, hv. 1. þm. Reykv., var breytingunni meðmæltur.

Hróplegasta dæmið um það, hversu illa forustumönnum stjórnarandstöðunnar gengur að átta sig á breyttum viðhorfum í íslenzkum stjórnmálum, var ofsafengin tilraun þeirra strax eftir stjórnarmyndun og í upphafi þings til að sprengja ríkisstj. þegar í stað á utanríkismálum, afstöðunni til NATO og brottfarar hersins. Þeir, sem þar lögðu á ráðin, hafa alls ekki áttað sig á, að sá málflutningur, sem tíðkaðist á báða bóga á verstu árum kalda stríðsins, á alls engan hljómgrunn

lengur. Tími er fyrir löngu til þess kominn, að menn hætti að láta eins og þeir telji hver annan sitja á svikráðum við dýrmætustu þjóðarhagsmuni, ef á milli ber um utanríkisstefnu og öryggismál. Menn verða að geta rætt þau mál eins og önnur, án þess að eigna hver öðrum hinar verstu hvatir jafnskjótt og orðinu er hallað. Reynslan hefur kennt þorra manna hér eins og annars staðar, að því fer fjarri, að á vettvangi heimsmála eigist annars vegar við börn ljóssins og hins vegar herskarar myrkursins og verkefni Íslendinga og annarra smáþjóða sé ekki annað en að þekkja rétt merki og skipa sér undir það. Allt of lengi hefur það haft óeðlileg áhrif á íslenzk stjórnmál, að reynt hefur verið að deila þjóðinni í ósættanlegar fylkingar eftir afstöðu til utanríkismála einni saman. Núv. stjórnarsamstarf byggist einmitt á því, að þótt menn séu ekki á einu máli um aðildina að Atlantshafsbandalaginu, skuli óbreytt ástand ríkja í því efni, en tími sé til kominn, að erlendri hersetu linni. Umr. hér á þingi um þetta mál hafa a. m.k. leitt í ljós, að allir flokkar hafna erlendri hersetu um aldur og ævi. Úr því að svo er, ætti engum að vera ofætlun að gera sér grein fyrir, að það er matsatriði, hvenær hersetu skuli ljúka, og umr. um það efni hljóta að geta átt sér stað með rökum en ekki hrópyrðum og dylgjum.

Störf þings og stjórnar fara því betur úr hendi sem mönnum, sem hlotið hafa sess í þingsölunum, er ljósara eðli umboðsins, sem kjósendur hafa veitt. Hvorki stjórn né stjórnarandstaða hafa til langframa hag af skyndiupphlaupum og auglýsingaskrumi. Þingmenn eru kjörnir til að taka ákvarðanir í nafni þjóðarinnar. Oft geta þær orkað tvímælis á líðandi stund, en það, sem úrslitum ræður, er árangurinn þegar frá líður. Eftir honum fellir þjóðin sinn dóm, þegar þar að kemur. — Ég þakka áheyrnina.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Muna menn eftir ástandinu og andrúmsloftinu á Íslandi fyrir nokkrum árum? Þá var við völd svokölluð viðreisnarstjórn, og leiðtogar hennar, Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason, boðuðu þá kenningu af ofurkappi, að Íslendingar væru þess ekki megnugir að ráða sjálfir yfir landi sínu og tryggja þróttmikið atvinnulíf og hagvöxt. Þeir lýstu yfir því, að landsmenn yrðu um ófyrirsjáanlega framtíð að una því að búa í hersetnu landi og haga utanríkisstefnu sinni í einu og öllu samkv. vilja hernámsveldisins. Þeir minntust ekki einu orði á stækkun landhelginnar. Á því sviði áttu Íslendingar að una nauðungarsamningunum frá 1961, sem fólu það í sér, að Íslendingar mættu ekki stækka landhelgina án náðarsamlegs leyfis Breta og V.-Þjóðverja eða samkv. úrskurði erlends dómstóls. Á sviði efnahagsmála og atvinnumála beindist allur áhugi þessara herra að því að draga hingað erlenda auðhringi og fá þá til að koma upp verksmiðjum á Íslandi. Þeir gerðu einn slíkan samning við svissneskan auðhring, en samkv. honum verðum við að una því fram yfir næstu aldamót, að selja raforku undir kostnaðarverði og fyrir aðeins örlítið brot af því verði, sem Íslendingar eru sjálfir látnir greiða. Og þessi samningur átti aðeins að vera upphafið. Hér áttu samkv. stefnu Jóhanns Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasonar að rísa 20 erlendar álbræðslur á nokkrum árum. Jafnframt var því haldið fram, að helztu framtíðarvonir okkar á sviði iðnaðar væru þær, að við ættum að leggja til ódýrt vinnuafl handa erlendum fyrirtækjum hér á landi. Þessi óþjóðholla, neikvæða stefna var ekki aðeins boðuð í orði heldur einnig framkvæmd í verki. Allar tillögur um endurnýjun togaraflotans voru strádrepnar, þar til við vorum orðin eftirbátar allra annarra þjóða, sem stunda togveiðar á N.-Atlantshafi. Sjávarútvegurinn var úrelt atvinnugrein að mati viðreisnarleiðtoganna. Sama þróun var í íslenzkum iðnaði, samkeppnisaðstaða hans varð verri með hverju árinu sem leið og iðnaðarframleiðsla fór stórlega minnkandi í ýmsum greinum á árunum frá 1965 til 1968. Má ég nefna sem dæmi, að magnvísitala í kexgerð lækkaði úr 100 í 77.6 á þessu tímabili, í skógerð úr 100 í 80, í fatagerð úr 100 í 93.5, í hreinlætisvörum úr 100 í 95.6, sementsframleiðsla úr 100 í 87.3, málmiðnaður og raftækjasmíði úr 100 í 85.6, og þannig mætti lengi telja. Iðnaður í eigu Íslendinga sjálfra var ekki mikils metinn af Jóhanni Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasyni. Þeir einblíndu á erlenda forustu og erlendar framkvæmdir.

Þessi stöðnun og samdráttur í atvinnulífi Íslendinga leiddi til neyðarástands í árslok 1967. Þegar afli minnkaði og verð á sjávarafurðum lækkaði á erlendum mörkuðum, var efnahagskerfi okkar og atvinnulíf algjörlega óviðbúið að bregðast við vandanum og leysa hann. Afleiðingin varð mjög stórfellt atvinnuleysi. Í janúarlok 1968 voru 5 475 menn atvinnulausir á Íslandi, en það jafngildir 13.4% atvinnuleysi hjá þeim, sem tryggðir voru hjá atvinnuleysistryggingum. Sjöundi hver vinnufær maður fékk ekkert að gera. Ég spyr aftur: Muna menn ekki eftir þessu ástandi? Menn stóðu í biðröðum til þess að láta skrá sig. Menn stóðu í biðröðum til þess að fá atvinnuleysisbætur og atvinnuleysið hélt áfram. Árið 1969 voru að jafnaði 1 975 atvinnulausir, og árið 1970 komst fjöldi atvinnuleysingja upp í 2 608. Þetta neyðarástand leiddi til þess, að fjöldi fólks leitaði sér atvinnu erlendis eða fluttist búferlum til annarra landa vonsvikið og biturt. Mörg hundruð iðnaðarmanna héldu til útlanda með fjölskyldur sínar, trésmiðir, málarar, múrarar, rafvirkjar, járniðnaðarmenn og verkamenn, allt menn, sem íslenzka þjóðin þurfti mjög á að halda. Árið 1968 fluttust 1 155 Íslendingar búferlum til útlanda, árið 1969 1 808 og árið 1970 2 192. Á þessum þremur árum fluttust þannig úr landi yfir 5 þús. Íslendingar. Það mundi jafngilda því, að yfir 5 millj. manna flýðu Bandaríki N.-Ameríku. Hátt á þriðja hundrað Íslendinga fluttist alla leið til Ástralíu. Mér fannst þessi brottflutningur ömurlegastur af öllu, sem gerðist þessi ár. Hann var til marks um það, að Jóhanni Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasyni hafði með óþjóðhollum áróðri sínum og verkum tekizt að innræta mönnum vonleysi og trúleysi á land og þjóð, grafa undan þeim þjóðlega metnaði, sem lyfti Íslendingum af nýlendustigi til nútímaþjóðfélags. Annað eins og þetta hafði aldrei gerzt fyrr, eftir að Íslendingar náðu heimastjórn. Hliðstæður verður að sækja til nýlenduyfirráða Dana.

Það var þessi niðurlægingarstefna, sem þjóðin hafnaði í kosningunum í fyrra, og afleiðingin hefur orðið afar stórfelld og snögg umskipti á ástandi og andrúmslofti í landinu. Nú er ekki þagað um landhelgismálið, heldur hefur nauðungarsamningum viðreisnarstjórn-

arinnar verið sagt upp. Landhelgin verður stækkuð í 50 mílur 1. sept. í haust, þrátt fyrir allar hótanir og allar tilraunir til baktjaldamakks. Yfir 20 ára hernámi verður aflétt á þessu kjörtímabili, og munu viðræður við bandarísk stjórnarvöld um fyrirkomulag brottflutningsins hefjast í lok þessa árs. Verið er að smíða erlendis tugi togara handa Íslendingum til þess að bæta upp í einu stórfellda hnignun flotans á undanförnum árum. Hafin er smíði á skuttogurum innanlands, og hafa lán til skipasmíða innanlands verið hækkuð í 90%, lánstími lengdur og vextir lækkaðir. Íslenzkur iðnaður er í stórfelldari sókn en nokkru sinni fyrr og einbeitir sér nú að því að margfalda útflutning okkar á fullunnum iðnaðarvarningi á næstu árum. Iðnaðinum hefur verið tryggt aukið fjármagn bæði til stofnlána og rekstrarlána. Einmitt þessa daga er Alþ. að samþykkja löggjöf, sem tryggir iðnaðinum sama rétt og sjávarútvegur og landbúnaður hafa haft í viðskiptum við banka og lánastofnanir, en í tíð viðreisnarstjórnarinnar þótti sæma að setja íslenzkan iðnað skör lægra. Verið er að gera stórfellt átak til að efla lagmetisframleiðslu, niðursuðu og niðurlagningu. Hvarvetna er nú bjartsýni og framkvæmdahugur, svo mikil bjartsýni, að menn vilja helzt gera allt í senn. Og Íslendingarnir, sem fluttu til útlanda á viðreisnartímanum, flykkjast nú heim, einnig frá Ástralíu yfir hnöttinn hálfan. Jafnalgjör umskipti hafa sjaldan fyrr gerzt hérlendis á svo skömmum tíma. En hver hafa viðbrögð viðreisnarflokkanna orðið? Fulltrúar Sjálfstfl. hafa haldið dauðahaldi í hina neikvæðu óþjóðhollu stefnu sína. Í allan vetur hafa þeir haldið uppi óhljóðum hér á þingi vegna þess ásetnings Íslendinga að lifa einir og frjálsir í landi sínu. Þeir geta ekki hugsað sér að vera án erlendrar herstöðvar, eins og heyra mátti á máli Jóhanns Hafstein hér áðan. Á sama hátt hafa þeir snúizt gegn sjálfstæðri utanríkisstefnu núv. stjórnar. Þeir hafa mótmælt í hvert skipti, sem Íslendingar hafa leyft sér að hafa aðrar skoðanir en bandarísk stjórnvöld. Þeir hafa lagt til, að kosin yrði sérstök stóriðjunefnd, svo að þeir hefðu tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum um erlenda forsjá í efnahags- og atvinnumálum. Þeir hafa ekki tekið neinn þátt í bjartsýni og framkvæmdaáhuga þjóðarinnar. Ég sagði fulltrúar Sjálfstfl., en auðvitað á þetta ekki við um þann mikla fjölda, sem veitt hefur Sjálfstfl. brautargengi á umliðnum árum. Hér er að verki þröng og ofstækisfull klíka undir forustu Jóhanns Hafstein og Geirs Hallgrímssonar með Morgunblaðið að bakhjarli. Ágreiningurinn innan flokksins dylst hins vegar ekki, og hann nær einnig hér inn í þingsalina. Allir veita því til að mynda athygli, hvernig Jóhann, Geir og Morgunblaðið reyna í sífellu að skyggja á hæfasta forustumann Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, enda reyndu þeir meira að segja að koma í veg fyrir það, að hann fengi að vera í framboði í fyrra.

Ég hef ekki trú á því, að Sjálfstæðisflokksmenn almennt muni lengi una hinni neikvæðu, óþjóðhollu og máttlausu forustu Jóhanns Hafstein og Geirs Hallgrímssonar.

Um Alþfl. er það að segja, að hann fékk í fyrra alvarlegri áminningu en nokkur annar stjórnmálaflokkur hefur fengið. Þúsundir kjósenda sneru við honum bakinu og komu til liðs við Alþb., sem jók fylgi sitt um 50% í höfuðborginni einni. Í upphafi þings var svo að sjá, sem þm. Alþfl. hefðu lært af þessari áminningu. Þeir tóku sjálfstæða og málefnalega afstöðu til viðfangsefna sinna, en þetta gerbreyttist, þegar Gylfi Þ. Gíslason kom heim úr námsdvöl sinni í húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Hann gekk beint inn í klíku þeirra Jóhanns Hafstein og Geirs Hallgrímssonar, og þeir hafa síðan birzt hér á þingi sem samvaxnir þríburar. Ég tel þetta mikið alvörumál fyrir Alþfl. Honum var boðin aðild að núverandi ríkisstj., þegar hún var mynduð, og það boð stendur enn af okkar hálfu. Það ætti að vera mjög æskilegt verkefni fyrir Alþfl. að taka þátt í þeirri félagslegu stefnu, sem nú er reynt að framkvæma á Íslandi, og ég veit, að margir Alþfl.-menn eru þeirrar skoðunar, en slíkt gerist greinilega ekki, á meðan þeir lúta forustu Gylfa Þ. Gíslasonar.

Ég sagði áðan, að þjóðfélagið mótaðist af stórhug og framkvæmdaáhuga. Þetta á við um ríkisvald, sveitarfélög, atvinnurekendur og einstaklinga. Menn vilja helzt gera allt í senn, og það er barizt um mannafla og fjármuni. Þetta ástand heitir þensla á máli hagfræðinga og er vissulega alvarlegt viðfangsefni. Við verðum að læra að beita nútímalegum áætlunarvinnubrögðum og raða framkvæmdum með hliðsjón af fjármagnsgetu okkar og mannafla. Til þess var Framkvæmdastofnunin sett á laggirnar, og hefur hún mjög veigamiklum hlutverkum að gegna. Að sjálfsögðu verða þær framkvæmdir ævinlega að ganga fyrir, sem styrkja sjálfa undirstöðu þjóðfélagsins, atvinnuvegina og útflutninginn. Þar hlýtur hlutur iðnaðarins að fara hraðvaxandi á næstu árum. Ein af forsendum slíkrar íslenzkrar iðnvæðingar er stóraukin raforkuframleiðsla í þágu þjóðarinnar allrar.

Ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um, að næst skuli ráðizt í stórvirkjun í Tungnaá við Sigöldu. Verður það verk boðið út á næstunni, undirbúið í ár og hafið snemma á næsta ári. Í sambandi við það verður að vinna skipulega að því að tengja saman raforkumarkað landsmanna, svo að hann verði sem samfelldastur og þjóðin öll njóti sem fyrst árangursins af orkuvinnslunni. Slík samtenging verður framkvæmd á Norðurlandi í sumar. Ég tel, að slíka samtengingu verði að framkvæma á Vesturlandi næsta sumar. Á árunum 1973 og 1974 þarf svo að leggja línu frá Búrfellssvæðinu til Norðurlands, en slík tenging er jafnframt forsenda fyrir stórvirkjunum á Norðurlandi. Síðan þyrfti að tengja Austfirði og Vestfirði við kerfið, og með því að tengja saman Vesturland og Norðurland væri komin hringtenging, sem tryggði öryggi.

Slíkar stórframkvæmdir í raforkumálum þurfa að haldast í hendur við orkufrekan iðnað. Unnið er nú að fjölþættri könnun á því máli á þeim forsendum, að slík fyrirtæki lúti stjórn Íslendinga og heyri að sjálfsögðu í einu og öllu undir íslenzk lög. Í þessu sambandi má geta þess, að nú dvelst hér á landi sérfræðingur á vegum Sameinuðu þjóðanna til að kanna aðstæður til títanframleiðslu á Íslandi. Þar er um afar athyglisvert mál að ræða, ekki sízt vegna þess, að slík verksmiðja yrði okkur ekki ofviða fjárhagslega, og raforka er meginþáttur framleiðslunnar.

Atvinnuvegirnir eru sú undirstaða, sem verður að efla, en tilgangurinn er að bæta þjóðfélagið sjálft, það mannlíf, sem lifað er í landinu. Ríkisstj. setti sér það

mark að vinna að auknum jöfnuði og félagslegu öryggi. Ég tel, að kjarasamningar þeir, sem gerðir voru í vetur, hafi verið afar merkur áfangi, ekki sízt kaupháttkanir láglaunafólksins, og raungildi þessara samninga verður að tryggja með öllum tiltækum ráðum. Þær stórfelldu umbætur, sem framkvæmdar voru í tryggingamálum, voru einnig mjög mikilvægur áfangi. Hinir þungbæru og ranglátu nefskattar hafa verið afnumdir, og á einu ári hafa framlög til almannatrygginga aukizt um nær 1000 millj. kr. Öldruðu fólki og öryrkjum hafa nú verið tryggðar lágmarkstekjur, sem nema 18 þús. kr. á mánuði fyrir hjón, en í tíð viðreisnarstjórnarinnar var hjónum ætlað að draga fram lífið af tæpum 8 þús. kr. á mánuði.

Ég tel, að með þessari breytingu hafi verið afmáður smánarblettur af þjóðfélagi okkar Íslendinga, og ég hlýt að harma það alveg sérstaklega, að Morgunblaðið hefur oftar en einu sinni lagzt gegn þessari breytingu og talið hana leiða til leti og ómennsku hjá öldruðu fólki og öryrkjum. Jafnhliða þessari breytingu var réttur barna stórlega aukinn, og allt misrétti milli karla og kvenna hefur verið afmáð úr tryggingalöggjöfinni. En heildarendurskoðun á henni heldur áfram.

Einnig á sviði heilbrigðismála hafa orðið mjög veruleg umskipti. Fyrir Alþ. liggur nú frv. um algjöra skipulagsbreytingu á heilbrigðisþjónustunni um land allt, þar sem nútímahugmyndir taka við af úreltu skipulagi. Fjárframlög til sjúkrahúsabygginga hafa verið stóraukin, og er nú unnið að byggingu og stækkun sjúkrahúsa í öllum kjördæmum landsins. Sérstök áherzla verður lögð á það brýna vandamál að stórbæta þjónustu við geðsjúklinga, og er nú unnið að undirbúningi nýrrar geðdeildar við Landsspítalann. Vinnuskilyrði á Kleppi hafa verið bætt til mikilla muna og standa vonir til þess, að fljótlega verði hægt að leggja niður elzta hluta spítalans, en notkun hans hefur verið heilbrigðiskerfinu til mikillar vansæmdar. Unnið er að undirbúningi á lokuðu hæli fyrir drykkjusjúklinga og standa vonir til, að byggingarframkvæmdir geti hafizt síðar á þessu ári. Þá er unnið að skipulagningu sérstakrar deildar í þágu sykursjúkra. Enn vil ég geta þess, að á vegum heilbrrn. hefur verið samið frv. um dvalarheimili aldraðra, en þar er m. a. gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði þriðja hluta kostnaðar við slíkar byggingar ásamt tækjum og búnaði.

Allt eru þetta ráðstafanir til þess að auka félagslegt öryggi og jafnrétti í þjóðfélaginu. Hins vegar mun þessi félagslega sókn því aðeins bera tilætlaðan árangur, að okkur takist að tryggja sæmilegt jafnvægi í efnahagsmálum. Að undanförnu hafa dunið yfir þjóðina mjög stórfelldar og tilfinnanlegar verðhækkanir. Þar er að verki hrollvekja sú, sem Ólafur Björnsson prófessor spáði í lok viðreisnar. Ýmsir leiðtogar Sjálfstfl. hafa látið öllum illum látum til að tryggja sem mestar verðhækkanir. Sjálfur varaformaður flokksins, Geir Hallgrímsson, hefur gert sér sérstakar ferðir í rn. til að reyna að tryggja það, að Reykvíkingar yrðu að greiða sem hæst verð fyrir rafmagn, hitaveitu, strætisvagnaferðir o. s. frv. Hann hefur látið samþykkja að leggja hámarksgjöld á Reykvíkinga, jafnt fasteignaskatta sem útsvör. Engum dylst, að af hálfu Geirs Hallgrímssonar og félaga hans er unnið vitandi vits að því að magna verðbólgu og auka þenslu, sú iðja er til marks um ofstækisfulla og óþjóðholla stjórnarandstöðu.

Við skulum af fullu raunsæi gera okkur grein fyrir þeirri staðreynd, að engu þjóðfélagi með kapítalískt hagkerfi hefur tekizt að tryggja fulla atvinnu án verðbólgu, og okkur mun ekki takast það heldur. Verkefni okkar er hins vegar það, að koma í veg fyrir meiri verðbólgu hér á landi en í helztu viðskiptalöndum okkar, og sú stefna er framkvæmanleg. Þá verður að koma til markviss forusta stjórnarvalda til að draga úr óeðlilegri þenslu og tryggja nauðsynlegt jafnvægi milli neyzlu og framleiðslu. En aðgerðir stjórnarvalda einna saman munu hrökkva skammt, ef ekki kemur til samvinna þjóðarinnar allrar. Þar skiptir meginmáli, að samtök launafólks styðji ríkisstj. við framkvæmd þeirrar stefnu, verkalýðsfélög, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, samtök háskólamanna, verkfræðingar, læknar. Allir þessir aðilar þurfa að meta getu og þarfir samfélagsins í heild af fullu raunsæi og þjóðhollustu. Og þarna þarf einnig að koma til virk aðstoð hvers einstaklings í landinu. Menn verða hver fyrir sig að meta þarfir sínar og framkvæmdaóskir með tilliti til heildarinnar.

Í því sambandi er ástæða til að leggja áherzlu á mikilvægi sparnaðar. Ríkisstj. hefur einsett sér að auka frjálsan sparnað til mikilla muna, gefa fólki kost á að tryggja til frambúðar verðgildi fjármuna sinna í stað þess að verja þeim jafnharðan til neyzlu. Stjórnarandstæðingar hafa lýst vantrú sinni á þessari stefnu, eins og heyra mátti af ræðu Jóhanns Hafstein hér áðan, og er það í samræmi við neikvæða afstöðu þeirra í heild. Ég er hins vegar sannfærður um, að það er bæði framkvæmanlegt og óhjákvæmilegt að auka sparnað til mikilla muna.

Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var sá háttur á hafður að taka erlend lán til flestra meiri háttar framkvæmda hérlendis, einnig fyrir innlendum kostnaði. Ég tel, að slík stefna sé bæði röng og hættuleg. Íslendingar í heild eru nú það vel efnum búnir, að þeir eiga að setja sér það mark að standa sjálfir undir verulegum hluta af þeim stórframkvæmdum, sem nú verður ráðizt í. Þjóðin verður að setja sér það mark að leggja til hliðar fjármuni til að endurnýja skipastólinn, til að ráðast í stórframkvæmdir á sviði raforkumála og vegamála og til að efla til muna íslenzka iðnvæðingu.

Ég vék að því í upphafi máls míns, hvernig andrúmsloftið á Íslandi hefði breytzt. Hversu stórfelld umskiptin væru frá atvinnuleysi og landflótta til þeirrar bjartsýnu framkvæmdagleði, sem nú einkennir þjóðfélagið. Þessi breyting á viðhorfum skiptir afar miklu máli. Stjórnmál eru ekki aðeins efnahagskerfi og hagfræði, þau eru umfram allt vilji. Kynslóðir þær á undan okkur, sem tóku við heimastjórn og breyttu Íslandi úr miðaldaþjóðfélagi í nútímaríki, áttu þennan vilja í mjög ríkum mæli. Þessar kynslóðir gerðu mörg hagfræðileg mistök, en það, sem knúði þær áfram, var brennandi þjóðlegur metnaður, trú á landið og getu þjóðarinnar til að lifa í því, ein og frjáls. Það var þessi vilji, sem lyfti Grettistökunum. Þennan heilbrigða þjóðlega metnað reyndu viðreisnarleiðtogarnir að lama og buga með áróðri sínum um getuleysi Íslendinga og forsjá útlendinga, þar til 5 þús. manna höfðu flúið land. En þeim tókst ekki að brjóta sjálfstæðisvilja Íslendinga

á bak aftur og þess vegna féllu þeir á verkum sínum á síðasta sumri.

Nú er það verkefni okkar að efla að nýju þennan þjóðlega metnað, þann ásetning Íslendinga að ráða einir yfir landi sínu, landhelgi og atvinnulífi. Ef við höfum slíkan vilja að bakhjarli, mun okkur takast að leysa hvern þann vanda, sem að höndum ber. — Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þann mund er alþingiskosningar fóru fram í fyrrasumar, hafði Framsfl. verið í röskan áratug utangátta í íslenzkum stjórnmálum. Hann kunni þar oft illa við sig í nöprum næðingnum og hafði sett að honum hroll. Nú gerðust þau tíðindi, að ríkisstj. missti meiri hluta sinn og formanni Framsfl. var fyrstum manna veitt tækifæri til þess að reyna við myndun nýrrar stjórnar. Fór fyrir honum eins og nafna hans Ólafi liljurós, er hann reið með björgum fram, að hann hitti fyrir sér álfarann, þar rauður loginn brann. Er þar skemmst frá að segja, að hann varð heillaður af álfum þessum, er komu úr álfheimum þeim, er nú kallast Alþb. Vildi hann allt til vinna að fá þeirra félagsskap. Hann kyssti ekki álfafrúna með hálfum huga eins og liljurós gerði í kvæðinu, heldur heils hugar feginn. Hann hlýddi kalli þeirra, — „gakk í björg og bú með oss" —, og lét hann flest það falt, sem rauðálfar girntust, og hrepptu þeir vegtyllur stórar og valdastóla. Þeim var trúað fyrir miklu, enda þótt þeir hefðu ekki áður unnið sér það til verðleika að vera trúir yfir litlu. Í hlut þeirra kom útvegurinn allur og iðnaðurinn með, verzlun og viðskipti, vatnsorka og varmi í jörðu og virkjanir, sjúkrahús og heilsugæzla, læknar og lyfsalar og landhelgin sjálf. Enga þarf því að undra, þótt Alþb. og ráðamenn þess uni sér vel og fari fögrum orðum um samheldnina og bróðurþelið í þessum ranni. Og það er rétt, þar er samheldni um sumt. Það er samstaða um að auka útgjöld ríkissjóðs um 50% á einu ári. Það er samstaða um að margfalda fasteignaskatta á almenningi og gera þar engan mun á því, hvort eigandi íbúðar er einhleypur efnamaður eða ungt fólk, sem er að setja saman heimili með allt í skuld. Það er samstaða um það að veikja traust okkar meðal vinaþjóða með ótímabæru og óviturlegu tali um varnarmál, einmitt á þeirri stund, er við þurfum mest á stuðningi að halda í landhelgismálinu. Og stundum er samstaðan milli stjórnarflokkanna sterkust um þau mál, er sízt skyldi.

En um ýmis undirstöðuatriði þjóðlífsins brestur mjög á samheldni stjórnarflokkanna. Í efnahagsmálunum sjálfum skortir alla samstöðu um stefnumótun. Ábyrg efnahagsstefna fyrirfinnst engin. Jafnvægi í efnahagsmálum, sæmilegur stöðugleiki um verðlag, barátta gegn verðbólgu, eftir því sem í mannlegu valdi stendur á hverjum tíma, allt er þetta ein frumskylda hverrar ríkisstj. Hvers vegna? Vegna þess að þótt verðbólga og dýrtíð geti hjálpað sumu skuldugu fólki í bili, þá er hún skaðvaldur öllu heilbrigðu efnahagslífi. Verðbólgan veldur ranglæti, eykur óréttlæti, skapar misrétti. Hún setur skattalög úr skorðum, svo að launamenn verða oftast verst úti. Hún þyngir skatta og skekkir eðlilegt verðlag. Hún dregur úr sparifjársöfnun, brennir upp sparifé eldra fólksins, hún lætur þá græða mest, sem skulda mest, hún gefur braski byr undir vængi.

En nú munu menn spyrja: Hefur ekki alltaf verið villt verðbólga hér á landi í 30 ár? Er ekki vonlaust að vera að tala um að hamla gegn henni? Nei, það er ekki vonlaust verk. Reynslan sýnir, að það hefur stundum tekizt um stundarsakir að hafa hemil á verðbólgu og dýrtíð. Auðvitað breytist kaupgjald og verðlag ár frá ári. En ef það er hægfara þróun og fer ekki fram úr því, sem algengt er í helztu viðskiptalöndum, þá er enginn háski á ferðum.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Thors var mynduð í nóv. 1959, var það meginverkefni hennar að glíma við efnahagsmálin. Heilsteypt áætlun var gerð, víðtæk og viðamikil, hún var framkvæmd, og jafnvægi og stöðugleiki komst á í efnahagsmálum þjóðarinnar inn á við og út á við. Sá stöðugleiki hélzt sæmilega í þrjú ár, og var full atvinna á þeim tíma. Sá tími er sönnun þess, að hægt er að hafa hemil á verðbólgu með samstilltu hyggilegu átaki. Því er það á misskilningi byggt, þegar hæstv. iðnrh. segir hér í ræðu sinni áðan, að engu þjóðfélagi með kapítalistískt efnahagskerfi, og á hann þá væntanlega við hið frjálsa efnahagskerfi, sem við búum við, hafi tekizt að hindra verðbólgu án atvinnuleysis.

Við Íslendingar höfum sýnt það á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar, að þetta var hægt. Með verðstöðvuninni í nóv. 1970 voru verðhækkanir bannaðar og lausn efnahagsmálanna frestað. Öllum var það ljóst, enda ekki reynt að fela það, að strax að loknum kosningum sumarið 1971, þyrfti hvaða ríkisstjórn og þingmeirihluti, sem þá yrði við völd, að líta á það sem meginverkefni að leysa þennan vanda. Hver sem þá færi með stjórn landsins þyrfti helzt að gera efnahagsáætlun fyrir heilt kjörtímabil. Núv. stjórn hefur ekkert gert í þessa átt, og nú ríkir algjör óvissa um það, hvert stefnir og hvað við tekur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Sú óvissa hefur haft skaðleg áhrif. Og það er víst, að verðbólguöflin eru að verki í þjóðfélagi okkar á fjölmörgum sviðum. Þessi verðbólga kemur fram á ýmsan hátt. Ég skal nefna hér nokkur einkenni. Hún birtist í geysimiklum kaupum á erlendum vörum, óskyggilega miklum innflutningi og uggvænlega mikilli eyðslu erlends gjaldeyris. Hún birtist í stórhækkuðu fasteignaverði. Það er t. d. upplýst, að í Reykjavík hafa húseignir og íbúðir hækkað í verði á einu ári um 20—30 af hundraði. Gengi íslenzku krónunnar hefur verið lækkað um 8% í tíð núv. ríkisstj. Svo mikil eftirspurn er víða eftir vinnuafli, að yfirborganir yfir taxta og vinnusamninga eiga sér stað. Verðhækkanir hafa orðið fjölmargar á margvíslegum vörum og þjónustu. Og slík hækkun varð á fjárl. nú síðast, að líkist sprengigosi. Og verðbólgan birtist m. a. í 1. maí-ávarpi stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar sem segir, að bandalagið telji óverjandi, að ekki séu reyndar nýjar leiðir í efnahagsmálum, þegar óðfluga virðist stefna að enn einni gengislækkun.

Þótt hæstv. forsrh. segði í ræðu sinni hér áðan, að sumum fyndist nóg um dugnað ríkisstj., þá hefur stjórnin vanrækt að gera ráðstafanir til að draga úr hraða verðbólgunnar. Það er ekki næg afsökun, sem hæstv. forsrh. ber fram, að starfstími stjórnarinnar hafi verið of skammur. Stjórnin hefur vissulega fengið sín tækifæri, hún hefur nú starfað í 10 mánuði og nú er 7 mánaða þingi að ljúka, en ekkert bólar á ráðstöfunum til að vinna bug á eða reyna að hamla gegn verðbólg-

unni. Þvert á móti hefur stjórnin sjálf örvað verðbólguna, hún hefur skapað vantrú og vantraust á gjaldmiðilinn. Hér þarf föst tök í staðinn fyrir lausatök núv. ríkisstj. Hér þarf að endurskapa traust í stað vantrúar, því að efnahagsmálin eru ekki eingöngu hagræn heldur og sálræn.

Ég hef rætt hér um efnahagsmál og lífskjör, en efnahagsmálin eru ekki allt. Maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Það er ekki hægt að loka augum fyrir því, að bættur efnahagur, bætt lífskjör hafa ekki alltaf fært mönnum aukna lífshamingju, og um leið og hin efnalegu lífskjör eru bætt verða menn að snúa hug sínum samhliða og ekki síður að ráðstöfunum til að auka lífshamingju og lífsgleði.

Herra forseti. „Það er gaman að vera Íslendingur í dag," sagði hæstv. forsrh. áðan. Já, það var líka gaman að vera ráðherra á fyrstu vikum stjórnarinnar, stjórnarinnar, sem hélt, að nógir peningar væru til og mundu verða til að gleðja alla. Blíðan lagði byrinn undan björgunum fram. En sá blíði byr er nú á enda. Nú er tekið að blása á móti, því að þótt velmegun sé til lands og sjávar, er fram undan holskefla nýrrar verðbólgu og þá skapast hinn mikli vandi, ekki aðeins fyrir þjóðina, heldur mun þá hrikta í stoðum stjórnarsamstarfsins. Reynslan frá tíð fyrri vinstri stjórnar, þegar hún sprakk í loft upp 1958, segir sína sögu. Og enginn veit, fremur en Ólafur liljurós, hvenær upp verður tekið saxið snarpa, enginn veit, hvenær brugðið verður saxinu í síðuna, þá verður forsrh. og Framsfl. hans væntanlega loksins ljóst, í hverjum álögum hann og flokkurinn hafa verið í þeim félagsskap, þar sem rauður loginn brann. E. t. v. sannast það á þessari ríkisstj., að enn hefur engin þriggja flokka stjórn á Íslandi náð þriggja ára aldri. — Þökk þeim, er hlýddu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Nú eru liðnir 10 mánuðir síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum á Íslandi. Þótt segja megi, að sá tími sé ekki langur fyrir eina ríkisstj. til að sýna þjóðinni, hvað hún ætlar sér að gera og hvernig, þá er hann nægilega langur til að hægt sé að meta gerðir hennar og afleiðingar ýmissa verka og það með fullri sanngirni. Bæði er það, að ítarlegur málefnasamningur var gerður milli stjórnarflokkanna, og því auðvelt að bera saman fyrirheit og efndir, svo og hitt, að ýmislegt hefur stjórnin gert, sem ekki stendur í málefnasamningnum, en allir hafa þó orðið áþreifanlega varir við. Ég mun, á þeim stutta tíma, sem ég hef hér til umráða, ræða nokkuð þær breytingar, sem orðið hafa hér á landi síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þær breytingar, sem beinlínis hafa orðið, ýmist vegna stefnu stjórnarinnar eða stefnuleysis. Ætlun stjórnarinnar var að tryggja 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum auk ýmissa annarra kjarabóta. Þetta átti að gera með því að halda verðbólgunni í skefjum, hækka laun alls almennings í landinu, draga úr skattum, a. m. k. á sumum borgurum, eða a. m. k. ekki hækka þá. Í mesta lagi átti að verða einhver tilfærsla, þannig að hin títtnefndu breiðu bök skyldu nú loks greiða sinn hlut. Allt hljómaði þetta vel, svo vel, að flestir þeir, sem greiddu núv. stjórnarflokkum atkv. í síðustu kosningum, trúðu því, að við þessi fyrirheit yrði staðið. En hverjar hafa orðið efndirnar og hverjar eru orsakirnar fyrir því, að svo hefur farið, sem allir sjá nú? Aldrei hefur verðbólgan vaxið hraðar en á síðustu mánuðum. Skýringin er sú, að bókstaflega allar gerðir stjórnarinnar allt frá fyrstu dögum hennar til þessa í efnahagsmálum og fjármálum yfirleitt eru verðbólgumyndandi. Vissulega hækkuðu laun fjölmargra stétta við gerð kjarasamninga í des. s. l. En hver heldur því fram í dag, að með því hafi verið stigið skref til að auka kaupmátt launa? Nær því daglega verða hækkanir á vörum og þjónustu.

Fyrir nokkru var dreift til þm. svörum við fsp. eins hv. þm. um, hverjar verðhækkanir hefðu orðið frá því að kjarasamningar voru gerðir. Þetta rit er upp á hvorki meira né minna en 12 síður, fróðlegt, en ekki að sama skapi skemmtilegt aflestrar. Það hefur að geyma helztu ákvarðanir verðlagsnefndar frá 4. des. til 24. marz, helztu ákvarðanir rn. frá des. til aprílmánaðar og verðákvarðanir sexmannanefndar frá 4. des. til aprílmánaðar. Og frá því í aprílmánuði til þessa dags hafa ýmsar verðhækkanir orðið, sem allur almenningur finnur fyrir. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 1.3 stig tímabilið nóv. 1971 til febr. 1972. Á sama tíma hækkaði kaupgreiðsluvísitalan um 0.92 stig. Þetta plagg, sem ég vitnaði hér til, er sönnunargagn um ráðleysi stjórnarinnar og vanmátt hennar í því að ráða nokkuð við efnahagsmál yfirleitt. Er nema von, að menn spyrji, hvað hér sé raunverulega að gerast. Öllum almenningi er nú orðið ljóst, að fyrrv. ríkisstj. verður ekki kennt um það, sem er að gerast á árinu 1972. Í dag eru það aðrir, sem ráða ferðinni, og árangurinn er þessi, þrátt fyrir eitt hið mesta góðæri, sem hér hefur komið. Um gerðir ríkisstj. í skattamálum get ég verið stuttorður. Mönnum eru í fersku minni þær umr., sem um þau mál urðu í vetur, auk þess er svo skammt til þess tíma, að hver einasti gjaldandi fær sönnun, sem ekki verður vefengd, um þá skefjalausu skattheimtu, sem vinstri stjórnum einum er svo lagið að beita. Og þið megið muna það, góðir hlustendur, að það verða mátulegir skattar, sem þið fáið að dómi hæstv. menntmrh. Hin nýju skattalög munu hafa í för með sér þyngingu skattbyrðar hjá öllum þorra gjaldenda. Einstaklingarnir hafa minni ráðstöfunarrétt á tekjum sínum eftir en áður, og skattgreiðslur atvinnurekstrarins aukast um 25%. Tekjur sveitarfélaga eru stórlega skertar. Afleiðing alls þessa er aukið miðstjórnarvald, öllu á að stjórna frá ríkinu, allt skal lúta vilja ríkisstj. Samtímis því að mönnum verður þessi staðreynd ljós geta menn svo blaðað í stjórnarsáttmálanum. Þar er talað fjálglega um dreifingu valdsins, samráð skuli haft við samtök launþega, við samtök sveitarfélaga og yfirleitt alla, sem einhverra hagsmuna eiga að gæta. Þannig á, eða átti, að dreifa valdinu.

Hv. þm. Jóhann Hafstein hefur hér þegar rakið, hverjar hafa orðið efndirnar að þessu leyti. Hin alvitra ríkisstj. hefur ekki haft nein samráð við þessi samtök. Hún hefur valdið og notar það út í æsar. Var við nokkru öðru að búast? Þetta er stjórn sósíalista og menn vita ósköp vel, að hverju slíkar stjórnir keppa. Það skiptir ekki máli, hvað sett er á blað sem stefna stjórnarinnar, ef það brýtur í bága við hina raunverulegu hugsjón. Ég veit að vísu ekki fremur en ýmsir aðrir, hverjar eru hugsjónir Framsfl. og stefna hans, en það liggur alveg ljóst fyrir um hina flokkana. Ef ekki er verið að fram-

kvæma hér stefnu Framsfl., þá er a. m. k. enginn vafi á því, hver hefur húsbóndavaldið í stjórninni. Það heyrðum við líka hér áðan á máli hæstv. iðnrh., þegar hann var að gefa yfirlýsingar um utanríkismál. En það liggur líka ljóst fyrir, að verið er að framkvæma stefnu, sem er í hrópandi andstöðu við vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar. Íslendingar vilja halda frelsi sínu. Frelsi til athafna, frelsi til að ráða málum sínum, gegnum sín samtök út um hinar dreifðu byggðir þessa lands, frelsi til að ráðstafa aflafé sínu, og þeir vilja þjóð sína frjálsa. Þetta frelsi er verið að skerða. En þeir, sem kusu núv. stjórnarflokka, hafa ekki við neinn að sakast nema sjálfa sig. Þeir hafa látið blekkjast af fagurgala, en þeir muna það vonandi í næstu kosningum. Þær kunna að verða fyrr en 1975. Að vísu er stór hópur manna, sem kaus Framsfl. síðast og taldi sig vera að stuðla að öðru en að leiða kommúnista til valda á Íslandi. Þeim hefur áreiðanlega ekki verið ljóst, hversu mjög aðþrengdir þm. flokksins voru orðnir. Hjá þeim gilti það eitt að komast til valda. Sennilega er það rétt, sem einn valdamikill framsóknarmaður sagði við mig fyrir nokkru, að eitt væru þm. flokksins sammála um og það væri að sitja sem fastast. Það er því ekki að undra, þótt hæstv. forsrh. segi, að það sé gaman að vera Íslendingur í dag. Þetta gera kommúnistar sér alveg ljóst, og því munu þeir hér eftir sem hingað til gera nákvæmlega það, sem þeim sýnist, a. m. k. í þeim málaflokkum, sem þeir ráða beint yfir. Og þetta er orsökin fyrir því, að gerðir ríkisstj. eru ekki alltaf í samræmi við málefnasamninginn. En hvaða málaflokkar eru þetta, sem kommúnistar ráða? Þeir ráða yfir heilbr.- og tryggingamálum, orkumálum, viðskiptamálum og öllum atvinnumálum þjóðarinnar nema landbúnaðarmálum, sem eru nokkurs konar hjáverk fjmrh., eins og glöggt kemur fram á frv. því um landbúnaðarmál, sem lagt hefur verið fram á Alþ. Þeir hafa fram til þessa ráðið furðu miklu um utanríkismál, þótt utanrrh. sé ekki úr þeirra flokki. Afleiðingarnar af valdi kommúnista í stjórninni eru þegar farnar að koma í ljós og þær eiga eftir að segja til sín frekar. En enn þá finnast menn, sem búast við einhverju öðru frá þessum mönnum. Enn þá finnast menn, sem trúa því, að Alþb. reki einhverja sér-íslenzka stefnu. Þarf virkilega að bíða þess tíma, að atvinnureksturinn komist í hendur ríkisins, frjáls viðskipti tilheyri fortíðinni og landið verði komið undir járnhæl heimskommúnismans, til þess að augu manna opnist? Þau umskipti, sem eru nú að verða í íslenzku þjóðfélagi, gerast ekki fyrir neinar stökkbreytingar. Þau eru gerð með lævísi, eitt er sagt en annað er framkvæmt. Menn finna ekki fyrir þessu fyrst í stað, alveg eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, en þeir finna þeim mun meira fyrir því síðar. Það er talað um að dreifa valdinu, meðan miðstjórnarvaldið er aukið. Það er talað um persónufrelsi, meðan unnið er að skerðingu þess. Það er talað um, að nú skuli rekin sjálfstæð utanríkisstefna, meðan unnið er að því leynt og ljóst að koma landinu undir áhrifavald kommúnismans með því að gera það varnarlaust. Og hvert verður þá frelsi einstaklingsins? Svo talar hæstv. forsrh. um, að aldrei hafi ríkt meiri bjartsýni á Íslandi en nú. Vinveittum þjóðum er storkað með glæfralegri utanríkispólitík og viðskiptasamböndum okkar stefnt í hættu, allt undir kjörorðinu „sjálfstæð utanríkisstefna“. Það eru engir kotkarlar við völd á Íslandi í dag. Og þeir hafa um sig hirð vaskra ungmenna, sem eru reiðubúin að sýna utanrrh. Bandaríkjanna, að við séum sko engar undirlægjur lengur. Og við höfum hér í þingsölum menn, sem með klökkum rómi tala um það, að einn stúdent hafi slasazt vestur í Bandaríkjunum í óeirðum, sem urðu þar fyrir nokkrum dögum, er verið var að mótmæla hinu villimannlega stríði í Víetnam, en þeir sömu menn kippa sér ekkert upp við það, þótt þrír lögreglumenn uppi á Íslandi verði fyrir meiðslum, þegar þeir eru að verja utanrrh. sinn og utanrrh. Bandaríkjanna fyrir siðlausum lýð við Árnagarð. Þetta er það, sem er að gerast á Íslandi í dag. Það eru þessi óþrif, sem við þurfum að hrista af okkur, ef við ætlum að búa sem frjáls þjóð í frjálsu landi. Þetta verða mín lokaorð í þessum umr. — Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Landhelgismálið hefur verið aðalviðfangsefni mitt, síðan núv. ríkisstj. var mynduð hinn 14. júlí í fyrra. Það má því teljast eðlilegt, að ég verji nokkrum mínútum hér í kvöld til að fara um það örfáum orðum.

Ánægjuleg samstaða náðist í málinu hinn 15. febr. s. l., er Alþ. samþykkti með 60 shlj. atkv., að útfærslan skyldi fara fram ekki síðar en 1. sept. n. k., og ber að þakka öllum, sem hlut eiga að máli, fyrir það, hversu þá tókst giftusamlega til. Enn fremur samþykkti Alþ. fyrrnefndan dag, að áfram skyldi haldið viðræðum við Breta og V.-Þjóðverja í því skyni að finna lausn á þeim vandamálum, sem af útfærslunni skapast. Til framkvæmdar á þessari ákvörðun Alþ. hafa farið fram viðræður milli okkar og embættismanna þessara umræddu þjóða, og verður þeim enn fram haldið. Hinn 19. f. m. áttu brezkir embættismenn fund hér í Reykjavík með sjútvrh., og daginn eftir ræddu þeir við þá embættismenn okkar, sem helzt hafa með þessi mál að gera. Næstkomandi mánudag er einn helzti þjóðréttarfræðingur V.-Þjóðverja væntanlegur hingað til sams konar viðræðna við okkur. Þann 23. þ. m. munum við Lúðvík Jósepsson sjútvrh. svo fara til London. Þar munum við hitta utanrrh. Breta og fleiri ráðh. og freista þess að komast að samkomulagi a. m. k. til bráðabirgða um þau vandamál, sem útfærsla landhelginnar kann að valda brezkum hagsmunum.

Ég tel að sjálfsögðu mikils virði, að slíkt samkomulag geti náðst. Við Íslendingar þekkjum rök okkar og rétt í þessu lífshagsmunamáli, og ég þarf ekkert að rifja upp af því hér í kvöld. En við getum líka áreiðanlega öðrum fremur sett okkur í spor þess góða alþýðufólks í hafnarborgum Englands, Skotlands og V.-Þýzkalands, sem hefur átt alla sína afkomu, kynslóðum saman, undir fiskveiði í grennd við Ísland. Það er vegna þessa fólks, sem við leggjum okkur fram um að geta veitt umþóttunartíma, en hvorki vegna samninganna frá 1961 né heildarhagsmuna Bretlands og V.-Þýzkalands. Í því sambandi er um algjöra smámuni að ræða, eins og hver maður getur séð t. d. á því, að á árinu 1969 var útflutningur sjávarafurða aðeins 0.2% af heildarútflutningi Breta og Þjóðverja hvorra um sig, en 81.9% af útflutningi okkar. Meðalaflamagn á íbúa úr höfum umhverfis Ísland var á árunum 1962—1969 í Bretlandi 3.57 kg og í V.-Þýzkalandi 2.09 kg, en hér á landi var það hvorki meira né minna en 1808.12 kg á hvert einasta manns-

barn í landinu. Af þessu sést, að enginn samjöfnuður er hér mögulegur, sérstaða okkar er svo algjör.

Engu skal ég spá um það hér, hverjar niðurstöður þessara samningsumleitana kunna að verða, því að vissulega er við ramman reip að draga, þar sem er rótgróin tregða viðsemjenda okkar að viðurkenna rétt smáþjóða til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, en ég leyfi mér þó að vona, að takast megi að finna viðhlítandi lausn, því að sannarlega væri það illa farið, ef sjálfsbjargarviðleitni okkar Íslendinga yrði til þess að spilla vináttu okkar við þær þjóðir V.-Evrópu, sem við viljum eiga samskipti við, ekki einungis viðskiptaleg samskipti, heldur einnig og ekki síður mannleg og menningarleg. En hvernig sem um þessa samninga verður, þá er hitt óbreytanleg staðreynd, að eigi síðar en 1. sept. n. k. verður íslenzka fiskveiðilögsagan færð út í 50 sjómílur frá grunnlínum, og það er bjargföst trú mín, að sú stefna okkar, að strandríki og eyríki eigi fullan rétt á einhliða ákvörðunum um landhelgi sína og sú regla eigi að gilda ekkert síður um fiskveiðar heldur en t. d. um nýtingu hafsbotnsins, sé stefna framtíðarinnar, enda sýnir stuðningur vaxandi fjölda þjóða við hana, að svo hljóti að verða. Nýverið hafa Bandaríkin gert samning við Brasilíu, þar sem í reynd er viðurkenndur réttur Brasilíu til tiltekinna veiða allt að 200 mílum frá landi. Ummæli utanrrh. Bandaríkjanna við íslenzku fréttamennina um daginn voru einnig til þess fallin að auka okkur vonir, auk fleiri atburða, sem borizt hafa fregnir af og allir þekkja. Engu að síður skulum við varast órökstudda bjartsýni, en líta raunsætt á þá staðreynd, að við erum lítil þjóð í deilum við volduga andstæðinga. Að vísu eigum við góða og öfluga bandamenn og er skylt að þakka það, en mestur styrkur er þó okkar eigin samheldni, allrar þjóðarinnar. Megi hún aldrei rofna.

Áfram verður haldið og af auknum krafti að kynna málstað okkar erlendis og vinna honum fylgi. Nýlega hefur verið ráðinn sérstakur aðili til að annast kynningarstarfsemi, upplýsingasöfnun og upplýsingadreifingu í Bretlandi. Það er fyrirtækið Wittacker & Hunt Public Relations Ltd., sem góðkunnugt er fyrir störf á þessu sviði. Væntum við þess, að þekking og skilningur á málstað Íslendinga muni aukast fyrir tilstuðlan þessara aðila. Það er mjög mikilvægt að tryggja, að sjónarmið okkar berist sem flestum, bæði almenningi og ráðamönnum á ýmsum sviðum, fulltrúum hagsmunasamtaka, þingmönnum, embættismönnum og fréttamönnum blaða, útvarps og sjónvarps. Fyrirtækið Wittacker & Hunt starfar á vegum utanrrn. og í tengslum við sendiráð okkar í London. Þá hefur verið hér stöðugur straumur erlendra sjónvarps- og fréttamanna, er margir hverjir hafa kynnt málstað okkar vel í heimalöndum sínum og sumir ágætlega, þótt árangur sé raunar nokkuð misjafn, eins og gengur. Gerð sjónvarpskvikmyndar íslenzkrar, er ég hef áður skýrt frá, miðar vel og verður henni víða dreift. Ýmislegt er á prjónunum til áframhaldandi kynningar, sem ég skal ekki þreyta hlustendur á að telja hér upp, en aðeins geta þess að lokum, að fjölmargir aðilar íslenzkir, bæði einstaklingar og félagasamtök, vinna mikið og gott starf til kynningar landhelgismálinu og spara hvorki til þess fé né fyrirhöfn. Ég kem því ekki við í stuttri ræðu að telja upp alla þessa aðila. Sá lestur yrði að vera langur og þó hætt við, að einhverjir gleymdust, þannig að bezt er að byrja ekki á honum, en nota þetta tækifæri til að færa þessu fólki öllu innilegar þakkir fyrir framlag þess.

Vegna þess að landhelgismálið hefur algjöran forgang hjá okkur í ríkisstj. og þá í utanrrn. að sjálfsögðu einnig, hefur minna verið unnið að því að undirbúa endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin en vert hefði verið. Samningaviðræður um það mál eru ekki hafnar, og þau voru ekki rædd á fundi okkar við utanrrh. Bandaríkjanna um daginn að öðru leyti en því, að ég gerði honum á nýjan leik grein fyrir þeim ákvæðum í málefnasamningi ríkisstj., er varnarmálin varða. Og í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, sagði hér áðan, skal ég ítreka það, að á fundinum benti ég jafnframt á þá staðreynd, að NATO-samningurinn frá 1949 og varnarsamningurinn frá 1951 eru tvö aðskilin mál og að við vildum leitast við að uppfylla upphaflegar skyldur okkar við Atlantshafsbandalagið, án þess að þurfa að þola hér erlendan her. Ekkert af þessu kom ráðherranum á óvart, þar eð ég hafði tvívegis áður gert honum grein fyrir þessum atriðum og því, hvernig við lítum á þau. Viðræður um endurskoðunina munu fara fram, þegar tími og tækifæri gefst til, en ég bendi á, að enn eru aðeins 10 mánuðir liðnir af því kjörtímabili, sem ríkisstj. hefur til ráðstöfunar. Um utanríkismál að öðru leyti væri vissulega ástæða til að ræða hér, en ég mun þó láta það bíða annars tækifæris, en verja í staðinn þeim fáu mínútum, sem ég á eftir, til að ræða um efnahagsmálin, enda hafa verðlagsmál verið aðalræðuefni þeirra stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað.

Það er auðvitað bæði rétt og skylt að viðurkenna, eins og forsrh. gerði hér áðan, að vandi verðbólgunnar er mikill og ríkisstj. hefur enn ekki náð á honum nægilegum tökum. Jafnframt er þó skylt að gera sér grein fyrir því, af hverju vandamálið stafar, hvað það er, sem við er að fást. Fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin svonefnda, brá á sérstakt ráð sér til lífsbjargar fyrir tvennar síðustu kosningar. Ráð þetta var verðstöðvun. Eins og mönnum nú er fyllilega ljóst, leysir verðstöðvun engan vanda í efnahagsmálum, heldur skýtur honum á frest fram yfir þann tíma, sem verðstöðvunin varir. Notagildi verðstöðvunar er því aðeins fólgið í því ráðrúmi, sem þannig gefst til undirbúnings raunhæfra aðgerða. Sé tíminn ekki til þess notaður, kemur vandinn aftur til sögunnar og er verri viðureignar en hefði strax verið ráðizt gegn honum. Dæmin sanna, að þá skellur yfir alda verðbólgu og verðhækkana, rétt eins og þegar sprengd er flóðgátt í stíflu. Ég skal rifja upp, hvernig fór við verðstöðvunina 1967, af því að svo virðist sem furðu margir séu búnir að gleyma því, hvernig þá tókst til. Fyrri verðstöðvun viðreisnarstjórnarinnar, sem í gildi var frá 15. nóv. 1966 til 31. okt. 1967, leysti aðeins einn vanda þeirrar ríkisstj., sem sé þann að halda velli í kosningunum 1967. Það bragð að blekkja landsmenn með verðstöðvun tókst í það skiptið, og ríkisstj. hélt velli. Afleiðingarnar að öðru leyti urðu hins vegar þær, að á næstu tveimur mánuðum, eftir að verðstöðvun lauk, eða frá októberlokum 1967 og fram í janúar 1968, hækkaði framfærsluvísitalan um 21 stig. Til samanburðar má geta þess, að allt árið 1966 hækkaði framfærsluvísitalan þó ekki nema um 13 stig, og þótti auðvitað yfrið nóg, og allt árið 1965 hækkaði þessi sama

vísitala um 15 stig. Þetta einfalda dæmi sýnir vel það eðli verðstöðvunar að slá vandanum á frest, en leysa hann ekki, og þetta dæmi sýnir líka, að landsmenn þurftu á skömmum tíma, en með ærnum tilkostnaði, að greiða kosningavíxil viðreisnarstjórnarinnar, enda varð ekkert lát á verðhækkunum allt árið 1968, en á því ári hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 19 stig, þrátt fyrir risastökkið í árslok 1967. Nú eru kosningar venjulega á fjögurra ára fresti, og þegar að því dró á árinu 1971, að landsmenn skyldu enn einu sinni ganga að kjörborðinu, tók fyrrv. ríkisstj. að líta í kringum sig í leit að ráðstöfunum, sem líklegastar gætu virzt til bjargar í komandi kosningum, því að á afrekaskrá kjörtímabilsins var fátt um fína drætti og ekkert öruggt flotholt, sem notast mætti við. Þá var brugðið á sama ráð og 1967 og verðstöðvun boðuð. Sú verðstöðvun tók gildi 1. nóv. 1970 og skyldi standa til 31. ágúst 1971. Þannig átti á nýjan leik að slá þann kosningavíxil, er duga mundi til áframhaldandi lífdaga. Allir vita, hvernig þessum leik lauk. Landsmenn létu ekki blekkjast eins og 1967. Viðreisnarstjórnin féll, og á hana verður ekki framar kallað til raunhæfrar ábyrgðar, en fylgjan hennar er enn hér á meðal vor. Núv. ríkisstj. og landsmenn allir verða að glíma við þann vanda, sem fráfarandi ríkisstj. skildi eftir óleystan, sem sé þann, að nú eftir lok verðstöðvunartímabilsins rís sú háa alda verðbólgu og verðhækkana, sem sumpart varð til meðan á verðstöðvuninni stóð, en sumpart var fyrir hendi áður en verðstöðvunin tók gildi. Um þetta segir t. d. Gunnar J. Friðriksson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, í ræðu á ársþingi þess félagsskapar nú fyrir skemmstu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar verðstöðvunin var sett á hinn 1. nóv. 1970, hafði fjöldi iðnfyrirtækja ekki enn reiknað inn í verðlag vöru sinnar þær hækkanir, sem orðið höfðu undangengna mánuði, auk þess varð veruleg hækkun á þjónustu- og flutningsgjöldum skömmu eftir að verðstöðvunarlögin tóku gildi. Þessi fyrirtæki voru því þegar í upphafi verðstöðvunarinnar mjög illa sett. Auk þessa urðu allt verðstöðvunartímabilið stöðugar hækkanir á aðfengnum rekstrarvörum iðnaðarins, sérstaklega þegar kom fram yfir mitt ár, en þá varð veruleg hækkun á hráefnum frá þeim þjóðum, sem sjá iðnaðinum fyrir megninu af þeim erlendu hráefnum, sem hann notar, vegna breytinga á gengi gjaldmiðils þeirra. Allar þessar hækkanir varð iðnaðurinn að taka á sig án þess að geta borið þær uppi í hærra verði á framleiðsluvörum sínum.

Ég lýsti á síðasta ársþingi ótta iðnrekenda við áhrif þessarar verðstöðvunar. Það er viðurkennt af öllum, að verðstöðvun leysi engan vanda, heldur veiti aðeins frest til þess að takast á við hann."

Hér lýkur þessari tilvitnun í ræðu Gunnars J. Friðrikssonar. En Gunnar J. Friðriksson hefur sagt meira en þetta. Hann hefur áréttað þessi ummæli sín enn betur, eftir að þau höfðu verið gagnrýnd og dregin í efa af formanni Sjálfstfl., því að í grein í Morgunblaðinu segir Gunnar enn, með leyfi hæstv. forseta, — það var 4. maí s. l.: Ræðan — það er sú ræða, sem ég var hér áðan að vitna í — ræðan var „lögð fyrir stjórnarfund, áður en hún var flutt, og samþ. þar einróma og síðan rædd og samþ. á ársþinginu, eftir að hún var flutt þar. Túlkar hún því ekki aðeins mínar persónulegu skoðanir, heldur einnig skoðanir þorra iðnrekenda."

Í greininni eru nefnd dæmi því til staðfestingar, sem í umræddri ræðu greinir, að verðhækkanir voru óframkomnar. Þannig hækkuðu flutningsgjöld um 10% í okt. 1970, póstur og sími um 15—20% í nóv. sama ár, olía um 12% í sept. það ár. Launaskattur hækkaði um 150% og ýmis hráefni hækkuðu verulega auk þeirrar gengisbreytingar, sem áður er um getið. Það, sem hér segir um iðnað, á auðvitað við í flestum ef ekki öllum atvinnugreinum öðrum og er það því deginum ljósara, að vandi sá, sem við er að glíma, er að stórum hluta arfur frá fyrri stjórn, fallinn kosningavíxill viðreisnarstjórnarinnar, sem landsmenn eru að greiða, því að vitanlega nota þessi iðnfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki í landinu, sem búið hafa við þá skerðingu verðstöðvunar, sem Gunnar J. Friðriksson lýsti í þeim ummælum, sem ég hef hér rakið, fyrsta tækifæri til þess að fá leiðréttingu mála sinna, þ. e. að hækka framleiðsluvöru sína sem þessum útgjaldaauka nemur.

Auðvitað ber að viðurkenna, að nú upp á síðkastið hafa orðið verðhækkanir, sem rekja verður til annarra orsaka en þeirra, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, og fyrir þeim hefur nýlega verið gerð grein hér á hv. Alþ. og sundurliðun á þeim hækkunum hefur verið lögð fram, og ég skal sleppa því að fara með þá sundurliðun hér. Þótt nauðsynlegt sé að átta sig á því, sem reynt hefur verið að draga fram í þessu máli mínu, þ. e. af hverju verðbólgan stafar, er þó hitt meira virði, að gera sér grein fyrir því, hvað sé til ráða. Nú er ákveðið, að allar þær hækkanir, sem um er beðið, skuli háðar endanlegu samþykki ríkisstj., sem þannig tekur á sig þá ábyrgð að greina á milli óhjákvæmilegra verðhækkana og hinna, sem komast má hjá, og freistar þess á þann hátt að halda verðbólgunni í skefjum. Það er því ríkisstj., sem ákvað, að hitaveitugjöldin í Reykjavík hækkuðu um 5% í staðinn fyrir 13.2%, eins og sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur fóru fram á. Og rafmagnið hækkaði um 10% vegna afskipta ríkisstj., en ekki 16.6%, eins og sömu menn vildu þó, að yrði. Afnotagjöld útvarpsins hækkuðu af sömu ástæðu vegna afskipta ríkisstj. um 10%, en ekki um 30%, eins og forráðamenn þeirrar stofnunar fóru fram á. Gosdrykkir hækkuðu um 12% vegna aðgerða ríkisstj. í stað þeirrar 28.7% hækkunar, sem framleiðendur töldu sig þurfa, svo að ég nefni hér aðeins nokkur dæmi sitt úr hverri áttinni. Þannig hefur þessi ríkisstj. reynt að sporna við vexti verðbólgunnar, þótt enn skuli viðurkennt, að ekki sé nóg að gert og betur þurfi á að taka. En er það of mikil bjartsýni að vona, að hækkunarskriðan, sem innibyrgð var, hafi nú um það bil fengið útrás og við geti tekið stöðugra tímabil? Ég held ekki, að sú bjartsýni þurfi að verða sér til skammar.

Að vísu er það svo, að nokkrar kauphækkanir eru enn þá óframkomnar, bæði af þeim, sem samið var um í tíð fyrrv. ríkisstj., og eins frá því í des.-samningunum 1971, og vafalaust verður atvinnurekstrinum í sumum tilfellum örðugt að mæta þeim. Á móti þessu kemur þó alveg ótvírætt hagræði af því, að samningar tókust nú til lengri tíma en áður, og síðast en ekki síst það, að þeir samningar fengust án verkfalla, en verkföll hafa löngum reynzt fyrirtækjunum fjárhagslega erfið, enda er mér kunnugt um það, að sanngjarnir atvinnurekendur

meta þessa staðreynd til verulegra fjármuna og vilja heldur borga starfsfólkinu sínu þá í formi hærri launa en að verja þeim til herkostnaðar gegn þessum samstarfsmönnum sínum. Ég vil því vona, að takast megi að hefta ferð verðbólgufáksins, því að vissulega verður að kannast við það, að í þessum efnum hafa Íslendingar á undanförnum árum riðið meira en þeir vildu, eins og Otkell forðum. Takmark ríkisstj. er ekki að stöðva verðbólguna. Við gerðum okkur frá upphafi ljóst, að það mundum við eigi geta, heldur hitt, sem segir í málefnasamningi hennar, að leitast við að tryggja, að hækkun verðlags í landinu verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Vísitala framfærslukostnaðar hefur ekki verið reiknuð síðan 1. febr. s. l., en þá voru litlar sem engar hækkanir komnar fram, þannig að ég veit ekki fyrir víst, hverjum breytingum vísitalan hefur tekið að undanförnu, en vafalaust eru þær miklar. En ég geri mér vonir um, að nú geti dregið úr þeim og jafnhliða geti tekizt að gera ráðstafanir, sem að gagni megi koma, þannig að hægt verði, þegar á lengra tímabil er litið, að standa við þetta ákvæði málefnasamningsins, er ég áðan nefndi, enda mikið í húfi, að svo geti orðið.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir um það bil 10 mánuðum kom til valda ný ríkisstj., ríkisstj. Framsfl., Alþb. og SF. Hún leysti af hólmi ríkisstj. Alþfl. og Sjálfstfl., sem setið hafði óvenjulengi, eða í 12 ár. Margir stuðningsmenn Alþfl. voru þeirrar skoðunar, að því stjórnarsamstarfi hefði mátt ljúka mun fyrr, en það er liðin saga.

Miðað við kosningaúrslitin s. l. sumar verður að telja, að ekki hafi verið óeðlilegt, að þeir flokkar, sem áður voru í stjórnarandstöðu, mynduðu ríkisstj., úr því að þeir fengu þingmeirihluta til þess. Alþfl. var að vísu boðið til viðræðna um aðild að þessari ríkisstj., en hafnaði því boði. Eðlilegt var með hliðsjón af kosningaúrslitunum, að Alþfl. kysi að vera í stjórnarandstöðu um sinn. Þó er það skoðun margra Alþfl.-manna, að flokkurinn eigi í grundvallaratriðum meiri samleið með þeim flokkum, sem nú stjórna, en Sjálfstfl., og það er rétt að mínum dómi.

En það er sitt hvað, grundvallaratriði í stefnuskrám og athafnir, þegar til framkvæmdanna kemur hjá núv. stjórnarflokkum, eins og ég mun víkja nánar að hér á eftir. Því hefur verið margyfirlýst af hálfu Alþfl., að afstaða hans til núv. ríkisstj. byggðist á þeim málefnum, sem hún kæmi fram með. Hann vildi styðja öll góð mál, sem til heilla og hagsbóta horfa fyrir almenning í landinu, en berjast gegn því, sem hann telur, að gangi gegn hagsmunum launþega og þeirra, sem Alþfl. vill berjast fyrir. Þessari stefnu sinni hefur hann verið trúr. Þannig studdi Alþfl. till. ríkisstj. um aukningu og eflingu almannatrygginganna, enda voru þær í beinu framhaldi af þeim till., sem hann hafði flutt í tíð fyrri ríkisstj. og átt þátt í að lögfesta. Hann studdi einnig frv. ríkisstj. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem Sjálfstfl. barðist hatrammlega gegn. Hann var fylgjandi frv. vegna þess, að hann vill skipuleg vinnubrögð í uppbyggingu og framkvæmdum, sem miðist við velferð þjóðarheildarinnar, en ekki við einkahagsmuni og brask. Með það fyrir augum vill hann, að mótuð verði í stórum dráttum þau markmið í fjárfestingarframkvæmdum, sem að skuli stefnt yfir visst árabil, jafnframt því sem ákveðið sé, hvernig þeim markmiðum verði náð, og því fylgt eftir með fjárhagslegum aðgerðum, að svo geti orðið. En Alþfl. var andvígur því að setja þessa stofnun undir stjórn þriggja pólitískra fulltrúa stjórnarflokkanna, eins og gert var. Fleiri mál hefur Alþfl. stutt, sem ríkisstj. hefur komið fram með. Þótt ríkisstj. eigi þannig hluta að framgangi nokkurra góðra mála og eigi hrós skilið fyrir þau, þá hefur henni brugðizt svo gjörsamlega við meðhöndlun annarra, sem allur almenningur á mikið undir komið hvernig tekst með lausn á, að í algjört óefni virðist óðfluga stefna. Af slíkum málum er auðvitað efst á blaði það, sem allur almenningur hefur nú helzt á vörum, — þær ofboðslegu verðhækkanir á öllum sviðum, sem dunið hafa yfir landsfólkið undanfarið. Þar virðist enginn endir ætla að verða á. Daglega verður fólk vart við nýjar og nýjar verðhækkanir í verzlunum og annars staðar; og almenningur spyr: Hvar enda þessi ósköp?

Forsrh. sagði hér áðan, að aldrei hefði fólk á Íslandi búið við betri lífskjör en nú. Hvað segja íslenzkar húsmæður um þetta? Hvernig gengur þeim að láta peningana, sem þær hafa handa á milli, duga til innkaupa fyrir heimili nú til dags? Svari hver fyrir sig. Sannleikurinn er sá, að launþegar hyllast til að leggja á sig æ meiri og meiri eftirvinnu og jafnvel næturvinnu á stundum til viðbótar venjulegri dagvinnu til þess að geta framfleytt sér og sínum í þeirri ægilegu dýrtíðar- og verðbólguöldu, sem nú flæðir yfir. Samtímis er ausið fjármunum úr ríkissjóði á báðar hendur og það svo mjög, að stjórnarþm. eins og Björn Pálsson og Bjarni Guðnason geta ekki orða bundizt í þingræðum og láta í ljósi vandlætingu sína út af gegndarlausum fjáraustri úr ríkissjóði í ýmsar áttir. Í því sambandi hafa þeir talað um endalausa eyðslu, skipulagslausa eyðslu, fjáraustur, hægt sé að spara hundruð milljóna kr., ekki eigi að strá út peningum, það verði að taka upp aðra og nýja stefnu, svo að notuð séu nokkur orðatiltæki úr þingræðum þessara hv. stjórnarþm.

Það vita auðvitað allir, að fjármunirnir, sem þannig er farið með, koma með einum eða öðrum hætti úr vasa skattborgaranna og þangað fer vissulega hluti þeirra aftur í mynd ýmiss konar þjónustu, sem hið opinbera lætur í té, en mörgum finnst uggvænlegt, hvernig nú virðist stefna óðfluga til myndunar nýrra auðstétta í landinu fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, sem ekki aðeins njóta margfaldra launa í samanburði við hinn venjulega launamann, heldur margs konar hlunnindi, sem hvergi koma til skatts og eru virði stórra fjárupphæða. Hér á ég við nokkrar starfsstéttir langskólamanna. Nú gegna þessar starfsstéttir ákaflega mikilvægu hlutverki í okkar þjóðfélagi og þeim bera vissulega góð launakjör með hliðsjón af langskólanámi þeirra og þýðingu þessara starfa fyrir alla landsmenn. En launakjör þeirra og annarra verða að vera í samhengi við það, sem gerist og gengur með þjóð vorri. Því fer víðs fjarri, að svo sé. Maður skyldi ætla, að ríkisstj., sem vill láta kalla sig vinstri stjórn, sem vill berjast á móti öllu, sem horfir í ójafnaðarátt, hefði hug á því að reyna að jafna aðstöðu manna á öllum sviðum til að lifa lífinu sem bezt. Víst er um það, að margir mætir stjórnarþm. og ráðh. hafa mjög talað í þeim anda á liðnum árum, en það er eins

og áhuginn fyrir þessum háleitu markmiðum hafi dofnað hjá þessum ágætu mönnum við það að komast í stjórnaraðstöðu og í ráðherrastólana. Ég hafði nefnilega orð á því í ræðu hér á hinu háa Alþ. fyrir skömmu, að nauðsynlegt væri að sporna af alefli gegn því aukna misrétti í launakjörum og aðstöðu, sem fyrirsjáanlega mundi eiga sér stað í vaxandi mæli, ef ekki yrði reynt að hamla gegn þeirri óheillaþróun í ójafnaðarátt, sem nú á sér stað. Ég hélt því fram, að ríkisstj. virtist láta sér þetta í léttu rúmi liggja og jafnvel stuðlaði að myndun forréttinda og auðstétta og benti í því sambandi á frv. hennar um heilbrigðisþjónustu, þar sem gert er ráð fyrir, að hátt launuðum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar sé boðið upp á margs konar hlunnindi, jafngildi stórra fjárupphæða, langt umfram það, sem þekkist hjá öðrum starfsstéttum opinberra starfsmanna.

Hver haldið þið, góðir hlustendur, að hafi orðið viðbrögð hæstv. heilbr.- og trmrh., Magnúsar Kjartanssonar, við þessu: Að hann fordæmdi vaxandi launamismunun? Að hann vildi meiri jöfnuð í aðstöðu manna til að geta notið lífsins gæða? Eða hann mótmælti því, að hér á landi væru í uppsiglingu vissar forréttinda- og auðstéttir langskólamanna? Nei, nei, aldeilis ekki, ekkert af slíku tagi lét hann sér um munn fara. Í þess stað afgreiddi hann ræðu mína um þetta efni einfaldlega með því að kalla hana tízkufyrirbæri. Hann legði nú ekki mikið upp úr tízku af þessu tagi. Það er sem sagt tízkufyrirbæri, þegar bent er á óréttlæti aukins launamisréttis. Það er tízkufyrirbæri, þegar varað er við þróun, sem getur leitt til enn aukinna útgjalda fyrir þá, sem sækja þurfa til hinna dýrt seldu sérfræðingastétta. En það kemur að sjálfsögðu verst við pyngju þeirra, sem minnst hafa auraráðin. Mér sýnist af þessu, að það sé eitthvað farið að fyrnast yfir hátíðlegar yfirlýsingar stjórnarflokkanna um, að það sé stefna ríkisstj. að bæta afkomu verkafólks, bænda, sjómanna og annarra þeirra, sem búa við hliðstæð kjör. Alþýðuflokksmenn fögnuðu slíkum yfirlýsingum stjórnarsinna við myndun núv. ríkisstj., og þeir vilja heils hugar vinna að og styðja allar skynsamlegar aðgerðir, sem stefna að bættri lífsafkomu launþega og annarra, sem eiga við hliðstæð lífskjör að búa. En Alþfl. mun einnig og jafnframt berjast á móti öllu því, sem stefnir í gagnstæða átt og skerðir lífsafkomumöguleika þessa fólks. Þess vegna gagnrýna Alþýðuflokksmenn ríkisstj. fyrir það, hvernig hún hefur látið holskeflur dýrtíðar og verðbólgu flæða yfir landið á undanförnum vikum, sem étið hafa upp þær kjarabætur, sem samið var um á síðastliðnu ári, og meira en það. Þess vegna gagnrýna Alþýðuflokksmenn ríkisstj. fyrir það að vinna ekki gegn myndun forréttindastétta, sem stjórnarvöld landsins beygja sig jafnan fyrir og búa við lífskjör, m. a. á kostnað ríkisins, sem eru úr öllu samhengi við það, sem gerist og gengur með þjóðinni. Alþýðuflokksmenn mótmæla harðlega stefnu, sem leiðir til aukins launamisréttis, svo sem nú er útlit fyrir að verði, því að það kemur með einum eða öðrum hætti verst við þá, er sízt skyldi.

Það er vitað, að kjósendur stjórnarflokkanna gerðu sér háar vonir um væntanleg afrek og frammistöðu núv. ríkisstj. Fleirum og fleirum í hópi þessa fólks er nú að verða ljóst, að henni ætlar ekki að takast að ráða fram úr þeim verkefnum, sem hún setti sér að leysa. Hún ræður ekki við verðbólguna, lífskjör launafólks batna ekki heldur, þvert á móti, launamisrétti eykst, ef svo heldur áfram sem nú horfir.

Um afstöðu Sjálfstfl. til aukins launamisréttis er þarflaust að fara mörgum orðum. Hann lætur sér nú slík mál í léttu rúmi liggja. Hans heimspeki er, að hver sé sjálfum sér næstur í einu og öllu. Ríki og einstaklingar eigi að skipta sér sem allra minnst af náunganum. Lifi frelsi einstaklingsins til að græða sem mest, ef því er að skipta, jafnvel á náunganum, eins og Jóhann Hafstein formaður Sjálfstfl. undirstrikaði svo rækilega í ræðu sinni hér í kvöld. Sá sterki hann lifi, en sá, sem miður má sín, — ja, nú á dögum verður að rétta honum einhverja hjálparhönd, en þó það minnsta, sem hægt er að komast af með. Þannig er í fáum orðum lífsspeki Sjálfstfl. í raun. Er flokkur, sem hefur slíkt að leiðarljósi, líklegur til að berjast gegn launamisrétti? Svari hver fyrir sig. Ég held ekki.

Ég hef hér nokkuð rætt um, hvernig til hefur tekizt í okkar innanlandsmálum. Hvernig horfir með þau mál, sem hæst hefur borið á sviði utanríkismála landsins undanfarið og þjóðinni eru nátengdust? Þar er að sjálfsögðu efst á blaði landhelgismálið. Um það eru allir Íslendingar sammála, að það sé brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar í dag, að fiskveiðilögsaga hennar stækki. Ákveðið hefur verið, að útfærslan í 50 mílur eigi sér stað 1. sept. n. k. Mikið ríður á, að við berum gæfu til að vinna rétt, skynsamlega og skipulega að undirbúningi málsins, til þess að fullur sigur vinnist. Íslendingar hafa staðið sem einn maður um þá skoðun, að verndun fiskistofna við strendur landsins og stækkun fiskveiðilögsögu verði að eiga sér stað. Einhugur þjóðarinnar í þessu máli, sem ég tel að hafi komið fram á Alþ., er allir alþm. sameinuðust um að greiða atkv. þáltill. í vetur, sem markaði þá stefnu í málinu, sem fara á eftir, hlýtur að vera þeim mönnum, sem standa í fararbroddi í þessu máli, hvatning til að fylgja því fast eftir, sem þá var ákveðið, en þó með skynsamlegri gætni, hafandi ávallt í huga, hvað landsmönnum öllum kemur bezt, þegar til lengdar lætur.

Annað mál vildi ég nefna, sem snertir skipti Íslendinga við aðrar þjóðir og nýlega hefur verið á dagskrá, en miklar deilur staðið um. Þar á ég við dvöl varnarliðs Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli og lengingu flugbrautarinnar þar. Allt það mál hefur því miður æxlazt þannig í meðförum hér á landi, að til lítils sóma hefur orðið landi voru út á við, svo að ekki sé meira sagt. Í málefnasamningi ríkisstj. segir, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skuli að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Fjarri fer því, að þeir, sem gerst ættu að vita, hafi verið sammála um, hvernig þetta bæri að túlka. Annars vegar hefur því verið haldið fram, að herinn skuli fara án tillits til endurskoðunarinnar, og hins vegar, að fyrst skuli endurskoðunin fara fram og síðan tekin ákvörðun um brottför varnarliðsins á grundvelli hennar. Á þessu tvennu er að sjálfsögðu reginmunur. Við þessa ringulreið bætist svo það, að af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um afstöðu stjórnarþm. til þessa máls, virðist allt í óvissu um, hvort ríkisstj. hafi þingmeirihluta til framgangs hinni óljósu stefnu sinni í málinu. Ekki hefur það orðið til álitsauka

fyrir ríkisstj. í skiptum sínum við Bandaríkjastjórn, þegar hún þiggur fjárframlag frá henni að fjárhæð næstum 600 millj. ísl. kr. til lengingar flugbrautar á Keflavíkurflugvelli, en í orðsendingu til íslenzku ríkisstj. frá hinni bandarísku, þar sem tilkynnt er um þessa peningagjöf, segir, að hún sé boðin fram í þágu aukinna varna hins vestræna heims. Gjöfin var þegin, eins og allir vita, og jafnframt tekið fram, að haldið yrði fast við áformin um brottför hersins, þótt hæpið verði að teljast, að þingmeirihluti sé fyrir hendi til þess. Vandséð er, hvernig því verður komið heim og saman, að Bandaríkjamenn láti næstum 600 millj. kr. af hendi rakna til lengingar þverbrautarinnar á Keflavíkurflugvelli með það fyrir augum að auka varnarmátt hins vestræna heims, en Íslendingar samþykki og tilkynni jafnframt, að varnarliðið verði rekið brott af Keflavíkurflugvelli og frá Íslandi.

Allt þetta mál sýnist mér vera á þann veg, að ekki sé til þess fallið að auka veg Íslendinga í augum annarra þjóða, nema síður sé. Alþfl. hefur markað sér skýra afstöðu í þessum málum. Hann vill, að utanrmn. Alþ. geri ítarlega athugun á öryggismálum Íslands. Í þáltill., sem alþm. flokksins hafa lagt fram í Sþ. um þetta efni, er gerð grein fyrir einstökum atriðum þeirrar könnunar, sem nauðsynlegt er að fram fari, til þess að unnt sé að ákvarða um nauðsyn varnarliðs á Íslandi og annars, er snertir öryggi landsins í náinni framtíð. Ekki vinnst tími til þess hér við þetta tækifæri að fara nánar út í einstök atriði þess máls, en þær ítarlegu athuganir, sem Alþfl. vill láta gera nú þegar í öryggismálum landsins, eru nauðsynlegur undanfari skynsamlegra ákvarðana í þessu viðkvæma og vandasama stórmáli íslenzkrar þjóðar.

Þökk sé þeim, er hlýddu. — Góða nótt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Stór orð hafa fallið í þessum eldhúsdagsumr. og á öðrum vettvangi um skeið af hálfu stjórnarandstöðunnar um illa meðferð ríkisstj. á málefnum verkalýðsstéttarinnar, og var hv. síðasti ræðumaður þar sízt orðvarari en aðrir. Ríkisstj. er m. a. sökuð um að kynda undir eldum óðaverðbólgu, sem lendi með mestum þunga á láglaunastéttunum og valdi síhrakandi kaupmætti verkalauna. Hún er sótt til saka fyrir að standa fyrir fölsun kaupgjaldsvísitölunnar í kauplækkunarskyni að því ógleymdu, að launamenn séu skattpíndir meira en dæmi séu áður til og greipar látnar sópa um sparifé fólksins, og eru þá sízt oftalin árásarefnin. Þegar slíkur lestur er lesinn, mun mörgum koma í hug hið fornkveðna: Öðrum ferst, en ekki þér. A. m. k. mun svo flestum fara, sem ekki gleyma öllu jafnóðum, sem yfir þá dynur. Það er nefnilega staðreynd, sem enginn getur vefengt, að þeir, sem nú fjargviðrast af mestri hneykslan yfir verðhækkunum, settu hvert metið öðru meira á valdaferli sínum. Á síðustu 10 árunum, sem þeir voru við völdin, hækkaði vísitala vöru og þjónustu um hvorki meira né minna en 183 stig miðað við vísitöluna 100 1963, eða að meðaltali um 18—19 stig á ári. Og þegar lokin nálguðust, var skriðurinn enn svo þungur, að á síðustu valdamisserum fyrrv. stjórnar, þ. e. frá fyrsta ársfjórðungi 1970 til fyrsta ársfjórðungs 1971, hækkaði vöruverð og þjónusta um tæp 30 vísitölustig miðað við sama grunn og ég áður nefndi eða úr 230.9 stigum í 260.2 stig, þrátt fyrir það að síðla á þessu tímabili voru sett svokölluð verðstöðvunarlög, sem leyndu að miklu leyti þeirri raunverulegu þróun, sem þarna fór fram, en nú segir til sín opinberlega.

Já, er ekki von, að þeim blöskri, sem sjálfir báru stjórnarfarslega ábyrgð á slíkri þróun verðlagsmála, þegar nú er rætt um 5—10 stiga hækkun framfærsluvísitölunnar, hækkun, sem á að mjög verulegu leyti rætur að rekja til útgjaldaaukningar atvinnurekstrar og þjónustu, sem varð á verðstöðvunartímabilinu, en hefur ekki verið formlega staðfest og viðurkennd fyrr en nú. Og þá var víst öldin önnur, er Gaukur bjó á Stöng, hvað viðvék varðstöðu stjórnvalda um kaupmátt verkalauna og verðlagsbætur á laun. Þá var nú víst ekki verið að falsa vísitöluna eða skerða með ríkisstjórnaraðgerðum. Eða hvað? Fjórar gengisfellingar voru framkvæmdar á átta árum. Fylgdi þeim öllum ýmist algert afnám verðlagsbóta, eins og 1960 og 1961, eða stórfelld skerðing, eins og 1967 og 1968. Í fjögur ár samfellt voru verðlagsbætur á laun afnumdar með lögum, og samtök launafólks voru neydd til að heyja vinnudeilur allt að þrisvar sinnum á ári til að freista þess að halda í horfinu um launakjör sín, en tókst þó ekki oft og iðulega. Þannig hrakaði kaupmætti tímakaups verkamanna um nær 20 stig miðað við vísitölu 1963 sama sem 100 frá þriðja ársfjórðungi 1967 til þriðja ársfjórðungs 1969, og við fall viðreisnarinnar stóðu sakir þannig, að mjög skorti á þrátt fyrir öfluga sókn verkalýðssamtakanna í kjarasamningunum 1970, að náðst hefði fram sá kaupmáttur tímakaups, sem skárstur varð í tíð viðreisnarinnar, á árunum 1966 og 1967. Það varð ekki fyrr en með kjarasamningunum 4. des. s. l., sem því marki var náð, og þá raunar verulega meiru. Það er víst von, að þeim blöskri nú, viðreisnarmönnum, hversu stjórnin leiki grátt réttmætar verðlagsbætur á laun og kaupmátt verkalauna. En hvað er annars hæft í ásökunum stjórnarandstæðinga um þau efni? Er það rétt, sem þeir halda fram, að vísitala kaupgjalds hafi verið fölsuð, er hún var útreiknuð og ákveðin af kauplagsnefnd fyrir tímabilið 1. marz s. l. til 1. júní n. k., eða til standi að skerða hana með óeðlilegum hætti nú næstu daga, þegar verðlagsbætur verða ákveðnar fyrir næsta tímabil, sem samkv. kjarasamningum hefst 1. næsta mánaðar? Er það rétt fullyrðing, að kjarabæturnar, sem um var samið í des. s. l., séu foknar veg allrar veraldar af þessum ástæðum og vegna verðhækkana, sem orðið hafa að undanförnu? Þessar ásakanir er auðvitað skylt að kanna raunsætt, því að ekki er það a. m. k. mitt álit, að sú sorameðferð, sem þessi mál sættu á viðreisnartíðinni, sé nein afsökun fyrir meintu misferli núverandi stjórnar eða stjórnarflokka, þótt ekki hafi verið hjá því komizt að rifja þá meðferð að örlitlu leyti upp. Varðandi meðferð vísitölunnar er það fyrst að segja, að núv. ríkisstj. hefur engin afskipti haft af útreikningi hennar eða ákvörðunum um hana önnur en þau, að hún lét það verða eitt sinna fyrstu verka að skila launafólki aftur þeim þrem vísitölustigum, sem af þeim var rænt með verðstöðvunarlögunum í nóv. 1970. Að öðru leyti hefur þar í einu og öllu verið farið að gildandi lögum og gildandi kjarasamningum, sem í engu hefur verið breytt frá fyrri skipan þeirra mála um þessi efni. Hitt er líka rétt, að við útreikning vísitölunnar fyrir það tímabil, sem nú er að renna út,

reis vanda- og vafamál vegna gerbreytts kerfis í skattamálum, er persónuiðgjöld til almanna- og sjúkratrygginga, sem að lögum ber að mæla við vísitöluútreikning, féllu niður með þar tilsvarandi lækkun kaupgreiðsluvísitölu, en fjár til trygginga var aflað með skattheimtu, sem að bókstaf laganna mældist ekki í vísitölureikningi. Enn jók það á þann vanda, hversu hér skyldi með fara, að ákvörðun kauplagsnefndar varð að taka, meðan svo stóð á, að niðurfelling persónuiðgjalda hafði öðlazt lagagildi, en frv. um skattamálin að öðru leyti voru þá enn í meðförum Alþ. og því ekki fullvíst með öllu um endanlegar niðurstöður um þau. Þegar hér var komið, gerði miðstjórn Alþýðusambands Íslands ályktun um málið, þar sem þess var krafizt, að ekki yrði um meiri lækkun kaupgreiðsluvísitölu að ræða en svaraði til þeirrar raunverulegu lækkunar, sem verða kynni á útgjöldum fjölskyldna með lágar eða miðlungstekjur vegna breytingarinnar á skattkerfinu. Með úrskurði kauplagsnefndar varðandi verðlagsbætur frá 1. marz s. l. og með yfirlýsingum hennar um meðferð málsins við næsta vísitöluútreikning var í verki á þetta sjónarmið verkalýðssamtakanna fallizt með því að halda eftir inni í útreikningnum ákveðinni upphæð persónuiðgjalda, þrátt fyrir afnám þeirra, upphæð, sem nam þeirri meðaltalsupphæð, sem líklegt þótti, að innheimt yrði eftir sem áður eftir öðrum leiðum skattkerfisins af lágtekju- og miðlungstekjufólki, sem vísitöluútreikningar eru byggðir á. Að óreyndu dreg ég ekki í efa, að kauplagsnefnd fylgi í einu og öllu við útreikning fyrir næsta vísitölutímabil þeirri stefnu, sem hún hefur þegar markað í þessu vandamáli, og verkalýðssamtökin muni geta unað þeim málalyktum, sem þar verða, eftir atvikum sæmilega. Komi hins vegar í ljós, að kauplagsnefnd telji sig skorta lagaheimild til að leysa hér vandamál eftir eðli þess og rökum, tel ég, að ríkisstj. beri siðferðisskylda til að veita henni slíka heimild og tryggja þannig sanngjörn málalok. En meðan ekki reynir á slíkt er með öllu ástæðulaust og ósæmilegt að hafa uppi getsakir og ásakanir, sem við engin rök styðjast.

Eins og ég áður gat um, er nú látið að því liggja, jafnvel fullyrt, að með þeim verðhækkunum, sem orðið hafa að undanförnu, hafi kjarabæturnar frá 4. des. s. l. og síðar allar verið hrifsaðar til baka af launþegum. Þetta fær auðvitað engan veginn staðizt. Að sönnu ákveða lög og samningar um verðlagsbætur á laun, að þær skuli reiknaðar á þriggja mánaða fresti og getur því, þegar um snöggar verðbreytingar er að ræða og miklar, mjög hallað á launafólk í lok kaupgreiðslutímabils, eins og þess, sem lýkur með þessum mánuði, og víst er svo nú. Á hitt er þá að líta líka, að 1. næsta mánaðar koma fullar umsamdar og lögfestar verðlagsbætur á kaup miðað við verðlag í byrjun maímánaðar, og réttist þá aftur hlutur launamanna nema að því leyti, sem verðlag hækkar í þessum mánuði, og að því leyti, sem verðlag landbúnaðarvara samkv. mjög gamalli og umsaminni reglu er ekki að fullu bætt í kaupgreiðsluvísitölu. En hvorugt þessara atriða er í neinu frábrugðið því, sem gilt hefur óumdeilt í fjölda ára. Enn er þess að geta, að 1. næsta mánaðar kemur einnig til framkvæmda annar áfangi umsaminna grunnlaunahækkana, 4%, þannig að allt kaupgjald hækkar með samanlagðri kaupgreiðsluvísitölu og grunnkaupshækkun um a. m. k. 9—10% og er þá fullvíst, að kaupmáttur tímakaups verður stórfellt hærri en hann var, þegar upp var staðið frá samningunum 4. des. s. l., og varla minna en sem nemur um 20% hærri en fyrir þá samninga. Er það ein mesta kaupmáttaraukning, ef ekki hin mesta, sem orðið hefur á jafnskömmum tíma. En sem dæmi um þær firrur, sem stjórnarandstæðingar leyfa sér að bera fram um þessi efni, nefni ég, að á öðrum ársfjórðungi 1971 var kaupmáttur tímakaups í almennri vinnu 111.9 stig miðað við framfærsluvísitölu og kaupmátt 100 í árslok 1970. Á öðrum ársfjórðungi þessa árs var þessi kaupmáttur orðinn 139.5 stig að meðaltali yfir þrjá síðustu mánuði eða 27 stigum hærri en hann var 1971, á síðasta valdamisseri viðreisnarstjórnarinnar, og kaupmáttur vikukaups, svo að við sleppum alveg vinnutímastyttingunni sem nokkurri kjarabót, hefur hækkað á sama tíma úr 112.9 stigum í 126.8 stig eða um 13.9 stig eða um meira en 12%. Pétur Pétursson hneykslaðist hér áðan niður í tær yfir því, að ég og Hannibal Valdimarsson stæðum fyrir þessari þróun mála. En ég játa fúslega, að ég er ekki sómakærari maður en svo, að ég skammast mín ekki fyrir hana, heldur fagna því að hafa átt hlut að því að bæta svo mjög hag hinna lægst launuðu sem hér er raun á. Engu að síður segi ég það, að verðlagsþróun undanfarinna mánaða er auðvitað hið mesta alvörumál og áhyggjuefni öllum hugsandi mönnum, vandamál, sem verður að snúast við með öllum tiltækilegum ráðum, sem ekki skerða kjör almennra launþega. Játa verður, að það viðnám, sem ríkisstj. og launþegasamtökin hafa veitt í þessum efnum, m. a. gegnum vald sitt í verðlagsnefnd, hefur ekki hindrað mjög tilfinnanlegar verðlagshækkanir. En frá upphafi var slíkt raunar augljóst. Á verðstöðvunartímabilinu safnaðist upp urmull verðhækkanatilefna, sem nú verður ekki lengur hjá komizt að viðurkenna, þar sem slíkt hefði leitt til stöðvana, bæði í ýmsum atvinnurekstri og þjónustu. Stór hluti hækkananna er því neikvæður arfur frá stjórnartíð viðreisnarherranna, sem nú senda þeim tóninn, sem eru að reyna að leysa þann vanda, sem þeir fyrrnefndu áttu mestan hlut að að skapa.

Í annan stað hlaut 10% hækkun tímakaups vegna vinnutímastyttingar og a. m. k. 4—8% eða jafnvel meiri grunnlaunahækkun að leiða til nokkurra verðbreytinga. Slíkt gat engum á óvart komið. Eins og nú er ástatt, er þó aðalatriðið, að ekki verði slakað á því viðnámi, sem veitt hefur verið fram til þessa gegn gegndarlausri og skammsýnni ásókn atvinnurekenda, svo sem í ýmissi þjónustustarfsemi og verzlun, í að koma fram verðhækkunum umfram brýnustu nauðsyn, ásókn, sem er sérstaklega studd leynt og ljóst af Sjálfstfl. Og einnig, að spornað verði með viðeigandi aðgerðum í fjármálum ríkisins, peningamálum og framkvæmdastarfsemi við allri frekari þenslu í hagkerfinu, þenslu, sem kynni að geta leitt til samdráttar í atvinnulífinu og þá sérstaklega í útflutningsframleiðslunni, sem er hvort tveggja í senn okkar lífakkeri efnalega og jafnframt í mestri hættu vegna verðbólgunnar ásamt með launastéttunum. Takist ríkisstj. að stemma hér á að ósi, eins og ég hygg, að vel sé mögulegt, má með hóflegri bjartsýni ætla, að við séum nú komnir yfir erfiðasta hjallann í sambandi við verðlagshækkanirnar og að mjög dragi úr þeim á síðari hluta þessa árs eða jafnvel miði mjög

verulega að stöðvun þeirra. Eitt hið alvarlegasta við það þensluástand, sem nú ríkir, er sá fyrirsjáanlegi halli, sem verður á utanríkisviðskiptum þjóðarinnar á þessu ári. Sá halli verður þó trúlega ekki meiri, nema miklu síður sé, en varð á síðasta ári, en þá voru metin jöfnuð með stórfelldum fjármagnsflutningi til landsins, með lántökum erlendis. Slíkur búskapur fær ekki staðizt til lengdar, og jafnvægi verður að komast á, ef ekki á til stóráfalla að leiða. Þessi vandi verður aðeins leystur með tvennum hætti. Annars vegar með þeim jákvæða hætti að auka gjaldeyrisöflunina með eflingu útflutningsatvinnuveganna og hins vegar með því að stemma stigu við meiri eftirspurn á innflutningi og eyðslu gjaldeyris en öflun hans fær undir risið.

Núv. ríkisstj. og flokkar hennar hafa á skömmum tíma lyft Grettistaki því, sem að því lýtur að leysa þetta mál eftir jákvæðu leiðinni. En fæstar þær aðgerðir munu skila árangri þegar í stað. Sú geysilega mikla endurnýjun og aukning, sem nú er hafin á fiskiskipaflotanum, fer ekki að segja til sín, svo að úrslitum geti valdið, fyrr en á árunum 1973 og 1974 og að nokkru enn síðar. Aðrar hafa þegar í stað áhrif til örvunar útflutningsframleiðslunnar. Má þar til nefna þær miklu og réttmætu kjarabætur, sem sjómönnum hafa verið veittar, m. a. með breytingu á lögum þeim, sem fyrrv. ríkisstj. setti 1968 samhliða gengisfellingunni þá og skertu mjög samningsbundin laun þeirra. Sjómenn munu vissulega kunna að meta þessar miklu kjarabætur og þær að öðru jöfnu auka möguleika útvegsins til þess að ná sínum nauðsynlega hlut hins takmarkaða mannafla, sem atvinnugreinarnar nú togast á um. Enn má hér til nefna vaxtalækkun stofnlána útvegsins, lengingu lánstíma, lækkaða stofnlánavexti. Allt eykur þetta bjartsýni um áframhaldandi velgengni útvegsins og er að verulegu leyti undirstaða þess áhuga og áræðis, sem nú sér glöggan stað í ákafri eftirspurn eftir nýjum og fullkomnum skipakosti, sem á komandi árum mun mala þjóðinni ómælt gull útflutningsverðmæta. Enn vil ég hér til nefna sérstakar ráðstafanir, sem gerðar eru og gerðar munu verða til þess að efla fullvinnslu sjávarafurða, m. a. með löggjöf um sérstaka sölustofnun niðursuðuiðnaðarins með verulegum fjárstuðningi af opinberri hálfu. Takist þeirri stofnun að ná þeim markmiðum, sem henni eru ætluð, er næsta líklegt, að þar sé um að ræða þáttaskil í þróun þessa mikilsverða iðnaðar til stórfelldra hagsbóta bæði í gjaldeyrisöflun og ekki síður fyrir byggðarlögin í sjávarbyggðunum víðs vegar um landið.

Hvað hinum þættinum, sem snýr að lausn gjaldeyrisbúskaparins, viðkemur, þeim, sem kallazt gæti hinn neikvæði, — þ. e. aðgerðir, sem leiða til minnkaðrar eftirspurnar, a. m. k. í bili, — má sjálfsagt um deila, hvort ríkisstj. hefur staðið þar nægilega í ístaðinu. Hún er t. d. mjög gagnrýnd fyrir það að hafa með framlagðri framkvæmdaáætlun sinni fyrir yfirstandandi ár allt að því þrefaldað framkvæmdamagnið miðað við áætlun fyrrv. ríkisstj. og ekki minnst fyrir að hyggjast bjóða út 500—600 millj. kr. spariskírteinalán í fjáröflunarskyni, sem muni leiða að áliti stjórnarandstæðinga til minnkaðra möguleika viðskiptabankanna til að sinna þörfum atvinnuveganna. Þá er því og haldið fram, að þessar opinberu framkvæmdir muni í stórum stíl draga vinnuafl frá framleiðslunni, sérstaklega til byggingariðnaðarins, og þannig auka hinn efnahagslega vanda. Ákærur af þessu tagi ber þó að mínu viti að taka af mikilli varúð og kraftur þeirra lamast óneitanlega strax og þess er gætt, að samtímis er ríkisstj. líka gagnrýnd fyrir það, að hún hyggist ekki afla nægilega mikils fjármagns til fjölmargra framkvæmda, svo sem til Byggingarsjóðs ríkisins og til samgöngumála. Og frá stjórnarandstöðunni hefur enn ekki heyrzt nein till. um samdrátt framkvæmda. Meðan svo er, verða ásakanirnar tæpast teknar allt of alvarlega og ekki heldur, þó að þær komi frá Jóhanni Hafstein, sem sagði hér í kvöld, að framkvæmdirnar allar væru í sjálfu sér góðra gjalda verðar.

Um útgáfu spariskírteina er það að segja, að með þeim ráðstöfunum er í raun aðeins viðurkennd sú staðreynd, að sama fjármagn verður ekki notað nema einu sinni. Það er aðeins um að ræða það, að þessi tiltekni hluti sparifjármyndunarinnar í landinu verði nýttur til samfélagslegra verkefna, í stað þess að hann verði notaður til aukinnar einkaneyzlu eða einkaframkvæmda. Jafnframt felur sú ráðstöfun í sér bættan hag sparifjáreigenda og þar með auknar líkur fyrir vaxandi sparnaði og eðlilegum rekstri sparifjár. En slíkt er grundvallarnauðsyn, eins og nú er ástatt. Er því mjög fjarri lagi, að þessi aðgerð sé eða verði verðbólguaukandi, heldur er miklu líklegra eða jafnvel öruggt, að hún ein fyrir sig dragi mjög verulega úr þeirri umframeftirspurn, sem nú er eitt stóru vandamálanna í efnahagslífinu.

Þegar núv. stjórnarflokkar mynduðu ríkisstj. sína fyrir um 10 mánuðum síðan, settu þeir sér mörg og mikil markmið, sem þeir hétu að keppa að að ná á kjörtímabilinu. Þótti ýmsum, jafnvel þeim, sem studdu stjórnarmyndunina, að ýmis þeirra markmiða hefðu þeir sett sér af fullmikilli dirfsku, og andstæðingunum hló hugur í brjósti, vegna þess að með stefnuyfirlýsingunni 14. júlí hefðu stjórnarflokkarnir reist sér hurðarás um öxl og ákveðið þá mælistiku á gerðir sínar og stjórnarháttu, sem mundi reynast andstöðunni harla hagstæð, þegar reynslan færi að segja til sín. Nú má öllum vera auðsætt, að 10 mánuðir eru allt of skammur tími til þess, að nokkur fullnaðardómur verði lagður á árangur stjórnarsamstarfsins, og kemur þar margt til, svo sem viðskilnaður fyrri stjórnar, sem á fjölmörgum sviðum hefur hindrað og torveldað snöggar umbætur. Af því tagi nefni ég sérstaklega þrot flestra eða allra fjárfestingarsjóða og fyrirframeyðslu þeirra af hugsanlegum tekjum yfirstandandi árs eða jafnvel næstu ára. Fyrirframeyðsla og fjárvöntun hefur örugglega mælzt í mun hærri upphæð en allri framkvæmdaáætlun ríkisins nemur á þessu ári. Það var blómlega búið, sem Jóhann Hafstein var að lýsa hér áðan. Ég nefni hér t. d. Fiskveiðasjóð, Byggingarsjóð ríkisins, Byggðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og svo Vegasjóð. Fjárskortur þessara sjóða, jafnvel hvers um sig, nemur hundruðum og aftur hundruðum millj. kr. Áður hef ég nefnt þann arf, sem við var að taka í verðlagsmálunum og mestu hefur valdið um verðhækkanir að undanförnu, og síðast en ekki sízt þær óuppgerðu sakir, sem ríkisstj. átti við verkalýðssamtökin og gerði stórfelldar kauphækkanir og kjarabætur óumflýjanlegar þegar í upphafi stjórnarsamstarfsins. Við þetta má svo bæta formlegum skuldbindingum fyrrv. stjórnar, svo sem

kjarasamningi hennar við BSRB, sem kostar ríkissjóð a. m. k. einn milljarð í auknum útgjöldum á þessu ári, — það er samningurinn, sem var að innleiða hina nýju auðstétt, sem Stefán Gunnlaugsson talaði hér um áðan, og enn fremur ýmiss konar löggjöf, sem sett var af kosningaótta viðreisnarflokkanna á síðasta þingi, en sem núv. stjórnarflokkar hlutu allan vanda af að standa við og afla fjár til. Þegar réttmætt tillit er til alls þessa tekið, er það a. m. k. mitt álit, að ekki verði með neinni sanngirni sagt annað en ótrúlega miklum áföngum hafi verið náð á skömmum tíma. Í þeim efnum er mér ofarlega í huga sú breyting, sem orðið hefur í afstöðu stjórnvalda gagnvart verkalýðssamtökunum og þeim málefnum, sem henni eru tengdust og hagsmunum umbjóðenda þeirra. Þar nefni ég fyrst til þá byltingu, sem framkvæmd hefur verið í almannatryggingalöggjöfinni og sem m. a. áskilur elli- og örorkulífeyrisþegum tekjutryggingu, sem ríflega svarar lágmarksdagvinnukaupi verkamanna, ef um hjón er að ræða, ásamt mörgum fleiri gagngerðum umbótum. Ég spyr ykkur, góðir tilheyrendur: Er líklegt, að viðreisnarstjórnin hefði gert þessa byltingu? Ég minni á kjarasamningana 4. des., er ríkisstj. í fyrsta skipti í meira en áratug beitti áhrifavaldi sínu og þingstyrk til aðstoðar verkalýðshreyfingunni í umfangsmestu kjaradeilu síðustu áratuga með setningu löggjafar um 40 stunda vinnuviku og lengingu orlofs í 4 vikur. Ég spyr ykkur enn: Hefði fyrrv. ríkisstj. tekið slíka afstöðu með verkalýðssamtökunum og tryggt þeim þannig fullkomnari löggjöf í þessu efni en dæmi eru til, a. m. k. í V.-Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað? Ég minni á ráðstafanir ríkisstj. til þess, að upp verði tekin skipuleg uppbygging atvinnuveganna með áætlunargerð fram í tímann í samræmi við stefnu verkalýðshreyfingarinnar. Ég nefni fyrirhugaðar breytingar á lögum um húsnæðismálastjórn, sem m. a. losar húsbyggjendur undan okuráhrifum vísitölubindingar húsnæðislána að frumkvæði verkalýðssamtakanna. Hefði viðreisnin, sem átti frumkvæðið að þessu lánaokri, gert slíkt hið sama?

Ég minni á þá stórfelldu nýsköpun, sem nú er hafin á sviði útgerðar og fiskvinnslu og sem skapa mun kjörum og atvinnumöguleikum fólks um allar sjávarbyggðir landsins nýjan og traustari grundvöll en áður hefur verið fyrir hendi. Er líklegt, að þeim, sem skipulögðu eyðingu togaraflotans á valdatíma sínum, hefði svo mikið sem dottið í hug að standa fyrir slíkri nýsköpun? Ég nefni þær miklu endurbætur, sem gerðar hafa verið í skattamálum, og alveg sérstaklega þá, að öll persónuiðgjöld til trygginga hafa verið afnumin, en sú skattheimta kom að sjálfsögðu harðast niður á þeim, sem tekjulægstir voru, jafnvel svo, að gjöldin gátu verið jafnhá eða hærri en allar tekjur viðkomanda. Einnig hitt, að skattbyrðunum að öðru leyti er nú dreift réttlátlegar en áður, svo að mikill meiri hluti gjaldenda fær stórlækkaða skatta, en hinir, sem betur mega, bera að tiltölu þyngri byrðarnar. Ekkert moldviðri fær hnekkt þeirri staðreynd, að meðaltalsskattar á almennar launatekjur þeirra, sem hafa 200–600 þús. kr. árslaun, lækka um a. m. k. 10–15 þús. kr. á framteljanda að meðaltali, miðað við eldra skattkerfið. Hitt er rétt, að hinar miklu félagslegu umbætur, sem ríkisstj. hefur staðið fyrir, hafa m. a. útilokað, að heildarskattbyrðin léttist að marki frá því, sem orðið hefði eftir viðreisnarkerfinu. En fyrir hina tekjulægri er vinningurinn vissulega mikill og alveg óumdeilanlegur. Ég fullyrði, að fyrrv. ríkisstj. hefði ekki leyst fjáröflunarvandamál hins opinbera með slíku tilliti til þeirra, sem miður mega, þótt ég á hinn bóginn játi, að núverandi skipan skattamála þurfi enn mikilla endurbóta við, en að þeim endurbótum er nú unnið kappsamlega. Svo mætti miklu lengur telja, þótt tími minn leyfi það ekki, enda er máli mínu senn lokið.

Að endingu vil ég því einu við bæta, að svo mörgum og góðum málum, sem núv. stjórnarflokkar hafa þegar staðið að, rís þó eitt yfir öll önnur, en það er sú forusta fyrir þjóðareiningu í stærsta og mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar í nútíð og framtíð, landhelgismálinu, sem stjórnarflokkarnir hafa veitt og munu halda áfram að veita, þar til fullur sigur er unninn. Bjargfastur vilji og einhugur í því máli, svo og öðrum þeim stóru málum, sem ég hef hér í örstuttu máli minnt á, eru slík úrslitaatriði, að allur minni háttar ágreiningur, sem vissulega hlýtur alltaf að vera fyrir hendi í samstarfi stjórnar margra flokka, mun ekki valda friðslitum, eins og stjórnarandstæðingar óska og þrá framar öllu öðru. Allar tilraunir þeirra til þess að blása að glóðum innri andstæðna milli stjórnarflokkanna eru því ekki aðeins dæmdar til að mistakast, heldur munu þær verða ríkur hvati þess að styrkja samstöðu þeirra um þau málin, sem mestu varða. Meðan sú samstaða er fyrir hendi og alþýða manna stendur að baki henni, er full ástæða til bjartsýni um framtíðina. — Góða nótt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hlustendur hafa nú heyrt frá stjórnarandstæðingum, hvílík dýrðarafkoma var á samanlögðu þjóðarbúinu, þegar viðreisnarstjórnin skildi við í tvöföldum skilningi. Nú í kvöld, þegar þeir stjórnarandstæðingar lesa upp hjartnæmar minningargreinar um viðreisnina sálugu, kemur í ljós m. a., að allir sjóðir landsmanna hafa verið komnir á svo hroðalegt peningafyllirí, að til hreinna vandræða horfði. Samkv. þessu hafði tekizt með samstilltu átaki í 12 ára viðreisnarstjórn að koma ellilífeyrinum upp í 4900 kr. fyrir einstakling og upp í tæp 8 þús. fyrir hjón. Þess vegna blöskraði mér alveg, þegar Pétur Pétursson fór að guma af afrekum krata í þessum efnum í kvöld.

Verðjöfnunarsjóður stækkaði hröðum skrefum síðasta stjórnarárið, enda eitt farsælasta ár í aflabrögðum um langt skeið. En hins vegar hafði af einhverjum ástæðum gleymzt að skila sjómönnum aftur því, sem þeir höfðu verið rændir skömmu eftir sólhvörf á hinu magra ári, 1968. En það var bara fleira, sem hafði gleymzt. Það þurfti fjármuni til að standa við umsamda samninga við opinbera starfsmenn. Það þurfti meiri fjármuni til að bæta úr því ófremdarástandi, sem tryggingamálin voru komin í, og það þurfti að gera sér grein fyrir því, að óhjákvæmilegt var að hækka verulega kaup ýmissa launastétta, sem sumar hverjar höfðu dregizt langt aftur úr á verðstöðvunartímabilinu. En því var komið á samkv. gamalli hefð fyrir kosningar til þess eins að reyna að slá ryki í augu fólks, eins og heppnazt hafði þrisvar áður. Það var reynt að dylja almenning þeirrar staðreyndar, að verðbólgan heldur sínu striki, þótt sauðargæru verðstöðvunar sé brugðið yfir hana um stundarsakir. Almenningi var þetta ljóst af illri reynslu.

En það er verðugt verkefni fyrir Gylfa Þ. Gíslason að skýra þetta út fyrir fólki, þar sem þekking hans er nú fersk, og ekki sízt vegna blekkingar Jóhanns Hafstein um þetta efni hér í kvöld.

Einn af höfundum viðreisnarstefnunnar hafði varað við mögnuðum draug, sem reið húsum, og þeirri hrollvekju, sem við blasti, er stífla verðstöðvunarinnar brysti og draugurinn renndi sér niður af þekjunni. Gunnar Thoroddsen minntist áðan á þessa sömu hrollvekju, vafða í búning gamallar álfasögu, og var það vel til fundið, því að það voru einmitt álfar viðreisnarinnar, sem vöktu upp drauginn, og þess vegna eru þær verðhækkanir að undanförnu, hvernig svo sem Stefán Gunnlaugsson hamast í því máli. Einmitt þetta hefur jafnan skeð áður, þrátt fyrir digurmæli Jóhanns Hafstein hér í kvöld.

Þegar stjórnin nýja bætti nokkuð skammarlega lágar lífeyrisbætur og leiðrétti kjör fiskimanna, kölluðu pólitísku Siamstvíburarnir, Jóhann og Gylfi, að boðið væri til veizlu. Þeir höfðu vanizt að bjóða öðrum þegnum þjóðfélagsins til veizlu en þeim, sem verst voru settir.

Veðurlag í utanríkismálum hafði verið með eindæmum gott allt viðreisnartímabilið, logn og ládautt. Viðreisnin fylgdi dyggilega sínum húsbónda á hverju sem gekk, og ekki heyrðist einu sinni bofs, þegar vestrænir vinir vorir viðruðu sína pólitísku seppa á alþjóðavettvangi, hvort sem þeir voru af grísku, portúgölsku eða íslenzku kyni. Þegar leið að kosningum, komst landhelgismálið með svo skyndilegum hætti á lokastig, að minnti helzt á sögu úr ævintýrum Grimms-bræðra. Ákveðið var að skipa nefnd í málið. Nú þurfti að fara að ræða við útlendinga. En fólkið í landinu var alls ekki á sama máli um vinnubrögðin. Því var orðið ljóst, að til róttækra ráðstafana þurfti að grípa í þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar, og til þess treysti það ekki viðreisninni. Það vissi, að framkvæmdar væri löngu þörf í þessu efni og einnig, að ekkert hafði verið gert allan viðreisnartímann, ekki einu sinni talað við útlendinga. Því var ljóst af gamalli reynslu, að ef eitthvað átti að verða af útfærslu, ef eitthvað átti að hreyfa við sjálfstæðismálum þjóðarinnar, ef eitthvað átti að gera til þess að endurnýja framleiðslutæki þjóðarinnar, svo að hún yrði betur í stakkinn búin en áður að mæta mögru ári, þá þurfti hún að fá vinstri stjórn. Það kemur sem sagt í ljós, að til þess að setja markið hátt í málum, sem varða samskipti okkar við útlendinga, eins og í landhelgismálinu, þarf vinstri stjórn. Til þess að barizt sé öðru fremur fyrir kjörum þeirra, sem minna mega sín, þarf fólk að kjósa sér stjórn, sem hefur það að markmiði. Sú stjórn er vinstri stjórn. Og fólkið fékk hana.

Stjórnin hefur verið á milli tannanna á fólki. Það hefur verið fylgzt með gerðum hennar betur en gert var nokkru sinni með fyrrv. stjórn. Það er vafalaust ekki vegna þess, að fólk vantreysti stjórninni, þaðan af síður, að samanburður við hina fyrri sé þeirri síðari í óhag. Það er vegna þess, að menn gera alltaf meiri kröfur til vinstri stjórnar og það leggur henni þar af leiðandi meiri skyldur á herðar, en veitir henni jafnframt meiri og betri siðferðilegan stuðning.

Frá því að úrslit kosninganna voru kunn og ekki síður eftir að stjórnin var mynduð, hefur stjórnarandstaðan og þá fyrst og fremst Morgunblaðsmenn ráðizt að henni af móðursýkislegri heift. Það bendir til þess, að stjórnin sé á réttri leið. En á hvað hefur verið ráðizt fyrst og fremst? Í fyrsta lagi hin svokölluðu varnarmál og sjálfstæðari og mannlegri stefnu í utanríkismálum. Maður átti varla von á að heyra sömu orðin og maður las hér í dagblöðum frá valdatímum nazista, þau, að við værum að hætta viðskiptasamningum með óhæfilegu brölti í utanríkismálum, en þetta leyfði Ólafur G. Einarsson sér að segja hér áðan. Þessi mannborlegri stefna í utanríkismálum varð upphaf síbylju, sem byrjaði á því, að á Íslandi yrði ævinlega að vera erlendur her. Síðan var mikil hneykslun fólgin í því, að sendinefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum vildi ekki greiða atkv. í Kínamálinu, eins og Portúgal og Grikkland gerðu ein Evrópulanda. Og loks enduðu ósköpin á hneykslanlegri tillögu sjálfstæðismanna, þar sem þeir vildu afleggja þingræðisleg og lýðræðisleg vinnubrögð Alþ., þegar um utanríkismál var að ræða. Af öllu þessu brölti höfðu þeir ekkert nema skömm og sýndu endanlega fram á það, að nafn flokksins er orðið að hreinu öfugmæli.

Við afgreiðslu fjárl. réðst stjórnarandstaðan heiftarlega að ríkisstj. fyrir mikla hækkun á fjárl. og óráðsíu í fjármálum. Hins vegar voru brtt. þeirra til hækkunar margar, um mörg hundruð prósent. En mér er þó einkum minnisstætt plagg nokkurt með brtt. frá Gylfa Þ. Gíslasyni, þar sem hann gerir till. frá sér einum til viðbótar við fjárl., sem samtals námu yfir 400 millj. kr. Ef allir þm. hefðu farið eins að, hefðu fjárl. getað hækkað um langtum meira en helming. Ef þetta er ábyrg stjórnarandstaða, þá eru merkingar orðanna farnar að ruglast heldur óþyrmilega. Ég legg til, að þessi þm. fái enn á ný námsstyrk frá ríkinu til aukins framhaldsnáms í hagfræði. Mér sýnist ekki veita af, auk þess sem þingflokkur Alþfl. er allur annar og betri, meðan formaðurinn stúderar.

Skattamálin hafa verið talsvert til umræðu og ætla ég ekki að leggja þar mörg orð í belg. Ég vil aðeins minna á þá staðreynd, að þeir skattar, sem greiddir voru eftir efnum og ástæðum annars vegar, og þeir, sem greiddir voru á hvern mann án tillits til efna hins vegar, hefðu með gamla kerfinu orðið svipaðir að stærð á þessu ári, og sjá allir, hversu óskaplegt ranglæti það hefði verið. En þetta réttlætismál lét Jóhann Hafstein sér sæma að ráðast á með argasta útúrsnúningi hér fyrst í kvöld. Auk þess mætti benda á, að hlutur einstaklinga í beinum sköttum hefur breytzt á áratugnum frá 1960—1970, þannig að einstaklingar greiddu 59% 1960, en 82% 1970. Með nýju skattalögunum frá því í fyrra hefði þetta hlutfall orðið enn óhagstæðara almenningi. Þessi lög sömdu þeir menn, sem nú þykjast bera hag hins almenna skattgreiðanda svo mjög fyrir brjóstinu og hafa ausið krókódílstárum sínum yfir slúðurdálka Moggans, svo að ekki er að kynja, þó að almenningur ruglist nokkuð í ríminu hvað skattamálin snertir og reyndar þjóðmál yfirleitt. Það er nauðsynlegra nú en nokkru sinni fyrr, að fólk lesi auk Moggans a. m. k. annað stjórnarblaðanna. Svona mætti lengur telja um frammistöðu stjórnarandstöðunnar. En tíminn er naumt skammtaður, svo að ég vildi að lokum aðeins segja þetta. Stjórnarandstaðan með Jóhann Hafstein og Gylfa Þ. Gíslason í fararbroddi hefur enn ekki áttað sig á umskiptunum við kosningarnar, eins og menntmrh. minntist svo skemmtilega á í ræðu sinni hér í kvöld.

Þeim félögum svíður, að nú er stefnt að lausn hinna stærstu mála eins og landhelgismálsins, meðan yfirboðstillögur krata og sjálfstæðismanna í því máli voru kattarþvotturinn einber. Nú er stefnt að endurnýjun togaraflotans, sem drabbazt hafði niður úr 44 stórum síðutogurum í tæplega 20 skip, sem flest hver ganga óðum úr sér. Ekkert hefur verið gert til endurbóta í frystihúsum á liðnum árum, en sá stóri baggi skilinn núv. stjórn eftir til úrlausnar.

Stjórnarandstaðan hamast ekki svo heiftarlega vegna þess, hve illa er unnið, heldur vegna þess að hún er hrædd við, að fólk sjái nú almennt, svo að ekki verði um villzt, að til hinna háu markmiða og til þess að tekizt sé á við stórmálin þarf vinstri stjórn. Og þá fer vel.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Strax eftir að málefnasáttmáli vinstri stjórnarinnar var birtur hófu sjálfstæðismenn með Morgunblaðið í broddi fylkingar að ráðast að honum af miklum tilfinningahita og ofstopa. Einkum eru það ákvæðin um eflingu efnahagslegs og stjórnarfarslegs sjálfstæðis landsins, sem valda þessum geðhrifum. Fáum, sem þekkja Morgunblaðið og aðstandendur þess, kemur þessi vanstilling á óvart. Í því blaði hefur bæði fyrr og síðar verið dróttað landráðum og svikum að þeim öflum íslenzkum, sem bezt og dyggilegast hafa barizt fyrir málstað Íslands og málstað verkalýðshreyfingarinnar, bæði í félagslegum og efnahagslegum skilningi. Og kom það glöggt fram í þessu efni í ræðu Ólafs G. Einarssonar hér fyrr í kvöld, að hann kann vel sína heimastíla.

Meiri furðu hefur það hins vegar vakið, að Alþfl.-menn og málgögn þeirra hafa lapið sömu áróðursvelluna upp eftir íhaldsblöðunum, og er greinilegt, að endurhæfingin, sem varaformaður flokksins boðaði í haust, á erfitt uppdráttar. Maður fer jafnvel að trúa þeim sögum, sem gengið hafa, að Alþýðublaðið sé komið á framfæri Vísis.

En illa fer það málgögnum íhaldsins að ásaka vinstri stjórnina um niðurrif og óþjóðhollustu, ef haft er í huga getuleysi hennar allan síðasta áratug til að efla íslenzkt atvinnulíf og treysta efnahagslegt sjálfstæði landsins og tilraunir þeirra til beinnar landsölu til handa erlendum auðhringum.

Það er óhætt að fullyrða, að mikil þáttaskil urðu í íslenzkum stjórnmálum í vor, þegar rúmlega áratugsgömul samsteypustjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hrökklaðist frá. Og eins og harmur fésýsluvaldsins og braskaranna varð stór, var fögnuður alþýðufólks að sama skapi mikill, því að fyrst og síðast einkenndist stjórnarstefna viðreisnarinnar af síendurteknum árásum á kjör og hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar. Með stjórnarfarslegum aðgerðum, brbl. og gengisfellingum voru hverjar kjarabætur verkafólks gerðar að engu strax að loknum verkfallsátökum og samningum. Þrátt fyrir óvenjumörg og hörð verkföll allan þennan áratug, tókst aldrei að hækka raunverulegan kaupmátt launanna. Reiknimeistarar viðreisnarinnar kunnu sitt fag og voru trúir sínum herrum. Allan þennan áratug snerist baráttan fyrst og fremst um það að verja þau laun, sem fyrir voru, og gekk á ýmsu, því að ríkisvaldið sveifst þess jafnvel ekki að afnema sjálfsagðar vísitölubætur, vísitölubætur, sem voru þó eina vörn verkafólks gegn óðaverðbólgu og dýrtíð. Það kom því lítið á óvart, þegar sænska blaðið Dagens Nyheter birti fréttina um heimsmet Íslendinga í verkföllum, en í fréttinni kom fram, að tapaðir vinnudagar á hverja 1000 launþega á Íslandi á tímabilinu 1960—1969 voru 1556 á ári að meðaltali, og leita varð alla leið til S.-Ameríku til þess að finna einhvern samjöfnuð. Það fylgdi hins vegar ekki frétt sænska blaðsins, sem hefði þó gert hana enn stærri, að þrátt fyrir þessi miklu verkfallsátök hækkaði kaupmáttur verkamannalaunanna ekkert á þessu tímabili, eins og fyrr hefur verið getið. Ef við athugum t. d. kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarverkamanns á þessu árabili, þá fellur hann úr rúmlega 100 stigum eftir samningana 1958 niður fyrir 80, þegar verst lét vorið 1969, og á öllum áratugnum nær hann aldrei 100 stigum, en kemst hæst að ársmeðaltali 1967 í 96.8 stig. Og menn muna líka, að á þessu tímabili voru framkvæmdar hvorki meira né minna en fjórar gengisfellingar. Á þessum 9 árum var dollarinn skráður úr 16.32 kr. í 88 kr. Gunnar Thoroddsen sagði hér fyrr í kvöld, að verðbólga eins og þessi „gæfi braski byr undir báða vængi." Það er hárrétt hjá Gunnari Thoroddsen. Í þágu þessara braskara stjórnaði viðreisnin. Ég hygg, að verkafólk hafi ekki gleymt þessum árum, og ég held, að það hafi heldur ekki gleymt atvinnuleysisárunum frá 1967—1970. En kröfurnar um vinnu handa öllum settu þá mikinn svip á alla kröfugerð, og verkalýðsfélögin drógu þá úr kaupkröfum sínum af þessum sökum.

Atvinnuleysið þessi ár hafði ekki einungis neikvæð efnahagsleg áhrif í för með sér, heldur fylgdu því og viðtæk félagsleg vandamál. Einu þeirra kynntist ég vel í starfi mínu meðal iðnnema á þessum árum, en margir þeirra töfðust eða jafnvel hættu í námi vegna verkefnaskorts úti í atvinnulífinu. Einnig er víst, að hundruð ungmenna um allt land komust aldrei í iðnnám af þessum sökum. Allt sitt líf eru mörg þessara ungmenna dæmd til að vinna ófaglærð störf, þótt hugur þeirra hafi staðið til annars. Sömu sögu er að segja um ýmsa, sem hurfu í langskólanám, minnkandi tekjumöguleikar breyttu öllum þeirra áætlunum. Ástæðurnar fyrir atvinnuleysi þessara ára voru einkum tvennar. Í fyrsta lagi sagði til sín skipulagsleysi og óreiða efnahagslífsins strax og mesti kúfur velgengnisáranna á undan varð frá. Og í öðru lagi var þetta tilbúið tæki atvinnurekendavaldsins og fulltrúa þeirra í ráðherrastólunum til að halda kaupgetu verkafólks niðri. Eða hverjir kannast ekki við kenninguna um mátulegt atvinnuleysi?

Það voru annars vegar þessar skuggamyndir og hins vegar fyrirheit vinstri stjórnarinnar, sem vöktu ugg í brjóstum aðstandenda Morgunblaðsins og fögnuð í röðum verkafólks í vor. En hver voru helztu fyrirheit vinstri stjórnarinnar í kjaramálum og hverjar hafa efndirnar orðið? Við skulum rifja það upp.

1. Að vinnuvikan yrði með lögum stytt í 40 stundir án breytinga á vikukaupi. Þetta fyrirheit hefur verið efnt.

2. Orlof yrði lengt í 4 vikur og framkvæmd orlofslaga auðvelduð. Þetta fyrirheit hefur verið efnt.

3. Að kaupgjaldsvísitalan yrði leiðrétt um þau 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með verðstöðvunarlögunum og kæmi leiðréttingin þegar til framkvæmda. Þetta fyrirheit var efnt.

4. Að þau tvö vísitölustig, sem ákveðið var í verðstöðvunarlögunum, að ekki skyldu reiknuð í kaupgjaldsvísitölu fram til 1. sept. í fyrra, yrðu þegar tekin inn í vísitöluna. Við þetta fyrirheit var staðið.

5. Ríkisstj. taldi, að með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. væri mögulegt að auka í áföngum kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum, og hugðist hún beita sér fyrir því, að því marki yrði náð. Það hefur þegar verið hafizt handa um að ná þessu setta marki, og tryggja þarf, að við það verði staðið.

6. Kjör sjómanna hafa verið bætt. Einnig hefur ríkisstj. staðið við loforð sín um endurbætur á tryggingakerfinu með stórhækkuðum bótum almannatrygginga og loforð sín um að endurskoða skattalög. Á báðum þessum sviðum þarf að gera meira átak hinum lægst launuðu í hag. En það, sem unnizt hefur á hinum stutta valdaferli ríkisstj., lofar góðu um framhaldið.

Þrátt fyrir vinveitt ríkisvald verður þó verkalýðshreyfingin að halda vöku sinni og þrýsta á ríkisstj. á hverjum tíma. Nú þarf að nota á allan hátt það tækifæri, sem gefizt hefur, og koma fram ýmsum af brýnustu hagsmunamálum verkalýðsins, m. a. þarf að tryggja, að yfirlýst markmið hennar, að dagvinnutekjur nægi til mannsæmandi lífs, verði loks að veruleika. Ríkisstj. lofaði því einnig að stöðva hina háskalegu verðlagsþróun, sem leitt hefur til síendurtekinna gengisfellinga og óðaverðbólgu, og óskaði hún sérstaklega eftir samstarfi við verkalýðshreyfinguna í þessu skyni. Til að ná þessu markmiði sínu hefur ríkisstj. unnið að því í vetur að skipuleggja þróun fjárfestingar- og peningamála, en skipulag þeirra er ein meginforsenda þess, að þetta takist. Hins vegar hefur hinn langi skuldahali, sem viðreisnin skildi eftir, skapað mikinn vanda í vetur og valdið almenningi þungum búsifjum. En þessu mátti alltaf búast við. Vinstri stjórnin átti ekki auðvelt með að ganga beint til verks. Fyrst varð að gera upp margafsagða og fallna víxla viðreisnarinnar. Reynt hefur þó verið að draga eftir föngum úr áhrifum þeirra og hækkanirnar miskunnarlaust verið skornar niður, en — takið eftir — við hávær mótmæli Sjálfstfl., sem nú eins og áður rekur erindi hinna óbilgjörnustu úr hópi atvinnurekenda og kveinar um, að verið sé að þrengja að atvinnulífinu. Sem eitt sýnishorn af þessu ramakveini vil ég rifja upp smáglefsu úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins frá 16. jan. s. l., en þar segir, með leyfi forseta:

„Sú leið, sem næstu vikur og mánuði á að nota til að þjarma að íslenzkum atvinnufyrirtækjum, eru mjög ströng verðlagsákvæði og bann við að hækka framleiðsluvöru til að standa undir auknum kostnaði á öllum sviðum, bæði launakostnaði og hráefnakostnaði."

Þannig er höfundur Reykjavíkurbréfs enn við sama heygarðshornið og á ritstjórnarskrifstofu þess blaðs óttast menn helzt, að ríkisstj. beiti sér fyrir ströngum verðlagsákvæðum og hún muni koma í veg fyrir, að launakostnaður fyrirtækja verði óðfluga settur inn í verðlagið. Er nokkur í vafa um, hvernig ástandið væri í verðlagsmálum, ef hinir pennalipru Moggaritstjórar hefðu ráðið málum í vetur?

Vissulega hafa ýmsar verðhækkanir verið tilfinnanlegar síðustu mánuði, en minnumst þess, hvernig til þeirra var stofnað. Höfum hugfast, hvernig íhaldið hefði snúizt við vandanum, hefði það mátt ráða.

Við stöndum nú á tímamótum. Og nú þegar verður ríkisstj. vinstri flokkanna í samvinnu við verkalýðshreyfinguna að reisa sér langtímamarkmið í efnahags- og verðlagsmálum í samræmi við hagsmuni launastéttanna. Það er höfuðverkefni næstu missera.

Að lokum vil ég minnast nokkrum orðum á þá aðför gegn Reykjavík, sem sjálfstæðismenn hafa hampað mikið upp á síðkastið, og þó einkum Geir Hallgrímsson, þm. og borgarstjóri. En það er nokkuð sama hvaða málaflokkar hafa verið til umr. í þingsölum upp á síðkastið. Alls staðar er ríkisstj. að hans mati að veitast að Reykvíkingum. Skyldi hún gera það til að styrkja sig í sessi, þegar haft er í huga, að helmingur þjóðarinnar býr í Reykjavík? Það er ósennilegt. Nei, sannleikurinn er sá, að sú aðför, sem sjálfstæðismenn tala um, hlýtur að vera sú aðför að fésýsluvaldinu, bröskurunum, sem eru heimamenn Geirs Hallgrímssonar. Og ég ætla, að Reykvíkingar almennt eins og aðrir landsmenn taki af heilum hug þátt í þeirri aðför. Við verðum hins vegar að virða Geir Hallgrímssyni það til vorkunnar, þótt honum sé gjarnt að líta á sig og sína nánustu liðsmenn sem persónugerving allra Reykvíkinga. Vonandi gefst þó fljótlega tækifæri til að leiðrétta þann misskilning.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 15. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (EystJ): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær 45 mín. ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, 20 mín. í fyrstu umferð, 15 mín. í annarri og 10 mín. í þriðju umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þannig: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb.

Ræðumenn verða fyrir Framsfl.: Í 1. umferð hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, og hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, í 2. umferð hæstv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, og í 3. umferð hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson.

Fyrir SF: Í fyrstu umferð hæstv. samgrh., Hannibal Valdimarsson, og hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmason, í 2. umferð hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, og í 3. umferð aftur hæstv. samgrh., Hannibal Valdimarsson.

Fyrir Sjálfstfl.: Í 1. umferð hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, í 2. umferð hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, og hv. 12. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, og í 3. umferð hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson.

Fyrir Alþfl.: Í 1. umferð hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, í 2. umferð hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, og í 3. umferð hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason.

Fyrir Alþb.: Í 1. umferð hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, og hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, í 2. umferð hv. 4. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir, og í 3. umferð hv. 4. þm. Reykn., Gils Guðmundsson.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, og talar af hálfu Framsfl.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar kom til valda á s. l. sumri, mátti tíðum lesa greinar í Morgunblaðinu um reynslulausa ráðherra og var þá gjarnan vitnað í þá, sem reynsluna áttu að hafa, einkum hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein. Þeir, sem hlustuðu á ræðu þessa manns s. l. föstudagskvöld, munu áreiðanlega fáir kjósa að njóta reynslu Jóhanns Hafstein að nýju við stjórn okkar lands.

Einna mesta athygli mína vakti þó málflutningur hv. 11. landsk. þm., Ólafs G. Einarssonar. Þessi hv. þm. hefur sérstaklega tekið sér það fyrir hendur á þessu þingi að sýna fram á mjög aukna skattbyrði með hinum nýju skattalögum, eins og fjölmargar greinar hans í Morgunblaðinu báru með sér. En hann spennti bogann of hátt og óvarlega, og þessi viðkunnanlegi maður hlaut meðaumkun margra, þegar útreikningurinn og rökstuðningurinn hrundi stig af stigi.

Síðan hafa sjálfstæðismenn kappkostað að sanna málstað sinn á þann vafasama hátt að nota, hvar sem þeir ráða, heimildir til hækkunar á fasteignagjöldum og jafnvel útsvörum. Í einstöku tilfellum getur slíkt verið nauðsynlegt, en víðast virðist það ákveðið án minnsta tillits til þess, hver þörfin er. Þó efast ég um, að í nokkru bæjar- eða sveitarfélagi hafi verið seilzt lengra en þar, sem Ólafur G. Einarsson ræður. Þar lét hann fyrir fáeinum dögum meiri hl. þeirra sjálfstæðismanna samþykkja 50% hækkun á fasteignagjöldum, m. a. með þeim vafasama rökstuðningi, þegar allt annað var þrotið, að nauðsynlegt væri að greiða upp allar lausaskuldir hreppsins á þessu eina ári. Það er sorglegt, að þessi annars prúði maður skuli láta vanhugsuð pólitísk skammtímasjónarmið þeirra sjálfstæðismanna hafa sig til slíkra hluta. Þessara vinnubragða sjálfstæðismanna ættu skattgreiðendur að minnast, þegar skattseðillinn birtist.

S. l. haust var einnig ósþart hæðzt að málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Hann var talinn hið furðulegasta plagg og óframkvæmanlegur með öllu og gleggsta vitnið um reynsluleysi ráðh. Nú er þessi söngur breyttur, enda dylst engum, að meira hefur verið efnt en nokkur þorði að vona á þeim skamma tíma, sem ríkisstj. hefur setið. Hæstv. ríkisstj. þótti sjálfsagt að gefa út hinn ítarlega málefnasamning, þannig að þjóðin öll gæti gert sér grein fyrir því, hverju væri lofað og hverjar efndirnar yrðu. Þetta þótti stjórnarandstæðingum furðu djarft og drógu dár að. Nú er upplitið annað. Nú má helzt skilja á málflutningi stjórnarandstæðinga, að allt of mikið hafi verið framkvæmt, og ég veit, að einstaka ágætur stuðningsmaður þessarar ágætu ríkisstj. leggur nokkurn trúnað á slíkan málflutning. Athygli þeirra vil ég vekja á því, að arfurinn var gífurlega mikill, og mikið þarf að hreinsa út eftir 12 ára valdatíma viðreisnarstjórnarinnar. Ekki veitir því af að byrja strax.

Á þeim fáu mínútum, sem ég hef til umráða, vil ég fara nokkrum orðum um loforð og efndir í atvinnumálum.

Því var heitið að taka upp skipulagshyggju í stað þess handahófs, sem áður ríkti. Í þessu skyni var þegar á fyrstu vikum þingsins lagt fram frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Markmiðið með Framkvæmdastofnun ríkisins er að taka upp forgangsröðun og áætlanagerð í þjónustu atvinnulífsins. Vitanlega hefur áætlanagerð þekkzt í þessu landi á undanförnum árum, en með slík vinnubrögð var nánast farið sem feimnismál. Áætlanir voru vart sýnilegar nema skyggnum mönnum, eins og einn hv. þm. komst að orði fyrir fáeinum dögum. Ég hygg, að flestum sé raunar orðið það ljóst, að slík skipuleg vinnubrögð og forgangsröðun verkefna eru lífsnauðsyn í okkar fámenna landi, þar sem þörfinni fyrir fjármagn til margs háttar framkvæmda verður seint eða aldrei fullnægt.

Með Framkvæmdastofnun ríkisins hefur einnig verið stigið mikilvægt skref á þeirri yfirlýstu braut að rétta hlut dreifbýlisins frá því, sem verið hefur. Sem betur fer, er hugtakið „jafnvægi í byggð landsins", ekki lengur það hlátursefni, sem það gjarnan var fyrir fáeinum árum. Við, sem búum á þéttbýlissvæðunum, skiljum það betur og betur, að við eigum ekki lengi þetta land, ef við byggjum það ekki allt. Við skiljum það einnig, að þjóðarbúið er sem ein heild, félagsbú, þar sem allir þættir eru jafnréttháir. Því hvað yrði um okkur, sem Suðvesturlandið byggjum, ef hráefnisöflunina, landbúnaðinn og fiskvinnsluna í kringum landið þryti. Þeirri spurningu geta allir svarað. Það er einnig ljóst, að þeir, sem að slíkum störfum vinna, hvar sem þeir búa, eiga rétt á sömu lífskjörum og lífsgæðum sem aðrir landsmenn.

Með þetta í huga m. a. var ákveðið að efla verulega sjóð þann, sem áður hét Atvinnujöfnunarsjóður, en nefnist nú Byggðasjóður. Gjafmildi viðreisnarstjórnarinnar var auglýst með miklum orðaflaumi, þegar sú ríkisstj. hét 15 millj. kr. í Atvinnujöfnunarsjóð á ári hverju í 10 ár. Mátti jafnvel halda, að þar væri um ofrausn að ræða. Ég er hins vegar ekki viss um, að menn hafi gert sér grein fyrir því sem skyldi, að í þennan sjóð rennur nú nálægt því sjöfalt meira fjármagn úr ríkissjóði, eða 100 millj. kr. á ári hverju í 10 ár.

Full ástæða er til að binda miklar vonir við það, að Framkvæmdastofnun ríkisins verði öllu atvinnulífi landsmanna mikil lyftistöng. En sérstaklega ber þess að vænta, að stofnuninni megi takast að rétta verulega hlut dreifbýlisins í atvinnuþróun.

Því var einnig heitið að stórefla togaraflota landsmanna, sem var kominn í algjöra niðurníðslu á tímum viðreisnarstjórnarinnar. Þetta er nú verið að gera það myndarlega, að sumum þykir nóg um.

Heitið var sérstöku átaki til endurbóta á frystihúsunum, enda komið á 11. stundu vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur á erlendum mörkuðum. Unnið er að ítarlegri áætlunargerð á þessu sviði, en þótt henni sé ekki að fullu lokið, er ákveðið að hefja framkvæmdir í töluverðum mæli þegar á þessu ári, m. a. með 200 millj. kr. aukinni fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs og tvöföldun á því fjármagni, sem lánasjóður sveitarfélaga fær til umráða. Fjárþörfin í þessu skyni verður mikil, líklega um eða yfir 2000 millj. kr. Þetta er hins vegar forgangsverkefni og verður að sitja fyrir flestu öðru, og það verður að sjálfsögðu fjármagnað á næstu 3—4 árum.

Því var heitið að ljúka innan þriggja ára rafvæðingu allra þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið að fái raforku frá samveitum. Þegar í nóv. s. l. var lögð fram á Alþ. þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins, og í frv. að framkvæmdaáætlun er gert ráð

fyrir öllu því fjármagni, sem talið er nauðsynlegt til að standa við þá áætlun. Jafnframt er unnið að því að kanna, hvort unnt megi reynast að veita raforku til þeirra fáu byggðarlaga, sem enn eru ekki á þriggja ára áætluninni. Þannig má t. d. telja öruggt, að samþ. verði veita um verulegan hluta Reykjarfjarðarhrepps í Djúpi, og verið er að kanna, hvort til greina geti komið að rafvæða frá samveitu góðan hluta af Gufudalssveit. Samfara þessari stórauknu rafvæðingu dreifbýlisins er ætlunin að auka virkjunarframkvæmdir eins og frekast er kostur. Er það víða orðin hin brýnasta nauðsyn eftir vanrækslu undanfarinna ára. Á Vestfjörðum hefur t. d. ekki verið virkjað í áratug. Þar var á s. l. ári varið 10.7 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við miðlun í Langavatni við Mjólkárvirkjun. Á þessu ári er hins vegar ætlunin að verja 14 millj. kr. til þess að ljúka við þessa miðlun. Auk þess hefur hæstv. fjmrh. fallizt á að gera í framkvæmdaáætlun ráð fyrir u. þ. b. 11 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við aðra virkjun við Mjólká, þannig að tryggt megi verða, að þeirri virkjun verði lokið á árunum 1973 og 1974. Loks eru ætlaðar 4 millj. kr. til Blævardalsárvirkjunar í Djúpi. Þar með verður tryggð raforka í nýtt dreifikerfi um Nauteyrarhrepp og Reykjarfjarðarhrepp. Til virkjunarframkvæmda í Vestfjarðakjördæmi munu því renna um 29 millj. kr. á þessu ári, eða nálægt því prefalt meira fjármagn en á því síðasta.

Vegáætlun liggur nú fyrir hinu háa Alþingi. Einnig í vegamálum kemur fram ríkur vilji til þess að stórauka framkvæmdir. Því var t. d. strax vel tekið, þegar ég við 1. umr. s. l. miðvikudag vakti athygli á því, að nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir verulegu lánsfé, a. m. k. 25 millj. kr., til Djúpvegar á ári í næstu þrjú ár, til viðbótar framlagi á vegáætlun, enda má annars segja, að þeim 10 millj. kr., sem teknar voru að láni á s. l. ári, hafi verið til lítils varið.

Að sjálfsögðu verður að ljúka framkvæmd, sem þannig er hafin, á sem skemmstum tíma, til þess að arður fáist af fjármagninu. Eins og fram er komið, hefur hæstv. fjmrh. samþ. að gera ráð fyrir viðbótarlánsheimild að upphæð 25 millj. kr. í þessu skyni. Sýnist mér með þessu sæmilega tryggt, að Djúpvegi að Ögri verði lokið á næstu þremur árum.

Góðir Íslendingar. Þessi stutti samanburður á loforðum og efndum sýnir það glöggt, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluti hafa talið það skyldu sína að láta hendur standa fram úr ermum og leitast við að lagfæra sem fyrst fjölmargt það, sem vanrækt hefur verið á undanförnum árum. Þó veit ég, að ýmsum þykir sinn hlutur of lítill. Það er eðlilegt. Þar sem lítið hefur verið framkvæmt í lengri tíma, þar er þörfin mikil. Engu að síður er það staðreynd, að aukning á því fé sem ætlað er til opinberra framkvæmda er gífurleg og boginn spenntur til hins ýtrasta. Þetta sannar því fyrst og fremst það, hversu mikil þörfin er fyrir forgangsröðun, áætlanagerð og skipulagshyggju í okkar þjóðarbúskap. Það eru þau vinnubrögð, sem þessi hæstv. ríkisstj. vill við hafa. Um hana mun íslenzka þjóðin standa vörð.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir rúmu ári, nánar tiltekið 24. marz 1971, fluttu fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka á Alþ. till. til þál. um útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu í 50 mílur eigi síðar en 1. sept. 1972. Stuðningsmenn þáv. ríkisstj. voru ekki reiðubúnir til töku slíkrar ákvörðunar og felldu þessa tillögu. Afstaða flokkanna til útfærslu fiskveiðilögsögunnar varð höfuðmál kosninganna, sem urðu hinar sögulegustu á 44 ára tímabili. Þjóðin veitti þreyttum ráðherrum lausn í náð og ný ríkisstj. var mynduð. Í málefnasamningi hennar er landhelgismálið númer eitt, og hún hófst handa án tafar að vinna að framgangi þess og á þann hátt, að eftir var tekið, bæði innan lands og utan.

Deilt er um arfahlut hinnar nýju ríkisstj. úr dánar- og þrotabúi viðreisnarinnar sálugu. Óhaggað stendur, að sú stjórn lét eftir sig hrikalegustu óðaverðbólgu, sem þekkzt hefur á Íslandi, falda fram yfir kosningar bak hrófatildri bráðabirgðaverðstöðvunar. Útgjaldabálkur síðustu fjárlaga viðreisnarinnar var í raun falsaður um 1000 millj. kr. Togurum Íslendinga hafði fækkað stórkostlega, frá því þeir voru flestir, enda var skilningur á togaraútgerð svo takmarkaður á viðreisnartímabilinu, að sjútvrh. stakk einu sinni upp á því á LÍÚ-fundi að fá léðan hjá pólskum gamlan skuttogara til prufu! Og fiskiðnaðurinn var vanræktur í ofurtrausti á erlenda stóriðju.

Þessi dæmi tala sínu máli um eftirlátnar reytur viðreisnar og mörg fleiri mætti nefna af þessum toga. En gott árferði getur aldrei reiknast með erfðagóssi, né hagstætt verðlag á heimsmarkaðinum. Og þá að sjálfsögðu ekki heldur þau herlegheit, sem þessu fylgja í þjóðarbúskap Íslendinga. Því minni ég á þessi atriði, að arfurinn frá síðustu ríkisstj. er óhjákvæmilegur bakgrunnur í sannri mynd af starfi nýrrar.

Fyrsta verk ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var að rétta nokkuð hlut launþega og sjómanna og hækka lífeyrisgreiðslur til öryrkja og aldraðra. Stjórnarandstæðingar kenndu þetta til óhófs og veizluhalda, sem frægt varð — og voru enn við sama heygarðshornið í umr. á föstudagskvöldið var. Þessum fyrstu aðgerðum í kjaramálum var síðan fylgt eftir með lögum um 40 stunda vinnuviku og víðtækum aðgerðum í orlofsmálum verkamanna, húsmæðra og bænda og með því að koma á lágmarkstekjutryggingu, 18 þús. kr. á mánuði fyrir hjón í stað 8 þús. kr. lífeyris hjá viðreisn.

Bætt kjör byggjast á eflingu framleiðslu og aukningu þjóðartekna. Aðrir hafa drepið á iðju og útgerð. Ég vík að landbúnaðarmálunum örfáum orðum.

Við verðlagningu landbúnaðarvara 1. des. var launaliður verðlagsgrundvallar leiðréttur um 21% í samræmi við kauphækkanir þær, sem orðið höfðu þá og áður. Söluskattur hefur verið felldur niður af mjólkurvörum og fleiri söluvörum bænda.

Unnið er að víðtækum breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni. Ný jarðræktarlög verða afgreidd á Alþ. fyrir þingslit og lög um innflutning á sæði holdanauta voru afgreidd áður. Rýmkaður hefur verið réttur bænda til ellilífeyris, og lífeyrissjóðslögin í heild verða nú tekin til endurskoðunar. Undirbúin er löggjöf um orlof sveitafólks. Öll lög um kauprétt og um ábúð jarða eru í skoðun. Frv. til nýrra laga um framleiðsluráð, verðlagningu o. fl. er til meðferðar á Alþ., og unnið er að heildaráætlun um landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða.

Fleira er í skoðun, og er ekki tóm til að rekja hér einstaka þætti, en að þessum málum öllum er unnið í

nánu samráði við fag- og stéttarsamtök bændanna sjálfra.

Varðandi lánamál landbúnaðarins minni ég á, að afurðalánin hafa verið leiðrétt, sjóðum Búnaðarbankans aflað fjár, íbúðalán í sveitum hækkuð um þriðjung til samræmis við önnur íbúðalán og veðdeildarlán til jarðakaupa meira en tvöfölduð. Fjárframlög til Landnámsins eru nú 53 millj. í stað 30 í fyrra og til Framleiðnisjóðs 22 millj. á móti engu 1971. En báða þessa þýðingarmiklu pósta hafði viðreisnin beitt niðurskurði áður. Fjárveiting til Bændaskólans á Hvanneyri var þrefölduð, og nú er í fyrsta sinni veitt fé til undirbúnings bændaskóla á Suðurlandi.

Ákveðið hefur verið að ljúka rafvæðingu Íslands á þremur árum.

Um raforkumálin er það annars að segja í sem allra fæstum orðum, að ríkisstj. hefur kynnt þá stefnu sína, að stórvirkjanir skuli ekki fyrir fram bundnar hagsmunum erlendra, að tengja skuli orkuveitur og orkumálastjórnina í sterka landsheild með þátttöku byggðarlaga og að stefnt skuli að sem jöfnustum kjörum allra orkunotenda í landinu.

Vert er og að víkja að samgöngumálunum. Viðreisnin svelti flugvellina að því marki, að óhjákvæmilegt þótti að tvöfalda framlög til flugmála og vel það. Ný fjögurra ára vegáætlun er í smíðum þessa dagana. Sýnt er, að viðhaldsfé vex nú verulega umfram verðhækkanirnar. Hraðbrautarframkvæmdir eru í fullum gangi næstu fjögur árin. Borgarfjörður mun verða brúaður hjá Borgarnesi og lokið tengingu Djúpvegar. Unnið verður eftir sérstökum lánsfjáráætlunum norðanlands og austan. Torfærurnar á Skeiðarársandi munu verða sigraðar á þremur árum.

„Ég kem aftur að sjá hið nýja Ísland, sem verður að því verki loknu," sagði merkur útlendingur hér á dögunum.

Svo er að sjá sem stjórnarandstæðingum hafi orðið meira en lítið bumbult af athafnasemi ríkisstj., ef marka má flaumósa málflutning þeirra við ýmis tækifæri. Í vetur gerðu þeir t. d. mikinn glumrugang út af breytingum á skattalögunum. Enginn bar sér þó í munn þá, að breytingarnar væru óþarfar, enda sagði fjmrh. viðreisnar í þingræðu nokkru áður en sú stjórn afgekk, að kerfið væri flókið, gjöldin of mörg, allt of þungir skattar á unglingum og framkvæmdin sjálf allt of dýr.

Nú er svo óskapast yfir tekjustofnum sveitarfélaga og hrópað um árás á Reykjavík, sem auðvitað býr þó við sömu tekjustofna og önnur sveitarfélög í landinu. En hins er að engu getið, að á síðasta ári viðreisnarinnar voru 18 sveitarfélög komin í þrot og þurftu sérstaka aðstoð úr Jöfnunarsjóði – og sum þeirra fjölmenn – og hefði vafalítið stórlega fjölgað að óbreyttum lögum.

Upphlaupið út af stuðningi Íslands við aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum er dæmigert fyrir írafárið, sem greip um sig fyrst eftir umskiptin, á heimili Sjálfstfl. En einna broslegast verður þó fólkið á bænum þeim, þegar það upptendrast af áhuga fyrir þeim málum, sem stjórn þess sat á, á meðan hún gat. Svo var t. d. um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri elliheimila, sem aldrei þýddi að orða, en nú verður tekin upp, sbr. stjfrv., sem lagt var fyrir Alþ. í dag og á að taka gildi 1. jan. 1973. Hvergi hefur þetta þó komið neyðarlegar fram en að því er varðar jöfnun námskostnaðar strjálbýlisfólks. Það tók nefnilega þrjú ár að þvinga viðreisnina til að skoða málið og síðan önnur þrjú að þoka framlögum upp í 15 millj. kr. Nú hafa verið sett lög, sem þýtt geta, ekki 15 millj. kr. framlag heldur 115 millj., og mun ekki af veita, en nú flytja sjálfstæðismenn frv. um málið á Alþ. og frægja í ræðum forustu fyrrv. ríkisstj. í þessu máli!

Svona málflutning kalla ég nú hreint bríarí og varla forsvaranlegt fyrir fullorðið fólk, enda er hann satt bezt að segja í engu samræmi við störf velflestra þessara hv. þm. í þingnefndum og á Alþ. yfir höfuð. Þar er unnið sameiginlega að fjölmörgum málum, m. a. að undirbúningi og gerð fjárlaga og vegáætlunar, þótt stjórnarliðið hljóti að sjálfsögðu að ráða rammanum. Samstarfið á Alþ. hefur að mínum dómi sjaldan verið betra en í vetur, og því ber að fagna. Fyrri varaforsetar eru nú stjórnarandstæðingar. Vinnubrögð í Sþ. eru gjörbreytt, og þingsköp hafa verið endurskoðuð.

Sá merki atburður gerðist á Alþ. 15. febr. s. l., að hver einasti alþm. galt jáyrði till. um útfærslu fiskveiðilögsögu Íslendinga í 50 mílur 1. sept. n. k. Þeirrar stundar verður áreiðanlega minnzt, þegar margt er gleymt af því, sem við þráttum um í dag. Og ég trúi því, að það, sem þá gerðist, geti síðar orðið til eftirbreytni, þegar vanda ber að höndum, því að þann dag hlaut þjóðin öll ávinning og enginn beið hnekki.

1. maí setti svo verkalýðshreyfingin sinn stimpil undir samþykkt Alþingis með eftirminnilegum hætti.

Fráfarandi ríkisstj. játaði ófeimin trú sína á ál og gúr. Að hennar dómi hlaut vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu að verða í stóriðju í tengslum við erlenda.

Hvergi eru skilin gleggri en einmitt hér. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar styður af alefli endurnýjun togaraflotans. Fullir þrír tugir togskipa, stærri og minni, verða keyptir eða smíðaðir fyrir íslenzka útvegsmenn og dreifast á 20 útgerðarstaði um allt land. Frystiiðnaðurinn verður byggður upp og öflugur stuðningur veittur fullvinnsluiðnaði á sjávarafla.

Þessu verða svo að fylgja viðeigandi félagslegar aðgerðir, ekki sízt í húsnæðismálum, en skortur á leiguhúsnæði hindrar nú bókstaflega vöxt fjölmargra þéttbýlisstaða um land allt.

Þannig er hin nýja atvinnu- og byggðastefna ríkisstj. Vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu skal verða í íslenzkum atvinnurekstri og ekki sízt í sjálfum matvælaiðnaðinum, sem er í raun stóriðja okkar Íslendinga. En möguleikarnir á að framfylgja þessari stefnu byggjast á því öllu öðru fremur, að giftusamlega takist til með útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Góðir hlustendur. Það kemur ríkisstj. vel, að þið fylgist sem gerst með framvindu í þjóðmálum, og það er auðvitað öllum fyrir beztu, alltaf. Í kvöld bið ég ykkur þó aðeins um eitt: Eflið órofa samstöðu íslenzku þjóðarinnar í landhelgismálinu. — Góðar stundir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þetta eru fyrstu útvarpsumr., sem fram fara eftir seinustu alþingiskosningar. Mér þykir því hlýða að þakka kjósendum um land allt hið mikla traust, sem SF var sýnt í kosningunum. Það reyndist rétt, sem við sögðum í kosningabardaganum, að stjórnarfarið í landinu yrði undir því komið, hver verða mundi hlutur SF á kjördegi. Við sigur SF þann dag féll stjórn Sjálfstfl. og Alþfl. og ný stjórn var mynduð. Hún

hefur nú starfað í 10 mánuði, og er a. m. k. ekki á hana deilt fyrir aðgerðaleysi. Munu flestir viðurkenna, að kosningaúrslitin ollu þáttaskiptum, jafnvel tímamótum í íslenzkum stjórnmálum.

Það gladdi mig stórlega að heyra fulltrúa Alþfl., Pétur Pétursson, lýsa yfir því í umr. á föstudaginn, að jafnaðarstefnan hefði unnið mikinn sigur í seinustu kosningum. SF þakka þá viðurkenningu, því að óhugsandi er, að ræðumaður hafi átt við Alþfl. með þeim orðum sínum, en við skulum samt ekki metast á um það.

Hjartanlega var ég líka sammála honum, er hann sagði það öldungis fráleitt, að hér væru tveir jafnaðarmannaflokkar. Þeir ættu og yrðu að sameinast á næstu vikum eða mánuðum. Mæl þú manna heilastur, segi ég, en þá skulum við heldur ekki láta sitja við orðin tóm. Alþfl. bíður, sagði hann, og þar með gaf hann víst í skyn, að það kynni að standa á SF. En ég fullvissa þennan hv. Alþfl.-mann um, að eftir okkur þarf ekki að bíða. Við erum reiðubúin þegar í stað. SF voru til þess stofnuð að rjúfa staðnað flokkakerfi og sameina alla jafnaðarmenn og samvinnumenn í einum flokki. Sameiningarmálið var okkar stærsta mál í kosningunum að landhelgismálinu einu undanskildu. Það var ekki sízt sameiningarvilji fólksins, sem færði okkur hinn glæsilega sigur heim. Könnum því sem fyrst meðal flokksfólksins og í forustuliði flokkanna, hvort sjónarmið eru ekki samrýmanleg í meginþáttum innanlandsmála og í utanríkismálum, og reynist það svo, sem ég er innilega sannfærður um, þá er ekki eftir neinu að bíða, heldur ganga í það að gera orð og áform að veruleika.

Það var mikil þjóðarauðna, að allsherjarsamstaða skyldi nást í landhelgismálinu. Voldugum og harðsnúnum andstæðingum okkar er orðið það vel ljóst, að í því máli er einhuga þjóð að mæta. Héðan í frá skiptir öllu máli, að mér finnst, að eining flokkanna um málið geti haldizt. Því aðeins varðveitist þjóðareining um málið. Þjóðinni hefur tæpast verið gert það nægilega ljóst, að það er miklu meira en að segja það að leiða landhelgisdeiluna um 50 mílur fram til sigurs. Það er miklu meira en að segja það. Það er við stórveldi heims og allar þjóðir V.-Evrópu að kljást. Við höfum því óneitanlega færzt mikið í fang. Um það er ekki deilt, svo að ég viti, að viturlegt sé að leita bráðabirgðaúrlausnar um takmarkaðan tíma við Breta og Þjóðverja, ef með því mætti takast að forða beinum árekstrum og harðvítugum einangrunaraðgerðum á viðskiptasviði. Þar má þó í engu lengra fara en að allir flokkar geti fallizt á það og engum samningsböndum bindast lengur en þar til alþjóðlegu hafréttarráðstefnunni um réttarreglur á hafinu er lokið, ella kynnum við að binda okkur kvöðum, sem aðrar þjóðir yrðu ekki bundnar síðar á ráðstefnunni. En takist slíkt bráðabirgðasamkomulag ekki og án afarkosta, er ég þess fullviss, að þjóðin lætur aldrei bugast og berst einhuga til fulls og endanlegs sigurs. Með lausn landhelgismálsins er Ísland orðið stærra land og betra land og þó að málið sé nú lífshagsmunamál fyrir Ísland, sem það óneitanlega er, þá er það jafnframt í eðli sínu í enn ríkari mæli stórmál fyrir sveltandi þjóðir heims og einnig þær ágætu viðskiptaþjóðir okkar, sem nú berjast gegn okkur af fullu skilningsleysi á eðli þess.

Stórfurðulegt finnst mér allt tal sjálfstæðismanna í þessum umr. um það, hversu grátt aldrað fólk og öryrkjar og láglaunafólk yfirleitt sé leikið af núv. ríkisstj. Var yfirleitt dekrað við þess konar fólk af fyrrv. ríkisstj.? Ég held ekki. Þótti ekki 4900 kr. ellilífeyrir og örorkubætur nóg til lífsframfæris þessu fólki í þann tíð, og greiddi það ekki í nefskatta tugi þús., án tillits til tekna? Í sinni snjöllu og rökföstu ræðu á föstudaginn vísaði Björn Jónsson öllum þessum árásum íhaldsins heim til föðurhúsanna, svo að ekki verður betur gert. Sannast að segja bjóst ég við, að þegar samansafnaðar verðhækkanir verðstöðvunartímabilsins ásamt verðhækkunum vegna mikilla kauphækkana s. l. haust kæmu í einu út í verðlagið, yrðu fyrstu áhrif þau, að lítil kaupmáttaraukning yrði eftir fyrst í stað. En hins vegar mundi kaupmátturinn vinna á á seinna ári samningstímabilsins. En nú er það þó staðreyndin, að þegar verðlagsbætur á kaupið koma inn í það frá 1. maí og hin umsamda hækkun grunnkaups 4% frá 1. júní, þá kemur í ljós, að kaupmátturinn hefur þegar hækkað nokkuð yfir 20%. Takmarkið, sem ríkisstjórnin setti sér í launamálunum, var það að lyfta kaupmætti launa um 20% á tveggja ára tímabili. Þar sem miklu meiri árangurs mátti vænta í þessu efni á seinna ári samningstímans, geri ég mér nú þegar beztu vonir um, að þetta fyrirheit stjórnarsáttmálans verði sér ekki til skammar, heldur standist með prýði.

Mikið hefur að vonum verið rætt um verðhækkanir seinustu vikna og mánaða, og enginn neitar því, að þær hafa verið miklar. En er það nú alveg eins með þær og sagt var einu sinni um kreppuna, að enginn vissi, hvaðan hún kæmi? Nei, menn vita vel, að stærsti þáttur hækkaðs verðlags á einmitt rót sína að rekja til verðstöðvunartímabilsins. Það er hrollvekjan sjálf. Atvinnurekendur telja fram réttilega aukinn rekstrarkostnað allt frá 1. nóv. 1970 og biðja um miklar hækkanir, og sjaldan fá þeir meira en helming þess, sem um er beðið, og oft miklu minna. Hækkunum er haldið í algeru lágmarki, það fullyrði ég, og þá oftast miðað við, að atvinnurekstur stöðvist ekki.

Nú vil ég spyrja í þessu sambandi: Finnst mönnum líklegt, að fyrrv. ríkisstj. hefði staðið fastar gegn hækkuðu verðlagi? Ekki finnst mér það nú líklegt. Með heróp Jóhanns Hafstein frá því á föstudaginn í huga: gróði og aftur gróði, tel ég ólíklegt, að stjórn undir forsæti hans gæti beinlínis verið traustur brimbrjótur gegn dýrtíðarflóði. En um það getur þó hver haft sína skoðun. Um hitt, hvort fyrrv. stjórn hefði staðið trúrri vörð um kaupmátt launa, vil ég líka efast fastlega, þar sem kaupinu hefði óefað verið haldið niðri, en verðlaginu verið gefinn miklu lausari taumur. Og læt ég svo útrætt um það.

Uppgjörið í launamálum verkalýðshreyfingarinnar í des. s. l. og tveggja ára samninga, sem þá voru gerðir, tel ég vera einn merkasta stjórnmálaatburð síðari ára. Mikil almenn kauphækkun í áföngum fékkst, sérstök hækkun til láglaunafólks, margvíslegar lagfæringar samninga, lengt orlof og stytting vinnuviku, svo að það helzta sé nefnt, og allt þetta fékkst án vinnustöðvana, án fórna. E. t. v. er það þó þýðingarmest fyrir atvinnulífið í landinu og fyrir þjóðarbúið í heild, að samningarnir tryggja vinnufrið um tveggja ára skeið. En það hygg ég, að fólkið í verkalýðshreyfingunni muni skilja, að hér studdi að vinveitt ríkisvald, sem átti góðan hlut

að því, að slíkur árangur náðist. Ég tel það mjög mikilsvert, að slíkt samstarf skyldi hafa komizt á milli verkalýðssamtaka og ríkisvalds. Slíkt samstarf er góður bakhjarl stjórnarstefnu, sem stefnir að jafnari aðstöðu þjóðfélagsþegnanna og stefnir að meira réttlæti.

Góðir hlustendur. Fleiri efnisatriðum kem ég ekki að í bili. Tími minn er búinn. — Góðar stundir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Eitt af aðalárásarefnum stjórnarandstöðunnar á núv. ríkisstj. er, að stjórnarflokkarnir hafi svikið verkalýðshreyfinguna. Viðreisnarherrarnir tala um vísitölufölsun hjá núv. ríkisstj. og annað eftir því. Það er engu líkara en stjórnarandstæðingar telji víst, að þið, góðir tilheyrendur, verkafólk, sjómenn, bændur og annað launafólk, séuð búnir að gleyma þeim árum, sem viðreisnarstjórnin var við völd í landinu. Allur þeirra málflutningur hér á Alþ., svo og í málgögnum þeirra, ber þess glögg merki, að von þeirra er sú, að allt sé nú gleymt og grafið, allt það marga, sem viðreisnarstjórnin vann sér til óhelgi í samskiptum sínum við verkalýðshreyfinguna. En illa þekkja þessir hv. þm. íslenzka alþýðu, reikni þeir með slíku. Það kemur vissulega sem grjótkast úr glerhúsi, þegar foringjar viðreisnarinnar, þeir hv. þm. Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason og þeirra fylgismenn, gera hvað harðasta árás á ríkisstj. og brigzla henni um svik við verkalýðshreyfinguna og launafólk í landinu.

Hv. 2. landsk. þm., Pétur Pétursson, sagði hér í umr. s. l. föstudag, að svikin við launafólk væru verst allra svika núv. ríkisstj., og málgagn þessa hv. þm., Alþýðublaðið, sagði 18. apríl s. l., að ríkisstj. hefði bókstaflega ekkert gert annað s. l. fjóra mánuði en að veitast að launastéttunum í landinu. Og hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, talaði hér um vísitölufölsun. Ég hygg, að launafólki finnist þessir hv. þm., svo og aðrir stuðningsmenn viðreisnarinnar, tala hér digurbarkalega frammi fyrir alþjóð. Eða hvað um fortíð stjórnarandstæðinga í þessum efnum? Skyldu þeir vera hinir hvítþvegnu englar, þegar talað er um vísitölubætur á laun? Við skulum aðeins kíkja í syndaregistur viðreisnarinnar.

Á árunum 1960—1964 bannaði viðreisnarstjórnin með lögum greiðslu verðlagsbóta á laun og hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþfl., rökstuddi þessa aðgerð í ræðu hér á Alþ. með því, að vísitölukerfið færði launþegum engar varanlegar kjarabætur. Á þessu tímabili jókst dýrtíð um nærri 90%, án þess að launafólk fengi neinar bætur. En á sama tíma var verkalýðshreyfingin að heyja hvert stórverkfallið á fætur öðru til að knýja fram grunnkaupshækkanir. Haustið 1964 var svo viðreisnarstjórnin knúin til að taka upp aftur greiðslu verðlagsbóta á laun. En Adam var ekki lengi í Paradís. Eftir kosningarnar 1967 var það fyrsta verk viðreisnarstjórnarinnar á Alþ. að rjúfa júní-samkomulagið svonefnda og afnema þar með greiðslu verðlagsuppbóta. Í kjölfarið fylgdu tvær gengisfellingar, sem höfðu í för með sér stórfellda kjararýrnun fyrir launafólk. Það varð svo fyrst á árinu 1970, að aftur tókst að fá vísitölubætur á laun með samningum við atvinnurekendur. En viðreisnarherrarnir voru nú ekki á þeim buxunum að virða gerða samninga frekar en fyrri daginn. Þeir beittu sér fyrir því haustið 1970 að setja hin svokölluðu verðstöðvunarlög, og eitt aðalefni þeirra laga var að fresta greiðslu tveggja vísitölustiga og breyta vísitölugrundvellinum þannig, að vísitalan lækkaði um tvö stig. M. ö. o.: lögin fólu það í sér, að höfð voru fjögur vísitölustig af launþegum. Þetta var í stórum dráttum vinskapur sá, sem þeir viðreisnarherrarnir Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason og fylgismenn sýndu verkalýðshreyfingunni. Það er engin furða, þó að þessir hv. þm. taki nú stórt upp í sig og tali um árás á launþega. Nei, það er víst. Öðrum ferst, en þeim ekki.

En hver er þá sannleikurinn varðandi þær ásakanir, sem stjórnarandstæðingar bera núv. stjórnarflokkum á brýn, að búið sé að ræna öllum þeim kjarabótum, sem um var samið í des. s. l., og meira en það. Þessar fullyrðingar fá engan veginn staðizt. Lög og samningar ákveða, að verðlagsbætur á laun skuli reiknast á þriggja mánaða fresti. Getur því, þegar um snöggar verðbreytingar er að ræða og miklar, mjög hallazt á launafólk í lok kaupgreiðslutímabils. Á hitt er þá líka að líta, að 1. júní n. k. koma fullar umsamdar og lögfestar verðlagsbætur á laun miðað við verðlag í byrjun maímánaðar, og réttist þá aftur hlutur launafólks. Enn er þess að geta, að 1. júní n. k. kemur einnig til framkvæmda annar áfangi umsaminnar grunnkaupshækkunar, 4%, þannig að allt kaupgjald hækkar að samanlagðri kaupgreiðsluvísitölu og grunnkaupi um a. m. k. 9—10%, og er þá fullvíst, að kaupmáttur tímakaups verður stórfellt hærri en hann var, þegar upp var staðið frá samningunum í des. s. l., varla minna en sem nemur nærri 20% hærri en fyrir þá samninga. En það er hin mesta kaupmáttaraukning miðað við tímakaup, ef ekki mesta, sem orðið hefur á jafnskömmum tíma.

Til viðbótar þessu bendi ég á, að á öðrum ársfjórðungi 1971, við lok viðreisnartímabilsins, var kaupmáttur í almennri vinnu miðað við framfærsluvísitölu 111.9 stig. En á öðrum ársfjórðungi þessa árs er kaupmáttur tímakaupsins áætlaður 139.5 stig eða 27 stigum hærri, sem þýðir 23% meiri kaupmáttur en á síðasta valdamissiri viðreisnarstjórnarinnar. Þetta kallar málgagn Gylfa Þ. Gíslasonar svívirðu í leiðara 3. maí s. l., og á sama hátt kallar málgagn Jóhanns Hafstein þetta árás á launafólk.

Ég hef nú í stórum dráttum rifjað upp, hvernig viðreisnarstjórnin stjórnaði í algerri andstöðu við launafólk í landinu. Við þetta má svo bæta þeim gerðardómum, sem sjómannastéttin varð að þola af hálfu þeirrar stjórnar. Einnig hef ég bent á, hver umskipti urðu við valdatöku núv. ríkisstj., sem tekið hefur fullt tillit til hinna vinnandi stétta. Á þessu tvennu er reginmunur. Öllum má því ljóst vera, að allt tal stjórnarandstæðinga um árásir ríkisstj. á launafólk eru staðlausir stafir. Hitt vil ég minna á, að það er vissulega áhyggjuefni allra hugsandi manna, á hvern hátt komizt verði til fulls frá þeirri hrollvekju, sem viðreisnarstjórnin var búin að kalla yfir þjóðarbúið. Við skulum vona, að núv. ríkisstj. takist að leysa farsællega úr þeim vandamálum, sem við er að glíma.

Að lokum þetta. Eitt er það mál, sem öllum málum rís ofar hjá okkur Íslendingum nú. En það er landhelgismálið. Hvað sem öðrum málum líður, standa Íslendingar einhuga í því máli. Öllum er ljóst, að þar er um að ræða algera lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar.

Farsæl lausn landhelgismálsins er framtíð Íslands. — Góða nótt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sú mikla mótsögn og alvarlega þverstæða hefur komið fram í störfum hæstv. ríkisstj., að hún hefur annars vegar dregið til sín meira vald og fjármagn frá staðarvöldum, sveitarstjórnum og einstaklingum en áður eru dæmi um, og hins vegar hefur innan ríkisstj., eins og raunar vita mátti, algerlega skort samkomulag og samkvæmni til að beita slíku valdi á rökvísan hátt. Hvort tveggja ber að gagnrýna, enda í andstöðu við stefnu Sjálfstfl. Sjálfstfl. leggur áherzlu á dreifingu valdsins. Einstaklingurinn sjálfur og fjölskyldan, sveitarfélagið, staðaryfirvöld eiga í sem víðtækustum skilningi að vera fjár síns ráðandi og stefnumótandi um eigin hag og framtíð, þar sem frelsi, framtak og framfarir fær þá fyrst þrifizt til hagsbóta fyrir heildina. Að svo miklu leyti sem ríkisvald þarf að halda taumunum í sinni hendi, ber því auðvitað með fyrir fram gerðri áætlun og samræmdum aðgerðum að skapa skilyrði fyrir frelsi einstaklinga og sjálfsákvörðunarrétti staðaryfirvalda. Núv. ríkisstj. hefur gagnstætt þessu með nýjum skattalögum og ákvæðum um tekjur sveitarfélaga séð í senn svo fyrir, að ríkið tekur til sín mun meira en áður af aflafé einstaklinga og skammtar sveitarfélögum úr hnefa. Auðvitað er takmörkun á sjálfsaflafé takmörkun á sjálfræði. Auðvitað er samdráttur fjármagnsins í höndum ríkisvalds í Reykjavík skerðing á sjálfstæði hinna dreifðu byggða. Dregið hefur verið í efa, að skattbyrðin í heild hafi aukizt, og er þar m. a. ekkert tillit tekið til stórhækkaðra fasteignaskatta, sem ríkisvaldið knýr sveitarfélögin til að nýta til fullnustu, þar sem aðrir tekjustofnar eru frá þeim teknir og þau eiga ekki annarra kosta völ. Skattbyrði einstaklinga eykst. Hæstv. félmrh. ætti að vita, að samkv. nýju skattalögunum getur skattbyrði aldraðs fólks vaxið um 100 til 300% vegna afnáms sérstaks skattfrádráttar þeim til handa í fyrri lögum. Til marks um hitt, að sveitarfélögin eru skilin eftir á flæðiskeri, má nefna, að það er ekki eingöngu Reykjavík, sem nýtir allar álagsheimildir vegna þess, eins og sagt er, að borgarstjórnin þar sé í hefndarhug gagnvart ríkisstj., heldur er sömu sögu að segja í öllum stærstu kaupstöðum landsins, — ekki heldur væntanlega hv. þm. Steingrímur Hermannsson, að ríkisstjórnarsinnar í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum og Akureyri séu að hefna sín á ríkisstj., þ. á m. flokksbræður hans framsóknarmenn? Í þessum kaupstöðum hafa fylgismenn allra ríkisstjórnarflokkanna séð sig til knúna að nýta álagsheimildir á fasteignagjöld og leita heimildar til að hækka útsvör úr 10 í 11%. Ef minni sveitarfélög og kaupstaðir sjá sig til þessa knúin, má geta nærri um þörf hinna stærri, en það er staðreynd, að því stærri sem sveitarfélögin eru, því meiri sameiginlegrar þjónustu er krafizt íbúunum til handa. Að þessu leyti er ekki sízt dregið af Reykjavík með nýjum tekjustofnalögum sveitarfélaga. Hér er og aukið miðstjórnarvald á ferðinni. Þáltill. hæstv. iðnrh. í orkumálum er af sama toga spunnin.

Framkvæmdastofnunin er þó e. t. v. gleggsta dæmi þessarar óheillavænlegu samþjöppunar valdsins, sem er í andstöðu við þróun tímans og vilja fólksins. Þeirri stofnun er fengið fjármagn og vald, sem getur borið ægishjálm yfir alla á landi hér. Er nú komið á daginn, sem raunar var spáð, að jafnvel ráðherrum þykir nóg um ráðríki stofnunarinnar, hvað þá heldur öðrum, sem minna eiga undir sér. Það er að vísu ákaflega ánægjulegt að heyra, að ábyrgðartilfinning ráðherranna hefur vaxið frá því þeir voru í stjórnarandstöðu. Þá heyrðist ekki formaður Framsfl. segja, að ekki væri allt hægt að gera í einu, þá lagði ritstjóri Þjóðviljans ekki áherzlu á að meta yrði getu þjóðfélagsins í heild, miðað við óskir einstaklinga og stétta, en þetta hefur nú heyrzt frá þessum mönnum í umr. Um það má segja: Allir dást að andaktinni, en alvaran er kannske minni. Fjárlög eru hækkuð um 50% og tekjuáætlun þeirra byggist á því, að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 4 þús. millj. kr. Framkvæmdir samkv. framlagðri áætlun eru fjármagnaðar með því að tífalda útgáfu ríkisskuldabréfa innanlands og tífalda sömuleiðis erlenda lánsfjáröflun samkv. áætluninni, frá því sem síðasta áætlun viðreisnarstjórnarinnar gerði ráð fyrir. Hér hefur ríkisstj., Framkvæmdastofnun og þinglið stjórnarinnar bersýnilega gefizt upp við að raða framkvæmdum eftir mikilvægi þeirra, eins og hefur gjarnan verið uppáhaldsorðtak þeirra. Áætlunarbúskapurinn byggist vitandi vits á því að lifa um efni fram, brúa bilið með erlendum lántökum og þynna íslenzku krónuna út. Nýrri verðbólguskriðu er hleypt af stokkunum, og þá á ég ekki við þær verðhækkanir, sem orðið hafa að undanförnu, heldur þær, sem eftir eiga að koma. Sjálfsagt er það rétt að nokkru leyti, að þær verðhækkanir, sem orðið hafa eftir lok verðstöðvunar, eiga að einhverju leyti rót sína að rekja til tímabils fyrrv. stjórnar, en meginvandinn stafar af loforðalista og aðgerðum núv. stjórnar.

Vitnað hefur verið í hækkunarbeiðnir Reykjavíkurborgar. Ráðherrar hafa hrósað sér af að hafa skorið þær niður, — en með hvaða rökum? Ekki með þeim rökum, að fjármagnsþörf fyrirtækjanna væri ekki fyrir hendi. Sú þörf var viðurkennd að fullu, en annars vegar bent á að taka peninga með sköttum, því að þeir væru ekki í vísitölunni, eins og fargjöld strætisvagna, eða veitt var hins vegar leyfi til erlendrar lántöku sem fjármagnsþörfinni nam, og þar með enn aukið á spennuna innanlands. Með aðgerðum ríkisstj. er hækkuninni aðeins slegið á frest og verður að vera meiri, þegar að skuldadögunum kemur, en hún hefði orðið nú. Svo slær hæstv. iðnrh. sér á brjóst, segir erlendar lántökur rangar og hættulegar, en margfaldar þær á vegum eigin ríkisstj. og vísar auk þess öðrum á að taka fremur erlend lán en að standa á eigin fótum.

Hæstv. forsrh. taldi okkur í stjórnarandstöðu vera svartsýnismenn, mikla fyrir okkur erfiðleikana. Samband frystihúsa samvinnufélaganna, sem forsrh. telur væntanlega ekki til stjórnarandstöðunnar, segir í frétt frá aðalfundi sínum, að frá og með þessu vori sé frystiiðnaðurinn kominn inn í nýtt hallarekstursstímabil, og tekur fram, að vinnuaflskostnaður muni hækka um 70% frá því í nóv. 1971 til ársloka 1973. Ef þessi frétt er skoðuð í ljósi þess, að frystihúsin búa nú við hæsta útflutningsverð, sem þekkzt hefur, og teikn eru jafnvel á lofti um lækkun þess, að vitað er að önnur innlend iðnaðarframleiðsla, sem unnið hefur markað erlendis vegna réttrar gengisskráningar viðreisnarstjórnarinnar, þolir ekki tilkostnaðarhækkanir, að framkvæmdaáætl-

un ríkisstj. gerir ráð fyrir a. m. k. 1000 manna viðbótarvinnuaflsþörf, þegar skortur er á vinnuafli, þá má sjá, að ríkisstj. hefur enga yfirsýn yfir vandann og er þegar af þeim sökum ófær að leysa hann. Það er ljóst, að í efnahagsmálum hefur ríkisstj. á 10 mánaða valdaferli látið hrekjast fyrir atburðarásinni í stað þess að stjórna henni, borizt með straumnum í stað þess að takast á við vandann. Ástæðan er auðvitað sú, að hinir þrír stjórnarflokkar hafa ekki náð samstöðu um sameiginleg úrræði.

Hins sama gætir í utanríkis- og varnarmálum landsins, eftir að almenningsálitið lét til sín taka og leiddi í ljós, að þingmeirihluti til að framkvæma stefnu stjórnarinnar var ekki fyrir hendi, hefur brottför varnarliðsins verið slegið á frest. Lýst hefur verið yfir, að viðræður við Bandaríkin um brottför varnarliðsins hefjist fyrst í lok þessa árs, einu og hálfu ári eftir að stjórnin settist að völdum. Áður hafði verið sagt, að þær hæfust í byrjun þessa árs. Hér skal þessi frestur ekki gagnrýndur út af fyrir sig, en hann stafar af því, að stjórnin er ófær um að ná samstöðu, eins og fram kom, þegar boð Bandaríkjanna um fjármögnun flugbrautarlengingar vegna varna landsins var samþ. með meiri hl. atkv. í ríkisstj. Þá lýstu Alþb.-ráðherrarnir yfir, að forsenda sjálfstæðrar íslenzkrar utanríkisstefnu væri brostin, en létu sig engu að síður hafa það að sitja áfram og bera ábyrgð á ósjálfstæðri utanríkisstefnu að eigin mati. Þótt betra sé að fresta framkvæmd stjórnarstefnunnar í varnarmálum en að skilja landið eftir varnarlaust, þá er full ástæða til, að Íslendingar geri hreint fyrir sínum dyrum í öryggis- og varnarmálum, bæði vegna sjálfra sín og vina- og nágrannaþjóða. Það eitt er í samræmi við sanna þjóðhollustu og þjóðarmetnað. Ef við viljum vera sjálfstæð, verðum við að taka á okkur þá ábyrgð, sem því er samfara, og taka að okkar leyti þátt í því að vernda friðinn í þeim heimshluta, sem við byggjum. Annað er okkur ekki sæmandi.

Ánægjulegt er, að samstaða náðist í landhelgismálinu á þessu þingi. Á þá samstöðu skyggir, að stjórnarflokkarnir höfnuðu áður að fylgja till. fyrrv. stjórnarflokka frá því fyrir kosningar að miða útfærsluna við landgrunnið allt. Vegna þessarar synjunar nýtast Íslendingum ekki sem skyldi mikilvæg fiskimið og meðferð málsins verður síður en svo auðveldari á alþjóðavettvangi. Nú ber hins vegar að snúa bökum saman og leggja áherzlu á framkvæmd ályktunar Alþ. um útfærsluna 1. sept. n. k. og viðræður við Breta og Þjóðverja til að leysa vandamál, sem samfara eru útfærslunni. Ríkisstj. hefur boðað, að hún muni leggja fram ákveðnar till. til lausnar þeim vanda í landhelgisnefnd allra flokka, enda er ráðgerð för þeirra utanrrh. og sjútvrh. til London í næstu viku til viðræðna við brezka ráðamenn gagnslaus, ef ekki er samkomulag með stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu um slíkar till. af Íslendinga hálfu. Vonandi bera stjórnarflokkarnir gæfu til að koma sér saman í þessu mesta lífshagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar, þótt illa horfi um stefnumörkun í öðrum málum, og allir Íslendingar óska utanrrh. og sjútvrh. góðs gengis í för þeirra og viðræðum við Breta.

Hæstv. menntmrh. sagði frá því í eldhúsdagsumr., þar sem hann gætti þess að minnast ekki á menntamál, í samræmi við afrek sín á því sviði á Alþ. í vetur, að núv. samstarfsflokkar SF hefðu í síðustu kosningabaráttu gert allt til að koma nýgræðingi SF fyrir kattarnef. Sama andrúmsloft sýnist enn vera til staðar innan ríkisstj. og ber vitni þess að segja megi um hverja tvo stjórnarflokkanna sem er:

„Trúa þeir hvor öðrum illa,
enda trúðu fáir báðum.
Orðunum þeir ávallt stilla,
yfir köldum búa ráðum.
Tækifæris báðir bíða,
búnir ofan hinn að ríða."

Víst er, að fáir trúa lengur glamuryrðum stjórnarflokkanna, tortryggni þeirra á milli fer vaxandi og hver um sig býr sem bezt um sig í stjórnarsamstarfinu til að geta komið sem stærstu höggi á hina, þegar leiðir skilja. Meðan svo stefnir sem horfir, er þjóðarhagur í voða. Því er það þjóðarnauðsyn, að þessi ríkisstj. fari frá sem fyrst.

Góðir hlustendur. Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þessum eldhúsdegi Alþingis Íslendinga vil ég, eins og oft áður hér á hv. Alþ., mæla varnaðarorð til þings og þjóðar um þá geigvænlegu hættu, sem felst í stefnu hæstv. ríkisstj. á sviði efnahags- og fjármála. Efnahagslegt jafnvægi og styrk fjármálastjórn eru hvorki meira né minna en forsenda félagslegrar sóknar, eins og einn hæstv. ráðh. komst að orði í fyrri hl. þessarar umr. Því skilur efnahagsstefna sérhverrar ríkisstj. milli feigs og ófeigs í alhliða framfarasókn þjóðarinnar. Verulegar verðhækkanir skella nú yfir daglega, sem allur almenningur finnur fyrir í vaxandi mæli. Þó eru þessar verðhækkanir einungis svipur hjá sjón að dómi sérfróðra manna, miðað við það, sem fram undan er. Frá því í des. s. l. og fram undir næsta vor eða einungis á 18 mánuðum er gert ráð fyrir, að launakostnaður atvinnuveganna og opinberra þjónustustofnana muni hækka hvorki meira né minna en um 40% að lágmarki. Menn geta gert sér í hugarlund, miðað við ríkjandi ástand, hvort ekki verði stórfelldar hækkanir á öllum nauðþurftum almennings og jafnframt, hvort sú spenna, sem einkennir efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj., muni ekki m. a. valda risahækkun á verði fasteigna í viðbót við það, sem orðið er. Af þessum sökum er talið af kunnáttumönnum, að nú muni dynja yfir þjóðina meiri óðaverðbólga en um getur í Íslandssögunni, ef frá er talið árið 1942, en þá geisaði heimsstyrjöld, eins og kunnugt er. Engum heilskyggnum manni getur dulizt, hver skaðvaldur sú óðaverðbólga er öllu þjóðlífinu. Hætt er við stöðvun útflutningsatvinnuveganna, ef verðlag á framleiðslu þeirra fer ekki stórhækkandi á erlendum mörkuðum, sem því miður eru litlar horfur á. Þetta merkir verðlækkun krónunnar gagnvart öðrum gjaldeyri í einhverju formi í metgóðæri og stórkostlega eyðslu gjaldeyrisins. Jafnvel efnahagssérfræðingar ríkisstj. spá því, að gjaldeyrissjóður þjóðarinnar muni minnka um helming á yfirstandandi ári. Því má segja í stuttu máli, að fyrirsjáanleg óðaverðbólga orsaki upplausn efnahagslífs þjóðarinnar. Kunnur hv. þm., sem styður núv. hæstv. ríkisstj., lýsti fyrir nokkrum dögum áhrifum verðbólgunnar með svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Verðbólgan étur fljótt upp allar kjarabætur launþega, elur á gróðabralli, ruglar öllum lífsverðmætum. Takist þessari ríkisstj. ekki að ganga í

skrokk á verðbólgunni og halda henni í skefjun, étur verðbólgan sjálfa ríkisstj.“ Þessum hv. þm. rataðist hér sannarlega satt á munn. Mikið virðist þó á skorta, að hann og stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. geri sér ljóst, að sú óðaverðbólga, sem nú er að dynja yfir, er afleiðing af stefnu ríkisstj. í efnahags- og fjármálum. Frá því að hún komst til valda hefur hún með ýmsum hætti magnað verðbólgudrauginn. Á sama tíma sem metgóðæri ríkti, full atvinna og veruleg hætta var á víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, hefur hún æ ofan í æ gert ráðstafanir, sem jafngilda því í raun og veru að prenta sem allra mest af seðlum og dreifa út í hagkerfið. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvers konar stjórnvizka slíkt er við þær aðstæður, sem nú ríkja. Peningar eru auðvitað ekkert annað en ávísanir á raunveruleg verðmæti. Séu gefnar út fleiri og hærri ávísanir, án þess að framleidd raunveruleg verðmæti aukist að sama skapi, orsakar slíkt einungis verðhrun gjaldmiðilsins og óðaverðbólgu, enda er það þekkt aðferð í styrjöldum að koma efnahagslífi óvinaríkis í upplausn með því að falsa peningaseðla þess og koma í umferð. Hæstv. ríkisstj. hóf feril sinn með því að greiða úr opinberum sjóðum um 1000 millj. kr., án þess að afla tekna í staðinn. Hún hækkaði fjárl. um 50% á einu ári, stórhækkaði lántökur m. a. erlendar til innlendra framkvæmda og þrýsti bankakerfinu til verulega aukinna útlána. Hún stofnaði til mestu yfirdráttarskulda ríkissjóðs við Seðlabankann, sem verið hafa á góðæristímum. Allar þessar aðgerðir hafa hver á sinn hátt meiri eða minni hliðstæð áhrif við núverandi aðstæður og ef prentað væri og dreift fölsuðum peningaseðlum. Þetta er afsakað með því, að sumt af þessu fjármagni hafi verið notað til hinna þörfustu hluta, sem er rétt. Á það er þó að líta, að slík verkefni hefur aldrei skort á Íslandi. Vandinn hefur verið sá að velja og hafna í ráðstöfun á takmörkuðu opinberu fé, sem fengið er á eðlilegan hátt, svo af hljótist ekki þau ósköp, sem óðaverðbólga hefur í för með sér. Hæstv. ráðh., flokksblöð þeirra og stuðningslið hér á hv. Alþ. hafa ekki komizt hjá því að viðurkenna, að verulegar verðhækkanir hafi orðið undanfarið og nokkur hætta á verðbólgu. Um leið er þó rækilega undirstrikað, að þetta sé allt fyrrv. ríkisstj. að kenna. Engu er líkara en það yfirklór eigi að vera til eilíflegrar afsökunar fyrir stefnuleysi þeirra í efnahags- og fjármálum. Svo rammt kvað að þessu í umr. á föstudagskvöld, að hæstv. ráðh. Magnús Torfi áttaði sig ekki á nýrri tilveru sinni sem æðsti maður menntamála á Íslandi. Hann minntist ekki á menntamál en því meir var ræða hans fólgin í að afsaka hæstv. ríkisstj. fyrir úrræðaleysi í verðlags- og efnahagsmálum. Hér á hv. Alþ. innti ég hæstv. forsrh. eftir því síðastliðið haust, hvort hæstv. ríkisstj. hefði kynnt sér gaumgæfilega efnahagslega stöðu þjóðarbúsins og atvinnuveganna áður en hún setti saman í málefnasamningi sínum stefnuna í efnahags- og kjaramálum. Hæstv. forsrh. svaraði mér því til efnislega, að svo hefði verið. Stefnan hefði verið mótuð eftir grandskoðun slíkra gagna og að vel yfirlögðu ráði. Það var því sannarlega ekki mat hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, að þá hefði verið við að glíma innibyggðan efnahagsvanda, sem hefði óðaverðbólgu í för með sér. Ef svo hefði verið, má benda á, að við slíkar aðstæður hefði stefnuyfirlýsing málefnasamningsins í efnahagsmálum verið hreint gerræði við íslenzkt þjóðlíf. Það er því söguleg og óhrekjanleg staðreynd, að sú óðaverðbólga, sem nú er að skella yfir, er fyrst og fremst sjálfskaparvíti núv. hæstv. ríkisstj. Efnahagsvandi okkar nú er heimatilbúinn gagnstætt því, sem gerðist í kjölfar áfallanna, sem dundu yfir eftir 1967. Þá brást síldveiði algjörlega, jafnframt því sem stórkostlegt verðhrun varð á sjávarafurðum okkar á erlendum mörkuðum. Þessi áföll, sem enginn mannlegur máttur gat fengið við ráðið, höfðu hvorki meira né minna en þriðjungs tekjuskerðingu þjóðarbúsins í för með sér á örskömmum tíma. Ég verð því að segja, að það var beinlínis ömurlegt að heyra einn hæstv. ráðh. halda því fram hér í umr. á föstudagskvöld, að það atvinnuleysi og þrengingar, sem óumflýjanlega urðu um skeið afleiðing þessara efnahagsáfalla, hefði verið verk óþjóðhollra manna í fyrrv. ríkisstj. Hvað mætti þá segja um menn, sem með algjöru stjórn- og stefnuleysi leiða yfir þjóðina slíka heimatilbúna óðaverðbólgu í mesta góðæri, sem um getur í sögu þjóðarinnar, að Íslandsmet er að sögn kunnáttumanna. Sannleikurinn er sá, að það verður að teljast einstætt afrek, hvernig tókst í samvinnu launþega og fyrrv. ríkisstj. að reisa við allt efnahagslíf þjóðarinnar eftir hin geigvænlegu efnahagsáföll á árunum 1967 og 1968. Tekjur alls almennings í raunverulegum verðmætum hækkuðu á örskömmum tíma um meira en 20%. Stórátak var gert í eflingu fiskiðnaðar, stóriðja hóf göngu sína og þegar var ákveðið um kaup á fjölda togara, atvinnuleysi var víðast hvar útrýmt, gildir sjóðir mynduðust, þ. á m. gjaldeyrissjóður að upphæð rúml. 4 þús. millj. kr. Af þessari uppbyggingu njótum við ávaxta í dag, en þeir verða ekki lengi að hverfa sem dögg fyrir sólu, ef óðaverðbólga nær að éta þá upp, jafnvel þó hún éti þá ríkisstj. upp um leið, eins og sá hv. þm. sagði, sem ég vitnaði til hér að framan.

Herra forseti. Ræðutími minn styttist nú óðum, en ég vil að lokum segja þetta. Við sjálfstæðismenn gerum okkur ljóst, að félagslegar og menningarlegar framfarir eru því aðeins mögulegar, að vel sé haldið á fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Því viljum við gjörbreyta um stefnu þá, sem nú ríkir á því sviði. Við viljum hvetja einstaklinga og félagasamtök til athafna, m. a. með því að fella niður með öllu tekjuskatta af lágtekjum og miðlungstekjum, en skattleggja eyðsluna. Við viljum gæta aðhalds í opinberum rekstri og miða framkvæmdir við, að þær taki ekki um of vinnuafl frá framleiðsluatvinnuvegunum né auki á verðbólguhættu. Við viljum hvetja til þátttöku almennings í atvinnurekstri, auka sparnað og reyna nýjar leiðir í því að sætta vinnuveitendur og launþega. Við höfnum algjörlega þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að auka á kommissaravald embættismannakerfisins í Reykjavík. Það er stefna okkar að dreifa valdinu til fólksins, auka áhrif sveitar- og bæjarstjórna og samtaka þeirra í hinum ýmsu landshlutum. Við höfnum þeim áformum að refsa duglegustu bændum með skattlagningu, eins og stefnt er að með frv. ríkisstj. um framleiðsluráð landbúnaðarins. Við viljum byggja landið allt og bendum á, að undir forustu sjálfstæðismanna var hafin byggðaáætlunargerð á Íslandi. Stefna sjálfstæðismanna er því bæði ljós í stjórn og stjórnarandstöðu. Hún felst í því að virkja það frumafl, sem býr í hverjum þjóðfélagsþegni, og beina því með hvatningu, ekki boðum og bönnum

inn á þær brautir, sem þjóðfélagið þarfnast hverju sinni. Með því skapast grundvöllur að aukinni framleiðslu raunverulegra verðmæta, en hann verður að vera til staðar, þannig að unnt sé að gera áframhaldandi átök í félagsmálum, m. a. á sviði almannatrygginga, heilbrigðis- og menningarmála, eða í stuttu máli: svo að alhliða framfarir geti áfram orðið á Íslandi. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Frændur okkar Írar eru mjög pólitískir og harðir í horn að taka í þeim efnum eins og heyra má í daglegum fréttum. Til er gömul saga á þá lund, að írskur sjómaður var á skipi, sem fórst í hafi. Hann bjargaðist á ókunna strönd og komu menn þar að, sem drógu hann á land. Þegar Írinn rankaði við sér, leit hann á heimamenn og spurði:

Er ríkisstjórn í þessu landi?

Ó-já, svöruðu heimamenn.

Þá er ég á móti henni, sagði Írinn.

Enda þótt við Alþfl.-menn höfum miklar mætur á Írum, höfum við ekki tekið upp að öllu stefnu írska sjómannsins, eftir að okkur rak upp að strönd stjórnarandstöðunnar. Við höfum að vísu lýst yfir mótstöðu við núv. ríkisstj., en sú mótstaða er málefnaleg og við höfum ekki aðeins gagnrýnt það, sem miður fer, heldur einnig reynt að styðja þau mál, sem við teljum horfa til bóta.

Þegar fyrrv. ríkisstj. lét af völdum eftir 12 ára samstarf Alþfl. og Sjálfstfl., skildu leiðir þessara flokka og hvarf hvor um sig til síns uppruna, til sinnar ómenguðu stefnu. Þessir tveir flokkar höfðu hagað stjórnarsamstarfi sínu á þá lund, að deilur þeirra í milli fóru að mestu leyti fram að tjaldabaki, en mál voru ekki flutt á Alþ., fyrr en samkomulag hafði náðst um þau. Þetta var talið stuðla að sterkari ríkisstj., en ýmsum, sem utan við stóðu, sýndist flokkarnir renna miklu meira saman en þeir í raun og veru nokkru sinni gerðu.

Sjálfstfl. hefur nú snúið til hægri og tekið upp harða kapítalíska stefnu. Formaður flokksins vegsamar í eldhúsumr. gróða og gróðastefnu og telur til hinna beztu dyggða. Það hefði hann aldrei gert, meðan hann var forsrh. samsteypustjórnar. Sjálfstæðismenn leggja nú megináherzlu á baráttu gegn stórauknu miðstjórnarvaldi ríkisbáknsins, eins og þeir kalla það, en í samstarfinu við okkur komu þeir upp Seðlabanka Íslands, sem er mikið ríkisbákn og langmesta miðstjórnarvald, sem þekkzt hefur í íslenzku efnahagslífi. Þá voru þeir ekki eins áhyggjufullir yfir vægum lýðræðissósíalisma og þeir eru nú orðnir.

Við Alþýðuflokksmenn höfum á sama hátt snúið okkur til vinstri og dustað rykið af ýmsum baráttumálum jafnaðarmanna, sem við gátum ekki fengið framgengt í síðustu ríkisstj. Við höfum nú tekið afstöðu á móti ýmsu, sem við gengum inn á til samkomulags á þeim árum, en að sjálfsögðu er það grundvöllur samsteypustjórna, að flokkar, sem í henni eru, komi hver um sig einhverju fram, en láti undan og komi til móts við samstarfsflokka sína í öðrum málum.

Þm. Alþfl. hafa í vetur flutt fjölda frv. og till. um hagsmunamál launþega og neytenda, svo og um tryggingar og önnur mál, sem varða bættan hag og aukið öryggi alls almennings. Því miður hefur ríkisstj. lítið sinnt þessum till., t. d. um skattamál sjómanna, vinnutíma bátasjómanna, tryggingar fyrir tannlækningar, neytendalöggjöf, vernd gegn húsnæðisokri og ýmislegt fleira. Þm. Alþfl. hafa m. a. flutt till., sem stefnir að því, að þjóðin sem heild skuli eignast óbyggðir landsins til þess að varðveita og nota í sameiginlega þágu í framtíðinni. Þetta er í eðli sínu einhver mesta þjóðnýtingartillaga, sem fram hefur komið á Alþ. um árabil, en hún hefur fengið góðar undirtektir hjá fólki í öllum flokkum, sem skilur eðli þessa máls.

Örlög till. urðu athyglisverð. Í þingnefnd tóku Framsfl.-menn og sjálfstæðismenn saman höndum um að vísa till. frá, en Alþýðuflokksmenn, Alþýðubandalagsmenn og frjálslyndir studdu hana. Mál eins og þetta leiða í ljós betur en margt annað, hverjir raunverulega eru vinstri menn og hverjir hægri menn í íslenzkum stjórnmálum.

Sá þáttur í stefnu núv. ríkisstj., sem Alþfl. hefur hvað helzt veitt stuðning, eru yfirlýsingar stjórnarinnar um aukna áætlunargerð og skipulegri vinnubrögð við fjárfestingu og uppbyggingu landsins. Þessar hugmyndir eru nákvæmlega þær sömu og jafnaðarmenn um heim allan halda fram, og við höfum fagnað því, að nú skyldi stíga ný skref á þessari braut hér á Íslandi. Það var áður búið að taka upp áætlunargerð með góðum árangri á mörgum sviðum. Árleg framkvæmdaáætlun ríkisins er í eðli sínu skref í þessa átt, og það eru landshlutaáætlanir vissulega líka. Þá tíðkast áætlunargerð í vegamálum og raunar í margvíslegum öðrum framkvæmdum. Má því segja, að viðtækari áætlunargerð fyrir efnahagskerfi okkar allt og ýmsa hluta þess sé eðlilegt framhald af þeirri byrjun, sem þegar er fyrir hendi.

Yfirleitt þykir mega dæma eftir fyrstu mánuðum hverrar ríkisstj., hvernig hún muni í stórum dráttum verða, enda þótt ekki sé unnt að kveða upp lokadóma fyrr en síðar. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hefur nú setið í 10 mánuði, og enn sem komið er virðist hana annaðhvort skorta vald eða vilja til að framkvæma hin fögru fyrirheit um áætlunargerð og skipulega uppbyggingu. Þetta verkefni hefur verið falið Framkvæmdastofnun ríkisins, sem komið var á fót snemma á þessu ári. Sú stofnun er að vísu yngri en sjálf ríkisstj. og varla hægt að vænta mikils starfs af henni enn þá, en hún hefur óneitanlega farið hægt af stað.

Skuttogaramálið var tilvalið verkefni til áætlunargerðar. Það er viðurkennt af öllum landsmönnum, að þjóðin þurfi sífellt að endurnýja og auka fiskiskipaflota sinn. Hingað til hefur þetta oftast verið gert í miklum gusum. Fjöldi skipa hefur verið keyptur á skömmum tíma, en síðan fá eða jafnvel engin langar stundir á milli. Þessu er aðeins hægt að kippa í lag með skipulagðri áætlunargerð um reglulega öflun fiskiskipa, og þess má einnig minnast, að framtíð skipasmíðaiðnaðarins hér á landi byggist á því, að skipabyggingar verði samfelldar og öruggar á komandi árum.

Framkvæmdastofnunin lagði ekki til atlögu við þetta vandamál. Þetta er bylgja, sem verður yfir okkur að ganga, sögðu ýmsir og ypptu öxlum, eins og gert hefur verið um slík mál undanfarna áratugi. Það vottaði ekki fyrir því, að sjálf ríkisstj. hefði áhuga á að taka þetta mál föstum tökum eða kæmi auga á, að þarna var fyrsta stóra verkefnið fyrir hina nýju áætlunarstefnu. Það verður því að segjast eins og það er, að bæði stjórnin og

stofnunin misstu fyrsta augljósa tækifærið til að framkvæma hin fögru fyrirheit um áætlunargerð og skipulega uppbyggingu atvinnuveganna. Svipaða sögu mætti segja um ýmis smærri mál, og fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstj. ber þess vissulega ekki vott, að hún hafi verið skipulega unnin í samræmi við neina heildarstefnu í efnahagsmálum. Þessi áætlun er því miður verðbólguaukandi, hvernig sem á hana er litið, og hlýtur að magna það vandamál, sem er nú þegar erfiðast fyrir stjórnina, en mun verða henni þyngra í skauti, þegar fram líða stundir. Hæstv. ráðh. ættu að rifja upp feril gömlu vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum og sjá, hvort þeir gætu ekki eitthvað lært af þeirri reynslu. Verðbólgan varð því rn. að falli.

Landbúnaðarmál hefur lítið borið á góma á því þingi, sem innan skamms verður lokið. Breytingar á ræktunarlögum, sem auka aðstoð við bændur um rúmlega 17 millj. kr., verða vafalaust samþ. með atkv. flestra eða allra þm. Hins vegar virðist frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem felur í sér verulegar stefnubreytingar í landbúnaðarmálum, vera strandað í n., ekki vegna mótspyrnu stjórnarandstæðinga, sem að vísu er fyrir hendi, heldur vegna ágreinings innan stjórnarflokkanna. Ekki er sú byrjun góð.

Í sambandi við athugun þessa frv. veitti framleiðsluráðið þn. samkv. ósk athyglisverðar upplýsingar um bústærð á Íslandi, en í þeim upplýsingum er e. t. v. að finna eina skýringu á því, hvers vegna bændur hafa verið og eru launalægsta stétt þjóðarinnar. Þessi skýrsla var gerð í árslok 1969 og nær til 5100 bænda. Þá var meðalbúið, sem á að tryggja bændum sömu laun og viðmiðunarstéttunum, 401 ærgildi, en aðeins 1600 af 5100 bændum höfðu þessa bústærð eða meira. Það kom sem sagt í ljós, að aðeins 31.4% bænda í landinu hafði meðalbúið, sem afkoma þeirra á að miðast við. Tveir af hverjum þremur bændum landsins voru fyrir neðan þessa bústærð. Af þessum tölum verður ljóst, að vonlaust er fyrir ⅔ hluta bændastéttarinnar að hafa þær tekjur af bústofni — það kunna þó að koma aðrar tekjur til — að þeir haldi í við aðrar vinnandi stéttir, eins og til er ætlazt. En þriðjungur bændanna hafði því meiri tekjur og virðist hafa haft um það bil 55% af öllum tekjum stéttarinnar af búfé.

Því betur sem þessi skýrsla er lesin, því betur kemur í ljós stórkostlegur munur á fjölmennri stétt smábænda í landi okkar annars vegar og hins vegar fámennri stétt stórbænda, sem eiga bróðurpartinn af bústofni landsins, fá bróðurpartinn af aðstoð ríkisins og tekjum bændastéttarinnar.

Ef litið er á bændur, sem áttu samkv. þessari skýrslu 600 ærgildi eða meira, kemur í ljós, að þeir voru aðeins 10% stéttarinnar. En þessi 10% bændanna áttu 24% af öllum bústofni landsins.

Ef litið er á enn stærri bændur, þá sem áttu 800 ærgildi eða meira, tvöföld vísitölubú, kemur í ljós, að þeir voru aðeins 133 að tölu, en þessir fáu menn áttu yfir 8% af öllum bústofni landsins.

Það er líka fróðlegt að athuga aðra dálka í þessari skýrslu, þar sem smábændurnir eru taldir. Í flokknum 200 ærgildi, þ. e. hálft vísitölubú eða minna, voru samtals 29% allra bænda landsins, en þeir áttu ekki nema 10.5% af bústofninum.

Þessar upplýsingar sýna það, sem mörgum hefur verið ljóst, þótt allt of sjaldan sé á það minnzt, að eitt mesta vandamál íslenzks landbúnaðar er að draga úr hinum gífurlega mismun, sem er á milli smábænda og stórbænda og jafna bústærðina. Að vísu eru menn langt frá því að vera sammála um, hvaða bústærð sé hagkvæmust við íslenzkar aðstæður. En augljóst er, að allan þorra smæstu búanna verður annaðhvort að stækka, sameina þau öðrum búum eða leggja þau niður, svo að meðalstærðin aukist til muna og tekjur bænda verði jafnari og betri en nú er.

Ýmislegt hefur að vísu verið gert í þessum tilgangi. Einu sinni voru veittir sérstakir styrkir til að stækka tún, sem voru minni en fyrst 15 og síðan 25 hektarar. En eftir fá ár var markið afnumið og stórbændurnir fengu sama styrk og hinir smáu. Aðstoð hefur um árabil verið veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum. Í upphafi var hún takmörkuð við þá, sem höfðu viðmiðunarbú eða minna. Svo var takmarkið afnumið, og stórbændurnir fá nú sama styrk og hinir. Þannig hefur þróunin allt of oft verið hér á landi. Ýmiss konar aðstoð er fyrst veitt í nafni smábænda, en innan skamms eru hinir stærri búnir að krækja sér í sömu aðstoðina, og mismunur búanna heldur áfram að aukast. Það er því ástæða til að benda á þessa stéttaskiptingu bústærðarinnar, sem er ein höfuðmeinsemd íslenzks landbúnaðar í dag.

Við verðum að halda uppi traustum landbúnaði á Íslandi, bæði af efnahagslegum og félagslegum ástæðum. Við verðum að þétta byggðina og jafna bústærðina til muna, en til þess þarf annað og meira átak en gert hefur verið til þessa. Með fjölbreyttari búgreinum yrði rekstur búanna hagkvæmari, landbúnaðurinn þyrfti á minni aðstoð að halda, tekjur bænda yrðu jafnari og meiri, búvöruverð tiltölulega lægra og heildarafkoman öll á betri veg.

Fyrsta alvarlega frv. ríkisstj. um landbúnaðinn er siglt í strand vegna ósamkomulags í stjórnarliðinu. Það verður fróðlegt að sjá, hvort vinstri stjórnin tekur á þessu vandamáli, og þar á ég við innbyrðis misrétti og misjafna aðstöðu bændanna, eins og vinstri stjórn ætti að gera, eða hvort stjórnin heldur áfram að reka stórbændapólitík undanfarinna áratuga.

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á þessar fyrstu eldhúsumr. eftir stjórnarskiptin. Menn og flokkar hafa skipt um hlutverk stjórnar og stjórnarandstöðu, en þó er, eins og allir heyra, næsta ótrúlegt, hve hlutverkin hafa lítið breytzt þrátt fyrir allt.

Ýmsum þótti sú ræða, sem hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, flutti á föstudagskvöld, sæta nokkrum tíðindum. Hann rifjaði m. a. upp, að Alþfl. hefði í fyrrasumar verið boðin aðild að núv. ríkisstj. Þetta vissu hlustendur. En síðan bætti Magnús við þessum orðum: „Og það boð stendur enn.“ Ekki gat ég skilið ráðh. öðruvísi en svo, að hann væri nú að bjóða Alþfl. á nýjan leik að ganga í ríkisstj., og hljóta þetta að þykja nokkur tíðindi.

Það er að vísu undarlegt, að iðnrh. skuli gera slíkt boð í umr. á Alþ. og grípa þannig fram fyrir hendur forsrh., sem slíkir hlutir heyra að sjálfsögðu undir. Því eru menn að vísu vanir hjá þessum hæstv. ráðh. Hann gefur stefnuyfirlýsingar um utanríkismál og svo að segja hvaða málaflokk, sem honum dettur í hug, eins og sá, sem valdið hefur, og lætur sig engu skipta, þó að þessi mál heyri undir starfsbræður hans í rn. Það er einnig

undarlegt, að hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, skuli bjóða Alþfl. í stjórn til sín rétt eftir að hann hafði í sömu ræðu útlistað hið hroðalega starf Alþfl. undanfarin ár. Hann átti að hafa fórnað frelsi þjóðarinnar, selt útlendingum landið og atvinnuvegina, svikið verkalýðinn og hrakið 5 þús. manns til útlanda o. s. frv. o. s. frv. Þessi lestur Magnúsar, sem Þjóðviljinn var fljótur að endurprenta, eins og hans var von og vísa, var glórulaus og ósvífin sögufölsun, sem sýnir fyrirlitningu ráðh. á dómgreind almennings. En hann er ekki vandur að félagsskap, því að rétt eftir slíka lýsingu býður hann þessum voðalega flokki að koma upp í stjórnarsængina til sín.

Í þessu sambandi vil ég biðja menn að íhuga vandlega, hvers vegna einn ráðh. í ríkisstj. gerir Alþfl. nú tilboð um að ganga í stjórnina, en slíkt boð hefur ekki verið gert opinberlega síðan stjórnin var mynduð eða áður en hún var mynduð í fyrrasumar. Ég spyr aftur, hvers vegna? Hefur ríkisstj. ekki meiri hl., sem hefur reynzt nægilega stór til að stjórna landinu í meira en áratug? Er ekki samstaða stjórnarflokkanna með ágætum, að því er forsrh. hefur nýlega fullyrt? Hvað er þá að? Við þessum spurningum eru augljós svör. Ríkisstj. er ekki nálægt því eins samstæð og sterk og hún vill vera láta. Ríkisstj. óttast þau vandamál, sem eru fram undan, og finnur vanmátt sinn til að taka þau föstum tökum. Ríkisstj. óttast að hafa jafnaðarmanna- og launþegaflokk eins og Alþfl. í andstöðu. Það mundi vera þægilegra fyrir hana að berjast við íhaldsflokk einan. Þess vegna er þetta boð ótvíræð vísbending um mikinn veikleika.

Eitt mál hef ég enn ekki nefnt, sem kann að hafa verið í huga Magnúsar Kjartanssonar framar öðru, er hann gerði tilboð sitt. Það er sameining íslenzkra jafnaðarmanna í einum flokki, sem hefur verið á dagskrá undanfarin tvö ár. Bæði Framsfl. og Alþb. hafa kosið nefnd til að fjalla um sameiningarmál og ræða við aðra aðila um flokkaskipan á vinstra armi stjórnmálanna í næstu framtíð. Þó bendir allt til þess, að hvorugur þessara flokka hafi nokkurn áhuga á sameiningu við aðra, fyrst um sinn a. m. k. Hins vegar hafa farið fram í fullri alvöru viðræður milli Alþfl. og SF um sameiningu þessara tveggja flokka. Rökin fyrir slíkri sameiningu eru augljós. Það er fásinna að hafa tvo flokka, sem báðir telja sig berjast fyrir lýðræðislegri jafnaðarstefnu. Þeir hljóta að eyða orku og fylgi hvor fyrir öðrum, þeir munu aldrei geta náð verulegum árangri í kosningum fyrr en þeir standa saman sem eitt voldugt pólitískt afl. Þetta virðast flestir, sem aðhyllast stefnu þessara flokka, viðurkenna. En það hefur samt sem áður gengið allt of hægt að þoka þessum málum fram og stíga þau skref, sem stíga verður, áður en til sameiningar kemur. Á síðasta hausti voru haldnir nokkrir formlegir fundir með flokkunum, en í seinni tíð hafa frjálslyndir að því er virðist gefið sér lítinn tíma til þess að sinna þessu máli eða leggja fram nauðsynlega vinnu til að undirbúa það. Hugmyndir og áætlanir um raunhæf skref hafa yfirleitt komið frá Alþfl.-mönnum, en frjálslyndir virðast ekki hafa tíma eða áhuga, enda þótt þá skorti ekki stór orð á stundum.

SF sögðu í stefnuskrá, sem þau gáfu út á sínum tíma, að meginmarkmið samtakanna væri sameining allra lýðræðissinnaðra vinstri manna, jafnaðarmanna og samvinnumanna, í einum flokki. Nú reynir á, hvort þetta meginmarkmið hefur verið sett til hliðar eða ekki, og Alþfl. skorar á samtökin að taka sig á í þessum efnum.

Sameining tveggja flokka í einn jafnaðarmannaflokk verður erfitt mál í framkvæmd, og það getur komið illa við marga. Þessi sameining er ekki gerð fyrst og fremst fyrir okkur, sem lengi höfum starfað í flokkunum tveim, hún verður gerð fyrir framtíðina. Þess vegna mega persónulegar tilfinningar eða hagsmunir einstaklinga eða hópa ekki ráða afstöðu til málsins. Okkur ber skylda til að fá næstu kynslóð í hendur einn, sameinaðan, heilan og sterkan flokk, sem starfar að framgangi jafnaðarstefnunnar á Íslandi. Sú stefna hefur þegar ráðið miklu um mótun hins bezta í íslenzku þjóðfélagi, og hún mun enn eiga erindi við komandi kynslóðir Íslendinga og leiðbeina þeim við að gera gott þjóðfélag enn betra.

Þökk þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Varla hefur mörgum dulizt, sem hlýddu á útvarpsumr. frá Alþ. á föstudagskvöld, að stjórnarandstöðuflokkarnir eru enn ekki búnir að átta sig á því, hvar þeir eiga helzt að leita höggstaðar á hinni nýju stjórnarstefnu. Gagnrýni þeirra var máttvana og fálmandi og hitti hvergi í mark. Reyndar má segja, að það hafi einmitt verið eitt helzta einkenni stjórnmálalífsins þá 10 mánuði, sem liðnir eru síðan vinstri stjórnin kom til valda, hve stjórnarandstaðan hefur verið áberandi ringluð og utan gátta líkt og sá, sem ekki veit, hvaðan á hann stendur veðrið. Það, sem þeir börðust á móti og vildu ekki framkvæma, er allt í einu að verða að veruleika. Þessi miklu umskipti hafa svo aftur á móti haft þau áhrif, að þeir vilja ekki lengur kannast við andstöðu sína opinskátt. Þeir eru hvorki með né móti hverju stórmálinu af öðru, en þvælast með af ótta við að fá annan og verri skell hjá kjósendum til viðbótar þeim, sem þeir fengu í fyrra.

Þannig hefur það gengið með hinar miklu kjarabætur, sem veittar hafa verið láglaunamönnum og fólki með meðaltekjur að frumkvæði ríkisstj., aukið orlof, vinnutímastytting og stórfelld hækkun kaupgjalds í áföngum. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa ekki beinlínis verið á móti. Þeir hafa hengslazt með. En Jóhann Hafstein var ekkert að draga fjöður yfir óánægju sína hér á föstudagskvöldið, þegar hann býsnaðist yfir því, hvílík hætta fælist í 15% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna til handa launafólki á þessu ári, og spurði meira að segja, hvort það væri virkilega ætlun ríkisstj. að láta þjóðina lifa um efni fram og fleyta sér áfram á erlendum lánum. Hins vegar var hann ekki reiðubúinn að segja það hreinskilnislega, að Sjálfstfl. áliti áunnar kjarabætur launamanna allt of miklar. Eins er með hin stórfelldu kaup á skuttogurum, sem nú hafa verið ákveðin. Núv. stjórnarandstæðingar létu það dragast í áratug að hefja endurnýjun togaraflotans, meðan völdin voru í þeirra höndum. Nú, þegar loksins er kominn verulegur skriður á þetta mál, standa þeir ekki beinlínis á móti, en engum dylst, að afstaða þeirra er blendin. Málgögn þeirra hafa allt á hornum sér, tala um skipakaupin eins og hættulega skriðu, sem nú sé að falla yfir þjóðina, segja, að það vanti mannskap á skipin og þau verði rekin með tapi. Jafnframt býsnast þau yfir

þeirri skuldasöfnun, sem skipakaupin hafi í för með sér, þótt öllum megi vera ljóst, að engin fjárfesting skilar þjóðinni jafnmiklum arði á jafnskömmum tíma. Og eins er það raunar með landhelgismálið. Nú talar enginn um siðleysi og ævintýrapólitík, eins og gert var hér fyrir einu ári við útvarpsumr. á Alþ. af talsmönnum þáv. stjórnarflokka. Nú eru Sjálfstfl. og Alþfl. meira að segja tilbúnir að fallast á uppsögn landhelgissamninganna frá 1961, sem í fyrra mátti ekki hreyfa við. En þeim sé þó þökk fyrir, að nú er loksins sköpuð samstaða allrar þjóðarinnar um þá stefnu, sem ekki fékkst fram fyrir réttu einu ári.

Veruleg kjarabót til sjómanna, sem núv. ríkisstj. hefur haft frumkvæði að til að örva sjósókn og bæta upp margra ára kjaraskerðingu fráfarandi stjórnar, sætir ekki heldur gagnrýni af hálfu þeirra, sem áður stóðu harðast gegn leiðréttingu á hlutaskiptum sjómanna. Sama gildir um hina miklu aukningu tryggingabóta til aldraðra og öryrkja. Flokkarnir, sem í fyrra vildu litla úrbót veita, hafa nú algerlega snúið við blaðinu. Það var aðeins á fyrstu vikum ríkisstj., að málgögn stjórnarandstöðunnar býsnuðust yfir þessum veizluhöldum, eins og það var nefnt, þegar aldraðir og öryrkjar fengu fyrstu leiðréttingu sinna mála í sumar. Þessi tónn er nú löngu þagnaður, og í vetur hefur stjórnarandstaðan stutt ríkisstj. við þær gagngeru breytingar, sem gerðar hafa verið í tryggingamálum.

Þannig mætti halda lengi áfram. En af þessu geta menn skilið, af hverju forustumenn fyrrv. stjórnar eru enn svo ringlaðir. Þeir hafa um árabil staðið í vegi fyrir ýmsum nauðsynlegum umbótum, sumpart af íhaldssemi og sumpart af annarri pólitískri þröngsýni. Þeir stóðu stífir á móti allt þar til yfir lauk og stíflugarðurinn brast í seinustu þingkosningum. Nú, þegar flóðbylgja nauðsynlegustu umbóta hefur gengið yfir, hafa þeir ekki séð annars kost en gefast upp og láta sig fljóta með stjórnlaust og stefnulaust miðað við fyrri áform í þeirri von, að fyrr eða síðar næðu þeir fótfestu aftur til að fylkja liði sínu og hefja andófið á ný. Þeir hafa fálmað eftir nýjum og nýjum hálmstráum, en hvergi getað stöðvað sig.

Útvarpsumr., sem nú standa yfir, bera þess glögg merki, að stjórnarandstaðan hefur enn ekki náð málefnalegri fótfestu á neinu sviði og enn er hún á hröðu undanhaldi í straumróti nýrra viðhorfa. Seinasta hálmstráið, sem hún fálmar eftir, er þróun verðlagsmálanna á seinustu vikum. Svo knýjandi er þörf stjórnarandstöðuflokkanna að verða sér úti um eitthvert málefni til að fóta sig á, að svo til hver einasti ræðumaður þeirra hér í þessum umr. hefur lagt á það sérstaka áherzlu að úthúða ríkisstj. fyrir nýlegar hækkanir vöruverðs. Er þá loksins fundin einhver fótfesta fyrir hrjáða og hrakta menn eftir mikið volk? Er tækifærið loksins komið fyrir Jóhann Hafstein eða Gylfa Þ. Gíslason, verðlagsmálaráðherra í 12 ár, til að minna á sjálfan sig og sína stefnu, minna á eigin afrek til samanburðar við stefnu og störf núv. stjórnar? Eða er unnt að hugsa sér nokkurt það málefni, sem er jafnilla fallið til árása á ríkisstj. af hálfu fyrrv. stjórnarflokka og einmitt dýrtíðarmálin? Forustumenn fráfarandi stjórnar eiga Evrópumet í verðbólguþróun og dýrtíðarstjórn. Ferill þeirra í dýrtíðarmálum á liðnum áratug er svo einstakur, að hann einn mun tryggja þeim öruggan sess í Íslandssögunni um ókomin ár. Fjórar gengisfellingar á einum áratug og stanzlausar verðhækkanir, 12—30% á hverju einasta ári. Það þarf sannarlega menn með harðan skráp og lipran munn, sem eiga slíkan feril og geta þó gert verðlagsmál að aðalumræðuefni á fyrsta eldhúsdegi eftir stjórnarskipti.

Í sambandi við nýorðnar verðhækkanir er fyrst rétt að minna á, að laun manna eru nú almennt verðtryggð og vísitölubundin. Hér í umr. hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar hver af öðrum reynt að læða þeirri blekkingu að hlustendum, að hinar miklu kjarabætur, sem launþegum hlotnuðust í haust, muni hverfa með öllu vegna mikilla verðhækkana. Þeir treysta greinilega á fáfræði hlustenda og skáka í því skjólinu, að einmitt þannig gekk það lengstum á s. l. áratug. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. afnam verðtryggingu launa tvívegis og þar með voru launþegar ofurseldir holskeflu verðbólgunnar um langt skeið. Ömurleg reynsla þessara ára situr í mörgum, en þó vita flestir, að í bæði skiptin tókst verkalýðshreyfingunni undir róttækri forustu og eftir harða baráttu að endurheimta ákvæðin um verðtryggingu launa. Þess njóta menn nú og fá því fulla uppbót um næstu mánaðamót fyrir þær verðhækkanir, sem orðið hafa.

Hvað er svo það, sem raunverulega hefur verið að gerast í verðlagsmálunum? Var möguleiki fyrir nokkra ríkisstj. að koma í veg fyrir þær verðhækkanir, sem orðið hafa í vetur? Um það er enginn ágreiningur og á það geta víst allir fallizt, að meiri eða minni dýrtíðarstraumur er yfirleitt óhjákvæmilegur í sérhverju markaðsþjóðfélagi. Spurningin er aðeins, hvort um er að ræða óðaverðbólgu, eins og lengstum geisaði hér á landi í tíð fyrri ríkisstj., eða hvort dýrtíðin verður svipuð því, sem er að meðaltali í öðrum löndum, eins og núv. stjórnarflokkar reyna að stefna að.

Óðaverðbólgan var í fullum gangi, þegar kosningaverðstöðvunin hófst, og stöðvaðist raunverulega aldrei nema á yzta borði. Nú, einu og hálfu ári síðar, er öllum ljóst, að einhverjum verðhækkunum verður að hleypa í gegn. En spurning er: Geta talsmenn stjórnarandstöðunnar bent á einhverjar hækkanir, sem ekki hefði átt að leyfa? Það geta þeir ekki. Þvert á móti hafa forustumenn Sjálfstfl. gert kröfur um miklu meiri hækkanir á flestum sviðum og Morgunblaðið stagast á því aftur og aftur, að verið sé að drepa atvinnufyrirtækin í landinu með of ströngum verðlagsákvæðum. Sannleikurinn er auðvitað sá, að verðhækkanir hefðu orðið a. m. k. tvöfalt meiri en raun hefur orðið á, ef fyrrv. stjórnarflokkar hefðu áfram verið við völd, eins og þjóðin fékk að reyna, þegar fyrri verðstöðvuninni lauk 1967. Ríkisstj. fylgir fastmótaðri stefnu í verðlagsmálum og er staðráðin í því að hafa hemil á verðhækkunum að svo miklu leyti, sem það er unnt. Nú er verið að sía frá þær hækkanir, sem nauðsynlegastar geta talizt og engin leið er að komast hjá. En að því loknu mun verðlagsþróunin aftur komast í eðlilegt horf og reynt verður með ströngu verðlagseftirliti að halda aftur af dýrtíðarstraumnum.

En hver er stefna stjórnarandstöðuflokkanna? Það hefur hvergi komið fram. Ef svar fæst ekki, ætti fólki að vera endanlega ljóst, að hávaðinn út af nýorðnum verðhækkunum er aðeins innantómt gaspur manna, sem beðið hafa ósigur og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Núv. ríkisstj. hefur miklu komið í verk á skömmum

tíma. Það eru fyrst og fremst þrjú meginmarkmið, sem vísa veginn. Stefnt hefur verið að auknu jafnrétti þegnanna með stórfelldum umbótum í kjaramálum, tryggingum, skattamálum og félagsmálum. Stefnt er að því að stórauka framleiðsluna með því að margfalda framleiðslutækin og breikka undirstöðuna og með því að beita nýjum vinnubrögðum við uppbyggingu atvinnulífsins og víðtækari áætlunargerð en hér hefur áður tíðkazt. En síðast en ekki sízt hefur önnur og heillaríkari stefna verið upp tekin í utanríkis- og sjálfstæðismálum þjóðarinnar.

Engan undrar, þó að Sjálfstfl. og forustumenn hans hafi orðið nokkuð utan gátta eftir þau þáttaskil, sem orðið hafa í íslenzkum stjórnmálum með árangursríku samstarfi vinstri manna. En hvað um Alþfl.? Varaformaður hans var einmitt rétt í þessu að gera flokk sinn að umtalsefni. Hvað verður um þennan forna flokk íslenzkrar alþýðu, sem eitt sinn var merkisberi vinstri stefnu á Íslandi, en er nú leppur hægra megin við vinstri stjórn? Á það fyrir Alþfl. að liggja að veslast upp í greipum hægri aflanna? Nú er svo komið, að nýtt útgáfufélag óháð Alþfl. og aðallega í höndum sjálfstæðismanna hefur tekið að sér útgáfu Alþýðublaðsins, og flokkurinn hefur ekki lengur nema eina síðu blaðsins til umráða, 5. síðuna. Hafa flokksmenn samþykkt þessa ráðstöfun? Er það vilji Alþfl.-manna víðs vegar um land, að Alþfl. festi sig enn frekar í því fari að vera útibú frá Sjálfstfl.? Er ekki einhver von til þess, að Alþfl. finni uppruna sinn aftur og gangi til eðlilegrar samvinnu við vinstri menn í landinu? Þessu hefði Benedikt Gröndal þurft að svara, þegar hann ræddi hér áðan um samstarf vinstri manna. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er margt furðulegt, sem fram hefur komið síðustu daga í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Eða finnst mönnum það ekki næsta einkennilegt að heyra þá Jóhann Hafstein og Gylfa Þ. Gíslason tala af vandlætingu um vísitölufölsun, miklar verðhækkanir og gengislækkun? Þeir báru saman ábyrgð á stefnu viðreisnarstjórnarinnar í 12 ár. Sú stjórn gerði ýmist að banna með lögum vísitölubætur á laun eða skerða slíkar bætur með sérstökum lögum. Sú stjórn felldi gengi íslenzkrar krónu gagnvart dollara fjórum sinnum á 12 árum og hún vann það afrek, að verðhækkanir urðu meiri í hennar stjórnartíð en nokkur dæmi eru til um áður. Þrátt fyrir þessar staðreyndir telja þeir Jóhann og Gylfi sig umkomna þess að ásaka núv. ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar á þessum sviðum.

Núv. ríkisstj. hefur engar breytingar gert á útreikningi kaupgjaldsvísitölu aðrar en þær, sem miðuðu að leiðréttingu á fölsun frá tíð fyrri stjórnar. Núv. ríkisstj. hefur haldið verðgildi krónunnar til jafns við dollara og hún hefur reynt að hamla gegn miklum verðhækkunarkröfum, sem m. a. hafa borizt frá forustumönnum fyrrv. ríkisstj. Tal þeirra Jóhanns og Gylfa um verðlagshækkanirnar er sannarlega aumkunarvert. Þeir bera báðir öðrum fremur ábyrgð á viðskilnaði fyrrv. ríkisstj. jafnt í verðlagsmálum sem öðrum málum. Þeir vita báðir fullvel, að megnið af þeim verðlagshækkunum, sem fram hafa komið að undanförnu, eru beinar og óhjákvæmilegar afleiðingar af þeirra eigin stjórnarstefnu. Hvers vegna skyldi t. d. fjármálastjóri ríkisútvarpsins hafa talið nauðsynlegt að fá 32% hækkun á afnotagjöldum þess nokkrum mánuðum eftir að Gylfi Þ. Gíslason lét af störfum sem ráðh. þeirrar stofnunar? Auðvitað vegna þess, að í hans stjórnartíð höfðu þau útgjöld verið ákveðin, sem til þessa leiddu. Þegar svo núv. ríkisstj. heimilar aðeins 10% hækkun afnotagjaldanna í stað 32%, þá reynist Gylfi Þ. Gíslason vera einn í þeim hópi, sem ásakar núv. ríkisstj. fyrir þessa hækkun. Og hvernig skyldi hafa staðið á því, að stjórn Landsvirkjunar taldi sig verða að hækka heildsöluverð á allri raforku um 20%, einum mánuði eftir að Jóhann Hafstein lét af störfum raforkumálaráðh.? Auðvitað af því, að í stjórnartíð hans hafði verið samið um það við erlenda aðila að hækka raforkuverðið, sem þessu nam, vegna afkomu fyrirtækisins. Þegar svo núv. ríkisstj. heimilaði af þessum ástæðum 10% hækkun á raforkuverði, er það Jóhann Hafstein sjálfur, sem óskapast yfir slíkum verðhækkunum.

Ádeilur stjórnarandstöðunnar á stefnu ríkisstj. skipta í rauninni ekki miklu máli. Þær eru í flestum tilfellum órökstuddar og falla því dauðar og ómerkar. Hitt er annað mál, að vissulega á ríkisstj. enn mörg og vandasöm verkefni óleyst. Í þeim efnum ber sérstaklega að nefna efnahagsmálin. Við þessi erfiðu verkefni verður ríkisstj. að glíma, og mun gera það á komandi mánuðum. Það, sem þó skiptir mestu máli í glímunni við þessi verkefni, er að treysta sem bezt hina efnahagslegu undirstöðu atvinnulífsins um allt land. Að því verkefni hefur ríkisstj. verið að vinna undanfarna mánuði.

Eitt af fyrstu verkefnum ríkisstj. var að ákveða verulega fiskverðshækkun og bæta þannig til muna launakjör sjómanna. Sú ráðstöfun miðaði að því að tryggja fleiri sjómenn til fiskveiða og leggja þannig grundvöll að aukinni framleiðslu. Þessari ráðstöfun tók stjórnarandstaðan með hundshaus eða semingi og talaði um veizluhöld og bruðl. Þá hófst ríkisstj. handa um uppbyggingu togaraflotans, en ljóst var, að á því sviði hafði verið um sífellda afturför að ræða á öllu stjórnartímabili viðreisnarstjórnarinnar. Árið 1960, í upphafi viðreisnar, áttu landsmenn 46 togara, suma þá beztu, sem þá þekktust á N.-Atlantshafi. En nú eiga Íslendingar 18 gömul skip, flest komin að leiðarlokum. Vegna fjárhagsfyrirgreiðslu núv. ríkisstj. hefur nú verið samið um smíði á 25 skuttogurum erlendis, en auk þess koma 8 stórir skuttogarar, sem samið var um að mestu í tíð fyrrv. ríkisstj. Þá er einnig hafin smíði skuttogara innanlands. Þessi skip munu dreifast um landið. Þannig verða 6—7 skuttogarar gerðir út frá Vestfjörðum, 8—9 frá Norðurlandi, 6—7 frá Austurlandi og 13—14 skip frá Suð-Vesturlandi. Miklar vonir eru tengdar við þessi skip og segja má, að í sumum sjávarútvegsbæjum hafi beinlínis risið bjartsýnisalda, sem þegar hefur leitt til framkvæmda og framfara á þessum stöðum í ýmsum greinum. Skip þessi verða búin miklu fullkomnari veiðibúnaði en hér hefur áður almennt verið notaður. Þau hafa meiri veiðimöguleika, geta sótt lengra og veitt á dýpra vatni en bátarnir, sem þau eiga að leysa af hólmi. Þau eiga því að skapa grundvöll til jafnari fisklöndunar og þar með til hagkvæmari og betri reksturs í landi. Jafnhliða endurnýjun togaraflotans og aukningu bátaflotans er nú unnið að stórframkvæmdum við endurbætur og nýbyggingu frystihúsanna í landinu. Og á þessu ári er gert ráð fyrir, að lán verði veitt úr Fisk-

veiðasjóði til fiskiðnfyrirtækja, sem nema um 300 millj. kr., og ætti því að vera hægt að veita lán til endurbóta og nýbygginga í frystihúsum í ár, sem nema um 200 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að slík lán nemi 70% af heildarkostnaðarverði í hverju tilviki, eða verði nokkru hærri en áður hefur verið. Þá er nú verið að setja ný lög um sölustofnun niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins og ákveða þar með verulegan stuðning við þessa starfsgrein.

Hækkað fiskverð og bætt launakjör sjómanna, nýtízku fiskiskip, stórfelldar endurbætur frystihúsa, efling niðursuðu og niðurlagningar og jafnhliða skipuleg uppbygging iðnaðarins með nýjum raforkuframkvæmdum, allt miðar þetta að því að treysta undirstöður atvinnulífsins, að því að útrýma atvinnuleysi, auka framleiðslu og þar með gjaldeyrisöflun. Takist þetta vel, verður glíman við vandamál efnahagsmálanna auðveldari.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar er þó í rauninni undirstaða þessa alls. Af þeim ástæðum hefur ríkisstj. sett það mál ofar öllum öðrum málum. Það var núv. ríkisstj. eða þeir flokkar, sem að henni standa, sem tók ákvörðun um stefnuna í landhelgismálinu. Það var hún, sem ákvað, að fiskveiðilandhelgin skyldi færð út í 50 sjómílur allt í kringum landið eigi síðar en 1. sept. á þessu ári. Þar með var óvissunni, sem áður ríkti í málinu, lokið. Þar með var hikið og tregðan og allt vangaveltuhjalið úr sögunni. Skýr ákvörðun lá fyrir, og framkvæmdir gátu hafizt. Afstaða okkar í landhelgismálinu hefur þegar vakið athygli um allan heim svo að segja. Málstaður okkar hefur styrkzt, og fleiri og fleiri viðurkenna ótvíræða þörf okkar á stækkaðri fiskveiðilandhelgi. Reynslan hefur sýnt, að það var rétt að bíða ekki eftir alþjóðahafréttarráðstefnunni. Hún verður sennilega ekki haldin fyrr en árið 1974 og litlar líkur eru á, að á henni náist bindandi samkomulag um stærð landhelgi og fiskveiðiréttarsvæða. Hitt er þegar orðið ljóst, að um helmingur þjóða heims mun styðja það sjónarmið, sem við berjumst fyrir, um réttindi strandríkis til yfirráða varðandi fiskveiðar á landgrunnshafinu út frá ströndinni. Sú viðurkenning mun duga okkur í þeirri baráttu, sem við eigum fyrir höndum. Það hefur alltaf verið vitað, að stækkun fiskveiðilandhelginnar mundi kosta okkur nokkur átök við erlenda aðila. Hjá þeim átökum var aldrei hægt að komast. Spurningin var aðeins sú, hve mikil þau átök þyrftu að verða.

Ríkisstj. hefur unnið kappsamlega að því að kynna landhelgismálið. Fullt samstarf hefur verið haft við stjórnarandstöðuna um framkvæmdir í málinu og reynt hefur verið að teygja sig til samkomulags svo langt sem tök hafa verið á, án þess þó að stefna málinu í tvísýnu. Í ljós hefur komið, eins og núv. ríkisstjórnarflokkar höfðu varað við á sínum tíma, að landhelgissamningarnir við Breta og V.-Þjóðverja frá árinu 1961 eru eitt aðalhaldreipi hörðustu andstæðinga okkar í þessu máli. Þá samninga bera Bretar og Þjóðverjar fyrir sig í sífellu, og samkv. þeim hafa þeir kært okkur nú fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Það var því eitt grundvallaratriði málsins að segja þeim samningum formlega upp og taka af allan vafa um, að við sættum okkur ekki við að eiga einir allra þjóða að lúta dómsúrskurði um stærð okkar landhelgi. Samningarnir frá 1961 voru gerðir undir herskipahótunum Breta og voru því í rauninni nauðungarsamningar. Þeir voru tvímælalaust gerðir gegn vilja meiri hluta landsmanna og gátu því aldrei bundið þjóðina um ókomin ár. Frá Bretum og V.-Þjóðverjum berast okkur hótanir um hvers konar þvingunarráðstafanir, og þeir einir hóta að beita okkur beinu ofbeldi. Við höfum vissulega veitt hótunum þeirra athygli, en þó höfum við ekki neitað að ræða við fulltrúa þeirra um þau vandamál, sem upp hljóta að koma við útfærsluna. En hótanir þeirra munum við ekki láta ráða gerðum okkar.

Nú er vetrarvertíð nýlokið. Vertíðin olli vonbrigðum í flestum verstöðvum. Afli reyndist minni en búizt hafði verið við. Og m. a. reyndist afli togveiðiskipa miklu minni allt í kringum landið en verið hefur undanfarin ár. Sá uggur, sem verið hefur í mörgum sjómönnum um stærð fiskistofnanna við landið, hefur því enn aukizt verulega. Það er vissulega margt, sem bendir til þess, að þorskstofninn við landið fari minnkandi og hann sé þegar ofveiddur. Ráðstafanir til að draga úr sókn útlendinga í stofninn, eru því bráðnauðsynlegar, ef ekki á illa að fara á næstu árum. Fyrir 5 árum nam verðmæti síldaraflans fullum helmingi af öllu verðmæti sjávarafla okkar. Nú er síldveiðin búin svo að segja með öllu, m. a. vegna ofveiði. Hvernig færi um afkomumöguleika okkar Íslendinga, ef jafnilla tækist til með þorskstofninn? Við Íslendingar eigum ekki margra kosta völ til að auka okkar þjóðarframleiðslu. Fiskimiðin við landið eru okkar dýrmætasti fjársjóður. Þann fjársjóð verðum við að vernda og hagnýta á sem skynsamlegastan hátt. Til þess að sá fjársjóður megi nýtast okkur, verðum við að hafa fullkomið vald yfir veiðunum, banna þær veiðar, sem hættulegar eru, og setja hömlur á aðrar og minnka hlutdeild útlendinga í aflanum stórlega, frá því sem verið hefur. Verði fiskimiðin á landgrunni við Ísland fyrst og fremst fyrir okkur og hagnýtt af fyrirhyggju, þurfum við engu að kvíða, á því leikur enginn vafi.

Í viðræðum okkar við Breta og V.-Þjóðverja um landhelgismálið ræðum við ekki um útfærslu fiskveiðimarkanna í 50 mílur þann 1. sept. n. k. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt né frá henni hvikað með neinni bráðabirgðalausn. Viðræður okkar við þessa aðila hafa verið og verða um það, með hvaða hætti við getum veitt erlendum skipum nokkurn umþóttunartíma til að hverfa að fullu og öllu út fyrir hin nýju fiskveiðimörk. Við getum ekki leyft erlendum skipum hindrunarlausar veiðar upp að 12 mílna mörkunum, þó að samið sé um heildarveiðimagn yfir árið. Skilyrði frá okkar hálfu hlýtur að verða, að við tökum í okkar hendur lögsögu á veiðisvæðinu og erlend skip fái aðeins takmarkaðan rétt til veiða á tilteknum svæðum á tilteknum tímum, svo að hægt sé að tryggja nauðsynlega friðun á miðunum eða verulega minnkandi sókn. Í landhelgismálinu verðum við að halda á okkar málstað af einbeitni og fullri festu. Vara verður sterklega við öllum tilhneigingum til undansláttar, en málið verðum við þó að sækja af hyggindum. Ekkert orðagjálfur um vinaþjóðir og góðar viðskiptaþjóðir getur komið í staðinn fyrir verndun fiskimiðanna. Útfærsla landhelginnar er sú undirstaða, sem efnahagslíf þjóðarinnar mun byggjast á á komandi árum. Það skiptir því sannarlega miklu máli, að vel takist til um þá framkvæmd. — Góða nótt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í þingræðu þeirri, er Ólafur Björnsson flutti veturinn 1971 og kennd er við hrollvekju, komst hann m. a. svo að orði: „Ekki verður séð, að unnt sé að forðast upplausn í efnahagslífinu, nema náð verði einhverju samkomulagi við launþegasamtökin. Vissulega verður sú leið ekki auðveld.“ Þessum þm. sjálfstæðismanna var öðrum þm. ljósara, hvernig ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar var eftir 12 ára setu viðreisnarstjórnarinnar. Þegar þessi lýsing Ólafs Björnssonar á viðskilnaði viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum þjóðarinnar er höfð í huga, ætti öllum að vera ljóst, að núv. ríkisstj. hefur fengið mikinn vanda í arf frá viðreisnarstjórninni. Skal nú gerð frekari grein fyrir þeim viðskilnaði og komið þá fyrst að hækkun fjárlaga.

Fjárlög hækkuðu 1972 um 5.3 milljarða frá fjárlögum 1971. Og sundurliðast hækkunin þannig: 2.2 milljarðar er arfur frá viðreisnarstjórninni vegna kjarasamninga við opinbera starfsmenn og laga frá Alþ. 1971. 1300 millj. flytjast frá sveitarfélögum til gjalda hjá ríkissjóði vegna almannatryggingakerfisins og kostnaðar við löggæzlu. Hér er því ekki um að ræða aukin útgjöld hjá stjórnsýslunni í heild, aðeins tilfærslu innan hennar. Þessir tveir útgjaldaliðir eru samtals 3 500 millj. kr. Er þá eftir 1800 millj. kr. hækkun, en það er hin raunverulega útgjaldahækkun samkv. ákvörðun núv. ríkisstj. Helmingur af þessum 1800 millj. er aukin framlög til verklegra framkvæmda og atvinnumála. Hinn helmingurinn er að uppistöðu til aukið framlag til almannatrygginga og reksturs ríkisins. Núv. stjórnarandstaða hafði það eitt til málanna að leggja, þegar fjárlögin voru til afgreiðslu, að auka útgjöld ríkissjóðs verulega. Hins vegar kom engin till. frá hennar hendi um að draga úr útgjöldum.

Samkv. framansögðu má ljóst vera, að ⅔ af hækkun útgjalda á fjárlögum 1972 er arfur frá viðreisnarstjórninni. Reyndar er þessi arfur nokkru meiri, ef betur er að gáð, og nú skal það rakið. Fyrst er að geta þess, að viðreisnarstjórnin skildi eftir sig miklar skuldir á ýmsum framkvæmdaliðum ríkissjóðs. T. d. var unnið fyrir 80 millj. kr. fjárhæð að hafnarframkvæmdum á árinu 1971 umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir það ár, en að verulegu leyti varð að greiða það með fjárveitingum á fjárlögum þessa árs. Í einu kjördæmi landsins hafa þrír skólar verið í byggingu frá 1969. Síðasta greiðsluár ríkissjóðs vegna þessara skóla átti því að vera árið 1972. Í árslok 1971, er ríkissjóður átti að vera búinn að greiða ¾ af heildarframlagi sínu, hafði hann greitt rúmlega 45%. Vegna þessara vanskila viðreisnarstjórnarinnar hefðu fjárlög ársins 1972 þurft að hækka um 40—50 millj. kr., en ekki reyndist unnt að taka í þau fjárlög allan þann arf. Gert er ráð fyrir því, að íþróttasjóður greiði 40% af stofnkostnaði í íþróttamannvirkjum. Til þessara framkvæmda hafði íþróttasjóður á fjárlögum síðari ára viðreisnarstjórnarinnar 5 millj. kr. á ári. Skuldir hans voru orðnar 74 millj. kr., er viðreisnarstjórnin lét af völdum. Jafngilti sú fjárhæð 15 ára fjárveitingu viðreisnarstjórnarinnar. Á núgildandi fjárlögum er fjárveitingin hækkuð um 160% eða 13 millj. kr.

Þá er komið að þætti fyrrv. landb.- og samgmrh., Ingólfs Jónssonar. Meðal margra bréfa, sem hann skrifaði á síðustu 3—4 dögum, sem hann sat í landbrn., eftir afsögn viðreisnarstjórnarinnar, er bréf til Búnaðarbanka Íslands, þar sem bankanum er lofað greiðslu á fjárlögum ársins 1972 vegna bændaskólans á Hvanneyri að fjárhæð 7.5 millj. kr. Á stjórnarárum þessa landbrh. hafði honum tekizt að útvega mest 5 millj. kr. til skólabyggingarinnar á Hvanneyri. Var hann því með bréfinu að ráðstafa skólanum fé fram í tímann, er nam 1½ árs fjárveitingu. Ekki hafði landbrh. samráð við fjmrh. viðreisnarstjórnarinnar um þetta afrek sitt. Hér skal nefnt annað bréf, er fyrrv. landbrh. skrifaði á valdadögum sínum. Það var einnig til Búnaðarbankans. Hét hann þar stofnlánadeild landbúnaðarins öllu því fjármagni, sem deildin þyrfti til útlána á árinu 1971 umfram eigið ráðstöfunarfé. Þessi fjárþörf varð 180 millj. kr. Í framkvæmdaáætlun 1971 voru stofnlánadeildinni ætlaðar 60 millj. kr. eða ⅓ af fjárþörfinni. Ekki urðu efndir Ingólfs Jónssonar frekari en það. Það féll því í hlut núv. ríkisstj. að útvega 120 millj. kr., svo að stofnlánadeildin gæti annað verkefnum sínum á árinu 1971. Af stjórnarandstöðunni er það talið bera vott um eyðslu og lélega fjármálastjórn, að stofnlánadeildin er nú að útvega 200 millj. kr. af framkvæmdaáætlun til þess að sinna verkefnum ársins 1972. Að vísu er það stórt stökk frá 60 millj. hans Ingólfs. En ég vil ætla, að farsælla muni reynast að annast fjárútvegunina, þegar heildarfjáröflun til fjárfestingarsjóða er gerð, með framkvæmdaáætlun, heldur en að slá víxillán, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Sýnist mér þessi mikla fjárþörf stofnlánadeildarinnar bera vott um athafnasemi og framfarahug í íslenzkum landbúnaði, og er það gleðilegt.

Enn skal getið um bréf, sem Ingólfur Jónsson skrifaði Búnaðarbankanum, þar sem hann gaf fyrirheit um 5 millj. kr. til veðdeildar bankans á árinu 1971. Fyrirheitinu gleymdi hann hins vegar. Núv. ríkisstj. útvegaði veðdeildinni 20 millj. kr. til útlána á árinu 1971, svo að deildin gat að mestu sinnt verkefnum sínum það ár, þrátt fyrir getuleysi fyrrv. landbrh. Á framkvæmdaáætlun 1972 eru deildinni ætlaðar 35 millj. kr., 3 millj. eru á fjárlögum og einnig hefur lífeyrissjóður bænda lánað veðdeildinni verulegar fjárhæðir.

Þegar samgrh., Ingólfur Jónsson, lét af völdum, skorti um 140 millj. á, að tekjur vegáætlunar nægðu fyrir gjöldunum árið 1971. Voru þá skuldir vegna vegaframkvæmda á s. l. 12 árum orðnar um 1200 millj. kr. Í ráðherratíð Ingólfs Jónssonar hafa tekjustofnar Vegasjóðs stöðugt hækkað. Hins vegar féll fjárveiting á fjárlögum að mestu niður í stjórnartíð hans. Nú greiðir ríkissjóður 200 millj. kr. til vegaframkvæmda og tekur að auki að sér að verulegu leyti afborganir og vexti af lánum Vegasjóðs, sem hann áður greiddi. Einnig tekur ríkissjóður stór lán vegna vegaframkvæmda samkv. vegáætlun, sem nú er verið að ganga frá á Alþ. Þeirra þáttaskila, sem núv. ríkisstj. hefur valdið með stórauknum framlögum til vegamála, munu landsmenn njóta og kunna að meta þau.

Stjórnarandstæðingar hafa verið allháværir út af framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1972. Þó hefur farið svo sem við fjárlagaafgreiðsluna, að engin ábending hefur komið frá þeim til lækkunar. Samanburður á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun milli áranna 1971 og 1972 er óraunhæfur, þar sem opinberar framkvæmdir og fjáröflun til opinberra sjóða árið 1971 fór langt fram úr framkvæmda- og fjáröflunaráætlun

þessa árs og halli var á áætluninni um 70 millj. kr. Mér er ljóst, að mikið fjármagn þarf vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar 1972, þar sem mikill framkvæmdavilji og bjartsýni ríkir hjá þjóðinni. Virkjanaframkvæmdir verða að halda áfram. Skipasmíðar verður að efla. Lífsnauðsyn er, að frystiiðnaður okkar verði orðinn samkeppnisfær, svo að mörkuðum okkar í Bandaríkjunum verði ekki stefnt í hættu. Þessu verkefni hafði viðreisnarstjórnin ekki sinnt. Í uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins er stórt verkefni fram undan. Til allra þessara framkvæmda þarf mikið fjármagn. Ríkisstj. er að vinna að útvegun þess.

Lítið samræmi er í málflutningi stjórnarandstæðinga og athöfnum þeirra, þegar litið er til þess, hve hátt sjálfstæðismenn spenna bogann í sveitarfélögum, þar sem þeir fara með völd, svo sem í Reykjavík, Garðahreppi og víðar. Þar ætla þeir að skattleggja þegna sína eins þungt og þeim frekast er unnt á sama tíma og þeir tala um ofsköttun og ofþenslu í þjóðfélaginu. Þetta getur ekki farið saman.

Á Alþ. því, sem nú situr, hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þessar breytingar eru þó ekki fólgnar í því að breyta hlutfallinu í tekjuöflun ríkisins milli beinna og óbeinna skatta. Af þeim atriðum, sem mestu máli skipta í þessum skattalagabreytingum, vil ég nefna þessi: Í fyrsta lagi, að afnumdir eru persónuskattar til almannatryggingakerfisins og sjúkrasamlaga. En þessir skattar voru innheimtir án tillits til tekna og hefðu orðið mjög tilfinnanlegir á þessu ári, þar sem þeir hefðu orðið 22 þús. á hjón, um 16 þús. á einhleypan karlmann og um 14 þús. á einhleypa konu. Með þessari breytingu á sér stað meiri skattalegur jöfnuður en áður hefur þekkzt hér á landi. Í öðru lagi eru aðstöðugjöld lækkuð um ⅓, en aðstöðugjöld hafa þótt óréttlát, þar sem lagt er á atvinnurekstrinn án tillits til nettótekna og miðast við kostnaðinn. Í þriðja lagi er verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga. Er hún einfaldari en áður, og ríkissjóður látinn fjármagna tryggingakerfið og lögreglukostnaðinn. Í fjórða lagi eru fasteignaskattar gerðir afgerandi tekjustofn, sem þeir hafa ekki verið til þessa. Það hefur lengi verið baráttumál íslenzkra sveitarfélaga, og hefur einn af þm. Sjálfstfl., Ólafur G. Einarsson, verið einn af aðaltalsmönnum þess. Í fimmta lagi er skattakerfið gert einfaldara en áður og þannig stefnt að því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Verður unnið áfram að endurskoðun skattalaga með það markmið í huga. Þá verður gerð könnun á því, hvort ekki mundi reynast rétt að taka hér upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Leitað verður eftir skattalegu formi til aukins sparnaðar. Stjórnarandstaðan hefur haldið uppi harðri baráttu gegn þessum skattalagabreytingum. Ég vil vekja athygli á því, að hún hefur þó ekki markað neina heildarstefnu nú í umr. um skattamálin frekar en hún gerði á þeim 12 árum, sem hún sat að völdum. Hins vegar lögðu fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. beggja deilda til að lækka tekjur ríkissjóðs af tekjuskattinum á þessu ári um 1600 millj. kr., án þess að gera nokkra till. um að bæta ríkissjóði upp þetta tekjutap. Öðruvísi mér áður brá. Það var hlutverk Alþfl. í afstöðu hans til skattafrumvarpanna að greiða atkv. gegn þeim, þrátt fyrir það, að þar væru ákvæði um afnám persónuskatta, sem fyrst og fremst koma þeim að notum, sem verst eru settir í þjóðfélaginu og minnstar hafa tekjur, svo og unglingum í skólanámi. Svo ill eru örlög Alþfl. nú orðin. Í sambandi við baráttu stjórnarandstöðunnar gegn skattafrv. vil ég vekja athygli á því, að þegar þeir Magnús Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason tóku þátt í sjónvarpsþætti fyrir nokkru, töldu þeir margt í þessum breytingum vera að þeirra skapi, þegar þeir ræddu málin í rólegheitum.

Því hefur verið haldið fram, að óþarfi hafi verið að fara í þessar skattalagabreytingar nú. Því er til að svara, að skattalög þau, sem viðreisnarstjórnin endaði á að setja í fyrravor, voru óframkvæmanleg að dómi núv. ríkisstj. vegna þeirra forréttinda, sem þeim voru veitt, sem bezt eru settir í þjóðfélaginu. Hagur hinna hlaut hins vegar enga lagfæringu. Eftir að tryggingalöggjöfinni var breytt á þann hátt að tryggja lágmarkslaun handa þeim þegnum þjóðfélagsins, sem verst eru settir, var óhugsandi að fjármagna tryggingakerfið eins og áður hefur verið. Það var ofraun vegna persónuskattanna og þeirra framlaga, sem sveitarfélögin hefðu þá orðið að greiða til almannatrygginga.

Herra forseti. Í upphafi ræðu minnar gerði ég grein fyrir skoðun Ólafs Björnssonar prófessors á efnahagsmálum þjóðarinnar í lok valdatímabils viðreisnarstjórnar. Ég hef í ræðu minni hér að framan sýnt fram á það með rökum, að rétt var skýrt frá í þessari ræðu Ólafs Björnssonar. Arfurinn, sem núv. ríkisstj. tók við frá fyrirrennurum sínum í efnahagsmálum, var allt annað en glæsilegur. Það er þó langt frá því, að mér hafi enzt tími til þess að tína þar til allt. T. d. vil ég til viðbótar minna á fjárhag Síldarverksmiðja ríkisins, Rauðku á Siglufirði, Slippstöðvarinnar á Akureyri og Norðurstjörnunnar í Hafnarfirði. Þar er um að ræða stórar fjárhæðir, er varða ríkissjóð. Ríkisstj. hefur gengið markvisst til verka í efnahagsmálum. Veigamesta atriðið, að hennar dómi eins og Ólafs Björnssonar, til þess að forðast efnahagshrun, eins og hann spáði, var að ná samkomulagi við stærstu launþegasamtök landsins. Það tókst án verkfalla. Þar með var tryggður vinnufriður til tveggja ára. Ríkisstj. hefur og hafið framkvæmd á stórfelldri uppbyggingu á öllum sviðum atvinnulífsins og félagslegum umbótum. Allar þessar aðgerðir eru forsenda þess, að hægt sé að skapa hér á landi öryggi og festu í efnahagsmálum. En sigur í landhelgismálinu er þó undirstaða alls annars.

Ríkisstj. gerir sér einnig ljóst, að festu þarf í peninga-, fjárfestingar- og fjáraflamálum. Þess vegna mun hún við gerð næstu fjárlaga tengja saman fjárlög, framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Undirbúningur þess er hafinn.

Að lokum þetta: Arfur sá, er ríkisstj. tók við af viðreisnarstjórninni, var slíkur, að aðeins með markvissri stefnu og þrotlausu starfi verður efnahagsmálum þjóðarinnar bjargað frá því hruni, sem Ólafur Björnsson spáði sem afleiðingu viðreisnarstjórnartímabilsins.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, mun ég einkum víkja að SF, stöðu þeirra og framtíð, stjórnarstefnunni og þá einkum verðlagsmálum og utanríkismálum.

Alþingiskosningarnar á s. l. sumri ollu straumhvörf-

um í íslenzkum stjórnmálum. Sú stjórn, sem kenndi sig við viðreisn, féll við lítinn orðstír eftir langa valdasetu. Hið staðnaða flokkakerfi riðlaðist og fram á sjónarsviðið kom nýr flokkur, SF. Sigur þeirra í kosningunum var mikill og ótvíræður og hlýtur að eiga sér einhverjar eðlilegar skýringar, sem vert er að gefa gaum að. Að vísu er ljóst, að viðreisnarstjórninni varð ekki vikið frá völdum nema SF hlytu í alþingiskosningunum nokkurt brautargengi með þjóðinni. En ekki verður gert ráð fyrir, að þessi neikvæða ástæða ein hafi eflt SF til sigurs, enda reyndu andstæðingar þeirra að bregða hulu yfir þessa staðreynd eftir megni og villa um fyrir kjósendum. Aðrar ástæður fyrir kosningasigrinum hljóta að koma til og vega þyngra. Vel má vera, að landhelgismálið hafi ráðið nokkru um, þar sem SF höfðu einarðlega stefnu um útfærslu landhelginnar. En á það er að líta, að núv. stjórnarflokkar höfðu allir sömu stefnu í því máli.

Þegar öllu er á botninn hvolft, hygg ég, að tvö málefni hafi ráðið úrslitum, annars vegar sá ásetningur að sameina jafnaðarmenn og samvinnumenn í einum flokki og hins vegar að hreinsa til í íslenzkum stjórnmálum, ef svo mætti segja, taka fyrir bitlingapólitík, bægja frá þröngskorðuðum flokkssjónarmiðum, þegar annað horfði til heilla fyrir land og lýð, — í stuttu máli: taka upp ný vinnubrögð. SF voru ung og fersk, tilbreyting frá gömlu flokkunum, sem iðulega geta ekki hreyft legg né lið fyrir annarlegum hagsmunahópum og sjónarmiðum, sem standa samfélagsumbótum fyrir þrifum. Ég hygg, að framkvæmd tveggja ofangreindra atriða ráði úrslitum um það, hvort SF komi til að hafa til langframa þau heillavænlegu áhrif á gang og þróun íslenzkra þjóðmála, sem til var stofnað í upphafi. Sameining jafnaðarmanna er höfuðnauðsyn. Það er með öllu óeðlilegt, að vinstri flokkarnir skuli vera klofnir í andstæðar fylkingar og láta þannig Sjálfstfl. að mestu eftir að ráða ferðinni í íslenzkum stjórnmálum. Markmiðið er því ljóst, — en hvernig á að ná því? Þar er vandinn. En eitt er víst, að við samruna flokka verður að haga málum þannig, að almenningur finni, að hér sé á ferðinni hreyfing, sem hafi þrek og þor til að vera róttækt umbótaafl. Sameiningin verður að fela í sér endurnýjun, en hún má ekki gerast á þá lund, að hún verði einhvers konar trygging deyjandi flokka. Þá er betra, að hver deyi drottni sínum. Og spyrja má: Til hvers voru SF mynduð, ef fyrir þeim lægi að renna saman við annan flokk, gamlan, án þess að endurnýjun ætti sér stað? Það væri vissulega gæfa lands og lýðs, ef nýr öflugur jafnaðarmannaflokkur sæi dagsins ljós, áður en langt um líður.

Og nú er komið að hinu atriðinu, nýjum vinnubrögðum. Að mínu viti var það skylda SF eftir sigur vinstri flokkanna í alþingiskosningunum að taka þátt í myndun núv. ríkisstj. Annað hefði verið svik við kjósendur, sem vildu breytingu. En fyrirvaralaus þátttaka SF í ríkisstj., í rauninni áður en þau höfðu slitið barnsskónum, er tvíeggjuð. SF urðu að ganga til samstarfs við gamla flokka, ganga svo að segja inn í kerfið. Í þessu felst nokkur hætta fyrir þau að því leyti, að vera þeirra í ríkisstj. slævi þá kröfu, sem kjósendur SF gera um ný vinnubrögð og endurnýjun. Benda má t. d. á bankakerfið í þessu sambandi. Gömlu flokkarnir hafa lagt það undir sig, hlutað því á milli sín. Þar er engu hægt að hrófla. Þar ríkir í orðsins fyllstu merkingu samábyrgð gömlu flokkanna. Að vísu er talað um það í stjórnarsamningnum að endurskoða bankakerfið, en mér segir svo hugur um, að það sé dauður bókstafur. Og minna má á húsnæðismálastjórn, sem hefur verið mjög á dagskrá að undanförnu. Þar eru settir fulltrúar flokkanna í stjórn til að úthluta lánum handa almenningi, sem er að leitast við að koma sér þaki yfir höfuðið. Spurningin er: Til hvers eiga pólitískir fulltrúar flokkanna að koma þar nálægt?

Aðildin að samsteypustjórn leiðir vissulega af sér, að menn verða oft og iðulega að slaka á og sætta sig við málamiðlun. En SF mega aldrei, að mínu viti, missa sjónar á þessu veigamikla atriði. Félagsleg viðhorf eru undirstaðan í stefnu núv. ríkisstj. Birtist þetta víða í verkum hennar. Af þeim toga er sá skilningur, að landinu verði ekki farsællega stjórnað nema í samráði við fjöldahreyfingar launþega í landinu. Verkalýðshreyfingin bjó við þann harða kost á dögum viðreisnar að þurfa æ ofan í æ að heyja langa og stranga verkfallsbaráttu og horfa síðan upp á það, að umsamdar kjarabætur væru jafnóðum af henni teknar með ýmiss konar bolabrögðum, svo sem skerðingu kaupgreiðsluvísitölu eða gengisfellingu. Nú er af sú tíð. Ríkisstj. bar gæfu til að stuðla að því í vetur, að samningar tækjust með atvinnurekendum og verkalýðshreyfingunni um kaup og kjör til tveggja ára. Með því hefur fengizt vinnufriður í landinu. Árferði er gott til sjávar og sveita, atvinnuleysi hverfandi, raunar víða skortur á vinnuafli og markaðshorfur fyrir útflutningsafurðir góðar. Það er því von, að núv. stjórn sé stórhuga og bjartsýn.

Hún hefur þegar á þeim 10 mánuðum, sem hún hefur setið að völdum, hrundið í framkvæmd fjölmörgu, er horfir til farsældar fyrir þjóðina. Hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, taldi upp þessi atriði fyrir hlustendum s. l. föstudagskvöld, svo að óþarft er að gera hér úttekt á störfum stjórnarinnar og þylja upp verk hennar lið fyrir lið. Segja má, að á flestum sviðum þjóðfélagsins hafi átt sér stað umbætur eða séu í vændum, og ég vil taka undir þau orð hæstv. forsrh., að auðnist ríkisstj. að leysa á giftusamlegan hátt landhelgisdeiluna, mundi það eitt endast henni til lofsverðra eftirmæla, ekki sízt þegar haft er í huga stefnuleysi og dáðleysi fyrrv. stjórnarflokka í þessu lífsspursmáli íslenzku þjóðarinnar.

Á undanförnum mánuðum hafa dunið yfir þjóðina verðhækkanir á vörum og þjónustu, svo að þær spurningar hafa vaknað meðal almennings, hvort núv. ríkisstj. hafi með öllu misst tök á verðlagi og hvort sama víxlhækkun verðlags og kaupgjalds eigi sér stað eins og á tímum viðreisnarstjórnarinnar. Að auki fara nú stjórnarandstöðublöðin hamförum gegn ríkisstj., reyna að villa um fyrir almenningi og skella allri skuldinni á hana varðandi verðhækkanirnar, og sami málflutningur er viðhafður hjá ræðumönnum stjórnarandstöðunnar í þessum umr. Ég vil taka mönnum vara við að trúa þessum áróðri, því að þessar verðhækkanir eru að langmestu leyti arfur frá fyrri stjórn eða frá verðstöðvunarskeiðinu. Þetta er hrollvekjan alræmda í allri sinni dýrð. Ríkisstj. hefur ekki að öllum jafnaði veitt jafnmiklar verðhækkanir og farið hefur verið fram á. Gott dæmi um þetta eru einmitt þær hækkanir, sem Reykjavíkurborg sótti um að fá. Hún sóttist eftir 13.1% hækkun á hitaveitugjöldum í borginni, en fékk 5%. Hún

vildi 16.6% hækkun fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en fékk 10%, vildi fá 21% á strætisvagnafargjöldum í borginni, en fékk 12%. Þetta segir sína sögu. Borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík, sem er skipaður Sjálfstfl.-mönnum, heimtar meiri hækkanir, en síðan deilir Sjálfstfl. á ríkisstj. fyrir of miklar hækkanir. Almenningur á og verður að gera sér fulla grein fyrir þessum óheilindum í málflutningi stjórnarandstöðunnar. En hér á við orðasambandið „bylur hæst í tómri tunnu". Fólki hefur naumast liðið úr minni, að megineinkenni efnahagsmála og þá verðlagsmála á viðreisnartímanum var óðaverðbólga og gengisfellingar. Hins vegar þýðir ekki fyrir núv. stjórn að skjóta sér hjá þeim vanda með tilvísun í axarsköft fyrri stjórnar að taka efnahagsmálin og í þessu sambandi verðlagsmálin föstum tökum. Hin mikla hækkun fjárlaga fyrir þetta ár og framkvæmdaáætlanir ríkisins ber með sér, að fjárfestingar hins opinbera aukast stórum á næstunni. Sú spurning vaknar, hvort hér sé ekki farið of geyst í sakirnar og hvort þessi mikla fjárfesting verði ekki til að kynda um of undir verðbólgunni, ekki síst á tímum, þegar skortur er víða á vinnuafli. Það verður að hefja ósleitilega baráttu gegn verðbólgunni. Hún er sú meinvættur, sem grefur undan atvinnuvegunum, skerðir hlut launþega, skapar misrétti í þjóðfélaginu, gerir sparnað lítils virði og ráðdeildarsemi, elur á gróðabralli og hvers kyns fjármálaspillingu. Ríkisstj. má einskis láta ófreistað til þess að hamla gegn verðbólgunni, jafnvel þótt það kosti óvinsælar aðgerðir. Það er enginn vafi á því, að þjóðin vill færa nokkrar fórnir til að spornað sé gegn verðbólgunni.

Fari verðþenslan úr hófi fram, verður að draga úr fjárfestingunni og minnka innanlandsneyzluna, samtímis því sem leggja verður ofurkapp á að auka framleiðslu útflutningsatvinnuveganna, ella grefur verðbólgan smám saman undan atvinnugreinunum og leiðir að lokum til gengisfellingar og þá höfum við viðreisnina afturgengna. Hættulegasti andstæðingur stjórnarinnar er tvímælalaust verðbólgan, og takist stjórninni ekki að halda henni sæmilega í skefjum, leggur hún ríkisstj. seint og um síðir að velli. Ég fer ekkert leynt með það, að mig uggir, að ríkisstj. hafi ekki enn mótað sér nægilega samræmda og skipulega fjárfestingarpólitík. En það stendur án efa til bóta.

Íslenzka þjóðin heyr látlausa baráttu fyrir tilveru sinni og frelsi. Útfærsla landhelginnar og landgræðslan eru vissulega mikilsverðir þættir í sjálfstæðisbaráttunni. En það má aldrei gleyma því, að Ísland er hersetið land. Í stjórnarsamningnum er boðuð sjálfstæðari og einbeittari utanríkisstefna en á dögum viðreisnarinnar, en hana einkenndi ætíð fádæma undanlátssemi og aftaníossaháttur í utanríkismálum. Hin nýja stjórn hefur þegar sýnt, að hún lætur ekki sitja við orðin tóm. Hún studdi aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, viðurkenndi fljótt Bangla Desh og tók þátt í því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að fordæma nýlendukúgun Portúgala í Afríku. Í samræmi við þessa nýju stefnu í utanríkismálum hefur stjórnin sett sér það mark, að varnarsamningurinn við Bandaríkin verði tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum, og skuli að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Þegar þetta stefnuskráratriði varð heyrum kunnugt, ráku stjórnarandstæðingar upp reiðiöskur mikið og létu eins og þetta væru þjóðarsvik, og röksemdir kalda stríðsins létu ekki á sér standa. Rússneski flotinn væri við landsteinana, rússneskir soldátar reiðubúnir að stíga á land um leið og Bandaríkjamenn færu á brott, kommúnistar væru að búa sig undir að taka völdin í sínar hendur o. s. frv. Fyrir þá, sem þekkja til sögu hersetumálsins, eru þetta ómerkileg rök í meira lagi, — eða muna menn ekki eftir, að áköfustu hersetublöðin beittu því óþverralega áróðursbragði á árunum kringum 1950 að kalla marga ágætustu menn þjóðarinnar kommúnista, laumukomma, hálfkomma eða nytsama sakleysingja, af því að þeir létu ekki sannfærast um það, að herseta væri nauðsynleg í þessu landi?

Og nú á aftur að leika sama leikinn, ala á ótta og skelfingu með þjóðinni. Öllum má vera ljóst, að stórveldin tvö, Sovétríkin og Bandaríkin, hafa skipt heiminum að mestu á milli sín og vilja viðhalda hernaðarbandalögum til að tryggja völd sín. Bæði reka þau útþenslustefnu. Allir muna eftir hinni blóðugu innrás Sovétmanna í Ungverjaland og Tékkóslóvakíu, og hinir hörmulegu atburðir í Víetnam ættu að færa mönnum heim sanninn um, að Bandaríkjamenn eru litlu betri. Stórveldin, hvort sem þau búa við kapítalisma eða kommúnisma, beita smáríkin yfirgangi, ofríki eða valdníðslu, ef þeim býður svo við að horfa. Eða eru menn svo skyni skroppnir, að þeir vilji gera mun á því, hvort hægri menn eða vinstri grípi til valdbeitingar?

Ísland hefur verið hersetið nær látlaust í heilan mannsaldur, og yngsta kynslóðin man ekki annað og hefur ekki kynnzt öðru. Hið óeðlilega ástand, að hafa her í landi, er orðið eðlilegt ástand, og því lengur sem herinn situr, þeim mun erfiðara reynist að koma honum á brott. Vaninn slævir heilbrigðan þjóðarmetnað. Íslendingar hljóta að gera það upp við sig, hvort þeir vilji hafa hér her í landi um aldur og ævi, og hann verður hér um aldur og ævi, ef það á að bíða eftir því, að kommúnisminn líði undir lok í heiminum.

Að endingu vil ég segja þetta: Þegar landhelgismálið verður leyst, kemur væntanlega röðin að hernum, og þá hefst mikil barátta við öflugan fjandaflokk hersetumanna, sem ráða yfir miklu fjármagni, útbreiddum áróðursgögnum og eiga volduga málsvara, eins og t. d. borgarstjórann í Reykjavík, sem talaði hér áðan. Þá ríður á, að allir þeir, sem vilja herinn brott, snúi bökum saman, hvar í flokki sem þeir standa. Brottför hersins er ekki val á milli kommúnisma eða kapítalisma, heldur aðeins spurningin um það, hvort íslenzk sjónarmið eigi að ráða, hvort Íslendingar hafi metnað til þess og vilja að lifa einir og frjálsir í sínu landi. — Góða nótt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sjálfsagt er það flestu fólki enn í fersku minni, hversu núv. stjórnarflokkar lögðu mikið kapp á að koma viðreisnarstjórninni frá völdum. Má raunar enn í þessum umræðum heyra skammir þeirra og svívirðingar um þá aumu stjórn, sem öllu illu til leiðar kom. Við höfum nú í þessum umræðum heyrt, hvernig mannvonzka hennar og þjónkun við atvinnurekendur og auðvald kom í veg fyrir bætt kjör launþega, og við heyrðum á föstudagskvöldið af vörum Magnúsar Kjartanssonar, hvernig viðreisnarstjórnin rak óþjóðholla landráðastefnu og

braut niður þjóðernismetnað og sjálfstæðisvilja þjóðarinnar, svo að notuð séu hans eigin orð.

Þessari voðalegu stjórn var að lokum komið frá, og nú er öldin önnur. Nú ríkir bjartsýni, þjóðarmetnaður og nú er gaman að vera Íslendingur, segir forsrh. Einhver kynni að segja, að það hafi verið kominn tími til, að blessaður maðurinn uppgötvaði þá lífshamingju, en aumt er hlutskipti þess stjórnmálamanns, sem finnst þá fyrst gaman að lifa, þegar hann sjálfur kemst til valda. En kannske er það svo, að þeim mönnum, sem hafa tamið sér það pólitíska siðgæði að saka stjórnmálaandstæðinga sína um landráð og óþjóðhollustu, þeim mönnum finnist ekkert gaman við það að vera Íslendingar, nema þeir fái sjálfir að ráða því í einu og öllu, hvað gerist á þessu landi.

Ragnar Arnalds sagði hér fyrr í kvöld, að stjórnarandstaðan hefði enn ekki áttað sig á, hvar grípa skyldi niður í stjórnarandstöðu sinni hér á þingi. Það vildi ég segja þessum önnum kafna þm., þá loks hann gefur sér tíma til að mæta hér í þingsölum, að stjórnarandstaðan er þá aðeins í erfiðleikum með að grípa niður og taka á málum, vegna þess að af svo ótal, ótal mörgu er að taka. Hitt er rétt, að við setjum fram margvíslega gagnrýni og munum halda áfram að gagnrýna, hversu mikið sem undan henni er kvartað. Við bendum á það, sem miður fer, og látum síðan kjósendur um að leggja dóm á, hvort vegi þyngra kostir eða gallar þeirrar stjórnarstefnu, sem ferðinni ræður. Þannig höfum við vakið athygli á, nú þegar verðhækkanir dynja yfir þjóðina, að það er ekki mannvonzka íhaldsstjórnarinnar, sem veldur því, heldur hin gamalkunnu og óhjákvæmilegu víxláhrif kaupgjalds og verðlags. Þannig höfum við bent á, að stjórn hinna vinnandi stétta sýnir hinum vinnandi stéttum ekki meiri tillitssemi en svo, að hún hefur hnikað til bæði skatt- og framfærsluvísitölu launþegum í óhag og lítilsvirt ein stærstu launþegasamtökin, bandalag opinberra starfsmanna, með því hreinlega að neita að taka upp viðræður um launakjör þeirra. Þannig höfum við bent á, að ef ástandið við valdatöku þessarar stjórnar var svo slæmt sem þeir vilja vera láta, var þá 50% hækkun fjárlaga til þess fallin að draga úr verðbólgu? Ég tek sannarlega undir með síðasta ræðumanni, Bjarna Guðnasyni, að slík vinnubrögð munu að síðustu verða þessari ríkisstj. að falli. Og svo mætti áfram telja. Við höfum bent á galla skattalagabreytinga, minnkandi áhrif sveitarfélaga, óráðsíu í fjármálum, aðgerðarleysi í menntamálum, stefnuleysi í öryggismálum o. s. frv., o. s. frv.

Viðbrögð stjórnarsinna við þessari gagnrýni eru aftur á móti afar athyglisverð og um leið barnalega einföld. Allt, sem gert hefur verið, er til hins betra, en það, sem miður fer í þjóðfélaginu, er afleiðing og arfur frá viðreisninni. Ég nefni dæmi: Fyrir kosningar töldu þeir lífshagsmunamál að komast til valda til að forðast efnahagslega hrollvekju, sem nokkuð hefur borizt í tal hér í kvöld, en nú, níu mánuðum eftir valdatöku þeirra, segja þeir hrollvekjuna enn á góðu lífi. Til hvers að kjósa nýja stjórn, ef vandamálin dafna engu að síður? Og annað dæmi: Eftir að ríkisstj. beitir sér fyrir breytingum á skattalögunum, sem heimila og raunar lögbinda hækkaða fasteignaskatta fyrir sveitarfélög vegna tilfærslu opinberra gjalda frá sveitarstjórnum í ríkiskassann, þá er hafinn áróður fyrir því, að hækkun fasteignaskatta sé sök borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík. Þriðja dæmi: Eftir að allir réttsýnir menn á Íslandi hafa löngu viðurkennt, að erfiðleikatímabilið 1967—68 stafaði af utanaðkomandi og óviðráðanlegum áhrifum, þá grípur Magnús Kjartansson til þess ráðs að gera samanburð á þeim erfiðleikum og ástandinu í dag í þeim villandi tilgangi að draga fram ágæti þessarar ríkisstj. Þannig er þeirra málflutningur, og það er engin furða, þótt þeim mönnum þyki gaman að lifa, sem búa í svo einföldum hugarheimi svarts og hvíts. Og á hvaða plani eru þessar umr., þegar forustumenn þjóðarinnar leyfa sér málflutning slagorða og útúrsnúninga í stað raka og skynsemi?

Ég held, að enginn stjórnarandstæðingur haldi því fram, að ekkert hafi verið framkvæmt af þessari ríkisstj., enda væri það gæfusnauð ríkisstj., sem engu gæti í verk komið. Sjálfstfl. gagnrýnir ekki þá sjálfsögðu skyldu ríkisstj. að gera till. um áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og félagslegrar þjónustu, eins og allar ríkisstj. hafa reyndar gert fyrr og síðar. Gagnrýni okkar sjálfstæðismanna beinist heldur ekki að því, að ríkisstj. geri ekki tilraun til að standa við málefnasamning sinn. Sjálfstæðismenn gagnrýna hins vegar þá grundvallarstefnu, sem þessi málefnasamningur markar. Þeir benda á, að flestar ákvarðanir þessarar ríkisstj. að grundvallarstefnu til þurfa ekki að koma á óvart, ef vinstri stjórn er tekin alvarlega og hún vill standa undir því nafni.

Þannig eru auknir skattar, þ. á m. á hin svonefndu breiðu bök, eðlileg viðleitni þeirrar stjórnar, sem vill draga sem mest fé í ríkiskassann og vill auka völd og umsvif ríkisins. Það þarf engum að koma á óvart, þótt þessi ríkisstj. dragi úr möguleikum atvinnurekstrarins til fjármagnsöflunar og sjóðsmyndunar. Frjáls atvinnurekstur er arðrán í augum sósíalista og skiptir þá engu máli, þó breiðu bökin séu meira en 80% skattgreiðenda, né heldur að frjáls atvinnurekstur sé undirstaða alls atvinnulífs á Íslandi. Það þarf engum að koma á óvart, þótt settur sé á fót skipulagður áætlunarbúskapur, framkvæmdastofnun, sem hrifsa skal til sín alla forustu og frumkvæði í atvinnulífinu. Og það þarf engum að koma á óvart, þótt þess verði vart, að opinberir fjölmiðlar séu misnotaðir með hlutdrægum hætti, þegar það er yfirlýst stefna þessara afla, að það eigi að veita fólkinu pólitískt uppeldi.

Þróun mála og gerðir ríkisstj. eru sannarlega mjög í anda sósíalískrar stefnu, og fólk verður einfaldlega að átta sig á, að það er m. a. þetta, sem að framan er talið, sem í henni felst. Við sjálfstæðismenn vekjum aðeins athygli á, að þeir, sem eru vinstri köllun sinni trúir, vinna markvisst að því, að þessi ríkisstj. gangi mun lengra í átt til ríkisafskipta sósíalismans. Það eru nefnilega fleiri en Ólafur Jóhannesson, sem hafa þá aðeins gaman af því að vera Íslendingar að þeir fái að ráða sjálfir.

Herra forseti. Það, sem ég vildi að lokum gera að sérstöku umtalsefni, er sú heildarmynd, sem fæst af stefnu ríkisstj. með tilliti til ungs fólks og viðhorfa þess. Sú spurning hlýtur eðlilega að vakna, hvort þessi meginstefna, vinstri stefna, stefna ríkisforsjár og miðstjórnarvalds sé í samræmi við þau viðhorf, sem gætt hefur meðal ungs fólks á seinni tímum. Um þau lífsviðhorf og hið nýja gildismat ungrar kynslóðar þarf ekki að fjöl-

yrða, en almennt er viðurkennt, að ungt fólk hafi sett sig upp á móti eða a. m. k. í varnarstellingar gagnvart vélmenningu nútímans, skrifstofubákni og valdakerfi og því standi stuggur af ópersónulegri ofstjórn ofan frá og ofurvaldi iðnvæðingar og fjármagns. Unga fólkið leitar að hlutverki manneskjunnar í tilverunni og þegar öllu er á botninn hvolft, þá höfðar hið nýja gildismat til einstaklingshyggju, frjálsræðis og valddreifingar.

Vegna ummæla Benedikts Gröndals hér fyrr í kvöld, um stuðning Sjálfstfl. við stofnun Seðlabanka Íslands, vil ég taka fram, að Sjálfstfl. hefur aldrei verið og er ekki á móti opinberum hagstjórnartækjum, sem veita upplýsingar og leiðbeiningar, svo framarlega sem slíkar stofnanir taka ekki í sínar eigin hendur allt frumkvæði og framkvæmdir, eins og núv. ríkisstj. stefnir að með sínum till. Ef Alþfl. vill styðja ríkisstj. í þeirri viðleitni að efla valdakerfið og opinbera íhlutun á kostnað einstaklinga, félaga og sveitarstjórna í þessu landi, þá hann um það, það vekur aðeins enn betur athygli á sérstöðu Sjálfstfl. í íslenzkum stjórnmálum. Og sú staðreynd verður þá enn ljósari en fyrr, að ef einhverjir flokkar munu beita sér gegn þeirri þróun, að áhrifum, ábyrgð og framkvæmdum sé dreift í þessu landi, þá munu það sannarlega vera þeir flokkar, sem nú stjórna undir handleiðslu sósíalískra viðhorfa. Ef einhverjir flokkar vilja einstaklingana enn háðari ríkisvaldinu, þá eru það þeir flokkar, sem auka skattbyrðar og draga úr efnahagslegu sjálfstæði borgaranna, og ef það eru einhverjir flokkar, sem hafna samstarfi og samvinnu, þá eru það þeir flokkar, sem boða stéttastríð og byggja málflutning sinn á þeim kenningum, að ein stétt sé verri en önnur. Sjálfstfl. er í andstöðu við þessa ríkisstj. vegna þess, að þessi ríkisstj. er í andstöðu við stefnu Sjálfstfl., einstaklingshyggju, frjálsræði og valddreifingu. Í rauninni er einstaklingshyggjustefnan stærsta viðfangsefni hverrar lýðræðisþjóðar á okkar tímum og aðeins tímaspursmál, hvenær íslenzka þjóðin uppgötvar sinn vitjunartíma í þeim efnum. Þróunin á vissulega að verða í þá átt, að hlutur einstaklinganna í þjóðfélagi nútímans verði aukinn, þannig að það hvetji til ábyrgðar, áhrifa og þátttöku. Þess vegna segi ég, að vinstri stefna, sem boðar miðstjórnarvald, alræði embætta og almætti áætlunarbúskapar, sú stefna er ekki aðeins í andstöðu við brýnustu verkefni lýðræðisins, hún brýtur gegn þeirri hreyfingu, sem raunverulega á sér stað meðal ungs fólks á Vesturlöndum. Hún er dæmd til að mistakast.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Eitt göfugasta einkenni lýðræðis er, að menn viðurkenni rétt til frjálsra skoðanaskipta án ofbeldis. Pólitískur andstæðingur getur haft góðan tilgang, þótt við teljum, að framkvæmd á skoðun hans leiði til ófarnaðar. Þetta þarf að hafa hugfast, þegar umr. sem þessar fara fram. Ég mun í mínum fáu orðum nefna nokkur höfuðeinkenni þessa þinghalds, eins og það hefur komið mér fyrir sjónir.

Hæstv. ráðherrar höfðu það mjög á orði s. l. föstudag, að stjórnarandstöðunni hefði gengið báglega að átta sig á vistaskiptum sínum. Þeir eru með öðrum orðum undrandi á því, að unnt skuli vera að halda uppi stjórnarandstöðu án þeirra aðferða, sem þeir sjálfir eða flokkar þeirra beittu í þeirra aðstöðu, og eru að vonum gneypir yfir. Svo er að sjá, að öðrum hafi illa gengið að átta sig á vistaskiptum. Tími yfirboða og ógrundaðra útgjaldatillagna frá stjórnarandstöðu var liðinn, er núv. stjórn tók við völdum. En stjórnað var samt eftir hinu fræga mottói hæstv. fjmrh., Halldórs E. Sigurðssonar, sem hann setti fram við fjárlagaafgreiðslu nú í vetur. „Fyrst er að ákveða útgjöldin, svo finnum við tekjuöflunarleiðir á eftir.“ Hrædd er ég um, að þetta þætti ekki gott í húshaldi, hvað þá í stærri búskap.

Þótt mikið hafi legið á að leiða þjóðina inn í vinstri sæluna, hefði verið betra, ef hæstv. ríkisstj. hefði gefið sér tíma til að finna grundvöll til að standa á og átta sig á því, hvernig standa átti undir útgjöldum. En hin veizluglaða vinstri stjórn sá enga ástæðu til þess. Málefnasamningurinn frægi, Ólafskver, var nógu traustur grundvöllur fyrir hana. Ákvarðanir fyrst, athuganir svo, gæti staðið sem mottó fyrir því kveri.

Hlutverkum stjórnar og stjórnarandstöðu hefur í ár verið snúið við frá því, sem áður var. Það hefur nú æ ofan í æ fallið í hlut stjórnarandstöðu að spyrna gegn eyðslu og óráðsíu.

Annað áberandi einkenni á þessu þinghaldi varðar sjálfan málatilbúnað ríkisstj. Nokkur stórmál, sem lögð voru fyrir þingið og átti að afgreiða með hraði, voru sjaldgæflega illa undirbúin. Var það að vonum, þar sem flokksleg þægð var tekin fram yfir faglega þekkingu við undirbúning mála oft og tíðum eða þá að málin voru tekin hálfunnin úr höndum undirbúningsnefnda. Stjórninni var raunar vorkunn, enda þáði hún oft fegins hendi aðstoð stjórnarandstöðu við að koma málum í skaplegra horf.

Til að undirbúa málefnahlið stjfrv. gat varla gefizt góður tími frá annríki við að bræða saman hin ólíku pólitísku sjónarmið stjórnarflokkanna. Hæstv. ráðherrum, og þá ekki sízt hæstv. utanrrh., hefur orðið skrafdrjúgt um það í þinginu í vetur, að sambræðslan hafi gengið vel og samkomulag í ríkisstj. sé hið bezta. Vel má á það minna í þessu sambandi, að lítill vandi er að halda heimilisfriðinn, ef jafnan er látið undan þeim, sem lengst vill ganga, og það er margur í þessu landi uggandi vegna þess, hver öfl virðast hafa raunverulegt húsbóndavald í þessari ríkisstj. Tilhneiging til vaxandi ríkisafskipta gengur eins og rauður þráður gegnum mörg mál ríkisstj. Það á sér eðlilega skýringu í samsetningu hennar. Í fyrsta sinn í 15 ár hafa kommúnistar verið leiddir í valdastóla á Íslandi. Lausnarorð þeirra í flestum mannlegum vanda felst í sem mestri forsjá ríkisins og valdhafa þess. En valdhafar eru ekki fullkomnari en annað fólk. Sjálfstfl. telur, að einstaklingnum sjálfum sé bezt trúandi til að ráða málum sínum, og annað samrýmist ekki íslenzkri þjóðarskapgerð. Útlenzkar, ofstækiskenndar efnahagsmálakenningar, kenndar við Marx eða jafnvel Maó, eru upprunnar við okkur alls óskyldar aðstæður í fjarlægu landi fyrir og eftir aldamótin og eiga ekkert erindi við okkar litlu íslenzku þjóð í dag.

Hér á landi hafa menn rétt til hvers konar gagnrýni og mótmæla, séu þau uppi höfð án siðleysis og ofbeldis. En það skilyrði er því miður stundum ekki virt sem skyldi af þeim, sem standa fyrir aðgerðum í útlendum stíl hérlendis, eins og t. d. nú nýlega á lóð Háskólans. Þennan rétt okkar til gagnrýni og tjáningar skulum við

varðveita, þennan rétt hafa menn ekki í ríkjum kommúnismans, þaðan berast okkur enn fregnir af handtökum manna, vegna þess að þeir létu í ljós skoðanir sínar. Við höfum skipað okkur í raðir með lýðræðisþjóðum, sem vilja vernda tjáningarfrelsið. Ég leyfi mér að beina því sérstaklega til ungs fólks, að fyllilega er það tímabært, að hinn þögli meiri hluti slái upp skjaldborg um það, sem alíslenzkt er, lög okkar og íslenzkan rétt, gegn ofbeldi og verndi Ísland gegn útlendum alþjóðlegum kenningakerfum, sem sagan sýnir okkur að leiða til kúgunar.

Góðir hlustendur. Í mörgum málum þings er sem betur fer unnið í bróðerni að málefnalegri lausn án grundvallarágreinings. Þess má geta, sem vel er gert, þó að hér sé lítið tóm til að víkja að einstökum málum. Stjfrv. um stofnun og slit hjúskapar er á lokastigi þessa dagana. Það hlaut vandaðan sérfræðilegan undirbúning í tíð fyrrv. stjórnar, var lagt fram í dómsmálaráðherratíð Auðar Auðuns og svo aftur nú. Margar konur hafa látið sig afdrif þessa máls varða. Það felur í sér ýms merk og mannúðleg nýmæli, — í stuttu máli: virðingu fyrir samheldni fjölskyldunnar sem grundvallarstofnunar í þjóðfélaginu. Ekki hafa þó öll mál, sem mjög snerta fjölskyldu og heimili, hlotið jafngóðan framgang á þingi, t. d. var felld till. sjálfstæðismanna um að 50% af vinnutekjum giftrar konu mætti vera undanþægt frá útsvari, og í Nd. var nýlega felld till. sjálfstæðismanna um að sá, sem missir maka sinn, verði undanþeginn erfðafjárskatti af arfi eftir hann, af eign, sem hann sjálfur hefur tekið þátt í að skapa. Þeir, sem skulda eitthvað í íbúðinni sinni, fá nú ekki lengur vextina frádregna við skattaálagningu. Þessi fáu dæmi eru tekin af handahófi. Ég vil leyfa mér að ljúka máli mínu með því að segja, að við lausn mála vill Sjálfstfl. leggja höfuðáherzlu á vernd og styrk einstaklings, fjölskyldu og heimilis.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Gott kvöld, góðir áheyrendur. Fyrir um það bil einu ári var kosningabaráttan hafin af fullum krafti. Í þeim áróðri, sem þá var beitt gegn þáv. stjórnarflokkum, var mjög hamrað á stjórnleysi í atvinnumálum og minnt á mikið atvinnuleysi, sem var á árunum 1968 og 1969 vegna einstæðra efnahagsörðugleika, sem stöfuðu af verðfalli afurða okkar. Var því haldið fast fram, að við stjórn væru þreyttir menn og úrræðalausir. Eina lausnin væri að fá í ráðherrastólana nýja menn með nýjar hugmyndir, og þá væri þjóðinni borgið. Þessi áróður bar árangur. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. missti meiri hluta sinn, og núv. stjórnarflokkar fengu starfhæfan meiri hluta undir forustu Framsfl., sem þó tapaði í kosningunum.

Var nú mynduð þriggja flokka stjórn. Hæstv. ríkisstj. tók til starfa fyrir réttum 10 mánuðum. Sem starfsgrundvöll hafði hún mjög umfangsmikinn starfssamning. Í þessum samningi má raunar finna með góðri túlkun ákvæði, sem snerta flest milli himins og jarðar. Og til þess að skilja þetta nú allt saman, sem þar er að finna, hefur hæstv. forsrh. bent þingheimi og öðrum á að lesa kverið sitt kvölds og morgna, — þá mun skilningurinn koma með tímanum, eins og hann orðaði það sjálfur.

Eftir nærri mánaðar samningsþóf við stjórnarmyndun birtist ráðherralistinn. Þá kom í ljós, að kommúnistum voru fengin meiri völd hér á Íslandi en nokkru sinni fyrr í sögu landsins, og vonandi kemur slíkt aldrei fyrir aftur. Þetta segi ég vegna þeirrar reynslu, sem þjóðin hefur af valdaaðstöðu þeirra undanfarna 10 mánuði, og mun ég koma nánar að því síðar.

Auðheyrt var, að hæstv. forsrh. var ánægður í föstudagsumræðunum. Hann undirstrikaði það, að nú væri gaman að vera Íslendingur. Þetta eru merkileg orð. Er hér verið að gefa í skyn, að Íslendingar hafi ekki áður unað vel við sitt hér á landi? Telur hæstv. forsrh., að með meiri valdaaðstöðu en nokkru sinni fyrr í íslenzku þjóðfélagi til handa kommúnistum sé meiri gleði og ánægja meðal almennings í landinu? Ég vil eindregið vara við slíkri afstöðu. Hér líður fólki vel vegna fyrri velgengnisára, en ekki af afrekum núv. ríkisstj. Það er bezt, að hver dæmi fyrir sig, en það mun vera staðreynd, að margir bera ugg í brjósti yfir þróun mála, sem núv. ríkisstj. ber ein ábyrgð á. Þar gætir áhrifa, sem enginn þjóðhollur Íslendingur telur vænlegt að innleiða hér, en það er óvirðing fyrir röð og reglu í samskiptum manna, að fámennir uppivöðsluhópar leiki hér lausum hala. Það er bein ögrun við lýðræðishugsjónina og okkar þjóðskipulag. Engum á að vera þetta betur ljóst en hæstv. forsrh., fyrrv. prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Virðing fyrir lögum og rétti er og á að vera hornsteinn í íslenzku þjóðfélagi. Það hefur ekki farið leynt hjá okkur, sem fylgjumst með vinnubrögðum kommúnista í Alþb., að þeir færa sig nú rækilega upp á skaftið og munu halda því áfram, meðan þess er nokkur kostur. Andvaraleysi gagnvart þessari þróun er ekki verjandi. Nú vill svo til, að hæstv. forsrh. er einnig dómsmrh., og ber honum sem slíkum að tryggja lög og rétt í þjóðfélaginu. Við vonum allir, innan þings sem utan, sem viljum búa við lýðræðisskipulag, þar sem virðing er fyrir frelsi og rétti einstaklingsins, að nokkrir einstaklingar vaði ekki hér uppi og taki fram fyrir hendur ráðh.

Forsrh. gat þess, að mörgum þætti nóg um starfsemi ríkisstj. Manni verður nú á að brosa við þessi orð. Eitt fyrsta verk ríkisstj. var að losa um mikla peninga, sem hún tók við í sjóðum af fyrri stjórn, og deila þeim út strax. Í öðru lagi hefur yfirdráttur á reikningi við Seðlabankann vaxið mjög hröðum skrefum og er nú miklu, miklu hærri en nokkru sinni áður í sögunni eða yfir 1800 millj. Þessi yfirdráttur var 408 millj. 1. maí 1971, en 1. maí s. l. var hann 1835 millj., — hvílíkur mismunur. Kannske gleðjast sumir yfir þessu, en þó held ég, að það sé rétt, að einhver hafi áhyggjur af þessari fjármálastefnu, einkum þegar haft er í huga, hversu geysileg þenslan á öllum sviðum athafnalífsins og verðlagsþróunin hefur verið undanfarna mánuði og mun verða áfram að öllu óbreyttu. Þessi uggur í mönnum er t. d. meðal manna í atvinnurekstri frystihúsanna hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Áheyrendur geta sjálfir lesið fréttir af aðalfundi þeirra. Ég held, að þessir menn séu vel dómbærir á stöðu frystihúsanna í dag. Þeir eru forsvarsmenn samvinnufyrirtækja og hljóta að meta stöðuna með það í huga, en ekki út frá þröngum einkahagsmunasjónarmiðum. Mig minnir nú einnig, að marga tugi millj. sé búið að nota til styrktar atvinnulífinu í kjördæmi hæstv. forsrh. vegna erfiðleika þar. Enginn sér eftir þessu fjármagni, en það

er hollt að líta á hlutina eins og þeir eru og vera ekki með neina sveitarómantík í því sambandi. Við lifum ekki til lengdar á slíku.

Eitt af grundvallaratriðunum í stjórnarsáttmálanum var að koma á fót Framkvæmdastofnun ríkisins. Þetta hefur verið gert. Að meginefni studdum við þetta frv. í Alþfl., en vorum hins vegar gersamlega á móti því, að þrír sérstakir pólitískir umboðsmenn væru sem forstjórar fyrir stofnuninni. Þetta var þá gert að svo sterku trúaratriði, að ekki mátti heyra annað nefnt. Mikið var gert úr skipulagsleysi undanfarinna ára í sambandi við fjárfestingu og uppbyggingu atvinnulífsins. Hér átti flest að reka á reiðanum, fyrir veðri og vindi, — en hvað skeður nú? Sú meginbreyting, að þrír menn eru settir inn sem sérstakir fulltrúar ríkisstj., en annað starfslið er áfram, og auðvitað er byggt á þeirri reynslu og hæfni, sem þetta fólk hafði, þegar það vann við hliðstæð verkefni hjá Efnahagsstofnuninni. Mikið undirbúningsstarf var við áætlunargerð, og byggir ríkisstj. á þeirri reynslu, sem hafði fengizt í þessum efnum. Það er því vísvitandi blekking og aðeins lúaleg tilraun til að gera lítið úr verkum þeirra manna, sem unnu við þessi störf áður, en þá undir annarri stjórn, og gefur það í skyn, að ekkert hafi verið gert á þessu sviði. Hér má bæta því við í sambandi við hin margumræddu togarakaup, að við umr. í Ed. Alþ. gat hæstv. sjútvrh. þess, að stjórn á þeim kaupum væri í sínum höndum og ekki viðkomandi „stofnuninni", eins og menn almennt kalla Framkvæmdastofnunina í dag. Þetta kunni l. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, illa við og taldi hér geta verið við verðugt verkefni að glíma. Það er ekki nóg að hafa stofnunina, ef mikil togstreita er um verkefnin, sem hún á að fá til meðferðar.

Fyrrv. ríkisstj. var mjög hart gagnrýnd fyrir sparifjárbindinguna, og voru það einkum framsóknarmenn, sem það gerðu, og margsinnis vildu þeir, að úr henni yrði dregið eða þá hætt. Vald Seðlabankans var að þeirra dómi of mikið, — en hvað skeður nú? Ekkert einasta orð um hina hættulegu sparifjárbindingu núna í Seðlabankanum. Nei, þvert á móti er afar gott að geta fengið milljón eftir milljón, já, hundruð milljóna hjá bankanum núna handa ríkissjóði. Ég bið áheyrendur að taka eftir svona vinnubrögðum. Vitanlega vissu þessir menn betur, en það gat verið heppilegt til áróðurs gagnvart þáv. ríkisstj. að segja fólki, að allt of mikið fé væri bundið undir stjórn Seðlabankans og þess vegna væri erfitt með víxla og kaupfélögin í rekstrarvandræðum. En hver eru hin raunverulegu viðbrögð hæstv. ríkisstj. varðandi sparifé landsmanna og aðferð hennar til þess að ná inn fé frá bönkunum í þeim tilgangi fyrst og fremst að fá lánsfé og draga úr verðþenslunni? Jú, það er að gefa út skuldabréf á aðeins hálfu ári að upphæð um 700 millj. kr. Auk þess á Seðlabankinn að taka upp alveg nýja hætti í peningaviðskiptum milli ríkissjóðs annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar. Hér er farið út á hála braut. Seðlabankinn hyggst greiða alls 12% í vexti og þóknun, en takið eftir því, að hér er talað um þóknun í sömu andránni. Ef þetta verður innleitt, er komið á vaxtaokri og innleidd þóknunarrenta, og kann það að vera hættulegt fordæmi í peningamálum þjóðarinnar almennt séð, jafnt í bankakerfinu sem manna á meðal. Ég vara við svona vinnubrögðum, þótt ríkissjóður eigi í erfiðleikum og mikil þensla ríki. Miklu vænlegra tel ég vera að viðurkenna gildi sparifjárins með því að láta ákveðna prósentu af innlögðu fé vera skattfría eða draga það frá tekjuskattinum og þetta fé sé til ráðstöfunar fyrir framkvæmdir hjá hinu opinbera eftir sérstökum reglum. Eðlilegt er, að Seðlabankinn tæki við þessu sparifé og allt yrði skráð á nafn. Ég tel sannarlega kominn tíma til þess, að fólk fái viðurkenningu fyrir að fara vel með fjármuni sína. Sparifé, sem þannig er lagt inn, verður að vera bundið um sinn og síðan til ráðstöfunar með vissum fyrirvara, þar sem það hefur notið sérstakra skattfríðinda.

Glaðzt er mjög yfir hinum mikla framkvæmdavilja þjóðarinnar og sagt, að aldrei hafi annar eins vilji ríkt á meðal þjóðarinnar og nú í þessum efnum. En hvers vegna vilja menn flýta sér? Því er sleppt. Má ég hins vegar benda hæstv. ríkisstj. á þá staðreynd, að tvær meginorsakir liggja þessari þróun til grundvallar: Í fyrsta lagi góð afkoma áranna 1970 og 1971, í öðru lagi mjög sterkur og almennur ótti við óðaverðbólgu og síþverrandi gildi peninganna, en ávinning af skuldasöfnun. Mikil sparifjáraukning hefur verið á tveimur síðastliðnum árum, og fólk vill eðlilega ekki sjá fé sitt hverfa sem dögg fyrir sólu vegna þeirrar miklu óvissu, sem nú er fram undan í peningamálum okkar. Fólkið treystir sem sagt ekki á jafnvægið og skipulagið og því síður á það, að gengið haldist óbreytt, þrátt fyrir gefin loforð í málefnasamningnum góða. Efast heldur nokkur um það? Örstutt frétt kom hér á dögunum á þá leið, að nýtt stofngengi væri formlega viðurkennt. Hvað þýðir þetta í raunveruleikanum? Auðvitað gengisfellingu um nærri 8% gagnvart flestum gjaldmiðlum, og sá enginn hæstv. ríkisstj. bregða hið minnsta við þessa gengisfellingu. Það má bara ekki kalla hlutina réttu nafni, af því að í málefnasamningnum segir: Við munum ekki beita gengisfellingum til lausnar efnahagsvandamálum. Nú er ég alls ekki talsmaður gengisfellinga og tel þær algjört neyðarúrræði og áður eigi að reyna næstum hvað sem vera skal til lausnar efnahagsörðugleikum. Hins vegar sýnir reynslan það, að menn verða að gera stundum þær ráðstafanir, sem góður málefnasamningur kemur jafnvel ekki í veg fyrir.

Þeir eru hugmyndaríkir framsóknarmennirnir. Að loknum miðstjórnarfundi þeirra fyrir skömmu kom ritari þeirra fram í sjónvarpi með nýja kenningu, sem hefur manna á meðal fengið nafnið kofakenningin, og er inntak hennar, að fólkið hafi það of gott í landinu og menn verði nú að byggja smátt og ódýrt og spara mjög við sig, m. a. ferðalögin. Ég held, að almenningur í landinu sé nú í dag sem fyrr fullfær um að taka ákvarðanir á eigin spýtur innan þess ramma, sem þjóðfélagið skapar honum, fyrir sína fjölskyldu og um íbúðir sínar og ráðstöfun fjármuna.

Athyglisverð eru þessi orð hæstv. forsrh. á föstudagskvöldið: „Það verður að hafa í huga, að núv. ríkisstj. er samsteypustjórn þriggja flokka, sem um margt eru ólíkir og hafa mismunandi viðhorf til ýmissa málefna." Þetta eru orð að sönnu, og vil ég í því sambandi t. d. nefna eftirfarandi dæmi, sem sýna, hvað sundurleitur hópur fer með stjórn landsins í dag. Það er nauðsynlegt, að almenningur viti um þetta og geri sér grein fyrir því til þess að forðast slíkt í framtíðinni. Fyrst vil ég nefna, að hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson,

flutti fyrir alllöngu frv. um húsnæðismálastofnun, sem nú er algjörlega fast í n. og enn ekki samstaða um að halda áfram. Engin fjárhagsleg lausn á peningavandamálum við húsbyggjendur er þó finnanleg í frv., og allt í lausu lofti með lausn þeirra mála, en mörg hundruð millj. vantar í byggingarsjóði. Einnig flutti sami ráðh. stórt og mikið frv. um hafnarmálin og rakti gildi þess í langri ræðu og bað samgmn. að flýta afgreiðslu frv., en enn hafa ekki verið fundir í n., og frv. mun því ekki fara í gegn á þessu þingi. Um hæstv. menntmrh. get ég verið stuttorður. Hann hefur valið þann kostinn að fara sér varlega, og er það sennilega mjög skynsamlegt eftir atvikum. Þó sýndi hann tvö mikilsverð frv. nú þessa dagana, en auðvitað skeði ekkert meira. Hæstv. iðn.- og orkumrh., Magnús Kjartansson, hefur talað fyrir sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þ. e. niðursuðunni. Hann vissi um mikla mótstöðu frá samráðherrum og félögum sínum, en til þess að berja frv. áfram hótaði hann öllu illu við umr. í Ed. og kom því þannig áfram, þó með því, að hv. stjórnarþm. Björn Jónsson greiddi ekki atkv., heldur sat hjá. Deilan stóð um það, hver skyldi hreppa sinn fulltrúa í stjórn sölusamtakanna, en Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósepsson fá að tilnefna sinn fulltrúann hvor og svo fjmrh., en Hannibal Valdimarsson ekki. Einnig kom fram í Sþ. till. til þál. um undirbúning að breyttri skipan raforkumála. Um margt í þessari till. er mikill ágreiningur innan stjórnarliðsins, og nú er verið að berja saman till., sem er hvorki fugl né fiskur, kannske einhvers konar lagmeti í dós, sem á að reyna að koma í gegnum þingið nú fyrir lokin. Að lokum vil ég nefna frv. frá hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepssyni, um tæknistofnun sjávarútvegsins. Það frv. er nú til meðferðar í Ed. og hefur strandað þar í bili, og upplýst er, að það var alls ekki borið upp í umsögn hjá aðalstjórnarflokknum og mætir þar andspyrnu. Eins og er verður ekkert sagt um framvindu þess. Þessi tilvik, sem ég nefni hér, eru aðeins spegilmynd af innri átökum, sem eru að koma fram í dagsljósið við afgreiðslu mála hér á hv. Alþ.

Við í stjórnarandstöðunni erum mjög gagnrýndir fyrir óraunhæfa afstöðu gagnvart hæstv. ríkisstj. Þetta er ekki rétt hvað okkur í Alþfl. snertir. Vissulega höfum við veitt lið sumum málum, sem komið hafa fram frá ríkisstj., en svo uppteknir hafa sumir þm. stjórnarliðsins verið innanlands sem utan, að þeir hafa ekki mætt í þingsölunum, og við í stjórnarandstöðunni höfum hjálpað til að koma góðum málum fram og þannig flýtt fyrir þingstörfum hæstv. ríkisstj. Haldi hins vegar svo fram sem nú stefnir, fer þeim málum sennilega fækkandi, sem fylgis njóta af okkar hálfu. Það yrði þá áfall fyrir vinstrisinnaða fólkið í landinu, ef stjórn, sem kennir sig við vinstri stefnu, bíður algert skipbrot. Slíkt mundi aðeins flytja fylgi yfir til íhaldsins. Þess vegna leggjum við á það höfuðáherzlu í Alþfl., að allt vinstrisinnað fólk meti stöðu flokkakerfisins upp að nýju í dag og geri sér grein fyrir, að lýðræðisjafnaðarstefnan er það, sem sigur gefur, og tryggir borgurum þessa lands beztu lífskjörin, þegar til lengdar lætur. Látum öfgastefnurnar sigla sinn sjó, stöndum fast saman um lýðræðislega jafnaðarstefnu í þjóðfélagi okkar.

Þökk þeim, er hlýddu. — Góða nótt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Gróði og aftur gróði. Þannig lýsti formaður Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, stefnu flokksins í útvarpsumr. á föstudagskvöldið var. Þetta er raunar engin nýjung, enda þótt Sjálfstfl. hafi oft gert sér far um að dulbúa þessa stefnu sína og leyna henni, en það er gróðinn og aftur gróðinn, sem formaður Sjálfstfl. ber fyrir brjósti, þegar hann leggst gegn brottför hersins og fer þess á leit, að friðarhugtakið sé skilgreint að nýju. Með kaldastríðsáróðri reynir hann og aðrir sjálfstæðismenn að telja þjóðinni trú um, að hennar vegna sé þörf á her í landi, en sannleikurinn er sá, að máttarstoðir flokksins þurfa frið til að geta grætt meira og meira. Síðast í gær var í Morgunblaðinu skýrt frá slíkri gróðavon. Margumrædd flugbrautarlenging í Keflavík er að hefjast, en verkið er ekki boðið út. Íslenzkir aðalverktakar, sem í skjóli Sjálfstfl. hafa öðlazt einokunaraðstöðu á Keflavíkurflugvelli, semja við herinn um greiðslu. Kostnaður er áætlaður 200—300 millj. kr. Gjafafé Bandaríkjastjórnar til verksins nemur hins vegar 507 millj. kr. Þannig skammta fjármálabraskarar Sjálfstfl. sér sjálfir gróðann. Það eru hagsmunir þessara manna, sem stjórnmálaforusta Sjálfstfl. ber fyrir brjósti. Í krafti fjármálagróða, sem einokunaraðstaðan á Keflavíkurflugvelli hefur fært, hafa Íslenzkir aðalverktakar getað beitt sams konar einokunaraðstöðu við framkvæmdir í þágu Íslendinga. Þeir lánuðu á sínum tíma ríkisstj. fé til að leggja veg fyrir ofan Elliðaár með því skilyrði, að verkið yrði ekki boðið út, en að þeir fengju að vinna það eftir reikningi. Ríkisstj. þáv. lagði blessun sína á slíkt einokunarvald fjármagnsins og síðar sannaðist, að reikningurinn hljóðaði upp á tugi millj. umfram eðlilegan kostnað. Almenningur borgar gróðann og aftur gróðann með skattpeningum sínum og það er verðugt umhugsunarefni fyrir almenning, hvernig fjármálaeinokun hermangara brýtur niður lýðræðisleg samskipti á vinnumarkaði og kemur í veg fyrir, að verk sé unnið á hagkvæmastan og ódýrastan hátt.

Gróði og aftur gróði gerir það að verkum, að Sjálfstfl. er orðinn ófær um að taka sjálfstæða afstöðu til heimsmála. Fyrir nokkrum dögum bar á góma hér á hæstv. Alþ. síðustu viðburði í Víetnam. Viðburði, sem geta haft alvarlegustu afleiðingar og stjórnmálamenn í Bandaríkjunum og í Evrópu hafa mótmælt. Utanrrh. lýsti því í þessum umr., að hann hefði fyrir hönd ríkisstj. mótmælt þessari þróun mála í Víetnam, og það var enn einn vottur þess, hversu núv. ríkisstj. tekur afstöðu í utanríkismálum óháða Bandaríkjunum. Stjórnmálaflokkar telja það skyldu sína að taka afstöðu til mála, sem geta skipt sköpum fyrir hag og velferð þjóða, en þegar Jóhann Hafstein, formaður Sjálfstfl., kvaddi sér hljóðs í þessum umr., hafði hann enga skoðun á málinu. Eina erindi hans í ræðustól var að fara með glaðklakkalegt spott og spé í garð þeirra, sem dirfðust að færa þetta mál í tal. Belgingur var eina framlag Sjálfstfl. í þessum umr. Hefði Jóhann Hafstein verið stunginn prjóni á þessari stundu hefði mikið loft streymt út í þingsalinn.

Gróði og aftur gróði. Jafnvel lýðræðið láta sjálfstæðismenn falt, þegar hernámsgróðinn er annars vegar. Snemma á þessu þingi lögðu þeir fram till. um stofnun nefndar til að starfa með utanrrh. að endurskoðun varnarsamningsins svonefnda milli Íslands og Bandaríkjanna. Þingflokkar skyldu tilnefna í nefndina,

en einn þó útilokaður, Alþb., vegna skoðana flokksins á aðild Íslands að NATO. Hér var um að ræða ódulbúna tilraun til að meina stjórnmálaflokki áhrif og afskipti af stjórnmálalegri ákvörðunartöku á grundvelli stjórnmálaskoðunar einnar saman. Ákveðin skoðun var bannfærð sem slík, en það telja allir sannir lýðræðissinnar hættulegra tilræði við lýðræði en nokkuð annað. Ef við eigum að geta varðveitt lýðræði og skoðanafrelsi í þessu landi, verðum við að standa á verði gegn öllum tilraunum Sjálfstfl. í þessa átt. Eftir aðeins 10 mánuði í stjórnarandstöðu standa nú sjálfstæðismenn berskjaldaðir — þegar rökin bregðast þeim sjálfum, leggja þeir til, að aðrir þagni.

Eitt tækið er enn í höndum fámennrar klíku innan Sjálfstfl., höfuðborgin sjálf. Við heyrðum tóninn í Geir Hallgrímssyni hér áðan. Með aðgerðum ríkisstj. er Reykjavík skilin eftir á flæðiskeri, sagði hann. Hann var ekki mannborulegur, borgarstjórinn, þegar hann var að telja upp allar þær álögur, sem hann er nú að leggja á Reykvíkinga. Útsvar verður innheimt með álagi, fasteignaskattur á húsum verður innheimtur með álagi, jafnframt því sem hann hefur sótt manna fastast að fá að hækka verðlag á allri þjónustu við borgarbúa. Þannig notar Geir Hallgrímsson borgarstjórastöðu sína í þágu sinnar eigin stjórnmálabaráttu, því að allar hækkanir Geirs borgarstjóra eru gerðar í þeim eina tilgangi að magna verðbólgu og auka þenslu, í því skyni að koma ríkisstj. á kné í efnahagsmálum. Þess munu fá eða engin dæmi, að borgarstjórn hafi hækkað framkvæmdafé um 98% á einu ári. Þetta er gert eingöngu til þess að réttlæta auknar álögur á borgarbúa. Reykvíkingar eru á þennan hátt neyddir til að greiða í kosningasjóð íhaldsins. Næsta skref í stórsókn vinstri manna í Reykjavík verður að varpa af sér því oki að vera tæki í valdabaráttu Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson mun áreiðanlega geta komið sér fyrir annars staðar en á þessu flæðiskeri, Reykjavík.

Það er líklega aðför að Reykjavík, að dómi borgarstjóra, að ríkisstj. skuli nú eftir langa baráttu af hálfu vinstri manna ákveða hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagheimila, en fyrir Alþ. liggur nú stjfrv. þess efnis. Þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi til helming af stofnkostnaði dagheimila og allt að 30% af rekstrarkostnaði. Með þessu myndarlega átaki er íslenzka ríkið komið í hóp þeirra Norðurlandaþjóða, sem fremstar standa í þessum efnum. Hér er um að ræða eitt þeirra fyrirheita, sem stjórnarflokkarnir lofuðu í málefnasamningi sínum, og enda þótt frv. verði ekki samþ. sem lög fyrr en í haust, þá verður unnt að taka tillit til þessara útgjalda við gerð fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Ríkisstj. gaf líka fyrirheit um að tryggja í framkvæmd fullt jafnrétti landsmanna án tillits til kynferðis, stéttar eða búsetu. Nýjustu lagabreytingar í tryggingalöggjöfinni miðuðu m. a. að því að uppræta misrétti kynjanna. Frv. um jafnlaunaráð, sem nú liggur fyrir Ed. til afgreiðslu, er mikilvægur liður í þá átt að tryggja konum í launþegastétt fullt jafnrétti á vinnustað. Þessi barátta kvenna er bæði mannréttindabarátta og verkalýðsbarátta. Stjórn, sem kennir sig við launafólk í landinu, getur ekki látið það afskiptalaust, að atvinnurekendur notfæri sér ódýran vinnukraft kvenna í skjóli ýmissa fordóma, sem samfélagið í heild er haldið af. Barátta kvenna til jafnréttis er mannréttindabarátta. Þetta skildi Alþfl. og bar gæfu til að fylgja frv. um jafnlaunaráð í þeirri mynd, sem líklegust er til að tryggja áhrifamátt þess í þeim verkefnum, sem því er ætlað að vinna, en Sjálfstfl. skildi líka og hefur beitt sér fyrir því að tefja málið og spilla því, með Ragnhildi Helgadóttur í fararbroddi, og þar skorti ekki liðsinni unga mannsins í þingflokki Sjálfstfl., sem talaði hér á undan mér um nýtt gildismat í þjóðfélaginu. Í augum sjálfstæðismanna er frelsi atvinnurekenda til að beita misrétti friðhelgara en jafnrétti til handa konum.

Gróði og aftur gróði, sagði Jóhann Hafstein. Þar fylgdi hugur máli, án efa, enda hefur öll stjórnarandstaða Sjálfstfl. borið þess vott, þar sem þeir hafa á annað borð reynt að beita sér. En vinstri stjórnin metur meira, að þjóðin fái að búa ein og frjáls í landi sínu. Hún tekur hagsmuni alls þorra Reykvíkinga fram yfir gróða og völd fámennrar sérhagsmunaklíku og hún mun halda áfram að vinna að félagslegum umbótum og jafnrétti allra landsmanna.

Gróði Sjálfstfl. er tap þjóðarinnar. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er augljóst, að tveir hv. þm., Ellert B. Schram og Jón Árm. Héðinsson, sakna valdanna sárlega, því að þeir telja það eingöngu hafa verið vegna þeirra, sem hæstv. forsrh. lét þau orð falla, að nú væri gaman að vera Íslendingur. Eins og þeir minnast, sem hlýddu á forsrh., voru þessi orð sögð í allt öðru sambandi eða af því að gaman væri að vera Íslendingur á umbóta- og framsóknartímum. Það sjónarmið virðast þeir Ellert og Jón ekki hafa, og er það leiðinlegt um svo unga menn.

Það á við á þessum eldhúsdegi, að menn rifji upp það ástand, sem var hér, þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Það ástand var í stuttu máli á þessa leið: Miklum verðhækkunum hafði verið frestað um stundarsakir við bráðabirgðaverðstöðvun. Nær allir kaupsamningar voru lausir og fram undan voru miklar kaupdeilur, sem hefðu leitt til stórverkfalla að óbreyttri stjórnarstefnu, eins og glöggt má ráða af reynslu áranna 1968—1970. Elli- og örorkulaun voru orðin skammarlega lítil, því að hin nýja forusta Alþfl. hafði misst allan áhuga á eflingu almannatrygginga. Ein helzta atvinnugrein landsmanna, togaraútgerðin, hafði grotnað niður og þurfti að endurnýja hana að fullu. Frystihúsin þurftu einnig stórfelldar endurbætur, ef framleiðsla þeirra átti að vera söluhæf á Bandaríkjamarkaði í framtíðinni. Iðnaðurinn bjó við mikla rekstrarfjárkreppu. Bændur voru launalægsta stétt landsins. Framlög til framkvæmda í strjálbýlinu voru mjög takmörkuð, enda fólksflótti til þéttbýlisstaðanna sívaxandi. Fullkomlega skorti stjórn á fjárfestingarmálum, sem tryggði forgangsrétt þeirra framkvæmda, sem voru mest aðkallandi. Ekkert hafði verið aðhafzt í landhelgismálinu um 10 ára skeið eða síðan nauðungarsamningarnir voru gerðir við Breta og V.-Þjóðverja 1961. Í innsta hring beggja stjórnarflokkanna ríkti trúleysi á íslenzkt framtak og atvinnuvegi og það helzt til bjargar, að útlendingar fengju hér ódýra raforku til að koma upp stóriðju. Þessi áróður studdi mjög trúleysi á land og þjóð eins og sést á því, að fleiri Íslendingar fluttust héðan búferlum á árunum 1968–1970 en nokkru sinni áður á þessari öld. Kjörtímabilið 1967—1971 einkenndist af meiri dýrtíðarvexti, stærri verkföllum og stórfelldara atvinnuleysi en dæmi eru

um hérlendis eða í nálægum löndum eftir síðari heimsstyrjöldina. Ómurlegri vitnisburð var ekki hægt að fá um það, að bandalag Sjálfstfl. og Alþfl. var orðið ófært um að stjórna landinu.

Þótt ekki séu liðnir nema réttir 10 mánuðir síðan núv. ríkisstj. kom til valda, verður ekki annað sagt en orðið hafi stórfelld stefnubreyting. Þjóðareining hefur náðst um þá stefnu núv. stjórnarflokka að færa fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur ekki síðar en 1. sept. 1972 og segja upp samningunum frá 1961. Í fyrsta sinn um langt skeið hefur tekizt að gera víðtæka kjarasamninga án stórfelldra verkfalla og það til lengri tíma en áður, en vinnufriður er frumskilyrði þess, að hægt sé að takast á við verðbólguna. Samkv. þessum samningum mun grunnkaup hækka í áföngum, en laun hinna lægstlaunuðu hækka mest og er það verulegt spor í þá átt að gera lífskjörin jafnari og réttlátari. Laun bænda í verðlagsgrundvelli búvara hafa hækkað í samræmi við hina nýju kjarasamninga. Ellilaun og örorkulaun hafa verið stórhækkuð, einkum þó þeirra, sem ekki hafa aðrar tekjur. Sett hafa verið lög um aukið orlof og styttan vinnutíma. Þá er Alþ. í þann veginn að setja lög um stórbætta aðstöðu þess skólafólks, sem hefur erfiðasta námsaðstöðu. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að endurnýja togaraflotann og dreifa hinum nýju togurum þannig á milli útgerðarstaða, að tilkoma þeirra mun stórefla jafnvægi í byggð landsins. Lán til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa verið stóraukin og verið er að samþykkja lög, sem tryggja iðnaðinum stóraukin rekstrarlán. Framlög ríkisins til verklegra framkvæmda hafa verið stórlega aukin, einkum þó til framkvæmda í strjálbýlinu. Stefnt er að því að ljúka hringvegi um landið fyrir 1974 og rafvæða öll sveitabýli fyrir þann tíma. Hafizt hefur verið handa um að gera skipulega áætlun um gróðurvernd landsins, og í nýjum jarðræktarlögum er í fyrsta sinn tekinn upp styrkur til hagaræktunar. Unnið er að því að gjörbreyta skattkerfinu, og hafa allir helztu nefskattar verið afnumdir, en þessu starfi er ekki lokið enn, og verður hið nýja skattkerfi því ekki dæmt til fulls af skattlagningunni á þessu ári. Síðast en ekki sízt skal nefna lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, en henni er ætlað að tryggja forgangsrétt þeirra framkvæmda, sem mest eru aðkallandi, og tryggja skipulega og markvissa hagnýtingu fjármagns og vinnuafls, án þess að grípa til hafta, eins og gert var af fjárhagsráði Sjálfstfl. og Alþfl. á árunum 1947–1949.

Hér er hvergi nærri allt talið, sem núv. ríkisstj. hefur þegar gert eða hafizt handa um. En vissulega ber þetta merki um stórhuga stefnu og mikla athafnasemi. Hitt skal svo játað, að stjórninni hefur enn ekki tekizt að ná þeim tökum á verðbólgunni, sem stefnt er að, þ. e. að draga úr vexti hennar, svo að hún vaxi ekki hraðar hér en í nágrannalöndunum. Því var ekki heldur lofað af núv. stjórnarflokkum, að þetta mundi takast á fyrsta ári eftir kosningarnar, heldur var þvert á móti þráhamrað á því fyrir kosningarnar af öllum núv. stjórnarflokkum, að hér hlytu að verða miklar verðhækkanir, þegar verðstöðvuninni lyki. Þetta stafaði einfaldlega af því, að haustið 1970 var orðið ljóst, að þá þegar þyrfti að gera erfiðar efnahagsráðstafanir og því vildu margir leiðtogar Sjálfstfl. efna til þingkosninga þá strax, því að óvinsælar ráðstafanir yrðu ekki gerðar fyrir kosningar. Þessu hafnaði Alþfl. og að ráði hans var gripið til hinnar svonefndu verðstöðvunar, þ. e. að fresta því að fást við vandann fram yfir kosningarnar og láta eins og allt væri í bezta lagi. Það varð svo ljóst, að þetta mundi frekar auka vandann en auðvelda hann, enda lýsti færasti hagfræðingur þáverandi stjórnarflokka því ástandi, sem tæki við eftir verðstöðvunina, sem hreinni hrollvekju. Það er þessi hrollvekja eða verðhækkanirnar, sem verðstöðvunin frestaði, sem gengur yfir nú. Þessi hrollvekja hefur þó orðið miklu minni en ella vegna tilkomu núv. ríkisstj., því að hún hefur beitt miklu strangara verðlagseftirliti en fyrrv. stjórn hafði gert. Þannig hefur hún ekki fallizt á nema brot af þeim verðhækkunum, sem Reykjavíkurborg hefur farið fram á. Hver trúir því, að Jóhann og Gylfi hefðu ekki fallizt til fulls á verðhækkunarkröfur Geirs? Sama hefði gilt um fjölmörg önnur tilfelli.

En þótt núv. ríkisstj. hafi þannig tekizt að draga úr hrollvekjunni, hefur hún samt orðið mikil, en nú eru horfur á, að henni taki að linna og mesta verðhækkunaraldan sé liðin hjá. Nú verður því að kappkosta að halda dýrtíðinni í skefjum, þótt útilokað sé að ætla að stöðva allar verðhækkanir. En hér reynir ekki aðeins á ríkisstj. heldur alla þjóðina. Sífellt eru einstakir hópar að reyna að knýja fram hækkanir umfram aðra og skapa þannig hættuleg fordæmi. Það næst ekki fullnægjandi árangur í þessum efnum, nema þjóðin standi með stjórninni í glímunni við sérhagsmunahópana.

Tvennt hefur einkennt mest það þing, sem er að ljúka störfum. Annað er hin mikla umbótastefna ríkisstj., hitt er hin stefnulausa og mótsagnakennda framkoma stjórnarandstöðunnar. Nokkurt dæmi um þetta er afstaða hennar til framkvæmdaáætlunarinnar. Sjálfstæðismenn segja, að hún geri ráð fyrir allt of miklum opinberum framkvæmdum, og er það í fullu samræmi við stefnu Sjálfstfl. sem íhaldsflokks. En þegar til kastanna kemur, bera sjálfstæðismenn þó ekki fram neina till. um að draga úr framkvæmdum, heldur flytja ásamt öðrum flokkum till. um að hækka framkvæmdaáætlunina um 300 millj. vegna aukinna framkvæmda. Alþfl. fylgir Sjálfstfl. í þessu eins og öðru, síðan Gylfi Þ. Gíslason kom heim frá Kaupmannahöfn.

Annað dæmi um þetta eru fjárlögin. Stjórnarandstaðan deildi á þau og sagði þau allt of há, en flutti þó ekki neina till. til lækkunar, heldur bar fram till., sem hefði hækkað útgjöldin um hálfan milljarð kr., og þar af flutti Gylfi Þ. Gíslason einn till. um 200 millj. kr. hækkun.

Þriðja dæmið eru skattalögin. Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram hér á Alþ., að skattarnir yrðu allt of háir samkv. hinum nýju skattalögum, en í borgarstjórn Reykjavíkur beitir Geir Hallgrímsson, varaformaður Sjálfstfl., sér samt fyrir því að hækka fasteignagjöldin um 50% og útsvörin um 10%.

Fjórða og síðasta dæmið af mörgum, sem ég skal nefna, er um verðhækkanirnar. Annað veifið deilir stjórnarandstaðan harðlega á þær, en hitt veifið deila stjórnarandstöðublöðin á ríkisstj. fyrir að hafa ekki leyft meiri hækkanir. Það hefur meira að segja verið kölluð aðför að Reykjavík og Reykvíkingum, að ríkisstj. leyfði ekki meiri hækkun á heitu vatni, rafmagni og strætisvagnagjöldum. Þannig fylgir stjórnarandstaðan engri ákveðinni stefnu, heldur er bæði með og móti hækkunum. Þetta stefnuhringl og stefnuleysi foringja

stjórnarandstöðunnar veldur nú vaxandi óánægju meðal stuðningsmanna hennar, og er stofnun hins svonefnda þriðja afls í þingflokki sjálfstæðismanna nokkurt dæmi um það. Þar er um að ræða veika tilraun til að reyna að bæta vinnubrögð flokksins, en lítil von er til, að þetta beri árangur, frekar en hliðstæð tilraun, sem gerð var í Alþfl., meðan Gylfi Þ. Gíslason var í Kaupmannahöfn.

Það Alþ., sem nú er að ljúka störfum, hefur markað djarfa og alhliða umbótastefnu, sem á margan hátt minnir á árin 1927—1930, þegar stórhuga umbótastefna og hagstætt árferði héldust í hendur. Framsókn hefur leyst íhaldsstefnuna af hólmi, en þessi nýja framfarastefna mun þó því aðeins ná fullum tilgangi, að það takist að ná nægilegum tökum á verðbólgunni. En þar veltur ekki aðeins á ríkisstj. og Alþ., heldur fyrst og fremst því, að þjóðin sýni þann skilning, að unnt verði að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að reynast í þessum efnum. Ríkisstj. og flokkar hennar biðja um slíkan skilning. Bregðist hann ekki, mun árangurinn verða glæsilegur.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú er ég í nokkrum vanda staddur, því að á margt þarf að minnast, en ræðutíminn aðeins 10 mín., og verður því á fáu einu gripið.

Ég hef reynt að mynda mér skoðun um frammistöðu stjórnarandstöðunnar í þessum umr. Hvaða áhrif skilur hún eftir? Hefur hún verið hörð? Já, að því leyti, að notuð hafa verið nógu stór orð. En að öðru leyti ekki. Hefur hún verið beinskeytt og hnitmiðuð? Þar er svar mitt ákveðið neitandi. Hún hefur hvorugt verið. Það er hárrétt, sem menntmrh. sagði, hún er flöktandi og veik, og ég bæti við, hún er fálmkennd og ruglingsleg.

Þetta er fyrst og fremst afleiðing þess, að forusta Sjálfstfl. er margskipt, frekar rislág og nýtur ekki almenns trausts. Þetta vita fylgismenn Sjálfstfl., og þetta vita foringjar hans jafnvel. Það hefur skipt um á þeim bæ síðan þar réðu húsum höfðingjar eins og Jón Þorlákssson, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson. Að baki þeim stóð flokkurinn ávallt eins og bjarg, þó að ein og ein smáklíka héldi oft uppi andófi gegn þeim, það skipti samt engu máli. En aðaleinkennið nú er, að meginstofn flokksins sjálfs skiptist upp í Jóhannsmenn, Geirunga og Gunnarsliða og enn í Ingólfssinna og Magnúsarmenn. Forustan er þannig fimmskipt, ekki má það nú minna vera. Ja, það er stand á Goddastöðum núna, það má nú segja.

En hvað er þá um hinn stjórnarandstöðuflokkinn, Alþfl.? Hans veikleiki er fyrst og fremst sá, að hann er veill og hálfur í andstöðunni. Þetta var t. d. mjög bert af ræðu hv. 5. landsk. þm., Stefáns Gunnlaugssonar, s. l. föstudag. Hann lýsti yfir stuðningi Alþfl. við mörg mál stjórnarinnar og sagði síðan: Alþfl. á fremur samleið með stjórnarflokkunum en með Sjálfstfl., en þó kaus hann, þ. e. Alþfl., að vera í stjórnarandstöðu um sinn. Þetta sagði þm. Já, en hvers vegna kaus flokkurinn að vera í stjórnarandstöðu, þegar SF knúði það fram í stjórnarmyndunarviðræðunum, að Alþfl. var boðið að vera með, svo að hann, einmitt með tilliti til sameiningarmálsins, gæti orðið sama megin borðsins? Voru það ekki mistök? Það hljóta að hafa verið mistök að vera nú í stjórnarandstöðu með Sjálfstfl., sem hann síður á samleið með, gegn þeim flokkum, sem hann á fremur samleið með. Þetta er að vera á villigötum, skilst mér. Þetta er og ömurlegt hlutskipti, sem getur ekki leitt til þróttmikillar stjórnarandstöðu af hans hendi, enda er því ekki til að dreifa.

Ræðumenn Sjálfstfl. hafa viljað koma því inn hjá hlustendum í þessum umr., að þjóðfélagið undir vinstri stjórn sé eins og sökkvandi flak og fram undan sé niðamyrkur og tortíming. Allt er að fara fjandans til, að þeirra dómi. Þetta er auðvitað svo glórulaust ofstæki, að enginn tekur mark á. Þar er greinilega skotið yfir markið. En þannig lýsir formaður Alþfl., hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, ekki ástandinu. Slíkt glórulaust ofstæki á hann ekki til. Honum fórust svo orð í þingræðu fyrir fáum dögum: „Þjóðin býr nú við betra ástand í efnahagsmálum en nokkru sinni.“ Og þetta er hárrétt. Peningatekjur fólks, sagði hann, fara mjög hækkandi. Líka rétt. Eftirspurn eftir vinnuafli fer mjög vaxandi. Enn rétt. Horfur eru bjartar um afkomu þjóðarbúsins og óþarft að óttast, að kjör þjóðarinnar sem heildar fari versnandi. Ánægjuleg sannindi þetta og ekki alveg samhljóða svartnættissöng Sjálfstfl. Síðan bætti þm. við: Það er ekki minni vandi að stjórna landi og þjóð í góðæri en í hallæri. Og líka þetta er hverju orði sannara. Þetta eru skoðanir hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um þjóðmálaástandið nú eins og er, hvað sem hann nú kann að segja, þegar hann stígur í pontuna á eldhúsdegi, hér á eftir.

Þessi gjörólíka túlkun stjórnarandstöðuflokkanna á þjóðmálaástandinu í landinu sýnir betur en allt annað hversu ósammála, sundurleitir og sundraðir þeir eru. En út af lýsingu Gylfa Þ. Gíslasonar á blómlegu þjóðfélagsástandi nú, sem er hárrétt, vil ég gera þá játningu, að líklega er ríkisstj. og þá ekki síður sveitarstjórnirnar í landinu á vafasömum brautum, þegar góðærinu er mætt með margföldun framkvæmda. Slíkt getur óneitanlega leitt til háskalegrar ofspennu.

Það er rétt stefna hjá því opinbera, ríki og sveitarfélögum á hverjum tíma að draga úr framkvæmdum, þegar atvinnuvegirnir standa með blóma. Keppa ekki við þá um vinnuaflið, heldur leggja fjármagn til hliðar, en auka svo framkvæmdir sínar aftur um allan helming, þegar undan fæti hallar hjá atvinnuvegunum. Þannig eiga ríkið og sveitarfélögin að vera eins konar öryggisventill heilbrigðs atvinnulífs. En það virðist vera hægara að kenna heilræðin en halda þau. Hverjir vilja una samdrætti framkvæmda í góðærinu? Þeir eru víst fáir. Þá telja allir sér alla vegi færa. Það er því hverju orði sannara, að sízt minni vandi er að stjórna í góðæri en hallæri.

Hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, talaði af alkunnri silkimýkt sinni s. l. föstudag, og hafði ævintýrið um Ólaf liljurós að uppistöðu. Hann fór mörgum hörðum orðum um flagð það, sem verðbólga nefnist, og kvað hana vera rót alls ills, og á hann þar marga skoðanabræður. Ég hygg, að hann muni með þessu tali öllu hafa viljað hitta og koma höggi á fyrrv. stjórnarlið, Sjálfstfl. og Alþfl., gefa þeim svona á mjúklegan hátt sitt undir hvorn, þessum tvímenningum, sem ólu snák þennan við brjóst sér um 12 ára skeið. Í framhaldi af því hafði hann núv. stjórn fyrir allþungum sökum, — og fyrir hvað? Fyrir það að hafa ekki komið ódæðinu fyrir

á 10 mánuðum. Af þessu er ljóst, að þarna er einn á ferðinni og hann meira að segja úr forustuliði Sjálfstfl., sem mikið traust ber til núv. stjórnar og ætlar henni fátt ómáttugt á skömmum tíma. Ég skal fúslega játa, að aldrei hafði mig dreymt um það, að verðbólguvandinn yrði leystur á nokkrum mánuðum. Ég hef því enn ekki orðið fyrir neinum vonbrigðum með það. Það er maður úr forustuliði Sjálfstfl., sem gerði sér vonir um það. Mér þætti vel af sér vikið, ef það hefði tekizt, þótt ekki væri fyrr en í lok kjörtímabilsins, en til þess er góðrar samstöðu þörf, rétt eins og í landhelgismálinu, því að verðbólguvandinn er erfiður úr að leysa.

Að skattamálunum hefur nokkuð verið vikið í þessum umr. Um þau skal ég fátt eitt segja annað en það, að hið nýja skattkerfi fær nú að sýna sig og verður reynt á þessu ári. Hinu er margyfirlýst, að endurskoðun þess heldur áfram, og vel get ég látið í ljós efasemdir um það, að hægt verði að leysa tekjuvanda sveitarfélaga og ríkissjóðs til langframa með beinum sköttum einum. Því er bezt að vera við því búinn að þurfa enn að kanna nýjar leiðir í skattamálum. Svo hafa fleiri þjóðir en við Íslendingar orðið að gera.

Herra forseti. Ég vil nú, áður en ég lýk máli mínu, nefna hið helzta, sem mér finnst þessar umr. hafa skýrt fyrir hlustendum eða jafnvel leitt þá í sannleika um. Það er í fyrsta lagi, að kaupmáttur launa hefur vaxið mjög verulega, þrátt fyrir miklar verðhækkanir. Í öðru lagi, ástæða er til mikillar bjartsýni um fullan sigur í landhelgismálinu vegna órofasamstöðu allra flokka um málið og öruggrar forustu ríkisstj. Í þriðja lagi, stærra átak er nú verið að gera í uppbyggingu togaraflotans og íslenzks skipastóls yfirleitt en nokkurn tíma áður í íslenzkri sögu. Í fjórða lagi, ríkisvaldið tekur nú í fyrsta sinn forustu um að brjóta braut íslenzkum niðursuðuiðnaði, sem margfaldað getur verðmæti íslenzkra sjávarafurða. Í fimmta lagi, ráðizt er í stórbrotnari viðfangsefni í samgöngumálum þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr. Í sjötta lagi, almannatryggingar hafa verið stórlega bættar frá því sem var, og með áframhaldandi endurskoðun tryggingalöggjafarinnar er stefnt að því, að Ísland standi jafnfætis fremstu þjóðum heims í tryggingamálum. Og í sjöunda og síðasta lagi, á sviði félagsmálalöggjafar hefur Alþ. það, sem nú er að ljúka störfum, orðið mikilvirkara en nokkurt annað þing um áratugaskeið. Margt fleira væri ástæða til að rifja upp, en hér verður að nema staðar.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Þjóðfélagið í dag er þegar orðið betra þjóðfélag en alþýðustéttir Íslands áttu við að búa fyrir aðeins tæpu einu ári síðan. Höldum því svo fram stefnunni. Þjóðfélagsmeinsemdirnar eru margar, þjóðfélagsmisréttið mikið og margvíslegt og mikilla umbóta þörf. Alþýðustéttir Íslands munu vissulega styðja núv. ríkisstj. öfluglega til umbóta á íslenzku þjóðfélagi til aukins jafnréttis og meira réttlætis. Það ríkir vissulega bjartsýni á Íslandi í dag, af því að fólkið finnur, að áfram miðar til réttrar áttar.

Ég þakka þeim, sem hlýddu, og býð góða nótt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Samgrh. sagði áðan, að stjórnarandstaðan væri ekki beinskeitt eða hörð, að mikið ósamkomulag væri í Sjálfstfl. Við sjálfstæðismenn um land allt viljum segja: Trúið ekki þeim rógi, sem andstæðingar sjálfstæðismanna bera á borð um sundrung í Sjálfstfl., því að þar ríkir samheldni og eining. Við sjálfstæðismenn höfum viljað gefa ríkisstj. vinnufrið, en hún grefur undan sér sjálf og mun falla á eigin bragði.

Vegna ræðu hv. 5. þm. Austf. vil ég aðeins segja þetta: Áætlun um lokarafvæðingu sveitanna var ákveðin af fyrrv. ríkisstj. Afurðalán landbúnaðarins hafa örlítið verið hækkuð, aðeins örlítið, enda hafa þau verið í samræmi við útlán á afurðum sjávarútvegsins. Aukið fjármagn til Landnámsins er vegna laga, sem voru samþ. í aprílmánuði 1971. Frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins hefur verið lagt fram, en verður ekki samþ. Vonandi verður það ekki lagt fram aftur í svipuðu formi.

Landbrh. hafði lítið að segja um landbúnaðarmálin. Hann ásakar mig fyrir að skrifa bréf. Hann miklast af því að hafa útvegað Stofnlánadeild landbúnaðarins fé. Stofnlánadeildin fékk alltaf nægilegt lánsfé til ráðstöfunar í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég stærði mig aldrei af því að útvega það fjármagn. Bændaskólinn á Hvanneyri er kominn langt. Ég útvegaði 7.5 millj. kr. að láni til að hægt væri að vinna enn meira á árinu 1971 en veitt hafði verið fé til á fjárlögum. Er það ásökunarefni?

Um vegamálin vil ég segja þetta: Ríkissjóður greiddi árið 1971 101 millj. kr. í vexti og afborganir af vegalánum, en Vegasjóður aðeins 15 millj. Hækkun fjár Vegasjóðs er 16% á þessu ári, frá því sem var 1971. Er það sennilega minna en hækkun vegagerðarkostnaðar verður á þessu ári. En lán eru nú meiri en áður voru tekin. Hv. 4. landsk. þm. gerði flugbrautarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli að umtalsefni. Talaði um 500 millj., sem Ameríkumenn lána eða gefa í þá braut. Hvernig hefði farið með þessar framkvæmdir, ef þetta fjármagn hefði ekki komið? Hæstv. fjmrh. lýsti því, að til hins ýtrasta væri teygt á þanþolinu í sambandi við framkvæmdaáætlunina og ekki væri unnt að útvega meira fjármagn. Ef þetta fjármagn hefði ekki komið frá Ameríku, hefði ekki verið byrjað á þessari nauðsynlegu framkvæmd á Keflavíkurvelli. Hv. þm. talaði um gróða og gróðavon og Íslenzka aðalverktaka, en hvernig eru Íslenzkir aðalverktakar samsettir? Ríkið á 25%, SÍS 25% og iðnaðarmenn á Íslandi 50%. Fyrirtækið Íslenzkir aðalverktakar var stofnað undir handleiðslu framsóknarmanna, þegar þeir fóru með utanríkismálin.

Stjórnarflokkarnir fengu meiri hl. vegna margvíslegra loforða, sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar. Fjöldi kjósenda hafði gleymt vinstri stjórninni gömlu, sem sat að völdum 1956—1958, og þeim vanda, sem stjórnarfarið á þeim árum leiddi yfir þjóðina. Sýnilegt er, að núv. ríkisstj. heldur ekki betur á málum en gamla vinstri stjórnin gerði. Verðbólgan flæðir yfir með enn meiri hraða en 1957—1958. Talsmenn ríkisstj. reyna að telja þjóðinni trú um, að verðhækkanirnar séu að mestu leyti sök fyrrv. ríkisstj. Einnig er því haldið fram, að hækkun fjárlagaútgjalda ríkissjóðs sé afleiðing af fyrri stjórnarstefnu. Nauðsynlegt er, að þjóðin geri sér grein fyrir, hvað rétt er í þessu eins og öðru. Auðvitað má rekja nokkurn hluta af hækkun fjárlaga 1972 til lagasetningar fyrri ára og ákvarðana fyrri ríkisstj. Það dæmi var gert upp vel og heiðarlega á síðasta hausti, þegar 1. umr. um fjárlög ársins 1972 fór fram.

Fjmrh. lagði fjárlagafrv. fyrir árið 1972 fram

greiðsluhallalaust, og var þá ekki gert ráð fyrir, að leggja þyrfti á nýja skatta vegna afgreiðslu fjárlaga. Fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, benti réttilega á, að tekjur umfram fjárlög 1971 gerðu miklu meira en að standa undir þeim hækkunum útgjaldaársins, sem rekja mætti til fyrrv. ríkisstj. Á haustdögum fór vel á með Halldóri E. Sigurðssyni fjmrh., og fyrrv. fjmrh., Magnúsi Jónssyni, sem skilaði af sér með miklum sóma fjármálum landsins. Fjmrh. Halldór E. Sigurðsson tók glaður við góðu búi og gaf fyrirrennara sínum kvittun fyrir, sem alltaf verður í fullu gildi. Nú er eins og fjmrh. hafi gleymt þeim tölum, sem hann gaf upp s. l. haust og kvittaði fyrir.

Með fjárlagafrv., sem var lagt fram í upphafi þings og var rætt fáum dögum síðar, var allt tilgreint um ríkisfjármálin, sem viðkom fráfarandi ríkisstj. Það er fleira en kvittunin frá því í okt. s. l., sem staðfestir góða stöðu ríkissjóðs við stjórnarskiptin. Fáum kemur til hugar, að fjmrh. hefði gefið samþykki fyrir því að greiða utan fjárlaga um 700 millj. kr. á fimm mánuðum árið 1971, ef hann hefði ekki talið fjármálin vera í góðu lagi, þegar hann tók við forsjá þeirra. Þegar til staðreyndanna er vitnað, getur enginn efazt um, að hækkun fjárlaga á árinu 1972 skrifast að langmestum hluta á reikning núv. ríkisstj.

En hvað er um verðhækkanirnar og dýrtíðina, sem nú flæðir yfir landið, að segja? Er það rétt, sem stjórnarflokkarnir halda fram, að þær megi rekja að mestu til ríkisstj., sem fór frá völdum fyrir 10 mánuðum? Þær verðhækkanir, sem rekja má til fyrrv. stjórnar, komu fram strax s. l. haust, eftir að verðstöðvunarlögin féllu úr gildi. Var það lítill hluti af þeim hækkunum, sem orðið hafa. Að halda því fram, að verðhækkanirnar séu að mestu arfur frá fyrrv. stjórn, er fávíslegt og lítilmannlegt. Ríkisstj. má líkja við krakka, sem eru síklagandi og vilja kenna öðrum um allt, sem illa fer, þótt það sé þeirra eigin sök. Til stuðnings málflutningi sínum vitna talsmenn ríkisstj. í Ólaf Björnsson prófessor, sem þeir bera mikið traust til, en rangtúlka þó ummæli hans. Ólafur Björnsson talaði um hrollvekju, sem koma mundi, ef ekki yrði brugðizt rétt við, þegar gildistími verðstöðvunarlaganna rynni út. Það hefur komið á daginn, að Ólafur hafði rétt fyrir sér. Hrollvekjan er komin, vegna þess að ríkisstj. tók ekki til greina viðvörun hans og fleiri góðra manna. Ríkisstj. kyndir undir verðbólgunni með því að hækka fjárlög eins og raun ber vitni og með lántökum meiri en nokkur dæmi eru til um áður. Ríkisstj. lætur reka á reiðanum ráðvillt og stefnulaus. Þess vegna flæðir nú meiri verðbólga og dýrtíð yfir landið en dæmi eru til utan stríðstíma.

Þar sem talsmenn ríkisstj. hafa vitnað í Ólaf Björnsson, ættu þeir að gera það áfram. Ólafur Björnsson flutti nýlega ræðu í hagfræðingafélaginu. Þar sagði hann m. a.: Afkoma okkar Íslendinga er mjög góð, og í rauninni væri hægt að gera ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguþróunina, án þess að skerða hár á höfði nokkurs manns svo að heitið gæti.

Það, sem Ólafur á við með þessum orðum, er það, að þetta væri hagfræðilega mjög auðvelt, en bætir því við, að pólitískt eða stjórnmálalega sé það erfiðara. En ríkisstj. hefur ekki leitað ráða hjá Ólafi Björnssyni, með hvaða hætti mætti helzt hamla gegn verðbólgunni. Ólafur Björnsson var með í ráðum, er verðstöðvunarlögin voru sett 1970. Sjálfstæðismenn vilja hafa hann áfram með í ráðum, þótt hann sé ekki á þingi. Engum er ljósara en Ólafi Björnssyni, að gera varð ráðstafanir, þegar gildistími verðstöðvunarlaganna væri liðinn. Verðstöðvunarlögin voru til góðs fyrir almenning og þjóðarheildina, meðan þau voru í gildi, en þau gátu ekki staðið óbreytt til frambúðar.

Á tímabilinu 1. júní 1970 til 1. júní 1971 var almenn kaupmáttaraukning hjá launþegum 19%. Atvinnulífið gekk með eðlilegum hætti, og unnið var að því að koma upp nýjum atvinnugreinum. Verðbólgan truflaði ekki atvinnureksturinn, og arður þjóðarbúsins var meiri en áður. Á miðju s. l. ári var gjaldeyrisvarasjóðurinn 4 500 millj. kr. Greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði í árslok 1970 500 millj. kr., og greiðslujöfnuður var hagstæður við útlönd. Í stað greiðsluhalla, sem varð hjá ríkissjóði 1971, hefði orðið áfram greiðsluafgangur það ár, ef ábyrg fjármálastefna hefði verið ráðandi. Nýir kjarasamningar voru gerðir fyrir síðustu áramót. Í þeim áttu að felast kjarabætur, en vegna verðbólgu og stjórnleysis er talið, að kjarabæturnar séu horfnar. Talsmenn stjórnarflokkanna vilja þó ekki viðurkenna það. Þeir segja, að kauphækkun komi um næstu mánaðamót vegna vísitöluhækkana og þá muni kjarabæturnar koma í ljós, en forseti Alþýðusambands Íslands var svo hreinskilinn að minna á, að verðhækkanirnar, sem orðið hafa síðustu vikurnar, koma launþegum ekki til góða í vísitölunni um næstu mánaðamót, og verður því áfram halli á kaupgjaldsreikningnum.

Það er ömurlegt til þess að vita, að þræðinum skyldi verða sleppt s. l. haust, þegar tíma verðstöðvunarlaganna lauk. Í stað þess að hafa hemil á verðbólgunni og tryggja með því heilbrigt efnahagsástand virðist stefnt að stórkostlegum hallarekstri, sem getur leitt til stöðvunar atvinnuveganna eða gengislækkunar. Það, sem hér hefur verið sagt, er ekki nöldur stjórnarandstöðunnar, heldur kaldar staðreyndir, og það, sem stuðningsmenn ríkisstj. segja þessa dagana. Í nýlegu fréttabréfi frá SÍS segir m. a.:

„Sjávarútvegurinn. Svart útlit, þrátt fyrir góðar ytri aðstæður.“ Enn fremur segir í sama bréfi: „Ljóst er, að brátt kreppir enn meira að, ef þeirri verðbólgu, sem nú gengur yfir, linnir ekki.“ Þannig horfir í sjávarútveginum, þrátt fyrir hærra afurðaverð en nokkru sinni áður og sæmileg aflabrögð, þegar á heildina er litið. Í sama bréfi er fullyrt, að frystiiðnaðurinn sé kominn inn í hallareksturstímabil og sennilega megi segja það sama um annan útflutningsiðnað. Margir gerðu sér fulla grein fyrir því, að ríkisstj. mundi verða þjóðinni dýr, en fáir munu hafa trúað því, að í mesta góðæri færi flest úr skorðum á jafnskömmum tíma og raun ber vitni. Ef sjálfstæðismenn hefðu verið við völd, þegar verðstöðvunarlögin féllu úr gildi, hefðu heilbrigðar efnahagsráðstafanir þegar verið gerðar. Það var mögulegt að koma í veg fyrir, að hrollvekjan gerði innrás í íslenzkt efnahagslíf, eins og Ólafur Björnsson hefur nýlega minnzt á. Nauðsynlegt hefði verið að gera nokkrar leiðréttingar á kaupgjaldi og verðlagi í samráði við aðila vinnumarkaðsins. Í framhaldi af því var óhjákvæmilegt að gera með lögum ráðstafanir til frambúðar í samráði við atvinnustéttirnar til þess að hamla gegn dýrtíð og verðbólgu. Með þeim hætti var að því stefnt að tryggja aukinn kaupmátt launa í meðalárferði vegna

aukinnar framleiðni atvinnuveganna. Þannig væri líklegasta leiðin farin til þess að efla atvinnulífið og skapa atvinnuöryggi til frambúðar. Þannig mætti vinna að fullum sáttum milli vinnuafls og fjármagns, en það er mikilvægt til þess að tryggja vinnufrið í landinu. Ef hemill er hafður á verðbólgunni, geta launþegar fengið aukinn kaupmátt launa, en ef dýrtíðin vex hömlulaust, eins og hún gerir nú, hverfur kauphækkunin fljótt vegna verðhækkana. Þetta skilja launþegasamtökin og munu því vera fús að vinna heils hugar að lausn verðbólguvandans. Ríkisstj. hefur ekki gert neitt í þeim málum. Hún hefur látið sér nægja að veifa fölskum loforðum framan í launþega og landsmenn alla. Þetta er sú raunasaga, sem þjóðin öll verður að gjalda fyrir. Fyrrverandi ríkisstj. vann að eflingu atvinnuveganna. Hún vann að því að koma upp nýjum atvinnugreinum til þess að tryggja atvinnu í landinu og auka þjóðartekjur. Þess vegna var atvinnuleysið horfið og atvinna nægileg fyrir alla löngu áður en stjórnarskiptin urðu á s. l. ári. Þeir, sem höfðu farið til útlanda í atvinnuleit á erfiðleikaárunum, komu margir til baka aftur á árunum 1970 og '71. Þannig var allt á réttri leið í efnahags- og atvinnumálum landsins, þegar stjórnarskiptin urðu. Í lýðræðisþjóðfélagi má eðlilegt teljast, að stjórnarskipti verði og að þingmeirihluti breytist. Við því er ekkert að segja. Það er reginmisskilningur, þegar því er haldið fram, að við sjálfstæðismenn sættum okkur ekki við það út af fyrir sig að vera utan ríkisstj. Það, sem við hörmum og er sorglegt, er, að stjórnarfarið undanfarna mánuði hefur grafið undan heilbrigðu efnahagslífi og eðlilegum starfsháttum í þjóðfélaginu. Það mun koma enn betur í ljós síðar, áður en langt líður, að þetta er ekki byggt á svartsýni, heldur er um staðreyndir að ræða. Það verður erfitt verk, en mikilvægt, sem kemur til með að liggja fyrir næstu ríkisstjórn. Ég trúi því, að sú hamingja og heill fylgi Íslandi, að ekki bregðist lengi, að þjóðin megi fá ríkisstjórn, sem tekur málin réttum tökum og tryggir farsæla stjórnarhætti, góð lífskjör og áframhaldandi framfarir í landinu. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er undarlegt, að jafn dagfarsprúður maður og Ragnar Arnalds skuli bera á borð fyrir alþjóð jafn fáránleg ósannindi um Alþýðublaðið og hann leyfði sér að gera hér áðan. Í sambandi við það, að nú er tekið að offsetprenta Alþýðublaðið, hafa verið gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á rekstrinum, en Alþýðublaðið er að sjálfsögðu eign Alþfl. eftir sem áður og málgagn hans. Hins vegar hefur sala og útbreiðsla Alþýðublaðsins stóraukizt undanfarna mánuði. Það er eflaust ástæðan til ósanninda Ragnars Arnalds.

Það er furðulegt, að maður, sem fylgist eins vel með málum hér á Alþ. og Þórarinn Þórarinsson, skuli telja sér sæma að segja, að einhver breyting hafi orðið á stefnu og störfum þingflokks Alþfl., síðan ég kom heim frá Kaupmannahöfn í des. s. l. Hann hlýtur að vita, að þetta er ekki rétt, enda hafa engin dæmi verið nefnd um slíkt. Í þingflokki Alþfl. hefur enginn ágreiningur verið um starf eða stefnu, hvorki meðan ég var erlendis né eftir að ég kom heim.

Þegar ný ríkisstj. er mynduð, er eðlilegt, að ýmsar vonir séu bundnar við störf hennar, einkum og sér í lagi er við því að búast, að þeir, sem stuðluðu að myndun hennar með atkvæði sínu, fagni henni og vænti af henni góðs. Slíkt átti sér án efa stað á s. l. sumri. En þótt ekki séu liðnir nema 10 mánuðir síðan hin nýja ríkisstj. var mynduð, er enginn vafi á því, að þeim hefur farið mjög fækkandi, sem glaðzt hafa yfir myndun ríkisstj. Þeim hefur farið mjög fjölgandi og fer nú fjölgandi með hverjum mánuðinum sem líður, sem verða fyrir vonbrigðum, jafnvel sárum vonbrigðum. Auðvitað glöddust menn í fyrra yfir auknum tryggingabótum, sem góð afkoma ríkissjóðs gerði mögulegar, allir góðir Íslendingar fögnuðu því, að kjarasamningar tókust til tveggja ára án verkfalla, — en hvað er það þá, sem veldur vonbrigðum, hvers vegna er nú uggur í mönnum?

Íslendingar búa nú við eitt hið mesta góðæri í sögu sinni. Þjóðarframleiðsla hefur aldrei verið meiri, viðskiptakjör hafa aldrei verið hagstæðari. Þegar þetta er haft í huga, ætti það að geta verið rétt, sem hæstv. forsrh. sagði í útvarpsumr. á föstudag, að nú sé gaman að vera Íslendingur. Í sjálfu sér er ávallt gaman að vera Íslendingur, — en hvers vegna skyldi nú ekki öllum Íslendingum finnast jafngaman og hæstv. forsrh.? Ef við svipumst um í íslenzku þjóðfélagi í dag, í hagstæðasta árferði, sem um getur, er myndin þessi: Verðlag neyzluvöru fer síhækkandi, fasteignaverð rýkur upp úr öllu valdi, útgjöld ríkisins vaxa, gjaldeyriseyðsla eykst hröðum skrefum, gjaldeyriseign þjóðarinnar minnkar, skuldir erlendis vaxa, sparnaður minnkar, undirstöðuatvinnuvegirnir eiga erfiðara að fá nauðsynlegt vinnuafl, fjárskortur fyrirtækja vex, framleiðslukostnaður þeirra hækkar. Það er þetta ástand, sem kallað er verðbólga. Í mesta góðæri, sem komið hefur um langan aldur, vex verðbólga örar en átt hefur sér stað í langan tíma. Það hefði átt að vera höfuðverkefni nýrrar ríkisstj. á fyrsta starfsári hennar að vinna gegn verðbólgu. Slík þróun bitnar jafnt á launþegum og atvinnuvegum. Þess vegna hefði ný ríkisstj. átt að skoða það meginskyldu sína að koma í veg fyrir slíkt. Í þessum efnum hefur núv. ríkisstj. brugðizt. Hún hefur ekki reynzt þessum vanda vaxin. Hún hefur engar tilraunir gert til þess að hemja verðbólguvöxtinn, hún hefur þvert á móti eflt eða kynt undir verðbólgubálinu með gegndarlausri hækkun fjárlaga og fyrirætlunum um skipulagslausar framkvæmdir án mótunar nokkurrar heildarstefnu í framkvæmda- og fjáröflunarmálum.

Ýmsum mun hafa brugðið í brún, er þeir heyrðu ræðu hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, í umr. s. l. föstudagskvöld. Þar var ekki á ferðinni sá landsfaðir, sem birzt hefur öðru hverju undanfarið í þessum ræðustóli og ósjaldan í útvarpi og sjónvarpi. Hér var nú enn kominn „Austri" Þjóðviljans, og að þessu sinni með óvenju ófyrirleitnar blekkingar. Kjarni máls hans var að bera saman erfiðleika áranna 1967 og '68, þegar Íslendingar urðu fyrir mestu efnahagsáföllum í áratugi, og kenna þá erfiðleika andstæðingum sínum, en mikilast hins vegar yfir góðærinu í ár og þakka sér og samherjum sínum það. Til slíks málflutnings þarf ekki litla óskammfeilni. Þeir, sem vilja vita það, vita það auðvitað, að atvinnuleysið og kjararýrnunin árin 1967 og '68 áttu rót sína að rekja til þess, að útflutningstekjur þjóðarinnar rýrnuðu á þessum árum um 45%. Enginn mannlegur máttur hefði getað komið í veg fyrir, að þetta rýrði hag þjóðarinnar og þá um leið kjör launþega. En það tókst að vinna bug á þessum erfiðleikum,

m. a. með ráðstöfunum, sem þessi hv. ráðh. barðist gegn og reyndi að gera tortryggilegar á allan hátt. Hitt er jafnaugljós firra, að góð afkoma þjóðarinnar í dag sé að nokkru leyti verk hæstv. iðnrh. og samherja hans. Afturbatinn byrjaði strax 1969 og hélt áfram 1970. Ekki getur það, sem þá gerðist, verið árangur af störfum núv. ríkisstj. Enn batnaði hagurinn í fyrra. Dettur nokkrum í hug í alvöru, að þar hafi nokkru getað ráðið um ríkisstj., sem kom til valda á miðju ári? Nú á þessu ári er aftur farið að síga á ógæfuhlið. Það skyldi þó ekki vera, að 10 mánaða valdaferill hæstv. iðnrh. og samherja hans ætti þar nokkurn hlut að? En ósmekklegast af öllu í ræðu hæstv. ráðh., Magnúsar Kjartanssonar, voru þó brigzl hans í garð andstæðinga sinna um óþjóðholla stefnu og skort á þjóðlegum metnaði. Enginn, sem nú á sæti á Alþ., hefur dinglað pólitískri rófu með meiri velþóknun til geðs erlendum valdhöfum, og eingöngu einræðisherrum, en einmitt þessi hæstv. ráðh., ráðamönnum allt frá A.-Evrópu til Kína og Kúbu. Hann hefur skrifað bækur og blaðagreinar þeim til lofs og dýrðar. Að gefnu þessu tilefni er ekki úr vegi að spyrja: Hvar var þjóðlegur metnaður Magnúsar Kjartanssonar, þegar hann í reynd samþykkti, að Bandaríkjastjórn greiddi kostnaðinn við lengingu flugbrautarinnar í Keflavík, þótt hann væri búinn að lýsa yfir því, að slíkt samræmdist ekki sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu? Þá réð ekki þjóðlegur metnaður gerðum hæstv. ráðh., heldur annar metnaður ómerkilegri tegundar. Magnúsi Kjartanssyni hefði verið það innan handar, ef hann hefði viljað, að koma í veg fyrir þá samningsgerð íslenzku og bandarísku ríkisstjórnanna, sem hann taldi ekki samrýmast sjálfstæði íslenzkrar utanríkisstefnu. Hann hefði ekki þurft annað en að hóta að fara úr ríkisstj., en hann lét sér nægja að bóka mótmæli og sat síðan kyrr í ráðherrastólnum. Þetta var allur þjóðlegi metnaðurinn þá! Sjálfstæð, íslenzk utanríkisstefna mátti fara veg allrar veraldar, ef Magnús Kjartansson fengi að halda völdum sínum. Þjóðhollusta virðist geta birzt í ýmsum myndum. Þegar utanrrh. Bandaríkjanna kom hingað skömmu síðar, sá iðnrh. ekki ástæðu til þess að ræða við hann, en leit á það með velþóknun, þegar vinir hans og stuðningsmenn fóru á fund hins bandaríska ráðherra með þjóðleg tákn á borð við rauða fána og nagla. Þarna var enn á ferðinni vitnisburður um þjóðholla stefnu Magnúsar Kjartanssonar á borði en ekki í orði.

Núv. hæstv. ríkisstj. lagði í upphafi áherzlu á, að hún vildi reynast stjórn vinnandi stétta. Hefur hún reynzt það? Til þess að auðvelda mönnum að dæma um það ætla ég að nefna tvö atriði. Stjórn, sem vildi reynast velviljuð launþegum, hefði að sjálfsögðu átt að stefna að því að lækka skatta á launatekjum. Hefur ríkisstj. gert það? Ný skattalög hafa verið sett. Skyldu launþegar yfirleitt eiga að greiða minni hluta af tekjum sínum í skatta í ár en þeir gerðu í fyrra? Við skulum taka nokkur dæmi: Iðnaðarmaður greiddi í fyrra af meðaltekjum 75 þús. kr. í opinber gjöld. Í ár mun hann greiða 87 þús. kr., og það er hærra hlutfall af tekjunum. Undirmenn á fiskiskipum greiddu í fyrra 56 þús. kr., en nú munu skattar þeirra hækka upp í 90 þús. kr. Í stað 13% tekna sinna í fyrra mun hann nú þurfa að greiða 17% teknanna í skatta. Skattgreiðslur yfirmanna á fiskiskipum munu vaxa úr 106 þús. kr. í 169 þús. kr. Skattgreiðslur ríkisstarfsmanna munu hækka úr 99 þús. kr. í 146 þús. kr. eða úr 19% teknanna í 22% þeirra. Er þá ótalið, að gjöld af fasteignum munu stórhækka. Ber þessi skattahækkun á tekjur launþega vott um, að stefna ríkisstj. sé þeim í hag? Því verður auðvitað að svara neitandi. Sannleikurinn er sá, að þegar skattseðlarnir berast skattgreiðendum á sumri komanda, getur ekki hjá því farið, að þeim fjölgi enn stórum, sem telja ríkisstj. hafa brugðizt sér.

Annað atriði langar mig til að nefna, sem ber ekki vott um umhyggju fyrir hag launþega. Þegar nefskattarnir voru afnumdir með lagasetningu fyrir nýár og gera mátti ráð fyrir, að kauplagsnefnd mundi til bráðabirgða lækka vísitölu framfærslukostnaðar vegna þess, notaði ríkisstj. tækifærið til þess að draga úr niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og láta verð þeirra hækka verulega, án þess að launþegar fengju þá verðhækkun bætta. Svaraði þessi verðhækkun, sem launþegar hafa ekki fengið bætta enn, til tæplega fjögurra vísitölustiga. Slíkt háttalag ber ekki vott um umhyggju fyrir hag launþega. Ég hef borið fram fsp. til hæstv. fjmrh. um, hversu mikið skattgreiðslur fjölskyldu eins og þeirrar, sem vísitala framfærslukostnaðar er miðuð við, mundu hækka í ár frá því í fyrra og hversu mikið vísitalan ætti að hækka vegna þess, ef tekið væri tillit til allra þeirra opinberu gjalda í vísitöluútreikningnum. Verður þeirri fsp. væntanlega svarað á morgun. Allir launþegar hljóta að hafa mikinn áhuga á því svari. Það mun leiða í ljós, hvort það er rétt, sem m. a. ég hef haldið fram, að skattbyrði muni í ár þyngjast miðað við árið í fyrra. Svarið mun enn fremur leiða í ljós, hversu mikið kaupgjaldsvísitalan ætti að réttu lagi að hækka vegna þessarar skattahækkunar. Ef ríkisstj. beitir sér ekki fyrir því, að hún hækki vegna skattahækkunarinnar og kaupgjald þá einnig í kjölfar þess, eru réttmætar tekjur hafðar af öllum launþegum í landinu.

Að síðustu þetta: Óvilhallur dómur um störf ríkisstj. getur ekki orðið annar en sá, að henni sé að mistakast, að hún hafi ekki valdið verkefni sínu. Hún ræður ekki við verðbólguvandann, hún sviptir launþega tekjum, sem þeir eiga rétt á, rekstrargrundvöllur atvinnuveganna er í hættu, á þessu ári verður verulegur viðskiptahalli gagnvart útlöndum, spáð er minnkun gjaldeyrisvarasjóðs um 2000 millj. kr., nema lántökur verði stórauknar. Það er von að menn spyrji: Hvernig má þetta gerast í mesta góðæri, sem orðið hefur? Á því er ekki til nema ein skýring. Ríkisstj. er ekki nógu starfhæf, af því að hún er ekki nógu samhent. Stjórnarflokkarnir klofna í hverju málinu á fætur öðru hér á Alþ., jafnvel ráðh. greinir opinberlega á. Frv. og till. koma ekki fram fyrr en á síðustu stundu vegna ágreinings innan ríkisstj. eða stuðningsflokka stjórnarinnar. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þótt ólíka flokka í ríkisstj. greini á, en ef slíkt veldur losaralegu stjórnarfari, ef slíkt veldur stjórnleysi, ef það veldur því, að ekki er tekizt á við vandamál, heldur allt látið reka á reiðanum, þá er voði á ferðum. Það er slíkur voði, sem því miður er nú á ferðum í íslenzku þjóðlífi. — Góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Formaður Alþfl., dr. Gylfi Þ. Gíslason, var að ljúka máli sínu. Hann var bæði sár og reiður eftir þá hirtingu, mér liggur við að segja flengingu, sem Magnús Kjartansson, iðnrh., veitti honum og öðrum viðreisnarráð-

herrum í ræðu sinni á föstudaginn var. Ég skil þessi sárindi Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég finn til með honum. Óneitanlega hefði verið ánægjulegra, að hann bæri sig ögn karlmannlegar en hann gerði, þótt hann kenndi vissulega til.

Dr. Gylfi Þ. Gíslason var hneykslaður niður í tær í ræðu sinni hér áðan yfir gerðum núv. ríkisstj. Það var nú heldur betur á málum haldið, fannst hv. þm., meðan hann fékk að toga í stjórnartaumana fyrir náð og undir leiðsögn Sjálfstfl. Einhverjum hlustendum kann að hafa fundizt það kynlegt, hve ádeila Alþfl.-foringjans var nauðalík málflutningi talsmanna Sjálfstfl., t. a. m. Ingólfs Jónssonar. En okkur, sem fylgzt höfum með þingstörfum í vetur, kemur slíkt ekki á óvart. Hér í gamla daga lék það orð á, að þessi hv. þm., dr. Gylfi Þ. Gíslason, væri stundum fljótur að skipta um skoðun. Hafi svo verið, þá er það löngu liðin tíð. Nú er það sýnt, að dr. Gylfi ætlar að verða sú Bergþóra, sem ung var gefin sjálfstæðis-Njáli og hyggst láta eitt yfir bæði ganga.

Dr. Gylfi Þ. Gíslason og aðrir stjórnarandstæðingar finna núv. ríkisstj. að vísu margt til foráttu, en þó má segja, að þeir gagnrýni hana einkum fyrir eftirtalin atriði: Ógætilega stefnu í utanríkismálum, of há fjárlög og of miklar opinberar framkvæmdir, of lítið viðnám gegn hækkuðu verðlagi og sem afleiðingu af öllu hinu síðar talda háskalega verðbólguþróun.

Um hina breyttu stefnu í utanríkismálum vil ég aðeins segja þetta: Þar hafa verið stigin nokkur fyrstu skrefin, en að vísu mikilvæg skref á braut sjálfstæðrar og óháðrar utanríkisstefnu í stað þeirrar hörmungar, sem löngum einkenndi meðferð þessara mála áður og helzt verður lýst með orðum, sem naumast þykja þinghæf. Að hinum atriðunum skal ég víkja nokkru nánar.

Það er rétt og fyrir því gerir ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar sér fulla grein, að í þjóðfélaginu ríkir mikil spenna, mikil eftirspurn eftir fjármagni og vinnuafli til margvíslegra framkvæmda. Hér er um að ræða rökrétta afleiðingu góðs árferðis, bjartsýni og þeirra kappsmuna að gera sem mest á sem skemmstum tíma. Vitanlega er ekki hægt að gera allt í senn og vel má vera, að okkur hætti til að flýta okkur helzt til mikið. En ég veit, að enda þótt reynt verði að koma til móts við framkvæmdahug manna og framfaraþrá, svo sem kostur er, hefur ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar fullan skilning á því, að hér má ekki fara lengra en á fremsta hlunn. Og í ljósi þessa má vissulega hlýða á aðvörunarorð stjórnarandstöðunnar, þau, sem af heilindum kunna að vera sögð, ef dæmi finnast þar um. En það eru ekki heilindi, heldur eitthvað allt annað, þegar núverandi stjórnarandstaða þykist furðu lostin yfir því, að fjárlög í ár eru til muna hærri að krónutölu en fjárlögin í fyrra. Þá er m. a. slegið striki yfir það, að með samningum við opinbera starfsmenn, með breytingum á tryggingalöggjöf og fleiri ráðstöfunum fyrrv. ríkisstj., voru ríkissjóði bundnir nýir baggar, svo að nam mörgum hundruðum millj., jafnvel milljörðum. Og dr. Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþfl., sem nú talar mjög um það, m. a. í ræðu sinni hér áðan, hve gildandi fjárlög séu há, hve spennan sé mikil, hann flutti ekki svo að ég muni eina einustu brtt. til lækkunar við þessi háu fjárlög. En hækkunartillögur flutti þessi hv. þm. og þær námu 500 millj. kr. eða þar um bil. Alþfl. er að vísu ekki stór flokkur nú á dögum. En svo stórtækur er formaður hans, að hefðu allir samflokksmennirnir verið jafn athafnasamir um tillöguflutning við afgreiðslu fjárlaga, hefðu fjárlögin hækkað um þrjá milljarða.

Sjálfstæðismenn ýmsir og dr. Gylfi Þ. Gíslason deila mjög á ríkisstj. fyrir of háa framkvæmdaáætlun ríkisins á þessu ári, þ. e. of mikla fjáröflun til uppbyggingar skipaflotans, til endurnýjunar hraðfrystihúsa og sláturhúsa, til raforkuframkvæmda, til flugvallagerðar og vegamála. Þegar þessir herramenn eru spurðir, hverjar þessara framkvæmda eigi að bíða, vefst þeim nokkuð tunga um tönn. Að hinu hníga orðræður þeirra gjarnan, hvers þessi eða hin opinbera framkvæmdin eigi að gjalda að vera sett hjá og þurfa að bíða.

Ekki alls fyrir löngu var ég að fletta Alþýðublaðinu, málgagni dr. Gylfa Þ. Gíslasonar og eign Alþýðuflokksins að hans eigin sögn. Nú er blaðinu að vísu ekki mikill gaumur gefandi, þar sem það hefur orðið fyrir því háskalega slysi að detta úr þeirri tröppu réttsýni og heiðarleika, sem Mánudagsblaðið og Ný vikutíðindi hafa þó lengi staðið á. Þetta eintak blaðsins var átakanlegt dæmi um vinnubrögð núv. stjórnarandstöðu, þegar þau gerast hvað lökust. Ég renndi augum yfir tvær greinar, sína á hvorri síðu. Í fyrri greininni var farið hinum hörðustu orðum um gegndarlausa verðbólgupólitík ríkisstj. og allt of mikinn fjáraustur til hvers kyns opinberra framkvæmda á ofþenslutímum. Kjarni hinnar greinarinnar var fúkyrðaaustur um ríkisstj. fyrir allt of litlar fjárveitingar til raforkumála, til húsnæðismála og fleiri stórra málaflokka. Þetta er eitt dæmi af mörgum um samræmið í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Þar rekur sig eitt á annars horn. Þar eru á ferðinni menn, sem fyrir ofstækis sakir sjá aðeins myrkur um miðjan dag, þegar allt venjulegt fólk fagnar sumri og sól og væntir góðs árferðis og góðrar afkomu.

Ég vil fara hér fáeinum orðum um stjórnarandstöðu Sjálfstfl., sem er sérkennileg um margt. Sá flokkur hefur lengi verið stærsti stjórnmálaflokkur landsins og því áhrifamikill, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Þessi flokkur var í andstöðu við vinstri stjórnina 1956—1958, svo sem margir muna, og rak þá ábyrgðarlausari pólitík en dæmi eru til á Íslandi fyrr og síðar. Ljóst er, að uppi hafa verið innan flokksins háværar kröfur um að leika sama leikinn nú, neyta allra bragða til að koma stjórninni frá sem allra fyrst, hvað sem það kostaði þjóðina. En nú hafa hinir varkárari menn og ábyrgari tekið í taumana og reynt að draga úr heiftinni og ofstækinu. Þeim hefur tekizt þetta með köflum og svo hefur ævintýrapólitíkin hins vegar náð yfirhöndinni á ný. Fyrir bragðið er nú naumast heil brú í stjórnarandstöðu Sjálfstfl. Ýmist er hún máttlítið nöldur eða innantómur hávaði og gusugangur, eins og hlustendur hafa heyrt vel hér í kvöld.

Á einu sviði virðist hin harða stjórnarandstaða Sjálfstfl. ætla að bera nokkurn árangur. Á sama tíma og sjálfstæðisforkólfarnir gera hróp að ríkisstj. fyrir að hafa ekki megnað að stöðva verðhækkanir, neyta þeir að því er virðist næstum hvers tækifæris til að knýja fram verðhækkanir, sem vitanlega auka þensluna og verðbólguna. Það er ólmast út af of háum sköttum á sama tíma og sjálfstæðismenn í stjórn Reykjavíkur ákveða að innheimta fasteignaskatt með 50% álagi og

útsvör með hæsta leyfilegu álagi til þess á þenslutímum að auka framkvæmdafé borgarinnar um helming.

Það er deilt fast á ríkisstj. fyrir verðlagshækkanir. Eins og sýnt hefur verið fram á hér í kvöld, bæði af Lúðvík Jósepssyni viðskrh. og fleirum, er verulegur hluti þeirra hækkana leifar frá fyrri ríkisstj., og það fullyrði ég, að miklu fastar hefur verið staðið gegn verðhækkunum nú en nokkrar líkur eru til, að gert hafi verið af ríkisstj. Jóhanns Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasonar. Margoft hefur ríkisstj. staðið gegn kröfum um verðhækkanir eða aðeins leyft brot þeirra hækkana, sem fram á hefur verið farið. Þannig hefur farið um kröfur borgarstjórnaríhaldsins um ýmsar hækkanir. Slíkan niðurskurð á hækkunarkröfum hafa sjálfstæðismenn síðan talið alveg forkastanlegan og jafnvel kallað aðför að Reykjavík. En í hinu orðinu hafa þeir gert hróp að ríkisstj. fyrir að leyfa of miklar verðhækkanir almennt.

Þessum útvarpsumræðum frá Alþ. er nú að ljúka. Að síðustu vil ég segja þetta: Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hefur verið 10 mánuði við völd. Það er ekki langur tími. Óhrekjanlegt er, að ríkisstj. hefur verið athafnasöm og komið ótrúlega miklu í verk. Margt er og í undirbúningi. Hefur þetta komið glögglega fram hér í umr., og því verður ekki hnekkt. Það er bláköld staðreynd. Engum fylgismanni núv. ríkisstj. dylst, að við ýmis vandamál verður að glíma á komandi mánuðum og misserum. Sum þessara vandamála eru beinlínis sprottin af þeirri bjartsýni og þeim framkvæmdahug, sem hvarvetna ríkir, þar sem allra flestir vilja gera sem allra mest á sem allra skemmstum tíma. Ég er þess fullviss, að núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar munu ótrauðir takast á við viðfangsefnin og leysa þau til hagsbóta fyrir það fólk, sem treystir þessari ríkisstj., sem treystir stjórnarflokkunum, og til eflingar íslenzkri þjóð, að hún megi lifa frjáls í landi sínu. — Góða nótt.

III. Skýrsla um utanríkismál.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanrrh. um utanríkismál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Skýrslu um utanríkismál hefur verið útbýtt hér á hv. Alþ. þm. til þæginda, en ég mun nú flytja Alþ. þessa skýrslu.

Í málefnasamningi ríkisstj. er tekið fram, að á Alþ. verði flutt skýrsla um utanríkismál á hverju þingi og þannig gefið tækifæri til almennra umræðna um þessi mál. Þótt skammt sé liðið á þingtímann, tel ég rétt að gera Alþ. nú þegar grein fyrir því, sem efst er á baugi í utanríkismálum og helzt varðar Ísland. Síðar á þessu þingi verður gefin önnur skýrsla um framvindu utanríkismála.

Þar sem þetta er fyrsta yfirlitsskýrsla mín til Alþ. sem utanrrh., tel ég ástæðu til að rekja stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um utanríkismál:

„Í utanríkismálum hafa stjórnarflokkarnir komið sér saman um eftirtalin meginatriði:

Stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið og sé jafnan við það miðuð að tryggja efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi landsins. Haft skal fullt samráð við utanríkismálanefnd Alþingis um öll meiri háttar utanríkismál og um mótun utanríkismálastefnu landsins. Á hverju Alþingi skal gefin skýrsla um utanríkismál, og fari þar fram almennar umræður um þau.

Hafa skal sérstaklega náin tengsl við Norðurlandaþjóðirnar. Innan Sameinuðu þjóðanna og annars staðar á alþjóðavettvangi ber Íslandi að styrkja fátækar þjóðir til sjálfsbjargar og jafnréttis við efnaðar þjóðir. Ríkisstjórnin beitir sér fyrir jöfnum rétti allra þjóða og mun því greiða atkvæði með því, að stjórn Kínverska alþýðulýðveldisins fái sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Enn fremur mun hún styðja það, að bæði þýzku ríkin fái aðild að Sameinuðu þjóðunum, ef það mál kemur á dagskrá. Ríkisstjórnin leggur áherzlu á frelsi og sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða og fordæmir því hvarvetna valdbeitingu stórvelda gegn smáþjóðum.

Ríkisstjórnin telur, að vinna beri að því að draga úr viðsjám í heiminum og stuðla að sáttum og friði með auknum kynnum milli þjóða og almennri afvopnun, og telur, að friði milli þjóða væri bezt borgið án hernaðarbandalaga. Ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin mun kappkosta að fylgjast sem bezt með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Ríkisstjórnin er samþykk því, að boðað verði til sérstakrar öryggisráðstefnu Evrópu.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Ísland gengur ekki í Efnahagsbandalag Evrópu, en mun leita sérstakra samninga við bandalagið um gagnkvæm réttindi í tolla- og viðskiptamálum.

Utanríkisþjónusta skal endurskipulögð og staðsetning sendiráða endurskoðuð."

Mun ég nú taka fyrir hina ýmsu þætti utanríkismála og þá fyrst málefni Sameinuðu þjóðanna.

Tuttugasta og sjötta Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna var sett hinn 21. sept. s. l. Ég sótti þingið í upphafi og veitti íslenzku sendinefndinni á þinginu forstöðu fyrstu tvær vikurnar. Hinn 21. sept. flutti ég við hinar almennu umræður þingsins ræðu, þar sem mest áherzla var lögð á að kynna málstað Íslands í landhelgismálinu og ákvörðun ríkisstj. um að færa út fiskveiðitakmörkin í 50 sjómílur.

Ég lagði áherzlu á, að þessi ákvörðun væri í samræmi við þá þróun, sem ætti sér stað í lögsögu strandríkja yfir fiskveiðum. Sú skoðun ætti vaxandi fylgi að fagna, að fiskimið undan ströndum séu óaðskiljanlegur hluti af auðlindum strandríkis, sem það eigi að hafa sérréttindi til að nytja. Stærð þessa svæðis ætti að miðast við aðstæður hjá hinum ýmsu ríkjum, en á Íslandi ætti lögsagan eðli sínu samkvæmt að miðast við endimörk landgrunnsins.

Sem rök fyrir þessari skoðun rakti ég að sjálfsögðu mikilvægi fiskveiða fyrir efnahagslega afkomu íslenzku þjóðarinnar og þær áhyggjur, sem Íslendingar hafa af

því, að allt virðist benda til þess, að hátæknivæddum fiskiskipum útlendinga verði í vaxandi mæli beint á Íslandsmið. Öll rök Íslendinga í landhelgismálinu eru öllum hv. alþm. vitanlega svo kunn, að þau skulu ekki frekar rakin hér.

Í desember 1968 var sett á laggirnar hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fengið var það verkefni að undirbúa tillögur varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið, þ. e. svæðið utan lögsögu hinna einstöku ríkja. Málin þróuðust þannig í nefndinni, að nauðsynlegt var talið að halda þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og skyldi sú ráðstefna fjalla einnig um önnur mál varðandi réttarreglur á hafinu og þá fyrst og fremst víðáttu lögsögu strandríkis. Var nefnd þessi stækkuð á síðasta Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og eiga nú sæti í nefndinni fulltrúar 86 ríkja. Þessi nefnd til undirbúnings að hafréttarráðstefnunni, sem ráðgert er að halda 1973, hefur mætt til funda í Genf fyrst í marz og síðan í júlí og ágúst s. l. Hefur nefndin gengið frá skýrslu til Allsherjarþingsins. Mun skýrslan koma til umræðu í 1. nefnd þingsins í byrjun desember n. k.

Verkefni hafsbotnsnefndarinnar er mjög flókið og mikið starf fram undan til undirbúnings hafréttarráðstefnunni. Má því draga í efa, hvort unnt verður að efna til ráðstefnunnar á árinu 1973.

Mun ég síðar í þessari skýrslu skýra frá athöfnum ríkisstj. í landhelgismálinu á öðrum vettvangi og hvernig það mál horfir nú við.

Í ræðu minni á Allsherjarþinginu vék ég einnig í stuttu máli að nokkrum alþjóðamálum og lýsti t. d. yfir eindregnum stuðningi íslenzku ríkisstj. við, að Alþýðulýðveldið Kína tæki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta mál hefur undanfarin ár verið eitt af bitrustu deilumálum Allsherjarþingsins. Var það, eins og kunnugt er, til lykta leitt með atkvæðagreiðslu á Allsherjarþinginu 25. okt. s. l., þar sem samþykkt var, að Alþýðulýðveldið skyldi taka sæti Kína.

Ég tel það mjög vel farið, að Ísland breytti afstöðu sinni til þessa máls á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og mátti það ekki seinna vera. Réttur málstaður hefur vissulega unnið þar sigur, því að tómt mál var að tala um Sameinuðu þjóðirnar sem alheimssamtök, meðan fjölmennasta ríki veraldar, sem telur fimmtung alls mannkyns, var haldið fyrir utan samtökin. Í þessu sambandi má geta þess, að skömmu eftir að Pekingstjórnin varð aðili að Sameinuðu þjóðunum, ræddi sendiherra Kína í Kaupmannahöfn við sendiherra okkar þar og hét stuðningi stjórnar sinnar við málstað Íslands í landhelgismálinu. Vonast ég til að geta, áður en langt um líður, skýrt frá því, að tekið hafi verið upp stjórnmálasamband milli Kína og Íslands. Í þessu sambandi er rétt að greina frá því, að nú rétt áðan barst bréf frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, þar sem hann skýrir frá öðrum fundi sendiherranna, og frá því, að þar hafi sendiherra Alþýðulýðveldisins Kína beðið sendiherra Íslands að tilkynna ríkisstj. sinni, að kínverska stjórnin væri fús til þess, að stjórnmálasamband yrði tekið upp milli ríkjanna.

Hin almenna umræða Allsherjarþingsins, þar sem flestir utanríkisráðherrar aðildarríkjanna fluttu ræðu, stóð fram undir miðjan október. Að henni lokinni var Kínamálið tekið fyrir, eins og áður segir. Af framangreindum ástæðum svo og því, að nokkur tími leið frá lokaatkvæðagreiðslu Kínamálsins, þar til fulltrúar Alþýðulýðveldisins tóku til starfa á Allsherjarþinginu, hefur gefizt mjög lítill tími enn sem komið er til afgreiðslu annarra dagskrármála, en um þau er nú að sjálfsögðu fjallað í hinum ýmsu nefndum þingsins. Það er því naumast tímabært að ræða að nokkru marki störf þingsins frekar að sinni, og mun ég aðeins lauslega minnast á nokkur þau mál, sem þar verða tekin fyrir.

Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins kemur væntanlega til kasta Allsherjarþingsins eins og á fyrri þingum. Því miður hefur ekki miðað í samkomulagsátt upp á síðkastið. Tilraunir til málamiðlunar, bæði á vegum Sameinuðu þjóðanna með milligöngu Gunnars Jarring og fyrir tilstilli stórveldanna, hafa ekki borið árangur, og síðast nú í hádegisfréttum var greint frá því, að Bandaríkjamenn hygðust hætta tilraunum til málamiðlunar vegna þeirra ummæla Sadats Egyptalandsforseta, að hann hefði enga trú á því, að málamiðlun Bandaríkjanna bæri nokkurn árangur. Síðan í ágúst 1970 hefur að vísu verið vopnahlé með deiluaðilum, en það er mjög ótryggt og upp úr getur soðið hvenær sem er.

Kynþáttavandamálið í Suður-Afríku, Namibíu, Ródesíu og portúgölsku nýlendunum í Afríku hefur um árabil gefið tilefni til hatrammra deilna á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir fjölda ályktana Sameinuðu þjóðanna, m. a. um refsiaðgerðir gagnvart þeim löndum, sem standa fyrir kúgun þjóða í Afríku, hefur lítið áunnizt í þá átt að rétta hlut þessara undirokuðu þjóða. Ísland hefur ríka samúð með baráttu þessara þjóða fyrir mannréttindum og hefur á yfirstandandi Allsherjarþingi sýnt það í verki á ýmsan hátt og m. a. gerzt meðflytjandi að tillögu í sérstöku pólitísku nefndinni, ásamt Norðurlöndunum og 35 öðrum ríkjum, um almenna fordæmingu apartheid-stefnunnar.

Horfur í deilum Indlands og Pakistan eru vissulega mjög uggvænlegar, og nýjustu fréttir greina, að til einhverra átaka hafi þegar komið þar. Telja má víst, að Allsherjarþingið muni leitast við að miðla þar málum og ber að vona, að það takist. Hörmungum fólksins í Austur-Pakistan og flóttafólks, sem flúið hefur þaðan til Indlands, er vart hægt með orðum að lýsa, og hafa þær vakið samvizku þjóðanna til hjálpar, sem að vísu nær skammt til að lina þjáningar þessa fólks. Ríkisstj. hefur fyrir skömmu ákveðið að leggja fram 1 millj. kr. til hjálparstarfseminnar til viðbótar 500 þús. kr., sem fyrrv. ríkisstj. hafði lagt fram í sama skyni. Mikið fé hefur og safnazt á vegum Rauða kross Íslands og þjóðkirkjunnar.

Neyðarástandið í Austur-Pakistan nú og í Biafra á síðustu árum, auk síendurtekinna hörmunga af völdum náttúruhamfara, hefur ljóslega sýnt þörfina á samræmdum aðgerðum Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar. Verður því á yfirstandandi Allsherjarþingi lögð áherzla á að auka hlut Sameinuðu þjóðanna við að skipuleggja og samræma alþjóðlega aðstoð í neyðartilfellum og jafnvel koma á fót sérstakri skrifstofu til að annast yfirstjórn þessara mála.

Fjárhagslegir erfiðleikar Sameinuðu þjóðanna eru tröllauknir og stöðugt vaxandi. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að nokkur aðildarríki hafa ávallt neitað að greiða sinn skerf til vissra sameiginlegra útgjalda, sem þau hafa talið stofnað til á ólöglegan hátt. Ástandið er

svo slæmt, að stundum kemur fyrir, að ekki er til fé í sjóðnum til greiðslu á launum starfsfólks. Augljóst er, að slíkt ástand er óþolandi og vart samboðið alheimssamtökunum.

Nú er raunar ný blika á lofti í sambandi við fjármál samtakanna. Bandaríkin, sem standa undir um það bil þriðjungi af öllum kostnaði við Sameinuðu þjóðirnar, hafa nú til athugunar að draga úr framlagi sínu. Á sú afstaða vafalaust rætur sínar að rekja til afgreiðslu Kínamálsins á Allsherjarþinginu. Ber að vona, að til þessa komi ekki og Bandaríkin muni af örlæti sínu halda áfram að axla sínar byrðar, enda mundi samdráttur á framlagi þeirra fyrirsjáanlega valda slíkum erfiðleikum, að mjög óvíst er, hvort samtökin fengju þar undir risið.

Eftirtekt vekur, að Ísland greiðir nú þrátt fyrir fólksfæðina hér hærra framlag en yfir 40 þjóðir aðrar, sem flestar eru miklu fjölmennari en við og margar hafa milljónir íbúa. Bendir þetta til, að athugandi og aðkallandi sé að endurskoða frá grunni reglur um framlög hinna ýmsu aðildarríkja.

Þótt ég hafi aðeins minnzt á örfá þeirra mála, sem fjallað er um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, læt ég hér staðar numið. Að lokum vildi ég þó aðeins minnast á og ítreka stuðning Íslands við Max Jakobson sem næsta framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, er U Thant lætur af störfum, sem nú mun afráðið. Það skiptir miklu máli, að hæfur maður veljist til þessa starfs, og allar umsagnir um Jakobson benda til þess, að hann sé mjög vel til þess fallinn. Horfur á, að hann verði kjörinn, eru taldar góðar.

Ég vík þá að nokkrum viðfangsefnum Atlantshafsbandalagsins og sérstaklega þeim málum, sem snerta vandamál Evrópu og samskipti austurs og vesturs.

Af tíðindum á þeim vettvangi ber tvímælalaust hæst samkomulag fjórveldanna um Berlín, sem undirritað var 3. sept. s. l. Viðræður fjórveldanna, Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Sovétríkjanna, um fyrirkomulag mála í Berlín stóðu í nálægt hálft annað ár. Höfðu Þjóðverjar lýst því yfir við gerð griðasáttmálanna við Sovétríkin og Pólland á síðasta ári, að þeir yrðu ekki staðfestir, fyrr en samkomulag yrði um Berlínarmálið. Atlantshafsbandalagið hefur einnig margsinnis lýst yfir því, að viðunandi lausn á vandamálum Berlínar væri skilyrði fyrir því, að hægt yrði að hefja marghliða viðræður um öryggismál Evrópu.

Er því ljóst, hvílíkur Gordíonshnútur hér hefur verið leystur, og vekur samkomulagið vonir um, að það geti orðið til þess að draga enn verulega úr spennu milli austurs og vesturs.

Þýzku ríkin tvö hafa tekið upp samningaviðræður sín á milli um framkvæmd samkomulagsins, og standa vonir til, að jákvæð niðurstaða fáist í þeim viðræðum fljótlega.

Er því full ástæða til að ætla, að ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í næsta mánuði meti þann árangur, sem náðst hefur, þannig, að mögulegt sé að taka upp marghliða viðræður til undirbúnings að ráðstefnu um öryggismál Evrópu.

Á vegum Atlantshafsbandalagsins hefur þegar farið fram ítarlegur undirbúningur undir slíkar viðræður. Er ljóst, að árangur viðræðnanna grundvallast á virðingu fyrir þeim reglum, sem ráða eiga samskiptum þjóða. Bent hefur verið á, að á ráðstefnu um öryggismál Evrópu væri æskilegt að ræða samvinnu á sviði efnahags, tækni, vísinda, menningar og umhverfismála, svo og aukið ferðafrelsi fólks og frjálsari skipti á hugmyndum og upplýsingum.

Ríkisstjórn Sovétríkjanna hefur ekki alls fyrir löngu ítrekað við íslenzku ríkisstj. — og þá jafnframt við önnur viðkomandi ríki — tillögur um að hefja sem fyrst viðræður til undirbúnings að ráðstefnu um öryggismál Evrópu. Í svari mínu við þessum tillögum ítrekaði ég jákvætt viðhorf ríkisstj. til öryggismálaráðstefnu og lýsti þeirri von, að ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í næsta mánuði kæmist að þeirri niðurstöðu, að tímabært væri að láta til skarar skríða í þessu máli. Álít ég, að þar væri um mjög mikilvægt skref að ræða til friðvænlegra ástands í Evrópu.

Ég vil ljúka þessum orðum um öryggismálaráðstefnu með því að minnast á frumkvæði Finna í þessu sambandi. Sýnist mér, að hið mikla starf, sem þeir hafa lagt af mörkum til framdráttar málinu, geri það eðlilegt og sjálfsagt, að ráðstefnan verði haldin í Helsinki.

Á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var hér í Reykjavík sumarið 1968, var gefin út yfirlýsing um, að Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið athuguðu möguleika á samningum um að draga saman herafla bandalaganna. Þessi yfirlýsing hefur síðan verið margítrekuð. Þar til s. l. vor, er Brezhnev, forsætisráðherra Sovétríkjanna, lýsti áhuga á takmörkun vopnabúnaðar, fékk þetta tilboð ekki hljómgrunn í Varsjárbandalagsríkjunum. Þessu svari var því tekið mjög fegins hendi, og undirbúningur að viðræðum um gagnkvæman samdrátt herafla bandalaganna hefur síðan verið eitt af höfuðviðfangsefnum Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Ráðherrafundur NATO í Lissabon í júní s. l. samþykkti að kanna til hlítar möguleika á samningum um þessi mál, og var í því augnamiði ákveðið að halda sérstakan fund varautanríkisráðherra eða annarra háttsettra embættismanna. Þessi fundur var haldinn í Brüssel 5. og 6. okt. s. l. Var þar afráðið, að Manlio Brosio, sem nýlega lét af störfum sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, yrði fulltrúi NATO-ríkjanna í undirbúningsviðræðum um þessi mál við Sovétríkin og önnur Varsjárbandalagsríki. Nýjustu fréttir herma, að nú geti hann fljótlega hafið þessar viðræður. Mikið er undir því komið, að vel takist til um þessar fyrirhuguðu viðræður, og fylgja Brosio áreiðanlega beztu óskir allra friðelskandi manna um raunhæfan árangur.

Ég vil drepa á enn eina jákvæða þróun í samskiptum austurs og vesturs. Á ég þar við viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun kjarnorkuvopna. Þessar viðræður hófust á ný fyrir nokkrum dögum í Vínarborg, og lýstu báðir aðilar yfir nokkurri bjartsýni um árangur. Eftir því sem næst verður komizt, er fyrir hendi einlægur vilji þessara þjóða til samkomulags um að stemma stigu við hinu geigvænlega kapphlaupi um framleiðslu og fullkomnun kjarnorkuvopna. Þessir samningar eru tvímælalaust flóknir og erfiðir, en vonandi bera þessi stórveldi gæfu til að leiða þá giftusamlega til lykta.

Stefnubreyting Bandaríkjastjórnar gagnvart Kína og vaxandi starfsemi Kínverja á sviði utanríkismála er

vafalaust með því merkasta, sem gerzt hefur í þróun alþjóðamála á þessu ári, og gefur fulla ástæðu til bjartsýni um, að samskipti þessara þjóða geti komizt í eðlilegt horf. Eðlilegt er því, að miklar vonir séu tengdar við fyrirhugaða ferð Nixons, forseta Bandaríkjanna, til Kína.

Allir þeir þættir í samskiptum austurs og vesturs, sem ég hef í örstuttu máli rakið hér, ættu, ef vel tekst til, að stuðla að friðvænlegra ástandi í heiminum. Tel ég því ekki óeðlilegt að draga þá ályktun af þessu, að friðarhorfur í okkar hluta heims séu betri en oft áður. Það er von allra hugsandi manna, að sú sýn sé ekki blekking ein, heldur byggð á raunverulegum vilja forystumanna allra þjóða til bættrar sambúðar.

Fyrrv. ríkisstj. hóf, eins og kunnugt er, seint á árinu 1970 könnunarviðræður við Efnahagsbandalag Evrópu um viðskiptatengsl vegna væntanlegrar inngöngu nýrra þjóða í bandalagið. Þrjú af aðildarríkjum Fríverzlunarbandalags Evrópu (EFTA), Bretland, Danmörk og Noregur, höfðu þá leitað eftir fullri aðild að Efnahagsbandalaginu, og allar hinar EFTA-þjóðirnar hófu könnunarviðræður við bandalagið í þeim tilgangi að tryggja viðskiptahagsmuni sína við þær breyttu aðstæður, sem sköpuðust við stækkun Efnahagsbandalagsins.

Síðan hafa þessi mál þróazt þannig, að aðildarviðræður ofangreindra þriggja ríkja eru nú á lokastigi og flest vandamálanna hafa verið leyst. Fiskveiðilögsagan er viðkvæmasta málið, sem enn er óútkljáð í samningaviðræðunum. Á það einkum við Noreg, Bretland og Írland, sem einnig hefur sótt um aðild. Hvað Dani snertir eru einnig þar fyrir hendi nokkur vandamál, að því er tekur til fiskveiða við Færeyjar og Grænland.

Stefna Efnahagsbandalagsins í fiskimálum miðast við þrönga fiskveiðilögsögu og ákvæði um, að aðildarríkjunum sé heimilt að stunda fiskveiðar hvert inni í landhelgi annars. Bandalagið hefur að vissu marki viðurkennt sérstök vandamál umsækjendalandanna varðandi fiskveiðar og gert tillögur um sérréttindi strandríkja til veiða í eigin landhelgi, sem yrðu á tilteknum tíma rýrð á þann hátt, að önnur aðildarríki fengju smám saman aukinn rétt til fiskveiða innan landhelgi þeirra. Umsækjendalöndin hafa nú nýlega eindregið hafnað þessari tillögu Efnahagsbandalagsins. Ógerlegt er á þessu stigi að segja fyrir um, hvort þessi ágreiningur geti komið í veg fyrir samninga þessara ríkja, þá einkum Noregs, við Efnahagsbandalagið um aðild, en þar sem mikið er í húfi, verður án efa lögð rík áherzla á málamiðlun.

Eftir könnunarviðræður Efnahagsbandalagsins við þau EFTA-ríki, sem ekki sækja um aðild, þ. e. Austurríki, Finnland, Ísland, Portúgal, Svíþjóð og Sviss, lét framkvæmdastjórn bandalagsins frá sér fara skýrslu um niðurstöður viðræðnanna. Í þessari skýrslu er viðurkennt það sjónarmið, að Ísland hafi sérstöðu og þyrfti hugsanlegur samningur við Ísland ekki aðeins að ná til iðnaðarvara, heldur líka til sjávarafurða. Hins vegar er í skýrslunni talið erfitt að samþykkja fríverzlun fyrir íslenzkar sjávarafurðir, en gefið í skyn, að til greina komi veruleg tollalækkun á ísfiski og semja mætti sérstaklega um tollfrelsi og lágmarksverð á freðfiski á svipaðan hátt og gert var innan EFTA. Eins og er, er tollfrjáls innflutningur til Efnahagsbandalagsríkjanna á nýrri og frystri síld, saltfiski og skreið.

Í skýrslunni er jafnframt gert ráð fyrir sama aðlögunartíma fyrir Ísland og í EFTA-samningunum, þ. e. til 1. jan. 1980. Athugasemdir eru ekki gerðar við það, að innflutningshöft á olíum og benzíni haldi áfram eins og nú er, og engar tillögur eru gerðar varðandi atvinnurekstrarréttindi bandalagsríkjanna á Íslandi.

Á grundvelli áðurnefndrar skýrslu framkvæmdastjórnarinnar hefur ráð bandalagsins undanfarið unnið að því að ganga frá drögum að samningsumboði vegna fyrirhugaðra samninga við þau EFTA-ríki, sem ekki sækja um aðild, um framtíðarsamband þeirra við hið stækkaða bandalag. Ráðherraráð bandalagsins tók afstöðu til þessa samningsumboðs á fundi 8. þ. m., en endanleg ákvörðun mun ekki verða tekin fyrr en 29. þ. m. Drög samningsumboðsins hafa að vísu enn ekki verið birt, en vitað er, að í því eru ákvæði um tengsl milli tilboðs Efnahagsbandalagsins um tollaívilnanir á sjávarafurðum og réttinda bandalagsþjóðanna til fiskveiða á Íslandsmiðum. Ég tel mjög miður, að þessum málum skuli blandað saman í samningsumboðinu. Fer tæpast á milli mála, að það er í þeim tilgangi gert að hafa áhrif á Íslendinga til undanhalds í landhelgismálinu, stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar.

Ríkisstj. hefur lýst yfir því, að hún muni leita samninga við Efnahagsbandalagið um gagnkvæm réttindi í tolla- og viðskiptamálum, og mun því stefna að því að ná fríverzlunarsamkomulagi við bandalagið fyrir bæði iðnaðarvörur og sjávarafurðir.

Ég skal ekki draga úr mikilvægi þess að ná samningum við stækkað efnahagsbandalag um viðskipti til að tryggja samkeppnisfæran útflutning okkar til þessara landa og viðhalda eðlilegum og hefðbundnum viðskiptum við þessar nágrannaþjóðir. Ég vil hins vegar minna á, að við kaupum miklum mun meira af þessum löndum en við seljum þeim, og við munum ekki sætta okkur við neina nauðungarsamninga né gera landhelgi Íslands að verzlunarvöru.

Á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna fyrr í þessum mánuði tilkynnti Bretland úrsögn sína úr EFTA miðað við 1. jan. 1973. Brezka stjórnin gerir þannig greinilega ráð fyrir aðild að Efnahagsbandalaginu frá sama tíma í kjölfar atkvæðagreiðslu í brezka þinginu í lok októbermánaðar s. l., er ótvíræður vilji þingsins um „inngöngu í Evrópu“, eins og þar er komizt að orði, kom fram. Norðmenn og Danir hafa enn ekki tilkynnt úrsögn, en það verður fyrirsjáanlega gert fljótlega, ef ákveðið verður um aðild þeirra að Efnahagsbandalaginu.

Sú spurning vaknar því óhjákvæmilega, hver verði örlög EFTA, ef þessir þrír máttarstólpar samtakanna fara úr þeim. Rætt hefur verið um það í EFTA-ráðinu að undanförnu án þess, að endanlegar niðurstöður hafi fengizt, á hvern hátt EFTA yrði leyst upp og hvaða skipan gæti orðið á viðskiptasamstarfi þeirra ríkja, sem eftir yrðu, bæði innbyrðis og við stækkað Efnahagsbandalag. Hver svo sem sú niðurstaða verður, er ljóst, að það samstarf verður aldrei nema svipur hjá sjón.

Náið samstarf við Norðurlandaþjóðirnar er ein af þeim máttarstoðum í skiptum Íslands við umheiminn, sem ríkisstj. mun leitast við að treysta. Svipað stjórnarfar í þessum löndum og lífsviðhorf almennt gerir eðli-

lega samvinnu þeirra í fjölmörgum málum, svo sem félags-, menningar- og utanríkismálum.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn 6. og 7. sept. s. l., sem ég sat, var skipzt á skoðunum og afstaðan samræmd til ýmissa heimsmála og þá einkum dagskrármála Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Samstaða Norðurlandanna í Sameinuðu þjóðunum og í ýmsum öðrum alþjóðastofnunum gerir áhrif þeirra á framgang mála miklum mun virkari og hlut þeirra stærri.

Norðurlöndin eru tvímælalaust í fararbroddi þeirra þjóða á alþjóðavettvangi, sem beita sér fyrir jafnrétti og mannréttindum, og Íslandi þykir gott að vera í slíkum félagsskap. Það var mér óskipt ánægja á ráðherrafundinum í Kaupmannahöfn að geta slegizt í hóp þeirra í Kínamálinu, en þar hafði Ísland áður verið utan gátta. Það er trú mín, að sóma Íslands sé vel borgið með auknu samstarfi við Norðurlöndin á sviði alþjóðamála.

Eins og alls staðar, þar sem ég hef hitt að máli málsmetandi menn á ferðum mínum erlendis, skýrði ég á ráðherrafundinum í Kaupmannahöfn stefnu og rök Íslands í landhelgismálinu. Á ég ekki von á því, að þessar þjóðir snúist gegn okkur í þessu lífshagsmunamáli, og frekar á ég von á, að þær stuðli að farsælli lausn þess.

Hinn 1. júlí s. l. tók gildi breyting á samstarfssamningi Norðurlanda frá 1962. Kveða þessar breytingar á um nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs. Þar er að vísu ekki um grundvallarbreytingu að ræða, en hinar nýju reglur eiga að hafa þann tilgang að greiða fyrir afgreiðslu mála þar. Veigamikið atriði í breytingunni er ákvæðið um að setja á stofn norræna ráðherranefnd, er hefur frumkvæðisrétt og er ákvörðunarhæf í vissum málum, en ríkisstj. hvers lands hefur að vísu neitunarvald. Nefnd embættismanna hefur unnið að setningu starfsreglna fyrir ráðherranefndina, og er það verk langt komið. Sjálf ráðherranefndin hefur þegar komið tvisvar saman til funda í september og október s. l., og sat hæstv. forsrh. fundina fyrir Íslands hönd.

Hið nýjasta á vettvangi Norðurlandasamvinnu er samningur landanna á sviði menningarmála, sem fullgiltur var af Íslands hálfu í þessum mánuði. Hefur hann nú verið fullgiltur af öllum löndunum og kemur til framkvæmda um næstu áramót. Samningurinn er mjög yfirgripsmikill og ítarlegur. Fjallar hann um norrænt samstarf á sviði menntunar, vísindarannsókna og annarrar menningarstarfsemi.

Annar Norðurlandasamningur, einnig mjög ítarlegur, um samgöngu- og fjarskiptamál er í undirbúningi. Gerð hafa verið drög að þessum samningi, sem nú eru til athugunar hjá viðkomandi rn.

Hér hefur aðeins verið stiklað á því stærsta varðandi hina víðtæku samvinnu Norðurlandanna. Auk þess skal nefnt, að embættismannanefndir eru starfandi á ýmsum sviðum til athugana á sérstökum verkefnum varðandi samstarf landanna.

Um störf Norðurlandaráðs er ástæðulaust að ræða hér, þar sem það er Alþ. sjálft, sem þar á hlut að máli.

Þessu næst vil ég víkja með nokkrum orðum að varnarmálum Íslands.

Eftir nær óslitna dvöl erlends herliðs á Íslandi í um 30 ár virðist mér það ekki óeðlileg ósk lítillar og vopnlausrar þjóðar, sem nýlega fékk fullveldi, að lifa ein í landi sínu. Ég efast ekki um, að þjóðerniskennd Íslendinga er enn það sterk, að þeir sætta sig ekki við varanlega setu erlends herliðs í landinu.

Af þessum sökum hefur ríkisstj. í málefnasamningnum ályktað, eins og áður greinir, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi brott frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför varnarliðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Í málefnasamningnum er einnig sagt skýrum stöfum, að Ísland verði að óbreyttum aðstæðum áfram í NATO. Sú ákvörðun leiðir augljóslega af sér ýmsar skuldbindingar, sem óhjákvæmilegt er að standa við, og verður það gert. Ríkisstj. telur hins vegar ekki, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu skuldbindi okkur til að hafa erlendar hersveitir hér á friðartímum. Þessu til vitnis eru fjölmargar yfirlýsingar stjórnmálamanna þeirra flokka, sem stóðu að inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Vil ég, með leyfi forseta, tilgreina eina slíka umsögn þess manns, sem var utanrrh. Íslands, er Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið árið 1949. Dr. Bjarni Benediktsson, fyrrv. forsrh., viðhafði eftirfarandi orð í ræðu, sem hann hélt við setningu ráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík 24. júní 1968:

„Varðandi land mitt er það að vísu svo, að við höfum sérstakan varnarsamning innan Atlantshafsbandalagsins við Bandaríkin, en það fer alveg eftir mati okkar sjálfra á heimsástandi, þegar þar að kemur, hversu lengi bandarískt lið dvelur á Íslandi."

Aðild Íslands að NATO og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru því óumdeilanlega tvö aðskilin mál og varnarsamningurinn því fyrst og fremst málefni milli Íslands og Bandaríkjanna.

Í þessu sambandi vil ég enn undirstrika það, sem ég hef oft sagt áður, að ég álít það ekki endilega okkar skyldu að sanna það, að ástand heimsmála sé þannig, að hér þurfi ekki að vera varnarlið. Upphaflega var ekki um það samið, að hér skyldi vera her. Árið 1951 sýndu NATO-þjóðirnar okkur fram á, að hér þyrfti að vera her vegna atburðanna í Kóreu og ástandsins í heiminum yfirleitt, og þáverandi stjórnvöld féllust á þetta. Alveg á sama hátt tel ég það nú vera bandalagsþjóðanna að sannfæra okkur um það, að hér sé enn nauðsyn varnarliðs; það á að vera undantekningin, hitt reglan. Hitt er ljóst, eins og áður segir, að það eru Íslendingar sjálfir, sem endanlega ákvörðun taka.

Mér er ljóst, að hér er um vandmeðfarið mál að ræða. Mun ég því leitast við að kanna allar málsástæður varðandi varnir landsins og hlutverk varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Í þessari könnun ætlast ég til, að fullt tillit verði fyrst og fremst tekið til okkar eigin öryggis, en einnig öryggis þeirra þjóða, sem við viljum hafa samstöðu með. Enginn óeðlilegur hraði verður viðhafður í þessum vinnubrögðum, og hefur það verið ásetningur ríkisstj. að rasa ekki um ráð fram og nota fyrstu 6 til 8 mánuðina til þessara athugana. Starf þetta er að vísu hafið, en óvíst er, hvort þessi áætlun stenzt. Við munum kanna málin m. a. með viðræðum við alla, sem hlut eiga að máli, og síðan óska eftir endurskoðun á varnarsamningnum í samræmi við ákvæði hans. Jafnframt fyrrgreindri könnun verður að fara fram athugun á efnahagslegum áhrifum umræddra breytinga og á því, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera af því tilefni. Einnig þessi athugun er nú hafin.

Stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í varnarmálum ber ekki með neinu móti að skoða sem óvináttuvott í garð Bandaríkjanna. Samskipti við þá vinaþjóð hafa verið góð, og munum við kappkosta, að þau góðu samskipti megi haldast. Tilefnið er ekki heldur neinir sérstakir árekstrar umfram það, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af dvöl erlends herliðs. Engin áform eru því uppi um það, að herlið frá öðrum bandalagsríkjum leysi bandaríska herliðið hér af hólmi.

Það er einlæg von mín, að í fyrirhuguðum viðræðum við Bandaríkin um endurskoðun varnarsamningsins takist að finna lausn, sem báðir aðilar geti við unað og sem tryggi jafnframt öryggi Íslands, og það er rétt, að ég bæti því hér við, þar sem talað er um herlið frá öðrum bandalagsríkjum, sem hugsanlega gætu leyst bandaríska herliðið af hólmi að gefnu tilefni, að engin slík tilmæli hafa borizt. Þetta segi ég vegna skrifa blaða í dag.

Mér er ekki grunlaust um, að heldur lítill skilningur sé hér á landi á starfsemi Evrópuráðsins. Það fer þó ekki á milli mála, að sú starfsemi er hin víðtækasta og í mörgu hin merkasta og vert að gefa henni fullan gaum. Ég hef því ákveðið að sækja næsta ráðherrafund Evrópuráðsins, sem haldinn verður upp úr miðjum næsta mánuði.

Evrópuráðið hefur frá því fyrsta mjög helgað sig mannréttindamálum og innan vébanda þess er starfandi mannréttindanefnd og mannréttindadómstóll. Er Ísland eitt af 11 aðildarríkjum Evrópuráðsins, sem viðurkennir dómsvald mannréttindadómstólsins.

Fjölþætt starfsemi á sviði menningarmála, skólamála, vísindamála, félagsmála, heilbrigðismála og fleiri málaflokka og til samræmingar á löggjöf aðildarríkjanna fer fram á vegum Evrópuráðsins. Hefur Ísland haft margvíslegt gagn af sérfræðingastörfum á ofangreindum sviðum, þótt ekki hafi verið nema að takmörkuðu leyti unnt að taka virkan þátt í þeim.

Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, en Ísland er stofnaðili að honum, hefur veitt hagstæð lán, og hefur Ísland fengið úr sjóðnum um 4,5 millj. dollara til Vestfjarða- og Norðurlandsáætlana.

Evrópuráðið hefur tekið landhelgismálin og hafsbotnsmálin til sérstakrar meðferðar. Gagnlegar umræður hafa farið þar fram um þau mál og fulltrúar okkar þá notað tækifærið til að kynna málstað Íslands.

Uppi hafa verið raddir um, að með stækkun Efnahagsbandalags Evrópu yrði minni þörf fyrir þing Evrópuráðsins, þar sem þing Efnahagsbandalagsins gæti yfirtekið hlutverk Evrópuráðsþingsins. Hlutlausu þjóðirnar og Ísland hafa lagzt á móti slíkum hugmyndum og talið hlutverk Evrópuráðsþingsins jafnvel mikilvægara en áður til samræmingar á sjónarmiðum Efnahagsbandalagsríkjanna og þeirra ríkja, sem standa fyrir utan það. Þetta sjónarmið var ráðandi á þingi Evrópuráðsins í síðasta mánuði.

Það er einnig álit margra, að Evrópuráðið geti haft hlutverki að gegna til að bæta sambúð austurs og vesturs. Eru uppi ráðagerðir þar að lútandi með aukinni samvinnu við Austur-Evrópuríkin, einkum á sviði vísinda og tækni.

Þá vil ég skýra frá athöfnum ríkisstj. í landhelgismálinu og hvernig það mál horfir nú við.

Áherzla hefur verið lögð á að kynna málstað og stefnu Íslendinga í málinu. Hef ég þegar minnzt á ræðu mína á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og störf undirbúningsnefndar hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, en margvísleg önnur kynning hefur farið fram, eins og allir hv. alþm. þekkja. Mun ríkisstj. ekkert tækifæri láta ónotað til að vinna að framgangi þessa mikla máls á erlendum vettvangi.

Sérstök vandamál eru fyrir hendi vegna samninga þeirra, er gerðir voru við Breta og Þjóðverja árið 1961. Varðandi það efni segir í málefnasamningi ríkisstj., að landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja verði sagt upp og ákvörðun tekin um útfærslu fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílur frá grunnlínum og komi sú útfærsla til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972.

Ég hef áður skýrt frá því, að í ágústmánuði s. l. átti ég viðræður í London og Bonn við stjórnvöld þar um þessi mál. Í framhaldi af þeim viðræðum voru ríkisstjórnum Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands sendar orðsendingar dags. 31. ágúst s. l., þar sem sjónarmið ríkisstj. voru áréttuð. Var þar sagt, að ríkisstj. teldi, að samningarnir frá 1961 hefðu náð tilgangi sínum og ættu ákvæði þeirra því ekki lengur við. Jafnframt var tekið fram, að ríkisstj. Íslands vildi ræða þau vandamál, sem af útfærslunni hlytust fyrir togaraútgerð þessara landa. Í svari Breta og Þjóðverja var því haldið fram, að einhliða útfærsla fiskveiðitakmarkanna væri ólögleg að þjóðarétti og því mótmælt, að samningar frá 1961 eigi ekki lengur við. Hins vegar voru aðilar sammála um, að frekari viðræður færu fram til að reyna að finna hagfellda lausn á þeim vandamálum, sem um er að ræða. Byrjunarviðræður fóru fram í London dagana 3. og 4. nóv. og í Bonn 8. og 9. nóv.

Í fyrrgreindum byrjunarviðræðum héldu talsmenn Breta og Þjóðverja fast við fyrri málflutning sinn, að einhliða útfærsla sé ólögleg að alþjóðarétti, en auk þess hafi þeir í höndum löglegan samning, sem íslenzk ríkisstj. hafi gert við þá, sem tvímælalaust eigi við tilvik það, sem hér um teflir. En það, sem þó hefur áunnizt, er það, að þessar þjóðir viðurkenndu í samningaviðræðunum sérstöðu Íslendinga og að taka yrði tillit til hennar. Deilan stendur hins vegar um, hvernig það skuli gert. Þessar þjóðir vilja taka tillit til sérstöðu Íslendinga á þann hátt, að dregið verði úr veiðum annarra þjóða á Íslandsmiðum, þannig að Íslendingar fái í reynd meira í sinn hlut, en við teljum eðlilegast, að Ísland fái óskoraða fiskveiðilögsögu yfir landgrunninu öllu í samræmi við ákvæði landgrunnslaganna, en 50 mílna áfanga þess nú, eigi síðar en 1. sept. n. k. Upp úr þessum viðræðum slitnaði ekki, heldur var ákveðið, að næstu fundir skyldu haldnir í Reykjavík í janúarbyrjun 1972. Þar ætla þessar þjóðir að gera nánari grein fyrir þeim hugmyndum, sem þær hafa um það, hvernig þessum málum megi fyrir koma, og enda þótt fullvíst megi telja, að sú tilhögun verði ekki í samræmi við hugmyndir okkar Íslendinga, er það þó alla vega ljóst, að nokkur samkomulagsvilji er fyrir hendi og að sérstaða okkar er viðurkennd, þannig að enn má vona, að samkomulag geti náðst.

Eins og allar aðrar þjóðir höfum við Íslendingar í vaxandi mæli áhyggjur af mengun lofts, láðs og lagar. Við höfum tekið þátt í mjög mörgum fundum og ráðstefnum um þessi mál víðs vegar um heiminn. Það munum við áfram gera og leggja okkar skerf eftir

fremsta megni til raunhæfra aðgerða gegn þessum mikla skaðvaldi og helzta óvini lífs á jörðu.

Sérstaklega vil ég geta hér um fundina, sem haldnir voru í Noregi í s. l. mánuði, en niðurstöður þeirra voru hinar merkustu, eins og hæstv. forsrh. greindi hv. Alþ. frá fyrir skemmstu. Ber að vona, að fleiri þjóðir sjái sér fært að fylgja því fordæmi, sem þar var gefið.

Fyrrv. ríkisstj. hafði hafið undirbúning að nýju skipulagi varðandi launakjör sendiráðsstarfsmanna, og verður því verki áfram haldið. Um staðsetningu sendiráða hafa þegar nokkrar umræður farið fram í utanrmn. Alþ., og verður þeim að sjálfsögðu áfram haldið með endurskipulagningu fyrir augum. Það verður þó að segjast eins og er, að það er ekki auðvelt að leggja niður þau sendiráð, sem þegar hafa starfað. Kemur þar ýmislegt til og ekki hvað sízt tillit til viðkomandi þjóðar. Hafa fleiri en Íslendingar fengið að reyna þetta. Málið þarfnast því mikillar athugunar, með því og að stofnun nýrra sendiráða er mjög fjárfrek. Á þessari stundu er auðvitað allt í óvissu um framtíð skrifstofu okkar í Genf, þar sem örlög fríverzlunarbandalagsins eru óviss. Má vera, að þar skapist einhverjir möguleikar til breytinga án kostnaðarauka, en þrátt fyrir nokkur vandkvæði ber þó á fleira að líta. Sérstaklega þarf að mínum dómi að athuga vandlega vaxandi starfsemi íslenzkra sendiráða á sviði viðskiptamála og stefna að því að haga staðsetningu þeirra með hliðsjón af henni.

Samstarf við utanrmn. Alþ. ber að hafa náið. Fyrirkomulag þess hefur þegar verið rætt í nefndinni, og þar hafa komið fram nokkrar ábendingar frá einstökum nm. um nánari tilhögun. Sýnist mér augljóst og sjálfsagt að taka óskir nm. til greina.

Leyfi ég mér að enda þessa fyrstu skýrslu mína um utanríkismál til Alþ. með einlægri ósk um gott samstarf við hv. utanrmn. og þingheim allan á sviði þessa mikilvæga málaflokks.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. utanrrh. skýrslu hans um utanríkismál og fagna því, að hann heldur uppi þeirri venju, sem fyrrv. utanrrh. kom á í þeim efnum.

Um það leyti, er þing Sameinuðu þjóðanna hófst s. l. haust, vakti aðalritari þeirra, U Thant, athygli á og lýsti áhyggjum sínum yfir þeim andstæðum, að jafnframt því sem sjálfstæðar þjóðir yrðu hver annarri háðar í vaxandi mæli, réðu oft þjóðernissinnuð öfl því, að þær legðu á herskáan hátt meiri og meiri einhliða áherzlu á kapphlaup sín á milli og það skildi þær að. Aðalritarinn varaði við, að það væri hættuleg ímyndun að halda eins og málum væri komið í heiminum nú, að unnt væri að skapa lífinu öryggi án þess að byggja á alþjóðahyggju.

Við Íslendingar höfum ávallt verið þjóðernissinnaðir og eigum áfram að vera það á þann veg að vernda og efla þjóðlega menningu okkar og arf. Við erum þeirrar skoðunar, að íslenzk menning og þjóðlegur arfur hafi gildi fyrir þá, sem á Íslandi búa, og skapi þeim skilyrði til heillaríks lífsstarfs. Við vonum enn fremur, að það geti haft gildi fyrir heimsmenninguna eins og sagan hefur raunar sýnt, að sjálfstæð þjóð eins og Íslendingar hafi frelsi til að lifa sínu lífi, þroska með sér sérkenni og eiginleika og tjá sig í samskiptum við aðrar þjóðir án þess, að allir séu steyptir í sama mót.

Þótt sjálfstæðum þjóðum hafi fjölgað mjög á síðustu áratugum einkum eftir heimsstyrjöldina síðustu, ef fara má eftir tölu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í þeim efnum, þá dylst okkur ekki, að örlög sjálfstæðis slíkra ríkja eru samtvinnaðri en nokkru sinni áður. Þess vegna eru Sameinuðu þjóðirnar til, og þess vegna eru til bandalög og samningar þjóða á milli á mismunandi sviðum mannlegra samskipta. Við teljum okkur vera að vernda sjálfstæði okkar með slíku samstarfi, en gerum okkur um leið grein fyrir, að sú viðurkenning liggur að baki, að við erum ekki einir í heiminum, að réttindum sjálfstæðrar þjóðar fylgja skyldur við aðrar þjóðir — ekki aðeins næstu granna, heldur og fjarlægari þjóðir. Vandamál okkar og annarra þjóða er fólgið í því að samræma heilbrigða þjóðernisstefnu raunsærri alþjóðahyggju.

Okkur greinir ekki á um það hér á Alþingi Íslendinga, að Íslendingar hljóta að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, þótt við séum ekki sammála um, hve víðtækt það skuli vera. Okkur greinir ekki á um, að við eigum að vera þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum og hafa nána samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir t. d. með þátttöku okkar í Norðurlandaráði. Að vísu voru Íslendingar ekki á eitt sáttir, með hvaða hætti þeir ættu að gerast þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum. Íslendingum stóð til boða að gerast stofnaðilar Sameinuðu þjóðanna, ef þeir á síðustu dögum stríðsins vildu segja Þjóðverjum og Japönum stríð á hendur. Það tóku fulltrúar lýðræðisflokkanna ekki í mál og töldu fyrir neðan virðingu Íslendinga, en málsvarar forvera Alþb., Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, töldu þó ekkert athugavert við það fyrir Íslendinga að segja öðrum þjóðum, komnum að fótum fram, stríð á hendur. Síðar urðu Íslendingar með eðlilegum hætti þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum, en því miður kom fljótt í ljós, að Sameinuðu þjóðunum var um megn að vernda frelsi og sjálfstæði þjóða, m. a. vegna þess, að Sovétríkin beittu neitunarvaldi sínu þar óspart.

Þegar kommúnistar undir forustu Stalíns innlimuðu í lok heimsstyrjaldarinnar hvert ríkið á fætur öðru í Sovétríkin eða gerðu þau að leppríkjum með aðstoð lítillar, en einbeittrar, fimmtu herdeildar kommúnista í löndunum sjálfum að sínu leyti eins og nazistar undir forustu Hitlers höfðu áður gert fyrir heimsstyrjöldina, virtist sem hinn ægilegi hildarleikur hefði verið háður til einskis. Ein spurning varð áleitin: Höfðu vestræn lýðræðisríki ekkert lært af aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar eða eftirmála hennar? Það var ekki vonum fyrr, að vestræn lýðræðisríki áttuðu sig eftir fall Tékkóslóvakíu og stofnuðu til varnarbandalags Atlantshafsríkjanna 30. marz 1949. Íslendingar hafa síðan tekið þátt í því bandalagi. Þótt mikil átök hafi í upphafi verið um þá þátttöku, þá var hún samþ. hér á Alþ. með 37 atkv. gegn 13, en tveir sátu hjá, og létu þingmenn ofbeldistilraunir og óeirðir ekki á sig fá. Alþ. áttaði sig á, að frumskylda hverrar þeirrar þjóðar, sem vill vera sjálfstæð, er að tryggja öryggi sitt og landamæri fyrir ofbeldisöflum.

Þegar Ísland varð fullvalda ríki 1918, var það að vísu trú manna, að ævarandi hlutleysi yrði landinu sú vörn, sem tryggði því sjálfstæði. Reynsla annarra þjóða af aðdraganda og upphafi annarrar heimsstyrjaldarinnar og loks eigin reynsla 10. maí 1940, þegar Bretar stigu hér á land, varð til þess, að Íslendingar gerðu sér ljóst,

að hlutleysisyfirlýsing var og er gjörsamlega þýðingarlaus, enda sögðum við skilið við hlutleysisstefnuna, þegar við sömdum við Bandaríkjamenn 1941 um að leysa Breta af hólmi og sjá um varnir landsins, meðan á styrjöldinni stóð. Um það var þá enginn ágreiningur.

Upplýst er, að í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar höfðu báðir styrjaldaraðilar gert áætlanir um innrás á Íslandi, og það var ekki okkur Íslendingum að þakka, að sá aðilinn varð fyrri til, sem landsmenn vildu heldur. Þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu er til þess fallin, að við ráðum sjálf einhverju um framtíð okkar og þess heimshluta, sem við búum í. Ekki fer heldur á milli mála, að Atlantshafsbandalagið hefur náð tilgangi sínum að því leyti, að friður hefur ríkt í Evrópu frá stofnun þess og landvinningar kommúnista hafa verið stöðvaðir í þessum hluta heims. Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt um gildi þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, vekur það óhug og ugg, að í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar skuli þessu lýst yfir:

„Ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu." Þótt áfram segi í málefnasamningnum: „Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipan haldast," leiðir það aðeins í ljós með mjög veikum orðum hina óákveðnu stefnu núverandi stjórnar gagnvart varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna og skapar hvorki traust inn á við né út á við, enda er enn haldið áfram og sagt í málefnasamningnum án þess, að punktur sé settur á milli: „... en ríkisstjórnin mun kappkosta að fylgjast sem bezt með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður."

Að gefnu tilefni þessa orðalags er fullkomin ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.: Er með þessu orðalagi verið að gefa í skyn, að Ísland muni nota fyrstu átyllu, sem gefst, að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu? Hvaða breyttar aðstæður yrðu þess valdandi, að Ísland ætti að ganga úr varnarbandalagi Atlantshafsþjóðanna að dómi hæstv. ríkisstj.? Það er vissulega nauðsynlegt, að ríkisstj. geri nánar grein fyrir, í hverju ágreiningurinn milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu er fólgin og hver afstaða hvers stjórnarflokkanna og hvers ráðherra fyrir sig er varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hefur innan ríkisstj. eða meðal stjórnarflokkanna verið rætt um, að Ísland segi sig úr varnarsamtökum Atlantshafsríkjanna að fullnægðum ákveðnum skilyrðum?

Svo veikt og óákveðið sem orðalagið er í málefnasamningi ríkisstj. um aðild að Atlantshafsbandalaginu, þá tekur fyrst í hnúkana, þegar málefnasamningur ríkisstj. fjallar um varnarsamninginn við Bandaríkin. A. m. k. er túlkun hæstv. utanrrh. og annarra stjórnarsinna ekki til þess fallin að skýra þetta ákvæði. Varnarsamningurinn skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar, en hvort heldur endurskoðun eða uppsögn kemur til, skal varnarliðið hverfa frá Íslandi í áföngum og stefnt að því, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Hæstv. utanrrh. segir í viðtali við Vísi 15. júlí, daginn eftir myndun stjórnarinnar: „Það er yfirlýst stefna ríkisstj., að varnarliðssamningurinn skuli tekinn til endurskoðunar og uppsagnar og brottflutningi hersins verði lokið á fjórum árum." Og enn fremur sagði utanrrh. í sama viðtali: „Ég skil ekki, hvernig menn geta túlkað þetta á annan veg en herinn verði látinn fara." En í viðtali við Tímann 17. júlí er hæstv. utanrrh. búinn að fá bakþanka og segir: „Næstu mánuði mun landhelgismálið taka mestan hluta af okkar tíma. Við munum, eftir því sem tök eru á, kynna okkur öll atriði varðandi varnarliðið og dvöl þess hér og síðan að slíkri könnun lokinni, könnun, sem hlýtur eðli máls samkvæmt að taka alllangan tíma, taka upp viðræður við Bandaríkjastjórn um endurskoðun varnarsamningsins frá 1951 með brottför liðsins í áföngum í huga, eins og í málefnasamningi stjórnarflokkanna segir." Samkvæmt seinna viðtalinu hefur hæstv. utanrrh. aðeins brottför varnarliðsins í huga, og vil ég sízt gagnrýna það, að hann dregur í land frá fyrra viðtalinu.

Hinn 31. okt. s. l. fluttu hæstv. utanrrh. og hæstv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, ræður á fundi framsóknarmanna í Keflavík. Eftir hæstv. utanrrh. er þetta haft í Tímanum: „Ráðherrann minnti á, að stefnumark ríkisstjórnarinnar væri það, að hún vildi að varnarliðið hyrfi úr landi í áföngum og ósk hennar væri sú, að það gæti átt sér stað á kjörtímabilinu. Hún vildi þó áður en nokkuð væri gert láta fara fram mjög rækilega könnun á þessum málum öllum." Eftir háttv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, er þetta haft í Tímanum: „Hann minnti á að deilt væri um ákvæði málefnasamningsins um brottför varnarliðsins. Sumir vildu túlka ákvæðið þannig að það þýddi að varnarliðið skyldi hverfa burtu á kjörtímabilinu, hvernig sem málin þróuðust í heiminum og hvernig sem endurskoðuninni lyktaði. Aðrir teldu að hér væri aðeins um stefnuyfirlýsingu að ræða og að endanleg niðurstaða um veru varnarliðsins hér hlyti að ákvarðast fyrst þegar niðurstöður endurskoðunar varnarsamningsins lægju fyrir auk þess, sem atburðir út í heimi gætu haft áhrif á niðurstöðurnar, líkt og gerðist 1956, er Rússar réðust inn í Ungverjaland og vinstri stjórnin, sem þá var, dró til baka uppsögn varnarsamningsins. Jón sagði, að hann áliti síðari skýringuna þá réttu. Hann kvaðst telja fráleitt, að á þessari stundu væri fortakslaust hægt að fullyrða, að varnarliðið skyldi fara úr landinu fyrir lok kjörtímabilsins."

Nú mætti álíta, að skoðanamunur væri fólginn í orðum hæstv. utanrrh. og háttv. 2. þm. Reykn., og því var hæstv. utanrrh. spurður á fundi Varðbergs tveim eða þremur dögum síðar, hvora skýringu háttv. þm. Jón Skaftasonar hann aðhylltist, og hæstv. utanrrh. svarar: „Það má vel vera, að það sé misjöfn túlkun á málefnasamningnum og mismunandi langanir. Mín skoðun er sú, að ákvörðunin verði ekki tekin fyrr en að aflokinni könnun. Ef það eru tvær línur, er ég á þeirri síðari."

En stjórn Sambands ungra framsóknarmanna tekur þetta svar hæstv. utanrrh. ekki gott og gilt eða lætur eins og það hafi aldrei verið gefið, og gerir þetta að tilefni til ályktunar og ofanígjafar við flokksbróður sinn, 2. þm. Reykn., sem birtist í Tímanum 7. nóv. s. l., þar sem segir m. a.: „Í tilefni af ummælum Jóns Skaftasonar á fundi í Keflavík s. l. sunnudag, sem birtust í Tímanum s. l. þriðjudag, telur stjórn SUF nauðsynlegt að leggja áherzlu á eftirfarandi ...", og meðal annars segir þar: „Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er skýrt tekið fram, að markmið endurskoðunar varnarsamningsins eigi að vera brottför varnarliðsins í áföngum og stefna eigi að því, að sú brottför eigi sér stað á kjörtímabilinu, þ. e. á

fjórum árum ... Það er nauðsynlegt, þegar stjórnarandstaðan gerir harða hríð að þessum atriðum í stefnu Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar og ræðst sérstaklega á varaformann flokksins, Einar Ágústsson, utanrrh., að allir framsóknarmenn, einkum og sér í lagi þm., haldi fast við stefnu flokksins og standi ótrauðir með málefnasamningi ríkisstjórnarinnar." Enn fremur er 2. þm. Reykn. brigzlað um aðdróttanir, ódrengilega málsmeðferð og fyrir að hlaupast undan merkjum. En hann svarar ungliðum sínum fullum hálsi og telur ályktun SUF fyrst og fremst árás á utanrrh.

Ég hef rakið þessi orðaskipti til að sýna, að aðstandendur núverandi hæstv. ríkisstj. innan sama stuðningsflokks skilja málefnasamninginn á mismunandi hátt. Og nú í dag hefur það komið í ljós með birtingu Þjóðviljans á frásögn frá landsfundi Alþb., að ágreiningurinn er raunverulega innan ríkisstj. sjálfrar, en þar segir svo um ræðu, er hæstv. viðskrh., Lúðvík Jósepsson, hefur haldið á landsfundi Alþb., með leyfi forseta:

„Brynjólfur Bjarnason lagði nokkrar spurningar fyrir Lúðvík Jósepsson um herstöðvamálið á landsfundinum á laugardaginn. Svaraði Lúðvík síðan spurningunum og í máli hans kom m. a. fram eftirfarandi:

— Ég get ekki fullyrt að það sé rétt haft eftir utanrrh. að fyrst skuli fara fram rækileg athugun á aðstöðu hersins hér á landi og síðan eigi að taka ákvörðun um brottför hans eða áframhaldandi dvöl hér, sagði Lúðvík. En hér er haldið fram algerlega rangri túlkun málefnasáttmálans. Í málefnasamningnum er fjallað um endurskoðun herverndarsamningsins, en þar er átt við endurskoðun sem miðar að því að herinn eigi að fara úr landinu í áföngum á kjörtímabilinu. Orðalagið í málefnasáttmálanum bendir enn fremur til þess að leiði endurskoðunin ekki til brottflutnings hersins skuli „herverndarsamningnum" sagt upp."

Svo mörg voru þau orð, og geta menn borið þessa túlkun hæstv. viðskrh. saman við túlkun hæstv. utanrrh. nú síðast í skýrslu hans um utanríkismál. Það, sem hér hefur verið rakið, sýnir, að málefnasamningur núverandi ríkisstj. er óljós samkvæmt orðanna hljóðan og túlkaður með mjög mismunandi hætti. Það er því eðlilegt, að Alþ. fái ótvíræða skýringu á því, hvað í málefnasamningnum felst. Er búið að taka ákvörðun um, að varnarliðið fari innan fjögurra ára, eða verður ákvörðun um áframhaldandi dvöl varnarliðsins tekin síðar? Er fastmælum bundið með stjórnarflokkunum, að varnarliðið skuli fara, á hverju sem gengur eða alla vega að óbreyttum aðstæðum? Hver er skoðun hvers stjórnarflokksins um sig? Hver er skoðun hvers ráðherra um sig? Og er ekki ástæða til að spyrja: Hver er skoðun hvers þm. um sig? Alþ. og þjóðin öll á kröfu á að fá þetta upplýst.

Óljóst orðalag í málefnasamningnum og mismunandi skýringar stjórnarsinna hafa ekki aukið veg og virðingu hæstv. ríkisstj. innanlands eða utan. Íslendingar hafa sett ofan, sjálfsvirðingu þeirra er misboðið og hætt er við, að traust það, sem þeir hafa áunnið sér út á við með öruggri og sjálfri sér samkvæmri utanríkisstefnu, glatist. Til að bæta gráu ofan á svart hefur svo hæstv. ríkisstj. ákveðið þá meðferð þessara mikilvægu mála, sem á sér fáar eða engar hliðstæður í íslenzkri stjórnmálasögu. Hinn 21. okt. s. l. birtist svo hljóðandi frétt í Þjóðviljanum: „Það kom fram á fundi Alþb. í fyrrakvöld að sett hefði verið á laggirnar ráðherranefnd til að fjalla um herstöðvamálið og fyrirhugaða brottvísun hersins.

Í nefndinni eiga sæti ráðherrarnir Einar Ágústsson, utanrrh., Magnús Torfi Ólafsson, menntmrh., og Magnús Kjartansson, iðnrh."

Það var ekki að ófyrirsynju, að formaður Sjálfstfl. kvaddi sér hljóðs í Nd. utan dagskrár 25. okt. s. l. og spurðist fyrir um, hvort um breytingu á verkaskiptingu ráðherra væri að ræða og hvers vegna meðutanríkisráðherrarnir hefðu verið settir. Þótt fyrri spurningu væri svarað neitandi og hinni með tilvísun til hagkvæmni og fordæma í öðrum málum innanlands og utan, þá sýnist vera hér meira á ferðinni. Það kom t. d. fram á fundi Stúdentafélags Suðurlands austur á Selfossi s. l. föstudag, að ritstjóri Þjóðviljans upplýsti, að þessi ráðherranefnd héldi reglulega vikulega fundi. Engum blöðum er um það að fletta, að verkefni meðutanríkisráðherranna í augum kommúnista er ekki það að kanna, hvort þörf sé varna, heldur að tryggja, að enginn bilbugur verði á því, að varnarliðið verði látið fara innan fjögurra ára. Meðráðherrarnir eiga að halda um hönd utanrrh. til að tryggja það. Þess vegna er skipun ráðherranefndarinnar aðvörun til Íslendinga og bandalagsþjóða þeirra.

Skipun ráðherranefndar í utanríkismálum á sér enga hliðstæðu, þó að þremur ráðherrum hafi verið falið að ræða við aðila vinnumarkaðarins um kjarasamninga eða iðnrh. og fjmrh. fjalli sérstaklega um málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri. Samkvæmt starfsskiptingu þeirra heyra málefni Slippstöðvarinnar undir þá báða, en utanríkis- og varnarmál heyra hvorki undir iðnrh. og heilbr.- og trmrh. né menntmrh. Þvert á móti falla öll mál varnarliðsins og Keflavíkurflugvallar undantekningarlaust undir utanrrh. og hann einan. Skipun slíkrar ráðherranefndar er því breyting á verkaskiptingu ráðherra í framkvæmd. Átelja verður harðlega hæstv. forsrh. fyrir að gera flokksbróður sínum, hæstv. utanrrh., slíka vanvirðu og sýna honum slíkt vantraust eingöngu til þess að láta undan kommúnistum í Alþb. Eitt með öðru sýnir skipun meðutanríkisráðherranna, hverjir marka stefnuna og ráða ferðinni í ríkisstj. Íslands.

Á það hefur réttilega verið bent, og undir það vil ég sérstaklega taka, að Íslendingar gerðu strax við stofnun Atlantshafsbandalagsins greinarmun á þátttöku í því og á dvöl varnarliðsins hér á landi á friðartímum. Það er góðs viti, að hæstv. utanrrh. vitnar í þeim efnum til þess, er dr. Bjarni heitinn Benediktsson sagði á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík 1968, en það fer alveg eftir mati okkar sjálfra og heimsástandi, þegar þar að kemur, hversu lengi bandarískt lið dvelur á Íslandi. Óskandi væri, að núv. hæstv. utanrrh. fylgdi hinni öruggu stefnumörkun Bjarna heitins Benediktssonar sem mest og bezt í utanríkis- og varnarmálum. En því miður hefur hæstv. utanrrh. ekki tekizt að halda þeirri reisn í meðferð utanríkismála, sem áður tíðkaðist, og ekki, þegar hann í skýrslu sinni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Alveg á sama hátt tel ég það nú vera bandalagsþjóðanna að sannfæra okkur um það, að hér sé enn nauðsyn varnarliðs."

Það er að vísu gott og gilt, að utanrrh. lýsir sig reiðu-

búinn að hlýða á rök bandalagsþjóða okkar og e. t. v. láta sannfærast af þeim, en væri þá ekki réttara að kynna sér þessi rök, áður en slegið er föstu, að stefna beri að því, að varnarliðið fari innan fjögurra ára. Málefnasamningur ríkisstj. lýsir ákvörðun, en málsvarar hennar lofa athugun á eftir.

Það liggur ljóst fyrir, að við Íslendingar verðum að gera okkur sjálfstæða grein fyrir nauðsyn varna á Íslandi og nauðsyn dvalar erlends varnarliðs á hverjum tíma. Auðvitað er það eðlileg ósk okkar að komast hjá því, ef mögulegt er, að hafa erlent varnarlið hér á landi, alveg eins og aðrar lýðfrjálsar þjóðir reyna að komast af með sem lægst útgjöld til varnarmála og sem stytzta herskyldu ungmenna sinna. Það er því ekki úr vegi að rifja það upp, hvaða rök hnigu að því, að varnarsamningurinn við Bandaríkin var staðfestur hér á Alþ. 1951 ágreiningslaust af öllum þm. lýðræðisflokkanna. Þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, greiddu einir atkvæði gegn samningnum. Hver var þá ástæðan til þess, að alþm. töldu nauðsynlegt að hafa erlent varnarlið í landinu, þótt þeir hefðu tveim árum áður tekið fram, að þeir vildu ekki skuldbinda okkur til að hafa erlendan her á friðartímum. Eins og menn muna, var það Kóreustyrjöldin ásamt óvissum horfum hér í álfu vegna Berlínarvandamálsins. Ef Kóreustyrjöldin stofnaði heimsfriðnum í hættu fyrir 20 árum, hvaða hætta er friði ekki búin nú, þegar litið er á ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins og í Indlandi og Pakistan.

Árið 1956 við myndun vinstri stjórnar var ákveðið að segja upp varnarsamningnum með það fyrir augum að láta varnarliðið fara. Frá því var horfið vegna innrásar Sovétríkjanna í Ungverjaland, þegar uppreisnin varð þar. Sátu kommúnistar áfram í ríkisstj. í tvö ár eftir það og létu varnarmálin þá kyrr liggja, þótt varnarsamningurinn væri í fullu gildi. Spurningin er nú sú: Ef uppreisnin í Ungverjalandi, sem Sovétríkin börðu niður í blóðbaði, skapaði okkur hættu, er þá skynsamlegt aðeins þremur árum eftir samsvarandi atburði í Tékkóslóvakíu og einu ári eftir blóðug verkföll í Póllandi að hafa Ísland varnarlaust. Við skulum einnig hafa í huga, að flotastyrkur Sovétríkjanna á Norðaustur-Atlantshafi og hernaðarmáttur er nú einnig mun meiri en var fyrir 15 til 20 árum og ólíku er saman að jafna umsvifum flug- og skipaflota þeirra og athafnasemi þeirra í nágrenni Íslands nú og þá.

Þessar staðreyndir, sem hér hafa verið nefndar, benda eindregið til þess, að tími sé enn ekki kominn til þess, að óhætt sé eða skynsamlegt að hafa Ísland varnarlaust. Um leið og við höldum vöku okkar um varnir, skulum við einnig fylgjast vel með og fagna þeirri þróun mála, sem til friðar horfir, og stuðla að slíkri þróun eftir megni, þó að framlag okkar í þeim efnum hljóti eðli málsins samkvæmt að vera takmarkað og m. a. ekki sízt í því fólgið í bili að ljá land undir varnarstöð. Sem betur fer, sjáum við ýmis greinileg merki nú um friðvænlegri horfur í heiminum en verið hafa um langt skeið. Þannig vonum við, að styrjöldin í Víetnam sé á lokastigi, og við gerum okkur einnig miklar vonir um árangur af sáttaumleitunum á vegum Vesturveldanna, þ. á m. Brandts kanslara, en slíkar samningaumleitanir bera ekki árangur, nema þær byggist á órofa samstöðu og hernaðarlegum styrk innan Atlantshafsbandalagsins. Þótt griðasáttmáli Vestur-Þjóðverja annars vegar og Rússa og Pólverja hins vegar, en sá griðasáttmáli er enn ekki staðfestur og verður ekki, fyrr en samkomulag hefur náðst um Berlín milli Austur- og Vestur-Þjóðverja, og þótt samkomulag fjórveldanna um Vestur-Berlín séu merkir áfangar á langri leið allt frá stríðslokum, þá eiga Vestur-Þjóðverjar og Austur-Þjóðverjar eftir að semja sín á milli. Við skulum gera okkur grein fyrir, að þessir samningar eru ekki sársaukalausir fyrir Þjóðverja eða Vesturveldin, sem hingað til hafa farið fram á sameiningu Þýzkalands í kjölfar frjálsra kosninga, sem Sovétríkin og einræðisherrar Austur-Þýzkalands hafa komið í veg fyrir. Nú verður í raun að viðurkenna skiptingu þýzku ríkjanna og sætta sig við áframhaldandi frelsisskerðingu Austur-Þjóðverja.

Þótt einnig sé reynt í svokölluðum SALT-viðræðum stórveldanna með undirbúningi að öryggismálaráðstefnu Evrópu og með tillögum Atlantshafsbandalagsríkjanna um gagnkvæma og samhliða afvopnun að fikra sig nær eðlilegra friðarástandi en þjóðir í Evrópu hafa búið við frá stríðslokum, þá er enn langt í land, og öllu máli getur skipt, að Atlantshafsbandalagsríkin standi vel saman, meðan á þessum friðarumleitunum stendur. Lýðræðisríki standa að vísu verr að vígi en einræðisríki í slíkum friðarumleitunum. Borgarar í lýðræðisríkjum setja sér sjálfir markmið að keppa að, og þau geta jafnvel verið jafnmismunandi og mennirnir eru margir. Valdhafar í lýðræðisríkjum eru bundnir vilja kjósendanna, og kjósendur geta haft takmarkaðan skilning á nauðsyn þess að greiða skatta eða leggja á sig önnur óþægindi til þess að kosta varnir, til að koma í veg fyrir styrjöld, sem þeir vona, að aldrei verði. Valdhafar í einræðisríkjunum setja sjálfir þegnum sínum takmark að keppa að. Þeir þurfa ekki að spyrja þegnana, hve miklum hluta þjóðarteknanna skuli verja til vígbúnaðar, hve herskyldan skuli vera löng eða hvort og hvernig herstyrk skuli beitt. Einræðisríkin geta leynt þeim tilgangi, sem bak við kann að búa, og haldið spilum sínum að sér, en lýðræðisríkin verða að leggja spilin á borðið. Hér er oft ójafn leikur, eins og sagar sýnir, og miklu máli skiptir, að lýðræðisríkin halda samstöðu og samvinnu, ef þau vilja halda sjálfstæði sínu.

Sagt hefur verið, að það særði þjóðerniskennd okkar Íslendinga að hafa erlent varnarlið í landinu, en særi það ekki frekar sanna þjóðerniskennd að láta reka á reiðanum, vera aðgerðarlaus og auðhreppt bráð hver sem þess, er hingað vildi seilast til áhrifa eða beita okkur beinum eða óbeinum þvingunum?

Sagt hefur verið, að Noregur og Danmörk vildu ekki erlent herlið í landi sínu, en þessi lönd telja sig í bili ekki þurfa þess, þar sem þau leggja sjálf töluvert fram til varnarmála. Í Noregi nema t. d. útgjöld til hermála sl. fjárlagafrv. næsta árs 3300 millj. norskra króna eða tæpum 12% af heildarútgjöldum. Í Noregi er eins árs herskylda, og í norska hernum eru 30—35 þús. manns auk 80 þús. manna heimavarnarliðs.

Vestur-Þjóðverjar, sem fremstir ganga nú í friðarumleitunum sínum, hafa sjálfir verulegan herstyrk, en telja engu að síður nauðsynlegt, að önnur Atlantshafsbandalagsríki hafi varnarlið í Þýzkalandi og hafa mótmælt kröftuglega, þegar raddir hafa t. d. komið fram

Bandaríkjunum og Kanada um, að fækka bæri í varnarliði þessara ríkja, sem dvelur í Vestur-Þýzkalandi.

Nóbelsfriðarverðlaunahafinn Brandt telur friðarumleitunum sínum nauðsynlegt, að þjóðir Atlantshafsbandalagsríkjanna dragi ekki einhliða úr herstyrk sínum og varnarmætti, heldur eingöngu, ef takast mætti að koma á gagnkvæmri samhliða afvopnun Varsjár- og Atlantshafsbandalagsríkjanna. Eigum við Íslendingar að skerast úr leik og spilla fyrir þeim friðarumleitunum, sem okkur eru eigi síður mikilvægar en öðrum þjóðum heims?

Þar sem öryggismálin eru svo mikilvæg sem raun ber vitni, höfum við tíu sjálfstæðismenn flutt till. til þál. á þskj. nr. 47 um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands. Án þess að ég geri þessa till. að frekara umtalsefni en fram hefur þegar komið í orðum mínum hér áður, vil ég þó leggja áherzlu á það, sem stendur í greinargerð till. Tillöguflutning þennan ber að skoða sem tilraun af Sjálfstfl. hálfu til að firra því tjóni, sem skipan sú á þessum málum, sem boðuð hefur verið, hlýtur að valda. Því ber að líta á hana sem tilboð af Sjálfstfl. hálfu um að taka þátt í samstarfi við utanrrh. um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipan varnarmála Íslands framvegis.

Við sjálfstæðismenn teljum ekki óeðlilegt, að varnarsamningur við Bandaríkin sé endurskoðaður með það fyrir augum, að skipan öryggismála Íslands og þátttöku í störfum Atlantshafsbandalagsins sé sem bezt fyrir komið á hverjum tíma. Við teljum sennilegt, að 45—50 alþm. séu fylgjandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, og við teljum nauðsynlegt, að það komi í ljós og þeir hafi samstarf sín á milli um, hvernig slíkri aðild yrði bezt hagað. Ef þessar umræður um utanríkismál og þær, sem á eftir fara um varnarmál, ná ekki þeim tilgangi, kann að vera nauðsynlegt með frekari tillöguflutningi hér á Alþ. að leiða í ljós afstöðu flokka og manna til öryggismála landsins og meðferðar þeirra.

Herra forseti. Ég hef með vilja leitt hjá mér í þessari umræðu um skýrslu hæstv. utanrrh. að ræða meðferð landhelgismálsins, enda hefur það áður sérstaklega verið til umræðu hér á þessu þingi, og er slíkum umræðum um þáltill. sjálfstæðismanna raunar enn ekki lokið, áður en till. fer til n.

En áður en ég lýk máli mínu, vil ég víkja nokkrum orðum að þeim breytingum, sem nú eiga sér stað varðandi viðskiptabandalög þjóða á milli, enda munu þau hafa áhrif hér á landi, eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. Þetta sá fyrrv. ríkisstj. fyrir og lagði því áherzlu á, að Íslendingar gerðust þátttakendur í EFTA. Rifja verður upp, að núv. stuðningsflokkar ríkisstj. höfðu allfjölbreytta afstöðu til þessa máls. Sjálfur forystuflokkurinn, Framsókn, sat hjá, og ef ég man rétt, urðu þá til hjá núv. hæstv. forsrh. hin fleygu orð „já, já“ og „nei, nei“. Alþýðubandalagsmenn greiddu atkvæði á móti og töldu ganga landráðum næst og afsali á fullveldi að ganga í EFTA, enda væri það eingöngu byrjun á sérsamningum við Efnahagsbandalagið. Stofnendur flokks frjálslyndra og vinstri manna, hygg ég, að hafi þá greitt aftur á móti atkvæði með stjórnarflokkunum um að leita inngöngu í EFTA.

Ekkert orð er um það í málefnasamningi núv. hæstv. stjórnar eða skýrslu utanrrh., að okkur beri að segja okkur úr EFTA, heldur er áfram gengin sú braut, sem mörkuð var af fyrrv. hæstv. ríkisstj., að sækjast eftir sérsamningum við Efnahagsbandalagið í framhaldi af aðild að EFTA, og þetta á sér stað undir forystu hæstv. viðskrh., sem áður greiddi atkvæði gegn EFTA, og taldi, ef ég man rétt, það undanfara þess, að stórveldin gleyptu Ísland á viðskiptasviðinu. Svona fer um stóru orðin fyrrv. stjórnarandstæðinga og núv. stjórnarherra. Stækkun Efnahagsbandalagsins í 250 millj. manna viðskiptabandalag getur vissulega haft víðtækar afleiðingar — ekki eingöngu á viðskiptasviðinu, heldur og í utanríkismálum almennt. Auk hinna þriggja nær jafnstóru viðskiptaheilda Bandaríkjanna, Efnahagsbandalagsríkjanna og Austur-Evrópuríkjanna má búast við áframhaldandi umsvifum Japans og vaxandi áhrifum Kína, Indlands og — þegar tímar líða — hinna vanþróuðu ríkja. Mikilvægt er, að þessar stóru viðskiptaheildir einangrist ekki hver frá annarri og útiloki heldur ekki þau lönd, sem utan við standa. Íslandi er auðvitað nauðsynlegt að leita áfram viðskiptatengsla við slíkar viðskiptaheildir, en auk þess ber Íslandi að leggja sérstaka áherzlu á að tengjast sjálft vináttu- og viðskiptatengslum við þróunarlöndin og styðja þau til réttinda og sjálfsbjargar, svo að bilið milli þjóða heims minnki, en breikki ekki.

Íslendingum er vandi á höndum að stýra fleyi sínu í því umróti og á þeim breytingatímum, sem í hönd fara, þegar hvort tveggja í senn verður að tryggja, stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði og öryggi lands og þjóðar. Það verður ekki gert með því að einangra sig, heldur með samstarfi innan Sameinuðu þjóðanna, meðal Norðurlanda, í Atlantshafsbandalaginu, í Evrópuráðinu og í þeim viðskiptabandalögum, sem við tökum þátt í. Við gerum okkur þó grein fyrir, að enn sem komið er, hvað sem síðar verður, hafa slík samtök takmarkað gildi á mismunandi sviðum og haga verður þátttöku í þeim og binda vonir sínar við starfsemi þeirra í samræmi við það. Miklu máli skiptir, að við sem lítil þjóð komum fram með reisn án þess oflátungsháttar, sem stafar af minnimáttarkennd, og að við mörkum stefnu, sem er sjálfri sér samkvæm, svo að okkur takist að vinna okkur traust og álit og samræma heilbrigða þjóðernisstefnu og raunsæja alþjóðahyggju. Því miður hefur núv. hæstv. ríkisstj. stigið alvarleg víxlspor í utanríkismálum, en engu að síður ber ég að lokum fram þá ósk þjóðinni til handa, að núv. hæstv. ríkisstj. muni í þessum efnum sjá að sér, en falla ella sem allra fyrst.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Utanríkismál lýðveldisins eru beint framhald af fullveldisbaráttunni. Hlutverk okkar á sviði utanríkismála er að varðveita frelsi þjóðarinnar og gæta hagsmuna hennar í hvívetna gagnvart öðrum ríkjum. Meðferð utanríkismála verður því jafnan prófsteinn á það, hvort Íslendingar standa undir sjálfstæði sínu eða ekki.

Samskipti á milli þjóða á okkar tímum eru mikið völundarhús, þar sem litlum þjóðum getur verið erfitt að rata, ef ekki er að gáð. Þegar þjóðir móta utanríkisstefnu sína, koma mörg sjónarmið til greina. Þá verður að gæta að hugsjónum og vilja viðkomandi þjóða í alþjóðamálum, en það verður líka að gæta að hagsmunum þeirra og fjöldamörgu öðru, sem þar liggur á milli.

Við höfum orðið þess áskynja, síðan við tókum utanríkismálin í eigin hendur fyrir aðeins þremur áratugum, að aðrar þjóðir geta mælt fagurlega í okkar garð, en þegar kemur að framkvæmd málanna, eru það hagsmunir þeirra, sem jafnan ráða stefnunni. Við höfum orðið vör við þetta, t. d. þegar við þurftum að semja við frændur okkar og vini á Norðurlöndum um lendingarrétt fyrir flugvélar. Og við verðum áþreifanlega vör við þetta þessa dagana, þegar við ræðum við nágrannaþjóðir okkar um landhelgismálið. Þá koma hagsmunir þeirra fram.

En við skulum líta í eigin barm. Erum við ekki nákvæmlega eins? Hæstv. utanrrh. sagði okkur í ræðu sinni, að við værum nú meðflm. að till. um það að fordæma apartheid-stefnuna í Suður-Afríku, og Íslendingar hafa raunar greitt atkvæði gegn þeirri stefnu við hvert tækifæri í mörg ár. Þegar við fáum tækifæri til að kaupa ódýra ávexti eða aðra vöru þar sunnan að, þá höfum við gleymt öllum okkar áhyggjum af apartheid-stefnunni. Við erum svo að segja allir Íslendingar harðir andstæðingar þeirrar nýlendustefnu og nýlendukúgunar, sem Portúgalar framfylgja í Afríku. En mér skilst, að við séum stimamjúkir, þegar við göngum til Portúgala og biðjum þá um að kaupa af okkur saltfisk. Við fordæmdum upp til hópa innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu, en ekki man ég eftir einni einustu rödd, sem lagði til, að við hættum viðskiptum eða menningarlegum samskiptum við Sovétríkin fyrir því.

Ég dreg þetta fram til að benda á, að það er vandasamt að móta utanríkisstefnu einnar þjóðar. Það verður að gerast að vel athuguðu máli, þar sem tekið hefur verið tillit bæði til þess, sem menn helzt vilja, þegar þeir geta talað opinskátt án þess að bera ábyrgð, og svo hins, sem menn gera, þegar þeir hafa grandskoðað hagsmuni þjóðarinnar og bera ábyrgð á stefnunni.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, vakti sú utanríkisstefna, sem hún boðaði, meiri athygli hér á landi og erlendis en nokkurt annað atriði í málefnasamningi hennar. Þetta var ekki að ástæðulausu, því að í þessari stefnuyfirlýsingu eru mörg stór og vanhugsuð orð. Ég leyfi mér að halda því fram, að þessi stefna hafi verið mótuð af þremur flokkum, sem höfðu verið lengi í stjórnarandstöðu og voru því miklu frekar í anda ábyrgðarlausir stjórnarandstæðingar en þeir, sem bera ábyrgð á gerðum þjóðar og viðskiptum hennar við aðra. Það var margt vanhugsað í þessari stefnuyfirlýsingu, enda hefur komið í ljós, að núv. ríkisstj. var ekki undir það búin að framkvæma það, sem fólst í stóru orðunum, í neinu máli á sviði utanríkismála nema einna helzt í landhelgismálinu, enda vitum við öll, að að því hafði verið langur aðdragandi og fulltrúar allra flokka höfðu tekið þátt í margra mánaða — ef ekki ára — undirbúningi.

Það hefur og komið í ljós, að hæstv. utanrrh. hefur við framkvæmd þessarar stefnu á mörgum sviðum reynt að fara gætilega. Það er sýnilegt, að hann hefur gert sér ljóst, hversu mikill munur er á því að gefa yfirlýsingar í ábyrgðarlausri stjórnarandstöðu eða eiga að framkvæma þær á ábyrgan hátt, svo að hagsmunum þjóðarinnar sé nægilega vel borgið.

Í skýrslu sinni fjallaði utanrrh. um marga þætti utanríkismálanna, sem von er, og hefði þó mátt nefna ýmsa fleiri til viðbótar. Ég vil byrja, þar sem hann endaði, og nefna utanríkisþjónustuna — ekki sízt af því, að einmitt nú er allmikið um hana rætt og deilt. Eins og hæstv. ráðh. skýrði frá, hefur verið fjallað um það í utanrmn., hvaða breytingar þurfi að gera á kjörum þeirra, sem í utanríkisþjónustunni starfa, og hvaða breytingar kunna að vera æskilegar á staðsetningu sendiráða.

Það er ekki nýtt hér á Íslandi, að utanríkisþjónusta sé gagnrýnd. Í þá tíð, þegar við höfðum eitt sendiráð erlendis, var hafinn upp þvílíkur rógur hér heima um þetta sendiráð og starfsemi þess, að við sjálft lá, að Sveinn Björnsson gæfist upp og færi heim. Það er ekki nýtt, að menn tortryggi utanríkisþjónustuna, og það er heldur ekki einstakt fyrir okkur Íslendinga. Að vissu marki er þetta eðlilegt. En það er nauðsynlegt fyrir þá fámennu sveit manna, sem við höfum valið til þess að fara með umboð okkar hjá öðrum þjóðum, að þeim sé sýnt traust og þeim séu skapaðar þær aðstæður, sem þeir geta starfað við. Utanríkisþjónustan kostar Íslendinga nú ekki nema rétt innan við 1% af ríkisútgjöldum, sem er ekki mikið fyrir svo litla þjóð, er hefur færzt það í fang að halda uppi sjálfstæðum samskiptum við allan umheiminn. Það er því ekki ástæða til þess fyrir okkur að kvarta um það, að utanríkisþjónustan sem heild sé of dýr, enda þótt rétt sé framvegis, eins og gert hefur verið hingað til, að fara jafnan varlega, hvað kostnað snertir í þeirri starfsemi.

Um fólkið, sem vinnur í utanríkisþjónustunni, vil ég segja, að ég tel nauðsynlegt að búa eins vel að því og hægt er. Við vitum, að þeir menn, sem við sendum utan, starfa fyrir mun lægra kaup en aðrir sendimenn í sömu borgum. En ýmislegt getum við fyrir þá gert, sem okkur ber skylda til að gera. Ég tel t. d., að við verðum að tryggja þeim fullkomnar sjúkratryggingar, eins og þær eru beztar hér heima á Íslandi, þegar við vitum, að í mörgum borgum erlendis getur sjúkdómur í fjölskyldu sendimanns orðið til þess að gera hann gjaldþrota á skömmum tíma. Ég tel líka, að við verðum að tryggja, að það fólk, sem við sendum í utanríkisþjónustuna, geti alið börn sín upp á íslenzkan hátt. Margra ára fjarvera má ekki dæma börn íslenzkra sendiráðsstarfsmanna til að verða útlendingar. Þessi orð læt ég falla til að hvetja til þess, að á þessum málum verið tekið af skilningi og ekki af óeðlilegri nízku. Margt mætti athuga og mörgu mætti breyta í sambandi við starfsemi utanríkisþjónustunnar, það skal ég játa, og eðlilegt er að hafa mjög náið eftirlit með starfi hennar og útgjöldum, enda hefur það eftirlit á síðustu misserum verið aukið til muna.

Varðandi staðsetningu sendiráða hefur ríkisstj. tilkynnt, að hún vilji endurskoða það mál. Þó virðist eins og í flestum öðrum liðum utanríkismála, að ríkisstj. sé sammála um að varpa þessu fram, en hafi ekki gert sér nokkra grein fyrir málinu og hafi ekki um það neinar fastar hugmyndir. Ég vil spá því, að það reynist, eins og raunar kom fram hjá hæstv. utanrrh., erfitt að leggja niður flest þau sendiráð, sem við höfum nú, og að við munum hugsa okkur um tvisvar við hvert nýtt sendiráð, sem við bætum við.

Af því að þetta mál er komið á dagskrá, hafa nokkrir þm. Alþfl. leyft sér að flytja till. þess efnis, að Íslendingar setji upp sendiráð í Kanada. Ég vil nefna þessa till. til þess, að hún komi til umræðu í sambandi við þetta mál. Höfuðorsök þess, að við flytjum þetta mál

nú, er ekki hin gömlu tengsl okkar við Kanada og það, hve margir menn af íslenzku bergi brotnir búa þar, heldur fyrst og fremst tvær ástæður, sem hafa komið til á allra síðustu árum. Önnur er sú, að við höfum tekið upp náið samstarf við Kanadamenn í sambandi við fiskmarkað í Bandaríkjunum og þetta samstarf á e. t. v. verulegan þátt í því, að fiskverð hefur haldizt svo hátt eða hækkað svo ört sem raun ber vitni. Hin ástæðan er sú, að við höfum tekið upp náið samstarf við Kanadamenn í sambandi við landhelgismálið. Þar að auki mundi sendiráð í Kanada geta tekið að sér svo sem hálfa Suður-Ameríku á móti sendiráðinu í Washington. Þar með gæti utanríkisþjónustan sinnt löndunum frá Mexíkó og suður úr miklu betur en hægt hefur verið til þessa. Landhelgismálið knýr mjög á um það, að sambandi við þessi ríki sé sinnt meir en ástæða var til áður.

Fyrir utan þessa hugmynd, sem við höfum varpað fram um Kanada, skilst mér, að einna helzt kæmi til greina að staðsetja nýtt sendiráð í Austurlöndum fjær. Ég vil fagna því, sem hæstv. ráðh. skýrði frá, að stjórnmálasamband muni nú verða tekið upp við stjórnina í Peking og minna á, að Alþfl. lýsti yfir því á s. l. sumri, að hann væri hlynntur því, að leitað væri eftir slíku sambandi. Mér skilst, að sérfróðir menn telji í þessu sambandi mjög vel geta komið til greina, ef við teljum okkur hafa ráð á einu sendiráði enn, að setja það niður í Tókíó fyrir viðskiptin við Japan og önnur lönd á þessu svæði.

Skal ég svo láta útrætt um utanríkisþjónustuna með þeim orðum, að Alþ. beri skylda til að gefa henni gaum og standa vel að baki þeim mönnum, sem við sendum utan til þessara mikilvægu starfa.

Ég vil fagna því, sem fram kom hjá hæstv. utanrrh., að hann lítur á norræna samvinnu sem einn af máttarstólpum í viðskiptum okkar við umheiminn. Ég gleðst yfir því, að hann virðist vera ánægður með fyrsta fund sinn með utanríkisráðherrum hinna Norðurlandanna og gerir sér vonir um, að þau muni, hvað sem á dynur, frekar veita okkur hjálp en verða í vegi okkar í landhelgismálinu.

Ég tel, að það sé ekki aðeins vegna marglofaðrar frændsemi eða menningarviðskipta, að við eigum að halla okkur mjög að norrænu samstarfi. Við skulum gera okkur ljóst, að Ísland hefur undanfarna áratugi verið í þeirri stöðu, að risaveldin í austri og vestri hafa á okkur og landi okkar meginhuga og þau munu vafalaust halda áfram að veita okkur óeðlilega mikla athygli miðað við þann fjölda fólks, sem býr í þessu landi. Ég tel því, að náin tengsl við Norðurlönd muni verða nauðsynlegt mótvægi fyrir okkur gegn ásókn, vinsamlegri og óvinsamlegri, af hálfu hinna stóru ríkja. Ég tel, að t. d. á sviði utanríkismála munum við geta gengið að heiðarlegum og hlutlausum upplýsingum um hvað eina með því að leita til frænda okkar á Norðurlöndum. Þetta höfum við raunar gert mörg undanfarin ár, og þessu munum við halda áfram. Ég vil enn fremur geta þess, að ég tel, að við mundum varla geta haldið þátttöku okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sómasamlega, ef við nytum ekki norrænnar samvinnu. Við höfum ekki í New York nógu marga menn til að sitja í öllum nefndum Allsherjarþings, nema þessar fáu vikur, sem þm. eru þar á haustin. Það er aðeins vegna þess, að hinir Norðurlandafulltrúarnir vaka yfir þessum nefndum og ýmsu öðru fyrir okkur og láta okkur vita, ef í vændum eru atkvæðagreiðslur, að við höfum getað gegnt skyldum okkur sómasamlega. Þegar smáþjóðir eru taldar óhæfar til þess að fara með atkvæði á Allsherjarþinginu, eins og oft heyrist nú á dögum, þá er það nefnt sem röksemd á móti, að 200 þús. manna þjóð, Íslendingar, hafi allt frá stofnun Sameinuðu þjóðanna — eða skömmu þar á eftir — rækt hlutverk sitt óaðfinnanlega sem aðili að bandalaginu.

Hæstv. ráðh. ræddi ítarlega um hin ýmsu málefni, sem nú liggja fyrir Sameinuðu þjóðunum, og skal ég ekki fara ítarlega út í þau mál. Ég vil aðeins taka mjög undir það, að hann skuli ætla að halda áfram þeirri stefnu, sem raunar hefur verið ríkjandi lengi, að Íslendingar styðji í hvívetna ófrjálsar þjóðir og stuðli að fullveldi þeirra, að þeir vinni gegn hvers konar nýlendukúgun og styðji hvers konar viðleitni til þess að hjálpa vanþróuðu þjóðunum til betri lífskjara en þær njóta nú.

Hér hefur mikið verið rætt um Atlantshafsbandalagið, enda varði hv. síðasti ræðumaður meginhluta ræðu sinnar til að fjalla um viðskipti okkar við það. Í sambandi við þátttöku Íslands í bandalaginu vil ég undirstrika, að það kerfi varnarbandalaga, sem verið hefur í Evrópu undanfarið 21 ár, Atlantshafsbandalagið í Norður-, Vestur- og Suður-Evrópu, en Varsjárbandalagið í Mið- og Austur-Evrópu, hefur tryggt frið á þessu svæði — á sama tíma og ófriður hefur logað í flestum öðrum heimsálfum. Þetta kerfi bandalaga hefur skapað í Evrópu valdajafnvægi, sem er undirstaða þess, að svo friðsamlegt hefur þrátt fyrir allt verið í álfunni sem raun ber vitni. Enda þótt það sé vinsælt að ráðast að þessum bandalögum, gagnrýna þau, gera lítið úr starfi þeirra og eigna þeim hinar verstu hvatir, vil ég biðja menn að meta það á raunsæjan hátt, hver árangur hefur orðið af starfi þeirra.

Nú er mikið reynt til þess að koma á annars konar víðtæku samkomulagi um öryggismál Evrópu. Ég tel, að það væri fásinna fyrir þjóðir Evrópu að kasta þessum tveimur bandalögum á glæ, áður en þær hafa fundið eitthvað annað til að koma í staðinn fyrir þau — einhverja aðra skipan öryggismála, sem getur tryggt okkur það sama og þetta kerfi hefur þrátt fyrir allt tryggt, sem er friður í álfunni í meira en 20 ár.

Hæstv. utanrrh. fagnaði mjög þeim árangri, sem hefur náðst í samkomulagsviðleitni í Berlínarmálinu. Ég get tekið undir hvert orð hans í því sambandi. Hann fagnaði því, að hugmyndin um ráðstefnu um öryggismál Evrópu á nú vaxandi fylgi að fagna. Ég minni á orð hæstv. ráðh. þess efnis, að nú hafi loks tekizt samband á milli bandalaganna tveggja um að ræða um að draga úr herafla sínum á öllum sviðum, og þessu ber líka að fagna. Loks tek ég undir orð ráðh. um, að SALT-viðræðurnar um takmörkun kjarnorkuvopna, sem nú standa yfir í Vínarborg og hafa verið þar og í Helsinki til skiptis, gefi vonir um það, að hætta af notkun kjarnorkuvopna fari minnkandi.

Hæstv. ráðh. dregur af öllu þessu þá ályktun um samskipti austurs og vesturs í Evrópu, að friðarhorfur séu nú betri en oft áður, og hann telur það von allra hugsandi manna, að sú sýn sé ekki blekking ein, heldur byggð á raunverulegum vilja forystumanna allra þjóða til bættrar sambúðar. Ég tel þessa ályktun ráðh. ekki

aðeins eðlilega, heldur mjög mannlega, og ég vil eins og hann vona, að hún reynist rétt. Í sambandi við þær umræður, sem hér hafa farið fram um varnarmál okkar Íslendinga og dvöl varnarliðsins í landinu, mundi ég telja, að ef allt þetta, sem er að gerast í Evrópu, leiðir til jákvæðs árangurs eins og menn vonast eftir, muni það skapa nýjan grundvöll til þess að ræða um þörf fyrir varnarlið á Íslandi. Í fyrsta lagi eru þessar viðræður allar í gangi, en engar þeirra nema e. t. v. Berlínarviðræðurnar hafa leitt til niðurstöðu enn þá. Í öðru lagi hafa gerzt ýmis tíðindi á þessu svæði, sem hæstv. utanrrh. ekki nefnir í skýrslu sinni. Þar á ég við þá þróun, sem orðið hefur á Norður-Atlantshafi og það vígbúnaðarkapphlaup, sem þar er í fullum gangi. Ég tel, að þessi þróun varpi skugga á þann árangur, sem er að nást á meginlandinu í viðleitninni til að koma málum þar í friðvænlegra horf. Ég er ekki einn um þá skoðun, ef marka má fregnir um skoðanir margra annarra. Ég tel það einn helzta gallann á skýrslu hæstv. ráðh. um utanríkismál, að hann skuli ekki sjá ástæðu til þess að nefna einu orði þessa þróun mála á hafinu rétt út af ströndum okkar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir rúmlega áratug virðast Sovétríkin hafa tekið ákvörðun um að hefja stórfellda uppbyggingu á herskipaflota — raunar samtímis því, sem haldið var áfram stórfelldri uppbyggingu á *kaupskipaflota, fiskiflota og flota rannsóknaskipa*. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Við þessu mátti búast. Á síðustu öld var keisaradæmið í Rússlandi orðið mikið flotaveldi og lagði á það áherzlu að byggja upp flota sinn. Hlaut að koma að því, að jafnvoldugt ríki og Sovétríkin kæmi sér upp flota til þess að auka áhrif sín á heimshöfunum.

Undanfarin 300—400 ár hafa Engilsaxar verið alls ráðandi á heimshöfunum, fyrst Bretar og síðan á dögum síðari heimsstyrjaldarinnar Bandaríkjamenn. Þessi yfirráð hafa mótað heimsmálin meira en nokkuð annað á þessu tímabili, og þau hafa alveg sérstaklega haft úrslitaáhrif á örlög okkar Íslendinga. Tyrkjarán og annar slíkur ófögnuður lagðist ekki niður fyrr en brezki flotinn varð það voldugur á Norður-Atlantshafi, að hann gat hindrað slíkt og hafði hagsmuni af að hindra það, til þess að fiskveiðar gætu gengið stórvandræðalaust. Þá er skemmst frá að segja, að örlög okkar á Napóleonstímanum sýndu okkur betur en nokkuð annað, hver raunveruleg staða okkar var. Það var einu sinni sagt í þessum sal, — ég held, að það hafi verið Guðmundur landlæknir, sem sagði það — að Íslendingar hefðu í marga mannsaldra lifað í skjóli brezka flotans. Það hlýtur því óhjákvæmilega að varða okkur miklu — og við verðum að gera okkur grein fyrir hvað er að gerast — þegar nýtt ríki kemur til sögunnar og sendir það mikinn flotastyrk inn á þetta haf, að enn verður ekki séð fyrir endann á því, hverjir muni verða taldir ráða hafinu. Þetta eru breytingar, sem hljóta að hafa áhrif á stöðu okkar. Við hljótum að fylgjast með þessu og gera okkur grein fyrir því, hvort þetta gefur okkur tilefni til að breyta stefnu okkar í utanríkismálum á einn eða annan hátt eða ekki. Það eina, sem er óafsakanlegt, er að láta sem maður sjái ekki slíka þróun.

Á árunum eftir 1960 fóru Sovétríkin að efna til flotaæfinga undan ströndum Noregs og færðu sig smám saman með hverju árinu sem leið sunnar í hafið. Árið 1963—64 voru þessar æfingar teknar að ná til hafsins á milli Íslands og Færeyja og fóru með hverju ári vaxandi. Árið 1968 kom í fyrsta skipti í sögunni rússneskt herskip og sigldi umhverfis Ísland á þann hátt, að það var greinilega að láta bera sem allra mest á sér. Hér var ekki um hernaðaraðgerðir að ræða, heldur var eitt af stórveldum heimsins að auka áhrif sín með því að láta vita af tilvist sinni. Þetta skip var að segja við okkur: Sjáið þið til, hérna erum við! Skömmu síðar, þegar spurzt var fyrir um, hvort sovézk herskip mættu koma hér inn og taka olíu, þá neitaði Emil Jónsson, þáv. utanrrh., að vísu um olíu, en af íslenzkri gestrisni sagði hann: Komið inn og fáið ykkur kaffi! Rétt á eftir komu hingað tvö sovézk skip í fyrstu opinbera heimsókn sína til Íslands.

Það er almennt álitið, að þessi uppbygging sovézka flotans sé meiri háttar aðgerð til að breyta nú gangi heimsmálanna. Þetta hefur ekki aðeins gerzt hér á Norður-Atlantshafi. Þetta hefur gerzt á Miðjarðarhafi og alveg sérstaklega á Indlandshafi. Þegar brezki flotinn hvarf brott af Persaflóa og svæðinu þar í kring, þar sem hann hafði verið alls ráðandi í margra mannsaldra, liðu ekki mörg ár, þar til sovézk skip voru komin þar í staðinn.

Ég vil taka fram, að ég er ekki með því að tala um þennan vopnabúnað að reyna að vekja hræðslu. Þessu er ekki sérstaklega beint gegn Íslandi eða öðrum smáríkjum í kringum okkur; það er ég sannfærður um. Þetta er hluti af valdatogstreitu stórvelda, sem nær um allan heim, en við erum hluti af þessum heimi. Þess vegna verðum við að gera okkur grein fyrir þessum atburðum.

Ég las það nýlega í grein, sem skrifuð var af þremur sérfræðingum við norsku utanríkismálastofnunina í Osló, en sú stofnun er algjörlega óviðkomandi norskum yfirvöldum, að *þeir teldu, að þessi flotauppbygging* gjörbreytti allri stöðu Norðmanna. Þeir töldu, að Sovétríkin væru að reyna að skapa eins konar varnarlínu á hafinu, ekki norður af Múrmansk, heldur á milli Skotlands, Færeyja og Íslands. Þeir töldu, að hér væri ekki um að ræða aðgerðir, sem væri beint gegn íbúum á Íslandi, í Færeyjum, á Grænlandi eða í Noregi, heldur hluta af stórkostlegri áhrifatogstreitu. Eins og sú þróun, sem hæstv. utanrrh. lýsti í öryggismálum á meginlandi Evrópu, *hefur verið jákvæð undanfarin ár og gefið ríkar vonir um bætt og betra ástand þar*, þá hefur þessi þróun á hafinu óneitanlega gengið í öfuga átt. Sjást þegar merki þess, að önnur stórveldi, sem lengi hafa talið sig ráða ríkjum á þessu hafi, hvort sem þau eiga nokkurn rétt á því eða ekki, eru farin að mæta þessari þróun með því að hefja stórfelldar herskipasmíðar. Þessi atriði verðum við að gera okkur ljós, þegar við íhugum, hvort það er ástæða til að gjörbreyta um stefnu *í sambandi við varnar- og öryggismál okkar Íslendinga*.

Það hefur þegar verið rætt allmikið um meðferð ríkisstj. á varnarmálunum, og er óþarfi fyrir mig að endurtaka það. Er hverjum manni ljóst, sem nokkuð hlustar eftir umræðum um þessi mál, að alvarlegur ágreiningur er innan ríkisstj. og miklu meiri togstreita með þeim öflum, sem standa bak við ríkisstj., en nokkurn tíma kemur upp á yfirborðið eða hefur gert það enn þá. Það er ljóst, að stefnan er veik og óljós, af því að fyrst er birt stefnan og svo á að koma til 6—8 mánaða

athugun á málinu án þess, að það sé ljóst, hvort niðurstöður athugunarinnar munu nokkru breyta eða ekki.

Í sambandi við það, sem hæstv. utanrrh. sagði um athugun á varnarmálunum, verð ég að segja nokkur orð. Hefur oft verið um það spurt, hvernig þessi athugun fari fram og hverjir annist hana. Við því hafa engin svör fengizt, nema okkur sé ætlað að taka það sem svar, er Þjóðviljinn upplýsti okkur um hina furðulegu ráðherranefnd, sem situr vikulega og fjallar um þetta mál innan ríkisstj.

Að vísu er ýmislegt í ummælum hæstv. utanrrh. í skýrslu hans, sem rétt er að vekja athygli á. Hann segir, að hann telji það nú hlutverk bandalagsþjóða okkar í Atlantshafsbandalaginu að sannfæra okkur um, að hér sé enn nauðsyn varnarliðs. Það er von, að menn spyrji í þessu sambandi: Er ætlun utanrrh. og ríkisstj. að óska eftir því frá ráði Atlantshafsbandalagsins, að það láti í ljósi álit á þessu máli? Við þessu væri mjög fróðlegt að fá svar.

Hæstv. ráðh. sagði einnig: Við munum kanna málin m. a. með viðræðum við alla þá, sem hlut eiga að máli. Það væri fróðlegt að vita, hverjir „allir þeir" eru. Við vitum, að það er ætlunin að ræða við Bandaríkjamenn, en er ætlunin að ræða við fleiri þjóðir og þá hverjar og hvenær? Ég hef áður bent á þá hugmynd, að það gæti verið skynsamlegt fyrir Íslendinga að koma á sérstökum viðræðum um öryggis- og utanríkismál við Norðmenn og Dani til þess að fjalla sérstaklega um það svæði nyrsta hluta Atlantshafsins, sem okkur skiptir mestu máli, þannig að þar væru aðilar, sem talað geta fyrir Grænland, Færeyjar, Noreg og Ísland, en stórveldin þyrftu ekki að vera þátttakendur þar. Ef það á að ræða við alla, sem hlut eiga að máli, finnst mér sú hugmynd vera vel þess virði að athuga hana einnig.

Í sambandi við þær hörðu deilur, sem komið hafa upp um athugun á öryggismálum, sem nú er sagt, að standi yfir, hefur Alþfl. leyft sér að flytja þáltill. á þskj. 62. Þar er lagt til, að utanríkismálanefnd verði falið að gera ítarlega athugun á öryggismálum Íslands. Þar er tilgreint í átta liðum, hvaða höfuðviðfangsefni ætlazt er til af okkar hálfu, að nefndin athugi. Þó eru þessi átta viðfangsefni í raun og veru heill málaflokkur hvert um sig. Okkur finnst, að það sé búið að binda varnarmálin í slíkan hnút bæði með skipan þeirra innan ríkisstj. og með deilum á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að það verði á einhvern hátt að finna á því lausn. Finnst okkur ekki óeðlilegt, að Alþ. geri sjálfstæða athugun á þessu máli. Hún yrði gerð í utanrmn., sem er samkvæmt landslögum og skipulagi Alþ. réttur aðili til að fjalla um þetta mál. Það er ekki hægt að kvarta um, að þar eigi ekki allir þingflokkar aðild. Það er beinlínis hugmyndin með þessari till. að gera athugun, sem væri til birtingar og til upplýsingar fyrir þjóðina.

Það hefur því miður verið svo, síðan varnarliðið kom hingað, að yfir því hefur hvílt óeðlilega mikil leynd. Ég hygg, að þetta stafi ekki af því, að þar sé neitt óeðlilegt að gerast, heldur stafi þetta af því, að árekstrar, sem voru algengir hér á árunum 1953—1959, leiddu til þess, að bæði íslenzk yfirvöld og yfirmenn varnarliðsins töldu það því betra, því minna, sem var um varnarliðið talað, og því minna, sem Íslendingar hefðu af því að segja. Hvað árekstra snertir og önnur sambúðarvandamál, sem minnkað hafa til stórra muna á s. l. áratug, þá er þetta ekki óeðlileg stefna, en hún hefur leitt til þess, að Íslendingar vita nú sáralítið um það, af hverju varnarliðið er hér á landi, hvert hlutverk þess er eða hvernig það gegnir því hlutverki. Það sjást yfirleitt varla skrif um varnarliðið í blöðum, nema þegar pólitískar deilur eru komnar í gang, en þá valda deilurnar því venjulega, að upplýsingar, sem fram koma, fara fyrir ofan garð og neðan, því að menn mæna á deiluatriðin. Því er mjög rík ástæða til að láta óháða athugun á vegum Alþ. fara fram, þar sem alþm. geta spurt um það, sem þeir vilja fá að vita. Leitað verði til þeirra, sem geta svarað og eiga að svara slíkum spurningum, svörin verði dregin fram í dagsljósið og síðan verði gerð um þetta skýrsla, sem yrði opinbert mál og gerði öllum almenningi betur kleift að átta sig á málinu og taka afstöðu til þess. Það er varhugavert fyrir okkur að láta umræður um öryggis- og varnarmálin eingöngu byggjast á tilfinningum okkar og þjóðerniskennd, því að varnarmálin eru svo alvarlegs eðlis, að við verðum oft að grípa til ýmissa ráðstafana, sem stríða gegn því, er við helzt vildum búa við.

Ég vil því gera mér vonir um, að hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. íhugi þessa tillögu okkar gaumgæfilega. Ég vona, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að það væri eðlilegt og gagnlegt, að slík skoðun færi fram. Ég geri mér ekki í hugarlund, að slík athugun geti á nokkurn hátt komið í staðinn fyrir þá rannsókn málsins, sem hæstv. ríkisstj. vill láta gera fyrir sig. Til þess er ekki hægt að ætlast, en það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að Alþ. reyni ekki sjálft að gera sér grein fyrir málum eins og þessum, heldur bíði og taki aðeins við því, sem að þinginu er rétt, þegar búið er að ákveða niðurstöður málsins.

Hæstv. utanrrh. fjallaði að lokum um landhelgismálið í skýrslu sinni, og sé ég ekki ástæðu til að fara ítarlega út í það, vegna þess að um það hafa verið sérstakar umræður á Alþ. Það eina, sem er nýtt í skýrslu hæstv. ráðh. um landhelgismálið, er, að hann skýrir frá undirtektum þeim, sem við höfum fengið í viðræðum við Breta og Þjóðverja. Það er sýnilegt, að þær hafa orðið til þess, að hæstv. ráðh. telur, að nokkur samkomulagsvilji sé fyrir hendi og sérstaða okkar sé viðurkennd, þannig að enn megi vona, að samkomulag geti náðst. Þetta er nýtt í ræðu hæstv. ráðh., og ég vil fagna þessu. Ég vænti þess, að það verði kannað til þrautar í þessum viðræðum, hvort unnt er að ná samkomulagi, því að sannarlega ber okkur skylda til þess að ná friðsamlega þeim markmiðum í utanríkismálum, sem við setjum okkur, ef þess er kostur, og forðast deilur við aðrar þjóðir eins og hægt er, innan þeirra marka, að við höldum fast við stefnu okkar.

Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh., eru utanríkismál okkar fjölþætt og koma víða við. Það sannast hér eins og oft endranær, að vandamálin geta verið jafnmörg hjá lítilli þjóð og stórri. Þau geta oft verið torleystari hjá lítilli þjóð en stórri.

Ég vil enda á því, sem ég byrjaði á, að benda á algjöra sérstöðu utanríkismálanna. Þau eru framhald af frelsisbaráttu okkar, og það getur verið eins erfitt að varðveita frelsið og að öðlast það. Hætturnar eru ekki eins augljósar nú á dögum og þær voru þá, þegar við áttum við eina herraþjóð að stríða. Nú geta þær leynzt hvar sem er og sótt að okkur svo til hvenær sem er. En ef við

sýnum alúð í meðferð utanríkismála og utanríkisþjónustu okkar, ef við ástundum eins mikil samráð og framast er hægt, þá vil ég vænta þess, að okkur takist í framtíðinni eins og hingað til að halda svo á utanríkismálum, að virðing okkar vaxi af og við öðlumst traust annarra þjóða í heiminum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir í ræðu sinni, er því heitið í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj., að stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið eins og í samningnum segir. Síðan eru í samningnum tilgreind nokkur atriði, sum næsta veigamikil, þar sem ákveðið er að breyta um stefnu frá því, sem tíðkaðist í tíð fyrrv. stjórnarvalda. Við Alþýðubandalagsmenn teljum fyrirheit málefnasamningsins um breytta stefnu í utanríkismálum einhver mikilvægustu atriði þessa samnings og framkvæmd þeirra skipta afar miklu máli. Á þetta vil ég leggja þunga áherzlu — ekki vegna þess að hæstv. utanrrh. geri sér ekki mikilvægi stefnubreytingarinnar fyllilega ljóst, heldur af hinu, að í daglegu þrasi og þrefi okkar, sem fáumst við stjórnmál hér á Íslandi, um innanlandsmál hættir of mörgum til að láta ógert að mestu að fjalla um utanríkismálin sem skyldi. Við rökræðum þau allt of sjaldan. Við gefum okkur of sjaldan tóm til þess að skiptast á skoðunum um þennan afar mikilvæga málaflokk.

Sú var tíðin — a. m. k. nokkuð framan af í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., þeirrar ríkisstj., sem gjarnan er kennd við viðreisn, að stjórnarvöld létu sér nánast ekki til hugar koma að gera að fyrra bragði grein fyrir utanríkismálum hér á háttv. Alþ. Þá voru slík mál aldrei rædd hér í þingsölunum, nema því aðeins að stjórnarandstæðingar og þá fyrst og fremst við Alþýðubandalagsmenn vektum máls á þeim eða einstökum þáttum þeirra. Vel man ég þá tíð — hún er ekki ýkja langt undan, þegar ekki tjóaði mikið að bera fram fyrirspurnir um utanríkismál og rökræður um þau við ráðherra máttu heita útilokaðar. Fyrirspurnum var yfirleitt ekki svarað nema þá út í hött og rökræður, ja, drottinn minn dýri, að dómi þeirra, sem þá fóru með húsbóndavaldið í stjórnarráðinu, kom íslenzk utanríkisstefna Alþingi Íslendinga ekki nokkurn skapaðan hlut við. Þannig var komið þessum málum og meðferð þeirra, að utanrmn. Alþ. hafði ekki aðeins verið gerð óvirk, heldur hreinlega lögð niður í reynd. Þetta er bláköld staðreynd, sem allir viðurkenna, og flestir, sem létu slíkt löglaust og siðlaust athæfi viðgangast, blygðast sín fyrir það nú. Þessir niðurlægingartímar yfirstjórnar íslenzkra utanríkismála eru liðnir, og aðrir slíkir koma vonandi aldrei aftur.

Um leið og ég læt þessi fáu orð nægja um langa en ljóta sögu — sögu, sem heyrir fortíðinni til, þá þykir mér skylt að geta þess, að fyrrv. utanrrh., Emil Jónsson, og fyrrv. form. utanrmn., Sigurður Bjarnason, áttu góðan hlut að því fyrir nokkrum árum, að þessu vansæmdarskeiði lauk. Þar var að vísu ekki um að ræða breytta og bætta utanríkisstefnu — því fór fjarri, en það voru tekin upp ný og að öllu leyti betri vinnubrögð í sambandi við meðferð utanríkismála og afstöðunni til Alþ. var breytt. Utanrmn. var lífguð við. Hún tók að nýju að fjalla um utanríkismál og fyrrv. utanrrh., Emil Jónsson, féllst á að taka upp þann góða sið, raunar þann sjálfsagða sið, að flytja Alþ. skýrslu um utanríkismál einu sinni á ári og efna þar með til nokkurrar umræðu um þessi mikilvægu mál.

Ég fagna því, að hæstv. núv. utanrrh. hefur þegar efnt til slíkrar skýrslugerðar og umræðna um þennan stóra málaflokk. Auk þess hefur hæstv. ráðh. nú boðað aðra slíka skýrslu um framvindu utanríkismála, sem flutt verður á síðari hluta þessa þings. Þetta tel ég verulega framför og vil mega vænta þess, að slík skýrslugerð til Alþ. tvisvar á ári gæti orðið að reglu, enda gæfist þá jafnframt nokkurt tóm til að rökræða utanríkismálin í því sambandi og af því tilefni. Einnig fagna ég því, að hæstv. utanrrh. hefur látið í ljósi, bæði í ræðu sinni hér í dag og eins á fundi í utanrmn., að hann vilji hafa sem bezt samband við utanrmn. Alþ. Ég tel mjög mikilvægt, að sú n. sé jafnan virk og starfsöm, og það alveg án tillits til þess, hvaða flokkar fara með völd hverju sinni.

Hæstv. utanrrh. hefur þegar gert fyrir því ljósa grein, að hvaða leyti og á hvern hátt er tekið að vinna að framkvæmd ýmissa fyrirheita núv. ríkisstj. um breytta utanríkisstefnu og breytt vinnubrögð á alþjóðavettvangi. Stefnan í landhelgismálinu hefur verið kynnt við hvert tækifæri, sem til þess hefur gefizt, og málstaður okkar túlkaður skilmerkilega. Er þar vinnubrögðum öllum mjög á annan og betri veg háttað en í tíð fyrrv. ríkisstj., þegar á stjórnarherrunum lá herfjötur í þessu efni og stækkun landhelginnar var þeim árum saman algert feimnismál. Svo afdráttarlaust hefur þetta stórmál okkar nú verið vakið af Þyrnirósarsvefni, bæði í kosningunum síðustu og nú eftir kosningar og stjórnarmyndun, að það má heita orðið sameiginlegt viðhorf Íslendinga allra, að við verðum að færa fiskveiðilögsögu okkar út með einhliða ákvörðun þegar á næsta ári.

Og fyrrv. stjórnarflokkar báðir, Sjálfstfl. og Alþfl., þessir flokkar tveir, sem í vor þorðu ekkert að gera í málinu annað en kjósa nýja nefnd og bíða eftir hafréttarráðstefnu, eru nú góðu heilli komnir vel á veg með að hafa sig upp úr þessum vesaldómi og vilja nú láta slag standa og ákveða einhliða stækkun fiskveiðilögsögunnar alveg eins og við hinir. Það er svo ósköp mannlegt, þótt hv. stjórnarandstæðingar eigi dálítið erfitt með að fallast á okkar sjónarmið alveg krókalaust. Ég heyri það á ýmsum, að þeim þyki það dálítið hláleg breyting, sem orðið hefur á stefnu þessara tveggja flokka, Sjálfstfl. og Alþfl., í fiskveiðilögsögumálinu frá því í vor, og það eru sumir, sem liggja þeim á hálsi fyrir yfirboð. En ég tel miklu fremur ástæðu til að fagna þeirri breytingu, sem þarna hefur á orðið. Þeim mönnum, sem í vor sáu hvarvetna torfærur og hættur í sambandi við einhliða útfærslu, finnst, að nú sé fátt auðveldara en stækka landhelgina, stjórnarsinnarnir núv. séu þar bara helzt til smátækir. Ég segi ekki annað en það, að batnandi mönnum er bezt að lifa, og enda þótt eitthvað kunni að vera hæft í því, að hvorug afstaðan, hvorki hin fyrri né jafnvel hin síðari, beri vott um sérlega mikla skarpskyggni, hvorki sú afstaða að telja í vor flestar eða allar bjargir bannaðar að sinni né hin að láta nú eins og ekkert sé auðveldara en færa út landhelgina að vild, þá tel ég síðari afstöðuna ólíkt mannborlegri og geðfelldari en hina fyrri.

Um breytta afstöðu Íslands til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum tel ég þarflaust að fara mörgum orðum, svo sjálfsagt mál sem þar var á ferðinni að allra

ofstækislausra manna dómi. Í því máli kom það ljóslega fram og á það er vert að benda, að breytt stefna í utanríkismálum forðaði okkur Íslendingum frá því að verða að líkindum eina Evrópulandið, sem beinlínis auglýsti sig sem sérstakt og algert leppríki Bandaríkjanna í þessu máli. Þess í stað urðum við í hópi þeirra ríkja, sem loksins tryggðu það, að Kína fengi sæti sitt hjá Sameinuðu þjóðunum. Þegar núv. hv. stjórnarandstæðingar sáu, hver tíðindi voru að gerast í Kínamálinu, gripu þeir og þá sérstaklega sjálfstæðismenn í það hálmstrá að segja: Kína á ekki að fá aðild að Sameinuðu þjóðunum á kostnað Formósu. Við skulum stuðla að því, sögðu þessir ágætu menn, að tvö kínversk ríki geti átt aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Ég held, að það sé varla réttmætt að bera leiðtogum stjórnarandstöðunnar þann þekkingarskort á brýn, að þeir hafi trúað þessari sögu sinni um kínversku ríkin tvö. Þeir hljóta að vita, eins og allir sæmilega upplýstir menn, að það eina, sem stjórnendur Formósu og stjórnendur Kínverska alþýðulýðveldisins hafa verið hjartanlega sammála um núna einmitt í 20—30 ár, er þetta, að það er aðeins til eitt kínverskt ríki og Formósa er hluti þess. Einhvers staðar hef ég m. a. s. lesið, að meðal þjóðernissinnanna á Formósu — þeirra, sem þar ráða ríkjum, flokkist það undir landráð að halda einhverri annarri skoðun fram um þetta efni. Það hefðu því allir mátt sjá, sem vildu, að það væri ekki á færi okkar Íslendinga að skipta Kínaveldi í tvennt. Það lá við, að mér yrði dálítið óglatt af að hlýða á málflutning hv. sjálfstæðismanna, þegar þeir fóru um það býsna mörgum orðum hér um daginn, hversu ljótt það væri af núv. stjórnarvöldum að láta dvergríkið Ísland standa að því að reka smáríkið Formósu úr Sameinuðu þjóðunum. Þeir, sem vilja vita hið rétta, geta víða fengið upplýsingar um Formósustjórn, uppruna hennar og eðli. Ég vitna hér mjög stuttlega til einkar fróðlegrar greinar í New York Times, sem þar birtist ekki alls fyrir löngu. Þar segir:

„Stjórnendur Formósu eru ekki úr röðum þeirrar þjóðar, sem þar býr og hefur búið og er um 13 millj. manna. Stjórnendurnir eru innrásarher frá Kína, rúmlega 2 millj. að tölu. Þessi her flúði til Formósu, þegar hann hafði beðið lokaósigur í borgarastyrjöldinni kínversku, og hefur síðan drottnað yfir Formósubúum eða Taiwanbúum með tilstyrk Bandaríkjamanna. Hér er um algera einræðisstjórn að ræða. Ekkert bendir til þess, að Taiwanbúar yndu kínversku þjóðernissinnastjórninni stundinni lengur, ef þeir hefðu bolmagn til að reka hana af höndum sér."

Þetta segir hið virta blað, New York Times, og ég hygg, að það fari hér með rétt mál. Læt ég svo útrætt um þetta.

Þá vil ég víkja nokkuð að því ákvæði málefnasamnings ríkisstj., sem valdið hefur hvað mestu fjaðrafoki í röðum stjórnarandstæðinga og framkallað sérstaklega í málgögnum sjálfstæðismanna kynstur af ósköp lágkúrulegum málflutningi, svo lágkúrulegum, að annað eins hefur varla sézt á prenti, síðan kalda stríðið var í algleymingi. Hér á ég að sjálfsögðu við þau skrif og að nokkru leyti þau ræðuhöld, sem farið hafa fram af hálfu sjálfstæðismanna um ákvæðið um endurskoðun varnarsamningsins svonefnda við Bandaríki Norður-Ameríku með það fyrir augum eins og í málefnasamningi ríkisstj. segir, að herliðið hverfi héðan á brott í áföngum á kjörtímabilinu.

Ég vil leggja á það áherzlu, að ákvæði málefnasamningsins um herinn er að mínu áliti og okkar Alþýðubandalagsmanna eitt af mikilvægustu atriðum samningsins. Þar er að vísu ekki alls kostar um það orðalag að ræða, sem við hefðum kosið, en þó náðist með stjórnarflokkunum samkomulag um algerlega nýja og stefnumarkandi ákvörðun í þessum efnum. Ég vænti þess fastlega, að vel takist til um framkvæmd þessa stórmáls, því að ég tel fullvíst, að stjórnarflokkarnir láti ekki fáryrði og brigzl stjórnarandstæðinga á sig fá, og ég hygg, að ofstækisskrif bæði Morgunblaðsins og Vísis hafi þau áhrif fyrst og fremst að þjappa stjórnarflokkunum þéttar saman, sameina þá og að baki þeim alla þá Íslendinga, hvaða flokk, sem þeir fylla, sem ekki vilja una þrásetu erlends hers í landi sínu um langa framtíð.

Þess eru nú ýmis merki, að andstæðingar varanlegrar hersetu á Íslandi eru að fylkja liði. Þeir eru að vinna að því og munu vinna að því í sameiningu, hvar sem þeir að öðru leyti standa í stjórnmálaflokkum, að herða á kröfunni um brottför hersins. Það er ljóst, að meðal hinnar ungu kynslóðar í landinu er sú skoðun mjög útbreidd, að herinn eigi að víkja. Þessa viðhorfs gætir í sívaxandi mæli meðal æskufólks í núverandi stjórnarandstöðuflokkum báðum. Og þetta er raunar ríkjandi skoðun í röðum ungra Alþýðuflokksmanna, sem á þingi sínu fyrir nokkrum dögum gerðu afdráttarlausa samþykkt í þessu máli. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„25. þing SUJ ítrekar þá fyrri afstöðu SUJ, að bandarískа herliðið eigi að hverfa af landi brott." Og síðar í þessari ályktun segir, að fundurinn, þ. e. þingfundur sambandsins, skori jafnframt á ríkisstj. „að hvika ekki frá þeirri stefnu, sem hún boðaði í málefnasamningi sínum" — þ. e. stefnunni í sambandi við herstöðvarnar.

Þetta var úr samþykktum 25. þings Sambands ungra jafnaðarmanna, sem var haldið í Hafnarfirði fyrir nokkrum dögum. Varaformaður Alþfl., hv. 8. landsk. þm., hefur vafalaust lesið ályktanir þessa þings og kynnt sér þessa skeleggu ályktun.

Annað glöggt dæmi vil ég nefna. Eftir nokkra daga minnast háskólastúdentar að vanda fullveldis Íslands. Þeir hafa í ár helgað 1. des. herstöðvamálinu og krefjast brottfarar hersins. Stúdentar, sem aðhyllast stefnu Sjálfstfl., hafa löngum verið áhrifaríkir innan háskólans og stundum borið sigurorð af sameiginlegum lista allra hinna, sem tilheyra öllum hinum flokkunum. Í haust vildu þeir ungu sjálfstæðismenn eða Vökumenn, sem svo nefna sig í háskólanum, sem tryggastir eru Sjálfstfl. og stefnu hans í herstöðvamálinu, fyrir hvern mun koma í veg fyrir, að 1. des. yrði baráttudagur fyrir brottför hersins. Þeir vildu fá landskunnan gáfumann til að tala 1. des., og umræðuefnið átti að vera framtíðarlandið. En stúdentar höfnuðu þessu svo rækilega, að listi hinna ungu sjálfstæðismanna fékk innan við þriðjung atkvæða, sem greidd voru í sambandi við þetta mál. Verulegur meiri hluti stúdenta tók undir með þeim, sem sögðu: Ísland, framtíðarlandið, á ekki að vera hernumið, og þess vegna helga stúdentar 1. des. kröfunni um brottför hersins. Þetta eru aðeins tvö dæmi

þess, hvernig unga kynslóðin lítur á herstöðvamálið nú. Meiri hluti hennar, ég held, að mér sé óhætt að segja yfirgnæfandi meiri hluti, hefur hafnað áróðri Morgunblaðsins og annarra þeirra nátttrölla, sem enn lifa í andrúmslofti kalda stríðsins.

Ég ætla ekki að hafa ýkja mörg orð um málflutning þeirra hv. sjálfstæðismanna í tilefni af ákvæðum stjórnarsamningsins um herstöðvarnar. En óhemjuskapur þeirra, málflutningur allur og svikabrigzl í tilefni af viðræðunefnd þriggja ráðh. um þennan ákveðna þátt stjórnarsamningsins er á þann veg, að ekki verður um þagað í rökræðum um þessi mál hér á Alþ. Það er alkunna, að málgögn Sjálfstfl., Morgunblaðið og Vísir, hafa ekki linnt látum við að brigzla framsóknarmönnum og þá alveg sérstaklega hæstv. utanrrh. um svik við málstað lýðræðisins, um tilræði við sjálfstæði þjóðarinnar með því að fela kommúnistum öryggismálin eins og það er gjarnan orðað í þessum hv. málgögnum. Og þá er það gjarnan svo, að heitið kommúnisti á jafnt við a. m. k. stundum um fulltrúa SF eins og um okkur Alþýðubandalagsmenn. Þessi móðursýkiskenndu hróp hafa svo bergmálað nokkuð hér inni í þingsölunum, þótt ögn lágværari hafi að vísu verið. Við heyrðum dálítið bergmál hér hjá hv. 2. þm. Reykv. í dag. Og það er komin fram hér á Alþ. þáltill. tíu hv. sjálfstæðisþingmanna, hið dæmalausasta plagg, þar sem þeir bjóðast til þess að aðstoða hæstv. utanrrh. í viðræðum og samningagerð við Bandaríkin um herliðið, en að vísu gegn því — aðeins gegn því, að svo sem tveimur af þremur stjórnarflokkanna verði algerlega vikið til hliðar og þeir skuli vera útilokaðir frá allri meðferð þessara mikilvægu mála, ekki aðeins í ríkisstj., heldur einnig innan utanrmn. Alþ.

Eins og ég sagði, þá talaði hér áðan af töluverðum þunga hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, varaformaður Sjálfstfl. og 1. flm. þessarar dæmalausu þáltill., sem ég nefndi og er á þskj. 47. Hún er að vísu ekki beinlínis hér til umræðu, og ég mun því ekki fara um hana mikið fleiri orðum. Hv. 2. þm. Reykv. mun vera einhver stærsti hluthafinn í hlutafélagi því, sem Árvakur heitir og er eigandi þess fróma dagblaðs, Morgunblaðsins. Það sá á ræðu hv. þm., að hann kann að nota blaðið sitt, því að kjarni ræðunnar var útdráttur úr eða þverskurður af málflutningi blaðsins um þessi mál, málflutningi þess um herstöðvamálið og önnur utanríkismál, heldur lágkúrulegum málflutningi. Hið sögulega yfirlit hv. 2. þm. Reykv. um herstöðvamálið og lofgerð hans um Atlantshafsbandalagið var hvort tveggja dálítið brokkgengt, svo að ég hafi ekki um það sterkari orð. Það var a. m. k. ekki vitnisburður um það, að hv. þm. hefði tileinkað sér þann þáttinn í sagnfræðihæfileikum Ara fróða, sem lýsti sér í þeim orðum, sem eftir Ara eru höfð, að hafa heldur það, sem sannara reynist.

Um stefnu núv. ríkisstj. í utanríkismálum sagði hv. 2. þm. Reykv.: „Íslendingar hafa sett ofan, sjálfsvirðingu þeirra er misboðið . . .“ Ja, mikil ósköp eru að heyra. Þetta segir talsmaður aðalflokks fyrrv. ríkisstj., að því er virðist án þess að roðna — flokks, sem hefur þá fortíð í sambandi við meðferð utanríkismála, sem hinn svonefndi Sjálfstfl. hefur. Og hver var svo ástæðan fyrir því að dómi hv. 2. þm. Reykv., að sjálfsvirðingu Íslendinga hafi verið misboðið? Jú, hún var vitanlega sú, að kommúnistum hefur verið hleypt til valda eins og það er gjarnan orðað á síðum Morgunblaðsins. Hvað er það af hálfu málsvara og talsmanna Sjálfstfl., sem verið er að segja og verið er að dylgja um með þessum dæmalausa málflutningi? Það er verið að drótta því að fulltrúum tveggja ríkisstjórnarflokkanna, að því er virðist, að þeir sitji á svikráðum við land sitt og séu þess albúnir að ofurselja það erlendu valdi. Um það er dylgjað, að við Alþýðubandalagsmenn a. m. k. og spilltir menn í röðum SF séum að undirbúa komu Rússa, við róum að því öllum árum, þessir vondu menn, að losna við bandaríska herinn til þess, að Rússar geti komið og lagt landið okkar undir sig.

Því miður hefur þessi áróður, þessi ofstækisáróður einhver áhrif á hrekklausar sálir — sálir, sem enn trúa Morgunblaðinu sínu, sem enn trúa þm. sínum í Sjálfstfl. En þessar landráðadylgjur eru ljótur leikur, og þær eru ekki samboðnar ýmsum þeim mönnum, sem iðka þennan leik. Leikurinn er sérstaklega ljótur, vegna þess að það er talað og skrifað um þessi mál algerlega gegn betri vitund. Tilgangurinn er látinn helga meðalið, sá tilgangur að reyna að ala á tortryggni milli stjórnarflokkanna og spilla stjórnarsamstarfinu. Ég staðhæfi, að forustumenn Sjálfstfl. og alþm. hans yfirleitt trúa því ekki sjálfir, að við Alþýðubandalagsmenn sitjum á svikráðum við þjóð okkar og gegnum því hlutverki að opna hér allar lokur fyrir Rússum. Sjálfir trúa þeir því ekki. Þeir ætla bara öðrum að trúa því. Forustumenn sjálfstæðismanna trúa því áreiðanlega ekki sjálfir, að hæstv. núv. menntmrh. sé handbendi Rússa, en þeir dylgja um það sumir hverjir í málgögnum sínum a. m. k. og vilja, að hrekklausar sálir trúi því og óttist þennan voðamann. Nei, þessi málatilbúnaður og þessi málflutningur þeirra hv. sjálfstæðismanna er vissulega neðan þeirra marka, sem þeir ættu sjálfra sín vegna að telja við hæfi.

Ég skal rökstyðja lítið eitt þá staðhæfingu mína, að þeir hv. sjálfstæðismenn trúi ekki meira en svo eigin sögum um illar og óþjóðlegar hvatir manna í a. m. k. tveimur af stjórnarflokkunum. Það mætti vissulega ætla, að hinar frelsiselskandi lýðræðishetjur í Sjálfstfl. gætu sízt af öllu hugsað sér að samneyta svo bersyndugum mönnum sem þessir eru að þeirra dómi, að ekki sé nú talað um þau ósköp að vinna með slíkum mönnum í ríkisstj. Það væri ótrúlegt, að þeir gætu hugsað til slíks, ef þeir tryðu sjálfir einu orði af því, sem þeir ætla öðrum að trúa. En skyldi þeim nú hafa getað komið það til hugar að samneyta bersyndugum? Man nokkur eftir því, hvernig Morgunblaðið og ágætir Morgunblaðsmenn biðu dag eftir dag að loknum kosningum í sumar með öndina í hálsinum og veltu yfir því vöngum með margvíslegu móti, hvort ekki væri nú nokkur leið að fá SF til að blása nýjum lífsanda í viðreisnarstjórnina. Og ég held, að ég ljóstri í sjálfu sér ekki upp neinu leyndarmáli, þótt ég segi, að það kunni að hafa flogið í hug einum og öðrum málsmetandi sjálfstæðismanni, hvort ekki kæmi nú e. t. v. sá flötur upp, að þeir gætu myndað ríkisstj. með Alþb. Grunur minn er sá, að hvorki Alþb. né SF hefðu í sumar eftir kosningar þurft að veifa nema svo sem litla fingri til þess, að sjálfstæðiskempurnar kæmu hlaupandi og það jafnvel með bænarorð sálmsins góðkunna í huga, ef ekki á vörum: „Ég fell í auðmýkt flatur niður . . .“ Og hefði farið á þennan veg, þá

held ég, að það væri ekki nein hætta á því og ekki neinar líkur til þess, að okkur í Alþb. og í SF hefði verið brigzlað um sérlega óþjóðholla starfsemi — öðrum eins ágætismönnum.

Í málefnasamningi hæstv. núv. ríkisstj. er því hreinskilnislega lýst yfir, að ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og skuli núgildandi skipan haldast að óbreyttum aðstæðum. Skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna á aðild Íslands að NATO er að sjálfsögðu óbreytt frá því, sem hún hefur verið. Ég hef stundum áður við umræður um utanríkismál hér á hv. Alþ. lýst þeirri skoðun minni, að hernaðarbandalögin tvö í Evrópu séu tæki stórveldanna, tæki Rússa og Bandaríkjamanna, til að festa í sessi og tryggja sem mest áhrifasvæði þessara tveggja sterku ríkja, en baráttan um skiptingu heimsins í áhrifasvæði hefur verið uppistaða og undirrót flestra átaka í alþjóðamálum um meira en tveggja áratuga skeið. Ég er þessarar skoðunar, enda þótt hv. 8. landsk. þm. reyndi að skýra þessi mál á töluvert annan veg.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum eins og áður, að það sé algerlega órökrétt og raunar fáránlegt, að vopnlaus friðarþjóð eins og við Íslendingar séum í hernaðarbandalagi, og við munum halda áfram að vinna þeirri skoðun fylgi, að rétt sé og sjálfsagt að hverfa úr slíkum samtökum. Hins vegar munum við að sjálfsögðu virða það ákvæði stjórnarsamningsins eins og önnur ákvæði hans, sem okkur eru meira að skapi, að Íslendingar verði í Atlantshafsbandalaginu enn um sinn og uppfylli þær samningsbundnar skyldur sínar, sem beinlínis leiða af þessu. Hins vegar hefur því verið margsinnis lýst yfir og var m. a. skilmerkilega yfir lýst við inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið og það ítrekað margoft síðan, eins og m. a. hefur komið fram hér í dag í ræðu hæstv. utanrrh., að aðild að Atlantshafsbandalagi þyrfti ekki að leiða til hersetu, enda var sagt á sínum tíma, að ekki kæmi til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum.

Að síðustu vil ég segja þetta. Hæstv. utanrrh. hefur nú flutt Alþ. fyrstu skýrslu sína um utanríkismál. eftir að hann hefur gegnt þessu virðulega og vandasama embætti um rúmlega fjögurra mánaða skeið. Ég hygg það flestra sanngjarnra manna mál, að hæstv. ráðh. hafi þegar unnið gott og verðmætt starf í þágu þjóðar sinnar og sé verður fyllsta trausts. Við Íslendingar höfum þegar góðu heilli að ýmsu leyti tekið upp sjálfstæðari og einbeittari utanríkisstefnu en áður, eins og í stjórnarsamningnum er heitið. Ég óska hæstv. utanrrh. farsældar og góðs árangurs í þýðingarmiklum störfum hans, og ég er þess fullviss, að hann mun kosta kapps um góða samvinnu við Alþ. og við utanrmn. þess.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Hér er nú til umræðu skýrsla hæstv. utanrrh. Sannast sagna var henni dreift í gær, en mér var ókunnugt um, að hún yrði tekin hér á dagskrá í dag, þannig að ég er ekki jafn vel undirbúinn til þess að fjalla um þetta mál og ég hefði kosið, en ég skal þó reyna að draga fram nokkur meginatriði þess, hvernig skýrslan og helztu utanríkismál blasa við SF.

Fyrst skal þess getið, að hæstv. utanrrh. á lof skilið fyrir skynsamlega greinargerð. Þar gætir víðsýni, og það er augljóst, að hér er á ferðinni ný umbótastefna í utanríkismálum, enda kemur það heim við þau orð í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um utanríkismál, að stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið. Þetta hefur strax borið árangur, m. a. í afstöðunni til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum og einnig í ýmsum þeim málum hjá Sameinuðu þjóðunum, þar sem Íslendingum finnst þeir vera skyldugir til að taka afstöðu með undirokuðum þjóðum í ýmsum meginmálum. Ég vil því lýsa yfir algerri samstöðu minni við þá víðsýni, sem birtist í þessari skýrslu, ekki sízt vegna þess að þessi skýrsla mun marka nokkur tímamót í utanríkismálum Íslendinga að því leyti, að hún er ekki borin uppi af hugsjónum kalda stríðsins, heldur er af víðsýni reynt að fjalla um öryggismál þjóðarinnar á öðrum grundvelli — á þeim grundvelli, að hernaðarbandalög hljóta alltaf í sjálfu sér að vera óæskileg. Í þessari skýrslu er fjallað m. a. um Sameinuðu þjóðirnar, landhelgismálið, EFTA, Evrópuráðið og Norðurlönd og síðast en ekki sízt um varnarmálin. Þar sem umræður hér á þingi hafa nær eingöngu beinzt að varnarmálunum, tel ég rétt að hafa það líka svo.

Þá vil ég hefja mál mitt á því að vekja athygli á ræðu hv. 8. landsk. þm. um utanríkismál. Sannast sagna var ræða hans ákaflega skemmtileg, því að hann fjallaði mikið um þann vanda að móta utanríkisstefnu þjóðar. Stór og vanhugsuð orð í stefnuskrá stjórnarinnar áttu að bera vott um ábyrgðarleysi, og einhvers staðar hef ég úr þeirri átt heyrt áður talað um, að flokkur eigi að vera ábyrgur. Þá minntist hv. þm. á það, að það væri ekki nýtt, að utanríkisþjónustan væri gagnrýnd, kostnaður væri lítill við utanríkisþjónustuna og rétt væri að styðja við bakið á starfsmönnum í utanríkisþjónustunni. M. ö. o., það á helzt að vera alger „status quo". Mér var engan veginn ljóst, hvað vakti eiginlega fyrir hv. þm. nema það eitt, að engrar breytingar væri þörf í utanríkismálum Íslendinga. Og þá náttúrlega blasir við ástæðan fyrir því, hvers vegna til eru tveir jafnaðarmannaflokkar á Íslandi.

Varðandi ræðu hv. 2. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, vil ég einnig segja nokkur orð. Fyrst vil ég segja það, að hv. þm. varð jafnvel klökkur, þegar hann fór að tala um þjóðerniskennd og lýðræðisríki. En sannleikurinn er sá, að þessi hv. þm. afneitar með öllu, að átt geti sér stað breytingar í alþjóðapólitík. Hann eyddi máli sínu ákaflega mikið í það að vitna í Tímann, og má segja, að það sé dálítil nýjung, þegar sá hv. þm. metur Tímann sem fullgilda heimild, og það verður að segjast, að þm. hafi heldur dvalizt við aukaatriðin.

Í umræðum um varnarmálin vil ég leyfa mér að reyna að bægja burt því moldviðri, sem einkum sjálfstæðismenn hafa þyrlað upp í sambandi við þessi mál. Ég vil benda á, að í grg. með l. um varnarsamninginn frá 1951 standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna sérstöðu Íslendinga var það hins vegar viðurkennt, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her og að ekki kæmi til mála að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum." Ég endurtek: „... að ekki kæmi til mála að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum."

Nú þurfa menn að gera sér ljóst, hvenær eru friðar-

tímar og hvenær eru ekki friðartímar. Nú er ljóst, að allir flokkar, allir þm., vilja auðvitað tryggja öryggi þjóðarinnar. Spurningin er sú, á hvern hátt öryggi Íslands er bezt borgið. Sjálfstfl. og Alþfl. telja, að því sé bezt borgið með því að hafa varnarlið hér, en stjórnarflokkarnir telja, að það sé eðlilegast að líta á það sem svo, að nú séu friðartímar og það sé ástæðulaust að hafa her lengur í landinu. Þetta er skoðanamunur. Þetta er skoðanaágreiningur. En þess verður að krefjast af öllum flokkum, að menn reyni að ræða málin á nokkurn veginn málefnalegan hátt. Því fer víðs fjarri, að Sjálfstfl. hafi gert það. Sjálfstfl. stundar móðursýkiskenndan áróður í sambandi við þessi mál. Í fyrsta lagi hefur formaður Sjálfstfl. skrifað grein í Moggatetrið, sem heitir: Gæti þetta gerzt hér á landi?, og rakið svo sögur frá Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu. Enn fremur eru myndaseríur — reyndar stórkostlegar — um rússneska flota og skip hér í Norður-Atlantshafi og á allan hátt reynt að reka einhvers konar hræðslupólitík. Og ef ég man rétt, þá minnir mig, að Morgunblaðið hafi nýverið einmitt verið að rekja þessi mál og bent á skip, sem væru hér á hafi úti, en hefði þó fengið þær upplýsingar hjá bandaríska sendiráðinu, að þetta væru líklega ensk skip, en þá bætti Mogginn við: Víst voru þau rauð.

Ég vil bara mælast til þess í sambandi við umræður um þessi viðkvæmu mál, að það sé rætt um þetta á málefnalegum grundvelli. Og í sambandi við hinar miklu flotahreyfingar Rússa hér í Norður-Atlantshafi, eins og bent hefur verið á, vaknar sú spurning, hvort þessar siglingar Rússa stafi ekki einmitt af því, að hér er einhvers konar varnarstöð. Og ég vil benda á annað. Það er vafamál, hvort öryggi Íslands sé borgið með því að hafa 2 þús. manns á Keflavíkurflugvelli, hvort nokkurt skjól sé af slíku liði, ef til átaka stórvelda kemur. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé vitanlega ekkert öryggi fólgið í því. Ef eitthvert öryggi á að vera, þyrfti að hafa hér minnst 100 þús. manns, og það hygg ég að muni nú ekki vaka fyrir stjórnarandstöðunni.

Þegar varnarsamningurinn var gerður, voru að sjálfsögðu vissar aðstæður fyrir hendi í veröldinni. En þessar aðstæður hafa breytzt ekki sízt varðandi vopnabúnað allan og stríðsrekstur. Það segir sig sjálft, að ef til átaka kæmi milli stórveldanna, þá eru vopn og sprengjur orðnar svo geigvænlegar, að það er hreint aðhlátursefni að hafa hér 1, 2 eða 3 þús. manns á Keflavíkurflugvelli til varnar. Ég hygg, að öryggi Íslands verði ekki tryggt með örfáum mönnum á Keflavíkurflugvelli og þess vegna væri kannske ráð, ef sjálfstæðismenn vildu fjölga þeim upp í 100 þús. eða 200 þús., þá gætum við farið að ræða um það, hvort öryggi væri fólgið í því. Það er dálítið ánægjulegt, að hér skuli enn vera á Íslandi menn, sem tala í anda Dulles gamla. Hann var tákn fyrir stefnu kalda stríðsins, og þegar hann talaði um kommúnista, þá varð hann málóða og tók engum skynsamlegum rökum.

Það er eitt í þessu, sem ég vil benda sérstaklega á, og það er það, að hér er ekki verið að veitast að bandarísku þjóðinni á nokkurn hátt. Bandaríkjamenn eru miklir vinir Íslendinga, og við höfum ekki reynt annað en gott af Bandaríkjamönnum. Það er reginmisskilningur, að í þessu felist á nokkurn hátt, að það sé verið að búa svo um hnútana að hrekja Bandaríkjamenn á brott til þess, að Rússar síðar ættu auðveldara með að setjast hér að. Þetta er reginmisskilningur. Og ég vil taka það fram og endurtek það, að þetta er ekki óvináttubragð við Bandaríkjamenn, vegna þess að ég tel, að fáar þjóðir hafi reynzt Íslendingum jafn vel og einmitt Bandaríkjamenn.

Vinnubrögð Sjálfstfl. í sambandi við þessi mál koma sérstaklega fram í sambandi við till. þá til þál., sem Geir Hallgrímsson minntist hér á. Það eru tíu þm. Sjálfstfl. — hvorki meira né minna — er bera þessa till. til þál. fram, og lestarstrákurinn er Geir Hallgrímsson og taglhnýtingurinn er formaður Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, og má þá segja, að fylkingin sé fríð. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því að ganga fram hjá utanrmn., en samt tala menn um það meginatriði, að það eigi að vera náin tengsl milli utanrmn. og utanrrh. og Alþ. Hér á samkvæmt þessari till. að hverfa aftur til þess skeiðs, þegar, að mér skilst, utanríkismál voru einkamál ríkisstj. og lítið leitað til utanrmn., og ég tel, að það væri brot á öllum lýðræðisreglum, ef svona meginmál eins og varnarmálin væru rekin þannig, að utanrmn. væri þar sett utangarðs. Það væri náttúrlega fráleitt, en þetta er gömul hugsun og vinnubrögð, sem hafa tíðkazt hér, að mér skilst, á hinu glæsiþrungna viðreisnarskeiði Sjálfstfl. og Alþfl.

Ég vil ekki tefja tímann lengur, því að ég þykist vita, að nú muni sjálfstæðismenn óðfúsir í pontuna, en að öðru leyti vil ég bara lýsa yfir því, að SF óska utanrrh. farsældar í þessu erfiða starfi og vænta þess, að framhaldið verði á sama hátt og hann hefur þegar starfað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þegar nú hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, hefur lokið máli sínu, get ég lofað honum því, að ég skal ekki verða langorður í svari mínu til hans. Ég tel ekki þörf á að segja eitt einasta orð um þessa ræðu, sem hv. þm. flutti. (**BGuðn**: Það er mér sérstök ánægja.)

Við höfum hér til umræðu núna skýrslu hæstv. utanrrh., sem hann flutti í dag og afhenti í gær, sem er þakkarvert. Þetta hefur áður verið gert, er tekinn var upp sá siður, eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm., að flytja skýrslu um utanríkismálin og ræða þau á þinginu, og ítarlegum skýrslum hefur verið útbýtt áður af fyrrv. hæstv. utanrrh. En það liggur við, að það megi teljast háð í málefnasamningi stjórnarflokkanna um utanríkismálin, þegar þeir orða það þannig, að stefna Íslands í alþjóðamálum eigi að verða sjálfstæðari og einbeittari, því að einn aðaltilgangurinn af hálfu okkar sjálfstæðismanna í þessum umræðum er að fá að vita, hver sé skoðun stjórnarflokkanna. Hvað meinar hæstv. utanrrh.? Meinar hann það, sem hann sagði fyrir nokkrum dögum, eða meinar hann það, sem hann sagði síðar? Hver er skoðun hæstv. forsrh.? Við þurfum ekki í sjálfu sér að spyrja, hver sé skoðun Alþb. Hver er skoðun Alþýðubandalagsráðherranna? Ég hef sagt það hér áður, að mér er engan veginn ljóst, hver er afstaða ráðh. SF í þeim málum, sem langmest hefur verið talað um hér í dag og vakið hafa mesta athygli í sambandi við utanríkismálastefnuna, þ. e. í sambandi við veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Vilja þeir, að við höldum áfram samstarfi við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir eða ekki? Ég hef ekki vænt hæstv. menntmrh. um það, en í

blöðunum hefur verið vitnað til þess, sem ekki er óeðlilegt, að hann hafi um langt skeið verið ritstjóri Þjóðviljans og þá skrifað mjög frjálslega um það, að við ættum ekki að vera í þessu varnarbandalagi vestrænna lýðræðisþjóða. En hafi hæstv. ráðh. skipt um skoðun í því sambandi, þá tel ég það vera mjög mikils virði og góðra gjalda vert.

Það hefur verið bent réttilega á það, að það er komið víða við í skýrslu utanrrh., en varnarmálin taka að vísu ekki nema um það bil tvær blaðsíður. En það er sama. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, sem sagt er einmitt um varnarmálin. Hæstv. ráðh. vitnar þar að sjálfsögðu í stjórnarsamninginn, en vitnar einnig m. a. í dr. Bjarna heitinn Benediktsson um það, sem hann sagði hér á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík 24. júní 1968, þar sem hann segir, og vil ég endurtaka það, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi land mitt er það að vísu svo, að við höfum sérstakan varnarsamning innan Atlantshafsbandalagsins við Bandaríkin, en það fer alveg eftir mati okkar sjálfra á heimsástandi, þegar þar að kemur, hversu lengi bandarískt lið dvelur á Íslandi."

Þessu skilst mér, að hæstv. ráðh. sé að mestu leyti sammála, nema hvað hann vill láta bandalagsþjóðirnar sannfæra okkur um, að það sé þörf á varnarliði. Það er út af fyrir sig gott að vilja leita álits þeirra og meta svo aðstöðuna, en eins og réttilega hefur verið bent á, hefur nú orðið misbrestur á því. En það hefur verið lögð mikil áherzla á, að hér væri alveg um tvennt að ræða. Og í skýrslu hæstv. utanrrh. segir:

„Aðild Íslands að NATO og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru því óumdeilanlega" — þetta er í framhaldi af orðum dr. Bjarna Benediktssonar „tvö aðskilin mál . . ."

Þetta hefur dr. Bjarni Benediktsson aldrei sagt. Það vill svo til, að það er margar tilvitnanir hægt að finna í ræður og skrif dr. Bjarna Benediktssonar um utanríkismál. Hann ræddi þau m. a. mjög ítarlega hér á Alþ. í febrúarmánuði 1967, þegar Einar Olgeirsson var flm. að frv. til l. um, að Bandaríkjaher færi héðan og við segðum upp varnarsamningnum. Það er stefnumál hans, sem hefur verið tekið upp núna, skilst manni, að sumu leyti, en þá segir Bjarni Benediktsson, fyrrv. forsrh., einmitt þessi orð, með leyfi hæstv. forseta, og þessi orð er að finna í þingtíðindunum:

„Það er út af fyrir sig rétt, þetta eru tvö mál," — þ. e. Atlantshafsbandalagið og varnarsamningurinn við Bandaríkin — „að nokkru leyti sitt hvort málið, en eins og hann einnig tók fram", — og þá á hann við Einar Olgeirsson — „verða þau að skoðast í samhengi. Ekki verður hjá því komizt, að svo sé gert."

En mál, sem verður að skoða í samhengi og ekki verður komizt hjá að skoða í samhengi, eru ekki tvö aðskilin mál, eins og segir í skýrslu hæstv. utanrrh. Menn þurfa að átta sig betur á þessu. Það er rétt, að við gengum fyrst í Atlantshafsbandalagið og gerðum síðan varnarsamninginn, en auðvitað verður að skoða þetta í samhengi hvað við annað, eins og dr. Bjarni Benediktsson sagði.

Dr. Bjarni Benediktsson hefur nokkuð blandazt inn í þessar umr., m. a. með tilvitnunum í ræðu hans hér á fundi ráðherra Atlantshafsbandalagsins. En hvað var það, sem Bjarni Benediktsson sagði, þegar NATO var stofnað? Og hver var fyrirvarinn, sem hafður var, þ. e. að það skyldi ekki vera her á friðartímum. Það er látið nægja að vitna í það, af því að það er einföld túlkun, en það felst í sjálfu sér nokkuð meira í því. Dr. Bjarni Benediktsson sagði í ræðu, sem birtist í Morgunblaðinu 10. júlí 1966 og var haldin á ráðstefnu um varnarmál, sem haldin var þá hér í bænum, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins varð hér mikill ágreiningur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili Atlantshafssamningsins. Það var þó samþykkt með u. þ. b. ¾ hluta atkv. á Alþ. eftir harðar umræður og uppþot utan við Alþingishúsið. Allir voru sammála um, að full aðild Íslands að slíku varnarbandalagi kom ekki til greina. Þess vegna voru hafðir fyrirvarar við inngöngu Íslands í bandalagið. Samkomulag um efni og orðalag þeirra hafði tekizt í undirbúningsumræðum, og lýsti ég, sem þá var utanrrh. Íslands, þeim svo við undirskrift samningsins í Washington" — og þá kemur það, sem hæstv. þáv. utanrrh. sagði þá:

„Íslendingar eru vopnlausir og hafa verið vopnlausir síðan á dögum víkinganna, forfeðra okkar. Við höfum engan her og getum ekki haft.

Ísland hefur aldrei farið með hernaði gegn nokkru landi, og sem vopnlaust land hvorki getum við né munum segja nokkurri þjóð stríð á hendur, svo sem við lýstum yfir, er við gerðumst ein af Sameinuðu þjóðunum. Staðreynd er, að við getum alls ekki varið okkur gegn neinni erlendri, vopnaðri árás. Við vorum þess vegna í vafa um, hvort við gætum gerzt aðilar þessa varnarbandalags, en svo getur staðið á, að Ísland hafi úrslitaþýðingu um öryggi landanna við Norður-Atlantshaf.

Í síðasta stríði tók Bretland að sér varnir Íslands, og síðan gerðum við samning við stjórn Bandaríkjanna um hervarnir Íslands meðan á stríðinu stóð. Aðild okkar að Norður-Atlantshafssamningnum sýnir, að bæði sjálfra okkar vegna og annarra viljum við svipaða skipan og þá á vörnum landsins, ef ný styrjöld brýzt út, sem við vonum og biðjum, að ekki verði."

Þar með lýkur þessari tilvitnun. En þáv. utanrrh. segir til skýringar á henni áfram svo:

„Í þessum fyrirvörum fólst m. a., að varnarlið skyldi því aðeins staðsett í landinu að ný styrjöld brytist út, þ. e. a. s. ekki á friðartímum. Með árásinni á Suður-Kóreu og viðbrögðum Sameinuðu þjóðanna gegn henni breyttust viðhorfin gersamlega." Þá breyttust viðhorfin gersamlega, segir þessi þáv. utanrrh., af því að það brauzt út styrjöld í Suður-Kóreu. „Íslendingar töldu ekki lengur öruggt að hafa land sitt varnarlaust og gerðu varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna, sem var undirritaður hinn 5. maí 1951 og síðar staðfestur af miklum meirihluta á Alþ. Síðan hefur verið bandarískt varnarlið í landinu á vegum Atlantshafsbandalagsins. Raunar var meirihluti Alþ. á árinu 1956 þeirrar skoðunar, að kalda stríðinu hefði létt svo, að óhætt mundi að láta varnarliðið hverfa af landi brott. Atburðirnir í Ungverjalandi þá um haustið eyddu hins vegar öllum slíkum ráðagerðum. Ætíð öðru hvoru vaknar þó sú spurning, einnig í hugum þeirra, sem fylgjandi eru aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, hvort svo friðvænlegt sé orðið, að óhætt sé, að varnarliðið hverfi héðan á brott."

Þetta eru orð þáv. utanrrh. í framhaldi af því, sem

hann sagði við undirskrift samningsins um Atlantshafsbandalagið. Við sjáum þarna í þessum fáu orðum tvö atriði. Fyrst breyttist viðhorfið vegna Kóreustríðsins, og þá eru nær allir sammála hér á Alþ. um það að gera varnarsamninginn við Bandaríkin. Svo situr hér vinstri stjórn, sem svo er kölluð, frá 1956 til ársloka 1958. Stuðningsflokkar þeirrar stjórnar höfðu verið á þeirri skoðun í marzmánuði 1956, að aðstæður væru það breyttar, að það væri rétt að láta varnarliðið fara, og báru fram ályktun um það hér á Alþ. Sú ríkisstjórn var mynduð um mitt sumar eftir kosningar. Eitt af aðalkosningamálunum var m. a. að láta varnarliðið fara, því að aðstæður væru svo breyttar. Strax í nóvember sama ár meta þessir menn aftur, að aðstæður séu svo breyttar, að nú sé rétt að endurnýja samninginn við Bandaríkin um það, að herinn skuli vera áfram. Þannig hefur staðið síðan, og það voru gefnar út um það sérstakar yfirlýsingar. Þetta var 1956.

Síðan hafa dunið yfir þau ósköp, sem öllum er kunnugt um í Tékkóslóvakíu. Síðari hluta sumars 1968 fara herir Sovétríkjanna inn í Tékkóslóvakíu með halarófu á eftir sér af herjum nokkurra ríkja úr Varsjárbandalaginu. Aðstæður verða nú svipaðar, nema annað og meira en þetta hefur gerzt, og það var vikið að því hér af ræðumönnum áður. Það hefur geisað styrjöld í Víetnam, í Asíu, í Kambódíu, við Miðjarðarhafsbotna — ja, það er eins konar púðurtunna við Miðjarðarhafsbotna. Það er sagt, að stríð sé byrjað í Pakistan. Í Afríku hafa stöðugt verið hinar og þessar deilur. Er þá nokkuð óeðlilegt, þó að slíkt eins og þetta geti haft áhrif á það, hvað menn telja friðartíma? Því að það er auðvitað réttilega á það bent — og það gerði Bjarni Benediktsson einmitt á þessari varnarmálaráðstefnu og Benedikt Gröndal, hv. 8. landsk. þm., vék einnig að því nú, hvað aðstæðurnar eru mikið breyttar.

Hér í kringum og yfir landinu eru sífellt á ferðinni skip, kafbátar og flugvélar, og ég man eftir því, að á þessari ráðstefnu túlkar Bjarni Benediktsson í þessari tilvitnuðu ræðu sinni, sem ég hef líka hér fyrir framan mig, þetta þannig, að í raun og veru sé lítill munur á því, hvort við erum staðsett suður í miðri Evrópu eða þar sem við erum. Við erum í miðri þjóðbraut, og atburðirnir hljóta þess vegna að verða metnir með allt aðrar kringumstæður í huga en áður, þegar heimurinn leit vissulega allt öðruvísi út. Nú var sagt hér áðan, að stjórnarflokkarnir allir teldu, að það séu slíkir friðartímar nú, að það væri bezt, að varnarliðið væri hér ekki. Ég veit ekki, hvort hæstv. utanrrh. er á þessari skoðun. Hann hefur ekki tjáð sig þannig. Hann hefur sagt: Ég mun hefja viðræður við Bandaríkin og fulltrúa þeirra og þjóðir Atlantshafsbandalagsins, og að þeim viðræðum loknum mun ég meta það, hvort þörf er á varnarliði hér eða ekki, að vandlega athuguðu máli. Þetta tekur kannske 6—8 mánuði. Sú tímaáætlun getur reynzt röng hjá mér, en þegar ég hef grandskoðað málin, mun ég taka mínar ákvarðanir.

Mér þætti mjög vænt um, að þjóðin fengi að vita þetta og fá þetta staðfest. Ég tel þetta mjög mikilsverða yfirlýsingu hjá hæstv. utanrrh. og vil fá það staðfest af þeim öðrum ráðh., sem eru sama sinnis. Það væri mjög mikilvægt, að almenningur vissi, hvað er í huga þeirra, eins og þar stendur — þessara banamanna okkar, sem felldu okkur svo glæsilega við kosningarnar. Þjóðin vill auðvitað vita þetta vegna þess, að það var ekki kosið um þetta í kosningunum. Hún vill vita, hvernig menn standa núna að þessum málum. Það var einkennilegt að lesa Morgunblaðið í morgun, því að þar kemur fram — og reyndar í hinum blöðunum líka, bæði Tímanum og Þjóðviljanum, stjórnarblöðunum — í fyrirsögnum m. a., að Pakistanar segja, að Indverjar hafi byrjað stríð, að hersveitir við Súez búist við nýju stríði og að fjölmennt lið sæki langt inn í Kambódíu. Í þessum heimi búum við í dag. Ég skal ekki meta sannleiksgildi einnar fréttar meira en annarrar. Ég segi aðeins, að þessar fréttir eru teknar úr heimsfréttunum frá hinum og þessum fréttastofum og einnig teknar upp í hin stjórnarblöðin.

Það er náttúrlega ekki eðlilegt, að Íslendingar né aðrir séu rólegir, þegar jafnmikillar óvissu gætir um stefnu hæstv. ríkisstj. í utanríkismálum og raun ber vitni. Það er tvennt, sem verður að athuga hvað í sambandi við annað, eins og ég sagði áðan, Atlantshafsbandalagið og varnarliðið hér á Íslandi. Þá eru nokkrar spurningar, sem ég varpa fram. Þær hafa reyndar þegar komið fram: Hvernig er afstaða núv. ríkisstj. til Atlantshafsbandalagsins? Í hverju er ágreiningurinn fólginn? Hverjir eru með því að vera í Atlantshafsbandalaginu, í þessu varnarbandalagi vestrænna lýðræðisþjóða? Hvaða stjórnarflokkar og hvaða einstakir ráðherrar telja það fáránlegt? Sumir hafa látið hafa það eftir sér, og það heyrðist í ræðustólnum hér áðan. Þetta er mikils virði að fá að vita. Hitt tel ég miklu minna atriði, miklu minna ágreiningsmál og alveg eðlilegt, að varnarsamningurinn sé endurskoðaður og metin afstaða okkar til að hafa varnarlið og hversu fjölmennt það á að vera á hverjum tíma, enda hefur það verið gert.

Það er aðeins það, sem við höfum gagnrýnt sjálfstæðismenn, að við teljum ekki líklegt — og það held ég varla, að okkur verði álasað fyrir — að þeir menn, sem telja fáránlegt að vera í Atlantshafsbandalaginu, vilji leggja hönd á plóginn að semja um, að á vegum Atlantshafsbandalagsins skuli vera varnarlið á Íslandi. Ég hélt, að þeir sjálfir mundu alls ekki gera kröfu til þess, og við héldum það ekki. En fáist ekki skorið úr okkar málum með þeim tillöguflutningi, sem við þegar höfum staðið að hér á þingi, þá tek ég undir það með hv. 2. þm. Reykv., að við munum auðvitað reyna til hlítar enn frekar að fá málin skýrð, þannig að þjóðin fái rétta mynd af því, sem er að gerast innan stjórnarherbúðanna, og af því, hvernig líklegt er, að staðið verði að varnarmálunum.

Enn einu sinni er ástæða til að undirstrika það, að það hefur auðvitað aldrei verið skoðun okkar sjálfstæðismanna, að það sé eftirsóknarvert — og ég skil ekki, að það geti verið nokkrum manni keppikefli — að hér sé varnarlið. En við sjálfstæðismenn höfum viljað meta kringumstæðurnar. Ég ætla að leyfa mér að vitna svolítið betur í ummæli okkar fyrri foringja og vissulega örugga leiðtoga í utanríkismálum, Bjarna Benediktssonar, í þeirri þingræðu, sem ég vitnaði í áðan, en þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Einmitt þess vegna er varnarsamningurinn gerður með þeim tímafrestum og einhliða uppsagnarrétti, rétti, sem Íslendingar fengu settan inn í samninginn og var algerð forsenda fyrir samningsgerðinni, vegna þess að við gerðum okkur ljóst, að ekki er hægt að sjá nema

skammt fram í tímann. Þetta verður að metast af þeim, sem ábyrgð bera á stjórn landsins á hverjum tíma, eftir því sem þeirra sannfæring og þekking segir til um hverju sinni, að auðvitað of skjótar og of tíðar breytingar á þessu séu óhyggilegar og raunar óframkvæmanlegar.

Aðstaðan er að ýmsu leyti orðið mjög breytt frá því, sem áður var. Ég held, að það séu engar ýkjur, þó að við segjum, að Ísland sé nú ámóta sett og það væri suður í Mið-Evrópu. Það er svo mikil umferð af alls konar farartækjum, í lofti, á hafinu og í hafinu umhverfis landið, að ef menn kynna sér það, er það svipaðast eins og maður væri staddur í fjölmennum umferðarstað í stórborg, ef svo má segja. Við komumst þess vegna ekki hjá því, að meðan hættuástand er í heiminum, og það er ótvírætt, að svo er enn þá, þá eru það fjörráð við íslenzku þjóðina að skilja landið eftir varnarlaust."

Þetta var mat þessa manns á þessum tíma, en það er kunnugt, að í tíð fyrrv. stjórnar var leitað álits náttúrlega bæði aðila í Atlantshafsbandalaginu og auk þess ýmissa sérfræðinga til að fá eitthvert hlutlægara mat en beinlínis mat embættismanna eða ráðherra Atlantshafsþjóðanna á aðstöðunni og þörfinni á varnarliðinu hér á landi. Ég legg, eins og ég sagði áðan, megináherzlu á það, að ég treysti alveg hæstv. utanrrh. til þess að kanna það mál vandlega. Till. okkar sjálfstæðismanna er ekki undarlegri en það, að við höfum boðið það fram af okkar hálfu, að ekki skuli standa á okkur, ef óskað er eftir samráði við okkur í þeim viðræðum, sem munu fara fram um þessi alvarlegu mál. Nú er það vitað og hefur komið fram í blöðum, að Rogers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er væntanlegur gestur hér til Íslands næstu daga, og tel ég það mjög gott. Auðvitað verða það fyrst og fremst ríkisstj. og utanrrh., sem hafa tækifæri til þess að heyra álit þessa manns, og það hefur hæstv. utanrrh. líka gert, eins og hann skýrði okkur frá, þegar hann dvaldist í New York. Hverjir hafa nú viðtal við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er hann kemur hér? Þegar við vorum í ríkisstj., þá var stjórnarandstaðan kvödd til þess að sitja á sérstökum fundum til viðræðna við þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ég vil leyfa mér að vona, að einhver svipuð vinnubrögð verði höfð núna. Það er einmitt í samræmi við þann vilja að vilja taka þátt í að styrkja aðstöðu landsins og skilja rétt, hvernig aðstaðan er, og það er megintilefni till., sem við flytjum, en er ekki beint á dagskrá í dag.

Fyrir utan þau mörgu mál, sem ég nefndi áðan, sem sýna, hvernig ástandið er nú í heiminum, vil ég aðeins minnast á það, að ég get tekið undir það með hv. 8. landsk. þm., að það vantar nokkuð á í skýrslu hæstv. utanrrh. að vekja athygli hv. þm. á þeim breytingum, sem orðið hafa á norðurslóðum, einmitt í sambandi við vaxandi herstyrk stórveldanna, risaveldisins sovézka sérstaklega. Það er rétt, sem fram hefur komið, að þegar við gerðum varnarsamninginn árið 1951, var þessi Norður-Atlantshafsfloti Sovétríkjanna ekki til; það voru bara nokkrir bátar. Hann er allur orðinn til síðan, og hann er stærsta flotadeild Sovétríkjanna nú. Þeir hafa sínar stóru flotadeildir í Kyrrahafinu, Karabíska hafinu, Miðjarðarhafinu og Norður-Atlantshafi og kannske á öllum öðrum heimsins höfum, en eitt er víst, að hann var bara ekki til þessi floti þá.

Hingað kom á s. l. ári varnarmálaráðherra Noregs, Tidemand. Hann hélt hér ræðu, sem var gerð almenningi kunn. Hann sagði m. a., að ástandið í dag gæfi ekki tilefni til neinna rólegheita, hvað snerti varnir landa okkar, Noregs og Íslands, það væri því miður staðreynd, að vígbúnaðarkapphlaupið væri nú harðara en nokkru sinni og hraðinn ykist ár frá ári. Ég er ekki að hafa þetta eftir til þess að beyg setji að mönnum né til þess að draga úr því, sem réttilega hefur verið sagt, að margt hefur áunnizt, eða við trúum því eða viljum trúa því, að ýmislegt hafi áunnizt m. a. s. fyrir tilstuðlan Atlantshafsbandalagsins, í því að koma á meiri kyrrð í Evrópu en ella hefði verið. Varnarmálaráðherra Noregs segir, með leyfi hæstv. forseta, að hvað snerti öryggismál Íslands og Noregs hafi það verið eðlilegt fyrir okkur að tengja þau öryggismálum þjóðanna umhverfis Atlantshafið, og hann segir enn fremur, að á vopnamerki norsku flugsveitarinnar, sem hér var á Íslandi á stríðsárunum, hafi verið skrifað: Tryg havet. Það hefur eins mikið gildi nú. Það er jafnaugljóst, að Ísland og Noregur nú eru algjörlega háð hernaðarlegu samstarfi við Vesturlönd. Vegna legu sinnar eru þau mjög mikilvæg sameiginlegum vörnum bandalagsins.

Norski ráðherrann segir einnig hérna — og mér er ókunnugt um það að öðru leyti en því, að ég hef getað séð á opinberum skýrslum það, sem ég sagði áðan um styrk Norður-Atlantshafsflotans, sem kallast svo — að á síðustu tíu árum hafi Sovétríkin lagt æ meiri áherzlu á uppbyggingu flota síns, eins og eftirfarandi orð frá sovézkri hlið gefa til kynna: Í fyrsta skipti í sögu okkar er sjóher okkar orðinn langdræg árásarleg varnareining. Aldrei áður hefur máttur hans verið jafnmikill, aldrei hefur hann verið jafn vel við því búinn að reka til baka árásaraðila á sjó. Ásamt eldflaugavopnum okkar er flotinn nú mikilvægasta verkefni yfirstjórnarinnar. Það var eitthvað sagt lauslega frá því í blöðum, að ég og Morgunblaðið værum að fjargviðrast eitthvað yfir þessum flotastyrk Sovétríkjanna. Sitthvað mun hafa verið haft eftir mér og Morgunblaðinu um þennan styrk flotans. Ég sá það í blaði, sem einhver af sendimönnum okkar, sem fór til Rússlands í viðskiptasamninga, kom með og var á enskri tungu, að Jóhann Hafstein og Morgunblaðið væru að fjargviðrast yfir stærð þessa flota. Það væri eins og hvorki hann né Morgunblaðið vissu neitt um það, að ekki væri til eins friðelskandi þjóð í heiminum og Sovétríkin. Ég get vel óskað þess, að þessi ummæli væru sönn, en þegar ég hef í huga, að þessi ríki hafa þó innlimað og lagt undir sig Austur-Evrópu að meira eða minna leyti, annaðhvort með beinni innlimun eða með því að gera smáríki eftir smáríki að leppríkjum með því, að þar voru menn, sem fengust til að draga lokur frá hurðum.

Ég veit, að þessum hv. þm., Gils Guðmundssyni, sem hér talaði áðan, er ekki illt í huga og að hann vill ekki svíkja land sitt. Ég efast um, að hv. þm. Gils Guðmundsson geri sér grein fyrir því, þegar hann talar um utanríkismál, hverra erinda hann gengur. Það eru nefnilega margir meðreiðarsveinar, sem vilja vel, en þeir gera sér ekki grein fyrir því, að þeir eru bara verkfæri í höndum annarra manna og annarra afla í heiminum. Það kemur kannske sú tíð, að þeir átta sig á því. Það er einn maður hér í þingsölunum, sem þekkir svolítið félaga í Alþb. Það er formaður þingflokks

Framsfl., hv. 4. þm. Reykv. Hann hefur lýst því í Alþingistíðindum á bls. 460, hvernig þeir voru árið 1963. Þórarinn Þórarinsson, sem er núv. form. utanrmn., segir:

„Stefna Alþb. hefur verið hin sama og stefna kommúnistaflokka í öðrum vestrænum löndum. Hún hefur í samræmi við stefnu annarra kommúnistaflokka beinzt að því megintakmarki að fjarlægja Ísland sem mest frá öllu samstarfi við vestrænar þjóðir, en þessa einangrun hefur síðan átt að nota til að koma á sem nánustum skiptum við kommúnistalöndin. Þetta hefur ekki verið sagt opinberlega, heldur reynt að breiða yfir þetta skikkju hlutleysisins. Til þess að fela sem dyggilegast nafn og númer hafa ýmsir óflokksbundnir meðreiðarsveinar, eins og Alfreð Gíslason, Gils Guðmundsson og Ragnar Arnalds, verið notaðir til að túlka þessa stefnu, en sjálfir forustumenn kommúnista hafðir í felum, eins og hefur gætt í þessum umr. Þetta eru algeng vinnubrögð kommúnista, þar sem þeim þykir ekki sigurvænlegt að koma hreint til dyra."

Hv. þm. Gils Guðmundsson í utanrmn. ætti að fara í tíma til formanns n. og læra svolítið af vinnubrögðum kommúnistanna, áður en hann heldur sína næstu ræðu um utanríkismálin.

Ég hef að mestu leyti bundið mig við varnarmálin og á kannske eitthvað eftir enn um þau, en eins og réttilega hefur verið bent á, var ræða hæstv. utanrrh. um ýmis önnur mál, sem athyglisverð eru. Hann gerði grein fyrir landhelgismálinu og þeim aðalsjónarmiðum, sem hann hefði haldið þar fram. Þar segir hann m. a. mjög réttilega á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta:

„*Ég lagði áherzlu á, að þessi ákvörðun*" — þ. e. að stækka landhelgina — „væri í samræmi við þá þróun, sem ætti sér stað í lögsögu strandríkja yfir fiskveiðum. Sú skoðun ætti vaxandi fylgi að fagna, að fiskimið undan ströndum séu óaðskiljanlegur hluti af auðlindum strandríkis, sem það eigi að hafa sérréttindi *til að nytja. Stærð þessa svæðis ætti að miðast við* aðstæður hjá hinum ýmsu ríkjum, en á Íslandi ætti lögsagan eðli sínu samkvæmt að miðast við endimörk landgrunnsins."

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi ummæli, og þetta er í sjálfu sér ekki nýtt, heldur er það í samræmi við allar *fyrri yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af fyrri ríkisstj.* á erlendum vettvangi, og í samræmi við það, sem fram kemur í l. um vísindalega verndun fiskimiðanna, landgrunnslögunum, sem svo hafa verið nefnd, frá 1948.

En það er algerlega nýtt, sem kom hér fram í umr. um *landhelgismálið, þó að ég megi* ekki blanda því inn í málin nú, en það var gert hér nokkuð áðan, þ. e. að við þættumst vera menn til þess að miða landhelgina eða fiskveiðilögsöguna við 400 m jafndýpislínu, en hefðum ekki verið til í það í vor. Þetta var sagt hér áðan, en þetta er þó í gildandi landhelgissamþykkt, þáltill., og ég hef sagt það hér *í umr. um landhelgismálið, að ef* við hefðum verið í stjórn áfram, þá hefðum við lagt þetta fyrir þingið núna, eins og ákveðið var í þessari samþykkt Alþ., og kosið n. til að undirbúa frv. til l. um landhelgi Íslands, þar sem fiskveiðilögsaga Íslands hefði verið við þetta miðuð. Það er ósatt, að við höfum sagt, að landhelgin skyldi ekki færð út fyrr en eftir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1973. Ég geri ráð fyrir, að það sé misminni og ranghermi þess sem fór með það. Við nefndum alveg sérstök tilvik, og þau eru fyrst og fremst tvö. Það getur orðið það mikil ásókn á fiskimiðin, að við viljum færa út fyrir 1. sept. 1972. Þetta vita allir, sem þá sátu á þingi, og við sögðum í öðru lagi, að sú aðstaða gæti skapazt við nánari kynni af afstöðu annarra þjóða til sérréttinda strandríkisins og þróun þjóðaréttarins, að við teldum æskilegt að flytja út mörkin fyrir hafréttarráðstefnuna. Þessi tvö tilvik hafa verið rædd oftar en einu sinni í landhelgisnefndinni, sem nú starfar hæstv. ríkisstj. til ráðuneytis og við stjórnarandstæðingar eigum sæti í, og það fer ekkert á milli mála og hefur ekkert verið vefengt af stjórnarsinnum, ráðherrum í þessari nefnd, að þetta er rétt.

Mig langar aðeins til að benda á, af því að ég vitnaði í blöðin hér um ástandið, eins og það væri nú, að í skýrslunni, sem hæstv. utanrrh. afhendir okkur í gær og lesin er í dag, segir hann þessi athyglisverðu orð m. a.:

„Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins kemur væntanlega til kasta Allsherjarþingsins eins og á fyrri þingum. Því miður hefur ekki miðað í samkomulagsátt upp á síðkastið. Tilraunir til málamiðlunar, bæði á vegum Sameinuðu þjóðanna með milligöngu Gunnars Jarring og fyrir tilstilli stórveldanna, hafa ekki borið árangur ... Síðan í ágúst 1970 hefur að vísu verið vopnahlé með deiluaðilum, en það er mjög ótryggt og upp úr getur soðið hvenær sem er."

Enn fremur segir hann: „Horfur í deilum Indlands og Pakistan eru vissulega mjög uggvænlegar ..."

Þegar hæstv. utanrrh. víkur að fjárhagserfiðleikum Sameinuðu þjóðanna og segir, að þeir séu tröllauknir og fari stöðugt vaxandi, þá bætir hann m. a. við: „Ástæðan er fyrst og fremst sú, að nokkur aðildarríki hafa ávallt neitað að greiða sinn skerf til vissra, sameiginlegra útgjalda ..."

Ég vildi gjarnan biðja hæstv. utanrrh. að gefa okkur í *þessum umr. nánari skilgreiningu á því, hvaða ríki hér* er átt við, sem ekki hafa greitt sitt framlag til Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt er það ánægjulegt fyrir okkur Íslendinga, svo fámennir sem við erum, að vita það, að það eru fjöldamargar þjóðir í Sameinuðu þjóðunum, sem greiða minni framlög en við til þessarar stofnunar, *sem við teljum og viljum, að sé friðarstofnun alls* heimsins.

Það er vikið að ráðstefnu um öryggismál Evrópu, sem núv. ríkisstj. hefur tjáð sig samþykka, að haldin væri, og fyrrv. ríkisstj. hafði einnig gert á undan henni. Við áttum m. a. viðræður við sendimann frá Finnlandi, sem gekk erinda þess á meðal þjóða að koma á þessari öryggismálaráðstefnu. Heldur núv. ríkisstj., að afstaða hennar í utanríkismálunum, sem mótast af því að taka einhliða vafasamar ákvarðanir, sem lesa má út úr eitt eða annað, án vandlegrar undangenginnar rannsóknar, sé líkleg til að styrkja þessi áform, þar sem lögð hefur *verið megináherzla á það í* þessum viðræðum, sem þarna hafa farið fram, að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins gerðu gagnkvæmt samkomulag um að draga úr herafla sínum og sameiginlega væri unnið að því að koma á öryggismálaráðstefnu. Það kemur einnig fram í skýrslu ráðh. á bls. 7 *að megináherzla er lögð á gagnkvæman samdrátt* herafla landanna. Við getum vel hugsað okkur, að eitt-

hvert ríki — við skulum segja Noregur t. d. — hefði gengið úr Atlantshafsbandalaginu eitthvað um svipað leyti og núv. ríkisstj. var mynduð. Telja menn, að það mundi hafa verið líklegt til að styrkja Atlantshafsbandalagið í viðræðum við Varsjárbandalagið í þeirri viðleitni, sem nú er uppi til að koma á þessari öryggismálaráðstefnu? Auðvitað hefðum við ekki verið hrifnir af því, að Noregur hefði gengið úr Atlantshafsbandalaginu.

Ég held, að mér sé alveg óhætt að segja það, að á sínum tíma hafi það haft áhrif á okkur, þegar bæði Noregur og Danmörk voru í Atlantshafsbandalaginu, og haft áhrif á þá fyrirsvarsmenn okkar, sem undirbjuggu þetta mál og fóru af hálfu allra lýðræðisflokkanna þriggja til Bandaríkjanna, eins og kunnugt er. Ég held, að það hafi verið Emil Jónsson, Eysteinn Jónsson og Bjarni Benediktsson, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það hafi haft áhrif á þessa þm. eins og okkur hina þm., að einmitt Norðurlöndin, strandríkin, höfðu ákveðið að vera í Atlantshafsbandalaginu. En við þurfum að gera okkur grein fyrir því, að alveg eins og ákvarðanir þeirra hljóta eðli málsins samkvæmt að hafa áhrif á okkur, þá hefur það mikil áhrif á Norðurlöndin frá þessu sjónarmiði, hvað við gerum, þegar við erum að taka okkar ákvarðanir í sambandi við Atlantshafsbandalagið.

Ég sé hérna, að hæstv. utanrrh. telur ekki óeðlilegt að draga þá ályktun, að friðarhorfur í okkar hluta heims séu betri en oft áður. Af því að ég fór að vitna til ýmissa annarra, sem draga það í efa, þá vil ég á engan hátt vera að leggja dóm á þetta honum til lasts, heldur get ég vel tekið undir það, sem sagt var áðan af öðrum hv. þm., að það sé aðeins mannlegt og eðlilegt að líta svo á, en hér þarf vissulega að skoða málið frá mörgum sjónarmiðum og vandlega, eins og ráðagerðir eru, að ég hygg, uppi um.

Einn þm. minntist aðeins lauslega á þann þáttinn, sem snertir efnahagsmálin og viðræður okkar á því sviði við þjóðir Evrópu í Efnahagsbandalaginu og EFTA, og það kemur sérstaklega fram í skýrslu hæstv. ráðh., að á það hefur verið lögð áherzla. Þar segir svo um það: „Drög samningsumboðsins hafa að vísu enn ekki verið birt, en vitað er, að í því eru ákvæði um tengsl milli tilboðs Efnahagsbandalagsins um tollaívilnanir á sjávarafurðum og réttinda bandalagsþjóðanna til fiskveiða á Íslandsmiðum.“

Ég vil af þessu tilefni taka það fram, að það hefur aldrei mér vitanlega í viðræðum við ríki Efnahagsbandalagsins nokkurn tíma af hálfu Íslendinga verið gefið neitt vilyrði um rétt bandalagsþjóðanna til fiskveiða á Íslandsmiðum, og reikna ég alveg með því, að afstaðan sé óbreytt að þessu leyti. Hins vegar var mér tjáð það í dag, að núv. hæstv. viðskrh. vildi halda áfram svokallaðri EFTA-nefnd, sem breytist þá eitthvað vegna þessara breyttu viðhorfa, þar sem nú er verið að ræða við Efnahagsbandalagsríkin og hefur verið boðaður fundur í slíkri n. á föstudaginn kemur og þangað hefur viðskrh. einnig boðað fulltrúa frá stjórnarandstöðuflokkunum, og mun ég ræða um það við minn flokk á morgun að tilnefna fulltrúa í þá n., og ég tel vel ráðið, að svo hafi verið gert. En hæstv. utanrrh. ítrekaði það líka, að við munum aldrei, eins og hann orðaði það, sætta okkur við neina nauðungarsamninga né gera landhelgi Íslands að verzlunarvöru, og undir þetta geta, held ég, allir alþm. heils hugar tekið.

Þá ætla ég ekki alveg að ganga fram hjá Evrópuráðinu, og það tel ég vel gert í skýrslu utanrrh. og eðlilegt að víkja að því. Hann segir um það sennilega alveg réttilega, að honum sé ekki grunlaust um, að heldur lítill skilningur sé hér á landi á starfsemi Evrópuráðsins. Það má vera, að það sé, en þá kannske vegna þess, að við Íslendingar höfum tæplega sjálfir staðið nógu vel að Evrópuráðinu og þátttöku í þeim margvíslegu málum, sem Evrópuráðið hefur fjallað um. Það getur vel verið, að kannske allsherjarfundir og Allsherjarþing Evrópuráðsins sem ráðgefandi samkoma séu hreint ekki merkilegasti þátturinn í starfsemi þessa ráðs, en það eru ráðherrafundir, eins og kunnugt er, og það eru ýmiss konar sérstofnanir, þ. e. samvinna á sviði menningarmála, mannúðarmála, vísindamála og ekki sízt það, sem hér er sérstaklega vikið að, að Evrópuráðið, eins og þar segir, hefur frá því fyrsta mjög helgað sig mannréttindamálum, og innan vébanda þess er starfandi mannréttindanefnd og mannréttindadómstóll, og er Ísland eitt af 11 aðildarríkjum Evrópuráðsins, sem viðurkennir dómsvald mannréttindadómstólsins. Já, þetta er hér sagt, að við séum bara 11 af aðildarríkjunum, sem viðurkennum dómsvald mannréttindadómstólsins, en ég tel það okkur til sóma, og ég tel einmitt, að það sé mjög æskilegt, að utanrrh. sæki ráðherrafundi Evrópuráðsins og við eflum samstöðu okkar á því sviði, ekki sízt á sviði þessara mála, sem varða réttargæzluna í þjóðfélaginu með hinum ýmsu þjóðum. Það er svo, að það hefur verið mjög náin samvinna milli Norðurlandanna um langan aldur á sviði réttargæzlu og mannréttinda í lögum, rétti og stjórnarskrám, og sú samvinna hefur færzt út á síðari árum við aukna samvinnu milli ríkjanna í Evrópuráðinu. Annað hvert ár eru haldnir dómsmálaráðherrafundir Evrópuríkjanna og þessi og önnur mál rædd þar, og þar hefur sérstaklega verið til þess tekið, að Norðurlöndin virðast vera langt á undan öllum öðrum ríkjasamtökum eða ríkjum í Evrópu með samvinnu einmitt á sviði þessara mála, sem eru jafnmikilvæg og raun ber vitni, og þess vegna fagna ég því, að að þessu er vikið — og engin vanþörf á því — í skýrslu hæstv. utanrrh.

Um landhelgismálið skal ég ekki fara neinum orðum nú vegna þess, eins og aðrir hafa sagt hér, að það hefur verið rætt sérstaklega.

Ég vil svo aðeins ljúka máli mínu með því að ítreka það, sem ég hef reyndar áður gert, að ég bið hæstv. utanrrh. að misskilja ekki þá till., sem við sjálfstæðismenn flytjum og vitnað hefur verið til í þessum málum og er á þskj. 47. Hún þarf ekki að vera neitt furðuverk í augum neins háttv. þm., þó að svo hafi verið tekið til orða áður, en það er einmitt í sambandi við hana, sem ég mundi mjög gjarnan vilja spyrja spurninga, sem kannske hefur þegar verið varpað fram. 1) Liggur það fyrir, með hvaða hætti ríkisstj. hyggst haga endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins og hverjir verða fulltrúar ríkisstj. í þeim samningaviðræðum? Þetta er nú einföld spurning, sem ætti að vera auðvelt að svara. Mér þætti mjög vænt um, ef svör við henni kæmu fram. 2) Telur utanrrh. ekki líklegt, að valdið geti tortryggni, að hann hefur fallizt á að hafa einkum

samráð við tvo ráðh. í ríkisstj. í sérstakri ráðherranefnd um öryggis- og varnarmál, en þessir tveir ráðh. hafa jafnan beitt sér gegn samstarfi við vestrænar lýðræðisþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins og krafizt þess, að Ísland segi sig úr bandalaginu? Ég verð að hafa fyrirvara um annan þennan hæstv. ráðh. Það virtist koma fram hér áðan hjá honum og mátti skilja það á þá leið, að hann væri annars sinnis en áður fyrr, og væri það vel. Og loks: Af hvaða tilefni verður til slík ráðherranefnd um varnarmálin, sem upphaflega var sagt frá í Þjóðviljanum? Mér er ekki kunnugt um neitt fordæmi slíkrar ráðherranefndar. Ég þekki það ekki. Utanrrh. sagði, að hann gæti nefnt mörg dæmi, sem væru svipuð þessu hjá erlendum þjóðum. Það væri gott, að hann gerði það. Hann bætir þá úr fáfræði okkar hinna. Hér á landi veit ég ekki um neitt sambærilegt við þetta, því að það er algjörlega ósambærilegt, þó að ráðh. á milli funda taki það að sér sérstaklega að vinna að einhverjum málum, sem eru þess eðlis, að þau heyra sameiginlega undir fleira en eitt rn.

Hér er sett á laggirnar sérstök ráðherranefnd. Við vitum að vísu ekki, hvernig hún var sett á laggirnar. Mættum við fá að heyra það? Var það fyrir stjórnarmyndun eða var það eftir stjórnarmyndun? Var það á stjórnarfundi? Er til samþykkt um það í ríkisstj.? Og af hvaða tilefni er hún sett á laggirnar? Ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. utanrrh. þyki spurningar eins og þessar neitt annað en eðlilegar, en þær eru m. a. til þess fallnar að skýra svolítið betur afstöðuna hér á þingi.

Margt skýrist auðvitað betur, þegar mál eins og þessi eru rædd í n., ef þau fara til n., sem verður að gera ráð fyrir, en eins og ég segi, þá er flutningur þál. okkar á þskj. 47 í samræmi við höfuðmarkmið okkar, og einmitt þess vegna fögnum við því, að slík skýrsla, sem gefur tilefni til umræðna, er lögð fram af hæstv. ráðh., því að höfuðtilgangur okkar er sá, að a. m. k. hér á Alþ. sé hægt að ræða þessi mál fordómalaust fyrir opnum tjöldum og frammi fyrir alþjóð að sjálfsögðu. Ég hygg, að málið sé þannig vaxið í dag, að meginþorri almennings óski eftir og telji til góðs, hvort sem menn eru nú með eða á móti, að a. m. k. þjóðin viti, að hverju stefnir, og ekki sé farið dult með eða menn þurfi lengur að vera að deila um það, hvað felist í sjálfum stjórnarsamningnum, t. d. um varnar- og öryggismál landsins.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég var rétt að koma til þings og er hér ekki með neina sérstaklega undirbúna ræðu, en get þó ekki stillt mig um að blanda mér ofurlítið í þessar umræður.

Háttv. þm. Jóhann Hafstein sagði hér áðan, að hann vonaði, að sú till., sem hér hefur allmikið verið rædd, þ. e. till. sjálfstæðismanna til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál, ylli ekki neinum misskilningi. Það er ekki nokkur minnsta hætta á því, að þessi till. valdi misskilningi. Það er alveg ljóst, hvað fyrir flutningsmönnum vakir, og það verð ég að segja, að ég furða mig á því að lesa þau nöfn, sem eru meðal nafna flm. þessarar till. Ég efast um það, að þess séu mörg dæmi í sögu okkar, að jafnmargir ágætir og margrómaðir lýðræðissinnar hafi sameinazt um jafnólýðræðislegt mál.

Ég get ekki stillt mig um að vekja til að mynda athygli á einu atriði. Í grg. með till. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þar sem talað er um tvo ráðh., sem eigi að ráðgast svolítið við utanrrh. í sambandi við varnarsamninginn svonefnda: „Ekki er vitað annað en að þessir tveir ráðherrar hafi alla tíð verið andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Slík ráðstöfun hlýtur mjög að skaða málstað landsins í viðræðum við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn um varnarmálin, en er einnig til þess fallin að skaða mjög orðstír landsins á erlendum vettvangi, nú er sízt skyldi, þar sem nauðsyn ber til að vinna fylgi málstað okkar í landhelgismálinu."

Ég spyr: Ef ástæða er til þess, að Alþ. fordæmi þessa ráðstöfun og komi því til leiðar, að þessum tveimur ráðh. verði vikið úr þessari n., er þá ekki enn þá meiri ástæða til þess vegna hagsmuna okkar í landhelgismálinu, að Alþ. samþykki ályktun um það að víkja núv. hæstv. sjútvrh. úr embætti? Ég spyr: Er það ekki fyrir neðan virðingu Alþ. að ganga svo langt að taka jafnvel til umr. till. þess efnis, að Alþ. geri örgustu ofstækisskrif Morgunblaðsins að ályktun sinni? Ég sé ekki betur en að í samræmi við þann málflutning, sem við höfum heyrt hér af hálfu sjálfstæðismanna, þá gæti það alveg eins komið til mála að flytja till. um það, að núv. hæstv. sjútvrh. verði vikið úr embætti vegna þess, að hann er kallaður kommúnisti í Morgunblaðinu.

Nú skal ég segja ykkur sögu. Það vill svo til, að Morgunblaðið er ekki lesið um allan heim; það er t. d. ekki lesið í Boston. Ég var í Boston á merkum fundi nú ekki alls fyrir löngu, þar sem saman voru komnir forystumenn stjórnmála þeirra ríkja, sem einu nafni nefnast Nýja-England; það eru sex ríki. Þessi fundur var haldinn til að knýja á um kröfuna um útfærslu fiskveiðilögsögunnar úti fyrir ströndum Nýja-Englands. Það hefur nú reyndar borið þann árangur núna nýlega, að Sargent, ríkisstjóri í Massachusetts, hefur undirskrifað lög þess efnis, að fiskimálastjóra ríkisins sé heimilt að setja ákveðnar reglur um þetta. Svo er annað mál, hvað alríkisstjórnin segir við því. Á þessum fundi flutti ég ávarp fyrir hönd sjútvrh. Íslendinga, og ég skal játa það, að ég gat ekki stillt mig um að láta þess getið í leiðinni, svona rétt til að villa ekki á mér heimildir, hver ég væri pólitískt hér. Ég væri t. d. töluvert til vinstri miðað við þá skilgreiningu, sem maður sæi í blöðum þar í Bandaríkjunum, að ríkisstjórnin væri, þ. e. „left of center". Sumir okkar væru töluvert meira til vinstri en það, og sá ráðh., sem ég væri fulltrúi fyrir, og okkar flokkur berðist fyrir því t. d., að herinn færi af Keflavíkurflugvelli, og til þess hefðum við okkar eigin ástæður. Og ég lét þess getið líka, að við værum kallaðir kommúnistar af ýmsum ágætum mönnum hér uppi, þ. á m. af einum mætum flokksforingja, fyrrv. forsrh., Jóhanni Hafstein að nafni. Þessu fólki þarna varð bara ekkert bilt við þetta. Þegar ég síðar hvatti til þess, að við Íslendingar og þeir í Nýja-Englandi stæðum saman um kröfur okkar í landhelgismálum, þá fékk það vægast sagt mjög góðar undirtektir, og ég efast um, að það hefði fengið nokkuð betri undirtektir, þó að mér hefði veitzt sá sómi að geta sagt, að ég talaði þarna fyrir hönd hins sómakæra borgarstjóra í Reykjavík.

Þetta er til marks um það, að það sálarlíf, sem hér er túlkað af hálfu Sjálfstfl., er ekki ríkjandi, guði sé lof, í veröldinni allri, og Morgunblaðið, eins og ég sagði, er ekki lesið í Boston.

En það er annað þýðingarmikið atriði, sem ég vildi víkja að, mjög þýðingarmikið atriði. Háttv. 8. landsk. þm. gerði hér að umtalsefni aukinn flotastyrk Rússa á Norðaustur-Atlantshafi og aukið hernaðarbrambolt þeirra hér í námunda við okkur. Reyndar skaut hann fram sögulegri fullyrðingu, allathyglisverðri. Ég tók ekki eftir, hvaða ár hann nefndi, en hann tiltók árið, þegar fyrsta rússneska herskipið sigldi allt í kringum Ísland. Þetta fór fram hjá mér, þetta merkisár, en það heyrði ég, að hann tiltók alveg sérstaklega. Við höfum sjálfsagt allir tekið eftir þessum fullyrðingum um aukinn flotastyrk Rússa, enda hafa þeir verið þarna með æfingar. Ýmsir mætir menn fullyrða jafnvel, hvað þeir hafi mikið af skipum og hvað margir kafbátar séu á ferðinni o. s. frv. Að mínum dómi eru þetta ekki neinar sannanir, vegna þess að þeir, sem þetta fullyrða, eru venjulega þeir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við aukið hernaðarbrölt og styrjaldarótta, aðmírálar og aðrir slíkir. Bezt gæti ég trúað því, að það væri ákveðið svona öðru hverju í flotamálaráðuneyti Bandaríkjanna, hvað okkur skuli talin trú um hverju sinni varðandi tölu rússneskra kafbáta og herskipa kringum landið. En það er annað mál. Hitt er staðreynd að sjálfsögðu, að það hefur borið æ meira á þessum æfingum Rússa.

Þess vegna tel ég, að það komi mjög svo til mála, að við Íslendingar felum sendinefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum að beita sér fyrir tillögu þess efnis, að tiltekið svæði hér á Norðaustur-Atlantshafi, sem allra stærst svæði, sem Ísland væri á, yrði friðlýst. Þarna myndum við fara að dæmi Ceylon-manna og Tanzaníu-manna, sem fluttu núna á þingi Sameinuðu þjóðanna tillögu um friðlýsingu Indlandshafs. Þetta kann að virðast óraunhæf tillaga, en margt það, sem virtist óraunhæft í fyrra og hitteðfyrra, er raunhæft í dag, svo örar eru breytingarnar. Í allsherjarnefnd Sameinuðu þjóðanna var samþykkt að taka þessa tillögu fyrir, og ég aflaði mér upplýsinga um viðhorf ýmissa fulltrúa til hennar, og það er ekki annað sýnna en hún verði samþykkt á þessu þingi, — sem sé tillaga um friðlýsingu alls Indlandshafsins, sem er allmiklu stærra en það svæði, sem ég var að nefna rétt áðan.

Hvað felst í þessari friðlýsingu? Ég held, að það sé rétt, að ég lesi hér upp kafla úr grg. frá Amerasinghe, aðalfulltrúa Ceylon hjá Sameinuðu þjóðunum, en hann er reyndar sá maður, sem talinn er ásamt Jakobson hinum finnska líklegastur til að verða framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, m. ö. o. þessi maður, sem flytur þessa tillögu, kynni eftir fáeinar vikur að vera orðinn framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Ég ætla að lesa hér kafla úr þeirri grg., sem hann lét fylgja þessari tillögu, þegar hún var lögð fram í allsherjarnefnd:

„Kjarninn í tillögu Ceylon er, að gervallur útsær Indlandshafs verði lýstur friðhelgur gagnvart vígvélum, hvort heldur er til sóknar eða varnar, og einungis megi nýta hann í friðsamlegum tilgangi. Herskip og önnur skip, er hafa vígbúnað um borð, fái að vísu að sigla yfir hafið," — þannig að stórveldin Rússar og Bandaríkjamenn, þessi tvö stórveldi, sem líkleg eru til að berjast gegn þessari tillögu, gætu a. m. k. ekki sagt, að þarna sé verið að skerða siglingafrelsið. Þessi herskip og önnur skip, er hafa vígbúnað um borð, fá að vísu að sigla yfir hafið — „en ekki hafa þar neina töf á, nema um sé að ræða neyðartilfelli," — þ. e. slys eða eitthvað slíkt um borð í skipunum eða sjávarháska. „Hið sama á við um kafbáta, siglingar þeirra í og á Indlandshafi verði bannaðar, nema sannað sé, að förin sé farin í friðsamlegum tilgangi. Flotaæfingar, njósnir á sjó og tilraunir með vopn verði með öllu óleyfilegar."

Þetta mundi ég telja, að ætti að vera inntakið í okkar tillögu, sem við mundum náttúrlega skilgreina nánar á ýmsan hátt.

Ég ætla svo ekki að lengja frekar mál mitt um þetta, að þessu sinni, en ég skýt því til þess mæta manns, 8. landsk. þm., — sem hugleiðir alþjóðamál mikið og er nú fulltrúi fyrir kannske skynsamlegri stefnu stjórnarandstöðunnar en sú stefna er, sem hér hefur verið túlkuð af hálfu sjálfstæðismanna, — hvort hann teldi ekki líkur á því, að við gætum nokkrir hér sameinazt um að fá það samþykkt hér á Alþ., að sendinefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum verði falið að beita sér fyrir þessu. Það er að sjálfsögðu orðið of seint á þessu Allsherjarþingi að fá þetta í gegn, en það er hægt að fá þetta í gegn á næsta Allsherjarþingi. Menn segja að sjálfsögðu, að það sé hægt að setja reglur, en þær verði brotnar og þeir, sem þarna eiga hluta að máli, annars vegar Bandaríkjamenn og hins vegar Rússar, mundu ekki virða þetta. Það er þannig um öll lög og allar reglur, að þær eru brotnar. En hér yrði a. m. k. um siðferðilega yfirlýsingu, óumdeilanlega siðferðilega afstöðu að ræða, af hálfu Sameinuðu þjóðanna og okkar, sem yrði ómetanlegt framlag til friðar í heiminum.

Ég vil enda með því að bæta því við, að áðurnefndur Amerasinghe, fulltrúi Ceylon, og ég ræddum þetta mál, og hann sagði, að þetta væri einmitt það, sem fyrir þeim vekti, að sem flestir færu að dæmi þeirra, gerðu hreint fyrir sínum dyrum, og einn góðan veðurdag, sagði hann, verðum við búnir að friðlýsa þennan hnött okkar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Því er ekki að neita, að umræður um utanríkis- og öryggismál okkar Íslendinga mótast mjög af þungum ásökunum hvers í annars garð. Málflutningur manna er of oft fólginn í órökstuddum fullyrðingum, og kjarni hvers málstaðar jaðrar við öfgar og brigzl. Ásakanir og aðdróttanir ganga á víxl, og öryggismál og þó einkum varnarmál eru ekki rædd í þeim anda, að leitt geti til samkomulags. Tilgangurinn virðist ekki vera sá, að deilur skuli jafnaðar. Ræða hv. 4. þm. Reykn. hér fyrr í dag er ljós vottur þessa málflutnings, en í þeirri ræðu var að finna ummæli um málflutning sjálfstæðismanna, sem ræðumaður lýsti sem óhemjuskap, svikabrigzlum, lágkúrulegum málflutningi, ofstækisskrifum, nátttröllaáróðri og móðursýkishrópum. Ungt fólk, sem afskipti hefur af stjórnmálum, verður gjarnan fyrir áhrifum af slíkum málflutningi, ánetjast fyrrnefndum rökum og gleymir sjálft að leggja eigið mat á reynslu og staðreyndir. Þó væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að ný kynslóð, sem ekki hefur mótazt af styrjöldum og spennu, gæti metið ástandið hlutlaust, svo fremi skynsemi ráði í stað hleypidóma og að því tilskildu, að annarleg sjónarmið séu ekki höfð að leiðarljósi.

Ég mun ekki setjast sjálfur í dómarasæti, telja mig þess umkominn að sjá einn í réttu ljósi samhengi skoð-

ana og stefnu, hafna rökum eða lítilsvirða fullyrðingar. Ég skal játa, að forsendur mínar í umræðum um öryggismál eru sjálfstæði þjóðarinnar, frelsi og lýðræði, andúð á ofbeldi og yfirgangi erlendis frá. Ég tel reyndar, að það sjónarmið sé efst í huga allra sannra Íslendinga án tillits til stjórnmálaskoðana, og ágreiningur okkar stafar ekki af óheilum hvötum, heldur af því, að okkur greinir á um, á hvern hátt öryggi okkar sé bezt varðveitt. Fyrir fram vil ég engan dæma eða saka um landráð, svik við framangreindar hugsjónir, undirlægjuhátt eða falska þjóðhollustu. Ég geng út frá því, að öllum Íslendingum, hvar í flokki sem þeir standa, gangi gott til, að íslenzkir hagsmunir, sjálfstæði þjóðar, vaki fyrir okkur öllum. Mér dettur ekki í hug eitt andartak að halda því fram, að menn séu mismunandi miklir Íslendingar, eftir því hvar í flokki þeir standa, að þeir, þrátt fyrir ýmsar stjórnmálaskoðanir, sem eru andstæðar Sjálfstfl. t. d., vilji leiða yfir þessa þjóð yfirráð annarra þjóða, ófrelsi eða sviptingu mannréttinda. En ég fer þá sömuleiðis fram á, að stjórnmálaandstæðingar þess flokks, sem ég styð, láti af slíkum ásökunum, saki sjálfstæðismenn ekki um undirlægjuhátt eða landsölu, enda þótt þeir, þ. e. sjálfstæðismenn, eins og á stendur, séu fylgjandi samstarfi við aðrar þjóðir um *hervernd landsins*. Við getum hins vegar játað, að mismunandi stjórnmálaskoðanir hafi áhrif á afstöðu okkar til öryggismála eða varnarmála. Skilningur eða öllu frekar túlkun okkar á gildi og hlutverki hinna ýmsu stjórnmálakenninga ræður mestu í mati okkar á því, hvernig sjálfstæði þjóðarinnar verður bezt varðveitt, hvernig öryggi okkar verður bezt tryggt. Um leið og þessi sjónarmið eru skiljanleg, er hér um að ræða annarleg áhrif á það sjálfstæða mat, sem verður að fara fram, þegar um öryggismál eigin þjóðar er að ræða. Öryggi landsins, sjálfstæði þjóðarinnar, hlýtur að eiga sér forsendur, hafa sjálfstætt gildi án tillits til þeirra stjórnmálaskoðana, sem ráða ferðinni í þjóðfélaginu hverju sinni. Öryggið og sjálfstæðið er jafnmikils virði án tillits til þeirra stjórnmálaskoðana og án tillits til þess, hvort hér situr viðreisnarstjórn eða vinstri stjórn.

En menn kunna þá að spyrja, hvað erum við þá að vernda? Í hverju felst öryggi okkar? Og til hvers að verja sig gegn vondum kommúnistum, ef þeir geta tekið völdin innan frá? Hvers virði er sjálfstæði þjóðar, sjálfstæði einstaklings, þegar það síðarnefnda er einskis virt? Ég spyr ekki vegna þess, að ég hafi ekki sjálfur svör á reiðum höndum, heldur vegna þess, að slíkar spurningar koma upp í huga hvers þess, sem ann sjálfstæði þjóðar, en lýðræði og mannréttindum um leið. Stjórnmálabarátta Íslendinga sjálfra í formi flokkadrátta er eitt, sjálfstæðisbarátta þeirra út á við er annað. Ég tel sjálfan mig lýðræðissinnaðan og tek þátt í stjórnmálum með þær skoðanir að leiðarljósi. Ég berst gegn einræði og ofbeldi, og ég hef andstyggð á kommúnisma jafnt sem fasisma. En ég get ekkert við því sagt, ef slíkar kenningar verða ofan á meðal þjóðarinnar með lýðræðislegum hætti, ef þjóðin kýs yfir sig slíkt stjórnarfar, þá ræður hennar vilji. Barátta Íslendinga fyrir öryggi og sjálfstæði heldur áfram án tillits til stjórnmálaástandsins innanlands gegn erlendri íhlutun, gegn utanaðkomandi yfirráðum.

Ég veit ekki, hvort ljóst er, hvert ég er að fara með þessum orðum mínum, en ég vildi hafa þennan formála að máli mínu til þess að leggja áherzlu á, að öryggismál eiga í rauninni að vera hafin yfir allt dægurþras, og til þess að vekja athygli á, að öryggi Íslands er ekki ógnað um aldur og ævi úr einni og sömu áttinni. Nýjar hættur geta steðjað að. M. ö. o., öryggismál Íslands á ekki að ræða út frá því eina sjónarmiði, að hætta stafi frá Sovétríkjunum og menn komist að þeirri niðurstöðu, að sé sú ógnun ekki lengur fyrir hendi, þá sé öryggi þjóðarinnar borgið, þá muni friður ríkja um alla eilífð. Bandarískt varnarlið á Íslandi er aðeins einn þáttur í öryggismálum, og er engan veginn kjarni þessara mála. Sjálfstæð þjóð getur aldrei orðið varnarlaus, hvort sem herforingjar, stjórnmálamenn eða aðrir spekingar telja ástand í heimsmálum friðvænlegt á einhverju tilteknu augnabliki. Hvernig við viljum haga þessum vörnum er því afleiðing en ekki orsök þeirrar forsendu, að öryggi Íslands verði tryggt með einum eða öðrum hætti um alla framtíð.

Íslendingar hafa valið þann kost að hafa samstöðu með öðrum vestrænum þjóðum um öryggismál sín. Það hefur verið gert með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og þeirri skyldu, sem við höfum tekið á okkur með því að leyfa varnarstöð hér á landi. Í þessum umræðum tel ég nauðsynlegt að gera greinarmun annars vegar á aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu við stofnun þess og forsendum þeirrar aðildar og á hinn bóginn áframhaldandi aðild og tilvist bandaríska varnarliðsins hér á landi nú. Þennan greinarmun, þetta sjónarmið mitt, vil ég leyfa mér að útskýra nokkru nánar.

Allir þeir, sem hirða um skynsemi og staðreyndir, munu viðurkenna, að sögulegar staðreyndir sanna, að forsenda stofnunar Atlantshafsbandalagsins var ógnunin af yfirgangi Sovétríkjanna og tilgangur bandalagsins var sá að verja frelsi og sjálfstæði þeirra ríkja, sem eftir stóðu í Vestur-Evrópu. Þessi ríki vildu ekki kalla yfir sig ógnarstjórn kommúnismans, og ég vil leyfa mér að vitna til nál. meiri hl. varnarsamningsnefndar Alþ. frá árinu 1951, þar sem segir m. a.:

„Að aflokinni síðustu heimsstyrjöld vonaði og þráði meginhluti mannkynsins, að koma mundi langvarandi friðartímabil. Í trausti þess og því til styrktar voru samtök Sameinuðu þjóðanna stofnuð. Þjóðir Bandaríkjanna og Bretlands sýndu og trú sína um frið í verki. Þær tóku þegar að afvopnast, og herstyrkur þessara stórvelda varð bráðlega aðeins rúmlega tíundi hluti af því, er þær höfðu haft í stríðslok. En Sovét-Rússland hegðaði sér á aðra lund. Þar voru 4 milljónir manna áfram hafðar undir vopnum, eða helmingi meiri her en samanlagt var um þær mundir í Bretlandi og Bandaríkjunum. Og samtímis gerði Sovét-Rússland Rúmeníu, Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu að leppríkjum sínum og studdi þar að hervæðingu, sem bráðlega varð raunverulega hluti af her Rússlands og undir þess stjórn. Þannig myndaðist hin geigvænlega austurblökk, grá fyrir járnum og ógnandi, það varð upphaf hinna ótryggu tíma."

Ég vil ekki rekja þessa ívitnun lengur. Hún er til stuðnings þeirri forsendu, sem ég var að gera grein fyrir, sem olli stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Á þessum árum héldu íslenzkir sósíalistar uppi vörnum fyrir Sovétríkin og framferði þeirra, bæði í heimalandi þeirra sem og í leppríkjunum, og viður-

kenndu ekki þá ógnarstjórn og þá kúgun, sem Sovétríkin beittu hinar undirokuðu þjóðir. Þessi afstaða íslenzkra sósíalista hefur smám saman tekið breytingum á seinni árum og liggja ýmsar orsakir eflaust til þess. Ræða Krúsjeffs, atburðirnir í Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu, breyttar baráttuaðferðir og að einhverju leyti nýtt fólk í hópi þessa stjórnmálaflokks. Látum það liggja milli hluta, en staðreyndin er hins vegar sú, að vinstri sósíalistar, Alþb.-menn, arftakar gömlu kommúnistanna hafa afdráttarlaust fordæmt framkvæmd kommúnismans í Sovét og undirokun og frelsissviptingu Austur-Evrópuþjóðanna. Með þessari fordæmingu hafa þeir auðvitað viðurkennt þau rök og þann málflutning, sem þeir höfnuðu 1949 og 1951, en sem réð afstöðu okkar til aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Ég get ekki betur séð né aðrar ályktanir dregið, ef núv. Alþb. fordæmir ofbeldisstefnu Sovétríkjanna og lýsir andúð sinni á framkvæmd sósíalismans þar, en að sá flokkur hljóti um leið að viðurkenna nú um síðir réttmæti stofnunar Atlantshafsbandalagsins og aðildar okkar að því. Þeir geta verið á móti þeirri þjóðfélagsskipan, sem við höfum búið við, en þeir hafa vissulega fallizt á með þessum fordæmingum sínum og afneitunum, að drottnun Sovétríkjanna var ekki eftirsóknarverð fyrir Evrópu og Ísland. Það hefur sagan sýnt og sannað. Við skulum því láta af karpi um stofnun bandalagsins og upphaflega þátttöku okkar í því og ganga út frá þeirri staðreynd, að aðild okkar að NATO hafi átt fyllsta rétt á sér, a. m. k. í huga þeirra, sem ekki vildu og vilja kalla yfir sig kommúnisma Rússanna.

Við skulum þessu næst snúa okkur að þeirri spurningu, hvort áframhaldandi aðild eða þá öllu heldur áframhaldandi dvöl bandarískra varnarliðsins sé æskileg eða nauðsynleg nú í dag fullum 20 árum síðar. Fyrir þá, sem vilja horfast í augu við staðreyndir, fyrir þá, sem í einlægni trúa á samstarf lýðræðisþjóðanna og nauðsyn Atlantshafsbandalagsins, fyrir alla þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir eftirfarandi: Stofnun og tilgangur Atlantshafsbandalagsins mótaðist á sínum tíma af hræðslunni við kommúnista. Sú forsenda þarf ekki að vera eilíf. Aðstæður geta breytzt. Eins og fyrr segir, er verndun og öryggi Íslands ekki einskorðað við vonda Rússa. Við teljum okkur lýðræðisþjóð, og við viljum vernda þau mannréttindi, sem þeim hugsjónum fylgja. En lýðræðinu stendur ógn og hætta af fleira en kommúnismanum, og kommúnisminn getur reynzt vera í öðrum búningi en í gervi rússneska bjarnarins. Það er kapítuli út af fyrir sig. En ofbeldi og einræði á sér víðar stað, og víða má benda á brotalamir. Nærtækast er að minnast á einræðið í Grikklandi, nýlendustefnu Portúgala, jafnvel framkomu Breta í þorskastríðinu, athæfi Bandaríkjamanna í Víetnam o. s. frv. Sovétríkin verða vonandi ekki ævarandi fjötruð niður af ægivaldi kommúnismans, og við skulum vera minnug þess, að við erum ekki andsnúin þjóðinni, heldur stjórninni og stjórnarfyrirkomulaginu í Sovét. Grikkir eru ekki verra fólk, enda þótt þeir hafi fengið yfir sig breytt stjórnarfar. Jafnvel í Bandaríkjunum geta komizt til valda öfl eða menn, sem breytt geta stjórnmálum eða stjórnarfari þar í landi í þá átt, að á því munum við hafa fulla andúð. M. ö. o., aðstæður geta breytzt og eru alltaf að breytast; allt er slíkum breytingum undirorpið. Af þessum sökum er augljóst, að við Íslendingar verðum að vera vakandi og reiðubúnir til endurskoðunar, ef við viljum vera hugsjónum okkar og sjálfstæði trúir.

Ungt fólk stendur frammi fyrir breyttum tímum frá því, sem var, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað. Atburðir síðustu styrjaldar eru sögulegir bautasteinar, frelsistilraunir Tékka og Ungverja og Slóvaka eru löngu liðnar í hugum þess, og jafnvel þótt það muni þessa atburði, þá er atburðarásin svo hröð, að stuttur tími varpar daufu ljósi á þessa mynd, slævir áhrif slíkra atburða. Ungt fólk er ekki alið upp við spennu kalda stríðsins, heldur í skugganum af vetnissprengjum, það þráir frið og hefur óbeit á hernaðarbandalögum, skilur það eitt, að vopn tákni stríð og manndráp og gengur í lið með þeim stjórnmálahreyfingum, sem í orði kveðnu hafna slíkum vopnabandalögum. Ungt fólk er fjölfrótt um svívirðilega stríðsglæpi Bandaríkjamanna í Suðaustur-Asíu á sama tíma og Sovétleiðtogar ferðast með friðarbros um heiminn, taka þátt í því að draga úr spennu í Evrópu og sýna á sér það andlit, sem gerir það nánast hlægilegt að halda því fram, að fyrir þeim vaki annað en friður og sættir. Ég læt hins vegar skynsemi og dómgreind hvers og eins um það að dæma, hvort skoða beri sovézka kommúnistaleiðtoga sem boðbera friðarins, en vissulega hefur þessi atburðarás haft sín áhrif á ungt fólk hér á landi sem annars staðar.

Á sama tíma hafa íslenzkir sósíalistar tekið upp breyttar baráttuaðferðir. Þeir fyllast vandlætingu, ef þeir eru kallaðir kommúnistar, og biðla til lýðræðisins og nytsamra sakleysingja með réttlátum ákafa. Þau öfl, sem Þórarinn Þórarinsson kallar kommúnistana í ríkisstj. og Hannibal Valdimarsson kallar ólýðræðislegan flokk, eru orðin í augum allt of margra málsvarar „sjálfstæðisbaráttu", hversu ankannalegt sem það kann nú að virðast í ljósi sögunnar. Allt þetta, þróun þessara mála, atburðarásin, áróðurinn, vekur upp andstöðu við Atlantshafsbandalagið og varnarsamstarf okkar, sem er á misskilningi byggð, og fær ungt fólk jafnvel til að vera í andstöðu við lífsskoðanir sínar. Þetta er háskaleg þróun og erfið öllum þeim, sem unna lýðræði og skilja hlutverk okkar í varnarbandalagi vestrænna þjóða. Þurfum við virkilega byltingu eða uppreisn í Austur-Evrópu á 5 eða 10 ára fresti til að minna á eðli kommúnismans, og þurfum við spennu og kalt stríð til þess, að fólk átti sig á málstað okkar og hlutverki varna hér á landi? Það er vissulega kaldhæðni örlaganna, ef Atlantshafsbandalagið er orðin ímynd hernaðar og íhlutunar, ef áróður andstæðinga þess hefur brenglað svo frelsishug okkar, að málsvarar marxisma og einræðis eru orðnir fánaberar frjálsræðis og frelsis.

En hvað segja nú andstæðingar Atlantshafsbandalagsins í dag? Hver eru rök þeirra fyrir því, að hér skuli ekki vera varnarstöð? Þeir segja: Í dag eru breyttir tímar. Við eigum ekki að taka þátt í hernaðarbandalagi og taka þannig þátt í vígbúnaðarkapphlaupi. Við eigum og viljum ekki hafa her á friðartímum. Við eigum að stuðla að friði og losa okkur við hernám Bandaríkjamanna. Við skulum virða þessi rök fyrir okkur nánar, og fyrst er það þá hernaðarbandalagið. Vissulega er NATO hernaðarbandalag, og þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að koma auga á, hvernig við getum fullnægt skyldum okkar í bandalaginu með öðrum hætti en þeim, sem hingað til hefur verið á hafður. En hernaðarbandalag getur haft tvö markmið, annað til árásar, en

hitt til varna. Atlantshafsbandalagið var í upphafi stofnað sem varnarbandalag, og sagan hefur sannað, að annað vakti ekki fyrir bandalagsþjóðum. Ein af röksemdunum gegn varnarliðinu er einmitt sú, að hér sé um svo afskaplega fámennt lið að ræða, að það geti engum vörnum við komið, ef á annað borð sé á landið ráðizt. Þetta er alveg rétt, en undirstrikar einmitt það hlutverk, sem varnarliðinu er ætlað, þ. e. að hefja ekki árásir, heldur að fyrirbyggja árásir með eftirliti og aðstöðu. Í grg. meiri hl. varnarsamningsnefndarinnar frá 1951 á Alþ. var tekið fram m. a. eftirfarandi, hvað þetta atriði snertir:

„Um samning þann, er hér liggur fyrir fyrir Alþ. til staðfestingar, má það sama segja og um Atlantshafssáttmálann yfirleitt. Hvort tveggja er einungis gert til varnar. Það eru höfuðatriði málsins, sem aldrei má gleyma og sérstaklega ber að undirstrika. Með varnarsamningnum er alls ekki samið um neinn þann viðbúnað, sem til þess væri ætlaður að gera héðan hernaðarárásir á önnur lönd. Var þetta sérstaklega fram tekið í yfirlýsingu ríkisstj., sem birt var samtímis samningnum. Engri þjóð á að stafa árásarhætta af þeim viðbúnaði, sem hefur verið gerður og gera á."

En hefur þetta varnar- eða hernaðarbandalag brugðizt þessu hlutverki sínu? Hefur ríkt styrjaldarástand í Evrópu? Er blika ófriðar á lofti, þar sem NATO hefur látið til sín taka? Nei, þvert á móti hefur friður haldizt í þessari heimsálfu allt frá stofnun bandalagsins, og með góðum og gildum rökum má halda því fram, að sú þíða, sem nú virðist vera að byrja að segja til sín sérstaklega í Þýzkalandsmálunum, eigi sér skýringu einmitt í hinni einörðu og ótvíræðu samstöðu lýðræðisríkjanna, því valdajafnvægi, sem bandalagið hefur skapað. Varnarbandalag þessara þjóða, hvort sem því er viðhaldið í sjálfu sér í skjóli vopna eða ekki, hefur stuðlað að friði og friðvænlegra ástandi en menn þekkja áður í þessum heimshluta.

Að þessu leyti má auðveldlega halda því fram, að Íslendingar hafi jafnvel með þátttöku í hernaðarbandalagi stuðlað að friði. Við höfum ekki talið það æskilegt í sjálfu sér, að erlent lið skyldi dvelja hér á landi, en reynslan hefur sýnt okkur, að vert hefur verið að færa þá fórn. Sú fórn var og er þátttaka okkar í vörnum frjálsra þjóða, skjaldborgin um sjálfstæði þeirra. Enginn getur spáð um, hvernig þróun sögunnar hefði ella orðið, en má ekki halda því fram, að Atlantshafsbandalagið hafi í raun tryggt sjálfstæði okkar, og sú fórn, sú sjálfstæðisskerðing, var ekki meiri en svo, að þegar sósíalistar, andstæðingar þessa bandalags komast til valda á Íslandi, þá telja þeir það einfaldan og eðlilegan hlut að vísa hinu erlenda stórveldi úr landi með einu pennastriki. Þrátt fyrir hrakspár og margtuggðar yfirlýsingar kommúnista fyrri ára og núv. forystumanna Alþb. um, að Bandaríkjamenn hygðust aldrei fara héðan, þá var ástandið ekki verra en svo, mannvonzkuleg heimsveldisstefna Bandaríkjanna er ekki meiri en það, að ég hef engan mann heyrt bera brigður á, að brottför varnarliðsins hefði ekki sinn eðlilega gang, ef þess væri óskað af íslenzkum stjórnvöldum. Og Bandaríkjamenn sjálfir hafa gefið opinbera yfirlýsingu um, að þeir mundu þegar í stað hverfa úr landi, þegar þess verður óskað.

Eitt af því auvirðilegasta í röksemdafærslunni gegn dvöl varnarliðsins er sú staðhæfing, að dvöl varnarliðsins auki hættuna á því, að á okkur verði ráðizt, ef til styrjaldar kæmi. Það má vera, að til séu þeir Íslendingar, sem telja sig fullsæmda af því að sitja hér hlutlausir og óáreittir, ef til styrjaldar kemur, meðan vinaþjóðir okkar berjast fyrir lífi sínu. En ég er ekki þannig skapi farinn, og svo held ég að sé um flesta Íslendinga. Þeir eru áreiðanlega menn til að axla þá byrði, sem ábyrgri samstöðu og frelsisbaráttu er samfara. Þess vegna skil ég ekki þann hugsunarhátt og hafna afdráttarlaust þeim rökum, að við Íslendingar eigum að taka þátt í varnarbandalagi án þess að leggja neitt af mörkum sjálfir og að við getum uppfyllt skyldur okkar án þess, að hér sé hlekkur í varnarkeðjunni. Samt ætlumst við engu síður til aðstoðar annarra, ef til átaka kemur. Ég held, að þessu sjónarmiði verði ekki gerð betri skil en með eftirfarandi tilvitnun í Bjarna heitinn Benediktsson, sem rituð var af sama tilefni: „Sá, sem ekki vill sjálfur einhverju fórna, er ekki þess virði, að honum sé hjálpað."

Þá er því haldið fram, að landið sé hernumið, talað um hernámsandstæðinga, að létta þurfi af þjóðinni þessu óskaplega hernámi Bandaríkjamanna. Annaðhvort er hér um að ræða hugtakarugling ellegar viljandi misnotkun á þessu orði. Hernám er ástand, sem þvingað er upp á þjóð nauðuga viljuga með valdi og ofbeldi. Slíkt er ekki til staðar hér, eins og núv. ríkisstj. hefur raunar sannað með yfirlýsingum, sem fela í sér einhliða ákvarðanir okkar um brottflutning varnarliðsins.

Í framhaldi af atburðunum í Tékkóslóvakíu 1968 sagði m. a. núv. form. Alþb., að árás Rússa inn í landið, þ. e. Tékkóslóvakíu, væri staðfesting á því, að smáar þjóðir ættu ekki að taka þátt í hernaðarbandalögum. Stórveldin væru búin að skipta heiminum á milli sín. Við hefðum ekkert að óttast af hálfu Rússa. Við værum ekki á þeirra yfirráðasvæði. Það má vera, að hann og hans líkar hafi sætt sig við, að þjóðir í Austur-Evrópu verði um aldur og ævi undir oki Sovétríkjanna, en ég a. m. k. geri mér vonir um, að sú stund renni upp, að þær öðlist frelsi á nýjan leik, losni undan yfirráðum Sovétríkjanna. Að því leyti viðurkenni ég engin áhrifasvæði, hvorki austan megin né vestan. En um hitt spyr ég nú: Er við því að búast, að Bandaríkin hverfi héðan þegjandi og hljóðalaust af þessu áhrifasvæði sínu, ég tala nú ekki um, þegar vondir kommúnistar uppi á Íslandi krefjast þess, eða hvað er nú orðið um kenningar Brezhnevs og Ragnars Arnalds, og hver var að tala um hernám?

Í varnarbandalagi vestrænna þjóða hafa Bandaríkjamenn axlað þyngstu byrðarnar. Þeir stóðu í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn nasistunum. Þeir komu fyrstir til hjálpar uppgefnum þjóðum að styrjöldinni lokinni, og þeir gengu fram fyrir skjöldu til að mæta útþenslustefnu kommúnista, en um leið og við metum hlutverk þeirra í styrjöldinni og baráttu þeirra gegn kommúnistunum, þá lýsum við yfir vonbrigðum okkar yfir framgangi þeirra í Víetnam, sem mjög hefur dregið úr trú hins frjálsa heims á forystuhlutverki Bandaríkjanna. Í Víetnam hefur tilgangurinn því miður of oft helgað meðalið, og þar eins og víðar hefur ósveigjanleg andstaða gegn kommúnistum aflað þeim bandamanna, sem eru engu betri. Herforingjastjórnin í Grikklandi og

gervilýðræðið í Suður-Víetnam eru áþreifanleg og átakanleg dæmi.

En þessir atburðir mega þó ekki draga úr baráttuþreki eða kjarki þeirra manna, sem á annað borð vilja standa vörð um lýðræði og frelsi. Þátttaka Grikklands í Atlantshafsbandalaginu dregur ekki úr tilgangi bandalagsins. Styrjaldaraðgerðir Bandaríkjamanna í Víetnam fella ekki dóm yfir stjórnskipulagi í Bandaríkjunum og friðarhjal Rússa afsannar ekki ógnarstjórn þeirra í Austur-Evrópu. Batnandi og friðvænlegra ástand í heimsmálunum dregur ekki úr mikilvægi varna og öryggis hér á landi. Vissulega særir það þjóðerniskennd okkar allra, að hér skuli dveljast erlent varnarlið, og sú staðreynd er öllu viðkvæmari, þar sem það lið kemur frá einu mesta stórveldi heims, en ég held þó, að þjóðerniskennd okkar yrði ekki betur borgið, enda þótt annarra þjóða menn væru hér í staðinn, og fagna ber þeim ummælum bæði forsrh. og utanrrh., að þeir vilji enga fremur en Bandaríkjamenn, ef nauðsyn krefst þess á annað borð, að við hér þurfum á erlendum varnarliðsmönnum að halda. Þær yfirlýsingar stangast sannarlega á við brigzlyrði, sem úr röðum annarra stjórnarflokka hafa komið í garð þessa vesturheimska stórveldis.

Alþb. hefur hlutleysi á stefnuskrá sinni. En hver er reynsla smáþjóða af hlutleysi? Hlutleysi þýðir varnarleysi. Og hvaða sjálfstæð þjóð er varnarlaus í dag, og hverjir eru helztu boðberar hlutleysisins? Eru málsvarar Alþb. í raun hlutlausir, án áhrifa frá öðrum, einlægir í afstöðu sinni? Þessir menn fordæma hernaðarbandalög og valdajafnvægið, telja sér misboðið, þegar heiminum er skipt upp í blokkir austurs og vesturs. Látum vera, hvort slíkt ástand er heppilegt. Því hafa reyndar verið gerð skil hér á undan. En hitt er víst, að valdajafnvægi er ríkjandi, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og við erum lóð á þeirri vogarskál. Fari svo, að varnarliðinu sé vísað úr landi, er þá ekki hitt jafnaugljóst, að þetta valdajafnvægi raskast, og hverjum verður það til góðs, nema þeirri blokkinni, sem við tilheyrum ekki? Og hver vill stofna til slíks óvinafagnaðar? Alþb. Og af hverju?

Þá hafa það verið rök í málflutningi þeirra manna, sem aðhyllast það, að við göngum úr Atlantshafsbandalaginu og vísum hernum úr landi, að þátttaka okkar í bandalaginu hafi verið bundin því, að ekki skyldi vera her hér á friðartímum. Því er haldið fram, að forystumenn Sjálfstfl. hafi margtekið fram, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum og þeir hafi brugðizt þessu loforði og nú sé orðið svo friðvænlegt í heiminum, að ekki þurfi lengur á her að halda. Eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á hér fyrr í dag, þá vill svo til, að á forsíðu Morgunblaðsins eru þrjár fyrirsagnir, stórfréttir, sem segja frá því, að Indverjar hafi hafið stríð samkvæmt frásögn Pakistana, hersveitir í Súez séu viðbúnar nýju stríði og fjölmennt lið sæki langt inn í Kambódíu. Telst þetta friðvænlegt ástand í heiminum, og hvað er friður, og hvað er friðvænlegt ástand? Ég vil leyfa mér í tilefni af þessum rökum þessara ágætu manna að vitna hér til ummæla Bjarna heitins Benediktssonar einmitt um þetta atriði, sem hann viðhafði í ræðu 14. apríl 1957, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir: „Það er að vísu satt, að þegar við gerðumst aðili að Atlantshafsbandalaginu 1949, þá höfðum við þann fyrirvara á, að við vildum ekki hafa erlendar herstöðvar hér á friðartímum, heldur ætluðum við okkur einungis að veita erlendum aðilum svipaða aðstöðu hér, ef til ófriðar kæmi, eins og gert var í síðustu styrjöld. En síðan eru viðhorfin gersamlega breytt. Nú er það komið í ljós, eins og í orðum „Hvítu bókarinnar" brezku bezt lýsir sér, að styrjöld hlýtur að hafa í för með sér slíka gereyðileggingu, að tiltölulega lítils virði er að vera að tala um, hvað eigi að gera, eftir að styrjöldin hefur brotizt út. Alla áherzlu verður að leggja á það, sem á allt annað hlýtur að skyggja, að leggja sitt fram til þess, meðan hið geigvænlega ástand ríkir, sem nú er fyrir höndum, að koma í veg fyrir að nokkur þori að leggja til nýrrar árásar.

Það er ekki einungis, að styrjöldin sjálf sé orðin miklu hættulegri og með hörmulegri afleiðingum en nokkru sinni áður, heldur er nú, gagnstætt því sem áður var, nærri undirbúningslaust hægt að hefja styrjöld. En þegar við vorum að semja um inngöngu í Atlantshafsbandalagið 1949, var því haldið fram og með rökum, að hægt væri að sjá með nokkurra vikna fyrirvara, hvort styrjöld væri í aðsigi eða ekki. Herflutningar og hin og þessi atvik til undirbúnings gæfu til kynna, að verið væri að efna til styrjaldar. Þetta var alveg rétt. Bæði 1914 og 1939 mátti næstu vikurnar á undan sjá, að þá var verið að efna til styrjaldar. Það gat fram hjá engum farið. En nú er orðin á þessu breyting. Eftir að hin nýju ógurlegu vopn komu til sögunnar, flugvélarnar, sem hægt er að senda frá flugvöllum innan úr miðjum löndum, eldflaugar, sem hægt er að skjóta frá eldflaugastæðum, sem eru fyrir hendi þegar í dag, þá er hægt að hefja styrjöld svo að segja gersamlega fyrirvaralaust. Þess vegna er sá fyrirvari" — segir hér í ræðu Bjarna Benediktssonar — „Þess vegna er sá fyrirvari, sem um var talað 1949 og við þá í góðri trú gerðum ráð fyrir, nú gjörsamlega úr sögunni."

Þessi tilvitnun afgreiðir að mínu viti mjög skilmerkilega þau rök, sem fram eru borin nú um það, að það eigi að vísa varnarliðinu úr landi, vegna þess að það sé svo friðvænlegt í heiminum.

Nú er talað um endurskoðun varnarsamningsins, og í ræðu utanrrh. er gefið í skyn, að sjálfstæðismenn hafi eitthvað við það að athuga, en það er alrangt. Sjálfstfl. hefur margoft lýst því yfir, að endurskoðun væri eðlileg og sjálfsögð og í rauninni hefur skipan varnarmála verið sífellt til endurskoðunar og aðlögunar. Þannig má benda á þær breytingar, sem átt hafa sér stað, þegar nú er komið sjóherlið í stað flughers, og þannig má benda á, að samkvæmt nýjustu upplýsingum munu vera rétt rúmlega 120 menn undir vopnum á Keflavíkurflugvelli. En endurskoðun verður ávallt að fara fram út frá þeirri grundvallarforsendu, að Íslendingar vilja áfram hafa samstöðu með vestrænum bandalagsþjóðum og gegna skyldum sínum í Atlantshafsbandalaginu. Á þetta sjónarmið hefur Sjálfstfl. lagt áherzlu, og því hefur hann fordæmt, að málefnasamningurinn bar með sér, að ákvörðun um brottför varnarliðsins var þegar gerð og án tillits til þeirrar endurskoðunar, sem boðuð er. Sjálfstfl. fordæmir sömuleiðis, að þeir menn skulu hafðir með í ráðum, sem fyrir fram eru á móti þeirri samstöðu, sem er forsenda allrar athugunar og endurskoðunar, eins og kom hér fram m. a. hjá hv. 4. þm. Reykn. fyrr í dag, þar sem hann sagði, að þátttaka

okkar í Atlantshafsbandalaginu væri bæði órökrétt og fáránleg. Til hvers á að hafa slíka menn með í endurskoðun á varnarmálum eða öryggismálum, ef sú grundvallarforsenda er höfð í huga, sem ég hef gefið mér?

Af þessu tilefni vil ég minna á þær yfirlýsingar, sem utanrrh. og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, hafa viðhaft og gefið um túlkun sína á málefnasamningnum, hvað þetta varðar, á fundum nú fyrir skömmu bæði m. a. í Keflavík og í félaginu Varðbergi. Þar var utanrrh. spurður ítrekað um þetta atriði, og þar gaf hann ótvíræða yfirlýsingu um, að skilja bæri samninginn svo, að engin ákvörðun hefði verið tekin um brottför varnarliðsins og verði ekki tekin fyrr en að endurskoðun lokinni. Þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði og afar mikilvægt í öllum umræðum um þetta mál, og ég skora á utanrrh. og reyndar 2. þm. Reykn. sömuleiðis að staðfesta þessi ummæli sín hér í þessari umr., svo að ekki fari milli mála, hver skilningur þeirra sé á þessu atriði. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir.) Eina mínútu.

Ég hef sjálfur talið, að endurskoðun varnarsamningsins væri ekki aðeins eðlileg, heldur sömuleiðis nauðsynleg. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að það ætti að vera á valdi okkar sjálfra að meta, hvort hér ætti að hafa varnarlið í þessu formi eða öðru. Því er lífsspursmál, til þess að við séum færir um að taka slíkar ákvarðanir, að við höfum þekkingu og vitneskju til að bera. Endurskoðun getur leitt í ljós, að varnir séu ekki nægjanlegar og endurskoðun getur falið í sér, að við þurfum að vera viðbúnir því, að til annarra aðgerða eða varna þurfi að grípa, ef Bandaríkjamenn sjálfir tækju þá ákvörðun t. d. að kalla heim sitt lið. Ef sú endurskoðun, sem nú fer fram, verður gerð með fullu samstarfi við nágrannaþjóðir okkar og leiðir í ljós, að við getum án erlends varnarliðs verið, þá skal ég fyrstur manna fagna þeirri niðurstöðu. Ef öryggi Íslands og vestrænna vinaþjóða er jafn vel eða betur tryggt með einhverjum öðrum hætti, þá ber vissulega að kanna þann möguleika. Afstaða mín eða annarra þeirra, sem stutt hafa þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, ræðst ekki af því, hvort hér sé bandarísk varnarstöð eða ekki, heldur af hinu, hvernig verður áfram hægt að standa vörð um öryggi og sjálfstæði þeirra þjóða, sem í bandalaginu eru. Mál þetta snýst ekki um tilvist erlends hers á Íslandi, heldur um það, hvort og hvernig við getum bezt stuðlað að lýðræði þjóða og frelsi í þessum hverfula heimi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér þótti nokkuð gaman að hlýða á mál háttv. 4. þm. Reykn. hér í dag. Ef til vill vegna þess að í ræðu hans voru stuttir kaflar, sem ég hafði ekki heyrt áður, en meginefnið kannaðist ég við, m. a. frá framboðsfundum okkar í Reykjaneskjördæmi í vor. Eitt af því, sem ég hafði ekki heyrt áður, voru hugleiðingar þm. um það, að sjálfstæðismenn hefðu nánast beðið eftir hentugu tækifæri til að falla í auðmýkt að fótum Alþb. í von um að komast með þeim í stjórn. Þetta er mikill misskilningur, svo að ekki sé meira sagt. Þetta tækifæri gafst reyndar aldrei, því að áður var Alþb. víst búið að koma Framsókn til við sig. Það reyndist víst auðvelt eins og stundum áður, og þeim Alþýðubandalagsmönnum verður ekkert óglatt í sænginni, að því er virðist, þrátt fyrir smávægilegan ágreining, sem stundum vill verða svona í byrjun. Það er hins vegar skiljanlegt, að hv. þm. verði óglatt af að sitja undir umræðum um varnarmál, og þarfnast það varla frekari skýringar. Um ræðu hv. 3. landsk. þm. er ekkert að segja, og tek ég þar undir með hv. 1. þm. Reykv. Við erum jafnnær um stefnu SF eftir sem áður. Þó mátti skilja, að það væri skoðun þeirra, að í tvö þúsund manna varnarliði væri ekkert skjól. Hins vegar væri athugandi, hvað út úr dæminu kæmi, ef fjölgað væri í liðinu í 100 þús. manns. Þetta vekur spurningu um það, hvort slíkar bollaleggingar séu á dagskrá hjá hinum stuðningsflokkum ríkisstj.

Þá vil ég þakka hæstv. utanrrh. skýrslu hans um utanríkismál, sem hér er til umr. Mér þykir hún að ýmsu leyti athyglisverð, ekki síst kaflinn um varnarmálin, sem ég er ekki í nokkrum vafa um, að hæstv. utanrrh. hefur samið án íhlutunar annarra ráðh. Ég vil fara hér nokkrum orðum um þennan kafla skýrslunnar, þó að það hafi þegar verið gert í umræðum í dag af nokkrum hv. þm. Hæstv. utanrrh. tók svo til orða, að sér virtist það ekki óeðlileg ósk lítillar vopnlausrar þjóðar, sem nýlega fékk fullveldi, að fá að lifa ein í landi sínu eftir nær óslitna dvöl erlends herliðs á Íslandi í um 30 ár. Auðvitað er það ósk allra Íslendinga, að þeir geti lifað í landi sínu einir, án verndar erlends herliðs og án ótta við það, að reynt kynni að verða með hervaldi að koma hér á þjóðskipulagi, sem er andstætt hugsun mikils meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, án ótta við það, að við með því að afþakka dvöl varnarliðs í landi okkar veikjum varnarmátt hinna vestrænu þjóða, sem við höfum til þessa skipað okkur á bekk með. En það, að við höfum sætt okkur við dvöl erlends varnarliðs í landinu svo lengi, er ekkert einkamál okkar Íslendinga, eins og reyndar hæstv. utanrrh. viðurkennir, þegar hann segir í skýrslu sinni, að hann álíti það ekki endilega okkar skyldu að sanna það, að ástand heimsmála sé þannig, að hér þurfi ekki að vera varnarlið, það sé nú bandalagsþjóðanna að sannfæra okkur um það, að hér sé enn nauðsyn varnarliðs, á sama hátt og NATO-þjóðirnar sýndu okkur fram á árið 1951, að hér þyrfti að vera her vegna atburðanna í Kóreu og ástandsins í heiminum yfirleitt.

Hér var einnig vitnað í ræðu Bjarna heitins Benediktssonar frá 1968, þar sem hann sagði, að það færi alveg eftir mati okkar sjálfra á heimsástandi, þegar þar að kemur, hversu lengi bandarískt lið dvelur á Íslandi. Þessi umsögn er enn í fullu gildi. Spurningin er hins vegar, af hvaða ástæðum eða hvernig ákvörðun um áframhaldandi dvöl eða brottför varnarliðsins er tekin. Í málefnasamningi stjórnarflokkanna segir, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skuli að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Þetta ákvæði málefnasamningsins, sem stjórnarsinnar vitna orðið í eins og Kínverjar í Rauða kverið, hefur valdið áhyggjum lýðræðissinnaðra manna hér heima og á Vesturlöndum. Það hefur valdið áhyggjum vegna þess, að augljóst er, hverjir hafa haldið um pennann, þegar þessi orð voru skrifuð. Það sést m.a. af því, sem skrifað var í blað Alþb., 5. tölublað 1971, að loknum kosningum, en áður en núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð. Þar

segir, að það, sem vinstri stjórn þurfi m. a. að gera, sé að reka varnarliðið úr landi og Ísland segi sig úr NATO.

Engum kom í sjálfu sér á óvart, að orð sem þessi kæmu úr þessari átt. Það, sem kom á óvart, var það, hve Framsfl. hefur látið teyma sig til þess eins, að því er virðist, að komast í stjórn. Það hefur m. a. s. verið upplýst, að í ráðherranefndina frægu, sem fara á með viðræðurnar af okkar hálfu við Bandaríkjamenn og NATO-þjóðirnar, var skipað, áður en gengið hafði verið frá skipan í ráðherraembættin, eflaust að kröfu Alþýðubandalagsmanna, sem hafa gert sér ljóst, að utanríkisráðherraembættið mundi ekki falla í þeirra hlut. Það út af fyrir sig gerir þó hlut hv. utanrrh. sýnu betri, að hann skyldi ekki sjálfur hafa skipað þessa nefnd. Mismunandi túlkun stjórnarliða á þessu atriði málefnasamningsins hefur ekki farið fram hjá neinum. Allir vita, hvað Alþýðubandalagsmenn vilja í þessu máli. Hv. 4. þm. Reykn. hefði viljað dálítið annað orðalag, eins og hann komst að orði í dag. Það er einnig ljóst, hvað einstakir hópar innan hinna stjórnarflokkanna vilja, og þar er sýnilega hart deilt um stefnuna. Þetta ákvæði málefnasamningsins er enn eitt dæmið um hin fljótfærnislegu vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Fyrst er ákvörðun tekin um, hvað gera skuli, síðan er farið að kanna, hvort unnt sé að koma málinu fram. Í þessu tilfelli er ákvörðun tekin af mönnum, sem lýsa því svo yfir á eftir, að þeir hafi nánast ekkert vit á utanríkismálum, öllu því viðvíkjandi hafi verið haldið leyndu fyrir þeim í stjórnartíð fyrri ríkisstj. Samt telja þeir sig þess umkomna að gefa yfirlýsingar eins og þessa, og það að óathuguðu máli.

Ræða hæstv. utanrrh. hér í dag vekur hins vegar vonir um það, að hér verði ekki rasað um ráð fram, eins og fyrri yfirlýsingar, bæði hans og annarra, hafa gefið tilefni til að halda. Hann sagði í skýrslu sinni, að fullt tillit yrði fyrst og fremst tekið til okkar eigin öryggis, en einnig öryggis þeirra þjóða, sem við viljum hafa samstöðu með. Þá yrði einnig kannað, hvaða efnahagsleg áhrif mundi leiða af brottför varnarliðsins. Ef þessi vinnubrögð verða við höfð og ákvarðanir síðan teknar í samræmi við niðurstöður athugana, þá nýtur hæstv. utanrrh. stuðnings sjálfstæðismanna. Sjálfstæðismenn hafa líka með þáltill. þeirri, sem lögð hefur verið fram á þskj. nr. 47, boðið fram stuðning í fyrirhuguðum viðræðum um öryggismál Íslands. Sú till. er ekki vantraust á hæstv. utanrrh., eins og hann hefur látið orð falla um.

Annars er það athyglisvert, hve hæstv. ráðh. eru fjarska viðkvæmir fyrir því, sem við sjálfstæðismenn segjum hér í þinginu og fyrir þeim till., sem við flytjum. Þeir telja, að annaðhvort sé þar um að ræða vantraust á þá eða viðkomandi mála sé getið í málefnasamningnum og því verði þeim komið í framkvæmd af ríkisstj. Þessi till. okkar sjálfstæðismanna er þvert á móti stuðningur við hæstv. utanrrh., og okkur sýnist þar ekki af veita, þar sem hann hefur sér við hlið menn, sem eru með fyrir fram mótaðar skoðanir á þessum málum, eindregnir andstæðingar þess, að við fylkjum okkur með vestrænum lýðræðisþjóðum, eindregnir andstæðingar þess, að þetta mál sé nokkuð kannað, og þá eru þeir um leið á öndverðum meiði við hæstv. utanrrh. Við lítum svo á, að Framsfl. og Alþfl. og ef til vill SF vilji skipa sér í raðir lýðræðissinna.

Að lokum vil ég segja það, að ef hæstv. utanrrh. vinnur að þessu máli í samræmi við það, sem hann hefur sagt hér í dag, þá er von til þess, að skynsamlega verði á málum haldið.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mér þykir nú rétt að víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. í tilefni af þeirri skýrslu um utanríkismál, sem hér hefur verið flutt. Ég vík fyrst og fremst að máli stjórnarandstæðinga. Ég ætla að leyfa mér að taka ræður þeirra eftir röð og gera þannig ekki upp á milli manna.

Fyrstur talaði hér hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, alllangt mál að vísu mestmegnis um eitt atriði skýrslunnar. Hann leiddi hjá sér yfirleitt flest önnur atriði en þau, sem snerta varnarmálin. Hv. þm. vildi átelja hæstv. forsrh. fyrir að lítillækka utanrrh., eins og hann komst að orði, svo mjög með skipun þeirrar nefndar, sem hér hefur verið kölluð ráðherranefnd í varnarmálum. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykv. umhyggju hans í minn garð. Ég vissi það löngum, að þar átti ég hauk í horni, sem hann var, og hefur það enn komið á daginn. Hv. þm. spurði, hvort verkaskipting innan ríkisstj. væri óbreytt þrátt fyrir þessa verktilhögun. Ég hef áður hér utan dagskrár á háttv. Alþ. svarað þessari fsp. og þá frá hv. 1. þm. Reykv. Nú spyr enn fremur hv. 2. þm. Reykv., og ég skal svara því. Hv. 10. þm. Reykv. boðar fsp. um þetta frá sér. Njáll lét segja sér það þrisvar sinnum, að Gunnar hefði kveðið í haugnum, og ég skal ekki telja það eftir mér að upplýsa hv. sjálfstæðismenn um þetta a. m. k. þrisvar sinnum og oftar, ef þarf, að verkaskipting í þessu máli er óbreytt. Utanríkismál heyra eftir sem áður undir utanrrh. Þannig að engin breyting hefur orðið á þeirri verkaskiptingu, sem tiltekin er í reglugerð um stjórnarráðið og þeirri verkaskiptingu, sem tilkynnt var, þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við völdum.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson spurði, hvort búið væri að taka ákvörðun um, að varnarliðið ætti að fara innan fjögurra ára, og hvort sú ákvörðun væri sem sé þegar tekin, hvernig sem niðurstaða þeirrar könnunar, sem fyrirhuguð er og boðuð hefur verið, mundi verða. Nei, það er ekki búið. Það er sjálfsagt að upplýsa þetta einu sinni enn. Endurskoðun hefur verið ákveðin í því augnamiði, að herinn geti farið í áföngum. Uppsögn varnarsamningsins fer aðeins fram eftir þá könnun, sem yfir stendur, og á grundvelli hennar, og hún verður höfð til hliðsjónar þeirri ákvörðun, eins og ég hef margsinnis tekið fram, síðast í skýrslunni hér í dag. Ég hef sagt það áður og vil gjarnan staðfesta það enn, að það verður Alþ., sem tekur þá ákvörðun, og varnarliðið mun ekki fara, nema meiri hl. Alþ. eða meiri hl. þjóðarinnar vilji það. Háttv. þm. taldi, að Íslendingar ættu að gera sér sjálfstæða grein fyrir þörf á veru varnarliðsins hér. Ég skil það svo, að þessi ummæli hans hafi hnigið að því, að ég sagði í minni skýrslu eitthvað á þá leið, að ég teldi, að það ætti að vera skylda NATO-bandalagsþjóðanna að sannfæra okkur um það, að hér væri áfram þörf á varnarliði, vegna þess að í upphaflegu samningunum hefði ekki verið gert ráð fyrir því, að hér væri varnarlið, og þegar það kom 1951, þá var sú ákvörðun tekin vegna þess, að páv. stjórnvöld féllust á, að hér þyrfti að vera her. En ég bætti því við, held ég, í skýrslunni, og það mun hv. þm. og aðrir geta sannfært

sig um, að vitanlega yrði þessi ákvörðun okkar eigin. Það erum við, það eru Íslendingar, sem taka ákvörðun um það, hvort hér verður varnarlið eða ekki. Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð því til sönnunar.

Það er þegar búið að vitna svo mikið í Bjarna heitinn Benediktsson, að þess ætti ekki frekar að vera þörf, en þau ummæli, sem ég hafði eftir honum í skýrslu minni, taka af allan vafa um hans álit á þessu, og þetta hygg ég, að sé samdóma álit allra, þ. á m. bandalagsþjóða okkar í NATO og Bandaríkjamanna, og af viðtali, sem fréttamaður frá sjónvarpinu átti við Jósef Luns, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, fyrir um það bil viku og hefur þegar verið birt í útvarpinu hér, þá er það alveg ljóst og kemur alveg ljóst fram af máli hans, að þannig er þessu máli farið. Það eru Íslendingar sjálfir, sem taka ákvörðun um veru varnarliðsins hér.

Annars verð ég að segja það, að ég átti ákaflega erfitt með að skilja þennan hv. 2. þm. Reykv., þegar hann ræddi þessi mál, þ. e. hvað hann vildi. Er það skoðun hv. 2. þm. Reykv., að herinn megi aldrei fara? Þessi hv. þm. viðurkenndi það í ræðu sinni, að hér væri betra útlit, friðvænlegra útlit en verið hefði um langt skeið. Samt var á honum að heyra, að hann væri algjörlega andvígur þeirri athugun, sem hér er ráðgerð. Bæði hv. 9. landsk. þm. og hv. 1. þm. Reykv. lýstu því hér afdráttarlaust yfir, að það væri þeirra ósk, að herinn gæti farið. Þeir vonuðust eftir því, að út úr þeirri athugun, sem fyrir dyrum stendur, gæti komið það, að við þyrftum ekki að hafa hér her. Ég vona, að hv. 2. þm. Reykv. sé á sömu skoðun, að honum hafi bara láðst að segja þetta, eða þá, að ég hafi ekki tekið eftir því, hafi hann sagt það. En það álít ég nokkurs virði, að einnig hann sé þeirrar skoðunar.

Þá taldi hv. þm. mjög mikið ósamræmi vera í mínum málflutningi um varnarliðið og fyrirhugaða könnun. Hann las hér upp úr mörgum blöðum því til stuðnings. Flest af því, held ég, að hafi komið í Morgunblaðinu áður, enda er það kannske ekki nema eðlilegt, að honum sé það málgagn tiltækast. En af þessu tilefni vil ég taka það fram hér, sem ég hef raunar áður gert, að ég þarf síður en svo að kvarta undan samvinnu við blöð og aðra fjölmiðla. Síðan ég kom í stjórnarráðið hefur sú samvinna yfirleitt undantekningarlaust verið góð við öll þessi málgögn og fréttastofur. Það hefur aðeins einu sinni komið fram misskilningur eða mishermi í því, sem eftir mér hefur verið haft í sambandi við varnarmálin, og ég hef áður leiðrétt það, en ég nota tækifærið enn til þess að leiðrétta það. Ég leiðrétti það t. d. í viðtali, sem einn af ritstjórum Morgunblaðsins átti við mig og birt var í því blaði. Þar var þessi leiðrétting tekin til greina. Þetta mishermi eða missögn er í viðtali við dagblaðið Vísi, sem blaðið átti við mig í síma 15. júlí s. l. Þar var ég spurður um túlkun á stjórnarsamningnum um þessi atriði, og það féllu niður orðin, „að stefnt skyldi að bröttflutningi varnarliðsins.“ Þau féllu niður. Ég vil ekki kenna blaðamanni Vísis um þetta. Ég hygg, að hann hafi alls ekki vísvitandi viljað rangfæra ummælin. Það má vel vera, að mér hafi láðst að segja þetta. En ég vitnaði í stjórnarsáttmálann, og þetta stendur þar, þannig að það ætti ekki að þurfa að fara í neinar grafgötur um það. Ég vil nú vona, að hv. 2. þm. Reykv. vilji eins og Morgunblaðið taka þessa leiðréttingu til greina og að hann geri ekki þennan smávægilega misskilning eða orðalagsmun að uppistöðu í fleiri þingræðum.

Þá sagði hv. þm., að Danir og Norðmenn vildu ekki taka við erlendu herliði, minntist á það að gefnu tilefni, líklega af einhverju, sem ég kann að hafa sagt einhvers staðar um það atriði. Þetta er auðvitað staðreynd, sem enginn hv. þm. kemst hjá að viðurkenna. Norðmenn og Danir vilja ekki taka við erlendu herliði. Hv. þm. nefndi háar tölur um herkostnað þessara þjóða og benti á, að þeir hefðu eigið herlið. Þessar tölur rengi ég ekki, en það mætti spyrja: Hvers vegna vilja þessar þjóðir heldur verja eigin fjármunum til slíks kostnaðar en leyfa erlendan her? Það má kannske svara því með einhverjum tilvitnunum í það, að þeir vilji leggja sitt af mörkum, eins og menn hafa talað hér hetjulega um ýmsir. Við skulum segja að það sé rétt, en þá má til viðbótar spyrja: Hvers vegna vilja þeir þá ekki erlendan her til viðbótar sínu liði, ef það yrði nú sannað, sem ýmsum hefur komið til hugar, að erlendar hersveitir gætu gert alveg sama gagn fyrir Atlantshafsbandalagið, þó að þær væru í Noregi eða jafnvel Danmörku, eins og þær gætu gert hér? Ég veit þetta ekki, en hlýtur þetta ekki að stafa af því, að þessar þjóðir telja, að dvöl erlends herliðs í landi þeirra sé óheppileg af einhverjum ástæðum; annað getur tæpast komið til greina. Jafnvel þó að þeir vilji leggja sitt af mörkum, eins og sumir hafa talað um hér, og ég skal ekkert draga í efa, þá ættu þeir þó að vera fúsir til að taka við varnarliði til að verja sjálfa sig frá öðrum, ef það kæmu ekki einhverjar aðrar ástæður til, þegar upplýst er, eða við skulum segja, ef upplýst væri, að þær sveitir gætu gert sama gagn þar og þær eru taldar gera hér á landi. Eða kannske getur hv. 2. þm. Reykv. tilgreint einhverjar enn aðrar ástæður fyrir þessari skilyrðislausu neitun Norðmanna og Dana við því að taka við erlendum hersveitum fyrir Atlantshafsbandalagið, ef Íslendingar skyldu nú gera alvöru úr því að afþakka dvöl erlends varnarliðs.

Þá minntist hv. þm. á afstöðu — ég sé, að hv. 10. þm. Reykv. er að búa sig undir að spyrja enn um eitthvað — okkar til EFTA og taldi, að þar hefði m. a. komið fram óákveðni framsóknarmanna í þeirri afstöðu. Það er alveg rétt, að við sátum hjá við þá atkvæðagreiðslu. Eins og margsinnis hefur verið tekið fram og mjög rækilega var undirstrikað á sínum tíma og hv. þm. hlýtur að muna, þó að hann sæti ekki hér þá nema endrum og eins, var það vegna þess, að við vildum búa Ísland betur undir aðildina að EFTA en við vorum búnir að gera þá — og reyndar vantar nokkuð upp á það enn.

Það mætti kannske í framhaldi af þessu spyrja um það, hver hagur okkar af EFTA-aðildinni hafi verið. Ég er ekki viss um, að hann hafi verið ýkja mikill, en hv. þm. vildi nú sanna það, að nú væru allir ánægðir með aðildina að EFTA með því, að það væru ekki uppi raddir um að segja sig úr EFTA. Ég held, að slík úrsögn sé ekki tímabær eða mikil þörf á henni, þar sem ljóst er, að EFTA er að leysast upp. Það er rakið m. a. í þeirri skýrslu, sem ég flutti hér áðan. Það mætti þá í framhaldi af því spyrja, hvaða gagn er okkur að aðild okkar að EFTA í þeim samningum, sem nú er reynt að fá við Efnahagsbandalag Evrópu. Verða það EFTA-þjóðirnar, sem koma okkur til bjargar til að ná sæmilegum kjörum í Efnahagsbandalaginu? Það er þá líklega það eina, sem við gætum vonazt eftir af hagnaði úr þessu

bandalagi. Ég er ósköp hræddur um, a. m. k. eins og er, að það sé ekki líklegt, að t. d. Bretar hjálpi okkur verulega til þess að fá góð samningskjör við Efnahagsbandalagið. Þó má vel vona það aftur á móti, að Danir og Norðmenn muni mjög líklega stuðla að því eftir getu, að Íslendingar fái viðhlítandi samninga við Efnahagsbandalag Evrópu. Það var a. m. k. samþykkt á ráðherrafundi þessara landa í septembermánuði s. l., að Norðurlöndin særust í fóstbræðralag til að hjálpa hvert öðru til þess að fá beztu hugsanlega samninga við Efnahagsbandalag Evrópu. En mér dettur ekki í hug eitt andartak, að Norðurlöndin mundu ekki alveg eins fús til að hjálpa okkur til að ná þessum góðu samningum, þó að við hefðum ekki verið aðilar að EFTA. Það eru allt aðrar ástæður, sem valda því, en þær, að við vorum um þetta skamma skeið félagar í Fríverzlunarsamtökum Evrópu, held ég.

Ein meginuppistaða málflutnings hv. 2. þm. Reykv. hér áðan er þó ótalin, en það er till. hv. þm. Sjálfstfl. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands, sem er á þskj. 47. Það virðist svo sem hv. sjálfstæðismönnum sé jafnan mjög mikið í mun, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu að gera till. um það, að með þessi mál verði farið af þeim sjálfum, þó að þjóðin hafi raunar tekið af þeim það umboð, sem þeir höfðu a. m. k. um skeið, til þess að fara með stjórn landsins. 1956 stóð alveg eins á. Þá var hv. Sjálfstfl. utan ríkisstj., kunni þá eins og nú fremur illa við sig, vildi þá eins og nú hafa áhrif á sem allra flest mál og gerði till. á Alþ. þá eins og nú um það að kjósa menn til þess að semja um endurskoðun varnarsamningsins. Þessi till. var þó að því leyti frábrugðin till. hv. sjálfstæðismanna nú, að hún gerði ráð fyrir því, að það ætti að kjósa með hlutfallskosningu í Sþ. fimm menn til þess undir forystu utanrrh. að semja af Íslands hálfu um endurskoðun á varnarsamningnum við Bandaríkin, eins og tillgr. hljóðar. Þeir voru sem sé ekki enn þá komnir á bragðið með það, að það væri hægt að taka hluta af réttkjörnum þm. og setja þá til hliðar eins og þeir telja nú, að liggi beint við.

Þáv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, hefur fengið hinn bezta vitnisburð hjá hv. þm. Sjálfstfl. og málgögnum þeirra nú í seinni tíð. Ég ætla að leyfa mér að rifja það upp, hver viðbrögð hans voru við þessari till., sem sjálfstæðismenn báru fram þá. Hann segir:

„Ef þessi till. yrði samþ. og nefndin kosin, þá yrði hún þannig skipuð, að í henni ættu sæti tveir framsóknarmenn, tveir sjálfstæðismenn og hlutkesti réði um það, hvort fimmti maðurinn yrði frá Alþb. eða Alþfl. Nefndin mundi því verða þannig, að stjórnarandstaðan hefði þar tvo fulltrúa, en hlutkesti réði, hvor af tveimur stjórnarflokkunum ætti þar mann.

Ég get ekki við slíkri till. tekið, og ég treysti mér ekki til að setjast að samningaborðum við Bandaríkjamennina með nefnd, sem þannig væri til komin.

Ég vil minna á það, að á undanförnum árum, þegar um þessi mál hefur verið samið við Bandaríkjamenn, var ekki sá háttur á hafður, að Alþ. kysi í samninganefnd. Árin 1946, 1949, 1951 og 1954 var samið við Bandaríkjamenn um þessi mál. Það var aldrei og af engum farið fram á það, að Alþ. skyldi kjósa þá nefnd, sem um þá samninga fjallaði.

Hér er því verið að brjóta út af venju, sem hefur myndazt og verið fylgt í öll þau skipti, sem við höfum um þessi mál samið, og ég tel slíkt ekki heppilegt og ekki rétt."

Síðar segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari ræðu:

„Ég leyfi mér því að leggja til, að þessi tillaga verði afgreidd með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að það hefur verið venja og þótt eðlilegt, að tilnefning nefnda sem þessarar væri í höndum ríkisstj., sér Alþ. ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Hv. 1. flm. till. var ekki í neinum vafa um það, að ríkisstj. gæti ráðið því, hvernig þessi nefnd væri skipuð að sínum hluta, því að hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég verð að lýsa því, að það er auðvitað algert innanheimilismál hjá hæstv. ríkisstj., hvernig hún mundi láta kjósa þá þrjá fulltrúa, sem hún ætti þinglegan rétt til, ef till. væri samþ., og ætti ekki að þurfa minna ráðlegginga þar við og enn síður atkvæðis."

En svo segir síðar í ræðunni, með leyfi forseta: „En það er ljóst af þessu, að hæstv. utanrrh. var gaman í huga, þegar hann færði þetta sem átyllu á móti till. Hitt mætti í raun og veru segja og er frekar frambærilegt, sem kemur fram í sjálfri hinni rökstuddu dagskrá, að venjan sé, að ríkisstjórnirnar tilnefni slíkar samninganefndir, og ég get fallizt á þau rök, svo langt sem þau ná."

Svona fór nú um sjóferð þá 1956, að þrátt fyrir mikla löngun sjálfstæðismanna til að komast með í samningaviðræður við Bandaríkjamenn, þrátt fyrir forustu hins ágæta Guðmundar Í. Guðmundssonar í utanrrn., þá náði þetta ekki fram að ganga. Og ég verð að segja það núna, að ég get ekki, svo að ég noti orðalag fyrirrennara míns, tekið við slíkri till. Ég tel, að það sé, eins og hér hefur komið fram, ekki traustvekjandi fyrir mig að vera talinn svo veikur á svellinu, að Alþ. þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að mér fipist nú ekki í þeim samningaviðræðum við erlenda þjóð, sem ríkisstj. Íslands hefur falið mér. Ég hef ekkert á móti því, að þessi till. fái þinglega meðferð. Mín vegna má hún gjarnan fara til utanrmn. og skoðast þar, en hún verður ekki samþ. með mínu atkv.

Í grg. þessarar till. segir:

„Allt frá því, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, hefur verið leitazt við að hafa sem nánast samráð milli lýðræðisflokkanna um framkvæmd varnarmála . . ."

Þetta er ekki rétt, þ. e. ef Framsfl. er kallaður lýðræðisflokkur, sem mér heyrist nú stundum vera, þó að það kunni nú kannske að breytast eitthvað, en það hefur verið fram undir þetta. Ég veit ekki betur en fyrir nokkrum árum hafi sú breyting verið gerð á svokallaðri varnarmálanefnd, að þeir framsóknarmenn, sem þar áttu sæti, hafi verið reknir úr nefndinni og aðrir menn settir inn. Og síðan hafa í tíð utanrrh. Alþfl. engir framsóknarmenn nálægt þeim málum komið, þannig að ég tel, að þessi tilvitnuðu orð hér séu ekki rétt.

Þá segir í 2. mgr.:

„Eðli málsins samkvæmt er útilokað, að þeir, sem andvígir eru áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál Íslands. Þeir hafa sjálfir lýst yfir því, að um þau mál hafi Íslendingar ekkert að ræða við Atlantshafsbandalagið, því að þeir

eigi þegar að slíta öll tengsl við það og hverfa úr samtökunum.“

Þetta er heldur ekki rétt. Í málefnasamningi ríkisstj. stendur skýrum stöfum, að Ísland undir forustu þessarar ríkisstj. ætli sér að vera áfram aðili að NATO. Þess vegna er það ekki rétt, að það eigi þegar að slíta öll tengsl við NATO og hverfa úr samtökunum.

Upplýst hefur verið, segir hér í 4. mgr., að ríkisstj. hefur ákveðið að setja tvo ráðh. við hlið utanrrh. til að fjalla um endurskoðun varnarsamningsins. Þetta er heldur ekki rétt, og satt að segja fer nú að verða lítið eftir af rökstuðningi hv. sjálfstæðismanna fyrir þeirri till., sem hér um ræðir, þegar þessar þrjár mgr., sem eru nú 60% af grg., eru á misskilningi byggðar og röngum rökum reistar. Annars er þessi till. ekki hér til umr., en með því að ýmsir ræðumanna, flestir ræðumanna frá Sjálfstfl., hafa vikið að henni, þá þótti mér rétt að fara um hana nokkrum orðum. Hún kemur væntanlega á dagskrá hv. Alþ. innan tíðar og verður þá rædd. Hún fer vafalaust til utanrmn., þar gefst hv. þm. kostur á að skoða hana, og þess vegna skal ég ekki eyða meira af tíma hv. Alþ. í að ræða hana.

Ég vil þá leyfa mér að víkja með nokkrum orðum að máli hv. 8. landsk. þm., Benedikts Gröndals. Ég vil nú í upphafi leyfa mér að þakka honum fyrir málefnalega ræðu, því að hann ræddi flest ef ekki öll þau atriði, sem skýrsla um utanríkismál fjallar um. Ég er að vísu ekki alveg sammála öllu, sem hann sagði, en það voru að mínum dómi skoðanir, sem fyllilega eiga rétt á sér, sem hann setti fram og voru settar fram á þann hátt, að það er ástæðulaust að amast við því, nema síður sé. Hv. þm. sagði, að við hefðum tekið mikið upp í okkur í málefnasamningi ríkisstj. varðandi utanríkismálin. En svo þegar til ætti að taka, yrði heldur lítið úr framkvæmdunum. Ég get ekki alveg fallizt á þetta. Það er auðvitað matsatriði, hvað menn gera kröfu til, að slíkur samningur, sem ætlazt er til, að gildi til fjögurra ára, komi fljótt til framkvæmda í einstökum atriðum, en við höfum þó, hvað snertir utanríkismál, þegar breytt ýmsu frá því, sem áður var. Það hefur nokkuð verið nefnt. Við höfum breytt um málflutning í landhelgismálinu, aukið hann mikið, eins og hér hefur komið fram. Við gerbreyttum afstöðu til Kínamálsins. Við höfum lítillega, ég skal ekki gera allt of mikið úr því þó, breytt afstöðu okkar hjá Sameinuðu þjóðunum til Afríkuþjóðanna og við höfum byrjað endurskoðun á varnarsamningnum. Þessi atriði hafa þegar ýmist verið framkvæmd eða komið til framkvæmdar að einhverju eða öllu leyti, svo að ég kannast ekki við það, að tíminn hafi verið mjög illa notaður þá fjóra mánuði, sem þessi ríkisstj. hefur setið að völdum, á sviði utanríkismálanna. Hitt er auðvitað satt, og ég skal sízt mæla gegn því, að mjög margt er ógert, mjög margt.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir hlýleg orð í garð starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Það er vissulega allt rétt, sem hann sagði um það, að þeir menn vinna oft vanþakklátt verk og ber meira á gagnrýni, þegar eitthvað mistekst, en hrósi, þegar vel er unnið. Ég skal mjög taka undir það. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að utanríkisþjónusta Íslands er ekki ákaflega dýr, þegar borið er saman við það, sem aðrar þjóðir verja í þessu skyni; ég get alveg fallizt á það. Og það kemur mjög vel til skoðunar, hvort ekki eigi einmitt að verja eitthvað meira fjármagni til utanríkisþjónustu okkar og til kynningar á málstað Íslands erlendis, ekki sízt þegar hin þýðingarmestu mál eru til meðferðar, eins og nú. Alþfl.-þm. nokkrir hafa flutt till. um að stofnsetja sendiráð í Kanada og vilja rökstyðja það með nánu samstarfi um fiskverðið og nánu samstarfi í landhelgismálinu. Allt er þetta rétt. Auk þess eigum við mikil tengsl við Kanada fyrir þær sakir, að þar muni vera fjölmennust Íslendingabyggð utan Íslands, og margt fleira kemur þar til greina. Þess vegna er Kanadaþjóðin vissulega alls góðs makleg af okkar hálfu. Engu að síður finnst mér, að fyrir hagsmunum okkar í Kanada sé mjög vel séð, bæði fyrir það, að við höfum tvö sendiráð í Norður-Ameríku fyrir, hjá Sameinuðu þjóðunum og í Washington, við höfum mjög mikið af duglegum konsúlum í Kanada, flesta af íslenzkum ættum, sem spara hvorki fé né fyrirhöfn til þess að halda uppi merki Íslands, og kanadíska þjóðin er okkur mjög vilhöll í alla staði, þannig að ég tel það a. m. k. koma mjög til athugunar, hvort við verjum ekki því fjármagni, sem þarf til nýs sendiráðs, betur með því að hafa það annars staðar staðsett, eins og t. a. m. hv. 8. landsk. vék að, þ. e. að stofna til sendiráðs í fjarlægari Austurlöndum nú, þegar stjórnmálasamböndum okkar þar fer fjölgandi. Að mínu mati kemur það fyllilega til greina að taka í þjónustu Íslands viðskiptafulltrúa, einn eða fleiri, sem t. d. ferðuðust á milli og reyndu að auka útbreiðslu á útflutningsvörum Íslendinga. Það vekur eftirtekt mína í tillöguflutningi Alþfl.-manna, að þeir gera ekki till. um það að leggja neitt sendiráð niður. Þeir segja að vísu, að þeir leggi ekki til að bæta sendiráði við, en það eigi að leggja eitthvað niður, en ég fann það ekki í till., hvað það væri, sem við áttum að leggja niður, og ég hygg, að það muni verða nokkuð erfitt fyrir okkur að loka þeim sendiráðum, sem starfandi eru, án þess að ég vilji fullyrða neitt um, að það sé ómögulegt.

Ég tek mjög undir það, sem hér var sagt af hv. 8. landsk. þm., að við eigum að auka samstarfið við Norðurlöndin, og það er vissulega alveg rétt, sem hann sagði um störf okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þar værum við áreiðanlega mjög illa settir, ef við nytum ekki samstarfs við sendinefndir og ambassadora Norðurlandaþjóðanna, sem, þótt þær séu ekki stórveldi á heimsmælikvarða, hafa auðvitað margfalt starfslið á við okkur til þess að fylgjast þar með í öllum málum og hafa ávallt verið reiðubúnir til þess að miðla okkur af þeirri þekkingu og leiðbeina okkur í hvívetna.

Hv. þm. kvartaði undan því, að í mína skýrslu hefði vantað upplýsingar um þróun og flotauppbyggingu Rússa á norðurhöfum. Það er vissulega alveg rétt hjá honum, að ég vék ekkert að því í skýrslunni, hvorki flotauppbyggingu Rússa né hervæðingu nokkurs annars ríkis. Ég gerði það nú ekki samt, af því að mér dytti það í hug, að ég gæti þagað yfir slíkum hlut eða þagað það í hel, að Rússar hefðu aukið flotauppbyggingu sína. Það er vitanlega staðreynd, sem okkur öllum er ljós, og hefur líka verið rækilega kynnt fyrir hv. landsmönnum öllum, sérstaklega upp á síðkastið, þannig að ég held, að það fari ekki á milli mála, að hún er fyrir hendi og hún veldur ýmsum bandalagsríkjum okkar í NATO áhyggjum. Það er ástæðulaust að loka augunum fyrir því. Auðvitað verður þetta eitt af því, sem skoða verður í sambandi við varnarmálin, og ég dreg ekkert úr

því, að það sé þörf á því að minna á það hér. Ég amast ekkert við því. En sem sé, ég gerði það ekki í þessari skýrslu, og það má vafalaust nefna fjölda dæma um heimsviðburði, sem ekkert er vikið að þar.

Þá spurði hv. þm. Benedikt Gröndal að því, hvernig sú athugun færi fram á varnarmálunum, sem nú stendur yfir, og spurði: Ætlum við að spyrja um álit Atlantshafsbandalagsins á vörnunum hér? Ég segi hiklaust já við því; við ætlum að gera það. Ég hef þegar komið á framfæri fsp. þess efnis til höfuðstöðvanna í Brüssel. Ég hef ekki fengið enn þá svar við því, en ég tel víst, að ég fái það. Það segir í skýrslunni, sem ég flutti í dag, að við munum ræða við alla þá, sem hlut eiga að máli. Það er spurt: Hverjir eru þeir? Það eru í fyrsta lagi Bandaríkjamenn, sem eru beinir aðilar að varnarsamningnum, og auk þess NATO, Atlantshafsbandalagið, en samkv. ákvæðum varnarsamningsins við Bandaríkin á að setja fram beiðni þangað um endurskoðun samningsins. Það kemur fyllilega til greina að ræða þessi mál við Dani og Norðmenn; ekki hef ég á móti því. Ég hef ekki ákveðið nein samtöl sérstaklega um varnarmál Íslands við Norðmenn og Dani frekar en við ýmsar aðrar bandalagsþjóðir okkar í NATO. En allt er þetta til athugunar.

Þá sagði hv. 8. landsk. þm., að allt of mikil og óeðlileg leynd hefði hvílt yfir varnarmálunum nú um langt skeið. En þetta er vissulega rétt. Og í Alþýðublaðinu þann 5. nóv. s. l. segir svo, með leyfi forseta:

„Leggur þingflokkur Alþfl. til, að utanrmn. Alþ. annist athugunina á varnarmálunum, ráði sér starfslið, afli sér ýtarlegra gagna bæði innan lands og utan og gefi svo Alþ. og þjóðinni nákvæma skýrslu um þessar athuganir. Með þessu vill Alþfl. láta opna þetta mál, því þjóðin á vissulega heimtingu á að fá allar upplýsingar um málsatvik í svo þýðingarmiklu máli, en ekki aðeins þær upplýsingar einar, sem ráðh. ríkisstj. telja sér hagkvæmt af hendi að láta.

Hingað til hefur Alþ. látið sér nægja í sambandi við meðferð utanríkismála að bíða þar til ríkisstj. leggur fram sínar hugmyndir í málunum. — Þessu vill Alþfl. nú breyta. Það er gömul siðvenja í lýðræðisríkjum að þingnefndir annist sjálfstæða rannsókn stórmála. Á Alþ. Íslendinga er til slík nefnd um utanríkismál og hér er um svo þýðingarmikil mál að ræða þar sem varnarmálin eru að full ástæða er til þess að sú nefnd, sem um utanríkismál fjallar á Alþ., taki þau til sjálfstæðrar rannsóknar. Að lokinni slíkri rannsókn á að upplýsa öll atriði hennar fyrir bæði þingi og þjóð og á grundvelli þeirra ýtarlegu upplýsinga á svo að taka afstöðu til málsins. Þetta er í senn eðlileg og skynsamleg málsmeðferð."

Þetta kann allt rétt að vera. En finnst mönnum það ekki nokkuð seint séð hjá mönnum, sem hafa í 15 ár samfleytt farið með utanríkismál þjóðarinnar, þar með talin varnarmál, að sjá ekki ástæðu til þess fyrr en nú, fjórum mánuðum eftir að þeir eru komnir út úr stjórnarráðinu og vita ekki eins mikið um allt, sem þar fer fram og áður var, að breyta þurfi þessari málsmeðferð. Ég hef ekkert á móti því að breyta þeirri tilhögun, sem Alþfl. og viðreisnarstjórnin höfðu á meðferð utanríkismála gagnvart Alþ., síður en svo. Og það má segja, að það sé betra seint en aldrei, að Alþfl. sér það, að það hefur ranglega verið að þessum málum staðið öll þessi ár. Það hefur verið haldið yfir þeim óeðlilegri leynd. Ég get sagt það sama um þessa till. og till. sjálfstæðismanna, að mér finnst sjálfsagt, að hún fái þinglega meðferð. Hún fer til utanrmn., og ef utanrmn. og Alþ. finnst ástæða til þess, að þessi athugun fari fram á tveim stöðum núna í staðinn fyrir að hafa í mörg ár aldrei farið fram, þá náttúrlega er það Alþ. að ákveða það. Ekki hef ég neina aðstöðu til þess að banna þm. að samþykkja slíka till. Ég tók eftir því, að hv. 8. landsk. talaði um þessa athugun jafnframt þeirri athugun, sem ríkisstj. væri að framkvæma á þessum málum. Ég hélt satt að segja, að það mundi vera hægt að leysa þessi mál þannig að gefa utanrmn. skýrslur um það, sem gerðist, jafnóðum og það kemur í ljós, en ég sem sé legg ekki dóm á það hér, skal láta það bíða. En ég vek náttúrlega athygli á því, að þeir, sem mest óttast afskipti Alþb.-manna af varnarmálum, eiga sjálfsagt erfitt með að samþykkja þessa till., eða ég geri ráð fyrir því, að það færi svolítið fyrir hjartað á hv. sjálfstæðismönnum að samþykkja það, að kommúnistarnir í utanrmn. eigi að standa að þessari athugun, sem fram fer á vörnum Íslands. Ætli það ekki? En ef þeim þykir þeir eitthvað betri, Alþb.-menn í utanrmn. en Alþb.-menn í ríkisstj., þá má kannske réttlæta þetta eins og svo margt. Þessi till. kemur hér til umr. síðar, og ég skal ekki vera að þreyta hv. þm. á lengri ræðum um hana.

Ég ætla þá að leyfa mér að fara fáeinum orðum um það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér um utanríkismálin, en ég vil taka það fram, eins og ég sagði um ræðu hv. 8. landsk. þm., að ræða hv. 1. þm. Reykv. var málefnaleg og vék að þeirri skýrslu, sem hér var til umr. Ég hef skrifað hér nokkur atriði. Ég er nú áreiðanlega búinn að gleyma ýmsu, sem þarna kom fram í ræðunni, og verð ég að biðja velvirðingar á því, ef einhverju gleymist að svara. En ég hef skrifað hér t. d. eina spurningu eftir hv. 1. þm. Reykv.: Hvað meina framsóknarmenn í sambandi við veru okkar í NATO? Og um leið vil ég víkja að ræðu hv. 11. landsk. þm., sem einnig kom inn á þetta. Það er mjög ljóst, hvað framsóknarmenn vilja í sambandi við Atlantshafsbandalagið. Það liggur fyrir í flokksþingssamþykktum flokksins eins lengi og ég man eftir mér sem framsóknarmanni í starfi. Framsfl. vill, að Ísland verði áfram aðili að NATO. Eins og segir í *málefnasamningi ríkisstj.*, þá vill Framsfl., að Ísland sé áfram aðili að NATO. Og ég get upplýst, hvaðan ákvæðin um endurskoðun varnarsamningsins eru komin inn í stjórnarsamninginn. Það er að vísu svo, að það er sameiginleg skoðun þeirra flokka, sem að honum standa, stjórnarsamningnum, en í flokksþingssamþykktum framsóknarmanna mörg undanfarin þing hefur verið lýst þeirri skoðun, að framsóknarmenn vildu, að varnarliðið færi af landinu í áföngum, þannig að það er alveg hægt að upplýsa hv. 11. landsk. þm. um það, hvaðan þessi ákvæði stjórnarsáttmálans eru komin. Þau eru m. a. komin úr flokksþingsályktun Framsfl. mörg undanfarin ár.

Hv. 1. þm. Reykv. sá ástæðu til þess að taka það alveg sérstaklega fram, að Bjarni heitinn Benediktsson hefði aldrei sagt, að aðild Íslands að NATO og varnarsamningurinn væru tvö aðskilin mál. Það hef ég aldrei haft eftir Bjarna Benediktssyni. Það hef ég frá mér sjálfum sem mína skoðun, og ég hygg, að skýrslan sýni það

alveg ljóst, að tilvitnuninni er lokið, áður en þau orð koma.

En af þessu tilefni mætti ég kannske leyfa mér að spyrja hv. 1. þm. Reykv.: Er það hans skoðun, að við getum ekki verið í NATO án þess að hafa her? Ég spyr, af því að hann lagði ríka áherzlu á það, að þessi mál yrðu að skoðast í samhengi. Hvað þýðir það? Þýðir það þetta, sem ég var að spyrja um, eða þýðir það eitthvað annað? Ef það þýðir það að mati hv. sjálfstæðismanna, að það sé það sama að vera í NATO og hafa her, þá get ég vel skilið það, að þeir berjist fyrir því að hafa hér her. En ég held bara, að þetta sé ekki svona. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að þetta eru tvö aðskilin mál, og það er vel hægt að standa við upphaflegar skuldbindingar Íslands í NATO án þess að hafa hér her. Og bara til þess að staðfesta þetta með einni tilvitnun, þá var ég að hugsa um að vitna hér í varnarsamninginn frá 1951, því að þar segir:

„Hvor ríkisstj. getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj., farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri till. til beggja ríkisstj. um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstj. verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstj., hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annaðhvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það."

Þetta finnst mér taka af öll tvímæli um það, að þarna sé um tvö aðskilin mál að ræða og það sé hægt að standa við skuldbindingar gagnvart NATO, þó að hér sé ekki her, og það sé enn í gildi, sem sagt var, að við viljum ekki hafa hér her á friðartímum.

Ég vil í tilefni af því, að hv. 1. þm. Reykv. vék örlítið að heimsókn utanrrh. Bandaríkjanna, William Rogers, nota þetta tækifæri til þess að taka það fram, að heimsókn hans er ekki upphaf þeirra viðræðna um endurskoðun varnarsamningsins, sem boðaðar hafa verið. Hér er um venjulega kurteisisheimsókn og vináttuheimsókn að ræða. Ráðherrann er á leið sinni til ráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Brüssel og ætlar að gera okkur þann heiður að koma hér við og stoppa hér svo sem sólarhring. Meiri tíma hefur hann nú ekki aflögu, og ég geri alveg ráð fyrir því, að þessi mál beri eitthvað á góma í samtölum við ráðherrann, en það er ekki tilefni hingaðkomu hans, að byrja eigi á viðræðum um endurskoðun varnarsamningsins. Ég mun sjá til þess, að hv. stjórnarandstaða, formenn flokkanna eða einhverjir slíkir, utanrmn.-menn t. d., fái tækifæri til að hitta ráðherrann í þeirri stuttu heimsókn, sem hann ráðgerir hingað til lands, og segi það í tilefni af orðum hv. 1. þm. Reykv.

Í skýrslu minni um utanríkismál hef ég tekið upp örstutt yfirlit eða útdrátt úr málflutningi þeim, sem ég hélt uppi á þingi Sameinuðu þjóðanna um landhelgismálið. Ég endurtek það af því tilefni, sem hér hefur verið um það sagt, að ég hef talið mér það skylt að flytja það mál þannig á erlendum vettvangi, að við værum enn þá ákveðnir í því að framkvæma landgrunnslögin frá 1948 og afla Íslendingum yfirráða yfir landgrunninu öllu. Jafnframt hef ég ævinlega tekið fram, að um 50 mílna áfanga væri að ræða að þessu sinni. Það kann vel að vera, að hv. núv. stjórnarandstaða hefði lagt fram á yfirstandandi þingi frv., sem gengi í sömu átt og till. þeirra, er nú liggur fyrir, en vissa fyrir því er engin.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að í vor gerðu þessir tveir flokkar alltaf ráð fyrir því að geta breytt tillöguflutningi sínum í landhelgismálinu, ef annað tveggja — og ég tala nú ekki um hvort tveggja — gerðist, þ. e. að ásókn útlendinga ykist á miðin eða við fengjum nánari vitneskju um afstöðu annarra ríkja, sem gerði það að verkum, að við mundum breyta okkar málflutningi eða taka ákveðnar til orða en gert er í þeirri till., sem samþ. var á síðasta hv. Alþ.

Nú hygg ég, að það sé staðreynd, að ásókn útlendinga á Íslandsmið hafi fremur minnkað en aukizt síðan þessi orð voru látin falla hér í þingsölunum. Ég veit ekki betur en það hafi dregið talsvert úr ásókn útlendinga á Íslandsmið. Ég get ekkert sagt um það, af hverju það er, en sú hygg ég, að staðreyndin sé samkv. þeim tölum, sem Landhelgisgæzlan birtir reglulega um sókn erlendra togara á Íslandsmið. Ég man ekki þessar tölur til fulls, en mig minnir, að þegar hér var mest talað um landhelgismál, þá hafi verið talað um 120—130 útlend skip, en nú séu þau 80—90. Ég held, að þetta sé rétt, þannig að þessi ástæða hefði þá væntanlega ekki orðið til þess, að hv. stjórnmálaflokkar, sem ég áðan gat um, hefðu séð ástæðu til þess að gera ákveðnari samþykktir í landhelgismálinu.

Hin ástæðan, þ. e. að við vissum meira um afstöðu annarra ríkja, er vissulega líka til athugunar. Nú vitum við svolítið meira. Nú vitum við það, að til viðbótar við þau 30 — skulum við segja — ríki, sem taka þátt í undirbúningsráðstefnunni í Genf undir hafréttarráðstefnuna 1973 og eru fylgjandi stærri lögsögu en 12 mílum og flest mun stærri lögsögu, þá eru 41 Afríkuríki a. m. k. að yfirvega það, sennilega og vonandi um það bil að ákveða það, að hafa samstöðu um miklu víðari landhelgi en þá, sem við erum að fara fram á. Til viðbótar vitum við það, að Kína, sem hefur öðlazt atkvæðisrétt hjá Sameinuðu þjóðunum, er eindregið fylgjandi 200 mílna landhelgi, og Kína telur sig — ekki skal ég um það segja — hafa einhver áhrif á afstöðu enn annarra ríkja. Hvernig skyldu þessar upplýsingar hafa orkað á hv. Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn? Skyldu þær ekki hafa leitt til þess, að þeir hefðu farið af stað með landhelgisákvörðun, sem væri a. m. k. 50 mílur, sennilega landgrunnið allt og 400 metra dýpi og kannske eitthvað meira, 200 mílur. Ég veit það ekki. En ég hef séð það í dagblaðinu Vísi, að þessar fréttir eru fremur taldar rökstyðja það, að við hefðum alveg mátt bíða með einhliða útfærslu. Það hefði ekkert legið á. Tíminn vinnur með okkur, eins og Vísir segir, og okkur liggur ekki svo mikið á. Það sýnir sú breyting á afstöðu þessara ríkja, sem hér var gerð grein fyrir og Vísir hefur margsinnis gert grein fyrir. Ég skal ekkert um það segja, hvort þetta hefði orðið svo, hvort raunin hefði orðið sú hjá þingflokki þeim, sem þetta blað styður. En þetta er niðurstaða þess leiðarahöfundar, sem skrifar í Vísi.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði: Mundi það auka líkur á öryggismálaráðstefnu Evrópu, ef Noregur gengi úr NATO? Tvímælalaust ekki. Það mundi heldur ekki auka líkur á öryggismálaráðstefnu Evrópu, að Ísland gengi úr NATO. Við ætlum ekki að ganga úr NATO. Þess vegna höfum við góða von um það, að þessi öryggismálaráðstefna fari fram, og þær fréttir, sem berast frá Brüssel, frá höfuðstöðvum NATO-ríkjanna, benda eindregið til þess, að ráðherrafundurinn núna eftir nokkra daga muni leggja það til og komast að þeirri niðurstöðu, að þessa ráðstefnu eigi að halda. Þeir vita vel í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsríkjanna um málefnasamning ríkisstj., því að þó að Morgunblaðið kunni ekki að vera lesið um allan heim, eins og hér var sagt áðan, þá hefur þessi samningur áreiðanlega borizt þangað. Þeir vita vel um hann, og hann hefur ekki hrætt þá svo upp úr skónum, að þeir þori ekki að efna til öryggismálaráðstefnu Evrópu; svo mikið er víst. Annars kemur það í ljós eftir nokkra daga.

Ég vil svo taka það fram bara til áréttingar, að ég held nú, að hv. 1. þm. Reykv. hafi ekki misskilið þetta, en hann talaði um, að réttur bandalagsþjóða Efnahagsbandalags Evrópu til fiskveiða á Íslandsmiðum hafi aldrei verið samningsatriði. Það meinti ég heldur ekki. Það, sem ég meinti, og ég hygg, að átt sé við — þetta er að vísu orðalag, sem er upp úr þessu umboði, eftir því sem ég veit bezt, samningsumboði, er, að fyrirhuguð sé útfærsla fiskveiðilögsögunnar hér við land, og ég endurtek bara það, sem segir í skýrslu minni og hv. þm. réttilega — sem betur fer — tekur alveg undir, þ. e. að fiskveiðilögsagan hér er ekki samningsatriði, hvorki við Efnahagsbandalag Evrópu né aðra.

Þá hygg ég nú, að ég hafi minnzt á flest það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Hann spurði að vísu hér í lokin: Hverjir verða fulltrúar Íslands í þeim samningaviðræðum, sem fyrirhugaðar eru við Bandaríkjamenn? Ég hef ekki endanlega útnefnt neina nefnd til þess, en ég mun verða þar fyrst og fremst sjálfur með þá starfsmenn utanrrn., sem ég hef tiltæka og sem ég treysti bezt til þess að aðstoða mig í þeim samningaviðræðum. Ég hef ekki gert það upp, hvaða menn það verða. Hv. þm. taldi, að það hefði skapazt mikil tortryggni út af tveimur ráðh. erlendis. Ég hef ekki orðið var við það í þeim samtölum, sem ég hef átt við erlenda menn um fyrirkomulag varnarmála á Íslandi, að þeir telji það óeðlilegt, að samstarfsflokkar í ríkisstj. þurfi eitthvað að ræðast við um þau mál, sem þar eru til meðferðar. Ég hef heldur ekki orðið var við þá skoðun erlendis, sem mjög gætir hér, að tveir ráðh. úr samstarfsflokkunum séu hættulegri en fjórir. Það virðast sjálfstæðismenn telja, að hljóti að vera svo, að það sé miklu hættulegra að tala við tvo ráðh. en tala við fjóra. Það er allt í lagi; þeir passa þá hvor annan. En það hef ég ekki orðið var við erlendis. Af hvaða tilefni verður slík ráðherranefnd til og hvenær? Ég hef áður skýrt frá því, að það var ákveðið, áður en þessi stjórn var mynduð og áður en það var ákveðið, hverjir færu með hvaða málaflokka, að utanríkismálin skyldu rædd af þremur ráðh., einum úr hverjum flokki, og það er til vinnuhagræðingar, eins og ég hef margsinnis sagt, bæði hér og annars staðar.

Ég tek svo að endingu mjög undir það með hv. 1. þm. Reykv., að það er sjálfsagt að ræða fordómalaust um varnarmálin og ræða þau á opnum grundvelli, eins og hann orðaði það. Ég hygg, að ég skilji það svona nokkurn veginn, hvað við er átt, en verði það gert, sem ég vona, þá eru það ný vinnubrögð í ríkisstj., ný vinnubrögð á Alþ., ef varnarmál eru rædd fordómalaust, því að það hefur ekki verið gert hér. (Gripið fram í.) Ég held ekki einu sinni 1956, held ekki, ekki einu sinni þá. Þó komst það nú sennilega næst því; það skal viðurkennt. En a. m. k. síðan 1958 hefur það ekki verið gert, og það er auðvitað alveg ljóst, að þegar þeir menn sjálfir, sem stóðu þó næstir þeim flokki, sem fór með utanríkismálin, kvarta undan því, að það hafi verið óeðlileg þögn um þau, þá er vafalaust hægt að segja og taka undir það, að svo hafi verið.

Hv. 9. landsk. þm. hélt hér langa ræðu og að mörgu leyti ágæta. Niðurstaða hans varð sú, að ef könnun sýndi það, að við þyldum það að vera án hers, þá skyldum við endilega láta hann fara. Þetta er mjög góð niðurstaða hjá hv. 9. landsk. þm. Ég óska honum til hamingju með hana; hún kom á óvart. (Gripið fram í.) Málflutningur um varnarmál er öfgakenndur, sagði hv. 9. landsk. þm. Það er vissulega alveg rétt. Bragð er að þá barnið finnur, segir máltækið.

Hv. 11. landsk. þm. vildi gera, að mér skildist, fremur lítið úr þeim ummælum hv. 3. landsk. þm., að það væri ekki mikið skjól í varnarliðinu, þessum mönnum, sem hér eru, og hv. 9. landsk. þm. sagði, að þetta væri ekki árásarlið, heldur varnarlið. Það mun vera rétt. En vegna þess að hv. 3. landsk. þm. er ekki hér viðstaddur, þá ætla ég að leyfa mér að leiða til vitnis og staðfestingar á því, sem hv. 3. landsk. hér sagði, vitni, sem hv. 11. landsk. þm. áreiðanlega tekur gilt. En það er Morgunblaðið í dag. Þar er grein, sem Morgunblaðið segir, að sé úr Neue Züriche Zeitung, óháðu blaði, sem gefið er út í hlutlausu landi og er á meðal virtustu dagblaða heims. Hvað hefur nú þetta blað að segja um haldið í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli? Ég ætla, með leyfi forseta, að leyfa mér að lesa það:

„Í stað þeirra 6000 manna, sem gert hafði verið ráð fyrir, hafa Bandaríkin varla haft meira en helming þessa fjölda á Íslandi og nær eingöngu í flugbækistöðinni í Keflavík í grennd við Reykjavík. Fyrir utan nokkrar flutninga- og könnunarflugvélar eru þarna einungis nokkrar flugvélar úr 57. orrustuflugsveit Bandaríkjanna og starfsfólk fyrir ratsjár- og könnunarstöðvar þeirra og fáeinir starfsmenn flotans. Með þessu liði er ekki einu sinni unnt að hafa eftirlit með landi, sem er tvisvar og hálfu sinnum stærra en Sviss, hvað þá heldur verja það. Við þetta bætist, að íslenzka vegakerfið er í mjög slæmu ástandi, þannig að herflutningar á landi gætu aðeins gengið mjög hægt. Vegna þoku og ísingar eru íslenzkir flugvellir lokaðir dögum saman, sem gerir ókleift að efla herliðið í Keflavík í skyndingu með öruggum hætti."

Þegar hv. 3. landsk. þm. fær nú Morgunblaðið og Neue Züriche Zeitung í lið með sér, þá fara kannske hv. þm. hér sumir að taka mark á því. En þessi ummæli blaðsins finnst mér gefa ástæðu til þess að ætla, að það sé, eins og ég hef leyft mér að vona, hægt að gera upp á milli varnarhlutverks og aðvörunarhlutverks varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og það sé þess vegna hægt að gera það, sem ríkisstj. hefur ásett sér, þ. e. að standa við skuldbindingar sínar í NATO og það, að varnarliðið geti farið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. utanrrh., sem ég sá ástæðu til þess að ræða nokkuð. Að vísu kom fleira fram í ræðu hans síðar, sem ástæða væri til að ræða nánar, m. a. þau orð hans, að einhver orð hér í sölum Alþingis Íslendinga hefðu valdið því, að ásókn á Íslandsmið hefði minnkað. Ég veit ekki, hver þau orð eru. Vera má, að það séu orð hæstv. núv. ráðh., en ég efa það mjög. En þau orð hans, sem hann lét falla um landhelgismálið, — ég vil þó samt sem áður taka fram, að ég er ekki hingað kominn til þess að ræða það að þessu sinni, enda held ég, að bæði þeir sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað í dag, og reyndar aðrir stjórnarandstæðingar, hafi forðazt það, vegna þess að það mál er enn til umr. undir öðrum dagskrárlið, — en það voru einmitt þau orð hæstv. ráðh., að hann gat þess, að til viðbótar þeim 30 þeirra ríkja, sem taka þátt í ráðstefnunni í Genf, sem honum er kunnugt um að muni styðja okkar mál þar, þá sé von í um það bil 40 Afríkuríkjum. Auk þess má reikna með Stóra-Kína, sem hæstv. utanrrh. hefur nú komið inn í Sameinuðu þjóðirnar, og mun líklega hafa í för með sér, að þó nokkuð margir fylgifiskar, eins og t. d. Albanía, muni styðja afstöðu Kína til okkar í sambandi við landhelgismálið og reyndar fleiri mál, eins og hann hefur orð Maos um að gert verði. Ég fæ þá ekki séð annað en það liggi á borðinu fyrir okkur á væntanlegri hafréttarráðstefnu, að við Íslendingar náum fram því, sem við höfum alltaf haldið fram, sem við sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn héldum alltaf fram í tíð fyrrv. ríkisstj., að tíminn ynni þar með okkur, og á ég þá að sjálfsögðu ekki við dagblaðið Tímann, en þann tíma og þá þróun, sem er að verða í alþjóðamálum á þessu sviði. Sú þróun, sem hefur orðið vegna yfirtöku ákveðinna ríkja á hafsbotninum m. a. og þeirrar nýtingar, sem þegar er hafin á honum, og sú skoðun okkar, að lífið í sjónum fyrir ofan hafsbotninn sé þá þessara sömu ríkja og þá okkar ekki sízt, sem eigum allt okkar undir þeirri strönd, sem undan okkar landi er, þessi skoðun er að sigra. Því spyr ég, — enda virðist mér á þessum umr., sem farið hafa fram um landhelgismálið að undanförnu, að lítið hafi komið fram annað en gerræðislegar fullyrðingar, og jafnvel á margan hátt mætti hafa stærri orð um þær fullyrðingar, sem fram hafa komið frá núv. stjórnarliði um hinn brezk-vesturþýzka samning, sem gerður var 1961: Hvaða ástæða er þá til þess að segja þessum samningi upp? Ef við færum út, jafnvel á morgun, ef okkur finnst ástæða til, eigum við verndunina vísa, við eigum vísan meiri hluta á væntanlegri hafréttarráðstefnu. Hæstv. utanrrh., hæstv. sjútvrh. og hinir ráðherrarnir eru búnir að tryggja okkur 40 svarta frá Afríku, þeir eru búnir að tryggja okkur Kína og fylgiríki, auk allra hinna, sem við áttum fyrir. Ég spyr: Af hverju þá ekki að fylgja þeirri eðlilegu þróun, sem á að vera í samskiptum ríkja, þegar milliríkjasamningar eru gerðir? Ég tek það fram aftur, að ekki var ætlan mín að ræða hér sérstaklega um landhelgismálið, þótt full ástæða væri til, vegna þess að á það er minnzt í umræddri skýrslu hæstv. utanrrh. og þá kannske sérstaklega vegna þeirra stórkostlegu blekkinga, sem annar þeirra ráðh., sem með þetta mál virðist fara, og oft og tíðum frekar en hæstv. utanrrh., hefur beitt, en þar á ég við hæstv. sjútvrh. Hann hefur leyft sér það, ekki aðeins hér í þingsölum, heldur og í fjölmiðlum, að tala um og benda á í einu orðinu nauðsyn samstöðu meðal þm. og þjóðarinnar, en svo reynir hann að spilla í öðru orðinu þessari sömu samstöðu með orðum, sem hann lætur falla í þá átt, að ákveðnar tillögur, sem löngu voru komnar hér fram á Alþ. og eru yfirlýst stefna bæði Alþfl. og Sjálfstfl. hér á Alþ., verði einmitt til þess að kljúfa landshluta. Auðvitað ber að mótmæla þessu harðlega, og auk þess þeim fullyrðingum hans og blekkingum, að þótt mörk fiskveiðilögsögu séu miðuð við jafndýpislínu, þá sé ekki hægt að verja þá línu. Þetta lýsir auðvitað alveg sérstakri fáfræði þessa ráðh. á þessum málum og vitandi vits segi ég það hér hiklaust, að hann er að reyna að blekkja þjóðina, og þetta eru kannske flestir sjómenn til vitnis um. En að sjálfsögðu skulum við allir viðurkenna það, að sama er, hvort um er að ræða 50 mílna eða 70 mílna línu eða jafndýpislínu, í dag höfum við Íslendingar engan möguleika á því að verja þá línu á þann hátt, sem við þurfum gagnvart lögum og dómstólum, ef við tökum skip í þeirri væntanlegri fiskveiðilandhelgi, einfaldlega vegna þess, að það vantar svo miklu meira til, og á ég þar t. d. við staðsetningarkerfi.

Eins og ég hef þegar tekið fram, ætlaði ég ekki að ræða um þetta, en það var að gefnu tilefni í ræðu hæstv. utanrrh., sem ég vil skýrt taka fram, eins og ég hef áður tekið fram opinberlega, að ég tel bæði góðan og gegnan dreng, og ég tel það enn, þótt hann hafi lent í tröllafélagsskap upp á síðkastið. Auðvitað er hægt að æra alla góða drengi, ef þeir lenda í þannig félagsskap, og mér sýnist á öllu, að á nokkurn hátt hafi hann ærður verið, vegna þeirra fáránlegu spurninga, sem hæstv. utanrrh. leyfir sér að leggja hér fyrir einn af ræðumönnum Sjálfstfl., sem hér talaði í dag, og þar á ég við þessa spurningu: Af hverju vilja Norðmenn og Danir ekki hafa erlent herlið í sínu landi? Og fleira var það, sem hann lagði út af. Hann vitnaði að vísu í þýdda grein í Morgunblaðinu í dag, ákveðið atriði í henni. Vissulega hefði hann átt að lesa þá grein alla í ræðu sinni og benda á það, sem þar kemur fram, m. a. um þann stóraukna flota- og herstyrk, sérstaklega flotastyrkinn á Norður-Atlantshafinu, sem Rússar hafa komið upp á síðustu árum, og þann geysilega vígbúnað, sem þeir hafa haft á þeim landsvæðum, sem þeir ráða yfir í norðvesturhluta Rússlands, á Kólaskaganum, á landamærum Finnlands, við landamæri Noregs og fyrir norðan landamæri Svíþjóðar. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður gengið fram hjá og allir vita um, og þeir hafa sjálfir hælzt um, sérstaklega af flotastyrk sínum. Ef hæstv. utanrrh. hefur engar viðræður átt við fulltrúa Danmerkur eða Noregs um þessi varnarmál okkar, sem eru auðvitað ekkert annað en hlekkur í varnarkeðju Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna, og hann hefur ekki enn þá ákveðið neinar slíkar viðræður, eins og kom fram í ræðu hans, þá get ég leyft mér að skýra honum frá því, að ég hef átt viðræður við ýmsa hina ágætustu menn, sérstaklega frá Noregi, sem hafa ekki aðeins þungar áhyggjur út af þeirri ákvörðun, sem þegar hefur verið tekin af hæstv. ríkisstj. og í málefnasamningi hennar, — og menn hreinlega krossa sig í bak og fyrir, þegar þeir lesa hann, — heldur benda þeir m. a. á það, og það er sameiginlegt álit þeirra, sem hlut eiga að máli, — og þar á ég við okkar vinaþjóðir og samstarfsþjóðir í Atlantshafsbandalaginu í Evrópu, Vest-

ur-Evrópuþjóðirnar, — þeir benda á það réttilega, að þessum síaukna og stórvaxandi flotastyrk Rússa og þeim æfingum, sem sá floti hefur hér á Norður-Atlantshafi og suður um Atlantshaf, er beint m. a. gegn flutningaleiðum til Vestur-Evrópu, en þær leiðir liggja nú fram með suðurströnd Afríku. Þar hef ég t. d. í huga yfir 50% af öllum olíuflutningi til Vestur-Evrópu, sem þýðir það, ef stöðvaður yrði, að alla framleiðslu, alla þessa getu væri hægt að stöðva á örfáum klukkustundum með þeim flotastyrk, sem Rússar hafa yfir að ráða. Sama gildir auðvitað um flutningaleiðina til Bandaríkjanna. Þessar þjóðir leggja ekki að meginefni til upp úr því, að hér á Íslandi sé sú varnarstöð, sem sumir eru að tala um, eða að hér sé herstyrkur til þess að berjast við eitthvert óvinalið, sem réðist inn í landið, heldur það eftirlit, sem hægt er að hafa með þessum flota, sem enn þá er talinn vera í höndum þeirra manna, sem mundu nota hann gagnvart þeim þjóðum, sem myndu þetta bandalag á sínum tíma til þess að forðast það, að upp á okkur og aðrar þjóðir yrði þröngvað þjóðskipulagi og skoðunum, sem við ekki vildum.

Hvað með herstöðvar NATO í Noregi og í Danmörku í stað þess að hafa þær hér á Íslandi? Ég geri ráð fyrir því, ég veit það, þótt hæstv. utanrrh. hafi þá verið í skóla, þá veit ég líka, að á þeim tíma hafði hann ákveðnar pólitískar skoðanir og að hann hefur að sjálfsögðu myndað sér skoðanir á málefnum Finnlands á þeim tíma, þegar Rússar réðust inn í það. Gerir hann sér grein fyrir því í dag, hvað mundi gerast, ef önnur NATO-ríki, — nú er Noregur eitt af NATO-ríkjunum, — ef önnur ríki en Noregur settu upp slíkar stöðvar eða kæmu her inn í Noreg? Þegar eru komnar að landamærum Finnlands beinar braútir, þeir vegir, sem kvartað er yfir í dag, að séu ekki á Íslandi, þegar á að verja það land, en hefði kannske komið, ef ríkisstj. hefði ekki gripið til sinna ráðstafana 1956. Það er tiltölulega auðvelt að halda þeirri vegarlagningu áfram. Sá er ótti Norðmanna, Dana og Svía, að ef til slíks kæmi, að NATO setti upp sérstakar herstöðvar á vegum annarra en þeirra, sem í landinu búa, þá mundu Rússar þegar taka Finnland og setja sínar herstöðvar niður við landamæri Finnlands að austanverðu, sem þýddi það, að aðeins yrðu nokkrar mílur á milli þessara stöðva, sem enn frekar mundi auka á þá spennu, sem er í heiminum í dag. Hvernig sem við lítum á dvöl varnarliðsins hér á Íslandi, og að sjálfsögðu viljum við allir vera lausir við að það sé hér, skulum við ekki gleyma því, að við erum líka skuldbundnir í okkar samningum, við erum skuldbundnir öðrum þjóðum. Sérstaklega á ég þá við skoðanir vinaþjóða okkar á Norðurlöndum í þessu efni, og ég vil taka fullt tillit til þeirra skoðana, sem þar koma fram. Það, sem ég hef hér sagt, er auðvitað aðeins byggt á mínum eigin viðtölum við menn af Norðurlöndum og reyndar frá NATO líka, en eins og ég tók fram áðan, hefur hæstv. utanrrh. ekki enn þá séð ástæðu til þess að ræða við þá um þessi mál eða hyggst enn gera það.

Ég vildi aðeins undirstrika þetta atriði og vil aftur undirstrika, að það er mikill ótti um það í þessum ríkjum, að ef til þess þyrfti að grípa, að NATO setti upp fleiri stöðvar, t. d. í Norður-Noregi, en þeir hafa og reknar eru af Norðmönnum, þá grípi Sovétmenn til þessara gagnaðgerða. Það var aðeins þetta atriði, sem ég vildi sérstaklega draga fram og láta koma fram í þessum umræðum.

Ég vil þar utan þakka hæstv. ráðh. fyrir hans greinargóðu skýrslu og fyrir sumt af því, sem þar hefur verið drepið á sérstaklega og reyndar hefur verið gert í ræðum manna hér í kvöld, eins og t. d. hv. þm. Benedikt Gröndal gerði, er hann drap á starfsaðstöðu okkar manna í utanríkisþjónustunni. Þjóðin hefur stundum gert grín að því og reyndar alþm. líka, að utanríkisþjónustan væri nokkurs konar dvalarheimili fyrir aldraða stjórnmálamenn. Það má á margan hátt taka undir þetta, en hins vegar skulum við ekki gleyma því, að margir þeirra, sem á þann veg hafa verið sendir til starfa á vegum utanríkisþjónustunnar, hafa verið sendir af sérstökum ástæðum og vegna sérstakra mála og hafa unnið þar mikið og gott gagn í sinu starfi. Hinu skal ég ekki leyna, að mér er þetta frekar ógeðfellt, þótt þar eigi í hlut margir mínir ágætu vinir, sem hafa staðið sig með afbrigðum vel í þessari þjónustu. En því meir ber því að fagna, að nú upp á síðkastið hafa valizt til starfa í þessari þjónustu hinir ágætustu menn ungir að árum, og okkur ber að styðja að slíkri þróun og ég mundi styðja það heils hugar, ef hæstv. utanrrh. og reyndar ríkisstj. í heild tækist að búa betur að þeim og stuðla að slíkri þróun í framtíðinni. Ég álít, að það mundi verða íslenzkri þjóð til heilla.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér hafa í dag farið fram fróðlegar umr. um stefnu ríkisstj. í utanríkismálum. Þó hafa þær ekki haft inni að halda allan þann fróðleik, sem við hefði e. t. v. mátt búast. Við erum mörg, sem enn þá spyrjum, hver sé afstaðan til ýmissa viðkvæmustu þátta utanríkismála okkar. Það er margt óljóst í þessum málum og hefur ekki skýrzt í því, sem hér hefur verið rakið af hálfu ríkisstj. í dag. Þess vegna langar mig til þess að lesa hér dálítið, sem mér finnst varpa ljósi á afstöðu hæstv. ríkisstj. með því, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp úr Þjóðviljanum. Blaðið Þjóðviljinn í dag er einstaklega fróðlegt. Það flytur ýmis atriði úr stjórnmálayfirlýsingu landsfundar Alþb. og viss ummæli hæstv. sjútvrh., sem leiða hugann að því, að það er eitt öðru fremur, sem einkennir afstöðu fulltrúa Alþb. í utanríkismálum. Það er nefnilega nú sem fyrr, eins og fram kom í dag í tilvitnun í orð hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, aðalatriðið í þeirra afstöðu að slíta sem mest þeir mega tengsl við okkur vinveittar vestrænar þjóðir. Þessu til stuðnings vil ég minna á, að fyrir nokkrum dögum fór hér fram á Alþ. umr. um landhelgismálið, og það var mjög greinilegt, að mikill munur var á því, hvað það var, sem hæstv. forsrh. taldi aðalatriðið í landhelgismálinu, og hvað það var, sem hæstv. sjútvrh. taldi aðalatriðið í landhelgismálinu. Hæstv. forsrh. sagði: Aðalatriðið er samstaðan um útfærslu landhelginnar. Þessu erum við í Sjálfstfl. hjartanlega sammála. Hæstv. sjútvrh. sagði: Aðalatriðið er uppsögn samninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja. Þetta hefur hann aftur sagt í ræðu hér á Alþ. Annar ráðh. segir: Aðalatriðið er samstaða um útfærslu landhelginnar. Hinn ráðh. segir: Aðalatriðið er uppsögn samningsins við Breta og Vestur-Þjóðverja, — uppsögn samningsins, sem felur í sér ákvæði um það, að við höldum áfram að færa út okkar landhelgi. Það er aðal-

atriðið að segja þeim samningi upp, segir hæstv. sjútvrh. Þetta er um afstöðu hæstv. sjútvrh. til landhelgismálsins, um það, sem hann telur aðalatriði.

Í Þjóðviljanum gefur að líta, hvað það er, sem er aðalatriðið í augum þessa sama hæstv. ráðh. í varnarmálunum. Það er birt tilvitnun í orð hæstv. ráðh., sem raunar var vitnað til í dag, en í rauninni er þessi litla grein svo merkileg, að ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana ásamt fyrirsögn. Fyrirsögnin er þessi: „Herinn fer, ef við störfum vel. Við Alþb.-menn störfum vel". Í greininni segir svo: „Ég get ekki fullyrt, að það sé rétt haft eftir utanrrh., að fyrst skuli fara fram rækileg athugun á aðstöðu hersins hér á landi og síðan eigi að taka ákvörðun um brottför hans eða áframhaldandi dvöl hans," sagði Lúðvík, „en hér er haldið fram algjörlega rangri túlkun málefnasáttmálans." Maður hefði nú saknað þess, ef eitthvað hefði um liðið án þess að kæmi fram kenning um túlkun á þessum sáttmála.

Svo haldið sé áfram: „Í málefnasamningnum er fjallað um endurskoðun herverndarsamningsins, en þar er átt við endurskoðun, sem miðar að því, að herinn eigi að fara úr landi í áföngum á kjörtímabilinu. Orðalagið í málefnasáttmálanum bendir enn fremur til þess, að leiði endurskoðunin ekki til brottflutnings hersins, skuli herverndarsamningnum sagt upp." Ég veit ekki, hvort hæstv. utanrrh. er sammála þessu. Hérna er þessu blákalt haldið fram, þetta hefur ekki komið fram hér í umræðum í dag og ég tel fulla ástæðu til að vekja athygli á þessum skilningi viss hluta af ríkisstj. á þessum þætti málefnasamningsins. Ef ég má halda áfram tilvitnunum í hæstv. ráðh., — það er kannske fullmikið lagt á hv. þm., þeir eiga nú svo oft kost á því að hlusta á langar ræður af vörum þessa hv. þm. sjálfs. En hann heldur áfram, segir blaðið: „Á því er enginn vafi, að ef við eigum að ná fullum sigri í þessu máli, sem er eitt erfiðasta málefni ríkisstj., verðum við að leggja af mörkum mikla vinnu, það verður að glæða þjóðernisskilning á mikilvægi málsins." Ég vil taka fram, að þessu er ég hjartanlega sammála. Það er mjög mikilvægt að glæða þjóðernisskilning Íslendinga á því að varðveita öryggi þessa lands, og mér finnst, að við öll, hvort sem við erum nú í Alþb. eða í öðrum flokkum, eigum að vinna að því að efla þjóðernisskilning á mikilvægi þessa máls, á mikilvægi þess að varðveita öryggi og sjálfstæði Íslands.

Svo enn sé vikið að þessari grein og ummælum hæstv. sjútvrh., þá segir hann: „Það sést á Morgunblaðinu og málflutningi íhaldsaflanna, að þau telja sig vera í sókn og telja, að með sama framferði verði undan látið í herstöðvarmálinu, og Morgunblaðinu gæti orðið að ósk sinni, ef ekki verður starfað sleitulaust til þess að vekja skilning á nauðsyn þess, að herinn hverfi úr landinu. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að Framsfl. hefur gengið til móts við okkur í þessu máli." Ég vil mega skjóta hér inn í: Hvernig? og beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., sem með þessi mál fer eða á að fara. Greinin heldur áfram: „En til þess að framsóknarmenn, segir hæstv. ráðh., standi ákveðið við ákvæði málefnasáttmálans um brottför hersins, verða þeir, framsóknarmennirnir, að finna sterkan þjóðarvilja að baki kröfunni um brottvísun hersins. Lúðvík kvaðst telja, að Einar Ágústsson utanrrh. hefði einlægan vilja í þessu máli." Svo mörg voru þau orð, svona var þessi grein, með tilvitnunum í orð Lúðvíks Jósepssonar, hæstv. sjútvrh. Mér finnst hún varpa talsverðu ljósi á það, hvernig hluti ríkisstj., og að því er virðist allráðamikill hluti ríkisstj., lítur á þau mál, sem alltaf er verið að ræða um hér á Alþ. fram og aftur, hvernig skilja beri.

Í sambandi við þetta mál langaði mig til að minnast á eitt, sem hér hefur mjög komið til umræðu, till. okkar sjálfstæðismanna um nefnd til að fjalla um varnarsamninginn, um nefnd fulltrúa lýðræðisflokkanna, sem þingflokkar Alþ. skuli kjósa í því skyni. Með tilliti til ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan verður ekki annað séð en að hann þarfnist þeirrar hjálpar, sem fram er boðin í þessari till. Ég vil vona það, að á þeim tíma, sem líður þangað til þessi till. kemur á dagskrá, hafi hann ráðrúm til þess að endurskoða afstöðu sína og átti sig á, hvað hér er um að ræða. Þetta er tilboð um hjálp honum til handa af heilum hug fram borið.

Mér er annað en hlátur í hug og meira að segja get ég ekki varizt þeirri hugsun, að ræða hæstv. utanrrh. hér áðan hafi verið beinlínis hryggileg. Hér minnist hæstv. utanrrh. á það hvað eftir annað, að með till. sjálfstæðismanna sé verið að leggja til að fara inn á algjörlega nýja braut í störfum Alþ., að því er varðar varnarmálin. Það er ekki nýtt í sölum Alþ., að lýðræðisflokkarnir fjalli um þessi mál, varnarmálin, um varnarsamninginn, um afstöðuna til NATO, sem við erum aðilar að, til þess að vernda lýðræðið í landinu. Það, sem er nýtt í þessu máli, er það, að til skuli kvaddir til að fjalla um þessi mál boðberar þeirra afla, sem varnarsamningurinn og aðildin að NATO er til þess að verjast. Sú fullyrðing hv. þm. Jónasar Árnasonar hér í dag, að þessi till. væri ólýðræðisleg, hljómaði mjög undarlega í mínum eyrum. Menn sjá stundum dálítið einkennilega fleti á lýðræðinu og má segja, að svo hafi verið um hv. þm. í þetta sinn. Hér er um að ræða samning um það, að þjóðir þessa hluta heims, sem við byggjum, sameinist til varnar gegn þeim öflum, sem ógnuðu lýðræði og öryggi í heiminum, þegar þessi samningur var gerður, — og hvernig í ósköpunum má það vera, að nú sé ástæða til þess að ráðgast um það við boðbera heimskommúnismans hvernig eigi að verjast yfirgangi þess afls? Mér finnst þetta undarlegt lýðræði. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þessir menn vilja hvorki hafa neitt með Atlantshafsbandalag né varnarsamning að gera. Um hvað ætla þeir þá að ræða í sambandi við varnarmálin? Þessi afstaða liggur fyrir. Einhvern veginn sýnist mér, að þessi notkun á reglum lýðræðis mundi fremur verða til þess að grafa undan því en styrkja það.

Árið 1951, þegar varnarsamningurinn var gerður, lá fyrir um það samþykki allra þm. lýðræðisflokkanna, 43 að tölu, að rétt væri að hafa ekki samband um þessi mál við fulltrúa Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins. Þá voru þessir sömu lýðræðisflokkar sammála um það, að varnarleysi Íslands stefndi, eins og þá var ástatt í alþjóðamálum, bæði landinu sjálfu og friðsömum nágrönnum þess í óbærilega hættu. Allir þm. lýðræðisflokkanna voru sammála um gerð varnarsamningsins, en ríkisstj. lýsti því yfir, að hún hefði ekki talið rétt að hafa samráð við þm. Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins um öryggismál Íslands. Núna hafa vissir af þessum sömu lýðræðisflokkum allt aðra skoðun á þessu máli, núna finnst þeim rétt að

kveðja fulltrúa kommúnistanna í heiminum til ráðuneytis um það, hvernig eigi að verjast hugsanlegum ágangi heimskommúnismans. Ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að aðalatriði þessa máls er það, hvorum megin við viljum standa í afstöðunni til valdabaráttunnar í heiminum. Viljum við standa áfram eins og við höfum gert með þeim vestrænu lýðræðisþjóðum, sem búa við svipaða menningu og svipaðar lífsskoðanir og við gerum, eða viljum við opna okkar land og skapa möguleika á því, að e. t. v. renni af stað sú skriða, sem þó tókst að stöðva, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað? Þetta finnst mér vera aðalatriði málsins og afstaðan til varnarmálanna og Atlantshafsbandalagsins snúast um þetta.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þarf að gera örfáar athugasemdir við atriði, sem til mín hefur verið beint og ég sé ástæðu til að ræða frekar en í fyrri ræðu minni í dag.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, beindi til mín mjög nýstárlegri og athyglisverðri spurningu. Hann skýrði okkur frá því, að nú lægi fyrir Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York tillaga, sem Ceylonbúar hefðu flutt, um að friðlýsa Indlandshaf allt. Hv. þm. spurði, hvort ég væri reiðubúinn til að standa að því, að flutt yrði tillaga af sama tagi um stór svæði af hafinu umhverfis Ísland, þ. e. verulegan hluta af Norður-Atlantshafi. Svar mitt er, að mér væri mikil ánægja að ræða þetta við hann. Þetta er nýstárleg hugmynd, sem ég hef ekki haft ástæðu til að hugleiða áður, og er fyllsta ástæða til að athuga hana og íhuga. Hins verður þó að geta, að mér virðist við fyrstu sýn sem hér á Norður-Atlantshafi mundu fylgja slíkri friðlýsingu ýmsir annmarkar, sem ekki eru fyrir hendi á Indlandshafi. Gerir þetta málið þar af leiðandi ólíklegra til að ná fram, þó það þýði ekki, að ekki megi hreyfa slíkri hugmynd.

Indlandshaf er stórt, en við það allt er ekki eitt einasta teljandi flotaveldi og lítið um flotastarfsemi þar, sérstaklega eftir að Bretar hafa dregið sig að verulegu leyti í hlé á þessu hafi. Á Atlantshafi er þessu allt öðruvísi farið. Þar er miklu meira um hernaðarlegar siglingar, og alveg sérstaklega er sá munurinn, að á Atlantshafi er aragrúi af kafbátum, bæði frá stórveldinu í austri og stórveldinu í vestri, sem flytja flugskeyti með kjarnorkuvopnum. Þetta gerir miklu ríkari ástæðuna fyrir því, að hreinsa þurfi hafið af þessum ófögnuði, en það mundi engu að síður gera málið erfiðara í framkvæmd. Nú vitum við það, að allar alvarlegar tillögur um afvopnun eru tilgangslitlar, nema þeim fylgi ráðstafanir til að fylgjast með því, hvernig þeim er framfylgt. Það er enginn vandi að fá gerðar samþykktir um að banna kjarnorkuvopn, en það er mikill vandi að fá stórveldin til að samþykkja ráðstafanir til að fylgjast með framkvæmd þess. Ætti að hafa eftirlit með því, að slíkri friðlýsingu á Norður-Atlantshafi væri vandlega framfylgt, yrðu Sameinuðu þjóðirnar væntanlega að halda uppi slíku eftirliti. Ef hafa ætti eftirlit með Noregshafi, Íslands- og Grænlandshafi og hafinu sunnan við Ísland, hvar ætti þá að staðsetja það eftirlit? Óhjákvæmilegt yrði að staðsetja það á Íslandi. Ef ætti að framkvæma slíka friðlýsingu af alvöru, þá er ég hræddur um, að hún mundi leiða til þess, að hér yrði miklu meira alþjóðlegt eftirlitslið, með allan þann flug- og herbúnað, sem til þess þarf, en það lið, sem hér er í dag. En ég vil ítreka, að mér þykir vænt um, að þessu var beint til mín, en ekki valdameiri aðila hér í deildinni. Mér væri mikil ánægja að ræða þetta nánar við hv. þm. og kanna, hvort grundvöllur er fyrir því að flytja þetta mál, því að orð eru til alls fyrst, þó að oft reynist langt frá fyrsta orði til framkvæmda á sviði utanríkismála.

Hér hefur mikið verið rætt um það, hvers vegna Danir og Norðmenn vilja ekki erlendan her. Því hefur verið kastað fram, að þeir hafi meira bein í nefinu en við, þeir trúi eins og við, að ekki sé gott og samrýmanlegt frelsi þjóðarinnar að hafa slíkan her til lengdar, og þeim hafi tekizt að framfylgja stefnunni en okkur ekki.

Þetta mál er engan veginn einfalt. Auðvitað er meginmunurinn sá, að þeir hafa sín eigin varnarkerfi og verja til þeirra miklum fjármunum. En það er margt annað, sem þarna kemur til greina. Sú hugmynd, að sveitir, sem eru á Íslandi, geti gert jafnmikið gagn, ef þær væru í Noregi eða Danmörku, er hreinn misskilningur, því um allt önnur varnarverkefni er að ræða hér en þar.

Hv. 10. þm. Reykv. benti á það, sem kallað er norrænt jafnvægi og er orðið eitt elzta og kunnasta slagorð í utanríkispólitík á Norðurlöndum. Það byggist á því, að Norðurlöndin að vestanverðu, Noregur, Danmörk og Ísland, hafa á vissan hátt reynt að draga úr hernaðaraðgerðum á landsvæðum sínum, sem kynnu að ögra Sovétríkjunum eða hvetja þau til að leggja þyngri byrðar á Finna. Þetta er mikilvægt atriði, og Finnar sjálfir skilja manna bezt, hvaða þýðingu það hefur fyrir þá. Norðmenn fara svo nákvæmlega út í þetta, að þar er útlendum flugvélum, sem til Noregs koma, bannað að fljúga austur fyrir vissa lengdargráðu. Þegar Norðmenn halda heræfingar, sem þeir gera öðru hverju og bjóða oft til þeirra herjum bandamanna sinna, þá láta þeir slíkar æfingar aldrei fara fram í Finnmörku, vegna þess að það hérað liggur að Sovétríkjunum. Þetta er vísvitandi stefna, sem er skýrust í Noregi, enda er Noregur það landið, sem á landamæri að Sovétríkjunum. Þó eru í Noregi miklar birgðastöðvar Atlantshafsbandalagsins. Þar eru aðalstöðvar norðurvarna þess með fjöldanum öllum af erlendum herforingjum og brezkum yfirmanni í stöðvum norðan við Osló. Til viðbótar má benda á varðandi Dani, að þeir framfylgja þessari stefnu í Danmörku sjálfri, og samkvæmt lögum er Grænland hluti af Danmörku, en þessi stefna gildir ekki um Grænland. Ef hér væri eingöngu um að ræða viljastyrk til að verjast erlendu varnarliði, þá hlyti sama regla að gilda í Danmörku sjálfri og í Grænlandi, en því fer víðs fjarri. Hitt er annað mál, að Danir vilja sem allra minnst tala um Grænland í þessum efnum.

Hér hefur verið nokkuð rætt um, hvaða vörn sé raunverulega í varnarliðinu. Ég verð að segja, að ég undrast, að menn skuli tala um það í alvöru á Alþingi Íslendinga, að þetta 3000 manna lið eitt gæti varið Ísland fyrir árás. Þetta hélt ég, að engum manni hefði dottið í hug. Mér skilst, að þetta lið vinni aðallega að tvenns konar hlutverkum suður á Reykjanesi. Það var sagt hér áðan og lesið upp úr þýzku blaði, að hér væri 57. orrustuflugsveit Bandaríkjanna og radarkerfi. Hér

mun nú aðeins vera hluti af þessari orrustusveit. Bandarískir blaðamenn, sem hér hafa verið, segja mér, að þessi sveit hafi til afnota orrustuflugvélar, sem eru svo úreltar, að þær eru ekki í notkun neins staðar í heiminum nema hér, og hafa ekki verið framleiddar síðan 1958. Af þessu sjá menn, að það er ekki vænzt hernaðarátaka, enda munu þessar flugvélar rétt geta náð í rússnesku könnunarflugvélarnar og tekið af þeim myndir. Það er allt og sumt, sem gerist. Þar að auki fer fram viðtækt eftirlitsflug frá Keflavíkurflugvelli og um hafið hér í kring og mig grunar, en gaman væri að fá um það umsagnir manna, sem betur vita, að það sé þetta eftirlit, sem talið er skipta langmestu máli í dag.

Hvernig á þetta varnarlið að verja Ísland? Það er einfaldlega með því, að Ísland er hlekkur í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins. Þessi varnarkeðja byggist ekki á því, að á hverjum fermetra þessara ríkja sé svo öflugur hervörður, að þangað komist enginn. Varnarmátturinn byggist á því, að árás á eitt af þessum ríkjum þýði árás á þau öll og að kerfið sem heild sé þannig, að ef einhver hygði á atlögu gegn því, mundi það fljótlega sjást. Varðandi okkur Íslendinga mundi ábyggilega gefast tími til að gera frekari ráðstafanir, ef til slíkra ótíðinda drægi. Menn mega því ekki líta á varnarmáttinn hvað varnarliðið eitt og einangrað snertir, heldur verður að líta á kerfið í heild.

Mér hefur heyrzt á tali hæstv. utanrrh., að hann vilji á einhvern hátt viðhalda því aðvörunarhlutverki, sem hér er gegnt. Ef það er hægt, þannig að hlekkurinn verði óbrotinn og keðjan ekki talin veikari en hún var fyrir, geri ég ráð fyrir, að það teljist umræðugrundvöllur um lausn þessa máls.

Það er langt síðan allir varnarliðsmenn, sem beinlínis voru hér til þess að hleypa úr byssum sínum á hugsanlega innrásarmenn, voru sendir heim. Allt slíkt lið fór héðan 1960—1961, þegar stórbreyting var gerð á varnarliðinu. Í þessu sambandi vil ég benda á atriði, sem sjaldan hefur komið fram opinberlega. Síðasta ríkisstj. dró úr fjölda varnarliðsmanna og dró úr starfseminni á Keflavíkurflugvelli til stórra muna, þannig að fjöldi varnarliðsmanna mun hafa minnkað um allt að því helming á þessu tímabili. Þetta er ekki alveg þýðingarlaust fyrir þá, sem fyrst og fremst líta á varnarmálin út frá þjóðernislegum tilfinningum og óttast þau áhrif, sem dvöl varnarliðsins getur haft á íslenzkt líf og íslenzka menningu.

Hæstv. utanrrh. kvartaði undan því, að ég hefði talað um hin stóru orð í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar í utanríkismálum, en sagt, að framkvæmdir væru litlar. Ég held, að ég hafi hagað orðum mínum þannig, að ríkisstj. hafi reynzt illa undir það búin að efna stóru orðin. Það hefur komið í ljós í varnarliðsmálunum og í mörgum fleiri málum, sem heyra undir utanríkismál, að ríkisstj. hefur litlar tiltækar hugmyndir um það, hvað hún ætlar að gera. Það var ekki ætlun mín að kveða upp yfir henni endanlegan dóm eftir fjóra mánuði, heldur skal ég fallast á, að það sé ástæða til þess að bíða, þangað til stjórnin er öll, áður en slíkur dómur verður upp kveðinn.

Hæstv. ráðh. gerði nokkuð úr því, að ég hefði viðurkennt, að of mikil leynd hefði verið yfir varnarmálunum um langt skeið. Ég vissi það fyrir, þegar ég sagði þessi orð, að þessi svör mundu koma, að við hefðum séð það seint, að þarna hefði ekki verið rétt á málum haldið. Í þessu sambandi vil ég minna á, að sú leynd, sem hefur verið yfir varnarliðinu og starfsemi þess, er ekki ný. Hún er miklu eldri en síðasta ríkisstj. Ég vil jafnframt benda á það, að skortur á samstarfi utanrrh. við Alþ. og utanrmn. er heldur ekki nýlegt fyrirbrigði, heldur má rekja það allar götur aftur til þess, þegar varnarliðið kom hingað 1951. Á þeim árum, fyrst eftir að varnarliðið kom, sat hér ríkisstj., sem í voru Framsfl. og Sjálfstfl., en Alþfl. var þá í hópi lýðræðisflokkanna. Mig minnir, að þá hafi fyrirrennarar Alþb., a. m. k. á einhverju skeiði, fengið menn í utanrmn. Þá þótti vera svo mikil hætta á ferðum, ef þeir kæmust í þessi mál, að ákveðið var í samráði við Framsfl. að láta utanrmn. kjósa þriggja manna undirnefnd til þess að sneiða fram hjá hættunni. Þessi undirnefnd starfaði mörg ár þannig, að í henni voru sjálfstæðismaður, framsóknarmaður og Alþýðuflokksmaður. Þarna byrjaði þetta, þegar Sjálfstfl. fór með utanríkismál. Þessu kerfi var síðan haldið dyggilega áfram, þegar breyting varð í utanrrn. og Framsfl. tók við stjórn þess. Það varð engin breyting á.

Nú kunna menn að furða sig á þessu, þegar ég rifja það upp, og fordæma það. En ég vil biðja menn að vera ekki of stranga í dómum, heldur íhuga, hvernig almennt ástand og viðhorf voru á þeim árum, þegar kalda stríðið geisaði. Þetta var einn angi af því. Tortryggnin var svona mikil. Það tók okkur eins og aðra langan tíma að losna úr þessum viðjum. En ég vil biðja menn að minnast þess líka, að það var Alþfl.-maður, Emil Jónsson, sem endanlega hætti þessu kerfi, er hann var utanrrh., tók upp samstarf við utanrmn. Varð það fljótlega jafngott og það er í dag. Emil byrjaði á því, sem hæstv. utanrrh. heldur áfram með ágætum í dag, að flytja Alþ. ítarlega skýrslu um utanríkismál og láta fram fara umræður á eftir.

Hér er um að ræða arf frá liðinni tíð, og ég sé enga ástæðu til þess að draga dul á, hvernig þessi mál voru. Það eru ekki sinnaskipti hjá Alþfl.-mönnum í þessu máli frekar en öðrum. Við erum jafnfegnir því og allir aðrir, að þessi mál skuli hafa breytzt svo til hins betra, að menn úr öllum flokkum geti um þessi mál rætt og að utanrmn. geti starfað eðlilega í samvinnu við utanrrh.

Við höfum flutt till. okkar um, að Alþ. og nefndir taki upp sérstaka rannsókn á varnarmálum að gefnu tilefni. Meðferð varnarmálanna er komin í þvílíkan hnút, að við teljum slíka athugun fyllilega réttlætanlega og gerum okkur vonir um, að hún gæti orðið til að greiða fyrir málinu og sérstaklega til að gefa alþýðu manna í landinu betri kost á því en hingað til að kynna sér ýmislegt varðandi varnarmálin.

Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. utanrrh. fyrir það, hversu vel hann tók undir þá till., sem Alþfl. hefur flutt um þetta. Mér skildist, að hann væri ekki á móti efni till. Ef Alþ. vildi, gæti það samþykkt till. Hann sagði ekki um þessa till. eins og aðra till., að hún fengi ekki hans atkvæði, svo að ég geri mér von um, að hæstv. ráðh. gæti hugsað sér að greiða okkar till. atkvæði. Ég vil aðeins segja við hann, að það mundi hjálpa til, ef slíkur áhrifamaður léti í ljós við flokksmenn sína og raunar aðra stjórnarflokka, að hann væri fylgjandi því, að þessi till. næði fram að ganga.

Hér hefur aðeins verið lítillega fjallað um landhelgismálið, vegna þess að það hefur verið rætt við önnur

tækifæri, og ég skal ekki halda þeim umr. áfram. En ég vil aðeins að lokum nefna örlítið atvik. Þegar sendiherra Kínverska alþýðulýðveldisins gekk á fund Sigurðar Bjarnasonar ambassadors í Kaupmannahöfn og þakkaði fyrir hjálpina í New York, þá tilkynnti hann, að Kínverjar mundu styðja okkur í landhelgismálinu. Samkv. frásögninni tilkynntu Kínverjar, að þeir vildu styðja okkur í útfærslu í 50—70 mílur. Nú eru Kínverjar greindir menn og sjálfsagt úrvalslið, sem þeir hafa í utanrrn., svo að ég efast ekki um, að þeir hafi kynnt sér málflutning Íslendinga, áður en þeir sögðu þetta. En þeir hafa þá, jafnklókir og þeir eru, skilið málflutning okkar, sem fram hefur farið undir forystu núv. ríkisstj., á þann hátt, að það væru 50—70 mílur, sem fyrir okkur vekti. Ég vil aðeins benda á, að það er ekki einskis virði að fá vitneskju um, að þeir hafi skilið kynningu landhelgismálsins á þennan hátt. Ég vil að lokum benda á, að þetta gefur í skyn, að kynning málsins erlendis ætti ekki að þurfa að standa í vegi fyrir því, að hæstv. ríkisstj. skapaði þjóðareiningu með því að sýna samkomulagsvilja gagnvart till. stjórnarandstöðunnar í þessu eina atriði, ekki sízt þegar a. m. k. við í Alþfl. höfum lýst yfir, að við erum reiðubúnir til að leggja öll önnur deiluatriði í landhelgismálinu á hilluna, ef þetta fengist fram.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka mikinn þátt í þessum umr. Þær eru þegar orðnar alllangar, og mér fannst satt að segja ekki vera verulega mikil ástæða til þess, eins og þær höfðu farið hér fram. En nú í nokkrum síðustu ræðum, einkum af hálfu fulltrúa sjálfstæðismanna, hefur verið vikið sérstaklega að mér nokkrum atriðum og málið augljóslega rætt á nokkuð sérstökum grundvelli, svo að mér þykir ástæða til þess að segja um það nokkur orð. Skiljanlega hefur mestur hluti tímans í sambandi við þessar umr. farið í umr. um hin svonefndu herverndarmál, um hersetumálin öll og um það ákvæði í stjórnarsamningnum, að herverndarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar með það fyrir augum, að herinn verði látinn fara úr landinu. Það þurfti í rauninni engum að koma það neitt á óvart, að það mundi verða þetta atriði, sem tæki hér einna mestan tíma, með hliðsjón af því, hvernig stjórnarandstaðan hefur brugðizt við þessu atriði í stjórnarsáttmálanum í blöðum sínum að undanförnu. Það getur auðvitað heldur ekki farið fram hjá neinum, sem hlýtt hefur á þessar umr., og í rauninni heldur ekki fram hjá neinum, sem lesið hefur það, sem Sjálfstfl. hefur sent frá sér í blöðum sínum um þetta mál, að einn megintilgangur hans með því, sem hann segir og skrifar varðandi þetta mál, er sá að reyna með öllu hugsanlegu móti að leita eftir því, hvort ekki sé nú hægt að koma stjórnarflokkunum í hár saman út af afstöðunni til þessara mála, af því að þeir sjálfstæðismenn vita, að afstaða stjórnarflokkanna til þessara mála hefur á undanförnum árum ekki verið fullkomlega eins og er auðvitað ekki enn þá. Þá snýst leikurinn um það: Er nú ekki hægt að koma þeim saman út af þessu máli? Og svo koma hinar furðulegustu spurningar: Hvað meina þeir, hvað segir þessi, hver á að semja, hvernig á að fara að þessu? Og þeir halda, að þeir hafi slíka menn hér við að tala af hálfu ríkisstj., að þeir snúist í kringum þá vegna allra þessara fávíslegu spurninga. Ein aðferðin er sú að tala mikið um lýðræðisflokka. Auðvitað er þá jöfnum höndum hvíslað að Framsfl. og sagt með öllum mögulegum ráðum: Þú ert þó alltaf lýðræðisflokkur, en hinir ekki. Já, ég held, að maður þekki þessa aðferð, hún er ekkert ný. Það hefur svo sem ekki verið haft mikið á orði stundum eða tíðkaðist ekki fyrir stuttu síðan, að verið væri að eyða miklum tíma í að halda því fram við framsóknarmenn, að þeir væru miklir lýðræðissinnar og í einhverjum sérflokki, — þá voru þeir nú stundum verstir allra í stjórnarandstöðunni. En hvað um það, nú er sjálfsagt að reyna þetta. Það er jafnvel talað hér í þessum umr. um ólíka afstöðu ríkisstj.-flokkanna til landhelgismálsins. Og hér eru haldnar ræður um það, að aldeilis hafi verið munur að heyra, að forsrh. hafi sagt hér í umr. um landhelgismálið, að hann legði aðaláherzlu á samstöðu allra flokka í málinu, en sjútvrh., sem kom í ræðustól, var nú aldeilis ekki á þeim buxunum. Hann vildi bara segja upp samningunum við Breta og Þjóðverja. Af svona málflutningi gætu menn dregið þá ályktun, að ég hafi tekið fram eitthvað allt annað en það, að ég legði áherzlu á, að samstaða gæti skapazt um málið, þó að ég marg-, margundirstrikaði það í mínu máli og það hefði komið hér fram hvað eftir annað í frásögnum af mínum ræðum í blöðum, að ég teldi, að það skipti meira máli en nokkuð annað varðandi það, hvort við næðum fullum sigri í málinu, að full samstaða tækist um afgreiðslu þessa máls á milli allra flokka á Alþ. En samt er þessu haldið fram. Og svo er sagt, að ég hins vegar hamri bara á því að segja upp samningunum við Breta og Þjóðverja og af því ættu menn að skilja, að Framsókn legði enga áherzlu á þetta. Þetta er bara afstaða Lúðvíks Jósepssonar og annarra þeirra, eins og hér er sagt, sem aðeins vilja slíta tengslin við vinaþjóðir okkar í Vestur-Evrópu.

Já, það er ekkert nýtt, að þessu sé haldið fram af forustumönnum Sjálfstfl. Það er ekki aðeins í þessari lotu landhelgismálsins. Það var líka gert á árinu 1958, þá var reynt að telja ekki aðeins landsmönnum heldur einnig útlendingum trú um það, að afstaða mín í landhelgismálinu miðaðist eingöngu við það að sýna Bretum óvináttu, af því að þeir væru NATO-þjóð. Svona lágt lögðust menn þá og leggjast enn, að þeir halda því fram, að sú afstaða, sem ég hef í landhelgismálinu, miðist eingöngu við þetta. Aðrir og þeir sjálfstæðismenn hafa auðvitað hreina samvizku í þessu máli, þó að afstaða þeirra hafi verið sú, að þeir vissu ekkert hvað þeir vildu í málinu allt fram yfir kosningar og þorðu enga fasta tillögu að gera í landhelgismálinu, ekkert annað en setja málið í nefnd. En sem sagt, öllu skal tjaldað að sjálfsögðu, þegar um það er að ræða, að Sjálfstfl. berst um í örvæntingu utan ríkisstj. og verður að gera allt til þess að reyna að komast þangað inn aftur. Og þá er vitanlega ósköp eðlilegt, að Sjálfstfl. vilji í þessari baráttu sinni tala mikið um afstöðu ríkisstj.-flokkanna til þess stóra máls að láta herinn víkja úr landinu, af því að hann veit, að núv. stjórnarflokkar hafa ekki haft fullkomlega sams konar afstöðu til þess máls á undanförnum árum. Og hið sama er svo auðvitað um að ræða í sambandi við afstöðuna til NATO. Þeir vita mætavel, og það kemur skýrt fram í stjórnarsáttmálanum sjálfum, að stjórnarflokkarnir hafa ekki

sömu afstöðu til þess máls. Þeir vita, að við Alþb.-mennirnir erum t. d. algerlega andvígir því, að Ísland sé í hernaðarbandalaginu NATO, og við munum halda áfram að reyna að opna augu landsmanna fyrir því, að það væri heilladrýgst að okkar dómi, að Ísland, herlaust land, stæði utan allra hernaðarbandalaga. En hitt liggur líka jafnljóst fyrir, að Framsfl. er á þeirri skoðun, að við eigum að vera áfram, a. m. k. miðað við óbreyttar aðstæður, í NATO og við vitum, að samningslega erum við þar bundnir og við höfum sætt okkur við það að taka þátt í ríkisstj. miðað við þessar aðstæður. En það er í rauninni algerlega óþarft fyrir þá sjálfstæðismenn að eyða hér löngum tíma í að ræða það, hvað vakir fyrir ríkisstj. í sambandi við hinn svonefnda varnarsamning við Bandaríkin. Þar þurfa sjálfstæðismennirnir ekkert annað að gera en fara í stjórnarsáttmálann og lesa hann. Og svo verða þeir auðvitað að sýna miðlungsdómgreind og skilja mælt mál. Í þessum samningi á milli stjórnarflokkanna segir:

„Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum."

Markmiðið er alveg augljóst. Um það þarf ekki að vera neinn misskilningur. Og síðan er bætt við: „Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu." Allar vangaveltur fram og til baka og allur orðhengilsháttur um það, að þessi hafi sagt þetta eða látið skína í þetta á þessum eða hinum staðnum breytir hér engu um. (**Gripið fram í:** Hvað á þá að athuga?) Veit ekki þessi hv. þm., að það er gert ráð fyrir því í þessum samningi, að farið geti fram endurskoðun á samningnum með það fyrir augum m. a., að honum verði sagt upp eða hann gangi úr gildi, og síðan er gert ráð fyrir í þessum samningi, að takist ekki samkomulag, geti hvor aðili sem er sagt samningnum upp einhliða. Hvað á svo að athuga, þegar það stendur skýrum stöfum, að fara skuli fram endurskoðun með alveg ákveðið takmark í huga? En í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um þessi mál, hafa menn eins og stundum áður verið með allmiklar vangaveltur um það, hvort yfirleitt væri rétt, að erlendur her væri staðsettur á Íslandi eða ekki. Þetta er svo sem ekki nýtt umræðuefni hér á Alþ. Um það hafa farið fram umr. margsinnis áður. Þó að þetta lið hafi heitið varnarliði, þá er nú svo komið eftir allt það, sem á undan er gengið, að sumir af helztu talsmönnum þess að hafa þetta lið hér, eru komnir að þeirri niðurstöðu, að þetta sé í rauninni ekkert varnarlið, og það eru komnar hér upplýsingar fram um það, að ekki séu meira en 120 byssufærir menn þarna suðurfrá, eitthvað um það. Menn segja, að í rauninni sé barnaskapur að tala um það, að þetta lið eigi að verja nokkuð hér, af því að það geti það ekki. Öðruvísi voru nú röksemdir þessara manna varðandi þetta lið fyrir nokkrum árum síðan. En nú er því hins vegar haldið fram, að það sé lífsnauðsyn, ekki aðeins fyrir okkur, heldur fyrir öll NATO-ríkin, að þarna suður á Keflavíkurflugvelli sé sérstakt eftirlitslið, þar fari fram sérstakt eftirlitsflug aðallega til þess að fylgjast með Rússum, til þess að fylgjast, eins og sagt er, með kafbátum þeirra og flugvélum. Endilega þarf að hafa þetta lið þarna, og menn telja það algera fjarstæðu, að þetta eftirlitslið gæti t. d. alveg eins vel verið í Noregi, öðru Atlantshafsbandalagsríki, og skyldi maður þó halda, að það væri alveg eins gott að passa Rússa svona með almennu eftirliti frá Noregi eins og héðan frá Íslandi væri. Nei, það er talin hin mesta goðgá að hugsa sem svo, að þetta afskaplega þýðingarmikla eftirlitslið mætti t. d. staðsetja í Noregi. Norðmenn kveinka sér við því, ef þeir ættu að fara að taka við erlendu herliði, og þeir segja, að ef Íslendingar geri veruleika úr því að láta þetta herlið fara héðan, þá mundi líklega verða leitað á þá, og það væri mjög óþægilegt fyrir þá að fá slíka beiðni. Þetta höfum við lesið um í norskum blöðum, og hér eru auðvitað að sjálfsögðu einnig forsvarsmenn hins ameríska hers og talsmenn þeirra, jafnvel á Alþ., þeir eru einnig á þeirri skoðun, að þetta yrði afskaplega óþægilegt fyrir Norðmenn og alls ekki rétt af okkur að gera Norðmönnum þann grikk, að beiðninni yrði beint til þeirra, og af því sé sjálfsagt, að við sitjum uppi með þennan ófögnuð. En það er auðvitað alveg augljóst, að þegar menn velta þessu máli fyrir sér á þessa lund, hljóta allir að sjá, að þeir, sem mæla því bót að hafa þetta lið áfram í landi okkar, hafa engin rök fram að færa fyrir því, að nauðsynlegt sé að hafa það hér. Þeir hafa engin rök. Því að auðvitað eru rök af þessu tagi fyrir neðan allar hellur, að halda því fram, að nauðsynlegt sé að hafa þetta flugeftirlitslið endilega staðsett á Keflavíkurflugvelli og það geti ekki t. d. alveg eins verið í öðrum NATO-ríkjum. Nei, sannleikur málsins er auðvitað sá, eins og oft hefur verið bent á, bæði í þessum umr. og áður, að Norðmenn halda fast við það, að þeir vilji ekki taka til sín inn í sitt land erlendan her, Danir ekki heldur, en Íslendingum hefur verið þvælt til þess að taka við þessu liði og búa við það.

Það er svo líka athyglisvert í þessum umr. að mínum dómi, að heldur lítið er rætt um það af hálfu þessara manna, sem tala hér einkum um nauðsyn þess að hafa þetta herlið áfram í landinu, það er heldur lítið rætt um það, hver vandkvæði það eru fyrir litla þjóð eins og okkur að hafa erlendan her í sínu landi. Menn hljóta þó að hafa veitt því athygli að undanförnu, að í öllum þessum hræðsluköstum, sem gripið hafa þá sjálfstæðismenn í sambandi við þá tilhugsun, að herinn yrði látinn fara, eru þeir farnir að tala mikið um, að það yrði mikið áfall fyrir marga efnahagslega, að herinn færi. Það er alveg rétt, að það er ein hættan, sem vofir yfir lítilli þjóð, sem býr við erlenda hersetu, að þjóðin verði háð hinu erlenda herliði á marga vegu. Það eru m. a. ýmsir drjúgir peningamenn, sem verða til þess að koma auga á það, að hægt væri að græða á hernum, og þeir verða síðan áróðursmenn fyrir því að halda hersetunni áfram. Þetta hefur gerzt í mörgum löndum, og á þessu hefur borið hjá okkur líka. Og ekki aðeins það. Ýmsir menn, sem eru orðnir vanir því að vinna hjá hernum, hafa kannske komizt upp á ýmsa góða hluti þar og vilja halda því áfram, en verða fyrir vikið háðir hinum erlendu aðilum. Þetta er vitanlega hættulegt fyrir efnahagslegt sjálfstæði einnar þjóðar. Og ef herinn gerist allumsvifamikill, eins og hann hefur gerzt stundum hjá okkur á síðustu tímum, þá geta þessi áhrif orðið stórkostlega hættuleg fyrir raunverulegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Nei, að mínum dómi er athyglisvert í þessu máli, að Sjálfstfl. skuli hafa tekið þessu stefnuskrármáli ríkisstj. á þá lund, sem hann hefur gert. Hann óskapast út í það, að fram skuli eiga að fara endurskoðun á þessum

samningi með það fyrir augum, að herinn fari úr landi á næstu fjórum árum. Og þegar talsmenn Sjálfstfl. fara svo að ræða um hætturnar af því, að herinn verði látinn fara, viðurkenna þeir þessa gömlu yfirlýsingu sína, að hún hafi verið gefin á sínum tíma, — það væri ekki ætlunin, að hér væri her á friðartímum. Og auðvitað verða þeir í orði að játa það, að á friðartímum ætlist þeir ekki til þess, að hér sé erlendur her, af því að þeir vilja ekki verða sannir að því, að sú sé orðin skoðun þeirra, að á Íslandi eigi um alla framtíð að vera erlendur her. En hver er svo sönnun þeirra fyrir því, að það ástand sé ríkjandi í heiminum nú, að þörf sé á því að hafa þetta herlið hér? Þá eru dregin fram dæmi eins og það, að verið sé að berjast austur í Pakistan og það sé stríð í Víetnam og átök séu hér og þar í heiminum. Getur nú nokkur maður tekið dæmi eins og þessi nema sá, sem raunverulega heldur því þá fram, að hér þurfi að vera erlendur her um alla framtíð? Því miður má búast við því, að það verði svo langt fram sem við sjáum, held ég, hætta á því, að einhvers staðar verði skærur eða óeirðir, eins og þarna hafa verið nefndar, en vitanlega geta þær ekki haft nein sérstök áhrif á það, að við þurfum að hafa þetta lið suður á Keflavíkurflugvelli.

Í þessum umr. hefur óneitanlega komið fram ein mjög athyglisverð till. að mínum dómi, og það er sú till., sem kom fram hjá hv. þm. Jónasi Árnasyni um það, að við ættum að beita okkur fyrir því, m. a. á þingi Sameinuðu þjóðanna, að fá þá miklu samkomu til þess að samþykkja það að friðlýsa stórt hafsvæði hér í Norður-Atlantshafi í kringum Ísland, friðlýsa það svæði, banna þar allar hernaðarlegar æfingar stórveldanna, jafnt Sovétríkjanna sem NATO og annarra aðila. Það væri ekki lítils virði fyrir okkur Íslendinga að fá slíka alþjóðlega viðurkenningu og samþykkt, sem okkur snertir. Og má maður ekki vona, að þeir, sem eru mestu stuðningsmenn NATO, sem þeir kalla friðarbandalag, geti verið með því að beita sér fyrir slíkri friðlýsingu? Eða eru þeir kannske hræddir um, að hernaðarsérfræðingarnir í NATO yrðu á móti því, þeir vildu hafa frjálsan völl fyrir sig hérna í kring? Ég held, að þessa till. eigum við virkilega að skoða og það væri sannarlega þess virði, að við flyttum hana á þingi Sameinuðu þjóðanna og reyndum á þann hátt að losa okkur við það hernaðarbauk, sem hér kann að fara fram í æfingaformi enn í kringum okkur.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að ræða hér sérstaklega um landhelgismálið, þó að nokkurt tilefni hafi verið gefið til þess. Allítarlegar umr. um það mál hafa farið fram á Alþ. og þeim er ekki lokið. Þær eiga eftir að fara hér fram næstu daga undir þeim dagskrárlið, en ég vil aðeins segja í sambandi við það, sem hér hefur komið fram varðandi málið, að auðvitað er enginn vafi á því, að eitt það þýðingarmesta, sem við Íslendingar þurfum að gera í þeirri stöðu, sem við höfum nú í landhelgismálinu, er að segja samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja upp, því að þeir eru núna þeirra aðalhaldreipi. Það þýðir ekkert að reyna að loka augunum fyrir þessu. Þeir draga enga dul á þetta sjálfir, að það sé þessi samningur, sem helzt geti orðið þeim til varnar. Og að mínum dómi er það aðeins dæmi um það, hvað hættuleg áhrif geta orðið af öllu þessu hernaðarbauki okkar, þessu samstarfi okkar, vopnlausra manna, í hernaðarbandalaginu NATO. Þeir, sem annars eru einlægir fylgjendur þess, að við Íslendingar getum náð rétti okkar á fiskimiðunum og getum stækkað okkar fiskveiðilandhelgi, geta varla tekið þá afstöðu í málinu, sem þeir vita, að er þó nauðsynlegt að taka landhelgismálsins vegna, af því að þeir eru farnir að ruglast svo í ríminu út af hernaðarbandalagsþátttöku sinni. Auðvitað vitum við, að Bretar og Vestur-Þjóðverjar eru núna hörðustu andstæðingar okkar í landhelgismálinu. Af ýmsum eðlilegum ástæðum eru þeir það. Þó að við Íslendingar séum með Bretum í NATO, megum við vitanlega ekki láta það verða til þess að draga úr okkur kjarkinn í sambandi við landhelgismálið. Það má ekki trufla dómgreind okkar í því máli. Og ég trúi því nú ekki, að það verði heldur þannig í reynd, að það verði nema örfáir áróðursmenn Sjálfstfl., sem halda því fram, að afstaða mín t. d. í landhelgismálinu sé sú sem hún er aðeins vegna fjandskapar míns við NATO. Ég er á móti hernaðarbandalaginu NATO, það er alveg rétt. Ég er á þeirri skoðun, að bezt væri fyrir Evrópu, að bæði þessi stóru hernaðarbandalög, Varsjárbandalagið og Atlantshafsbandalagið, yrðu lögð niður. Ég álít, að við Íslendingar eigum að skipa okkur í hina fjölmennu sveit þjóða, sem telja sig óháðar, sem ekki vilja skipa sér í aðra hvora blokkina, í blokk Bandaríkjanna eða blokk Sovétríkjanna. Og satt að segja fannst mér það heldur nöturlegt að hlusta á það, að hv. 12. þm. Reykv. skyldi segja það hér í ræðu á Alþ., að afstaðan til NATO snerist í rauninni aðeins um það, með hvorum aðilanum í valdabaráttunni í heiminum við værum, hvort við værum með Bandaríkjunum í valdabaráttu þeirra eða með Rússum í valdabaráttu þeirra, sem sagt, það virtist ekki vera neinn vafi á því, að hv. 12. þm. Reykv. ætlaði að skipa sér í aðra þessa sveit, sem sagt í valdabaráttublokk Bandaríkjanna. Ég álít, að þetta sé hin versta afstaða. Við Íslendingar eigum einmitt að taka þá afstöðu í heimsmálunum að skipa okkur í hóp hinna óháðu ríkja, ekki ánetjast valdablokkum stórveldanna. Og það er enginn vafi á því, að sá tími er nú að koma, að þessar stóru valdablokkir stórveldanna setja ofan á alþjóðavettvangi og valdaaðstaða einmitt hinna óháðu ríkja verður meiri, mun hafa meiri áhrif á stjórnmálin í heiminum. Og það verður m. a. þannig í okkar stóra landhelgismáli, að það verður einmitt fyrir áhrif þessa stóra hóps, hins óháða hóps, sem mest mun styðja okkar málstað, en ekki áhrif frá valdablokkum stórveldanna, að þetta mál verður leitt til lykta.

Ég þarf svo ekki að eyða hér lengri tíma til að ræða þessi mál. Ég tel, að sú stefna, sem hér hefur verið túlkuð af hálfu ríkisstj. almennt séð í utanríkismálum, sé skýr og ákveðin og enginn þurfi neitt að efast um, að hverju þar er unnið. Og ég álít, að allar tilraunir sjálfstæðismanna til þess að valda óeiningu um þessi mál í liði ríkisstj. séu dæmdar til að mistakast.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa svarað tveim spurninga minna. Ég hafði að vísu vænzt þess, að hann svaraði þeim fleirum, eins og ég mun síðar rekja. Hann svaraði fyrst fsp. minni varðandi ráðherranefndina og taldi, að engin breyting hefði

orðið á verkaskiptingu ráðh. þrátt fyrir skipun hennar. Nú háttar svo til, að utanrrh. hefur nokkra sérstöðu í varnarmálum og að því er snertir ráðherravald á Keflavíkurflugvelli. Undir utanrrh. falla sem sagt öll mál annarra ráðh., þegar um Keflavíkurflugvöll er að ræða. Hann hefur þess vegna dómsmálaráðherravald, atvinnumálaráðherravald, samgöngumálaráðherravald á Keflavíkurflugvelli og að því er snertir varnarliðið. Það er þess vegna e. t. v. rétt, að það hefur ekki verið gefin út breyting á tilkynningu um verkaskiptingu ráðh., eftir að hin svokallaða ráðherranefnd var skipuð. En í reynd er það svo, að hér eftir fjalla þrír ráðh. um varnarmálin, sem utanrrh. á einn um að fjalla.

Hin spurningin var um það, hvort búið væri að taka ákvörðun um brottför varnarliðsins, og mér þykir vænt um það, að hæstv. utanrrh. svaraði, að ekki væri búið að taka ákvörðun um brottför varnarliðsins, sú ákvörðun mundi ekki verða tekin fyrr en að lokinni ítarlegri könnun, sú könnun yrði lögð fyrir Alþ. og Alþ. mundi fjalla um málið. Ég skal þess vegna ekki elta ólar við hæstv. utanrrh. um það, hvort Vísir hafi ekki að öllu leyti farið rétt með ummæli hans í viðtali hans og þess dagblaðs, og ég skal heldur ekki elta ólar við hæstv. utanrrh. um það, hvort misræmi hafi verið á milli yfirlýsinga hans á fundi framsóknarmanna í Keflavík og fundi Varðbergs hér í Reykjavík með örfárra daga millibili. Aðalatriðið er, að þetta er svar hæstv. utanrrh., það er ekki búið að taka ákvörðun um brottför varnarliðsins. Sú ákvörðun verður ekki tekin fyrr en að aflokinni ítarlegri könnun, og sú könnun verður lögð fyrir Alþingi. Þessari yfirlýsingu ber að vísu ekki saman við yfirlýsingu stjórnar Sambands ungra framsóknarmanna, og þess vegna situr hæstv. utanrrh. undir sömu snuprum og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, fékk frá þeim samtökum ungra framsóknarmanna, eins og birtist í Tímanum. En það er aukaatriði út af fyrir sig. Meginatriðið er, að hæstv. utanrrh. og hæstv. viðsk.- og sjútvrh. ber engan veginn saman, eins og hv. þm. heyrðu hér áðan af ræðu hæstv. viðskrh. Og hæstv. viðskrh. hélt sig við það, sem hann sagði í Þjóðviljanum eða Þjóðviljinn hefur eftir honum í dag. Hæstv. viðskrh. var að vísu hálfhvumpinn við öllum þessum spurningum og fsp. frá þm. og taldi slíkar fsp. algeran óþarfa, og hann lýsti því yfir meira að segja, að hann hefði alls ekki ætlað sér að svara þessum fsp. Það er sú virðing, sem hann sýnir Alþ. og þingbræðrum. En það er á öðrum vettvangi, sem hann taldi sér skylt að svara. Það var á landsfundi Alþb., og það var auðvitað vegna þess, að fyrirspyrjandinn var enginn annar en Brynjólfur Bjarnason. Það er e. t. v. von, að þessum hæstv. ráðh. standi nokkur stuggur af þessum gamla þingbróður sínum, Brynjólfi Bjarnasyni, en ég man ekki betur en það hafi verið einmitt þessi ágæti fyrrv. þm., sem lýsti því yfir einu sinni í þessum sölum, að það mætti gjarnan skjóta eins mikið og vildi hér á Íslandi, ef það væri eingöngu í þágu sigurs sósíalismans í heiminum. Þá skilur maður kannske betur alvöruna í því hjali og í því ábyrgðarlausa tali, þegar fulltrúar Alþb. koma hér og tala um, að við eigum auðvitað ekki að taka þátt í varnarbandalögum.

Í þessu skrifi Þjóðviljans, sem eftir hæstv. viðskrh. er haft, stendur, með leyfi forseta:

„Ég get ekki fullyrt, að það sé rétt haft eftir utanrrh., að fyrst skuli fara fram rækileg athugun á aðstöðu hersins hér á landi og síðan eigi að taka ákvörðun um brottför hans eða áframhaldandi dvöl hans hér," sagði Lúðvík. Þetta getum við þm. fullyrt, að er alveg rétt eftir hæstv. utanrrh. haft. Þjóðviljinn heldur áfram að vitna til viðskrh., Lúðvíks Jósepssonar: „En hér er haldið fram algerlega rangri túlkun málefnasáttmálans." Sem sagt, hæstv. viðskrh. segir hæstv. utanrrh. túlka málefnasamning stjórnarinnar algerlega ranglega. Þetta finnst mér alvarlegar ásakanir fyrir hæstv. utanrrh. að sitja undir og alvarlegar ásakanir af hálfu hæstv. viðskrh. að saka ráðherrabróður sinn um.

Hæstv. utanrrh. vék svo nokkuð að því, sem ég hafði um viðskiptabandalög að segja og afstöðu Framsfl. til EFTA. Hann afsakaði Framsfl. fyrir það að hafa setið hjá í atkvgr. um inngöngu Íslands í EFTA-viðskiptabandalagið og sagði, að svo væri nú hagur Íslendinga af EFTA-aðildinni eftir allt saman sennilega ekki ýkjamikill, — og hvað kæmi í staðinn og hvaða lönd hjálpuðu okkur í EFTA? Ég vil þá vitna til hæstv. viðskrh. og þess, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér á þingi í dag, að hæstv. viðskrh. finnst svo mikilvægt, hvað kemur í staðinn fyrir EFTA og hvernig við eigum að snúast við því, að EFTA verður e. t. v. ekki eins stórt og sterkt viðskiptabandalag eftir stækkun Efnahagsbandalagsins og áður, að hann hefur óskað eftir því, að EFTA-nefndin, sem starfandi var hér með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkunum, héldi áfram störfum til þess að kanna, hvernig bregðast ætti við hinum breyttu viðhorfum. Ef EFTA-aðildin er einskis virði, um hvað á þá að tala?

Þá hefur hæstv. utanrrh. og reyndar ýmsir aðrir ræðumenn hér í dag fjallað nokkuð um þáltill. okkar sjálfstæðismanna um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands. Þar er því haldið fram, að hún sé ólýðræðisleg, af því að hún geri ráð fyrir því, að hluti alþm. hafi ekki fulltrúa í þeirri nefnd eða hafi ekki fulltrúa í þeim viðræðum, sem þar er gert ráð fyrir, að fari fram. Menn verða að athuga það, að forsenda fyrir þessari till. okkar sjálfstæðismanna um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands er sú, að við styðjum áframhaldandi þátttöku Íslendinga í og aðild að Atlantshafsbandalaginu. Forsendan er áframhaldandi stuðningur við varnarbandalag Atlantshafsþjóðanna, og það er gengið út frá því, að það skipti fyrst og fremst þá máli, sem styðja áframhaldandi þátttöku okkar í því bandalagi, hvernig fer um fyrirrætlanir, hvernig þeirri aðild skuli háttað og hvernig vörnum skuli háttað á grundvelli þeirrar þátttöku. Það er í raun gert ráð fyrir því, að þeir menn, eins og t. d. fulltrúar Alþb. hér á þingi, sem líta á þátttöku í Atlantshafsbandalaginu því sem næst sem landráð, hafi engan áhuga á því að fjalla um, hvernig þátttöku okkar sé varið. Og það kemur mér satt að segja á óvart að heyra þann áhuga þeirra einstakra að þessu leyti. En þó eru það aðallega aðrir stjórnarsinnar en Alþb.-þm., sem hafa haft þetta við till. okkar að athuga. En spyrja má, þegar sagt er, að þessi till. sé ólýðræðisleg, hvort t. d. landhelgisnefndin í Genf hafi verið ólýðræðisleg, vegna þess að þar voru aðeins fulltrúar stjórnarflokkanna, eða viðræðunefndirnar í London og Bonn, vegna þess að þar voru aðeins fulltrúar tveggja þingflokka. Er þriggja manna nefnd kosin í Sþ. ólýðræðisleg, af því að allir stjórnmálaflokkar eða

þingflokkar hafa ekki fulltrúa í henni? Auðvitað getur Alþingi Íslendinga ákveðið að skipa eða kjósa nefnd eða viðræðunefnd eða fulltrúa til viðræðna með þeim hætti, sem Alþ. sjálft ákveður, og það, sem sker úr, hvort um lýðræðislega aðferð er að ræða, er það, sem Alþ. ákveður, og ef Alþ. ákveður, að þetta skuli vera fyrirkomulagið, þá verður að ganga út frá því, að það sé gert með meiri hluta atkv. hér á Alþ.

Þá hefur hæstv. utanrrh. sérstaklega kallað sér til vitnis og varnar í sambandi við andsvar við till. okkar sjálfstæðismanna hæstv. fyrrv. utanrrh., Guðmund Í. Guðmundsson, og vitnað til þess, sem hann hafi sagt hér 1956. Ég vissi ekki, að hæstv. utanrrh. teldi þann fyrirrennara sinn slíka fyrirmynd. Og víst er um það, að þegar rætt var um samninga við Bandaríkjamenn 1946 og 1949, 1951 og 1954, þá voru í þeim viðræðum fulltrúar þeirra flokka, sem aðhylltust, að ráðstafanir væru gerðar til varna á Íslandi.

Það er haft eftir þessum fyrrv. utanrrh., að venjan hafi verið sú, að ríkisstj. skipaði slíka nefnd. Það má vel vera, en ég hygg, að það sé ekkert á móti því, að Alþ. geri það, og það, sem einu sinni hefur verið, þarf ekki ávallt að standa, og það verður í það minnsta að synja breytinganna með rökum af ákveðnum ástæðum. Helzta ástæðan fannst mér koma fram hjá hæstv. utanrrh., þegar hann sagði, að ekki væri traustvekjandi fyrir hann að vera ekki sterkari á svellinu en svo í samningaviðræðunum við gagnaðila, að Alþ. þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla honum aðstoðarmanna. Ég tel þetta hins vegar mjög mikinn misskilning hjá hæstv. utanrrh. og bið hann um að endurskoða þessa afstöðu sína, sérstaklega með tilliti til þess, að hann telur það ekkert vantraust á sig, að tveir ráðh. séu sérstaklega settir honum sinn til hvorrar handar til að fjalla um varnarmálin almennt. Hann spurði að vísu, í gamni skildist mér þó, hvort það væri nokkuð betra, að fjórir ráðh. fjölluðu um þessi mál en tveir. En ég vil þá, svo að gamninu sé haldið áfram, spyrja, hvort það sé ekki verra að vera einn á móti tveimur heldur en ef væru kannske þrír á móti fjórum, að ég tali nú ekki um að vera í meiri hl. og vera einn af fjórum á móti þrem. En opinberlega hefur verið frá því skýrt, að atkvgr. hafi farið fram í ríkisstj. um það, hvort leyfa skyldi tilteknar framkvæmdir af hálfu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og það hafi verið samþykkt í ríkisstj. með 4:3 atkv. Þetta er nú kannske hreinskilnislega sagt ástæðan til þess í raun og veru, að þrátt fyrir allt teljum við þessi mál betur komin í höndum fyrst og fremst hæstv. utanrrh. og í öðru lagi í höndum allrar ríkisstj. fremur en sérstök slík ráðherranefnd sé skipuð. Og víst er um það, að þrátt fyrir það, að hæstv. utanrrh. hefur verið inntur eftir þeim fordæmum, sem eru fyrir slíkri ráðherranefndarskipun og hann taldi vera fyrir hendi, þegar 1. þm. Reykv. spurðist fyrir um þetta utan dagskrár hér á Alþ., þrátt fyrir það, að hann hafi spurt um, hver þessi fordæmi væru, þá höfum við ekki fengið að heyra þau. Það má vel vera, að ekki hafi nægilegt samstarf og samvinna verið höfð við framsóknarmenn á því tímabili, sem þeir voru utan ríkisstj. og í stjórnarandstöðu, um varnarmálin. Ég er ekki nægilega kunnugur því, og get því ekkert um það sagt. En hæstv. utanrrh. sagði, að framsóknarmenn eða fulltrúar þeirra hefðu verið reknir úr varnarmálanefnd, og þá er spurningin, — af hverju? Ég hygg, að fyrirmyndar hæstv. utanrrh. sé nú helzt að leita hjá þeim, sem hann vitnaði til, fyrrv. utanrrh. Guðmundi Í. Guðmundssyni, en bið um leiðréttingu, ef ég hef þann mann fyrir rangri sök. Ég er ekki hugsanalesari, en mér er ekki grunlaust, að það hafi flogið í hug hæstv. utanrrh. að hafa sama háttinn á, þegar hann tók við störfum, þótt hann hafi hugsað sig betur um og talið rétt að halda fulltrúum lýðræðisflokkanna í varnarmálanefnd. Og ef það er svo voðalegt að gera till. hér á Alþ. um að tilnefna fulltrúa flokka, sem styðja áframhaldandi aðild að Atlantshafsbandalaginu, og ganga þannig fram hjá væntanlega fulltrúum Alþb., af því að við höfum ekkert heyrt um afstöðu Frjálslyndra og vinstri manna enn þá til Atlantshafsbandalagsins, ef það er svo voðaleg synd, þá spyr ég, drýgir ekki hæstv. utanrrh. synd, ef hann býður ekki fulltrúum allra þingflokka aðild í varnarmálanefndinni?

Ég tel rétt að geta hér nokkurra till., sem fram hafa komið. Ég vil fyrst nefna þá ábendingu, sem fram hefur komið frá hv. 8. landsk. þm. um það, að æskilegt væri, að við Íslendingar hefðum samráð og samband við þær þjóðir, sem eiga lönd að Norðaustur-Atlantshafi, Norðmenn og Dani, að því er mér skildist sérstaklega, til þess að ráðgast um það við þær, hvernig við gætum bezt komið fyrir vörnum á þessu svæði og gert sameiginlegar ráðstafanir e. t. v. Ég held, að þetta sé athyglisverð till. og vil taka undir þessa ábendingu hv. 8. landsk. þm. Í þessu sambandi tel ég rétt að geta þess, að á fundi þingmannasambands Atlantshafsríkjanna í Ottawa í haust bar það á góma, að sérstök undirnefnd yrði skipuð af þingmannasambandinu til þess að kanna varnarstöðu bandalagsríkjanna á Norðaustur-Atlantshafi. Það var boðað, að slík nefnd mundi heimsækja Ísland, og beðið um að kanna, hvort hún mundi ekki vera velkomin hingað, en um leið var boðið, að við Íslendingar ættum aðild að slíkri nefnd. Ég hef aðeins lauslega nefnt þetta við hæstv. utanrrh. ásamt með formanni þingmannasendinefndarinnar, hv. 4. þm. Vestf., og vonast til þess, að þessi ábending verði einnig tekin til vinsamlegrar athugunar.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega frekar um till. okkar sjálfstæðismanna, sem raunar er ekki á dagskrá undir þessum dagskrárlið, en tel rétt að benda á, að hún fer í engu í bága við till. þm. Alþfl. á þskj. 62, sem fjallar um athugun á öryggismálum Íslands.

Það er e. t. v. rétt, áður en ég lýk máli mínu, að víkja nokkuð frekar að ræðu hæstv. viðskrh., en hann drap nokkuð á gildi varnarbandalaga og Atlantshafsbandalagsins sérstaklega annars vegar og hins vegar á gildi varnarliðs hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mjög gagnlegt, að hér fari fram umr. um þessi efni, og ég gerði tilraun til þess í minni fyrri ræðu í þessum umr. að fjalla um málin á þessum grundvelli. Er nauðsyn fyrir Íslendinga að taka þátt í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna? Ég svaraði þeirri spurningu með því að rifja upp aðdraganda þeirrar bandalagsstofnunar og skal ekki ítreka þá sögu. Þær forsendur, sem voru fyrir stofnuninni, eru enn við lýði og sú staðreynd blasir við, að vegna starfs þessa varnarbandalags er e. t. v. ekki eingöngu búinn að vera friður í okkar heimshluta þau 21 ár, sem bandalagið hefur starfað, heldur eru nú ýmis teikn, sem benda til þess, að lengra náist í þeirri við-

leitni að koma á friðvænlegra ástandi í Evrópu en verið hefur allt frá stríðslokum. Ég hygg, að þessar staðreyndir sanni gildi þátttöku okkar í þessu bandalagi. Að því er dvöl varnarliðsins snertir vil ég aðeins geta þess um leið og ekki skorast undan að svara utanrrh., — en hygg þó, að ég verði að fá að ná í handrit af ræðu minni frá því í dag, til þess að geta svarað þeirri spurningu, — þar sem hann spurði mig, hvort ég væri þeirrar skoðunar, að herinn mætti aldrei fara. Ég sagði mjög greinilega í ræðu minni á þessa leið, með leyfi forseta:

„Auðvitað er það eðlileg ósk okkar að komast hjá því, ef mögulegt er, að hafa erlent varnarlið hér á landi, alveg eins og aðrar lýðfrjálsar þjóðir reyna að komast af með sem lægst útgjöld til varnarmála og sem stytzta herskyldu ungmenna sinna."

Ég tel sjálfsagt að ganga út frá því sem forsendu, að helzt viljum við vera án þess að hafa varnarlið hér á landi, en ég tel það hins vegar litla kvöð fyrir Íslendinga að hafa varnarlið hér á landi til þess að tryggja öryggi og frelsi sitt. Og það er svo lítil kvöð miðað við það, sem aðrar þjóðir verða að leggja á sig til þess að tryggja öryggi og frelsi sitt, að við Íslendingar metum þá lítils frelsi okkar og öryggi, ef við erum ekki reiðubúnir að taka þá kvöð á okkur.

Ég reyndi í minni fyrri ræðu að rifja upp forsendurnar fyrir því, af hverju við hefðum óskað eftir varnarliði hingað til lands 1951 og af hverju vinstri stjórnin 1956 hætti við að óska eftir brottför þess, og líkti ástandinu nú við þær forsendur, sem lágu fyrir þessum báðum ákvörðunum. Ég komst að þeirri niðurstöðu, sem ekki hefur verið mótmælt hér, að hafi þessar ákvarðanir verið réttar, annars vegar 1951 að gera varnarsamninginn við Bandaríkin og hins vegar rétt sú ákvörðun vinstri stjórnar 1956 að hætta við að óska eftir brottför varnarliðsins, þá bentu öll ummerki í heiminum í dag til þess, að óráðlegt væri að óska eftir brottför varnarliðsins nú, að ég tali nú ekki um að tímasetja það og segja, að það skuli gert innan fjögurra ára. Þessi bjargfasta skoðun mín þýðir hins vegar ekki, að ég telji ekki sjálfsagt á hverjum tíma að hyggja að þessum málum, taka þau til endurskoðunar og fylgjast með öllum aðstæðum í þeim efnum, sem okkur snerta og geta haft áhrif á forsendur fyrir áframhaldandi dvöl varnarliðsins, fylgjast með öllum breytingum í heiminum og átta sig á því, hvort við þurfum að óska eftir meiri vörnum okkar landi og þjóð til handa eða hvort óhætt sé að draga úr þeim. Mér þykir leitt, að því er snertir umr. um varnarmálin og þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, að umr. gátu ekki bundizt meira við þessi atriði, sem ég tel sjálfsagt að ræða hér á Alþingi Íslendinga, sem ég tel sjálfsagt, að séu ávallt til meðferðar, þannig einnig að við getum gefið þjóð okkar kost á að fylgjast með skoðunum okkar í þessum efnum og stefnumörkun. Og þá vil ég að lokum lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hér hefur ýmsum spurningum ekki verið svarað.

Það hefur að vísu komið fram, að ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu, en ekki í hverju sá ágreiningur er fólginn, nema að því leyti, sem skýrt er, að Alþb. vill ekki þátttöku í bandalaginu, en Framsfl. vill áfram taka þátt í bandalaginu. Við höfum ekki fengið nein svör af hálfu formælenda SF við því, hver afstaða þeirra er til áframhaldandi þátttöku í Atlantshafsbandalaginu.

Því hefur ekki heldur verið svarað, hvort það hefur borið á góma innan ríkisstj. eða t. d. við samningu málefnasamningsins, hvort um það hafi verið rætt að segja Ísland úr varnarsamtökum Atlantshafsríkjanna að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, en þessi spurning er borin fram af fullu tilefni af því orðalagi, sem er að þessu leyti í málefnasamningnum.

Þá hefur það komið fram, að ágreiningur er milli hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., væntanlega fyrir hönd þessara flokka, um túlkun á málefnasamningnum, eins og ég gat um þegar í upphafi þessarar ræðu minnar, en hins vegar hefur ekki komið hér fram í umr., hver skoðun hvers stjórnarflokksins um sig væri að þessu leyti eða hver væri skoðun hvers ráðh. fyrir sig. Ég hlýt að vekja athygli á því, sem hér vantar á, að fullar skýringar hafi verið gefnar í svo mikilvægu máli sem hér hefur verið til umr., og ég tel ástæðu til að spyrja þessara spurninga áfram, þar til svar fæst, því að það er ekki eingöngu Alþingi Íslendinga, sem á kröfu til þess, að afstaða þm. sé heyrinkunn, heldur og þjóðin öll.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég verð nú að biðja hv. 2. þm. Reykv. velvirðingar á því, að ég hef ekki numið allar hans mikilvægu spurningar í ræðu hans í dag, þannig að eitthvað hefur orðið út undan hjá mér í svörum. Kannske er hægt að bæta úr því, því að umr. er engan veginn lokið. Og umr. eiga vafalaust eftir að verða um þessi mál, m. a. fyrir tilstilli þessa hv. þm.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með karpi við hv. 2. þm. Reykv. um það, sem hann býr sér til að sé ágreiningur innan ríkisstj. um skilning á málefnasamningi hennar. Ef hann getur ekki skilið það, sem hér hefur verið sagt um það, þá er trúlega ekki á mínu valdi að sannfæra hann eða leiða hann í sannleika um þetta atriði. En það, sem ég sagði og ég hygg, að allir séu sammála um, er það, að endurskoðun hefur verið ákveðin í því augnamiði, að herinn fari í áföngum, en uppsögn fer ekki fram fyrr en eftir þá könnun, sem yfir stendur, og á grundvelli hennar. Ég hef ekki heyrt nein mótmæli við þessu frá neinum ráðh. eða neinum stuðningsmanni stjórnarflokkanna, og þess vegna held ég, að hv. 2. þm. Reykv. ætti að geta tekið þetta gott og gilt. En það var ekki til þess að karpa um þessi atriði, sem ég kvaddi mér hljóðs aftur, og ég skal reyna að hafa þessa ræðu ekki langa og gefa ekki tilefni til þess að lengja umr. að neinu marki. En áður en ég vík að því atriði, sem var ástæða til þess, að ég stóð upp alveg sérstaklega, þá vil ég þó leyfa mér að víkja örfáum orðum að þeim ræðum, sem haldnar hafa verið síðan ég talaði hér síðast.

Hv. 12. þm. Reykv. tók mjög undir það, sem hún hafði eftir hæstv. viðskrh., að ástæða væri til að glæða þjóðernisskilning á mikilvægi varnarmálanna. Ég fagna því, að hv. 12. þm. Reykv. hefur þessa skoðun og vill, að þessi mál verði athuguð meira og meira rædd en þau hafa verið undanfarið. Það eru mismunandi skoðanir á varnarmálum, það er vissulega alveg rétt, og umr., sem hafa farið fram um þau hingað til, hafa fyrst og fremst verið með tvennu móti. Annars vegar þannig, að hér þyrfti að vera her og það þyrfti ekkert að athuga

það. Hins vegar úr hinni áttinni, að hér mætti ekki vera her, hann yrði að fara á morgun og það þyrfti heldur ekkert að athuga það. Þriðja leiðin, ef svo mætti segja, er sú, sem mikill meiri hluti Íslendinga áreiðanlega vill, og það er sú leið, sem þessi ríkisstj. er að reyna að fara, það er að athuga það, hvort hér eigi að vera her. Og fleiri ríkisstj. hafa athugað það, segir hv. 1. þm. Reykv. Það kann vel að vera, að aðrar ríkisstj. hafi eitthvað kannað þetta, en það hefur farið ákaflega lítið fyrir því, að almenningur hafi fengið að vita um þær niðurstöður eða um þær kannanir, ákaflega lítið.

Hv. 2. þm. Reykv. (GH) talaði um það sem röksemdafærslu fyrir till. sjálfstæðismanna um meðferð öryggismála, að það væri alveg sjálfsagt að skipa þá nefnd, eins og þar er gerð grein fyrir, vegna þess að það væri verið að tala um að skipa nefnd manna, sem allir væru sammála, og það væri, að manni skildist, fullkomnasta tegund lýðræðis, sem hann gæti hugsað sér. Á þá að taka upp þau vinnubrögð hér á Alþ. að skipa aldrei í nefndir um einstök mál aðra en þá, sem eru sammála fyrir fram um niðurstöður? Það hygg ég, að kæmi sér ekki vel fyrir hv. núv. stjórnarandstæðinga, að þau vinnubrögð yrðu tekin upp hér á Alþ., og satt að segja trúi ég því ekki, að hv. 2. þm. Reykv. vilji í raun og veru gerast talsmaður þess, að það eigi ekki að vera í nefndum kosnum af Alþ. aðrir en þeir, sem fyrir fram er vitað, að eru sammála um niðurstöður. Þetta verkar ekki sannfærandi á mig. (**GH:** Þetta voru ekki mín orð.) Þetta var inntakið í rökstuðningi hv. þm., að það, sem mælti með því, að farin yrði sú leið, sem till. sjálfstæðismanna gerir grein fyrir, að það væri verið að safna í þá nefnd, enda er till. beinlínis um það, þeim mönnum, sem væru fyrir fram sammála því og sannfærðir um það, að Íslendingar ættu að vera í NATO. (**Gripið fram í:** Já, en hún á ekki að fjalla um aðild að NATO. Hún á að fjalla um fyrirkomulag aðildar, en ekki um, hvort við erum í NATO eða ekki.) Nei, en þetta er samt nefnd, sem er þannig sett upp, eins og ég var að lýsa, að í henni eru menn, sem eru sammála um niðurstöður, ganga út frá sama sjónarmiðinu. Ég get ekki fallizt á, að þetta séu lýðræðisleg vinnubrögð eða breyting í lýðræðisátt að taka upp þessi vinnubrögð, og það hygg ég, að hv. 2. þm. Reykv. hljóti að sjá, þegar hann hugleiðir málið betur. Ég þekki hann það vel, að hann hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, þegar honum gefst tóm til þess að hugleiða málið í ró og næði.

Hann minntist á, hv. 2. þm. Reykv., að framsóknarmenn hefðu að sönnu verið reknir úr varnarmálanefnd, hann gat nú ekki neitað því, en kom því að, að það hefði verið ráðh. Alþfl., sem það gerði. Það er algert heimilismál hjá þeim sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum, hver réð þeirri tilhögun, og það er sjálfsagt alveg rétt munað hjá hv. 2. þm. Reykv., að hæstv. þáv. utanrrh. hét Guðmundur Í. Guðmundsson og var úr Alþfl., enda er það ekkert atriði í mínum huga, hvað sá maður hét, sem þetta gerði. Hitt er staðreynd, að fyrrv. ríkisstj. gerði þetta, og á sama tíma sem fyrir liggur, að það var gert, þá þýðir vitanlega ekki að halda því fram á þskj. nú, að fullt samráð hafi ævinlega verið haft milli svokallaðra lýðræðisflokka um framkvæmd varnarmála, það fær ekki staðizt og stenzt ekki.

Ég hef engan rekið úr varnarmálanefnd. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hann er ekki hugleskari og það get ég virt honum til betri vegar að vera ekki. Það er ég ekki heldur. En verkin sýna, að þeir menn, sem voru í varnarmálanefnd, eru þar enn, þ. á m. sá maður, sem sérstaklega var settur í varnarmálanefnd sem fulltrúi Sjálfstfl. þar. Vegna þess að Alþfl. fór með þessi mál, þá þótti eðlilegt, af því að það var samstarf í ríkisstj. milli Alþfl. og Sjálfstfl., að Sjálfstfl. hefði sérstakan fulltrúa í þeirri nefnd og þannig er það í samstarfi, að menn verða að tala saman. Ég er ekki að lasta þetta, að Sjálfstfl. setti þarna mann, ég tel það sjálfsagt. En þessi var ástæðan. Hv. 12. þm. Reykv. talaði um, að hér væri ekki farið inn á nýja braut með að kjósa þá nefnd, sem sjálfstæðisþingmenn leggja til. Ég vitna til þess, sem ég áðan sagði, að það er farið inn á nýja braut með þessu. 1956 var sams konar till. fyrir Alþ. Þá rakti páv. utanrrh. það, að í þau skipti, sem samið var við Bandaríkjamenn, 1946, 1949, 1951 og 1954 hafi ekki verið kosin sérstök nefnd til þess að fjalla um þau mál með þeim hætti, sem þá var lagt til, sama hætti og nú er lagt til að mestu leyti. Og páv. 1. flm. að þessari till. játaði þetta. Árið 1956 var þessi nefnd ekki kosin, og þess vegna er það í fullu gildi, sem ég sagði áðan, að það er verið að fara hér inn á nýjar brautir, því verður ekki á móti mælt.

Ég skal svo reyna, eins og ég sagði, að stytta þetta eins og ég mögulega get til þess að tefja ekki tímann meira en þarf, en það, sem ég ætlaði að leiðrétta hér og varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs á ný, er það, sem hv. 2. þm. Reykv. hafði eftir dálki einum í Morgunblaðinu, sem satt að segja er nú þekktari fyrir annað en áreiðanleik, um það, að farið hefði fram atkvgr. í ríkisstj. um tiltekin varnarmál. Þessi frásögn Morgunblaðsins er algerlega röng. Í ríkisstj. hefur engin atkvgr. farið fram um þau mál, sem þar voru tilgreind, tilteknar framkvæmdir varnarliðsins hér. Þær upplýsingar, sem Morgunblaðið birti um það og af því tilefni, eru algerlega úr lausu lofti gripnar. Svo er um fleira, sem í því blaði birtist um þessi mál, og ég vil taka hv. alþm., og sérstaklega jafngrandvörum alþm. eins og ég þekki hv. 2. þm. Reykv. að að vera, vara fyrir því að trúa að órannsökuðu máli því, sem þarna segir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það hefur nú þynnzt á ráðherrabekkjum. Alveg sérstaklega finnst mér þó óviðunandi, að haldið sé áfram ræðum um skýrslu utanrrh. um utanríkismálin og varnarmálin, án þess að forsrh. sé viðstaddur, og einkum vegna þess, að hér hefur borið mjög mikið á milli í skilningi einstakra ráðh. á því, hvað felist í stjórnarsamningnum, og ég verð að leita eftir úrskurði hæstv. forsrh. um það, hvor þessara aðila skilur stjórnarsamninginn rétt. Meðan hæstv. forsrh. er ekki við, tel ég ekki viðkunnanlegt, að þessum umr. sé haldið áfram.

Forseti (EystJ): Ég vil beina því til hv. þm., að hér á dagskránni næst á eftir er þáltill. um öryggismál Íslands, og 12. mál er einnig till. um öryggismál Íslands, þannig að á næstunni hefur hann fleiri en eitt tækifæri til þess að ræða þessi efni sérstaklega við hæstv. forsrh. Og ég sé því ekki ástæðu til þess að úrskurða, að umr. skuli hætt eða frestað. Nú hafði hv. þm. kvatt sér hljóðs, og hv. 1. þm. Reykv. hefur því orðið.

Ég vil aðeins bæta því við, að ég tel vel fyrir séð, ef hæstv. utanrrh. er hér við umr., og vona, að hv. þm. fallist á það.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég harma, að það skuli vera eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. forseta Sþ. að verða ekki við tilmælum um það, að umr. sé frestað til þess að hæstv. forsrh. geti verið hér við, þegar rædd er skýrsla utanrrh. Íslands um utanríkismál landsins. Og ég tel í raun og veru, að það komi ekkert málinu við, hvort umr. eiga að fara fram um önnur mál, og hér dugar heldur ekki, að hæstv. utanrrh. sé við, því að ég vil fá að vita frá hæstv. forsrh., hvort hæstv. utanrrh. skilur stjórnarsamninginn rétt eða viðskrh., því að hvor um sig hefur gefið alveg gagnstæðar upplýsingar um það, hvað í þessum samningi felst, og ég skal þá byrja aðeins að víkja að því.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt og endurtekur það nú, að uppsögn fari aðeins fram eftir endurskoðun og á grundvelli endurskoðunar. Hæstv. viðskrh. hefur sagt, og það stendur eftir honum í blöðum í dag, að uppsögnin fari fram alveg óháð því, hver niðurstaða endurskoðunar verði. Hér þurfa þm. og þjóðin að fá að vita, hvor er að fara með rétt mál. Hæstv. viðskrh. sagði, að svo ákaflega auðvelt væri að skilja samninginn, stjórnarsáttmálann, aðeins að lesa stjórnarsáttmálann og sýna miðlungsgreind. Ja, hvorn þessara hæstv. ráðh. skortir miðlungsgreindina?

Formaður Alþb. sagði í sjónvarpinu í kvöld, — það var rætt þar við hann eftir þing Alþb., og hann er þó formaður eins af stjórnarflokkunum, — hann sagði, að staðið yrði við það meginákvæði stjórnarsáttmálans, að herinn hverfi úr landi á næstu fjórum árum. Þetta var rétt áður en fundur byrjaði hér. Hér hafa þess vegna mjög stangazt á umsagnir ráðh., eins og fyrri daginn frá því að ríkisstj. var mynduð, um það, hvað felist í sjálfum stjórnarsáttmálanum. Og einn af hv. þm. Framsfl., Jón Skaftason, hefur gefið ákveðna skýringu á stjórnarsáttmálanum, — að það fari auðvitað eftir niðurstöðum endurskoðunar, hvort varnarliðið verði látið hverfa hér úr landi eða ekki. Hæstv. utanrrh. sagði annað á fundinum í Keflavík, en hann sagði það sama og þessi þm. Framsfl. á Varðbergsfundi, og hann endurtók það hér. Svo fær þessi hv. þm. Framsfl. skömm í hattinn frá flokkssamtökum ungra framsóknarmanna fyrir að bregðast ríkisstj. með því að leggja þennan skilning í stjórnarsáttmálann!

Hæstv. utanrrh. spurði mig áðan, hvort ég áliti, að við gætum ekki verið í NATO án þess að hafa her. Í skýrslu hans sjálfs stendur eftirfarandi eftir dr. Bjarna Benediktssyni, — hann las það upp og ég les það upp:

„Varðandi land mitt er það að vísu svo, að við höfum sérstakan varnarsamning innan Atlantshafsbandalagsins við Bandaríkin, en það fer alveg eftir mati okkar sjálfra á heimsástandi, þegar þar að kemur, hversu lengi bandarískt lið dvelur á Íslandi."

Form. Sjálfstfl. hefði ekki sagt þetta nema þetta hefði verið skoðun okkar sjálfstæðismanna, eins og vænta má, en til þess að árétta það vil ég gera grein fyrir því, að 1956 fluttum við till. í varnarmálunum, rökst. dagskrá í nál., sem hófst þannig:

„Svo sem fram kemur í sjálfum varnarsamningnum, hefur það ætíð verið tilætlun Alþ. og ríkisstj.," — það vorum við sjálfstæðismenn, — „að erlent varnarlið dveldi ekki lengur hér á landi en nauðsynlegt væri vegna öryggis landsins, og þar með friðsamra nágranna þess, að endanlegu mati íslenzkra stjórnvalda. Alþingi áréttar þennan vilja sinn og lýsir yfir því, að það telur rétt, að hafinn sé nauðsynlegur undirbúningur þess, að svo megi verða."

Þetta náði náttúrlega ekki fram að ganga þá, en ég taldi þá, einmitt eftir að þingi lauk, á fundi í Varðarfélaginu og sú ræða var birt í Morgunblaðinu, þá taldi ég upp nokkrar aðalástæðurnar og gerði grein fyrir sjónarmiðum okkar sjálfstæðismanna í varnarmálunum, og það var það fyrsta, að veigamiklar ákvarðanir um öryggismál þjóðarinnar væru ekki teknar nema að vel undirbúnu og rannsökuðu máli. Því miður henti það 1956, að frá þessu var brugðið, og við gagnrýndum það. Og þetta er enn þá verra núna. Þetta er enn þá verra núna, því að það hefur verið hrapað að ákvörðunum í þessum málum. Við töldum þá einnig, að þess ætti vandlega að freista og reyna að ná samstöðu lýðræðisflokkanna um þær ákvarðanir, sem teknar væru í varnarmálunum.

Hæstv. viðskrh. talar hér sem umboðsmaður kommúnismans, eins og hann hefur talað fyrr og síðar í varnar- og utanríkismálum þjóðarinnar. Það er skiljanlegt, að beri á milli hans og hæstv. utanrrh. Hann talar ekkert öðruvísi en hann hefur alltaf talað, og það er eðlilegt, að hann leggi þess vegna sinn skilning sem slíkur í þann stjórnarsamning, málefnasamning ríkisstj., sem Framsfl. hefur því miður látið henda sig að ganga frá svo loðnum, að hann getur ekki skýrt hann sjálfur fyrir þjóðinni, og þjóðin er kvíðin yfir því, hvað raunverulega felst í þessum samningi.

Og í þriðja lagi er þetta, sem ég sagði þá, og lögð er megináherzla á, að erlendur her dvelji ekki lengur í landinu en nauðsyn krefur vegna öryggis þess, eins og fram kemur í sjálfum varnarsamningnum. En í 7. gr. varnarsamningsins segir, að áður en ákvörðun um uppsögn varnarsamningsins sé tekin, fari fram endurskoðun hans í samræmi við 7. gr. samningsins, og fyrst þegar niðurstöður þeirrar endurskoðunar liggja fyrir, séu ákvarðanir teknar um uppsögn. Þetta var okkar skoðun þá, mín skoðun þá og mín skoðun í dag, svo að það þarf ekki að spyrja mig slíkra spurninga. En hvar stendur það í stjórnarsamningnum, að segja eigi varnarsamningnum upp samkv. ákvæðum hans sjálfs? Það er fyrst núna, sem talað er um það. Það er hægt að endurskoða varnarmálin og hefur margsinnis verið gert og fengin álitsgerð frá Atlantshafsráðinu, það er fengin álitsgerð frá erlendum sérfræðingum, og ríkisstj. hefur sjálf reynt að endurmeta, hvaða ástæða væri til varnar hér. En endurskoðun samkv. 7. gr. varnarsamningsins er alveg sérstök, og ef það er slík endurskoðun, sem átti að fara fram samkv. stjórnarsamningnum, þá bar að taka það fram í stjórnarsamningnum. Þegar kommúnistar báru fram till. sína um endurskoðun varnarsamningsins hér fyrr á árum, tóku þeir það fram, að endurskoða ætti samninginn samkv. 7. gr. Sú endurskoðun er alveg fyrir fram ákveðin, hvernig vera skuli. En um þetta segir ekkert í stjórnarsamningnum. Og það hefur heldur ekkert verið talað um það, ekki fyrr en maður heyrir óljóst talað um það hér í umr. í kvöld af hæstv.

utanrrh. — hann hefur sagt sjálfur, að hann mundi taka upp viðræður við Bandaríkin og kannske einhverjar aðrar þjóðir. Ef endurskoða á samkv. samningnum, á að biðja Atlantshafsráðið um álitsgerð um stöðuna í varnarmálum, ef önnur hvor þjóðin vill, Bandaríkin eða Ísland. Og ef ekki verður samkomulag um breytingar á 6 mán. fyrirvara, þá getur hvor sem vill sagt samningnum upp með 12 mán. fyrirvara. En um þetta form endurskoðunarinnar hefur ekki verið rætt, og það er ekki vikið að því í stjórnarsamningnum. Það er fyrst núna, sem það kemur fram, og ég held, að hæstv. utanrrh. hafi sagt, að hann hafi gert ráðstafanir til þess að fá álitsgerð frá ráði Atlantshafsbandalagsins.

Blað hæstv. utanrrh. eða flokks hans, Tíminn, skrifar um Atlantshafsbandalagið 20 ára 3. apríl 1969 með svofelldum fyrirsögnum, með leyfi hæstv. forseta: „NATO er alþjóðleg stofnun, en ræður ekki gerðum aðildarríkjanna. Hvert ríki stjórnar sínum utanríkismálum að eigin geðþótta. Á undanförnum árum hefur samstarf á sviði stjórnmála farið vaxandi. Nokkrar upplýsingar um, hvernig NATO starfar.“ Þetta er mjög athyglisverð grein í blaðinu um, hvernig NATO starfar, og eins og oft hefur verið skrifað af mikilli athygli um þessi mál í Tímanum og einmitt fyrst og fremst af formanni þingflokks Framsfl. og ritstjóra blaðsins, Þórarni Þórarinssyni, fyrr og síðar. En í þessari grein segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnmálasamstarf bandalagsríkjanna hvílir ekki aðeins á því, að ríkisstj. þeirra allra hafi fullkomnar upplýsingar um þau mál, sem til umr. eru, heldur einnig á stöðugum viðræðum, áður en ákvarðanir eru teknar og þær framkvæmdar. Upplýsingarnar einar nægja ekki — skoðanaskipti ríkjanna skipta miklu máli, áður en einstakar ríkisstjórnir fullmóta stefnu sína.“

Við sjálfstæðismenn höfum einmitt gagnrýnt þennan einkennilega hátt á þessu máli og fleirum, en alveg sérstaklega í þessum málum, vegna þess hve alvarlegt það út af fyrir sig er að taka ákvarðanir áður en málin eru athuguð og rannsökuð, sem verður að teljast skynsamra manna háttur í almennum málum, hver sem þau eru.

Kvartað hefur verið undan því, að það sé ekki rétt, segir hæstv. utanrrh., að samráð hafi verið haft við framsóknarmenn um varnarmálin, og tilnefndi varnarmálanefnd. Nú er það svo, að varnarmálanefnd er auðvitað ekki ráðanefnd á þessu sviði. Hún er skipuð embættismönnum frá viðkomandi ríkisstj. og hefur svo verið skipuð einnig fulltrúum, einum fulltrúa, — ég held, að það séu nú ekki fleiri, — tilnefndum af stjórnmálaflokki til þess að fylla upp nefndina. Og hún er ekki sá aðili, sem ákveður neitt um varnarmálin, þessi nefnd. Það getur vel verið, að hún stjórni einhverri sölu á setuliðseignum, bílum og öðru slíku, en ég held, að öllum þm. sé ljóst, að það er ekki spurning um það, hvort flokksmaður einhvers flokks sé í þessari nefnd, hvort samráð sé haft við flokkinn. En ég tel, að samráð hafi að jafnaði verið haft við ráðamenn Framsfl. í varnarmálunum. Vel má vera, að þeim finnist það ekki hafa verið nægjanlegt, og ég skal ekki þræta við þá um það. Ég harma þá það, ef okkur hefur láðst að hafa eins mikið samstarf við þá og þeir töldu æskilegt, en ekki minnist ég nú neins ágangs eða óska um það efni af þeirra hálfu, að fá að fylgjast með þessum málum, sem ekki hefur verið orðið við. Og ég vitnaði alveg sérstaklega til þess í dag, að þegar utanrrh. Bandaríkjanna var hér á ferð — auðvitað ekki í kurteisisheimsókn eins og hæstv. utanrrh. Bandaríkjanna er væntanlegur í núna — fyrir nokkrum árum, ég held, að það hafi verið 1964, þá var gerð alveg sérstök gangskör að því, að fulltrúar Framsfl., ráðamenn Framsfl., fengju aðstöðu til þess að fylgjast með umr., sem þá fóru fram á milli ráðherranna íslenzku og þessa erlenda ráðherra, og gerðu þeir fsp. og aths. um þau veigamiklu mál, sem þá voru á döfinni. Oft hafa þessi mál auðvitað verið rædd á milli fulltrúa lýðræðisflokkanna óformlega síðar, þó að kannske mætti hafa verið betur og öruggar frá því gengið og hefði mátt vera oftar. En við létum okkur aldrei hugkvæmast að hafa sérstakt samráð við kommúnistana, og við höfum aldrei dregið neina dul á það, að við gerum það ekki og teljum ekki við hæfi.

Í þessum umr. kemur fram, að Framsfl. vill, að Ísland sé áfram í NATO. Ekki er um það deilt, utanrrh. áréttar það. Viðskrh. segir á sama fundi: Ég vil alls ekki, að landið sé í NATO. Og þeir hafa haft um þetta háðuleg orð, það sé hreinasta fávizka og brjálæði allt að því, að Ísland sé aðili að NATO, sem þeir kalla þá hernaðarbandalag. En hvernig lítur svona stjórn út út á við, þegar ráðh. lýsa yfir þessu sitt á hvað í ekki veigaminni málum en þessi eru, hvar við stöndum í varnarmálum landsins? Ja, ég sé, að umboðsmaður kommúnismans í ríkisstj. brosir. Hann vill hafa þetta svona, að einn segi annað og hinir segi hitt, og gutlar svona áfram. Hann er laginn við að láta misskilja sig, ef því er að skipta, og láta skilja sig á annan veg en aðra ráðh., þegar hinu er að skipta. En það er ekki með slíkri sæmd og reisn, sem íslenzk ríkisstj. á að sitja við völd og hegða sér gagnvart þjóðinni, alþm. eða út á við. Við höfum lagt á það megináherzlu, og hv. 2. þm. Reykv. vék að því, að reyna að fá hreinsað loftið hér og vita, hvað menn meina, og það er enn mörgum spurningum ósvarað. Og hæstv. forseti hefur neitað mér um það að fresta þessum umr. til þess að geta fengið úrskurð þess manns í ríkisstj., sem ber höfuðábyrgðina, hæstv. forsrh.

Ég spurði um það m. a., af hvaða tilefni hefði verið skipuð hin sérstaka ráðherranefnd um varnarmálin. Ég fékk ekkert svar við því. Ég heyrði hér áður á fundi um önnur mál, að þetta hefði verið af hagkvæmnisástæðum, eins og tíðkaðist. Nú er ég búinn að reka það ofan í ráðh., þetta er auðvitað ekki neitt tíðkanlegt. Þetta er alveg einstakt fyrirbrigði, að svona nefnd er skipuð, alveg einstakt fyrirbrigði. Og nú spyr ég enn einnar spurningar. Vissi Framsfl., þm. Framsfl., um þennan samning um að skipa þessa nefnd, áður en gengið var til stjórnarmyndunarinnar? Vissi hann um það? Það væri gott að fá það upplýst, því að væntanlega verður maður að ætla, að þm. flokkanna, sem standa að ríkisstj., hafi staðið að samningsgerðinni, að málefnasamningnum, — en var gerður annar samningur um meðferð utanríkismálanna og varnarmálanna, sem þm. Framsfl. a. m. k. vissu ekki um? Þetta er ein spurningin, sem enn er ósvarað. Og ég get þá líka spurt Jón Skaftason sérstaklega, hv. 2. þm. Reykn. (**Gripið fram í:** Hann er ekki við.) Nei, en það verður að koma spurningunum á framfæri, bæði við hann og forsrh. Vissi hann um

þennan samning? Vissi hv. þm. Björn á Löngumýri um þennan samning?

Nei, maður freistast til þess að horfa svolítið aftur í tímann til þess að reyna að leita skýringar á slíku. Hæstv. viðskrh. hefur nefnilega verið áður í vinstri stjórn, og þá var ákveðið, eins og margsinnis hefur verið sagt, að varnarliðið skyldi látið fara. Það var gert við stjórnarmyndunina. Nokkrum mánuðum seinna, í nóv., var samþ., að varnarliðið skyldi vera, og gefin var um það opinber yfirlýsing. Viðræður fóru fram á milli fulltrúa íslenzku ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar og síðan var gefin út yfirlýsing um það í des. 1956.

„Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapazt hefur í alþjóðamálum undanfarið, og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins. Á þessum grundvelli, að það hafi skapazt sú aðstaða í alþjóðamálum og hætta, þá hverfur ríkisstj. frá því að láta varnarliðið fara."

Eftir því sem hæstv. viðskrh. hefur lýst hér í kvöld, vildi hann samt sem áður láta varnarliðið fara og ganga úr NATO, ef slíkar niðurstöður yrðu af samningi í dag. Þeir sátu nú þá, þessir höfðingjar, í ríkisstj. áfram og létu ekki að gert. Síðan kemur það fram, kom fram í opinberum málgögnum í skrifum Lúðvíks Jósepssonar þá, núv. hæstv. viðskrh., að þeir höfðu látið lítið á sér bera þangað til árið 1957, en þá byrja þeir að óska eftir því fyrst, að gerð sé grein fyrir því á opinberum vettvangi, hverjir hefðu svikið í varnarmálunum. Svo er skrifað bréf í nóv. 1957 og þar segir þessi núv. hæstv. viðskrh., að nú vilji þeir fara að tala um varnarmálin í ríkisstj. Það er ekki að sjá, að þessu bréfi hafi verið anzað. Þá er skrifað annað bréf 27. nóv., eftir því sem þessi hæstv. ráðh. segir sjálfur frá. Því er heldur ekki svarað. Svo fara fulltrúar Alþb. að krefjast þess, að farið verði að tala um málið í ríkisstj. Og þá er því neitað. Svo er enn einu sinni skrifað bréf til samráðh. í nóv. 1958 og þá er sagt, eins og það er orðað, — þetta er skrifað af Alþb.-mönnum, líklega undirskrifað af Lúðvík Jósepssyni, — „við teldum, að úr því yrði nú að fást skorið, hvort samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. hugsuðu sér að standa við þetta atriði stjórnarsáttmálans eða ekki." Og svo er bætt við: „Við þessu bréfi barst aldrei neitt svar", segir Lúðvík í sinni grein.

Nú getur vel verið, að slíkir menn, sem hafa orðið fyrir slíkum hrekkjum, að þeir fengu ekki einu sinni að tala um málið á ríkisstj.-fundinum og það var aldrei svarað bréfum þeirra til samráðh., og þó hafði þessi stjórn lýst því yfir, að allt skyldi unnið fyrir opnum tjöldum, þeir hafi viljað tryggja sig einhvern veginn, þegar þessi stjórn var mynduð. Þess vegna spyr ég og spyr enn að því, sem ekki hefur verið svarað: Af hvaða tilefni var sérstaka ráðherranefndin sett á laggirnar? Voru færð einhver sérstök rök fyrir því af einhverjum ráðh. og var þetta talið nauðsynlegt af einhverjum sérstökum ástæðum, fyrri sögu málsins eða afstöðu ráðh., eða ekki? Það er ósköp gott að koma og segja eins og hæstv. utanrrh., og mér þykir vænt um það og virði það við hann, að hann ætli sér einn að tala við Bandaríkjamenn og hafa með sér starfsmenn í utanrrn., og hann hefur sagt annars staðar, sem haft hefur verið a. m. k. eftir honum á opinberum vettvangi, að við þær viðræður verði ekki aðrir en hann einn og hans menn. Svo segir hæstv. forsrh. skömmu seinna á opinberum vettvangi: — meðan ég stjórna, eiga allir að vita allt. M. ö. o.: þá verða allir ráðh., alveg eins þeir ráðh., sem við vitum, að eru kommúnistar í þessari ríkisstj., að vita það, sem kannske eru þýðingarmikil leyndarmál í sambandi við öryggismál landsins og veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Og spurningin verður þá um það, hvernig litið er á okkur í Atlantshafsbandalaginu og hvaða upplýsingar jafnvel hæstv. utanrrh. fær með þessum hætti um eins alvarleg mál og öryggismálin eru. Það hljóta auðvitað að berast til utanrrn. á hverjum tíma mjög þýðingarmiklar upplýsingar um hluti, sem þurfa að fara leynt, vegna þess hvernig þetta bandalag er; hernaðarbandalag eins og sagt hefur verið, en fyrst og fremst til varnar. Og það er orðið til til þess að hefta framgang kommúnismans, og Atlantshafsbandalagið náði sannarlega tilgangi sínum að hefta framgang og ofbeldi kommúnismans í Austur-Evrópu. Það gerði það, og það hefur margsinnis verið viðurkennt af framsóknarmönnum, fyrirsvarsmönnum þeirra fyrr og síðar, og þess vegna vilja þeir vera áfram í bandalaginu, geri ég ráð fyrir. Það verður að álíta það. Samt sem áður hefur ekki verið tekið meira en svo vel í tillöguflutning okkar sjálfstæðismanna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð miklu fleiri, úr því að maður fær ekki tækifæri til þess að leiða forsrh. sem vitni hér í kvöld og á að gera það á öðrum vettvangi. Það verður væntanlega ekki fundið að því þá, þegar þar að kemur. En því verða menn að gera sér grein fyrir, og það má hæstv. forseti líka vita, að málinu er auðvitað ekki lokið, og það er jafnvel hægt að hafa málið til meðferðar undir öðrum lið heldur en þeirri till., sem við þegar höfum flutt, og undir eins og fundi lýkur hér í kvöld, þá munum við sjálfstæðismenn vitanlega athuga frekari aðgerðir í þessu máli í þeim höfuðtilgangi, sem við höfum haft, að málin séu rædd opinberlega og þjóðin fái að vita, hvað hæstv. ríkisstj. meinar í varnar- og öryggismálum landsins.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því, af því að hæstv. utanrrh. svaraði mér því, að hann sæi ekki muninn á svörum sínum og hæstv. viðskrh. við spurningum mínum, að spyrja hann, hvort það sé rétt eftir honum haft, að fyrst skuli fara fram rækileg athugun á aðstöðu hersins hér á landi og síðan eigi að taka ákvörðunina um brottför hans eða áframhaldandi dvöl hans hér. Er þetta rétt eftir ráðh. haft eða ekki?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég verð að gera það fyrir vin minn, hv. 2. þm. Reykv., að fara með það í þriðja sinn, sem ég sagði hér um endurskoðun samningsins. Endurskoðun hefur verið ákveðin í því augnamiði, að herinn geti farið í áföngum. Uppsögn fer aðeins fram eftir könnun þá, sem yfir stendur og á grundvelli hennar.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, utan dagskrár, mælti

utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér fyrr í vetur flutti ég skýrslu um utanríkismál, og urðu um hana talsverðar umr., eins og hv. þm. er vafalaust í

fersku minni. Þá lét ég þess getið og lofaði því raunar, að fyrir þinglok mundi önnur skýrsla um utanríkismál verða lögð fram. Þetta hefur nú dregizt nokkuð og e. t. v. úr hömlu að segja má, en á fundi utanrmn. fyrir nokkru síðan kannaði ég það hjá utanrmn.-mönnum, hvort þeir mundu telja það nokkrar efndir á þessu loforði, ef ég útbýtti fjölritaðri skýrslu fyrir þinglokin, þó að af minni hálfu yrði ekki um hana umr. eða henni ekki fylgt úr hlaði með ræðu. Nú hef ég leyft mér að leggja þessa skýrslu á borð hv. þm. og með því að svo er áliðið þings, þá vona ég, að hv. alþm. geti fallizt á það með utanrmn.-mönnum, að það sé þó betra að fá þessa skýrslu heldur en ekki, þó að ekki vinnist tími til að ræða hana hér.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, nema tilefni gefist til.

IV. Launa- og kaupgjaldsmál.

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. S. l. föstudag birtist á baksíðu Morgunblaðsins grein, sem ber svo hljóðandi fyrirsögn:

„Ólafur Jóhannesson á fundi framsóknarmanna: 5—7% kauphækkun ætti að nægja."

Þetta er svo endurtekið í feitletruðum inngangsorðum að fréttafrásögn af fundi Félags ungra framsóknarmanna, þar sem segir: „ .. og taldi, að 5—7% bein kauphækkun ætti að nægja auk annarra aðgerða."

Ummæli þau, sem mér eru þarna eignuð, hef ég aldrei viðhaft, hvorki á fundi í Félagi ungra framsóknarmanna né neins staðar annars staðar. Þau eru því alröng og algert hugarfóstur þess blaðamanns, sem þau hefur sett á blað, eins og reyndar verður ljóst, ef farið er gegnum fréttafrásögnina, eins og gengið hefur verið frá henni, væntanlega af þeim fréttaritara, sem á fundinum var. En ég vil ekki ætla honum það, að hann hafi samið þessa fréttafyrirsögn, heldur sé hún samin af blaðinu sjálfu og inngangsorðin, sem henni fylgja. Í fréttagreininni er alls engin stoð, ekki neinn stafur fyrir þessari fyrirsögn, sem fréttinni er valin. Það, sem gerðist á fundi í Félagi ungra framsóknarmanna, eins og reyndar kemur fram í þessari fréttafrásögn Morgunblaðsfréttaritarans, sem á fundinum var, ef hún er lesin öll, var þetta, að einn fundarmanna, Kristján Friðriksson iðnrekandi, ræddi kjarasamninga og þau vandamál, sem þar er við að eiga. Hann sló fram 5—7% kauphækkun á ári auk tiltekinna hliðarráðstafana, skattabreytinga, trygginga og vinnutímastyttingar. Þegar ég svaraði Kristjáni Friðrikssyni, sagði ég, að mér virtist hann í hugmyndum sínum vera farinn að nálgast það, sem ríkisstj. hefði nefnt í málefnasamningi sínum, að að skyldi stefnt.

Af þessu sést, að það var ekki ég, sem nefndi 5—7% kauphækkun, heldur annar fundarmaður, vel að merkja á einu ári, sem mundi gera 10—14% á tveimur árum, auk ýmissa hliðarráðstafana. Sést af þessu, að það er ekki fótur fyrir þeim ummælum, sem Morgunblaðið eignar mér. Og á þessum fundi voru fjölmargir staddir, sem geta borið vitni um það. En út af þessum ummælum hafa svo önnur blöð, einkum Vísir, lagt í tveimur feitletruðum forsíðugreinum, bæði á föstudag og laugardag. Og jafnvel Morgunblaðið, sem ætti þó að þekkja sannleikann, — ef þeir, sem leiðarann skrifa í Morgunblaðið, lesa það — það heldur hinu sama fram í leiðara sínum í gær.

Ég er nú hvorki vanur að eltast við blaðamissagnir né kvarta undan gagnrýni, enda er það sjálfsagður hlutur, að þeir, sem pólitísku starfi gegna, verða að sætta sig við það. En hér gegnir nokkuð öðru máli. Hér er farið alrangt með, þannig að ekki er stafkrókur fyrir. Hér er um alvarlegt mál að ræða, hér er um viðkvæmt mál að ræða, og þessi skrif og þessi ummæli, sem mér eru ranglega eignuð, eru til þess fallin að skapa tortryggni og spilla fyrir áríðandi kjarasamningum. Þess vegna hef ég talið mér nauðsynlegt að koma leiðréttingu hér á framfæri á hv. Alþ., svo að sú leiðrétting gæti komizt til alþjóðar í gegnum fjölmiðla. Auðvitað væri skemmtilegast, að Morgunblaðið sýndi þann manndóm að leiðrétta og biðjast afsökunar, en það er nú kannske til of mikils mælzt. En ég hef staðið í þeirri meiningu og stend það reyndar enn, að blaðamennska hér á landi væri að batna. Blaðamennskustarf er vandasamt og ábyrgðarmikið. Það er oft unnið við erfið ytri og innri skilyrði, ef svo má segja. Þess vegna geta alltaf átt sér stað þar mistök. Það er sjálfsagt að afsaka slík mistök og virða til betri vegar, ef þau mistök eru viðurkennd.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þar sem hæstv. forsrh. hefur séð ástæðu til að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár til að leiðrétta frásögn í einu dagblaði, þar sem eftir honum eru höfð ákveðin ummæli um kjaramálin, og telur að þetta sé nauðsynlegt að gera vegna alþjóðar, þá vildi ég mega beina þeirri spurningu til hans, hvort hann geti ekki á þessum sama stað, hér í þessum ræðustól á Alþ., gefið einhverjar upplýsingar um, hvað kjaramálunum almennt líður. Ég er sannfærður um, að þjóðin öll bíður með nokkrum ugg eftir því að fá vitneskju um, hverja framvindu þessi mál hafa. Ef þau eru komin á eitthvert það stig, að hæstv. forsrh. geti gefið upplýsingar, sem mættu verða almenningi til leiðbeiningar um það, hver framvinda mála er, þá er ég sannfærður um, að það yrði ekki síður talið mikils virði af þjóðinni allri en sú leiðrétting, sem hann hér var að gera, því að hann viðurkenndi þó og benti á, að einnig kæmi fram í grein Morgunblaðsins, að ummæli þau, sem blaðið hafði eftir honum, hefðu fallið í umræðu á þessum fundi hjá ungum framsóknarmönnum. Hann hefði sagt þar, að að öllu tilteknu, þeim prósentum, sem þar voru nefndar, ásamt öðru því, sem til greina kemur til uppbóta á launum, þá væri ræðumaður farinn að nálgast það, sem stæði í málefnasamningi ríkisstj.

En sem sagt, erindi mitt hingað í ræðustól var að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort hann gæti gefið þinginu, í tilefni af ræðu hans hér, einhverjar upplýsingar um, hvernig kjaramálin stæðu og hvernig framvinda þeirra væri nú á þessari stundu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Sunnl. beindi til mín, get ég

sagt, að kjarasamningarnir eru í gangi, þ. e. samningaviðræður. Sáttanefnd hefur nú verið skipuð, tveir sáttamenn hafa nú verið skipaðir til aðstoðar sáttasemjara ríkisins, og sú sáttanefnd hefur þegar haft fund með deiluaðilum og heldur áfram að halda fundi með þeim. En ég get að sjálfsögðu ekki gefið neinar yfirlýsingar um það hér á þessari stundu, hvernig þessi mál standa. Það hefur orðið nokkur dráttur á þessum samningum, en þó engan veginn meiri en oft áður. Og ég held, að það verði ekki sagt um þessa samninga, að þeir hafi tekið neinn óeðlilegan tíma til þessa. En hitt vil ég segja, að þetta eru ákaflega flóknir samningar, sem núna er verið að reyna að vinna að, flóknari en oft áður, vegna þess að nú er samið á einni hendi fyrir ákaflega marga aðila. Það er auðvitað svo, að þau félög, sem þarna standa að, geta haft talsvert mismunandi viðhorf í ýmsum efnum. Og þess vegna er ekkert óeðlilegt, að það geti tekið nokkurn tíma að samræma þessi sjónarmið. En mér er óhætt að segja það, að unnið er að þessum málum nú, og ég held, að ég megi segja: með fullum velvilja af aðilum reynt að komast að niðurstöðu. Og auðvitað óska allir eftir því, að það geti átt sér stað sem fyrst. En þá er líka mikils um vert, að ekki séu gerðar, ja, ég vil segja tilraunir, sem a. m. k. má leggja þannig út, að þær séu gerðar til þess að reyna að skapa tortryggni og koma illu til leiðar í þessu samningastarfi. En í sambandi við það, sem hv. þm. sagði frekar og vildi þar vitna til minna ummæla, þá vil ég aðeins taka fram, að það hefur verið gert nokkurt veður út af því, að eitthvað bæri á milli þess, sem ég hefði sagt, þegar ég talaði um 20% kaupmáttaraukningu, og svo hins vegar á milli þeirra krafna, sem launþegasamtökin gerðu, þar sem þeirra aðalkrafa væri 20% kauphækkun. En 20% kaupmáttaraukning er vel að merkja sett þannig fram í málefnasamningi ríkisstj., að hún eigi að eiga sér stað í áföngum á tveimur árum.

Út af þessu vil ég segja það, að ég hef um þessi mál ekkert sagt annað en það, sem stendur í málefnasamningi ríkisstj. Hann hefur verið birtur og hver og einn getur gengið úr skugga um, hvað í honum stendur. Hins vegar er það auðvitað svo, að málefnasamningur ríkisstj. og ákvæði í honum, sem varða þessi mál, bindur ekki aðila vinnumarkaðarins á neinn hátt og bindur ekki launþegasamtökin, þegar þau gera sínar kröfur. Þess vegna er auðvitað engin rökbundin nauðsyn til þess, að það sé fullt samræmi á milli þeirra krafna, sem verkalýðsfélögin gera, og þess, sem ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún teldi, að stefna ætti að.

Þetta vildi ég aðeins taka fram. Þó að það kæmi ekki beint fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., þá virtist mér hugsun hans beinast nokkuð að þessu. Þess vegna vildi ég taka þetta fram, til þess að það væri ljóst, að þarna er ekki um neitt óeðlilegt misræmi að ræða, því að það er ekkert, sem segir, að þessu skuli algerlega bera saman, heldur liggur í augum uppi, að það gerir það ekki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tefja þessar umr., þó að freistandi væri að fara hér nánar út í kjaramálin og vinnubrögð ríkisstj. í sambandi við þau. Hæstv. forsrh. sagði hér, að stjórnarsamningurinn, stjórnar hinna vinnandi stétta, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur kallað sig, hann bindi ekki launþegasamtökin. Vera má, að það sé nokkuð rétt. En það er annað atriði, sem vafizt hefur fyrir mönnum og ég hef oft undrazt yfir, og það er það, að ríkisstj. skuli, áður en nokkuð er vitað um, hversu mikil kauphækkun geti orðið á tveimur árum og í tengslum við það stytting vinnutíma og orlofs, að hún skuli lýsa yfir því, sem hún gerir í stjórnarsamningnum. Í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um þessi mál, vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða upplýsingar hafði ríkisstj. um stöðu atvinnuveganna, þegar hún tók þessa ákvörðun? Voru fyrir hendi ákveðnar upplýsingar um stöðu atvinnuveganna, greiðslugetu þeirra og hvað yrði í raun og veru hægt að semja um, þannig að það yrði um raunhæfar kjarabætur að ræða?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Að sjálfsögðu var ríkisstj. búin að kynna sér þau gögn, sem lágu fyrir, og þær upplýsingar, sem hún fékk í hendur frá ýmsum aðilum, áður en hún gaf sína yfirlýsingu út. Þetta var hennar mat þá á þeim gögnum, sem fyrir lágu, að þannig væri hægt að standa að málum, að því markmiði, sem þar var sett fram, yrði náð. Vitaskuld var það markmið líka sett með hliðsjón af því, sem átt hafði sér stað í kjaramálum, m. a. þeim samningum, sem gerðir höfðu verið á s. l. sumri við opinbera starfsmenn, þar sem opinberir starfsmenn höfðu fengið mjög verulegar kauphækkanir. Og auðvitað var öllum það ljóst, að þeir samningar mundu síðan verða notaðir til viðmiðunar og aðrir mundu eðlilega vilja sigla í það kjölfar, eins og líka hefur komið á daginn, og auðvitað þarf engum að vera það undrunarefni, að t. d. verzlunar- og skrifstofumenn beri sig saman við opinbera starfsmenn. Það liggur í augum uppi, að í mörgum tilfellum hlýtur slíkt að teljast eðlilegt.

Ég vona, að þetta nægi sem svar við þessari fsp. hv. þm. Vitaskuld geta menn svo alltaf lagt mismunandi mat á gögn og upplýsingar, sem fyrir liggja. Og það má vel vera, að aðrir, t. d. atvinnurekendur, hefðu viljað meta þetta á einhvern annan veg en við gerðum. En þessi stefnuyfirlýsing okkar byggðist auðvitað á því mati, sem við gerðum þá, þegar verið var að mynda stjórnina, og á grundvelli þeirra gagna og þeirra upplýsinga, sem við þá gátum aflað okkur um ástand og horfur um stöðu atvinnuvega.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Fyrst hæstv. forsrh. fór að ræða málefnasamning stjórnarinnar, að því er varðar viðhorfin til launamála, þá langar mig að bera hér upp eina fsp. til hans, sem ég hygg, að hljóti að liggja ljóst fyrir, að hann geti svarað. Hún er varðandi það atriði, hvað ríkisstj. hafi, þegar sáttmálinn var gerður, talið, að vinnutímastyttingin, stytting vinnuvikunnar úr 44 stundum í 40 stundir, verkaði mikið sem launauppbætur eða til að auka kaupmátt launa. Ég tel fullvíst, að ríkisstj. hafi verið búin að reikna þetta dæmi alveg út, þegar þetta ákvæði var sett inn í sáttmálann, og vænti þess, að hæstv. forsrh. geti svarað því hér.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Það var ánægjulegt að fá það upplýst hér, að þetta er ríkisstj. mat á því, hvað hægt sé að hækka og bæta kjörin á næstu tveimur árum, þannig að ekki verði úr verðbólga og að hér sé um raunhæfar kjarabætur að ræða. En ég held nú samt, að einmitt í þessu svari

hæstv. ráðh. komi fram, svo fremi sem menn eru samkvæmir sjálfum sér, að þessi yfirlýsing hljóti að binda hendur beggja aðila í samningum. En það er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem er mjög stórt og sem hafa ekki fengizt nein svör við þrátt fyrir ítrekaðar fsp., eftir því sem ég hef vitað um a. m. k. Og það er, hvort ríkisstj. hefur gert ráð fyrir því, þegar hún framkvæmdi þetta mat, — gerði hún þá ráð fyrir því, að til framkvæmda kæmi lækkun vaxta, lenging lánstíma og lækkun á ýmsum kostnaðarliðum atvinnuveganna? Og hvenær á þetta að koma í framkvæmd og hversu mikil á lækkun vaxta að verða og hvernig á að framkvæma þessa lækkun á rekstrarkostnaði ýmissa atvinnuvega, eins og t. d. útgerðar?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þessari síðustu fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e., þá er mér ljúft að svara því, að auðvitað gerði stjórnin jafnframt ráð fyrir og tók tillit til annarra þeirra stefnufyrirheita, sem í málefnasamningnum eru, þ. á m. þess atriðis, þar sem gert er ráð fyrir því, að til greina geti komið lenging vissra stofnlána og lækkun vaxta þeirra. Þessi mál hafa verið í athugun. **(LárJ:** Tefur þetta ekki samninga?) Það á ekki að tefja samninga. Ég hygg, að það komi á daginn innan skamms, hvað ríkisstj. ætlast fyrir í þessu efni. Um það get ég nú ekki sagt ákveðnar á þessu stigi.

Hv. þm. spurði, hvort stefnuyfirlýsing stjórnarinnar um kjaramálin byndi ekki hendur aðila vinnumarkaðarins, samningsaðilanna. Eins og ég sagði áðan, var það mat ríkisstj. og flokkanna, sem að henni stóðu, að svona væri ástatt, þegar frá þessari stefnuyfirlýsingu var gengið. En hvorki ríkisstj. né stjórnarflokkana er nú setjandi á bekk með guði almáttugum. Þeim gæti náttúrlega hafa missýnzt í sínu mati, og það gæti vel verið, að nú kæmi á daginn, að aðilar þeir, sem standa að þessum samningum, legðu annað mat á þetta, meira eða minna. Hendur þeirra eru algerlega óbundnar í því efni. Það er þeirra að meta það, og ríkisstj. hefur ekki gripið inn í þessa samninga og hugsar sér ekki að grípa inn í þá þannig að aðilarnir geta samið um þessi mál á þann veg, sem þeir koma sér saman um.

Viðvíkjandi fsp. frá hv. 3. þm. Sunnl., um það, hvort þeir, sem að stjórnarmyndun stóðu og gáfu út yfirlýsingar og málefnasamning, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hversu mikið vinnutímastytting mundi vega eða þýða, hvernig sem menn vilja segja það, prósentvís sem útgjöld, þá er því auðvitað til að svara, að menn gerðu sér grein fyrir því. Ég hygg, að það hafi farið fram útreikningar á þessu nú og hv. þm. eigi greiðan aðgang að því að fá upplýsingar um, hvað t. d. atvinnurekendur telja þetta gilda mikið. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að nefna tölur hér. Það er bersýnilegt, að það er varasamt, því að þessi leiðrétting, sem ég neyddist hér til þess að gera á röngum og tilhæfulausum tölum, sem Morgunblaðið fór með, hefur kveikt dálítið í ýmsum hér, ekki þó þannig, að þeir hafi viljað fara að bera blak af Morgunblaðinu, en það er samt eins og þeir hafi eitthvað kennt sín, og það gæti kannske verið vottur um vonda samvizku.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. sérstaklega fyrir þau ummæli hans, sem hann viðhafði, þar sem hann sagði áðan, að það lægi í augum uppi, að skrifstofu- og verzlunarfólk hlyti á hverjum tíma að taka mið af því, sem ætti sér stað um launakjör hjá opinberum starfsmönnum. Þetta er verðmætur stuðningur við kjarabaráttu skrifstofu- og verzlunarfólks, og þau samtök eiga því yfirleitt ekki að venjast, að svo mikilsverður stuðningur sé veittur þeim í þeirra kjarabaráttu. Sér í lagi kemur þetta sér vel nú, þegar annað hljóð er í ýmsum öðrum strokk, eins og t. d. það, að maður les nú á síðum stjórnarblaðanna, eins og Þjóðviljans, þar sem að því er vikið, að verzlunarfólk hyggist nú, eða ýmislegt bendi til þess, að verzlunarfólk hyggist nú reka sína kjarabaráttu með öðrum hætti en það hefur tíðkað á undanförnum árum og af því að samtök þeirra og félög afla sér verkfallsheimildar, sem og önnur félög innan Alþýðusambands Íslands gera sem óðast, þá þurfi það að benda til þess, að nú eigi sú barátta að fara fram með einhverjum óábyrgari hætti en verið hefur. Ég dreg enga dul á það, að ég, sem hef átt að heita í fyrirsvari fyrir samtök skrifstofu- og verzlunarfólks, hef verið þeirrar skoðunar, að höfuðáherzlu bæri að leggja á kjarabætur án verkfalla, og þessi skoðun mín er óbreytt, þannig að umfram allt verði að leggja á það áherzlu að leysa hin mikilvægu samningamál án þess að dragi til vinnustöðvana, sem haft hafa oft og tíðum óbætanlegt tjón í för með sér.

Hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess að leiðrétta það, sem hann vildi telja missögn Morgunblaðsins af sínum ummælum, og kann vel að vera, að allt það, sem hann sagði um það efni, sé satt og rétt. Og hann vísar mönnum til málefnasamnings ríkisstj. til þess að ganga úr skugga um, hvaða stefnu ríkisstj. í raun og veru hefur varðandi samningamálin í heild. Og þá langar mig til þess að varpa fram þeirri spurningu, hvort álit hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, sem því miður er ekki viðstaddur nú, var rétt, sem kom fram í viðtali við hann í Þjóðviljanum skömmu eftir að kröfur verkalýðshreyfingarinnar höfðu verið birtar. En þar sagði hann, — og það leiðréttist þá síðar, ef ég fer ekki rétt með, en mig minnir fastlega, að hans orðalag hafi verið það, — að kröfur verkalýðshreyfingarinnar væru bókstaflega samansettar eftir stjórnarsáttmálanum. Og síðar kom fram, að hann sagði, að það mætti ekki með neinni sanngirni telja, að kröfur verkalýðshreyfingarinnar næmu nema sem svaraði um 37% kauphækkunum. Það leiðréttist, ef ég fer ekki nákvæmlega rétt með það, sem fram kom í viðtali Þjóðviljans við Eðvarð Sigurðsson.

Nú vil ég spyrja: Er þetta rétt álit hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að út úr stjórnarsáttmálanum megi lesa þetta og að þess vegna hafi verkalýðshreyfingin haft til þess rétt að setja þetta fram, a. m. k. þeir, sem telja sig vera bundna af stjórnarsáttmálanum? Þessi ummæli hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar hafa ekki neins staðar verið leiðrétt. Hæstv. forsrh. sagði, að slík mistúlkun, eins og hann vildi álíta, að Morgunblaðið hefði haft á orðum sínum, gæti haft alvarlegar afleiðingar í svo viðkvæmu máli. Það er mikið rétt, að ef um mistúlkun sjálfs hæstv. forsrh. er að tefla á ummælum sem þessum, þá getur það vissulega haft mjög alvarlegar afleiðingar. En ég hygg nú, að ýmis áhrif, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft á gang samningaviðræðna, verði að teljast að mörgu leyti miður heppileg. Og ég vil spyrja einnig: Hafði ríkisstj. gert sér grein fyrir því, hvað fólst í styttingu vinnuvikunnar um 4 klst., þegar hún setti fram

þennan dæmalausa, sem ég vil nefna, stjórnarsamning sinn? Er það rétt, að þetta þýði í kauphækkun 14.8% fyrir fiskiðnaðinn í landinu, og 14.2% fyrir allan iðnað í landinu? Eðvarð Sigurðsson, hv. þm., las út úr stjórnarsáttmálanum 37% kjarabætur, og hann fullyrti: Eftir því voru okkar kjarakröfur saman settar og þess vegna fram lagðar með þeim hætti, sem raun ber vitni.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það hefur í dag borið hér til tíðinda, að hæstv. forsrh. hefur séð ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs utan dagskrár vegna ummæla í útbreiddasta dagblaði landsins, sem birtist þar fyrir þremur dögum. Nú er það svo, að hæstv. ráðh. og raunar ríkisstj. á mjög greiðan aðgang að þeim fjölmiðlum þessa lands, sem ná til enn fleiri en jafnvel þetta ágæta blað, en þó sér hann ástæðu til þess að taka hér til máls utan dagskrár til að bera fram leiðréttingu á því, sem hann hefur talið, að þar hafi verið ranglega með farið. Hæstv. forsrh. las fyrirsögn þessarar greinar, eins og hún birtist í Morgunblaðinu, og var, að því er virtist, allsár yfir, að hún skyldi aðeins greina í fáum orðum frá einu atriði af því, sem til umr. hafði verið og hann hafði rætt á fundi í Félagi ungra framsóknarmanna. Nú er það ekki vani að prenta í fyrirsögn útdrátt eða meginefni heilla ræðna á fundum, heldur verða menn að lesa greinarnar í gegn til að átta sig á, hvað raunverulega hefur verið sagt. Ég veit að hæstv. forsrh. er önnum kafinn maður og lái honum það ekki og skil það ósköp vel, en mér hefði fundizt viðkunnanlegra, að áður en hann tók til máls og flutti sína ræðu hér utan dagskrár á Alþ., hefði hann lesið greinina í Morgunblaðinu alveg til enda, því að ég sé ekki af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér, né heldur af viðtali við hann í Tímanum í gær, að þar sé svo réttu máli hallað sem hann vill vera láta. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa niðurlag greinarinnar í Morgunblaðinu, og tek fram þó áður, að hæstv. forsrh. lagði á það höfuðáherzlu, að fölsunin í grein Morgunblaðsins væri fólgin í því, að hann hefði sagt, að 5—7% kauphækkun nægði, en það væri látið í það skína, að 5—7% kauphækkun í eitt skipti fyrir öll á þessu tímabili væri látin nægja. Þetta er misskilningur. Framhaldið af greininni er að vísu inn í blaðinu, og ég veit, að það kemur oft fyrir, að fólk les byrjunina á greininni og leitar svo ekki að framhaldinu inni í blaðinu, en niðurlagið er svona, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir fyrst í frásögn af ræðu Kristjáns Friðrikssonar:

„Hann taldi mjög varhugavert að hækka kaupgjald um of, en viðurkenndi nauðsyn launahækkunar til handa þeim lægst launuðu og skaut fram svona 5—7% kauphækkun á ári. Ólafur Jóhannesson ítrekaði fyrri ummæli sín og sagði, að kaupmáttaraukningunni mætti m. a. ná með skattabreytingum, með hækkun almannatrygginga og styttingu vinnutíma, en þetta yrði að gerast í áföngum. Tók hann undir orð Kristjáns og taldi, að fyrrgreindar aðgerðir auk svipaðrar kauphækkunar og Kristján legði til ættu að duga til þess að ná marki ríkisstj."

Þar lýkur Morgunblaðsgreininni. Nú vil ég leyfa mér að lesa kafla úr viðtali við hæstv. forsrh. á forsíðu Tímans í gær. Fyrirsögnin er: „Morgunblaðið falsar ummæli forsrh." Í þessu viðtali er m. a. haft eftir forsrh.:

„Kristján Friðriksson taldi 5—7% kauphækkun á ári hóflega", en það þýðir, eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, 10—14% á tveimur árum, — og tilvitnunin heldur áfram: „Aðgerðir ríkisstj. í skattamálum og tryggingamálum gætu svo vel þýtt 5—7% kaupmáttaraukningu fyrir lægst launuðu stéttirnar. Það var því ekki óeðlilegt, að ég benti á, að Kristján væri mjög að nálgast það, sem ríkisstj. vildi, að fram næði að ganga í kjaramálum, því að hún hefur lofað að beita sér fyrir því, að kaupmáttur láglaunafólks verði aukinn í áföngum um 20% á tveimur árum."

Ég get ekki séð, hvað það raunverulega er, sem þarna ber á milli. Í grein Morgunblaðsins sagði, að forsrh. hefði sagt, að þetta yrði að gerast í áföngum, og hann hefði tekið fram, að það væru ýmsar aðrar ráðstafanir, sem kæmu til greina en bein kauphækkun, og það stendur líka hér. Ég sé ekki, um hvaða fölsun er hér að ræða, sem veldur því, að hæstv. forsrh. tekur til máls utan dagskrár á Alþ. út af þessu máli.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er ánægjulegt, að Morgunblaðið skuli eiga sér valkyrju hér á hv. Alþ., sem er þess albúin að taka upp vörn fyrir það, ef henni þykir á það hallað. Nú sagði ég í þeim orðum, sem ég sagði í upphafi, að ég væri ekki að væna þann blaðamann, sem fregnina hefði skrifað, um það, að hann hefði sett þessa fyrirsögn, því að ég sagði einmitt og vitnaði til greinarinnar, að ef hún væri lesin í gegn, þá kæmi fram, hvað í raun og veru hefði gerzt þarna í verulegum atriðum, að vísu kannske með svolítið öðrum blæ heldur en ég sagði það, en við því er ekkert að segja. Slíkt gerist oft í blaðafrásögnum. Það, sem ég var að átelja, var það, að það er smíðuð fyrirsögn fyrir þessari grein, — feitletruð m. a. s. Hún segir allt annað en í meginmáli greinarinnar segir. Ég segi: Það er ekki stafur í meginmáli greinarinnar fyrir þessari fyrirsögn. Fyrirsögnin verður ekki skilin á annan veg en þann, að ég hafi talið nægja 5—7% kauphækkun á tveimur árum, heildarkauphækkun. Hún verður ekki skilin á annan veg. Þar við bætist svo það, að þessi fyrirsögn er notuð bæði af Morgunblaðinu og öðru stjórnarandstöðublaði til þess að leggja út af henni. Þeir leggja ekki út af því, sem segir í meginmáli greinarinnar og fréttaritarinn hefur réttilega skrifað. Nei, þeir leggja út af því, sem er heimabruggað af blaðinu sjálfu. Það er þetta, sem ég átel. Auðvitað er það smekksatriði, hvernig blaðamennska á að vera. Ég aðhyllist ekki svona blaðamennsku. Ég tel hana til mikils vanza. Ef hv. 12. þm. Reykv. aðhyllist hins vegar svona blaðamennsku, hefur smekk fyrir slíkt, þá get ég ekkert gert við því. Hún um það. Það er hennar smekkur.

Mér heyrðist á hv. 12. þm. Reykv., að hún væri eitthvað að hneykslast á því, að ég hefði ekki birt leiðréttingu við þetta eða gert aths. við þetta fyrr. Þetta kom á föstudag í Morgunblaðinu. Það hefur ekki verið þingfundur hér fyrr en nú. Ég nota fyrsta tækifæri til þess að koma þessari leiðréttingu hér á framfæri. Svo heyrðist mér á hv. þm., að hún væri svona að telja, að þetta hefði ekki gert mikið til. Morgunblaðið færi að vísu víða, en það hefði komið leiðrétting í Tímanum og það þyrfti ekki að vera að fárast meira út af þessu. En þetta er hugsunarháttur út af fyrir sig. Hún má hafa þennan hugsunarhátt. Ég hef hann ekki.

Út af því, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði hér, þá vil ég segja, að ég ætla nú ekki hér að fara að lengja þessar umr. með því að reyna að svara fyrir hv. þm. Eðvarð Sigurðsson. Hann er áreiðanlega fær um það, og ég efast ekki um, að hv. þm. Sverrir Hermannsson getur átt við hann orðastað um það, sem hann kann að hafa sagt í Þjóðviljanum. En Þjóðviljinn liggur nú ekki hérna frammi og ég hef hann ekki við höndina og get ekki gengið úr skugga um, hvað þar hefur verið sagt, og veit heldur ekki, hvað Eðvarð Sigurðsson mundi vilja telja rétt eftir sér haft þar eða hvaða túlkun hann mundi vilja gefa á þeim ummælum. Þess vegna mun ég ekki á neinn hátt blanda mér í það, hvað hann hefur sagt. Hann svarar fyrir það. Og ég sé heldur ekki, að það komi þessu máli í sjálfu sér neitt við, sem ég vakti hér máls á.

En það er ánægjulegt í sjálfu sér, að eina tilraunin, sem hér hefur verið gerð til þess að ganga heiðarlega fram á vissan hátt og taka upp vörn fyrir Morgunblaðið í stað þess að drepa umr. á dreif um önnur atriði, hún kom þó frá hv. 12. þm. Reykv. Og fyrir það á hún í sjálfu sér hrós skilið. En ég vil hins vegar mótmæla því, sem annar hv. þm. sagði, að það, sem stjórnin hefði gert til þessa, hefði — eða afskipti ríkisstj. af samningamálunum — hefði til þessa haft miður heppileg áhrif á samningamálin. Þetta er algerlega órökstuddur sleggjudómur, og ég mótmæli honum. Hv. þm. var að tala um dæmalausan stjórnarsamning. Það er alveg rétt. Ég er honum sammála um það, að þessi stjórnarsamningur, sem gerður var síðast, er fordæmalaus. Það hefur aldrei verið gerður slíkur stjórnarsamningur hér á landi áður.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta, að þetta er aðeins stutt aths. Ég fékk ekki svar við þeirri spurningu, sem ég bar hér upp til hæstv. forsrh. áðan, þegar ég spurði um, hvað stjórnin hefði metið vinnutímastyttinguna mikils sem launauppbót eða kaupmáttaraukningu launa. Hæstv. forsrh. svaraði því, að þetta væru ákveðnar prósentur í útgjöldum til atvinnuveganna eða fyrir atvinnuvegina. Þetta liggur auðvitað í augum uppi, að stytting vinnutímans um 10% eru 10% útgjöld fyrir atvinnuvegina að þessu leyti. En ég vil endurtaka spurningu mína, vegna þess að mjög mikið er um það talað meðal launþega og mjög mikið um það spurt, hvað stjórnin meti vinnutímastyttinguna mikils sem hagræði fyrir launþega, annaðhvort sem beina kauphækkun eða sem aukningu kaupmáttar launanna.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. við þau ummæli forsrh., að hér hafi verið reynt að drepa þessum umr. á dreif og tala um efni, sem ekki hafi verið hér til umr. Hæstv. forsrh. talaði hér vítt og breitt um stjórnarsamninginn, um kjaramálin og um yfirstandandi samninga, og mér kemur það ókunnuglega fyrir sjónir, — ég er að vísu ekki þingvanur maður, — en mér kemur það ákaflega ókunnuglega fyrir sjónir, ef þm. mega þá ekki tjá sig um þau efni, sem um er rætt hér í ræðu þess, sem biður um orðið utan dagskrár. En það, sem mér finnst merkilegast, sem hefur komið fram í þessum umr., er það, að ríkisstj. hefur látið gera úttekt á stöðu atvinnuveganna og hún hefur lýst yfir ákveðnum stefnumálum sínum til þess að létta af atvinnuvegunum ýmsum útgjöldum, en samt sem áður fá aðilar vinnumarkaðarins ekkert um þetta mat að vita og ekkert um það að vita, hvað ríkisstj. hyggist gera í þessum efnum. Þetta er það veigamesta, sem hefur komið fram í þessum umr., og ég fagna því, að þær skyldu hafa átt sér stað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var ekki ég, sem hóf umr. hér um kjarasamninga eða kjarasamningamál almennt, heldur er það, sem ég sagði um það efni, sagt af gefnu tilefni samkv. fsp. Ég hélt mig í minni aths. algerlega við það efni, sem um var að tefla og ég vildi vekja athygli þingheims á. Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að einhver leynd sé yfir þessum málum eða skýrslum um stöðu atvinnuveganna, sem aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki fengið að sjá. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur slík vitneskja. En ég get upplýst hann um, að það er rangt. Hún er röng, hugmynd hans um það efni. (Gripið fram í.) Ég gaf yfirlýsingu um það áðan, að þess mundi verða að vænta algerlega á næstunni, að það kæmi á daginn, hvað yrði gert í þeim efnum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Sunnl. minntist á, þá segi ég aftur, að auðvitað er vinnutímastyttingin visst hagræði og kjarabót. Ég vil ekki nefna neinar tölur í því sambandi, enda skiptir það í sjálfu sér ekki höfuðmáli, hvað ríkisstj. metur það mikla kjarabót. Það, sem öllu máli skiptir, er, hvernig samningsaðilarnir líta á það og meta. Það er það, sem er höfuðatriðið, en ekki hitt, hvernig stjórnin metur það, og ég undirstrika það, svo að ég vitni enn í málefnasamninginn, að þar er tekið skýrt fram, að til viðbótar vinnutímastyttingunni er talað um 20% kaupmáttaraukningu, þannig að þessi vinnutímastytting kemur ekki inn í þessa spurningu um 20% kaupmáttaraukningu eða 20% kauphækkun.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, upplýsir í einu stjórnarmálgagninu, Þjóðviljanum, að þær kröfur, sem fram hafa verið lagðar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, séu í nákvæmu samræmi við það, sem lesa megi í stjórnarsáttmálanum um það efni. Þegar þessi formaður í langöflugasta verkalýðsfélagi landsins setur fram slíka yfirlýsingu, þá er ekki nóg með það, að hún birtist þar athugasemdalaust og enginn hafi af hálfu stjórnarsinna neitt við hana að athuga, heldur yppir hæstv. forsrh. hér öxlum, þegar á þetta er bent, og segir, að hann sé sjálfsagt maður til þess að svara fyrir sig í þessum sökum, Eðvarð Sigurðsson. Hann lætur svo sem það sé ekkert stórmál fyrir sig, þótt þessi formaður öflugasta verkalýðsfélags landsins haldi þessu fram og enginn hafi neitt við það að athuga, og hann hefur það ekki sjálfur. Hann fullyrðir, þessi formaður, að þetta sé innihald stjórnarsáttmálans, sem þarna birtist og endurspeglist í þessum kröfum. Það, sem ég átti við, þegar ég ræddi um það, að ég hygði, að afskipti hæstv. ríkisstj. af samningamálum hefðu ekki haft góð áhrif á framgang þeirra mála, er þá grundvallað á þeirri skoðun minni, að ríkisvaldið eigi að fara með aðgát í þeim efnum. Það hafi sýnt sig á umliðnum áratugum, að ekki sé ráðlegt, að ríkisvaldið gangi þar fram fyrir skjöldu. Og ég minnist þess, að félagar mínir í verkalýðshreyf-

ingunni hafa æ ofan í æ lýst því yfir, að þeir kysu helzt, að ríkisvaldið kæmi sem minnst þar til skjalanna að öðru leyti en því, sem oft hefur verið reynslan, áður en yfir hefur lokið í samningum, að ríkisvaldið hefur orðið að koma til skjalanna með ýmsar ráðstafanir til þess að endanleg lausn næðist. En þarna tók hæstv. ríkisstj. algerlega forustu í þetta skiptið með þessum dæmalausa stjórnarsáttmála, þar sem lýst var yfir vinnutímastyttingu, orlofslengingu og 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum. Ég get ekkert um það fullyrt, en ég leyfi mér að efast um, að þar sem ríkisstj. talar um, að þessu verði náð með ýmsum hliðarráðstöfunum, þá leyfi ég mér að efast um, að það hafi legið nægilega ljóst fyrir aðilum vinnumarkaðarins, í hverju þetta ætti að vera fólgið, þannig að þess vegna hefur tæplega enn í dag skapazt nokkur grundvöllur til endanlegrar samningsgerðar. En ég endurtek það, að ég er þrumulostinn yfir því, að hæstv. forsrh. lætur sem ekkert sé, þegar það liggur fyrir, að hv. 8. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, formaður í stærsta verkalýðsfélagi landsins, hafi lýst því yfir, að stjórnarsáttmálinn hafi heimilað verkalýðshreyfingunni að setja fram kröfur, sem þýða allt að 37% hækkun kaups og kjara.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það eru nú orðnar alleinkennilegar umr. hér utan dagskrár, sem nálgast að vera svona almennar pólitískar umr., en ekki aðeins í tilefni af tilteknu, þröngu málefni, sem hér var fitjað upp á í upphafi, ekki sízt þegar á málum er haldið eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, hv. 4. þm. Austf. Hann kemur hér æ ofan í æ upp í ræðustól og fullyrðir, að ákveðinn þm., sem ekki er staddur hér í salnum, hafi sagt það, sem hann hefur ekki sagt. Ég vil gjarnan biðja þennan hv. þm. að sanna mér, að Eðvarð Sigurðsson hafi sagt, að þeir hefðu rétt til þess að krefjast 37% kauphækkunar í krafti stjórnarsáttmálans. Það, sem Eðvarð Sigurðsson hefur sagt í þessum efnum, var fullkomlega rétt, vegna þess að þær kröfur, sem verkalýðshreyfingin setti fram í sambandi við væntanlega samninga, voru byggðar upp í meginatriðum á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hafði hreinlega gert ráð fyrir í sínum stjórnarsáttmála. Í stjórnarsáttmálanum var gert ráð fyrir því, að vinnuvikan yrði stytt, og kröfur verkalýðsfélaganna voru um það. Í stjórnarsáttmálanum var gengið út frá því, að orlof yrði lengt úr þrem vikum í fjórar. Í kröfum verkalýðsfélaganna var gengið út frá því og í stjórnarsáttmálanum var gengið út frá því, að kaupmáttaraukning hjá láglaunafólki í landinu yrði 20% á næstu tveimur árum. Og í kröfum verkalýðsfélaganna var gengið út frá þessu. Til viðbótar við þessar kröfur komu svo fram kröfur frá verkalýðshreyfingunni um sérstaka leiðréttingu á launum hinna allra lægst launuðu.

Hér koma fram ræðumenn og spyrja um það í sífellu, hvað ríkisstj. meti styttingu vinnuvikunnar sem mikla kauphækkun, og jafnvel þeir, eins og hv. 4. þm. Austf., sem telja sig vera forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu, auðvitað með vafasömum rétti, koma og spyrja um þetta. En vitanlega ættu þessir menn að þekkja, að stytting vinnuvikunnar kemur mjög mismunandi út sem kjarabætur hjá hinum einstöku aðilum. Sumir í stéttarfélögum hafa þegar samið um, að þeirra vinnuvika skuli aðeins vera 40 stundir, og þeir fá vitanlega ekki miklar kjarabætur út úr þessu ákvæði. Aðrir hafa samið um að smástytta vinnuvikuna í framkvæmd og eru komnir þarna nokkuð langt áleiðis og hafa nú vinnuviku, sem mun vera í kringum 41½ eða 42 stundir á viku. Einnig er vitað, að stytting vinnuvikunnar getur auðvitað í vissum tilvikum þýtt, ef unninn verður jafnlangur tími, eftir að styttingin hefur verið gerð, og áður var, beinar launabætur, en vitanlega getur stytting vinnuvikunnar líka í mörgum tilvikum þýtt, að ekki verður um neina beina launahækkun að ræða, af því að vinnuvikan styttist, eins og um hefur verið samið, í reynd.

Það, sem sérstaklega vekur athygli mína í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, er að heyra m. a. þann hv. þm., sem hér hefur getið þess sérstaklega, að hann standi í forsvari fyrir verzlunarmenn, og hann þakkar auðvitað hæstv. forsrh. fyrir að viðurkenna, að það væri ósköp eðlilegt, að verzlunarmenn bæru sín kjör saman við kjör opinberra starfsmanna, enda hefur verzlunarfólk í landinu ekkert dregið af sér í því að halda fram, að það ætti nú rétt á því að fá jafnvel meiri launahækkun en margir aðrir. En svo kemur þessi hv. þm. og talar um þá stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að viðurkenna, að réttmætt sé, að stjórnarvöld beiti afli sínu til þess að koma fram tiltekinni launahækkun á næstu tveimur árum fyrir þá, sem teljast til láglaunafólks í landinu, og það telur hann vera dæmalaust plagg. Og hann telur enn fremur, að þetta frumkvæði ríkisstj. hafi orðið til þess að torvelda samninga. Hvar eru heilindi þeirra, sem þannig tala? Þeir gera kröfu fyrir sína umbjóðendur um enn þá meiri launahækkun en ríkisstj. hefur fjallað gagngert um í sínum samningum, en hneykslast svo á því, að ríkisstj. skuli hafa þó tekið undir þessar launakröfur hjá láglaunafólki í landinu. Þessi hv. forsvarsmaður verzlunarmanna í landinu sagði: Hafði ríkisstj. ekki gert sér grein fyrir því, að stytting vinnuvikunnar úr 44 stundum í 40 mundi kosta fiskiðnaðinn í landinu 14.8% í auknum útgjöldum og 14.2% aukin útgjöld hjá iðnaðinum í landinu? Hvaðan skyldi hann hafa þessa útreikninga? Atvinnurekendur í landinu hafa verið að birta þá að undanförnu. (**SvH:** Þú hefðir ekki gert þetta.) Ég, jú, ég get gert það núna, ef þú vilt, af því að þeir eru staðlaus vitleysa að mínum dómi. Og hver sá, sem eitthvað þekkir til framkvæmda í þessum málum, veit, að útkoman getur ekki orðið þessi. En sem sagt, þó að það hafi hingað til verið yfirlýst stefnumál verkalýðshreyfingarinnar í landinu og enginn hafi talað meira um það en t. d. Eðvarð Sigurðsson, sem þessi hv. þm. sá ástæðu til að ráðast hér sérstaklega á og afflutti hans mál, er hann var ekki viðstaddur, hann hefur haldið því fram æ ofan í æ hér á Alþ., að ekki væri hægt að telja til beinnar launahækkunar umsamda styttingu á vinnutíma, enda hefur þetta verið yfirlýst stefna í verkalýðshreyfingunni að vilja ekki fallast á, að samningar um styttingu á vinnutíma þýði jafnframt tiltekna kauphækkun. Slík kauphækkun verður ekki nema í einstaka tilvikum, og það er vitanlega ekki hægt að slá neinu föstu um það, hversu mikil hún verður í hverri atvinnugrein fyrir sig. Það fer vitanlega alveg eftir því, hvernig ástatt er um verkefni. En þessar umr. hafa endurspeglað þetta að mínum dómi, sem nú er að gerast í þessum málum í okkar landi;

annars vegar eru menn, sem vilja berjast fyrir því, að a. m. k. tilteknir aðilar í landinu fái eins mikla kauphækkun og mögulegt er, og ætla að ásaka bæði stjórnarvöld og aðra fyrir að standa í vegi fyrir því, að þessi mikla kauphækkun nái fram að ganga og hafa ekkert dregið af sér í þeim efnum, en hins vegar reyna þeir á sama tíma að halda því fram, að ekki sé hægt fyrir atvinnuvegina að bera eðlilegar kauphækkanir.

Ég held, að enginn vafi sé á því, að það atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem hér hefur verið gert að umtalsefni, sú viðurkenning á því, að réttmætt sé, að þeir lægst launuðu í landinu fái tilteknar launabætur eða unnið verði að því að koma þeim fram, þær hafi fyllilega átt rétt á sér. Það var eðlilegt að vinna að því að stytta vinnuvikuna hjá þeim, sem vinna yfirleitt þyngstu verkin, sem unnin eru í landinu, en búa nú við lengstan vinnutíma. Og það var eðlilegt, að við ynnum að því að lengja orlof hér á landi til samræmis við það, sem við þekkjum í nálægum löndum. Og það var fyllilega eðlilegt að ætla að koma því fram að hækka nokkuð laun frá því, sem verið hafði hjá hinum lægst launuðu í landinu eða láglaunafólki almennt, þegar það lá fyrir, að atvinnuvegir okkar bjuggu við einstaklega hagstæð ytri skilyrði. Verðlag hafði hækkað mikið á útflutningsafurðum okkar og undir slíkum kringumstæðum voru auðvitað skilyrði til þess að rétta hag þessa launafólks. Umsetning öll í landinu hafði stórkostlega vaxið, og það vitanlega bætti afkomu iðnaðarins í landinu og verzlunarinnar mjög verulega frá því, sem áður var, enda viðurkennt af forustumönnum þessara atvinnugreina. Það var því ofureðlilegt, að ríkisstj. lýsti yfir því sem sínu stefnumáli, að hún vildi vinna að því, að slíkar launabætur næðu fram að ganga. Slík yfirlýsing var eðlileg, og það er hart að heyra það, að þeir, sem kalla sig forsvarsmenn í verkalýðshreyfingunni, skuli kalla slíkar yfirlýsingar til þess fallnar að torvelda samninga. Það geta vitanlega þeir ekki sagt, sem eru raunverulegir forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Mín skoðun er sú, að þau ummæli, sem hér var vitnað til hjá Eðvarð Sigurðssyni, hafi verið rétt að því leyti til, að kröfur verkalýðshreyfingarinnar voru í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. En hitt kannast ég ekki við, að Eðvarð Sigurðsson hafi sagt, að verkalýðshreyfingin ætti rétt á 37% launahækkun vegna stefnuyfirlýsingar ríkisstj. Það hefði auðvitað verið full ástæða til þess, eins og þessi mál öll standa nú, að reynt hefði verið hér af hv. alþm. að stuðla að því, að samningar næðust í þeim vinnudeilum, sem nú standa yfir, sem vitanlega geta þróazt upp í það, áður en langt um líður, að leiða til stöðvunar á framleiðslu í landinu, ef ekki næst samkomulag. Það hefði verið ástæða til þess að vænta þess, að þm. reyndu að leggja fram sitt lið til þess að leysa deiluna, en ekki að þeir ynnu á þann hátt, sem ég fyrir mitt leyti get ekki annað en lesið út úr því, sem hér hefur komið fram frá nokkrum af fulltrúum Sjálfstfl., að þeir reyndu að gera allt, sem þeir gætu, til þess að reyna að trufla það, að menn gætu staðið eðlilega að þessari samningagerð.

En það gefst að sjálfsögðu tími til þess, áður en langt um líður, að ræða þessi mál hér á breiðari grundvelli en nú er utan dagskrár. En ég tel, að þeir fulltrúar Sjálfstfl., sem lagt hafa orð í belg í þessum umr., hafi ekki bætt málstað sinn að mati neinna þeirra, sem hér hafa á hlustað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mér finnst athyglisvert, að hv. þm. Sjálfstfl. skuli finna sig til þess knúna að koma hér upp hver á fætur öðrum og tjá óróleika sinn yfir þeim seinagangi, sem þeir telja, að sé á viðræðunum, sem nú standa yfir milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda um samningamálin. Ég skil þetta svo, að þarna séu þeir að láta skína í umhyggju sína fyrir verkalýðshreyfingunni, og ég met það, ef svo er. Þeir leiðrétta það væntanlega á eftir, ef ég met þetta skakkt. En mér finnst þetta athyglisvert, þegar þeir tala um, að ríkisstj. sé völd að þessum seinagangi. Þetta er athyglisvert, þegar það er haft í huga, sem ég fullyrði, að aldrei hefur verkalýðshreyfingin þurft að þola aðra eins ápján af hálfu ríkisvaldsins og hún varð að þola undir viðreisnarstjórninni, stjórn þess flokks þessara hv. þm., sem veitti þeirri stjórn forustu. Ég vona, að þetta tal þeirra hér sé merki þess, að batnandi mönnum sé bezt að lifa, og það er vel, ef svo er.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason lýsti því yfir, að íslenzk verkalýðshreyfing hefði aldrei orðið að þola aðra eins ápján eins og í tíð hæstv. fráfarandi ríkisstj. Hann ætti þá að kynna sér, hvernig málum yfirleitt hefur skilað fram, kaupum og kjörum í landinu til hagsbóta öllum, einnig vinnandi fólki. Ég hef ekki tíma til annars en örstuttrar aths., og það gefst vonandi tækifæri til þess síðar að eiga orðastað við Lúðvík Jósepsson um þessi mál í heild sinni. Ég hef ekki tíma til þess að elta ólar við allt það, sem hann setti hér fram. Ég er ýmsu vanur úr þeirri átt og kippi mér ekkert upp við það. En ég tók það fram í upphafi máls míns, að ég harmaði, að hv. 8. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, væri ekki staddur hér, en þó var ekkert í mínum ummælum með þeim hætti, að ég væri að nota tækifærið, þar sem hann var fjarverandi, til þess að fara með annað en það, sem hann hafði áður birt opinberlega, á opinberum vettvangi. Í viðtali, sem Þjóðviljinn á við Eðvarð Sigurðsson 26. sept. 1971, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í viðtali við Eðvarð Sigurðsson inntum við fyrst eftir því, hvort kröfur verkalýðsfélaganna væru ekki sniðnar eftir stjórnarsáttmálanum. Jú, það er rétt, segir Eðvarð, að við teljum þessar kröfur ekki fara út fyrir ramma stjórnarsáttmálans.“ Og síðar segir hann. Þjóðviljinn spyr: „Ef gengið yrði að öllum kröfum ykkar, Eðvarð, hver telur þú þá, að hækkunin yrði í prósentum? Um 37% hækkun, en hærra er vart hugsanlegt að reikna þetta.“ Kröfurnar eru settar fram og þær eru innan ramma stjórnarsáttmálans, eftir því sem hann metur þær, og við skulum vænta, að það sé rétt mat. Þá eru þær 37%.

Hæstv. forsrh. sér enga ástæðu til þess sérstaklega að leggja eyrun neitt við þessu. Hæstv. sjútvrh. fullyrti, að þetta væri alrangt, að vinnutímastyttingin, hin boðaða vinnutímastytting þýddi fyrir iðnað 14.2% og sjávarútveg eða fiskvinnsluna 14.8%. Þessu hefur verið haldið fram nú um alllanga hríð, að svo væri þetta, og ég hef hvergi séð á hinn bóginn, að þetta væri hrakið. Til þess ber auðvitað brýna nauðsyn fyrir verkalýðshreyfinguna

að sýna fram á með ljósum rökum, að þetta sé ekki rétt, og ætti hæstv. sjútvrh. að lána verkalýðshreyfingunni þau rök. Rétt er það; verkalýðshreyfingin á rétt á því að fá sína hlutdeild úr bættum þjóðarhag. En þá vil ég spyrja, úr því að þessi ríkisstj. og hennar verk hafa orðið til þess eftir meiningu hæstv. sjútvrh. að greiða fyrir samningum, hvaða kauphækkanir eru það og kjarabætur, sem íslenzkir atvinnuvegir þola í dag?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja, að auðvitað kom í ljós, eins og við var að búast, að hv. 4. þm. Austf. gat ekki haft eftir Eðvarð Sigurðssyni þau ummæli, sem hann hafði hér í sinni fyrri ræðu. Þegar hann reynir að láta líta svo út sem Eðvarð Sigurðsson hafi sagt, að hér væri um 37% kauphækkun að ræða, þá sagði hann það ekki, heldur hitt, að þegar allt er lagt saman hjá þeim, sem eiga að fá mestar hækkanir á öllu þessu tímabili, þá verður ekki hægt að komast hærra en upp í 37%, en hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, veit auðvitað alveg eins og Eðvarð Sigurðsson og við allir hinir hér, að þær kauphækkanir, sem þarna voru settar fram, þýddu mjög mismunandi fyrir hina einstöku aðila, fyrir þá, sem voru með allra lægstu kauptaxtana, þeir áttu að fá sérstakar aukahækkanir, en aðrir áttu að fá minna, og sumir gátu ekki fengið neitt út úr vinnutímastyttingunni. En það er eflaust rétt, að þegar það er lagt saman, sem sett er fram í kröfuformi fyrir þá, sem áttu að fá allra mest, þá var hægt að reikna þetta upp í 37%, en vitanlega er það alger fölsun á þessu að halda því fram, að hér hafi verið um 37% kauphækkun að ræða almennt séð. Svona vitanlega halda ekki á málum í þessum tilfellum aðrir en þeir, sem eru algerir talsmenn atvinnurekenda. Þeir hafa stundum leyft sér að gera þetta. Auðvitað munar þennan hv. þm. ekki heldur um að gera það, sem varla er kannske von á.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér hefur hafizt umræða um missagnir blaða og viðleitni þeirra til þess að koma því orði á ríkisstj., að hún torveldaði og drægi á langinn samkomulagsmöguleika milli aðilanna á vinnumarkaðinum. Í viðbót við það ranghermi, sem var grundvöllur þessara umr., ranghermi Morgunblaðsins út af ummælum hæstv. forsrh., sem hann hefur nú algjörlega borið til baka sem staðlausa stafi, þá tel ég rétt að gera að umræðuefni í örfáum orðum annað mishermi tveggja blaða um afskiptaleysi ríkisstj. og svik á stjórnarsáttmálanum í sambandi við launamálin.

Ég hef séð, bæði í dagblaðinu Vísi og Alþýðublaðinu, að þau hafa haldið því fram, að verkalýðshreyfingin mundi vera búin að hljóta efndir af einhverri annarri ríkisstj. en þeirri, sem nú situr, varðandi lagasetningu um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofsins. Ég treysti því, að bæði þessi blöð vilji heldur hafa það, sem sannara reynist, og vil því skýra frá, hvernig á þessum tveimur málsatriðum var tekið af félmrn.

Það var auðvitað ekkert auðveldara fyrir félmrn. en að setja strax fram lagafrv. um styttingu vinnuvikunnar úr 44 stundum í 40 stundir og lengingu orlofsins úr þremur vikum í fjórar. En ég hafði ekki þann hátt á, því að ég vildi með engu móti stuðla að því, að deilur spynnust út af málsmeðferðinni, svo að ég kallaði á minn fund þegar í stað fulltrúa Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og sagði, að ég vildi gjarnan haga málsmeðferð þannig, að lausn þessara málsatriða félli sem bezt að samningaviðræðum þeirra, því að hér væri vissulega um kjaraatriði að ræða. Þessu tóku þeir vel og mættu til fundar, og það var sammæli þeirra allra, fulltrúa Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins, að þeir teldu réttast, að skipuð væri nefnd, sem fjallaði um þessi vandamál, raunar tvær nefndir, lögðu þeir til. Og það var gert nákvæmlega að þeirra ráði allra, með samkomulagi við þá.

Þessar nefndir hafa síðan starfað og starfað vel og krufðu þessi mál öll til mergjar og komust að sameiginlegum niðurstöðum um meginmálsatriði. Sameiginlega hafa þeir nú skilað drögum að frv. til mín, eins og þeir hafa komið sér saman um, og eiga aðeins eftir að segja sitt síðasta orð um eitt málsatriði eða svo um hvort málið um sig, styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofsins. Þegar aðilar hafa sagt mér annaðhvort að þeir hafi náð fullu samkomulagi eða að þá greini á um eitthvert atriði, þá er komið að hnút, sem ég verð að höggva á, en þeir hafa ekki sagt þetta síðasta orð enn þá, og þess vegna hef ég ekki lagt frv. um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofsins fram. Það verður gert á þeirri stundu, sem þeir hafa lokið störfum í þessum nefndum, sem ég að þeirra ósk og ráði skipaði til þess að fjalla um þessi mál, svo að það spillti engum öðrum möguleikum í samningunum og væri með þeirra vilja gert að taka þannig á málunum.

Stjórnin er því sýkn saka, a. m. k. að því er snertir þessar ásakanir um að hafa tafið samningamálin með aðgerðarleysi varðandi styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofs. Þær ásakanir í Vísi og Alþýðublaðinu eru algjörlega úr lausu lofti gripnar, og vænti ég, að þau geti fengið staðfestingu á því, að það, sem ég hef skýrt frá hér, er rétt, hvort sem þau vilja snúa sér til Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins eða þá til Alþýðusambandsins. Ég hygg, að þeim aðilum mundi öllum bera saman um, að ríkisstj. eigi enga sök á því, að þeir hafa ekki enn þá komizt að fullri niðurstöðu um lausn þessara mála. En að öllu leyti hefur málsmeðferðinni verið hagað þannig, að þetta félli sem bezt inn í samningamálin í heild.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. að öðru leyti en því, að hér kom áðan fram ungur þingmaður, hv. 7. landsk. þm., og tók svo til orða, að hann átaldi það, að þm. Sjálfstfl. væru hér að ræða um kjör launafólksins í landinu, aðra eins áþján og launafólkið hefði þurft að líða í tíð fyrrv. ríkisstj. Þessi orð krefjast nú frekari skýringar og þessi þm., sem hefur stuttan tíma setið á þingi og kemur hér inn nú fyrst, þegar þing kemur saman, verður að gera sér grein fyrir því, að menn geta sagt svona á götum og gatnamótum og kannske á fundum einhvers staðar úti á landi, en menn geta ekki sagt svona í þingsölunum án þess að finna sínum orðum stað.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. batnaði hagur alls almennings í þessu landi stórkostlega. Tekjur þjóðarbúsins jukust og framleiðsla þjóðarbúsins jókst. En ætíð jukust tekjur launþeganna í samræmi við auknar þjóðartekjur allan

tímann og meira. Verkalýðsstéttin fékk meiri laun, lægst launuðu stéttirnar og minna launuðu stéttirnar fengu meiri kjarabætur á þessu tímabili en tekjuaukningin og framleiðsluaukningin var í þjóðarbúinu á síðasta áratug. Ef ég man rétt, — ég hef ekki þau gögn hér við hendina, — þá held ég, að það séu um 64%, sem hafi orðið aukningin til kjarabóta hjá launastéttunum á þessu tímabili, sem er meira en var tekjuaukning þjóðarbúsins og framleiðsluaukning þjóðarbúsins.

Á þessu tímabili gerðist einnig það, að 1964 beitti þáv. forsrh., Bjarni heitinn Benediktsson, sér fyrir víðtækara samkomulagi og friðsamlegra en áður hafði tíðkazt að gert væri milli aðila vinnumarkaðarins, vinnuveitenda og launþeganna, og var hann frumkvöðull að því, júní-samkomulaginu 1964.

Þegar verulega bjátaði á og hallaði undan fæti fyrir þjóðarbúi okkar 1967 og 1968, þegar framleiðsluverðmætin minnkuðu á tveimur árum um 50% að útflutningsverðmæti, þá beitti þáv. ríkisstj. sér enn fyrir geysilega víðtæku samstarfi og samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. Þá voru settar upp atvinnumálanefndir, atvinnumálanefnd ríkisins og atvinnumálanefndir í öllum kjördæmum landsins, og gerður sáttmáli við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um, að þessir aðilar skyldu taka höndum saman ásamt með ríkisstj. til þess að berjast gegn þeirri vofu atvinnuleysis, sem þá hafði haldið innreið sína sem afleiðing af þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafði orðið fyrir. Með þessum samstilltu tökum tókst að verjast áföllunum og gera ráðstafanir til þess að útrýma atvinnuleysinu.

Hvað á þessi ungi hv. þm. við, þegar hann talar um áþján fyrrv. ríkisstj. á launafólkinu í landinu? Hvað á hann við með því? Launafólkið í landinu fékk fullkomlega sinn hlut af auknum þjóðartekjum og aukinni þjóðarframleiðslu, og þetta á hv. þm. að vita.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Hafstein, fyrrv. forsrh., sagði, að ég hefði komið hér í ræðustól áðan og átalið þm. Sjálfstfl. fyrir að taka hér til máls í þeim umr., sem þá fóru fram. Ég vildi nú biðja þennan hv. þm. að taka eilítið betur eftir því, sem hér fer fram í ræðustól. Ég taldi þetta athyglisvert, en ekki ámælisvert, og það er svolítið annað.

Hann taldi einnig, að ég yrði að finna stað þeim orðum, sem ég sagði hér áðan í sambandi við áþján á verkalýðshreyfingunni undir forustu viðreisnarstjórnar. Ég skal minna þennan hv. þm. og fyrrv. forsrh. á þær aðferðir, sem ríkisvaldið hefur beitt í skiptum sínum við verkalýðshreyfinguna á undanförnum árum. Ég vil minna þennan hv. þm. á gerðardómsákvæðin á hendur sjómannastéttinni æ ofan í æ. Ég vil minna þennan hv. þm. á kaupbindingu á hendur verkalýðshreyfingunni æ ofan í æ. Ég vil minna þennan hv. þm. á afnám vísitölugreiðslu á kaup. Og ég vil í síðasta lagi minna þennan hv. þm. á ógildingu á nýgerðum kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar. Þetta tel ég, að verkalýðshreyfingin hafi orðið að þola og hafi verið áþján af hendi ríkisvaldsins.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að hafa neinn hávaða hér í ræðustólnum. Gerðardómsákvæðum æ ofan í æ hefði verið miklu betra, að þm. gerði grein fyrir, en hefði ekki bara sagt: æ ofan í æ ofan í æ. Og hann hefði átt að gera grein fyrir því eða reyna að hrekja það, sem er meginefni málsins, að hvað sem einstökum aðgerðum líður í það og það skiptið er það óhrekjandi niðurstaða, og nú bið ég hv. þm. að taka eftir, — eða vill hann hrekja það, að verkalýðurinn hafi á þessu árabili fengið sinn hlut af þjóðartekjunum og ríflega það af auknum þjóðartekjum og aukinni þjóðarframleiðslu? Það er það, sem máli skiptir, að kjarabætur almennings í landinu voru allan tímann í hlutfalli við þá aukningu á þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu, sem varð á þessu tímabili. Og meðan svo er, er sannarlega ekki hægt að tala um áþján af hálfu ríkisvaldsins á verkalýðnum. Þetta er meginefni málsins. Er þetta rétt eða er þetta rangt?

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., utan dagskrár, mælti

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og alkunnugt er, hafa farið fram nú lengi undanfarið samningaumleitanir milli launþega og atvinnurekenda, og eins og að líkum lætur, hafa þar að sjálfsögðu verið lögð fram gögn frá opinberum stofnunum og aðrar upplýsingar frá báðum aðilum um stöðu atvinnuveganna og annað, er máli skiptir í sambandi við samningaumleitanir og lausn á þeirri deilu, sem yfirstandandi er. Nú hefur ríkisstj. lagt hér fram á Alþ. tvö frv., sem beint og óbeint varða þessi mál, en það er frv. til laga um 40 stunda vinnuviku og frv. til laga um orlof, sem er nú til 1. umr. í Ed. Nú kemur að því, að alþm. eiga að taka afstöðu til þessara frv., en ég sakna þess, að alþm. hefur ekki verið sýndur sá trúnaður að senda þeim þau gögn, sem fyrir liggja, a. m. k. frá opinberum aðilum, til þess að þeir geti kynnt sér þau gögn og séð, hvernig staða atvinnuveganna er, og þá væri líka mjög mikils virði, að upplýsingar lægju fyrir um, hvaða áhrif þessi frv. hafa á útgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana sem og á atvinnuvegina í heild. Þessi mál eru mjög viðkvæm og alvarleg og engin ástæða til þess að vekja um þau deilur hér á Alþ. að óþörfu, en ég vænti þess, að hæstv. forsrh. vilji verða við þeirri ósk minni, að þessi gögn verði send öllum alþm., en ekki einhverjum hluta þeirra, því að atkv. okkar er jafngilt, hvar sem við erum í flokki eða hvaða stöðu sem við höfum í flokki. Ég vil aðeins með þessum orðum koma þessu áleiðis og vænti þess að fá svar við þessari beiðni frá hæstv. forsrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Efnahagsstofnunin hefur gert ýmsa útreikninga varðandi stöðu atvinnuveganna vegna þeirra kjarasamninga, sem standa yfir. Þau gögn hafa þeir aðilar, sem vinna að lausn deilunnar, samningsaðilarnir og sáttanefnd, fengið í hendur. Hins vegar hefur ekki verið talið rétt að birta þessi gögn opinberlega. Það hefur ekki verið gert áður, að ég hygg. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að hér er um viðkvæm mál að ræða. Þessir útreikningar, sem um er að tefla, eru vandasamir. Þeir hljóta í mörgum atriðum að byggjast á forsendum, sem þeir gefa sér eða verða að ákveða, sem út eiga að reikna. Og ég hygg satt að segja, að það sé nokkuð erfitt fyrir þá, sem eru ekki inni í þessum málum, að skilja þessa

reikninga, og áreiðanlega er auðvelt að misskilja þá og jafnvel mistúlka.

Það hafa engum sérstökum alþm. verið sendir þessir útreikningar, — en orð hjá hv. fyrirspyrjanda gátu gefið slíkt í skyn. En að gefnu þessu tilefni frá honum mun ég taka það til athugunar í samráði við þá, sem útreikningana hafa gert, hvort ekki sé rétt að leggja þá fyrir þær nefndir Alþ., sem fjalla um þau frv., sem hann nefndi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvær örstuttar fsp. til hæstv. forsrh. vegna orða hans nú, áður en hann gekk úr ræðustól. Á að skilja orð hans þannig, að meiri hætta sé á því, að hv. alþm. misskilji þær upplýsingar, sem fram hafa komið frá Efnahagsstofnuninni, en sá um það bil 100 manna hópur, sem hefur þessi gögn í höndum? Á líka að skilja orð hans þannig, að ekki sé hægt að afhenda hv. alþm. þessi gögn sem trúnaðarmál, en ég vænti, að þeim aðilum, sem hafa fengið gögnin, hafi verið afhent þau með þeim skilyrðum?

Það var aðeins þetta tvennt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef nú ekki mikið að segja við þessum fsp. þessa hv. þm. Ég veit, að hv. alþm. eru skilningsríkir menn, og ég vil ekki vantreysta þeim út af fyrir sig til þess að skilja þessi gögn. En hitt veit ég líka, að þeir menn, sem standa í þessum samningum, eru margir þaulvanir og hafa fjallað um slík gögn sem þessi oft áður. Og í annan stað vil ég aðeins bæta því við, endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það hefur ekki verið venja áður, svo að mér sé kunnugt um, að leggja slíka útreikninga sem þessa fyrir alþm.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að mér urðu töluverð vonbrigði að svari hæstv. forsrh., því að ég gat ekki skilið það á annan veg en þann, að alþm. væri í raun og veru ekki treystandi til þess að lesa úr þeim gögnum, sem á hefur verið minnzt, en hins vegar eru eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði þessi gögn í höndum um 100 manna í báðum samninganefndum og ég skal ekkert fara dult með það, að mér var boðið að sjá þessi gögn öll af nm. eða tveimur nm., sem höfðu þau undir höndum. En ég sagði sem svo, að búið væri að leggja fram frv. eða frv. á Alþ., sem bæði beint og óbeint hafa áhrif á þessi mál, og ég tryði því ekki, að ekki yrðu lögð öll gögn í hendur alþm., til þess að þeir fengju aðstöðu til að kynna sér málin, eins og þau liggja fyrir, og flýta þá fyrir afgreiðslu þessara mála hér á Alþ. Og ég skal segja hæstv. forsrh. það, hvað mig snertir, að þegar þessi frv. koma hér fyrir í hv. Nd., þá mun ég leggja á það höfuðáherzlu, og ég þori að fullyrða, að minn flokkur mun leggja á það höfuðáherzlu, að þessi gögn liggi fyrir, því að við eigum kröfu til þess, þm. almennt, að fá að sjá öll þau gögn, sem fyrir liggja, til þess að kynna okkur þau mál, sem við eigum að taka afstöðu til. Og það eru okkar atkv., sem ráða því, hvort þessi frv. fara í gegn eða ekki. Hitt er svo annað mál, hvort ríkisstj. vill ekki, að þm. stjórnarandstöðunnar fái öll þau gögn í hendurnar. Það er hennar mál. En ég álít það skýlausa skyldu ríkisstj. að dylja ekki Alþ. neins í þessum efnum, vegna þess að hér er um nokkuð annað að ræða heldur en oftast áður hefur tíðkazt, að þessi mál eru komin hér inn á Alþ. með því að lögð eru fram þessi tvö frv., sem ég er ekki að gera neinar aths. við. Þau koma hér síðar til umr. Það er aðeins af því, sem ég geri þetta hér að umræðuefni, að ég tel, að hér sé, eins og hæstv. forsrh. réttilega gat um, um flókið mál að ræða, flókna útreikninga, sem þm. eiga að fá sem trúnaðarmál, og þm. eiga auðvitað að fara með slík mál sem trúnaðarmál, en fá tækifæri til þess að kynna sér þau og mynda sér sínar skoðanir á þeim.

Forseti (GilsG): Ég hafði nú vænzt þess, að enda þótt ég heimilaði, að fram væri borin hér utan dagskrár stutt fsp. um tímabundið mál, þá yrðu ekki almennar umr. hér utan dagskrár.

Hv. 3. þm. Sunnl. gerir stutta aths.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég held, að þegar hæstv. forseti leyfir fsp. utan dagskrár — og án efa hefur verið borið undir hæstv. forsrh., hvort hann mundi svara henni, — þá verði hann að reikna með, þegar slíkt mál ber að, að umr. verði um það.

Það, sem gaf mér tilefni til að koma hér upp í ræðustól, voru þau orð, sem hæstv. forsrh. sagði, að ekki hefði verið venja áður að veita upplýsingar eins og hér var um beðið. Ég vil benda á, að í málefnasamningi ríkisstj. er á einum stað fyrirsögnin: „Ríkisstj. mun m. a. beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í efnahagsmálum“, og síðan talin í 8 töluliðum ýmis atriði, sem beinlínis snerta atvinnuvegina. Ég tel alveg útilokað annað en fyrir verði að liggja fullar upplýsingar um, hvernig þessi atriði öll verka, áður en atvinnurekendur geta gengið til samninga. Og ég tel það alveg sjálfsagða skyldu, að Alþingi Íslendinga fái að vita um þessi atriði öll, áður en kannske kemur til verkfalla, vegna þess að ekki nást samningar um atvinnu- og kaupgjaldsmálin. Og þó að ekki hafi áður, eins og hæstv. forsrh. sagði, verið venja að veita þessar upplýsingar, þá tel ég, að málefnasamningur ríkisstj. gefi alveg fullt tilefni til fsp., og ég tel, að málefnasamningurinn leggi þá kvöð á hæstv. forsrh. að svara þeim fsp., sem hér koma fram varðandi efnahagsmálin, sem vissulega snerta þau mál, sem nú eru efst á baugi, en það eru kaupgjaldsmálin og samningarnir.

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Um þessar mundir er mjög óvenjulegt ástand á ríkisheimilinu. Ríkisvaldið, sem er langstærsti atvinnurekandi í landinu, á í harðri kjaradeilu við starfsmenn sína. Í s. l. viku héldu opinberir starfsmenn sérstakt þing til þess að fjalla um þessi mál og var þar alger einhugur um, að þeir ættu rétt á nokkurri kauphækkun til jafns við þá launþega, sem nýlega hafa samið um kaup og kjör í frjálsum samningum. Ég hef í höndum ítarlega skýrslu um samanburð á frjálsum vinnumarkaði og kaupi ríkisstarfsmanna fyrir hliðstæð störf. Sem dæmi má nefna, að byrjunarlaun samkv. I. flokki hjá Iðju eru 17 599 kr., en byrjunarlaun ríkisstarfsmanns við Iðjustörf eru 15 749 kr. Munurinn er 1850 kr. Byrjunarlaun járnsmiðs verða 1. marz 1973 27 199 kr. eftir þriggja ára starf. Iðnaðar-

maður í hliðstæðu starfi hjá ríkinu hefur á sama tíma 23 603 kr. eftir eins árs starf, og eftir að hafa starfað í 12 ár hefur hann 26 317 kr. Munurinn er frá 882 kr. upp í 3 596 kr.

Ég læt þessi dæmi nægja til þess að sýna fram á, að ríkisstarfsmenn hafa sannarlega lægri laun en nýbúið er að semja um á frjálsum vinnumarkaði. Eðlilegt er, að Alþ. fái vitneskju um, hvernig ríkisstj. hugsar sér framvindu þessara mála. Er það endanleg afstaða ríkisstj. að verða ekki við einróma óskum þings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja? Ætlar hún að láta málið ganga til Kjaradóms? Ef svo er, hver verður þá stefna ríkisstj. í málflutningi fyrir Kjaradómi?

Hér er um að ræða mikla og viðtæka kjaradeilu. Þing opinberra starfsmanna gaf ótvírætt í skyn, að gripið kynni að verða til sérstakra ráðstafana, ef samkomulag næðist ekki. Er augljóst, að þá yrði komið í mikið óefni. Hér er því alvörumál á ferð og nauðsynlegt, að Alþ. fái sem gleggsta vitneskju um, hvert stefnir í þessum málum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. hv. 7. þm. Reykv. vil ég svara því, út af þeim tölum, sem hann nefndi hér, að því miður hef ég ekki við höndina tölur þær, sem voru gerðar af BSRB og starfsmönnum fjmrn. til samanburðar á þessum launaflokkum, sem hann vitnaði til, af því að ég vissi ekki um þetta, fyrr en ég var kominn langleiðina hingað niður eftir, og hafði því ekki tíma til að nálgast þessi gögn. En ég vil segja, að það er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., ef miðað er við byrjunarlaun í lægstu launaflokkunum, að mismunur er þar á. Hins vegar er framkvæmdin þannig hjá ríkinu, að komi þrítugur maður í þjónustu þess, fer hann strax á hæstu laun, vegna þess að honum er þá reiknað til, að þau 12 ár, sem hann er búinn að vera á vinnumarkaðinum, gildi einnig, þó að hann hafi ekki unnið hjá ríkinu. Það, sem ríkisstj. hins vegar bauð fram, var að breyta þessu nú þegar, svo að þeir, sem þetta aldursskeið þyrftu að ganga í gegnum, gætu fengið það undir eins leiðrétt, og þá voru launin orðin sambærileg. Þessu hafnaði BSRB, að taka þessu tilboði ríkisstj., og þess vegna hefur ekki verið um málið samið út frá því tilboði, sem ríkisstj. gerði bandalaginu skriflega nú í s. l. viku, en hafði áður látið koma fram á fundi hjá sáttasemjara, að hún væri til viðræðu um að leiðrétta lægstu launin. Það var hins vegar mat ríkisstj. og þeir útreikningar, sem gerðir voru, að ef inn í þetta dæmi ættu að koma þær hækkanir, sem gerðar voru nú fyrir jólin hjá Alþýðusambandinu, þá mundi þetta reka sig upp fyrir og fara fram úr á vinnumarkaðinum.

Um framhald málsins er það að segja, að það er hjá sáttasemjara enn og ríkisstj. hefur gert þetta tilboð, sem ég gat hér um áðan, og ekki hefur verið haldinn fundur síðan það var gert. Hvort eitthvað kann að koma fram í málinu síðar, sem breytir afstöðu til þess, kann ég ekki skil á, en það er sem sagt í höndum sáttasemjara eins og er. Fari málið til Kjaradóms, mun ríkisstj. að sjálfsögðu leggja fram þau rök í málinu, sem hún telur sig hafa. Það er ekki hennar ósk, að með málið verði farið neitt öðruvísi en lög segja fyrir um, og það munu af hennar hendi verða lögð fram þau gögn, sem rökstyðja þá ákvörðun hennar, að enn þá hefur ekki komið fram á vinnumarkaðinum sú launahækkun, sem gefur ástæðu til þess að fara að breyta kjarasamningum opinberra starfsmanna. Því hefur ríkisstj. haldið fram í þeim umr., sem um þetta mál hafa farið fram, og samanburðurinn, sem gerður var, var að okkar hyggju á þann veg, að hann staðfesti þetta.

Ég ætla svo hins vegar engu að spá um það, hvernig málið kann að fara hjá Kjaradómi. Það er ekkert nýtt, að slíkt mál gangi þangað, og samkv. lögum ber því að gera það, ef ekki semst, og í Kjaradómi eru valinkunnir menn, sem ég veit, að allir treysta til þess að taka á málinu þannig, að þeir meti rétt rök í því.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, þar sem mönnum hættir til að láta meira stjórnast af tilfinningum en skynsemi. Ég held þess vegna, að út af fyrir sig sé það gott og geti verið gagnlegt, að menn ræði þessi mál hér rólega og af skynsemi.

Það, sem er fyrst deilt um í þessu sambandi og hefur fyrst verið um deilt, er lagalegt atriði. Nú segja menn kannske, að í slíkri deilu sem þessari skipti lagaatriði ekki öllu máli, en ég held samt, að það lagaatriði, sem hér er um að tefla, sé þannig vaxið, að ástæða sé til þess að fara um það nokkrum orðum, af því að ég tel, að í sambandi við það hafi gætt mikils misskilnings, misskilnings, sem hefur verið fallinn til þess að valda gremju og sárindum hjá opinberum starfsmönnum. Því er haldið fram af hálfu fyrirsvarsmanna opinberra starfsmanna, að ríkisstj. hafi framið lögbrot með því að taka ekki upp viðræður við opinbera starfsmenn, áður en málið fór til sáttasemjara. Og það er ósköp eðlilegt, að ef opinberir starfsmenn telja þannig brotinn á sér rétt, þá hlaupi þeim kapp í kinn. Ég held fyrir mitt leyti, að hér sé um algeran misskilning að ræða, misskilning, sem kannske er afsakanlegur, en þó alger misskilningur. Það er svo, að þegar um kjarasamninga er að ræða við opinbera starfsmenn, sem fram fara eftir uppsögn á kjarasamningi, þá er þar, eða getur verið, um þrjú stig að tefla. Í fyrsta lagi samningaviðræður á milli aðila, í öðru lagi sáttameðferð fyrir sáttasemjara og í þriðja lagi málsmeðferð fyrir Kjaradómi. Þetta á við, þegar kjarasamningi hefur verið sagt upp og þegar verið er að gera nýjan kjarasamning. En kjarasamningur milli opinberra starfsmanna og ríkisins hins vegar skal gerður til tveggja ára hið skemmsta, en getur verið gerður til lengri tíma og miðaður við áramót. Þetta er að sjálfsögðu nokkuð langur samningstími. Og þess vegna er sleginn nokkur varnagli í 7. gr. laganna, sem ég vildi leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta. Í 7. gr. segir:

„Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót. — Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkv. III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður."

Það er með öðrum orðum þarna vísað í þessari gr. til meðferðar eftir III. og IV. kafla laganna, en í III. kafla laganna er um að ræða meðferð fyrir sáttasemjara og í IV. kafla laganna er um að tefla meðferð fyrir Kjara-

dómi. Misskilningur fyrirsvarsmanna opinberra starfsmanna stafar hins vegar af því, að þeir hafa talið, að 10. gr. þessara laga ætti einnig við, þegar krafizt er endurskoðunar á samningi án uppsagnar. En í 10. gr., sem er í II. kafla laganna og þessum sama kafla, sem 7. gr. er í, segir svo, með leyfi forseta:

„Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja tillögur sínar í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar."

Skilningur fyrirsvarsmanna opinberra starfsmanna mundi verða réttur, ef í 7. gr. hefði staðið í staðinn fyrir þau orð, sem ég sérstaklega undirstrikaði, — að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á. Þá væri skilningur þeirra réttur. En það er ekki gert í 7. gr., það er ekki vitnað til 10. gr. eða þess kafla, sem hún er í, heldur til III. og IV. kafla. Og þessi greinarmunur er eðlilegur. Þessi endurskoðunarréttur er gagnkvæmur. Það getur hvor sem er, opinberir starfsmenn eða ríkið, krafizt endurskoðunar. En hjá hvorum aðilanum sem er getur svarið orðið það, að skilyrði séu ekki fyrir hendi til endurskoðunar. Og þegar það er að mati annars hvors aðilans svo, að skilyrði séu ekki fyrir hendi til endurskoðunar, þá eiga ekki neinar samningsviðræður á milli aðila að fara fram og geta ekki farið fram, af því að það væri beinlínis í andstöðu við þá skoðun og það álit, sem þá hefur verið sett fram af öðrum hvorum aðilanum, heldur er þá gert ráð fyrir því, að málið fái meðferð eftir III. og IV. kafla laganna.

Ég held þess vegna, að engum geti blandazt hugur um, að það er ofsagt hjá fyrirsvarsmönnum opinberra starfsmanna, þegar þeir hafa haldið því fram, að í sambandi við þetta mál hafi verið framið lögbrot af ríkisstj., þegar þeir hafa haldið því fram, að henni hafi verið skylt að taka upp viðræður við þá á þessu fyrsta stigi málsins.

En nú segja menn kannske: En hvað er um það að segja, eins og hefði ekki mátt tala við mennina, hvað sem öllum lagaákvæðum líður? Ja, hvers vegna var það ekki hægt? Vegna þess að ef slíkar viðræður hefðu verið upp teknar, þá hefði það verið óbein viðurkenning á því, að skilyrði væru fyrir hendi til endurskoðunar á þessum samningi. En svar stjórnarinnar var skýrt. Hún taldi, að skilyrði væru ekki fyrir hendi til endurskoðunar. Þess vegna tel ég, að með þessari málsmeðferð, sem höfð hefur verið, hafi enginn réttur verið brotinn á opinberum starfsmönnum, enda hefur það sannarlega ekki verið ætlun eða vilji ríkisstj. að gera það. Þetta hef ég talið nauðsynlegt að taka hér fram, vegna þess að ég held, að nauðsynlegt sé að eyða þessum misskilningi, og ég held, að ef slíkum misskilningi sem þessum, sem hlýtur, þegar honum er haldið fram, að valda gremju í röðum opinberra starfsmanna, er eytt, þá sé það til góðs, þá held ég, að að honum eyddum sé betri jarðvegur eftir en áður til þess að fást við þetta mál. Sem sagt, að menn átti sig á þeim réttu forsendum hér, en gefi sér ekki ástæður, sem þeim þykir henta.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að taka fram, og mér fannst einmitt mér gefast tilefni til þess vegna fsp. frá hv. 7. þm. Reykv. Hins vegar hefur svo hæstv. fjmrh. gert grein fyrir því, hvernig málið stendur, og þarf ég þar engu við að bæta, get þó undirstrikað það, sem hann sagði, að alltaf hefur staðið til boða af ríkisstj. hálfu að gera lagfæringar á launum hinna lægst launuðu og lagfæringar til samræmis við þá samningagerð, sem fram fór í desember að því er varðar þá starfsmenn, sem eru sambærilegir við þá starfsmenn, þá lægst launuðu starfsmenn, sem þá var samið fyrir.

Ríkisstj. hefur sagt og sett það fram sem sína skoðun, að það væri ekki grundvöllur til endurskoðunar. Þá miðar hún aðeins við þau 4%, sem komu til framkvæmda nú um áramót. Hún miðar þessa skoðun við þær aðstæður eða 4%, sem komu til framkvæmda samkv. þessum samningum, þegar samið var, miðar við þær aðstæður, að til framkvæmda hjá opinberum starfsmönnum komu áfangahækkanir um s. l. áramót.

Nú er það að sjálfsögðu svo, að það er mikið álitamál, hvað séu verulegar kauphækkanir. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði vefengt, að átt hafi sér stað almennar kauphækkanir. Ég mun a. m. k. ekki vefengja, að þær hækkanir, sem um var samið í des., séu almennar. En hitt er spurning og verður alltaf álitamál, við hvað sé átt, þegar talað er um verulegar kauphækkanir. Það verður að meta eftir margvíslegum aðstæðum. Það er mat stjórnarinnar, sem hér liggur fyrir. En hún hefur ekki síðasta orðið í þessum efnum. Síðasta orðið í þessum efnum hefur Kjaradómur, sem metur það, hvort þessi 4% almenna kauphækkun, sem átti sér stað, sé verulegar kjarabætur eða kauphækkanir eða ekki. Og ég skal ekkert vera með neinar fullyrðingar um það, að hvaða niðurstöðu Kjaradómur kemst í því efni. Ég held, að sízt af öllu sé ástæða til þess að ætla, að hans mat verði nokkuð vilhallt. Ríkisstj. hefur ekki nema að takmörkuðu leyti áhrif á skipun Kjaradóms. Það er Hæstiréttur, sem tilnefnir þrjá af dómendum í Kjaradómi. Það eru þrír ágætismenn, sem þar sitja nú tilnefndir af Hæstarétti. Ég held, að hvað sem um þá verður sagt, verði ekki talið, að þeir hafi vegna sinnar aðstöðu í þjóðfélaginu fremur í huga sjónarmið atvinnurekenda eða sem sagt annarra en launþega. Það held ég ekki. Og síðan situr svo í þessum kjaradómi maður tilnefndur af fjmrh. Hann er ekki tilnefndur af núv. fjmrh. eða núv. ríkisstj., heldur fyrrv., og svo maður tilnefndur af fyrirsvarsmönnum opinberra starfsmanna, þannig að það á að vera tryggt, að sjónarmið þeirra komist til skila í þessum dómi. Og þessi dómur starfar á grundvelli dómstóla að því er óhlutdrægni varðar, þannig að ég hygg, að menn almennt megi treysta niðurstöðu þessa dóms og ekki sé ástæða til þess að vefengja hana. Og það liggur í augum uppi, að ríkisstj. mun sætta sig við þá niðurstöðu, sem verður í þessum dómi, hvort sem hann fellst á þau sjónarmið, sem ríkisstj. hefur sett fram, eða ekki. Og ef hann féllist nú á sjónarmið ríkisstj., að ekki væru skilyrði til endurskoðunar, þá væri málið þar með búið að því leyti til. En ég vil undirstrika, að hér er aðeins um að ræða kauphækkun, sem orðin er. Um þær síðari áfangahækkanir, sem til greina koma, hlýtur að mínu viti að verða dæmt síðar, þegar þar að kemur. Og að mínum skilningi verða þær ekki hafðar til viðmiðunar hér.

En ef Kjaradómur kæmist nú að þeirri niðurstöðu, að ríkisstj. hefði lagt rangt mat á þetta, og hann teldi skilyrði vera til endurskoðunar, þá tæki hann vitaskuld málið til meðferðar. En þá er nú ekki þar með sagt, að hann tæki til greina þær kröfur, sem opinberir starfs-

menn hafa gert, vegna þess að það eru settar fram ákveðnar reglur um það í 20. gr. kjarasamningalaganna, við hvaða atriði Kjaradómur á að miða. Þar segir:

„Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af: 1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu. — 2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna. — 3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins."

Mér finnst, að ég hafi nú orðið var við það dálítið hér á hv. Alþ. upp á síðkastið, að nokkrir þeirra, sem hér sitja, væru heldur uggandi um afkomuhorfur þjóðarbúsins. Og mér hefur skilizt á stjórnarandstæðingum, að þeir teldu, að teflt væri í tvísýnu um afkomu ríkissjóðs, um afkomu atvinnuvega, að það væri að skella á og fram undan væri hin ógurlegasta verðbólgualda. Ef kröfur opinberra starfsmanna eru réttmætar og þær fá viðurkenningu hjá Kjaradómi, verðum við auðvitað að taka því og taka afleiðingunum af því. En hitt held ég, að öllum hljóti að vera ljóst, að það mundi þá kalla á nýja tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Og hvaðan yrðu þær tekjur teknar? Af skattþegnum? Af atvinnurekstrinum? Það er rétt, að menn geri sér grein fyrir þessu líka í sambandi við þetta mál, og opinberir starfsmenn engu síður en aðrir, því að hingað til hefur mér nú virzt það hljóð hjá þeim, að þeir væru ekki meðal þeirra, sem græddu á verðbólgu og aukinni dýrtíð. En auðséð er, að ef kröfur opinberra starfsmanna, þær sem þeir hafa sett fram, næðu allar fram að ganga, þá er auðvitað óhjákvæmilegt, að það mundi hafa í för með sér allverulega verðbólgu- og dýrtíðaraukningu. Og það er engum blöðum um það að fletta, hverjar þær kröfur eru, sem opinberir starfsmenn hafa sett fram eða fyrirsvarsmenn opinberra starfsmanna hafa sett fram fyrir þeirra hönd. Ég hef þar fyrir mér þeirra eigin orð, sem er rit þeirra, Ásgarður, sem gefið er út í des. s. l. Þar eru á 2. bls. birtar þær kröfur, sem opinberir starfsmenn gera, og þar segir í yfirskriftinni: „Krafizt 14% launahækkunar." Og svo er það í till. útfært í þeim áfangahækkunum, sem þar er um að tefla, sem sagt 4.4 og 6%. Auk þessa, sem eru almennu kröfurnar, eru svo gerðar kröfur um hækkun á launum þeirra lægst launuðu, og þessar kröfur eru ekki takmarkaðar neitt, þannig að þær ná til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir hafa há laun eða lág. Hitt mun svo rétt, að það hefur komið fram síðar í meðferð málsins fyrir sáttasemjara, að opinberir starfsmenn mundu vilja fallast á að takmarka eða binda þessa launakröfuhækkun við ákveðna flokka. Ef ég man rétt allt upp í 22. launaflokk eða kannske 24.

Þetta vildi ég taka hér fram, af því að ég held, að það sé rétt, að hv. þm. hafi í huga þær staðreyndir, sem fyrir liggja í þessu máli, og kynni sér þær, og þá gæti ég trúað, að þeim yrði skiljanlegri afstaða ríkisstj. í þessu máli. Það er sannarlega ekki af því, að ríkisstj. vilji sitja á hlut opinberra starfsmanna, að hún hefur sett fram þetta sjónarmið í málinu, sem ég hef hér lýst og kunnugt er, heldur af hinu, að það verður að hafa allar kringumstæður í þjóðfélaginu í huga og það er vitaskuld ríkisstj. skylt. Ég hygg, að því neiti enginn, að með síðustu kjarasamningum fengu opinberir starfsmenn mjög verulegar kjarabætur, svo verulegar, að ég held, að fáum hafi getað blandazt hugur um það, að þær mundu verða tilefni þess, að aðrar stéttir kæmu á eftir og gerðu sínar kröfur og hefðu þá þær kjarabætur, sem opinberir starfsmenn fengu, til samanburðar og miðuðu sínar kröfur við það. Það kom líka á daginn, að í þeim kjarasamningum, sem fram fóru hér á s. l. hausti, var miðað að ýmsu leyti við þær kjarabætur, sem fengizt höfðu í síðustu samningum opinberra starfsmanna. Ég nefni t. d. vinnutímann. Það var auðvitað ekki stætt á því, eftir að búið var að semja um þann vinnutíma, sem þar var um að ræða við opinbera starfsmenn, að fara að neita öðrum um samsvarandi vinnutíma. Og ég nefni það einnig, að stéttir eins og t. d. verzlunar- og skrifstofumenn mótuðu sínar kröfur mjög með hliðsjón af þeim kjarabótum, sem náðst höfðu í samningunum við opinbera starfsmenn fyrir næstsíðastliðin áramót. Ég býst þess vegna við, að ef ríkisstj. hefði nú brotalaust samþykkt þær kröfur, sem opinberir starfsmenn settu fram, þá hefði það ekki haft gjörð áhrif á þá, sem stóðu í samningunum, gerðu samningana 4. des., og ég held, að það sé ákaflega varhugavert fyrir þjóðfélagið að láta þannig sífelldar víxlhækkanir og viðmiðanir eiga sér stað. Ég sé ekki, hvaða enda slíkt tekur. Og ég fyrir mitt leyti verð að segja, að ég sé enga sanngirni í því, að þær stéttir, sem búið hafa kannske við hvað lakastan kost í þessu þjóðfélagi og hafa oft orðið að sækja sínar kjarabætur með strangri baráttu og stundum með verkföllum, verði þannig að ryðja brautina fyrir kauphækkanir hjá öðrum, sem þó eru þjóðfélagslega betur settir, þannig að þeir geti bara komið í kjölfarið og fengið svona fyrirhafnarlítið samsvarandi kjarabætur. Ég felli mig ekki við það. Ég held þess vegna, að nauðsynlegt sé að rjúfa þessi sjálfvirku tengsl, sem eru allt of víða í okkar þjóðfélagi, og það er einmitt eitt af stefnumálum núv. ríkisstj. Hún hefur heitið því að láta endurskoða löggjöfina um kjarasamninga og veita opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt. Þá liggur í augum uppi, að hin lögboðna viðmiðun hlýtur að hverfa. Ég held, að þetta sé eðlilegast, að hver og ein stétt verði að hafa fyrir sínu.

Hæstv. fjmrh. svaraði þessum spurningum, sem hv. 7. þm. Reykv. bar hér fram. Ég vil þó aðeins bæta örlitlu við í sambandi við fyrsta atriðið, þann samanburð, sem hv. 7. þm. Reykv. var með. Ég veit ekki, hvaðan sá samanburður er fenginn eða hvernig sá samanburður er fenginn, sem hann var með. En hitt vil ég taka skýrt fram, að fyrir mig hefur verið lagður samanburður eða tölur, sem ég veit ekki betur en hafi verið gerður af þeim saman, fulltrúum frá fjmrn. og fulltrúum frá BSRB, sem sýnir, að það er mjög óverulegt ósamræmi, ef svo má segja, þarna á milli, þegar frá er skilið, að það tekur lengri tíma hjá opinberum starfsmönnum að komast í sín hámarkslaun. Það tekur 12 ár í staðinn fyrir tvö ár hjá þeim samanburðarstéttum, sem þarna var um að tefla. Það skal tekið fram, að ég fyrir mitt leyti tel þennan 12 ára tíma algera fjarstæðu, en nota bene; það hefur verið samið um hann af aðilum. Og það stendur til boða af ríkisstj. hálfu að leiðrétta þetta þegar í stað. Það er engin ástæða til þess, að þeir menn, sem vinna við þessi störf, þurfi lengri tíma en tvö ár til þess að komast á hámarkskaup. Þau eru ekki þess háttar. Og það er sjálfsagt að gera þá leiðréttingu hvenær sem er. Það stendur ekki á því. Ég skal fúslega játa, að ég hef ekki persónulega haft aðstöðu til þess að reikna þetta eða gera þannig úttekt á þessu. Ég byggi á því, sem fyrir

mig hefur verið lagt í þessu efni. Ef það verður með réttu sýnt fram á það, annaðhvort með samkomulagi þessara aðila, sem eru saman um að gera slíka grg., eða með grg. óhlutdrægs aðila, að þarna sé einhver verulegur mismunur á, ósamræmi, þá skal ekki standa á mér að ganga í það að gera leiðréttingar þar á. En á meðan ég verð að miða við þær upplýsingar, sem fyrir mig hafa verið lagðar og sem sýna þetta, þá get ég ekki séð, að það sé ástæða þarna til breytingar nema út frá því sé gengið, að þeir, sem vinna hjá ríkinu við þessi sambærilegu störf eigi að fá þessar kauphækkanir, sem samið var um við hina, hvað sem öllum samanburði líður. Það liggur í hlutarins eðli, að meðan málið er hjá sáttasemjara er kostur á því að leysa málið. Þá er kostur þess fyrir aðila að mæta hjá sáttasemjara og ræða um það og leita eftir lausn á því, og ég tel sjálfsagt að nota þann tíma. Ef niðurstaða fæst ekki, þá er það beinlínis skylt samkv. lögum, að málið fer til Kjaradóms, og þá spurði hv. 7. þm. Reykv., hver mundi verða málflutningur ríkisvaldsins fyrir Kjaradómi. Ríkisvaldið mun nú hafa þar málflutningsmann, sem mun halda að sjálfsögðu vel á máli ríkissjóðs. Ég geri ráð fyrir því, að sá málflutningur verði á því byggður, sem ríkisstj. hefur þegar sagt, að hún telji ekki skilyrði til endurskoðunar. En til vara geri ég ráð fyrir því, að það sjónarmið verði sett fram í fyrsta lagi náttúrlega, að miðað við þær upplýsingar, sem hafa verið fyrir mig lagðar, þá sé ekki ósamræmi á milli, þá sé samræmi á milli þeirra launa manna, sem hér hafa verið borin saman, og í öðru lagi, að afkomuhorfur þjóðarbúsins séu þannig, að það sé ekki almennt fært að hækka kaup. Og ég geri ráð fyrir því, að stjórnarandstæðingar verði manna síðastir til þess að segja, að afkomuhorfur þjóðarbúsins séu svo góðar, að það geti tekið á sig kauphækkanir. Ég hef ekkert farið dult með það, að mín skoðun er sú, að teflt sé á tæpt vað á þessu ári, bæði að því er varðar atvinnureksturinn í landinu og afkomu ríkissjóðs. Ég hika ekkert við að viðurkenna það. En ég álít, að ef skynsamlega er á málum haldið og ytri aðstæður verða okkur hagstæðar, geti þetta allt samt bjargazt, en með fullri aðgát. Og þess vegna er það, að ég hef talið það skyldu ríkisstj. að bregðast þannig við þessu máli, eins og hún hefur gert.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þá lögfræðilegu deilu hæstv. ríkisstj. og BSRB, hvort skylt hafi verið að hefja viðræður við fulltrúa bandalagsins, þegar þeir óskuðu eftir því. Ég skal engan dóm fella um þetta atriði, en hitt vildi ég segja, að mér finnst það í raun og veru engu máli skipta, hvort það hafi verið skylt eða ekki skylt að ræða við opinbera starfsmenn um launamál þeirra á sínum tíma. Mér fannst það vera sjálfsögð kurteisi, sjálfsögð kurteisi af hálfu stærsta atvinnurekanda landsins í garð starfsmanna sinna að hefja við þá samningaviðræður um launamál, þegar þeir óskuðu eftir því, og í því sambandi ekki skipta neinu máli, hvort það hafi verið lagalega skylt eða ekki. Það er m. a. þessi stirfni hæstv. ríkisstj., sem gert hefur það að verkum, að formaður BSRB, grandvar og orðvar embættismaður, hefur séð sig tilknúinn til þess að lýsa afstöðu ríkisstj. til starfsmanna sinna með því að bera hana saman við ruddalega framkomu fræga að endemum af hálfu erlends vinnuveitanda í garð sjómanna og verkamanna í Hafnarfirði fyrir næstum hálfri öld. Þegar það gerist, að oddviti hinna fjölmennustu launþegasamtaka í landinu telur sig knúinn til þess að viðhafa slík ummæli um sjálft ríkisvaldið eða forsvarsmenn þess, þá má geta nærri, að ýmsir fleiri líta mál þetta alvarlegum augum. Hæstv. forsrh. sagði, að ástæðan til þess, að ríkisstj. hefði í upphafi ekki fallizt á samningaviðræðurnar, hafi verið sú, að með því móti hefði hún viðurkennt, að ástæða væri til endurskoðunar á samningunum. Þetta tekur af öll tvímæli um það, að í upphafi var stefna ríkisstj. í málinu sú að bjóða ekki neitt, bókstaflega ekki neitt. Þessi afstaða er nú sem betur fer breytt, þannig að þessi rök hæstv. ráðh. standast ekki lengur. Nú hefur ríkisstj. gert bandalagi opinberra starfsmanna nokkurt boð, sem að vísu er svo lítilfjörlegt að dómi forsvarsmanna samtakanna, að þau telja það ekki vera samningsgrundvöll. En þessari upphaflegu stefnu hefur þó ríkisstj. nú þegar breytt, og því ber að sjálfsögðu að fagna. Ég vildi óska þess, að frekari breyting yrði á afstöðu ríkisstj. í þessu máli en þegar hefur komið fram.

Ég hlýt að láta í ljós vonbrigði með ummæli hæstv. fjmrh. Mér fannst ekkert í þeim geta bent til þess, að von sé á breytingu á afstöðu hæstv. ríkisstj., því miður, og það harma ég mjög. Hann játaði hins vegar, að það væri verulegur munur, sérstaklega í lægri launaflokkunum, á kjörum opinberra starfsmanna og því kaupi, sem nú hefur nýlega verið ákveðið í almennum kjarasamningum við launþega í landinu. Hæstv. forsrh. vildi hins vegar gera lítið úr þessum mun. Það gerði hæstv. fjmrh. ekki. Þau dæmi, sem ég nefndi í fsp. minni áðan, eru sótt beint í kjarasamningana sjálfa og ég hef sjálfur reiknað þau út, sem hefur verið mjög einfalt reikningsdæmi, og því verður auðvitað ekki á móti mælt, að að því er snertir lðjustörfin er munurinn á Iðjuverkamanni og kaupi opinbers starfsmanns við hliðstæð störf 1850 kr. á mánuði. Þetta er ómótmælanlegt, og að því er hitt dæmið snertir, sem er heldur enginn vandi að reikna, um járnsmiðinn, þá er munurinn frá 882 kr. og upp í 3596 kr. Ég get með engu móti fallizt á það, að hér sé um óverulegan mun að ræða. Hér er þvert á móti um mjög verulegan mun að ræða, enda gerði hæstv. fjmrh. sér áreiðanlega grein fyrir því, sem þessum málum er nákunnugur.

Ég taldi rétt að vekja athygli hér á þessu máli, vegna þess að ég vil endurtaka, að hér er um mikið alvörumál að ræða. Ef þessi mjög svo víðtæka vinnudeila fær ekki skjótan og góðan enda, þá má búast við miklum vandræðum í íslenzku þjóðfélagi. Einhugur opinberra starfsmanna í þessu máli er svo alger, að búast má við því, að þeir láti verða af því, sem þeir hafa gefið í skyn, að grípa til einhverra sérstakra aðgerða. Hverjar þær kunna að verða, veit ég að sjálfsögðu ekki. En það væri auðvitað til mikils tjóns fyrir þjóðfélagið í heild, ef þessi deila harðnaði mjög mikið úr því, sem nú á sér stað. Þess vegna vildi ég beina þeirri mjög eindregnu og alvarlegu áskorun til hæstv. ríkisstj., að endurskoða sem fyrst afstöðu sína í þessu máli til þess að firra vandræðum. En meðan hún hefur óbreytta afstöðu í þessu máli finnst mér það vera lágmark, að hún kalli sig ekki sjálf „ríkisstjórn vinnandi stétta".

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af

því, sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. nú áðan, og vegna þess að ég hafði ekki hjá mér þau gögn, sem máli skipta, þegar ég talaði hér áðan, þá bað ég um orðið á nýjan leik. Mér fannst það nokkuð skrýtið hjá hv. 7. þm. Reykv., að hann taldi, að ekki skipti máli, hvort ríkisstj. liti svo á, að ástæða væri til samninga eða ekki, hún ætti einnig að ganga til samninga, þó að hún hefði þá skoðun, að grundvöllurinn til samningagerðarinnar væri ekki fyrir hendi. Ég hefði talið, að til þess að hægt væri að fara út í samninga yrði að vera grundvöllur fyrir þeim, og það hygg ég, að við séum nú sammála um, ég og hv. 7. þm. Reykv., þegar betur er að gáð. En út af þeim samanburði, sem ég vitnaði hér til áðan, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr álitsgerð, sem hefur verið gerð í fjmrn. og var svo sameiginlega farið yfir af tveimur starfsmönnum fjmrn. og tveimur mönnum frá BSRB. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. ákvæðum kjarasamninga er starfsaldur verkamanna og Iðjumanna viðurkenndur til launa, hvar svo sem hans hefur verið aflað. Í reynd þýðir þetta, að starfsmaður, sem kominn er að þrítugu, tekur laun eftir 12 ár, jafnvel þó að hann sé rétt að byrja í þjónustu ríkisins. Framangreint er sérregla, sem gildir aðeins um verkamenn og Iðjustörf. Sé miðað við 30 ára gamlan mann, verða laun ríkisstarfsmanna 1.2% hærri en starfsmanna á almenna markaðinum þann 1. júlí 1972. Hins vegar verða laun þess síðar nefnda komin 4.8% upp fyrir laun ríkisstarfsmannsins 1. marz 1973."

Þetta kom fram í ræðu minni áðan, og vildi ég undirstrika það, að þegar þessi samanburður er gerður, er það ekki fyrr en á síðasta stigi, sem verkamenn fara fram úr ríkisstarfsmönnunum samkv. þeim samningum, sem þeir gerðu í haust. Svo heldur áfram:

„Sé miðað við 30 ára mann, verða laun ríkisstarfsmanna 4.3% hærri 1. júlí 1972 en hjá Dagsbrúnarmanni, en Dagsbrúnarmaðurinn kemst hins vegar 1.6% fram yfir 1. marz 1973. Aftur ef miðað er við matráðskonur, þá eru þær hærra launaðar hjá ríkinu heldur en á vinnumarkaðinum eftir samningum Alþýðusambandsins í haust. Sama er að segja um bifreiðarstjóra á þungavinnuvélum. Þar er sá aðili heldur hærri eða sambærilegur, eftir að allar hækkanir eru komnar til. Verkstjórar og verkamenn eftir tvö ár eru 0.9% hærri hjá ríkinu en á almenna markaðinum samkv. samningunum í haust, þegar báðir hafa komizt í fulla hækkun samkv. áfangahækkunum, og iðnaðarmenn eftir þrjú ár eru 3.8% lægri hjá ríkinu heldur en þeir eru samkv. þeim samningum, sem gerðir voru í haust, þegar þeir hafa komið til skila."

Þess vegna er það svo, að þegar litið er á þessa flokka í flestum tilfellum eru ríkisstarfsmennirnir yfirleitt hærra launaðir en er á vinnumarkaðinum. Þetta getur breytzt, þegar kemur á síðasta áfangastig á hinum frjálsa markaði, enda hefur það verið tekið fram af hálfu ríkisstj., að það, sem um er deilt nú, er, hvort ástæða er til þess að breyta þessu eins og það er.

Þá má geta þess, að í sambandi við ríkisstarfsmennina segir svo hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Tvímælalaust verður að telja hag ríkisstarfsmanna að hafa verðtryggðan lífeyrissjóð. Hitt er svo annað mál, að sá lífeyrissjóður er í reynd sjóður allra starfandi manna hjá ríkinu, svo framarlega sem þeir eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti, en óháð því kaupi, sem þeir taka."

Þannig eru allir yfirmenn á skipum ríkisins í sjóði þessum og lyfjafræðingar lyfjaverzlana ríkisins. Án þess að rökstyðja það nánar er hér talið, að kaup ríkisstarfsmanna megi a. m. k. vera 6% lægra en almenni markaðurinn tilgreinir hverju sinni, vegna atvinnuöryggis og verðtryggingar á lífeyrissjóði. Og ég hygg, að það hafi komið fram í kjarasamningunum, sem gerðir voru í des. 1970, að meta bæri þetta til tekna.

Ég vil svo undirstrika það, sem hæstv. forsrh. tók hér fram áðan, að það er ekki vilji hæstv. ríkisstj. að ganga á rétt ríkisstarfsmanna. Síður en svo. En henni er það einnig ljóst, að ekki er hægt að verða við óskum allra. Slíkt er lítt framkvæmanlegt, og þarf ekki að segja hv. 7. þm. Reykv. þá sögu. Þess vegna verður að meta það, sem um er deilt hverju sinni, og ríkisstj. mun ekki á neinn hátt koma í veg fyrir, að ríkisstarfsmenn njóti réttar síns, en hún er líka reiðubúin að gera þær leiðréttingar strax, sem þarf til þess, að um sambærileg launakjör sé að ræða hjá þeim lægst launuðu, en hún er hins vegar ekki reiðubúin til þess að brjótast út úr því kerfi, sem lagður var grunnur að með samningum Alþýðusambandsins í haust.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði í upphafi máls síns, að hann teldi eðlilegt, að launamálin væru rædd hér, ef menn aðeins vildu gera það rólega. Ég skal vissulega verða við því og tel sjálfsagt og eðlilegt, að þm. ræði launamálin. Til þess er sannarlega ástæða. Og ég skal reyna að haga orðum mínum þannig, að þau verði ekki færð undir neitt það, sem hægt er að kalla órólegar umræður.

Ég vil minna hæstv. forsrh. á, að þegar hann tilkynnti hér á Alþ. stjórnarmyndun sína, taldi hann henni langsamlega mest til gildis og taldi það mestan styrkleika hennar, að hún væri stjórn hinna vinnandi stétta, stjórn launafólksins í landinu og nyti stuðnings þess. Ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh. hefur á þessum tíma staðið í þeirri trú, að svo væri, að sú stjórn, sem hann væri að mynda, nyti stuðnings launafólks í landinu almennt. Því miður hefur bæði hann og þjóðin fengið að sjá allt annað þá fáu mánuði, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Hér hefur verið meiri ólga í launamálum en verið hefur oft og tíðum og kannske oftast, þar sem ekki einasta hafa orðið langvinn verkföll, heldur hafa launastéttir almennt vissulega gert kröfur og staðið í baráttu fyrir bættum kjörum. Deilur urðu milli ráðamanna eða þeirra aðila, sem innan vébanda Alþýðusambands Íslands eru, og ráðamanna atvinnuveganna hins vegar. Það bjargaðist á síðustu stundu án þess að valda stórtjóni, þó að vissulega væri það farið að valda ýmiss konar erfiðleikum í þjóðfélaginu. Hins vegar fer ekki hjá því, að farmannadeilan hefur valdið þjóðinni verulegu tjóni og er ein af lengri vinnudeilum, sem hér hafa verið.

Ég minni á þetta hér vegna þeirra ummæla, sem ég vitnaði til og hafði eftir hæstv. forsrh., þegar hann var að tilkynna stjórnarmyndun sína, þar sem hann taldi, að þessi stjórn, sem nú situr, hefði vissulega meiri stuðning af almenningi og sterkari bakhjarl en fyrri stjórnir, þar sem hann taldi hana vera stjórn hinna vinnandi stétta. Og af því að hæstv. forsrh. vék að því

hér í ræðu sinni, að ýmsir þm. kannske, hann beindi því nú aðallega til hv. þm., teldu sig vera orðna nokkuð uggandi um afkomu þjóðarbúsins, þá vil ég benda hæstv. forsrh. á, að í fyrsta skipti sem ég sá opinberlega ábendingu til ríkisstj. um þetta atriði, þá kom hún ekki frá neinum þm., hún var frá ráðamönnum Sambands ísl. samvinnufélaga, þeirrar deildar, sem sér um útflutningsverzlun og þeirra hraðfrystiiðnað. Þeir gerðu sínar samþykktir varðandi afkomu þessa stærsta atvinnuvegar þjóðarinnar og birtu þær opinberlega, og þar var vissulega aðvörun til hæstv. ríkisstj. um, hvert stefna hennar hefði leitt á þeim fáu mánuðum, sem hún hefur setið. Og ef svo er komið vegna mistaka í stjórn efnahagsmála landsins, að rekstur hraðfrystiiðnaðarins í landinu, sem hefur þó verið talinn standa upp úr og standa einna bezt, er kominn í hættu, og ef sjálfir flokksmenn hæstv. forsrh. telja og birta það opinberlega, að rekstrargrundvöllurinn hjá þeim sé að hverfa eða horfinn, þá er málið á alvarlegra stigi en kannske við hér á Alþ. höfum gert okkur grein fyrir og látið koma fram. Mér fannst sjálfsagt að verða við tilmælum hæstv. forsrh. og ræða launamálin almennt, af því að ég held, að hann hljóti að vera farinn að sjá sjálfur, að allt hefur þetta farið á annan og því miður verri veg en hann í bjartsýni sinni boðaði, þegar hann var að tilkynna okkur stjórnarmyndunina.

Hvað varðar þá sérstöku deilu, sem hér var tekin til umr. utan dagskrár af hv. 7. þm. Reykv., þá held ég, að það sé nú ákaflega hæpið fyrir hæstv. forsrh. að vera að tala um, að þetta sé allt byggt á misskilningi. Þetta er ekki byggt á neinum misskilningi. Hver einasti þjóðfélagsþegn veit, held ég, í dag, að þetta er hreinn og einhver sá mest óþolandi klaufaskapur, sem nokkru sinni hefur hent nokkra ríkisstj., sú aðstaða, sem hún er komin í í dag, vegna sinnar, vil ég segja, frámunalega fljótfærnislegu og vitlausu afstöðu, sem hún tók, þegar á þessi mál var minnzt af næststærstu launþegasamtökum í landinu. Hvað munaði hæstv. ráðh., fjmrh. og hæstv. forsrh., hvað munaði þá um að tala við forsvarsmenn þessara samtaka? Þeir þurftu ekki að skuldbinda sig fyrir það. Þeir gátu komið kurteislega fram og gert þessum aðilum grein fyrir sinni afstöðu og sinni skoðun á málinu. Það þurfti ekki að binda ríkisstj. eða neinn aðila með neinum samningum. Það er alveg rétt, sem hér hefur verið sagt, það eru ákveðnar reglur, sem fara ber eftir, ef ekki næst samkomulag um þessa hluti. En að það skuli vera ríkisstj. á Íslandi, sem telur sig stjórn hinna vinnandi stétta, sem verður fyrst til þess, svo að vitað sé, að hreinlega hunza næststærstu launþegasamtök í landinu með því að neita að tala við þau! Ekki getur hæstv. forsrh. haldið því fram, að þetta sé pólitískt, þar sem forsvarsmaður þessara samtaka er hans ákveðni og yfirlýsti stuðningsmaður, einn af fyrrv. þm. Framsfl., svo að ekki er um pólitíska ákvörðun að ræða. Og ef á nú hér af hæstv. forsrh. að fara að telja okkur trú um, að þetta sé allt saman misskilningur, — hver trúir því, að þessir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafi ekki verið búnir að láta skoða málið ofan í kjölinn? Þeir hafa sína lögfræðinga og leita án efa upplýsinga, — og heldur hæstv. forsrh. virkilega, að þessi samtök séu að leggja í það að gamni sínu að boða meðlimi sína alls staðar að af landinu til aukaþings til þess að ræða þessa afstöðu stjórnarinnar að hunza viðtal við þau? Heldur hann, að þeir séu að leika sér að þessum hlutum? Þetta kostar alla aðila og samtökin stórfé að gera þetta. Þeir telja sig vera komna í þá aðstöðu, að þessi ágæta ríkisstj. hinna vinnandi stétta hafi sýnt það af sér og sýnt það í verki, að þarna verði að spyrna við fæti og reyna að ná rétti sínum eftir eðlilegum leiðum. Nú má deila um það endalaust, og ég skal engan dóm leggja á það, hvort allar kröfur, sem eru þar bornar fram, séu þannig, að eðlilegt sé, að ríkisstj. segi bara „já takk“ við því. Það skal ég ekkert um segja. Ég þekki þær ekki það vel, að ég vilji neitt um það ræða. En ég vildi aðeins benda hæstv. forsrh. á, að það er meðferðin á málinu, sem þessum aðilum sviður, og sú er ástæðan til þess, að aukaþingið er kallað saman. Það er ekki kannske ágreiningur, það er meðferðin á málinu, þar sem fulltrúar þessara samtaka hafa hreinlega talið sig lítilsvirta með því að fá ekki einu sinni áheyrn hjá hæstv. ríkisstj. Hún er orðin stórlát, þessi ágæta stjórn, þegar hún á nokkrum mánuðum hefur efni á því, segi ég bara alveg hiklaust, þegar hún hefur efni á því að hunza næststærstu launþegasamtökin í landinu og neita að semja við þau, ef þau telja, að þeirra mál séu þannig vaxin, að efna þurfi til viðræðna við þessa ágætu herra, sem nú sitja við völd hér á Íslandi.

Vissulega er það rétt, sem hæstv. forsrh. sagði í upphafi máls síns, að ástæða er til að tala um launamálin í landinu almennt og efnahagsmálin í landinu með tilliti til þess, sem gerzt hefur. Mér finnst kveða við allt annan tón hjá hæstv. forsrh. nú í sambandi við efnahagsmálin en þegar hann var að lesa yfir okkur sinn ágæta málefnasamning og var að stæra sig af því og benda á og undirstrika, að þessi ríkisstj., sem þá var að taka við, hefði tekið í málefnasamning hjá sér að bæta ekki einasta launakjör almennings í landinu, heldur bæta kaupmátt launa um 20% á tveimur árum. Ég er alveg sannfærður um, að þetta er eitt af þeim atriðum, sem þeir, sem voru að mynda stjórn, hafa ákveðið án þess að hafa hugmynd um, hvað þeir voru að gera eða hvað þeir voru að segja í sambandi við þetta. Og ég efast um, að launamenn í dag sjái fram á, að kaupmáttur launa þeirra muni nokkuð batna á næsta ári. Það er vitað, að almenn verðbólga fer hér ört vaxandi, og hún hlýtur, því miður hlýtur hún að gleypa verulegan hluta þeirrar launauppbótar, sem hinir nýju samningar gáfu þessum aðilum. Það er þannig ekki að furða, mig furðar ekkert á því, þó að kveði við nokkuð annan tón hjá hæstv. forsrh. nú en í þingbyrjun, þegar hann lítur til baka yfir farinn veg, þessa fáu mánuði, og sér hvernig ástand efnahagsmálanna er að verða almennt í landinu, og þegar hann stendur frammi fyrir þeirri staðreynd, að þessi stjórn, sem hefur hagað sér, — ég má náttúrlega ekki segja, að ein ríkisstj. hagi sér heimskulega, — hagað sér svo furðulega, að hún heldur, að hún komist upp með það í þjóðfélaginu í dag að synja ráðamönnum næststærstu launþegasamtaka í landinu um viðræður, hvað þá að hún vilji verða við þeirra óskum.

Forseti (GilsG): Þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið nokkuð á aðra klukkustund. Upphaflega var hér spurzt fyrir um alveg tiltekin afmörkuð atriði, en ég sé nú ekki betur en umr. séu að snúast upp í almennar umr. um launamál og efnahagsmál og vil á það benda,

að eðlilegra væri, að slíkar almennar umr. færu ekki fram utan dagskrár, heldur á annan veg.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú skiljanlegt, að forseti vilji halda stranglega uppi þingsköpum, en ég vona, að hann taki ekki hart á því, þótt menn skriki eitthvað á þeirri braut. Ég hélt, að ánægjulegt mundi verða að hlusta á þessar ræður þeirra hv. 7. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Sunnl., því að mér virtist í upphafi, að þeir ætluðu að syngja tvísöng og þá sinn hvora röddina. Hv. 7. þm. Reykv. sagði bara, bara að semja og hækka auðvitað þá, og sagði viðmiðanir sínar réttar, — ég hef reiknað það út sjálfur, 1 800 króna munur á mánuði o. s. frv., — en hv. 3. þm. Sunnl. byrjaði hins vegar á því að tala um efnahagsástandið og bága afkomu frystihúsanna og að því er skilja mátti vegna þess, að kaupið væri orðið heldur hátt. Þann söng hefur hann nú sungið hér áður, svo að hann hefði verið sjálfum sér samkvæmur í því að halda honum áfram til enda ræðu sinnar, en það er nú sagt, að stundum geti verið gott að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, og tilfellið er, að hann brá nokkuð út af sínu upphaflega markaða skeiði í lok ræðunnar, því að þá var hann orðinn æstur kaupkröfumaður.

Ég vil aðeins út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, segja það, þar sem hann var að tala um, að stefnubreyting hefði átt sér stað hjá ríkisstj. í þessum efnum, að það er ekki rétt. Það hefur engin stefnubreyting átt sér stað hjá ríkisstj. Það hefur alltaf staðið til boða að leiðrétta og lagfæra kjör hinna lægst settu, en krafa opinberra starfsmanna var ekki þannig sett fram. Hv. þm. getur lesið kröfuna eins og hún var sett fram, hún er birt í Ásgarði. Það var sett fram krafa um 14% kauphækkanir í áföngum til handa öllum ríkisstarfsmönnum, en til viðbótar svo sérstakar hækkunarkröfur fyrir þá lægstlaunuðu, og það var gagnvart þessum kröfum, sem ríkisstj. varð að gefa sitt svar, og svar hennar var á þessa lund, eins og kunnugt er, að hún teldi ekki grundvöll til endurskoðunar. Hvernig í ósköpunum hefði verið samrýmanlegt þeirri afstöðu að svara þessu á þá lund að telja ekki grundvöll til endurskoðunar, en setjast svo samtímis á samningabekk með samtökunum? Ég get nú ekki fundið neitt samræmi í því. Það getur verið, að hv. 7. þm. Reykv. geti sameinað þannig vinnubrögð að neita í öðru orðinu, en setjast svo á samningabekk í hinu orðinu. Ég get ekki komið því heim og saman, en það hefur engin stefnubreyting orðið að því leyti til, að alltaf hefur staðið til boða að líta á þessi lægstu laun og gera þar lagfæringar, og það stendur til boða, ef ósamræmi finnst og ef það er sannað á þann hátt, að menn geti viðurkennt það, þá er sjálfsagt að leiðrétta það. En það er rétt að undirstrika, að í þessu sambandi er auðvitað og hefur alltaf verið svo, að þær hækkanir, sem síðar koma til, 6% hafa verið látin liggja á milli hluta. Það er ekkert svar gefið við því nú. Það kemur til athugunar á sínum tíma og það er þá fyrst, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh., sem einhver mismunur kemur fram í þessum samanburði. Það er þá fyrst, þegar þessi 6% eru komin til, ef þessi samanburður er réttur, og ég hef ekki ásiæðu til þess að efast um það, en ég endurtek það, sem ég sagði áðan, ég hef tekið hann sem gildan, án þess að ég hafi sérstaklega kynnt mér þau atriði.

Það er ekki ástæða til þess að lengja þessar umr., þar sem hæstv. forseti vill nú eðlilega fara að stytta þetta og ummæli hv. 3. þm. Sunnl. voru ekki þess háttar, að ástæða sé til þess að elta ólar við þau, sem voru fullyrðingar um, að mistök hefðu átt sér stað í stjórn efnahagsmála og því um líkt, sem bezt er að láta reynsluna skera úr um. Enn fremur var hann að segja eitthvað um afskipti stjórnarinnar af vinnudeilum, og hér hefðu aldrei orðið slíkar vinnudeilur sem í tíð þessarar stjórnar. Ég held nú, að oft hafi hér orðið vinnudeilur. Ég held, að oft áður hafi orðið hér meiri verkföll en í tíð þessarar stjórnar. Ég er ekki að kenna neinni stjórn um, en ég held, að við höfum verið svo lánsamir, án þess að ég vilji eigna ríkisstj. það neitt sérstaklega, að yfirleitt hefur tekizt að binda enda á vinnudeilurnar, án þess að til verkfalla kæmi. Farmannaverkfallið er að vísu alvarleg undantekning frá því. Hann taldi það fjarstæðu hjá mér að vera að tala um misskilning í þessu sambandi. Ég var aðeins að reyna að leiðrétta þann misskilning, sem ég tel hafa komið fram í túlkun manna á þessu máli, að ríkisstj. hafi framið eitthvert lögbrot með því að setjast ekki á samningabekk. Ég tel, að henni sé það ekki skylt eftir lögum, þegar um endurskoðun án uppsagnar er að tefla. Ég efast um, að hv. 3. þm. Sunnl. geti fengið marga lögfræðinga til þess að fallast á sinn skilning. Ég efast líka um, að sú starfsaðferð, sem hann boðaði, hefði verið giftudrýgri, en hann sagði: Hví þá ekki að tala við mennina? Hvað munar um að tala við mennina? Hefði það verið nokkuð heiðarlegri framkoma eða skynsamlegri að setja fram þetta sjónarmið, sem við settum fram, að grundvöllur væri ekki til endurskoðunar, en fara svo að snakka við þá, halda þeim uppi á snakki? Ja, það þurfti ekki að fallast á kröfurnar, sagði hv. þm. Nei, draga það á langinn. Ég get ekki séð, að það hefðu verið neitt skynsamlegri vinnubrögð, og ég held fyrir mitt leyti, að það hafi verið alveg eins heiðarlegt af okkur að segja skýrt og skorinort strax, hver okkar afstaða var, hvert okkar sjónarmið væri í þessu efni, takandi það fram um leið, að við vildum í öllu þessu fara að lögum og undirstrika það, að við ættum ekki um þetta síðasta orðið, heldur Kjaradómur. Ég get ekki séð, hvaða gagn það hefði gert að fara að setjast á samningabekk með þessum mönnum, með þeim ásetningi, sem hv. 3. þm. Sunnl. virtist gera ráð fyrir, að það yrði þó ekkert orðið við kröfunum. Hverju hefðu þeir verið bættari með því? Ég efast um, að þeir hefðu verið ánægðari, er upp hefði verið staðið eftir að þannig hefði verið haldið á málum. Hitt er sjálfsagt, að óánægju gætir hjá ríkisstarfsmönnum. Það er nú einu sinni svo, að allir vilja helzt fá meiri laun fyrir sína vinnu, og það sem meira er, það þurfa margir að fá meiri laun fyrir sína vinnu, og þegar þeir fullnægja ekki sinni óskhyggju í því efni, þá vill það oftast verða svo, að þeim verður gramt í geði. Þannig verða oft árekstrar í þjóðfélaginu og við því er ekkert að segja, og maður verður að taka afleiðingunum af því og bera ábyrgð á því. Manni getur missýnzt, en ef maður fer að eftir beztu vitund og gætir þeirra hagsmuna, sem maður álítur, að maður eigi að gæta, þá held ég, að samvizka manns geti verið hrein og ekkert við því að segja, þó að eitthvað sé þá skvett á mann í leiðinni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki lengja

þessar umr. of mikið, en kveð mér hljóðs hér vegna þeirra ummæla hæstv. forsrh., að enginn þurfi að vera í nokkrum vafa um, að ríkisstj. hafi farið að lögum í þessu máli. Nú telst það kannske hugrekki af minni hálfu að eiga orðastað um lögskýringar við hæstv. forsrh., lærðan prófessor í lögum, en vildi þó leyfa mér að setja fram mínar efasemdir um hans skýringar á þessu atriði, sem snertir það, hvort hér hafi verið farið að lögum eða ekki.

Ákvæðið, sem hér um ræðir og talið er, að brotið sé, er 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962. Þetta ákvæði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót. — Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkv. III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður."

Upphaf 2. mgr. — „Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili" o. s. frv. — er það, sem skiptir máli í þessu sambandi, og hæstv. forsrh. gaf sér þær skýringar eða þær forsendur, að ekki hefðu orðið almennar og a. m. k. ekki verulegar kaupbreytingar. Nú viðurkenndi hann öðrum þræði, að sennilega mætti fallast á, að hér hefðu orðið almennar kaupbreytingar á s. l. hausti, en taldi mjög vafasamt, að þær væru verulegar. Nú er það út af fyrir sig athyglisverð yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh., oddvita fulltrúa stjórnar hinna vinnandi stétta, að samningarnir hafi ekki verið verulegar kaupbreytingar. Og stangast það nú, að einhverju leyti a. m. k., á við þær yfirlýsingar, sem fram komu frá stuðningsmönnum stjórnarinnar, þegar samningarnir höfðu verið frágengnir, því að þá var talið, að þarna væri um mjög verulegar kaupbætur og kjarabætur að ræða fyrir launþegasamtökin. Ég er ekki frekar en kannske aðrir dómbær á það, hvaða merkingu á að leggja í orðin „verulegar kaupbreytingar". En ég hygg þó, að málflutningur bandalags opinberra starfsmanna hafi verið á þá leið, að þeir gefa sér þá forsendu, að hér sé um almennar og verulegar kaupbreytingar að ræða. Þeir telja það ótvírætt, og ég leyfi mér að halda því fram, að hvorki forsrh. né heldur ríkisstj. sé þess umkomin að kveða upp einhvern algildan úrskurð um það, hvernig eigi að túlka þessi orð, „almennar og verulegar kaupbreytingar". Þetta krefst útskýringar, og ef út í það er farið, úrskurðar dómstóla, hvernig eigi að túlka þessi lög. Það er ekki löggjafans að kveða upp algildan úrskurð um það í umr. hér eða með einhliða ákvörðunum, eins og ríkisstj. virðist hafa gert og forsrh. endurtekur hér í umr. á Alþ. Og ég leyfi mér að halda því fram, að ef þetta reynist rétt, að verulegar og almennar kaupbreytingar hafi átt sér stað, þá megi með nokkuð góðu móti halda því fram, að hér sé um lögbrot að ræða.

Í framhaldi af þessu og hafandi þessa staðreynd í huga þá segir í þessu ákvæði, að krefjast megi endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Þetta hefur bandalagið gert, og ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki dregið í efa, að þeim sé það heimilt samkv. þessum lögum, enda nokkuð skýrt ákvæði. Í framhaldi af þessu segir síðan: „Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkv. III. og IV. kafla" o. s. frv. Með öðrum orðum: þegar búið er að krefjast þessarar endurskoðunar, þá hygg ég, að það sé ekki átt við í þessu ákvæði, hvernig sú endurskoðun eigi að fara fram, heldur meira hvort hún eigi að fara fram. Fyrir löggjafanum hefur tvímælalaust vakað, að setzt væri niður og skoðað niður í kjölinn, hvernig og hvort sú endurskoðun ætti að fara fram — þ. e. hvort endurskoðunin færi fram og ef hún færi fram, þá hvernig. En nú hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að úrskurða sjálf, að ekki sé skilyrði fyrir breytingum eða endurskoðun og þar af leiðandi er hún ekki til viðræðu um neitt samkomulag eða vill yfirleitt eiga nokkrar viðræður við gagnaðilann. Mín skýring á þessu ákvæði er tvímælalaust sú, að þegar þessi forsenda er fyrir hendi, almennar og verulegar kaupbreytingar, þá megi krefjast endurskoðunar og þá skuli setzt niður og farið yfir það, hvort og hvernig sú endurskoðun eigi að fara fram, og ef aðilar eru ósammála um það, að ekki sé grundvöllur fyrir því, eins og t. d. ríkisstj. segir núna, er hún segir, að ekki séu skilyrði fyrir neinni endurskoðun, þá sé það niðurstaða þeirra viðræðna, en ekki fyrr. Þess vegna vil ég mótmæla þeim úrskurði, að hér sé ekki um lögbrot að ræða. Ég skal ekki leggja neinn dóm á, hvort sú yrði sama niðurstaðan hjá dómstólum, en engu að síður er þetta mjög umdeilanlegt atriði og þess eðlis, að ekki er hægt að halda því fram hér í umr. mótmælalaust, að hér sé ekki um lögbrot að ræða.

Þessum skoðunum mínum vildi ég koma á framfæri og vil nú ekki frekar orðlengja þetta mál að öðru leyti en því, að ég tel, eins og hér hefur komið fram fyrr í umr., að þetta mál snúist ekki um það, hvort opinberir starfsmenn eigi að fá kauphækkanir nú eða ekki, heldur hitt, hvort staðan sé þannig í þjóðfélaginu og í kjaramálum yfirleitt, að þeir eigi rétt á því að fá að endurskoða sína samninga eða ekki. Og þá er ég hiklaust á þeirri skoðun, að þannig sé ástatt í kjaramálum opinberra starfsmanna og með tilliti til þeirra sjálfvirku tengsla, sem á þessum málum eru, sé ekkert vafamál, að þeir eigi fulla heimtingu á því, að við þá sé talað og það með öðrum hætti heldur en þeim að vísa málunum þegar í stað til dómstóla. Það kemur manni satt að segja á óvart, að stjórn vinnandi stétta skuli telja það eðlilega og sjálfsögð vinnubrögð að vísa málum þegar í stað til dómstóla, og hingað til hafa það nú ekki verið taldar réttar aðferðir í kjarasamningum hér á landi. En ríkisstj. sjálf hefur viðurkennt þessi sjálfvirku tengsl, sem ég er að tala um, þegar skoðaður er málefnasamningur ríkisstj., og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, þegar talað er um opinbera starfsmenn:

„Ríkisstj. vill, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt um kjör sín, enda hverfi þá öll sjálfvirk tengsl á milli launasamninga þeirra og annars launafólks."

Það fer ekki á milli mála, að hún telur ótvíræð tengsl á milli hinna almennu kjarasamninga, sem fara fram við launþegasamtökin, og svo hins vegar hvað snertir kjör opinberra starfsmanna. Og það er það, sem opinberir starfsmenn eru að fara fram á núna, að þessi

sjálfvirku tengsl séu viðurkennd og þeirra mál séu skoðuð í því ljósi.

Ég tel mjög óeðlilegt, hvernig farið hefur verið með kjaramál opinberra starfsmanna. Þeir hafa verið dregnir á asnaeyrunum, kannske svo mánuðum og árum skiptir, án þess að um nokkra endurskoðun hafi verið að ræða á þeirra málum, og á þetta við um nokkuð langan tíma. Þar hafa átt sér stað stökkbreytingar, — mig minnir fyrst 1962 og svo aftur nú á s. l. ári, — stökkbreytingar, sem mjög raska öllu ástandi og eru óeðlilegar í sjálfu sér, bæði fyrir þá, sem þurfa að greiða þeim fé, þ. e. ríkiskassann, og svo hins vegar fyrir það fólk, sem starfar hjá hinu opinbera. Mér finnst eðlilegt, að yfir þennan stóra hóp launþega gangi það sama og aðra launþega, að þeir fái og hafi möguleika til þess að ræða við sinn atvinnurekanda og hafi fulla möguleika á því að skýra sín sjónarmið og koma því á framfæri, sem þeim þykir miður fara. Hæstv. forsrh. vakti athygli á því, að stjórnarandstæðingar væru öðrum þræði að vekja ótta við verðbólgu og halda því fram, að þessar aðgerðir ýmsar stuðluðu að aukinni verðbólgu og á hinn bóginn séu þeir að hvetja til launahækkana. Ég lít svo á, að þessar umr. fari ekki fram á þeirri forsendu, að stjórnarandstæðingar séu einhliða að setja fram þá kröfu, að opinberir starfsmenn eigi að hækka í launum, heldur skuli þeir sitja við sama borð hvað samningsréttinn snertir, hvort sem hann er fullur eða ekki. En forsrh. viðurkennir enn fremur í þessum umr., að teflt hafi verið á tæpasta vað, bæði hvað snertir atvinnureksturinn og ríkisrekstrinn, þannig að þar stangast mjög á við yfirlýsingar ríkisstj., sem kemur enn fremur fram í málefnasamningi, sem var settur fram strax í sumar, þar sem talað var um, að auka skyldi kaupmátt launa verkafólks og annarra launþega um 20% á næstu tveimur árum. Enda þótt ekki hafi verið samið um 20% aukningu kaupmáttar nú í síðustu samningum, þá er það ekki rétt, þegar talað er um, að samningarnir hafi tekið til um 4% kauphækkunar. Sú kauphækkun var meiri og hún nær til tveggja ára. Það er ótvírætt, að um almennar og verulegar kaupbreytingar er að ræða á þessum vettvangi, og því held ég, að það sé ekki nema siðferðisleg réttlætiskrafa af hálfu bandalags opinberra starfsmanna og, sem ég leyfi mér líka að halda fram, jafnframt lagalegur réttur þeirra að taka upp samninga og fá eðlilegar kjarabætur eins og aðrir launþegar í þessu landi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú hverjum og einum frjálst að hafa sína skoðun, og það er líka hverjum og einum frjálst að láta sjást hér í þingtíðindum, að það hafi þó verið einn lögfræðingur, sem var tilbúinn til þess að kveða upp þann dóm, að um lögbrot hafi verið að tefla af hálfu ríkisstj., um það atriði, sem ég ræddi um, að taka upp eða taka ekki upp samningaviðræður á fyrsta stigi. En um hitt, hvort um verulegar kauphækkanir hefði verið að ræða á hinum almenna vinnumarkaði, á auðvitað ríkisstj. mat á fyrsta stigi. Það er ekki endanlegt, það liggur undir úrskurði Kjaradóms og það þarf ekki að vera rétt, en til bráðabirgða hefur hún þetta úrskurðarvald alveg eins og hinn aðilinn hefur þetta líka, ef málin horfðu öðruvísi við og það væri um kauplækkanir að ræða, þá snerist dæmið við. Þá gæti ríkisstj. krafizt endurskoðunar, en opinberir starfsmenn gætu þá neitað endurskoðun, og það stæði á meðan úrskurður væri ekki felldur. En um það, hvort um lögbrot er að ræða eða ekki, þá vil ég bara benda þessum hv. þm. og lögfræðingi á það, að úr því er auðvelt að fá skorið, úr því hefði alltaf mátt fá skorið. Það er einmitt gert ráð fyrir því í þessum lögum, að það sé með einföldum hætti hægt að fá skorið úr því, hvort framið er brot á þessum lögum. Og um það segir í 25. gr.:

„Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans."

Sem sagt, ef þeir hefðu viljað halda því til streitu, að hér hefði verið framið lögbrot, brot á þessum lögum, þá var greið og auðveld leið að vísa þeim ágreiningi til félagsdóms. Og þá meðferð átti að hafa eftir lögum, og hún hefði sennilega verið betri heldur en öll þau stóryrði, sem um þetta hafa verið höfð, og þá hefði fengizt hlutlaus niðurstaða dómstóls um það, hvort hér hefði verið lögbrot framið eða ekki. Og væntanlega mundi hv. síðasti ræðumaður sætta sig við úrskurð þess dómstóls.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum forseta um það að lengja ekki þessar umr. að óþörfu. Nú um alllanga hríð hefur þjóðin mátt horfa á ríkisstjórn hinna vinnandi stétta, sem svo kallar sig, í hörkuáflogum við einn virðulegasta hópinn, starfsmenn ríkis og bæja. Það verður að segjast eins og er, að mér finnst þessi framkoma ríkisstj. með nokkrum ólíkindum og nánast að segja endemisleg. Það er vægt að orði komizt og með góðum vilja sagt, að það sé klaufaskapur eða fljótfærni. En þar á ég við neitun ríkisstj. á viðræðum við BSRB. Alveg óþarfa fljótfærni. Og ég ætla að benda á, að það er alveg haldlaust, sem hæstv. forsrh. heldur fram, að þeir, með því að fallast á viðræður, væru þar með að fallast á einhvern sérstakan rétt til handa opinberum starfsmönnum um kauphækkun. Ég vil benda á, að hann sjálfur viðurkennir og lýsir yfir því, að í ýmsum atriðum hafi þeim staðið til boða lagfæringar. Það var a. m. k. umræðugrundvöllur, þó að ekki væri annað. Ríkisstj. gat tekið það fram, þegar hún hóf viðræðurnar, og sett fram það, sem hún telur nú, að standi til boða þessum samtökum til lagfæringar, þannig að þá þegar skapaðist viðræðugrundvöllur. En hún hefur, ríkisstj., með framkomu sinni alveg greinilega stefnt þessu máli öllu í hin mestu vandræði, að ekki sé meira sagt. Ég tek enga afstöðu til þess, hvort hér er um lagabrot að tefla eða ekki. En í meira lagi er það þó hæpið fyrir hæstv. ríkisstj. að halda því fram, að þær kauphækkanir, sem urðu á almenna vinnumarkaðinum hinn 4. des. s. l., hafi ekki verið verulegar. Ég efast um, enda þótt þeir, sem í forustu í verkalýðssamtökum standa að jafnaði, verði kallaðir vanþakklátir menn, þá efast ég um, að í þeirra hópi finnist nokkur maður, sem í alvöru mundi vilja halda því fram, að þar hafi ekki um verulegar kauphækkanir verið að tefla. En það leggur hver sitt mat á það. Ég tek enga efnislega afstöðu til krafna opinberra starfsmanna, en ég vil láta þess getið og taka það sérstaklega fram, að ég álít, að ríkisstj. á hverjum tíma eigi vitanlega að leggja sitt af mörkum til þess, að um óeðlilegar víxlhækkanir milli stétta verði ekki að

tefla. Við höfum oft séð, að þetta hefur orðið mjög til þess að auka spennuna að óþörfu; víxlhækkanir kaupgjalds og kjara almennt, og því á að reyna að afstýra, að þær verði óeðlilegar. Þetta tel ég hiklaust vera verkefni ríkisstj. á hverjum tíma að hafa þar áhrif á.

Forsrh. lét þess getið, að hann felldi sig ekki við það, að stéttir, eins og í þessu tilfelli BSRB, tækju til sín eða fengju án fyrirhafnar ávöxt, sem aðrar stéttir hefðu aflað eftir harða og stranga og kostnaðarsama baráttu. Ég vil benda hæstv. forsrh. á, og þetta veit hann auðvitað miklu betur en ég, að auðvitað fellir hann sig við það, þar sem þetta er í lögum. Það er í lögum, að opinberir starfsmenn skuli fá leiðréttingu sinna kjara í beinni viðmiðun við það, sem á sér stað á hinum frjálsa vinnumarkaði, þannig að hann verður að fella sig við þetta, þar til hann hefur þá komið fram lögum, sem kveða á um annað.

En hann nefndi eina ástæðu, sem ég er ekki fjarri því að álíta, að e. t. v. hefði verið fullboðleg, ef hún er ein út af fyrir sig nægjanleg. Ástæðan er sú, að fram er tekið, að tekið skuli tillit til afkomu þjóðarbúsins, og þá hefði verið nær að halda sig við það. Ég er ekkert fjarri því, að svo sé komið undir hans stjórn, hæstv. forsrh., að afkoma þjóðarbúsins leyfi þetta ekki. Það mætti vel segja mér það, að svo væri komið. En það er þá a. m. k. ekki vegna þess, að mati stjórnarinnar, að verulegar kauphækkanir í þjóðfélaginu hafi orsakað þær þrengingar, sem kunna að vera í þjóðarbúinu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er aðeins ein stutt aths. Ég skildi ummæli forsrh. svo hér áðan, að það væri umdeilanlegt, hvernig beri að túlka það orðalag ákvæðisins, hvort átt hafi sér stað verulegar og almennar kaupbreytingar. Og það mætti, ef ágreiningur kæmi upp, vísa þeim ágreiningi til úrskurðar félagsdóms. Þetta var mér ljóst. En um leið segi ég, að það getur verið ... (**ÓlJ**: Því verður ekki vísað til félagsdóms.) Ef ágreiningur kemur upp um skýringar á ákvæðum laganna, þá lít ég svo á, að vísa eigi þeim ágreiningi til úrskurðar félagsdóms. Og þessar umr. eru farnar að missa að einhverju leyti marks, þegar verið er að karpa um það hér, hvernig beri að túlka orðin „verulegar kaupbreytingar", og það er svo, að hæstv. forsrh. er að halda því fram og byggir sinn málstað á því, að kaupbreytingar hafi ekki verið verulegar. En ég vildi þá bara koma þeirri aths. hér á framfæri, að það út af fyrir sig væri fróðlegt að fá úrskurð þessa dóms um, hvernig bæri að túlka þessi orð. Ef úrskurður dómstólsins eða dómsins er á þá leið, að kaupbreytingar hafi verið verulegar, þá lít ég svo á, að málstaður ríkisstj. í þessu ákveðna máli, sem hér er á dagskrá, hafi ekki við rök að styðjast. Ef hins vegar úrskurður dómsins er sá, að kaupbreytingar hafi ekki verið verulegar, þá getur það verið fróðlegt fyrir launþegasamtökin í þessu landi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta er svo hyldjúpur misskilningur hjá hv. þm., að það er ómögulegt annað en segja örfá orð. Það er ekki spurningin um það, hvort verulegar kaupbreytingar eða launabreytingar hafi átt sér stað, sem verður vísað til félagsdóms. Það er alveg skýrt, að um það atriði kemur til úrskurðar Kjaradóms á sínum tíma. Hins vegar má vísa því til félagsdóms, hvor aðili sem er getur vísað til félagsdóms spurningunni um það, hvort brot hafi verið framin á þessum lögum. Og þegar því er haldið fram, að brot hafi verið framið á lögunum með því af ríkisstj. hálfu að neita að taka upp samningaviðræður við opinbera starfsmenn á fyrsta stigi, þá hefði mátt vísa þeirri spurningu til félagsdóms. (**EBS:** Það byggist á þessu orðalagi.) Nei. Hún byggist ekki á því orðalagi. Það er mat ríkisstj., að ekki sé grundvöllur fyrir endurskoðun samningsins, og það er ekkert lögbrot og það heldur því enginn fram, að það sé neitt lögbrot af ríkisstj. hálfu að hafa sína skoðun á því máli og sitt mat á því efni. Það er ekkert lögbrot að líta þannig öðruvísi á og það er ekkert lögbrot af hennar hálfu, jafnvel þótt svo færi, að niðurstaðan yrði sú hjá Kjaradómi, að hann teldi, að skilyrði hefðu verið til endurskoðunar. En það, sem um er deilt, og það er sá misskilningur, sem ég var að reyna að eyða, var, hvort það væri lögbrot af hálfu ríkisstj., eins og haldið hefur verið fram af hálfu fyrirsvarsmanna opinberra starfsmanna, að taka ekki upp samningaviðræður við þá og fara sem sagt eftir 10. gr. laganna um það. En hún á ekki við í þessu tilfelli að mínum dómi.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., utan dagskrár, mælti

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. S. l. fimmtudag, 10. þ. m., gerðist sá atburður í deilu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við ríkisstj., sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Svo er mál með vexti, að í s. l. mánuði var haldið þing bandalagsins og var þar m. a. samþykkt, að þingið beindi þeirri eindregnu áskorun til ríkisstj., að hún semdi tafarlaust við BSRB og sýndi þannig í verki vilja sinn til þess að virða sanngirniskröfur og samningsrétt opinberra starfsmanna.

Síðan gerðist það, að 5500 starfsmenn, opinberir starfsmenn, rituðu undir áskoranir til stuðnings þessari ályktun þingsins. 10. febr., fyrri hluta dags, gengu svo fulltrúar BSRB á fund ríkisstj. með þessar áskoranir og fóru fram á það, að enn yrði leitað samninga og framlengdur frestur til þess, að samningsumleitanir færu fram fyrir atbeina sáttasemjara. Samkv. lögum var þetta síðasti dagur, sem sáttasemjari skyldi hafa um málið að fjalla, — það er eins mánaðar tími, sem til þess er ætlaður, — og ef ekki tækjust samningar á þeim tíma, skyldi málið ganga til Kjaradóms. Fulltrúar bandalagsins fóru fram á, að ríkisstj. gerði lagabreytingu í þá átt, að málið gengi ekki strax til Kjaradóms, heldur héldu samningsumleitanir áfram. Ríkisstj. synjaði þessarar málaleitunar, og í opinberri tilkynningu, sem hún gaf út, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. telur með öllu óframkvæmanlegt að koma fram slíkri lagabreytingu á síðasta degi sáttameðferðar sáttasemjara í yfirstandandi kjaradeilu, þar sem tilmælin bárust eigi fyrr. Hins vegar hefði ríkisstj. talið sjálfsagt að framlengja frestinn til sáttatilrauna, væri slíkt unnt án breytinga á lögum."

Ég tel, að þessi röksemd ríkisstj. fái ekki staðizt. Ég tel, að það hefði verið í lófa lagið að fá þessa nauðsynlegu lagabreytingu um framlengingu afgreidda á einum degi á Alþ. Vitanlega þarf til þess afbrigði frá þingsköpum, en í fyrsta lagi er nú svo ákveðið í þingsköpum, að varðandi stjfrv. nægir þar einfaldur meiri hl., en

auk þess er auðvitað ljóst, að það þarf velvild stjórnarandstöðu til að koma slíku máli fram. Um þetta atriði var ekki leitað til stjórnarandstöðunnar. Það var hvorki rætt við Sjálfstfl. né Alþfl. um það mál. Og eftir að hafa kynnt mér það get ég fullyrt, að bæði þm. Sjálfstfl. og Alþfl. voru reiðubúnir til að veita atbeina sinn til þess, að slík lagabreyting yrði afgreidd hér á einum degi.

Við höfum einnig fordæmi um slíkt. Það er ekki lengra að leita en til októbermánaðar 1970, fyrir rösku ári. Þá stóðu yfir samningaumleitanir milli opinberra starfsmanna og ríkisstj. Málið átti að ganga til Kjaradóms samkv. lögum 1. nóv., en 29. okt. var á einum degi afgreidd hér lagabreyting um að framlengja þennan frest um tveggja mánaða skeið. Hér liggur þannig fyrir, að það eru bæði skýr og nýleg fordæmi um, að þetta væri framkvæmanlegt, auk þess að til stjórnarandstöðunnar var ekki leitað og hún hefði verið fús til þess að veita atbeina sinn þessu máli. Ég vil vekja athygli hér á þessu, þar sem ég tel, að þessi fullyrðing ríkisstj. um, að slík lagabreyting eftir beiðni BSRB hafi verið óframkvæmanleg, fái ekki staðizt, og tel, að það verði að liggja hér fyrir, að ljóst er, að það eru aðrar ástæður en þessi, sem hafa legið að baki synjunar ríkisstj.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Reykv. í sambandi við kjaradeilu þá, sem opinberir starfsmenn eiga í við ríkisvaldið, og beiðni þeirra um, að sett yrðu sérstök lög eða lögum yrði breytt til þess að framlengja frestinn, þá vil ég segja það, að þessi beiðni barst ekki ríkisstj. fyrr en kl. 10 árdegis þann sama dag sem þetta mál þurfti að ganga fram. Þá komu þeir frá BSRB á fund hæstv. forsrh. og fluttu þessa beiðni. Áður hafði ekki verið vikið að því, að slíkt gæti komið til, enda hafði ekki heldur komið fram í umr. eða samningaviðræðum neitt, sem benti til þess, að meiri líkur væru fyrir því, að samningar tækjust, en áður hafði verið. Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstj., hefði þetta verið gert, ef ekki hefði verið um lagasetningu að ræða.

Það er ljóst, að þegar lögum var breytt hér haustið 1970, voru málsatvik allt önnur en þau eru nú. Í fyrsta lagi stóðu þá yfir samningar og voru þá orðnar meiri líkur til þess, að þeir mundu takast, og þar af leiðandi var aðeins um að ræða, að fresturinn væri of stuttur, en eins og nú stóð á, var hins vegar ekki um það að ræða, að neitt hefði komið fram, sem benti til þess að saman gengi. Það var líka þá, þegar frv. var lagt fram hér á hv. Alþ., búið að undirbúa það, en sá tími, sem var til þess að gera það að þessu sinni, voru þeir 3—4 klukkutímar, sem voru frá því, að beiðnin kom fram, þangað til þingfundur átti að hefjast. Ég vil benda á, að í aths. við lagafrv. það, sem hv. 5. þm. Reykv. vitnaði til, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningaviðræður standa yfir milli fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um laun starfsmanna ríkisins. Samkv. kjarasamningalögunum á málið að ganga til Kjaradóms 1. nóv. n. k., ef samningar hafa ekki tekizt. Þar sem samkomulag hefur þegar orðið um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningi, standa vonir til, að samningar takist, en tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóv. n. k. Samningsaðilar eru því sammála um, að æskilegt sé að fá frestum breytt, þannig að málið gangi til Kjaradóms 1. jan. n. k., hafi samningar ekki tekizt, og Kjaradómur hafi þá kveðið upp úrskurð sinn fyrir 1. febr. 1971."

Hér var því til að dreifa, að líkur voru fyrir því, að samningar mundu takast, en í þessu tilfelli hefði ekkert breytzt í þeim samningaviðræðum, sem fram hefðu farið. Hins vegar bauð ríkisstj., eins og fram er tekið í þessari tilkynningu, að leita sátta fyrir Kjaradómi, og þess eru fordæmi, svo að ef hægt er að semja um þetta mál, er eins hægt að semja um það á því stigi eins og fara að breyta lögum, sem ekki var óskað eftir fyrr en nokkrum klukkutímum áður en það hefði þurft að ná fram að ganga.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í ræðu hæstv. fjmrh. kemur ekki fram nein fullnægjandi skýring á því, hvers vegna ríkisstj. hafði talið þetta óframkvæmanlegt. Hæstv. ráðh. kemur hér inn á allt aðrar ástæður, m. a. þær, að ekki hafi verið líkur til þess, að samningar mundu takast, og í öðru lagi, að vel sé hægt að leita samninga meðan málið er fyrir dómi. Það, sem ég ræddi um, var þetta: Hvers vegna telur ríkisstj., að þetta hafi verið óframkvæmanlegt? Það var kl. 10 árdegis, sem þessi málaleitun kom fram, og ef vilji hefði verið fyrir hendi hjá ríkisstj., þá væri hægt að semja slíkt frv. á nokkrum mínútum. Það er svo einfalt mál. Og það væri í lófa lagið að koma þessu máli samdægurs í gegnum þingið og lögfesta það. Þetta liggur fyrir og þess vegna vil ég slá því föstu, að það er ekki rétt, sem segir í yfirlýsingu ríkisstj., að þetta hafi verið óframkvæmanlegt. Ástæðurnar eru aðrar, og náttúrlega má lesa það í gegnum það, sem hæstv. ráðh. sagði. Hjá ríkisstj. hefur ekki verið vilji til þess að framlengja þennan frest, og í rauninni hefur það margsinnis komið fram af hálfu ríkisstj., að hún óskaði ekki eftir samningum, heldur að Kjaradómur skæri úr í málinu. Ég vil, að þetta liggi alveg ljóst fyrir, að tilgangslaust er fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla sér að skjóta sér á bak við það, að synjað hafi verið, vegna þess að tími hafi ekki verið nægur. Það var vel framkvæmanlegt, eins og dæmin sanna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt að staðfesta það, sem fram hefur komið í ræðu hv. 5. þm. Reykv., að ef ríkisstj. hefði fyrir hádegið umræddan dag farið þess á leit við stjórnarandstöðuna, að lög um þetta efni yrðu afgreidd með afbrigðum á þeim sama degi, þá tel ég fullvíst, að stjórnarandstaðan hefði á slíka málaleitun fallizt, enda skýrt og ljóst fordæmi fyrir nákvæmlega hliðstæðri afgreiðslu. En fyrst þetta mál ber hér á góma öðru sinni á tiltölulega skömmum tíma, þ. e. deilu hæstv. ríkisstj. við BSRB, þá langar mig til þess að beina einfaldri fsp. til hæstv. ríkisstj.

Því hefur hingað til verið marghaldið fram á hinu háa Alþingi, bæði af hæstv. fjmrh., sem fyrst og fremst fer með þetta mál af hálfu ríkisstj., og af hálfu hæstv. forsrh., að það hafi verið ákvörðun ríkisstj., ég endurtek, það hafi verið ákvörðun ríkisstj. að synja um viðræður við opinbera starfsmenn í upphafi þessa máls, og sú synjun ríkisstj., segi ég enn, var rökstudd með alveg ákveðnum hætti af hálfu hæstv. fjmrh. og af hálfu hæstv. forsrh., hætti, sem öllum hv. þm. og allri þjóð-

inni er fullkunnugt um hver var og ég sé enga ástæðu til þess að fjölyrða um.

Síðar, eða eftir að þetta mál var rætt hér síðast á hinu háa Alþingi, hefur það gerzt, að einn hæstv. ráðh., hæstv. viðskrh., hefur lýst yfir því opinberlega, að það hafi ekki verið ákvörðun ríkisstj. að synja opinberum starfsmönnum um viðræður. Hann hefur fullyrt opinberlega á umræðufundi í Háskólabíói með opinberum starfsmönnum, að sér hafi verið ókunnugt um þessa ákvörðun ríkisstj., og er ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en þannig, að hann teldi sig a. m. k. óbundinn af þessari synjun, hann hafi ekki staðið að henni. Hér er um mjög óvenjuleg málsatvik að ræða. Það er mjög óvenjulegt, að fram komi andstæðar yfirlýsingar af hálfu einstakra ráðh. um það, hver hafi tekið mikilvæga ákvörðun, hvaða aðili hafi tekið mikilvæga ákvörðun. Það er mikilvæg ákvörðun af stærsta vinnuveitanda landsins að synja starfsmönnum sínum um viðræður, þegar launadeila er að hefjast.

Ég tel nauðsynlegt, fyrst málið ber hér á annað borð á góma, að hæstv. ríkisstj. skýri þingheimi og þjóðinni allri frá, hver er sannleikurinn í þessu máli, því að það skiptir sannarlega ekki litlu máli.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má vera, að afreksmönnum og afkastamönnum eins og hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. hefði tekizt að verða við þessum tilmælum fyrirsvarsmanna BSRB, semja lagafrv., fá það samþ. í ríkisstj., fá til þess samþykki forseta og fá það síðan afgreitt á einum degi. Ég held, að það sé ekkert ofsagt, sem sagt hefur verið, að það hafi verið óframkvæmanlegt og sé óframkvæmanlegt. Og a. m. k. er það svo, að ef þeir voru þess sinnis, þá hefði verið eðlilegra, að þeir hefðu þegar í stað s. l. fimmtudag kl. 2 staðið hér upp á þingi og lýst yfir þessum vilja sínum, og þá hefði eftir þeirra kenningu kannske mátt athuga þetta. En það gerðu þeir ekki, heldur biðu til dagsins í dag. Ég held, að ef það hefði verið svo ákaflega mikill áhugi á því hjá fyrirsvarsmönnum opinberra starfsmanna að fá framlengdan þennan frest, þá hefði verið útlátalaust fyrir þá að setja þessa ósk fram við ríkisstj. fyrr. Málið hafði verið til meðferðar hjá sáttasemjara í mánaðartíma. Það hafði af hálfu fyrirsvarsmanna opinberra starfsmanna ekki verið óskað eftir tíðari fundum þar, svo að mér sé kunnugt um. Af ríkisstj. hálfu hafði verið sett fram till. þar og borin fram til sátta og vitaskuld hefði verið eðlilegt, að komið hefði fram eitthvert gagntilboð frá opinberum starfsmönnum þá. Og í öllu falli hefði verið eðlilegra, að þeir hefðu sett fram þessa ósk um frestun á því, að málið gengi til Kjaradóms, ég vil nú segja a. m. k. svona þremur dögum áður en honum lauk, og þá fyrst hefði hv. 5. þm. Reykv. getað farið að vitna í fordæmi í þessu sambandi, vegna þess að það, sem gerðist 1970, var þó það, sem hann réttilega sagði, að frv. var lagt fram 29. nóv., degi áður en samningarnir runnu út, og það er þó nokkuð annað. Og væntanlega hefur þá verið búið áður að setja fram óskina um það og semja frv.

Ég held, að hv. þm., þessir báðir tveir, hefðu alveg getað sparað sér þessar aths. Ef þeir höfðu áhuga á því, að samið hefði verið við opinbera starfsmenn og ef þeir höfðu áhuga á því, að gengið hefði verið að kröfum þeirra, þá hefðu þeir átt að hafa manndóm og ættu að hafa manndóm í sér til þess að koma hér fram og segja það berum orðum. Mér voru afhentar 5400—5500 undirskriftir. Ég hef ekki talið þær, en eitt sá ég strax af undirskriftum þeim, að í þeim hópi voru ekki aðeins ríkisstarfsmenn, heldur fjölmargir borgarstarfsmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Við því er út af fyrir sig ekkert að segja. Þeir eru í BSRB. En þeir semja ekki við ríkið og þeir eiga ekki út af fyrir sig í neinum samningum við ríkið. Borgarstarfsmenn Reykjavíkur eru að semja við og eiga að vera að semja við og hafa átt að vera að semja við borgarstjórn Reykjavíkur. Og ef það væri svo mikill áhugi í þessum herbúðum, sem þeir vilja annað slagið vera láta, á því að samningar hefðu tekizt, þá hefði nú verið í lófa lagið fyrir borgarstjórn Reykjavíkur að brjóta ísinn og semja við opinbera starfsmenn og ganga að þeirra kröfum, ef þeir telja það fært fyrir Reykjavíkurborg. Ég verð að segja það, að þá hefði ég skilið frekar það, sem alltaf annað slagið er verið að láta liggja að hjá hv. stjórnarandstæðingum og í þeirra málgögnum, án þess þó að það sé nokkurn tíma dirfska til þess að segja það hreint og beint, hvað þeir meina. Það er þetta, sem ég vil ítelja.

En að lokum vil ég endurtaka, að það er alveg gefið ákveðið svar við þessari aths., sem hv. 5. þm. Reykv. setti hér fram, og það stendur fast, að það var vitaskuld ógerlegt að koma lögum um þetta efni í gegnum þingið á sama degi og þessi beiðni var sett fram. Og það er rétt, að þessir uppáskriftarlistar voru mér fengnir kl. 10 og þeir afhentir í mínar hendur þá. En það hafði þó ekkert skilyrði verið, að ég veitti þeim viðtöku kl. 10, því að fyrirsvarsmenn opinberra starfsmanna höfðu aðeins óskað eftir viðtali þennan dag, og það var ég, sem tiltók þennan tíma að deginum, kl. 10. Ég býst við því, að ef ég hefði sagt kl. 4, þá hefðu þeir ekki gert neina aths. við það og væntanlega þá sett fram sína kröfu þá. Nei, það skorti alvöru á bak við þessa málaleitan, og þess vegna var hún fram sett á þessum tíma.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., form. Alþfl., er einkar laginn við það að koma hér fram á Alþ. og fullyrða, að einn ráðh. segi þetta og annar hitt, þó heldur lítið verði úr skýringum hans, þegar hann stendur svo frammi fyrir því að eiga að reyna að finna þessum orðum sínum stað. Þetta er nú í annað skipti á skömmum tíma, sem þessi hv. þm. kemur fram með fullyrðingar af þessu tagi hér. Það er því full ástæða til þess að rifja upp, hvað hefur raunverulega gerzt í þessu máli, sem réttlæti þá fullyrðingu, að ríkisstj. hafi neitað að ræða við opinbera starfsmenn um launakjör þeirra og einn ráðh. hafi sagt þetta og annar hitt í þessum efnum. Hvað gerðist í málinu? Veit hv. þm. það? Það, sem gerðist, var það, að opinberir starfsmenn sendu ríkisstj. bréf, þar sem þeir kröfðust þess, að endurskoðun færi fram á launa- og kjarasamningi þeirra við ríkið á grundvelli tiltekinnar greinar í þeim lögum, sem fjalla um þessi mál, þar sem um hefði verið að ræða almennar og verulegar kauphækkanir. Þetta var krafa opinberra starfsmanna. Ríkisstj. svaraði þessari kröfu og sagði, að hún teldi ekki vera grundvöll til þessarar almennu endurskoðunar vegna þeirra kjarasamninga, sem til hafði verið vitnað í bréfi þeirra. Þetta var svar ríkisstj. Er þetta sama eins og

hv. þm. segir hér, að ríkisstj. hafi neitað að ræða við þá? Á þetta benti ég m. a. á þeim almenna borgarafundi, sem opinberir starfsmenn héldu, og sagði, að ég hefði aldrei neitað að ræða við þá og væri tilbúinn að ræða við þá hvenær sem væri og ég vissi, að eins væri ástatt með aðra ráðh. En það er rétt, forsvarsmenn opinberra starfsmanna gripu strax til þess ráðs að túlka þetta svar ríkisstj. þannig, að ríkisstj. vildi ekki ræða við þá, sem vitanlega var rangt. Og þó að ég gæfi m. a. þessa yfirlýsingu á þessum almenna borgarafundi, þá hefur enginn af fulltrúum opinberra starfsmanna leitað eftir viðræðum við mig um málið. En þeir hafa hins vegar farið á mjög marga fundi og haldið áfram að gera sínar samþykktir á þá lund, sem þeir höfðu gert áður.

Það er ekkert um það að villast, að ríkisstj. hefur ekki neitað að ræða við opinbera starfsmenn og nú um alllangan tíma hafa beinlínis formlegar samningaviðræður átt sér stað fyrir milligöngu sáttasemjara. Og ríkisstj. býður enn upp á það að halda uppi samningaviðræðum við fulltrúa opinberra starfsmanna fyrir Kjaradómi, ef mögulegt reynist að ná samkomulagi um lausn á málinu. En viðræður um almenna endurskoðun, þar sem ríkisstj. hefur greinilega lýst yfir því, að hún telji, að hin almenna endurskoðun hafi ekki verið rökstudd, slíkar viðræður eiga vitanlega engan rétt á sér. En ríkisstj. hefur ekki neitað að ræða við opinbera starfsmenn um launadeilumálið.

Ég sagði á hinum almenna borgarafundi, sem opinberir starfsmenn héldu, að ég teldi allverulegan hluta af þessari deilu í rauninni óþarfan og tilefnislausan og af því vonaði ég, að menn reyndu að leggja sig fram um að ná sáttum í deilunni. Þetta sagði ég m. a. vegna þess, eins og kom fram á þeim fundi, að það hafði greinilega komið fram hjá opinberum starfsmönnum á þessum fundi og m. a. í sérstökum skjölum, sem þeir útbýttu á fundinum, að þeir væru að berjast við að fá ríkisstj. til þess að samþykkja launahækkanir til þeirra opinberra starfsmanna, sem ynnu við sambærileg störf og þeir ynnu við, sem samið var við í des. á vegum Alþýðusambands Íslands. Í einu af þeim skjölum, sem lágu fyrir þessum fundi, sagði m. a. orðrétt á þessa leið um þetta atriði:

„Enn er nú vegið í sama knérunn. Þegar flestir vinnuveitendur í landinu semja við launþega um 14—18% launahækkun á þessu og næsta ári og það að frumkvæði ríkisstj., þá neitar hún sambærilegum starfsmönnum sínum um launasamræmingu, enda þótt skýr lagaákvæði heimili slíka endurskoðun samninga þegar í stað."

Á þessum fundi sagði ég, eins og ríkisstj. hafði sagt áður við fulltrúa opinberra starfsmanna, að það lægi fyrir, að ríkisstj. byði fram launahækkun til þeirra opinberra starfsmanna, sem ynnu að sambærilegum störfum við þá, sem samið var við á vegum Alþýðusambandsins í des., þannig að laun opinberra starfsmanna yrðu jafnhá og hinna, sem þá var samið við. Þetta hefur ríkisstj. boðið og margendurtekið. Og það gerði ég m. a. á þessum fundi. En þetta hefur ekki verið nægilegt, vegna þess að það er greinilega um einn ágreining að ræða á milli ríkisstj. annars vegar og forustumanna BSRB hins vegar. Hann er sá, að ríkisstj. telur ekki vera ástæðu til þess, að þær launabreytingar, sem samið var um í des. við ASÍ-félögin, eigi að ganga almennt yfir launastiga opinberra starfsmanna, en þeir álíta, að svo eigi að vera. Þar er um ágreining að ræða. En í tilefni af því, sem hér hefur komið fram, vil ég leyfa mér að leggja spurningu fyrir hv. 7. þm. Reykv., form. Alþfl., og hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen. Vilja þeir fallast á þessa kröfu opinberra starfsmanna um það, að sú launahækkun, sem um var samið í samningunum við ASÍ-félögin í des., gangi almennt yfir launastiga opinberra starfsmanna? Vilja þeir fallast á það? Er það þeirra skoðun? Ég óska eftir alveg skýru svari og engum undanbrögðum. Það er býsna fróðlegt að fá að vita, hver þeirra afstaða er í þessum efnum. En hitt er rétt að undirstrika enn einu sinni, að ekki hefur verið um það að ræða, að ríkisstj. færðist undan á neinn hátt að fallast á þær launahækkanir til opinberra starfsmanna, þannig að laun sambærilegra aðila hjá ríkinu væru jafnhá og um var samið í samningunum við Alþýðusamband Íslands.

Hitt er svo auðvitað alkunna, að þeir í stjórnarandstöðunni grípa hér til alls og einnig af þessu tagi, sem hér hefur verið til umr. (Gripið fram í.) Ja, ekki veit ég nú um það, en hv. þm. veit kannske eitthvað um það. En alveg augljóst er, að þeir grípa til allra hluta, til þess að reyna að afflytja ríkisstj. og þar draga þeir ekkert af sér. En það væri býsna fróðlegt að fá að vita, hver afstaða þeirra er til kjarna málsins.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að kveðja mér oftar hljóðs í þessu máli, en það er að gefnu tilefni. Hæstv. forsrh. dró nefnilega annað mál hér inn í þessar umr., hvers vegna borgarstjórn Reykjavíkur hefði ekki samið við starfsmenn sína. Út af því vil ég taka það fram, að alltaf hefur verið föst venja varðandi launakjör starfsmanna sveitarfélaga og þar á meðal Reykjavíkurborgar, að beðið hefur verið eftir því, að samningar tækjust á milli ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins. Þannig hefur þetta alla stund verið, og er fullt samkomulag um það milli borgaryfirvalda í Reykjavík og starfsmanna Reykjavíkurborgar, að sá háttur sé hafður á nú eins og áður og ekki eðlilegt, að sveitarfélögin séu þannig að ganga fram fyrir skjöldu.

Ég hafði ekki hugsað mér í þessum umr. að ræða efnislega um kröfur bandalags opinberra starfsmanna, og er alveg furðulegt innlegg frá hæstv. sjútvrh. í þessu máli. Hann krefst skýrra svara, og það er eðlilegt, að hann vilji hafa hreinar línur. Þær hafa verið svo hreinar af hans hendi í þessu máli! Maður minnist þess nú af hinum frægu fundi, þegar hann reis upp í fundarlok og afneitaði fjmrh., áður en fjmrh. hafði talað tvisvar. En það, sem hér er um að ræða, er náttúrlega í fyrsta lagi, að skilyrði eru fyrir hendi, sem lögin setja, kjarasamningalögin, til að krefjast endurskoðunar. En þar segir beinlínis, að ef verulegar og almennar kauphækkanir verða á samningstímabilinu, þá á BSRB rétt á því að krefjast endurskoðunar, og það er það, sem þeir hafa gert. Ríkisstj. svarar með því, að þessar kauphækkanir, sem nú hafa orðið á hinum almenna markaði, séu ekki verulegar. Nú er það að vísu þannig, að ég ætla, að forseti Alþýðusambands Íslands hafi nú lýst því yfir í útvarpi og sjónvarpi, eftir að samningar tókust við ASÍ-félögin, að þarna hefðu meðlimir Alþýðusambands Íslands fengið verulegar kjarabætur og kaup-

hækkanir. En ríkisstj. er á öðru máli. Hún segir: Þetta eru ekki verulegar kauphækkanir. Þetta, sem verkalýðsfélögin fengu í des., hefur bara verið óvera.

Þegar var náttúrlega af þessari ástæðu fullkomin ástæða til þess fyrir ríkisstj. að taka upp viðræður við BSRB, en ekki aðeins bíða eftir því 2—3 vikur frá því að krafa þeirra kom fram um endurskoðun, svara þá þannig, að það sé engin ástæða til þess að taka neitt til greina. Vitanlega var t. d. ástæða til þess að ræða um það, hvort þetta eru verulegar kauphækkanir eða ekki. Í öðru lagi er ástæða til þess að ræða um þá staðhæfingu ríkisstj., að þessir kjarasamningar við opinbera starfsmenn, sem gerðir voru fyrir rösku ári, hafi kostað miklu meira og fært opinberum starfsmönnum miklu meiri kjarabætur en gert hafði verið ráð fyrir. Þannig voru bæði þessi tvö atriði og ýmis önnur, sem var fullkomin ástæða til þess að ræða. Og ég verð að segja, þó að ég skuli ekkert blanda mér í þær deilur, hvort hér hafi verið framið lagabrot eða ekki lagabrot, þá er hitt tvímælalaust, að það er algert brot á tilgangi og anda kjarasamningalaganna frá 1962, þegar ríkisstj. neitar að eiga viðræður við hina opinberu starfsmenn út af þeirra óskum um endurskoðun.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta önnur en þau, að nú birtist í ræðu hæstv. forsrh. ein ný röksemd fyrir því, hvers vegna stjórnin hefði neitað um þennan frest, sem farið var fram á núna á fimmtudaginn var. Hún er sú, að það hafi bara skort alvöru af hálfu forráðamanna BSRB í þessu efni. Nú er það þannig, að sá maðurinn, sem bar fram þessa kröfu við hæstv. forsrh., hefur setið á þingi öðru hverju sem þm. Framsfl. Hann er formaður BSRB, og mér finnst nú dálítið undarlegt að heyra það hér á Alþ., að þennan fyrrv. þm. eða varaþm. Framsfl. skorti algerlega alvöru í þessari baráttu sinni eða þessari kröfugerð. Þetta er að vísu mál, sem þeir geta rætt innan síns flokks og ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í.

Ég held, að það standi alveg óhrakið eftir þessar umr., að ekki er rétt, sem segir í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að óframkvæmanlegt hafi verið að fá lagabreytingu á einum degi, eins og BSRB fór fram á. Og í rauninni kom það nú óbeint fram hjá hæstv. forsrh. Hann sagði, að krafan hefði borizt sér kl. 10 um morguninn, og það hafi ekki verið nokkur leið tímans vegna að verða við þessu. Hins vegar ef við úr stjórnarandstöðunni hefðum hreyft þessu á þingi sama dag, þegar það kom saman kl. 2., þá hefði nú mátt athuga málið. Þá hefði kannske verið nægur tími til að semja frv. og fá það samþykkt eftir kl. 2, þó að ekki væri tími til þess frá kl. 10. Annars er það nú þannig, — ég hef hér frv. frá því 1970. Ein gr. er um það, að frestir, sem ákveðnir eru í 14. og 16. gr. kjarasamningalaganna, framlengist fram að þessum degi, málið fari ekki fyrir Kjaradóm fyrr en á þessum degi. Ég sagði áðan, að tekið hefði nokkrar mínútur að semja svona frv., og ég stend við það. Það hefði verið í lófa lagið. Hefði ríkisstj. viljað verða við þessari kröfu, þá væri í lófa lagið að hafa samið frv. og leggja það fyrir prentað kl. 2, þegar Alþ. kom saman. Sem sagt, það er alveg ljóst mál og líka eftir yfirlýsingar frá báðum stjórnarandstöðuflokkunum, að það væri í lófa lagið að verða við þessari ósk BSRB og lögfesta þessa breytingu á einum degi, og ástæðan til þess að það var ekki gert er viljaskortur ríkisstj.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Atriði þau, sem hér hafa verið rædd, liggja svo ljóst fyrir, að mér duga aðeins örfá orð. Það er öllum hv. þm. fullvel kunnugt, að gildandi lög gera ráð fyrir því, að launamál opinberra starfsmanna við sinn vinnuveitanda séu rædd í þrem stigum; í fyrsta lagi viðræðum, ef samkomulag er um það, í öðru lagi með sáttameðferð fyrir dómi og í þriðja lagi með úrskurði Kjaradóms. Á þessu getur ekki nokkur minnsti vafi leikið. Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa margsagt hér á Alþ., að ríkisstj. hafi ekki talið rétt að eiga viðræður lögum samkv. við BSRB, vegna þess að í því hefði falizt viss viðurkenning á réttmæti krafna þeirra. Þetta er ómótmælanlegt. Hins vegar vill hæstv. viðskrh. nú túlka ummæli sín frá Háskólabíósfundinum þannig, að hann sé þessu í sjálfu sér sammála, — ég gat ekki skilið hann öðruvísi, — að það hafi ekki verið rétt að taka upp formlegar viðræður við bandalag opinberra starfsmanna, en hins vegar hefði mátt taka upp einhvers konar viðræður annars eðlis við þá. Það hefði mátt tala við þá, þó að ekki væri um að ræða viðræður lögum samkv. En það eina, sem á dagskrá var, var að taka upp viðræður lögum samkv. Spurningin var ekki um einhvers konar samtöl yfir kaffibollum, heldur viðræður lögum samkv., eins og lög gerðu ráð fyrir. Og það var afstaða mín, þegar ég gerði málið að umtalsefni hér um daginn, að alveg burtséð frá, hver væri lagaskylda í þessum efnum, þá hafi það verið ósanngjarnt, nánast móðgandi við opinbera starfsmenn að neita um viðræður lögum samkv. Og þá komu enn skýringar af hálfu tveggja hæstv. ráðh. um það, að í því hefði falizt viss viðurkenning á kröfum opinberra starfsmanna. Í raun og veru hefur hæstv. viðskrh. enn aukið á ósamræmið í afstöðu sinni með því að lýsa hér yfir því, að hann hefði í sjálfu sér getað fallizt á þá afstöðu ríkisstj., neitun um viðræður lögum samkv., en hefði gjarnan viljað tala við þá t. d. yfir kaffibollum, sem engan veginn hefði verið nægilegt fyrir opinbera starfsmenn, enda ekki einu sinni boðið upp á það, að því er mér skilst. Það stendur því, sem er mjög algeng skoðun meðal þjóðarinnar, að hæstv. viðskrh. hafi ekki komið drengilega fram í garð starfsbróður síns, hæstv. fjmrh., á fundinum í Háskólabíói. Það er þeirra mál, og ég sé enga ástæðu til þess að fjölyrða um það hér.

Hæstv. viðskrh. spurði, hvort við í Alþfl. vildum fallast á kröfur opinberra starfsmanna. Við viljum, að samið verði við opinbera starfsmenn. Í þeirra eigin málflutningi hefur komið fram, að þeir séu til viðræðu um kröfur sínar. Í því felst auðvitað það, þegar tveir aðilar semja, að upphafssjónarmið hvorugs aðila er endanlegt sjónarmið í málinu, til þess arna fóru þeir fram á viðræður um sínar kröfur. Og okkar meginafstaða er sú, að þær viðræður hefði átt að taka upp og reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi, en það vildi svo til, að ég mun hafa verið eini þm., sem sótti þennan fund hjá opinberum starfsmönnum, þennan margumræddu fund í Háskólabíói, eini þm. fyrir utan þá tvo ráðh., sem hér hefur verið minnzt á, hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. Ég varð þess vegna vitni að þessum sögulegu ummælum, sem menn hafa verið að vitna til, af hálfu sjútvrh.

Hæstv. fjmrh. hafði í sinni framsöguræðu á þessum fundi áréttað það, sem sagt hafði verið áður af hálfu ríkisstj. og fram kom m. a. í umr. hér á þingi fyrir nokkrum dögum síðan, að ríkisstj. teldi engin skilyrði til endurskoðunar á samningnum og þess vegna hefði hún verið svo hreinskilin, að hún hefði ekki talið ástæðu til þess að hefja neinar viðræður við opinbera starfsmenn. Í lok fundarins, eins og mönnum er vel kunnugt um, þá stöð sjútvrh. upp og lýsti því þar yfir, að það væri rangt, að ríkisstj. hefði nokkurn tíma hafnað viðræðum við opinbera starfsmenn. Nú veit ég ekki, hvernig á að túlka þessi ummæli, hvort þau eigi að villa um fyrir opinberum starfsmönnum og þá öllum almenningi eða storka meðráðh. hans, en hitt er víst, að þessi ummæli stangast fullkomlega á við það, sem hæstv. forsrh. hefur m. a. sagt hér í sölum Alþ. Af þessu tilefni, þar sem hæstv. sjútvrh. margtók fram í ræðu sinni hér áðan, að ríkisstj. hefði ekki hafnað viðræðum, það væri rangt, hann neitaði því og taldi það órökstutt, þá vildi ég leyfa mér að vitna hér til ummæla hæstv. forsrh. frá umr. á Alþ., sem fram fóru hér í lok jan., og vitna ég þá til ræðunnar, sem birt er næstum í heild í dagblaðinu Tímanum 2. febr. s. l. En þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessu næst sagði forsrh., að nú mundu menn kanna ske spyrja, hvers vegna mætti ekki tala við opinbera starfsmenn, hvað sem öllum lagaákvæðum liði. — Það er vegna þess [og er þá vitnað til ráðh.], að ef slíkar viðræður hefðu verið upp teknar, þá hefði það verið óbein viðurkenning á því, að skilyrði væru fyrir hendi til endurskoðunar á þessum samningi. En svar stjórnarinnar var skýrt, hún taldi, að skilyrði væru ekki fyrir hendi til endurskoðunar. Þess vegna tel ég, að með þeirri málsmeðferð, sem höfð hefur verið, hafi enginn réttur verið brotinn á opinberum starfsmönnum“ o. s. frv.

Þetta getur varla verið skýrara fram sett, eins og við hér í þingsölum heyrðum reyndar á sínum tíma. Þessu til áréttingar er síðan sagt í leiðara Tímans þennan sama dag, þar sem verið er að ræða um þessar umr. og ræðu hæstv. forsrh., þá segir í Tímanum, með leyfi forseta:

„Ólafur Jóhannesson forsrh. sagði, að það yrði að teljast mjög eðlilegt, að kveðið væri á um nokkuð mismunandi málsmeðferð, þegar um það væri að tefla, að fram kæmi krafa um endurskoðun á samningstímanum án samningsuppsagnar, en þegar um heildarendurskoðun í grundvallaratriðum væri að ræða, eftir að samningnum hefði verið sagt upp og samningstími úti. Endurskoðunarréttur á samningstímabilinu væri gagnkvæmur. Hvor aðili sem væri, opinberir starfsmenn eða ríkið, gæti krafizt endurskoðunar án uppsagnar samninga. En hjá hvorum aðila sem væri gæti svarið orðið það, að skilyrði væru ekki fyrir hendi til endurskoðunar. Þá fer deilan beint til sáttasemjara, eins og nú hefði átt sér stað.“ Og síðan segir: „Þegar það er að mati annars hvors aðilans, að skilyrði séu ekki fyrir hendi til endurskoðunar, þá eiga ekki neinar samningaviðræður milli aðila við. Þá geta slíkar viðræður einmitt ekki farið fram, vegna þess að það væri beinlínis í andstöðu við það álit, sem þá hefur verið sett fram af öðrum hvorum aðilanum.“

Ég held, að ekki þurfi nú frekar vitnanna við um það, að a. m. k. liggur ljóst fyrir, að það er skilningur hæstv. forsrh., og ég lít svo á, að það sé skilningur fjmrh. líka, að það hefði verið mjög hreinskilnislega gert af ríkisstj. að tilkynna opinberum starfsmönnum strax, að viðræður gætu ekki farið fram, þar sem engin skilyrði væru til endurskoðunar. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið og má segja, að það sé heiðarlegt og hreinskilnislegt út frá þessari skoðun. En það breytir ekki því, að þetta er sagt af þessum ráðh., sem menn verða að taka mark á, og þess vegna er það líka rangt, þegar því er haldið fram, bæði í Háskólabíói og hér, að ríkisstj. hafi ekki hafnað viðræðum. Hún hefur þvert á móti gert það.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessar umr. fara nú að verða dálítið einkennilegar að ýmsu leyti, en það er þó rétt að bæta nokkrum orðum hér við. Það er nú áreiðanlega gott og hollt fyrir hv. 9. landsk. þm. að gera meira af því að lesa Tímann og leggja sér það á minni, sem þar stendur, en það er misskilningur hjá honum, að nokkurs ósamræmis gæti í því, sem ég sagði þar, og því, sem hér hefur komið fram. Ég held, að ég geti tekið mér í munn orð hv. 7. þm. Reykv. og sagt, að þetta mál liggi ósköp ljóst fyrir, og ég skal reyna að skýra það með nokkrum orðum, sem ég gerði reyndar, þegar rætt var um þessi mál hér síðast.

Það er rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það er gert ráð fyrir því sem venjulegu og eðlilegu, þegar um er að ræða kjarasamninga eftir uppsögn, að það geti verið um þrjú stig að tefla í málsmeðferðinni, í fyrsta lagi viðræður á milli samningsaðila, í öðru lagi sáttaumleitun fyrir sáttasemjara og í þriðja lagi meðferð hjá Kjaradómi. En hins vegar verður að greina á milli þess, hvort um er að ræða samninga, eftir að þeim hefur verið sagt upp eða þeir eru út runnir og kröfu um endurskoðun samkv. 7. gr. Það er rétt, að skilyrðin, sem sett eru fram í 7. gr. fyrir því, að setja megi fram kröfu um endurskoðun, eru þau, að verulegar og almennar kaupbreytingar hafi átt sér stað, því að vitaskuld getur það fræðilega verið á hinn veginn, og þá getur hvor aðili sem er sett fram þessa kröfu. En ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, og ég held, að það geti ekki nokkur maður farið að halda öðru fram en það sé hvor aðili fyrir sig, sem metur það á fyrsta stigi, hvort þessi skilyrði eru fyrir hendi. Öðrum aðilanum er ekki fengið neitt sjálfdæmi um það. Ekki er nóg að gera kröfu um það. Hinn aðilinn verður líka að meta það og svara því, hvort grundvöllur sé fyrir hendi til endurskoðunar. Og hans álit um það er alveg fullgilt, þangað til því hefur verið haggað af réttum aðila á sínum tíma, Kjaradómi. Hann hefur leyfi til þess, hvor aðili sem er, að hafa á þessu sína skoðun og leggja á þetta sitt mat, því mati verður ekki haggað af hinum aðilanum. Þetta mat hans stendur. Og þegar annar hvor aðilinn lítur svo á, þá er ekki grundvöllur fyrir hendi til samningsviðræðna á milli aðilanna, og þetta er skýrt og það reyndi ég að benda á, þegar þetta var rætt hér síðast, einmitt að lagagreinin sjálf, 7. gr., vísar aðeins til III. og IV. kafla laganna, kaflanna, sem fjalla um sáttameðferð fyrir sáttasemjara og málsmeðferð fyrir Kjaradómi, en vísar ekki til 10. gr., sem er í II. kafla laganna og fjallar um samningsviðræður á milli aðilanna. Vegna þess að hamrað hefur verið á því, að ríkisstj. hafi framið lagabrot í þessu sambandi, þá taldi ég rétt að víkja að þessu

síðast og gera grein fyrir þessu. Og ég held, að nauðsynlegt hafi verið að endurtaka þetta hér nú, vegna þess að menn eru alltaf óbeint að klifa á þessu, þannig að sú málsmeðferð, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, þessi þrjú stig í málsmeðferðinni, áttu ekki við í þessu tilfelli. Og þegar um þetta er að ræða, þá verða menn að gera sér grein fyrir því, hvaða kröfur voru gerðar við þessa endurskoðun. En það er eins og hér hefur komið fram, þær kröfur voru um algerlega sams konar kaupbreytingar, kauphækkanir, eins og samið hafði verið um í samningunum frá því í des. s. l. Þess vegna var það, að ef átt hefði — eftir að búið var að segja, að grundvöllur væri ekki fyrir hendi til endurskoðunar samkv. 7. gr., — þá að setjast að samningaborði með gagnaðila, þá hefði í því falizt óbein viðurkenning á því, að það væri ástæða til þess einmitt að ræða um þessi atriði. Og það hefði að mínum dómi verið rangt og villandi, eins og á stóð. Það voru þessar kröfur, sem lágu fyrir í öndverðu, að opinberir starfsmenn fengju allar þær sömu kauphækkanir og samið hafði verið um í desembersamningunum. Þessar kröfur voru settar fram við ríkisstj. 10. des. s. l., þegar ekki var búið að ganga frá í raun og veru til fullnaðar neinum samningum þeim, sem samið hafði verið um 4. des. Og því miður er jafnvel enn eftir að ganga frá nokkrum samningum að fullu og öllu. En þetta voru þær kröfur sem settar voru fram. Og þegar á að meta það, hvort grundvöllur sé fyrir hendi samkv. 7. gr. kjarasamningalaganna, þá lít ég svo á, að meta verði allar aðstæður. Og mat ríkisstj. í þessum efnum byggist á því, að í 1. áfanga var aðeins samið um 4% almenna kauphækkun. Það var því sú kauphækkun ein, sem átti að koma til álita nú og í þessu sambandi, og annað atriði, sem hlaut að verða litið á í þessu sambandi, var það, að um áramótin átti að koma til framkvæmda og kom til framkvæmda áfangahækkun til opinberra starfsmanna. Það var með þessar aðstæður í huga, sem svar ríkisstj. var á þá lund, sem lýst hefur verið, að grundvöllur væri ekki til heildarendurskoðunar samkv. 7. gr. laga um kjarasamninga. En jafnframt var tekið fram, hefur alltaf verið tekið fram, bæði fyrr og síðar, að ríkisstj. væri reiðubúin til þess að ræða um lagfæringar á launum, hún væri reiðubúin að lagfæra hin lægstu laun og gera lagfæringar á launum þeirra manna, sem sambærilegir væru við þá, sem samið hefði verið um 4. des. Og þetta hefur í raun og veru alltaf legið fyrir og var endurtekið og nánar útfært einmitt fyrir sáttasemjara. Og fyrir sáttasemjara var fullkomið tækifæri til þess að ræða þessi mál á þann hátt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að menn gætu þá fært sig eitthvað til frá sínum kröfum og tilboðum. Og það hefði vitaskuld verið æskilegt. Ríkisstj. lagði beinlínis fram tilboð fyrir sáttasemjara og það var lagt fram þar í tæka tíð, þannig að alveg hefði verið tækifæri og tími til þess að taka þau mál til nánari athugunar. Það stendur svo alveg skýrt eftir þessar umr., að ekkert dæmi er sambærilegt við það, sem hér er um að ræða. Það þýðir ekkert fyrir hv. 5. þm. Reykv. að vitna til þess, sem gerðist 1970, vegna þess að það er ólíkt. Það var meira svigrúm þá en nú. Ég verð að hafa þá skoðun, að þegar þeir starfshættir eru viðhafðir, sem hér voru, að það er fyrst komið á síðasta degi og sett fram þessi krafa um framlengingu, þá búi ekki mikil alvara á bak við það. Og opinberir starfsmenn voru ekki dregnir á svari um það. Ég svaraði þeim þegar, að ég mundi leggja þetta fyrir ríkisstj., en ég teldi ekki tæknilega möguleika á því að koma lagafrv. um þetta efni fram á þessum síðasta degi. Þá hefði vitaskuld, ef alvaran samt sem áður hefði verið afskaplega rík hjá þeim, verið hægt fyrir þá að ganga á fund hv. 5. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv. og leita eftir stuðningi þeirra við þessa málsmeðferð, og þá hefðu þessir tveir ágætu þm., ef þeir þá hefðu verið sama sinnis og þeir eru nú, getað staðið hér upp á fimmtudag og lýst því yfir, að hægt væri að koma þessu í gegn. En ekki var nú þessi háttur á hafður.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að ekki þýddi að vera að tala um borgarstarfsmenn í þessu efni. Það vissu allir, að föst venja væri, að þeir hefðu bara komið á eftir og fylgt í kjölfarið á samningum ríkisstarfsmanna. Engin lög þekki ég nú fyrir því, að þetta þurfi að vera svona. Þeim er alveg fullheimilt að fara á undan og brjóta ísinn, ef vilji er til. En sá kostur hefur hér ekki verið upp tekinn, og það þýðir í því sambandi ekkert að vera að vitna til þess, hver venja hafi verið í þessu efni. Hún er á engan hátt bindandi. Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef vilji er hjá meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að verða við kröfum opinberra starfsmanna, kröfum þeirra starfsmanna, sem eru í þjónustu Reykjavíkurborgar, eða að semja við þá um annað, þá hefur það verið hægt, þá hefur borgarstjórnin getað gert þetta. Hún hefur ekki gert það.

Það fór svo eins og vænta mátti, að þegar skýrar spurningar voru lagðar fyrir þessa hv. þm. um það, hver væri afstaða þeirra, þá fékkst ekki svar, — ekki einu sinni um það, hver væri afstaða þeirra flokka, því að ég ætlast nú ekki til þess, að þeir geti svarað því, heldur hver væri afstaða þeirra persónulega til þessa máls, þá gátu þeir ekki svarað því, hvort þeir vildu, hvort þeir teldu réttmætt miðað við aðstæður að ganga að öllum kröfum opinberra starfsmanna eða ekki. Þeir gátu ekki svarað því. Og enn skal sú spurning endurtekin: Vilja þeir, að gengið sé að kröfum opinberra starfsmanna, eins og þær voru settar fram í öndverðu og eins og þær hafa verið settar fram? Bara semja, segir hv. 5. þm. Reykv., og ef það er ekki þetta, sem hann vill semja um, þá bæti ég við spurningu: Um hvað vill hann semja? Hvar vill hann t. d., ef hann telur, að þeir, sem hæstu launin hafa, eigi ekki að fá bæturnar, hvar vill hann þá draga markalínurnar? Hvers vegna er ekki hægt að segja þetta hreint og beint, í stað þess að vera að reyna að blása að ófriðarglæðum í sambandi við þetta mál? En það sýnist mér alveg augljóslega vera þeirra iðja. Það kalla ég slæma iðju, því að vitanlega er þetta mjög mikið alvörumál, að slíkur ágreiningur skuli vera á milli BSRB og viðsemjenda þess, eins og raun ber vitni um. Og það ættu allir góðviljaðir menn að reyna að vinna að því að fá lausn á þeim vanda. En það er áreiðanlegt, að ekkert er stuðlað að þeirri lausn með því að hafa þann hátt á, sem þessir hv. þm. hafa haft og með þeim málflutningi, sem um þetta hefur tíðkazt í þeirra málgögnum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að lengja þessar umr. mikið, því að nú er orðin mikil deila um keisarans skegg hér. Ég vil bara vekja athygli á því, að túlkun á máli getur haft mikið að segja. Og það kom greinilega fram hjá hv. 5. þm.

Reykv., þegar hann sagði, að um hliðstæðu hefði verið að ræða, þegar lögin um framlengingu á frestum vegna samninga við opinbera starfsmenn voru hér afgreidd 1970 eins og nú. Þótt í forsendu fyrir þeirri lagasetningu segi, með leyfi hæstv. forseta, eins og ég vitnaði hér til áðan:

„Þar sem samkomulag hefur þegar orðið um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningi, standa vonir til, að samningar takist, en tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðunum fyrir 1. nóv. n. k."

Og svo segir hv. 5. þm. Reykv., að hér sé um nákvæmlega hliðstæðu að ræða. Það var ekki um neinar hliðstæður að ræða, því að það hafði ekkert gengið í þessum samningum og óskin ekki fram borin fyrr en á síðustu stundu, eins og hér hefur verið lýst. Ég vil líka undirstrika það vegna þeirrar túlkunar, sem hv. þm. hafa viljað hafa hér, bæði 5. og 7. þm. Reykv. um, að ákvörðun ríkisstj. um að neita viðræðum, það var réttilega undirstrikað hér áðan, m. a. af hæstv. viðskrh., að fram kom í svari ríkisstj., að ekki væri að hennar mati ástæða til að endurskoða kjarasamningana. Þetta er það, sem kom fram í fyrsta svari ríkisstj., og ég hef talið, að hún hafi getað haft sínar skoðanir á því, eins og hinir aðilarnir, að óska eftir endurskoðuninni. Hv. þm. geta svo túlkað þetta eftir sínum vilja og t. d. vil ég vitna til þess í sambandi við þessar umr. um það, að við höfum ekki viljað tala við opinbera starfsmenn, að formaður BSRB sagði frá því í setningarræðu sinni á aukafundinum, að hann hefði átt við mig nokkrar umr. um þetta mál. Við höfðum rætt þetta mál, en það, sem var mergur málsins, var, að það náði ekki saman. BSRB vildi ekki ganga að því, sem ríkisstj. bauð, að leiðrétta kjarasamninga ríkisstarfsmanna í samræmi við samninga ASÍ. Það vildi ríkisstj. gera og hefur boðið, með því að greiða þeim lægst launuðu eins og samið var um og með því að breyta aldurshækkunum þannig, að þeir, sem ekki hafa notið þeirra, gátu náð sambærilegum kjörum í gegnum þá breytingu. Hins vegar var það aldrei ætlun ríkisstj. að fara að sprengja kjarasamninga þá, sem var verið að gera, eins og átti sér stað einmitt á þessum tíma og áður en krafan um endurskoðunina á þessum kjarasamningum var komin fram, áður en t. d. verzlunarmenn voru búnir að ganga frá sínum kjaramálum, sem þeir létu fara í dóm, svo að ég hygg, að þeir hafi á vissan hátt miðað einmitt við ríkisstarfsmennina í þeirri afgreiðslu. Þess vegna er hér um það að ræða, það er fyrst og fremst túlkun á þessu, og það þýðir ekkert fyrir hv. 7. þm. Reykv. að segja: semja, semja. Menn verða að vita, um hvað þeir ætla að semja, og það verða að vera forsendur fyrir þeim samningum. Og það er það, sem hefur brostið. Eins og kom hér fram hjá hæstv. forsrh., þá hafa okkar svör verið miðuð við fyrstu 4%, og ekki hefur verið forsenda fyrir því að semja um það gegnum launastiga opinberra starfsmanna. Það hefur komið fram hjá mér, m. a. í blaðaviðtali, að kjarasamningarnir, sem voru gerðir í fyrra, fóru verulega fram úr því, sem reiknað var með. Og meðalprósentan í þeim kjarasamningum var verulega hærri en reiknað var með, þegar samningarnir voru gerðir, og það sýndi sig, að þegar var farið að gera þennan samanburð, þá var þannig komið, að þeir í lægstu launaflokkunum m. a. höfðu hliðstæður, þegar aldurshækkunum var sleppt. Þess vegna skorti forsendur fyrir því samkomulagi, sem hv. þm. eru hér að ræða um. Hitt er svo annað mál, að ríkisstj. hefur boðið, og hennar boð stendur, að leiðrétta laun þeirra lægst launuðu, svo að þau verði sambærileg við það, sem um var samið í samningunum í des. Og þessi orðaleikur, sem hér er hafður í frammi, breytir í engu niðurstöðu málsins nema þá á þann veg að reyna að koma í veg fyrir, að samkomulag geti orðið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get nú látið mér nægja aðeins örfáar mínútur, því að það hefur komið svo skýrt fram í þessum umr. sem verða má, að fullyrðingar hv. 7. þm. Reykv., formanns Alþfl., varðandi mig voru algerlega rangar og standast ekki. Rétt í þessu var að yfirgefa pontuna hæstv. fjmrh., sem skýrði frá því alveg greinilega, að það, sem ríkisstj. hefði ákveðið í þessum efnum, hefði verið það, að hún hefði ekki talið vera grundvöll til almennrar endurskoðunar, enda liggur auðvitað samþykkt ríkisstj. skrifleg fyrir. Hún er um þetta, að ríkisstj. taldi ekki hafa verið grundvöll til almennrar endurskoðunar, en það er vitanlega ekki á neinn hátt það sama og að neita því að tala við opinbera starfsmenn. Slíkt er aðeins túlkun þeirra, sem vilja afflytja málið, að halda því fram.

Hitt gefur auðvitað auga leið, þegar afstaða ríkisstj. er sú, að hún telur, að ekki hafi verið lagalegur grundvöllur til almennrar endurskoðunar, að ástæðulaust er með öllu að setjast að samningaborði um það atriði, þar sem annar álítur, að það hafi verið lagalegur grundvöllur til endurskoðunar, en hinn ekki. En kjaramálið sem heild var vitanlega eftir, og hægt var að ræða um það, ef menn óskuðu eftir að ræða um það sérstaklega. En vitanlega var ekki góðs viti að klifa á því í sífellu, að ríkisstj. neitaði að tala við opinbera starfsmenn.

Hv. 7. þm. Reykv. talar um það, að framkoma mín á tilteknum fundi hafi ekki verið drengileg í garð fjmrh. Hann ætlar að fara að leiðbeina okkur í þeim efnum, en alveg er augljóst af því, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt hér, að hann hefur skilið ummæli mín í þessum efnum á allt annan veg. Hins vegar eru til menn í þessu landi, sem nota blóð sín og fjölmiðla til þess að klifa á því í sífellu, og ég á svo sem alveg von á því að lesa það í blöðunum á morgun, að í þessum umr. hafi Lúðvík ráðizt á Halldór fjmrh., — þannig hafa fyrirsagnirnar verið. Þetta er þeirra drengskapur, sem slíkt skrifa. Þannig var þetta eftir fundinn í Háskólabíói og af framhaldinu heyrðu menn aðeins hjá hv. 7. þm. Reykv. Nei, ekki er um það að ræða, að neitt ósamkomulag sé innan ríkisstj. út af þessu máli eða varðandi þær ákvarðanir, sem þar hafa verið teknar um þetta mál. Fullkomin samstaða hefur verið um það, að við höfum talið, að samningarnir frá því í des. hafi ekki gefið tilefni til þess, að það ætti að færa þær launabætur almennt yfir á launakjör opinberra starfsmanna eða þeir samningar gæfu tilefni til þess að taka upp almenna endurskoðun á þeim samningum. En hins vegar hefur hitt komið fram, að ríkisstj. hefur verið alveg sammála um, að rétt væri að fallast á að hækka laun þeirra ríkisstarfsmanna, sem ynnu við sambærileg störf og þar var samið um, ef það sýndi sig, að þeir væru með lægri laun.

Hv. 5. þm. Reykv. ætlaði að reyna að fleyta sér út úr þeim vanda, sem hann var kominn í, með því að segja, að forseti Alþýðusambandsins hefði látið orð um það

falla, að samningarnir, sem gerðir voru í des., hefðu fært verkalýðshreyfingunni verulegar kjarabætur. En hann hefur þá ekki fylgzt með því, að ein meginkjarabótin, sem þar var samið um, eða sem þeir samningar í heild leiddu til, var stytting vinnuvikunnar og það var lenging á orlofi, sem almennt hefur verið talið, að hafi vegið meira en t. d. þau fyrstu tvenn 4%, sem samið var um í þeim samningum og sem opinberir starfsmenn hafa helzt reynt að bera sig saman við. Nei, vitanlega var ekkert um það að villast, enda hefur það verið staðfest nú af sérstökum kjaradómi, sem hefur fjallað um launakjör verzlunarmanna, að það þótti þurfa að hækka laun verzlunarfólks mun meira en laun almenns verkafólks í landinu til samanburðar við kjör opinberra starfsmanna. Það er megingrundvöllurinn þar.

Það fór auðvitað eins og ég átti von á, þegar þeir hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, og hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, voru um það spurðir, hver væri afstaða þeirra til kjarna málsins. Hún var auðvitað þannig, að hv. þm. Gunnar Thoroddsen sagðist ekki hér kominn til þess að ræða efnisatriði málsins. Það var nú vissara fyrir hann að ræða ekki efnisatriði málsins, heldur snúast í kringum aukaatriðin. Það var auðvelt að gera. En hv. 7. þm. Reykv. segir: Jú, auðvitað, við í Alþfl. viljum semja. Ætli það geti ekki allir flokkar sagt, að þeir vilji semja? Hvað er sagt með slíku? Hann svarar vitanlega ekki þeirri spurningu, sem fyrir hann var lögð, hvort hann getur stutt þá afstöðu, sem ríkisstj. hefur lýst sem sinni afstöðu í þessu máli, þar sem er um kjarna málsins að ræða, að ekki sé ástæða til þess, að þær launabætur, sem samið var um við verkalýðsfélögin í des., gangi almennt í gegnum launa- og kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða hvort hann er á þeirri skoðun, sem opinberir starfsmenn túlka, að þeir eigi rétt á því að fá þessar launabætur sér til handa almennt í gegnum sinn kjarasamning. En báðir þessir hv. þm. skutu sér vitanlega undan því að ræða þetta meginatriði málsins. Og þá sér maður auðvitað alveg, við hvað þeir eru að fást í þessum efnum. Eins og hér hefur komið fram, er það augljóst mál, að þeirra iðja í þessum efnum miðar ekki í þá átt að reyna að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma, því að auðvitað er það vandi, mikill vandi.

Það er leitt, að til þess skuli koma, að forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem tala fyrir munn jafnþýðingarmikilla og ágætra launþegasamtaka og þar er um að ræða, skuli hafa tekið þá afstöðu að halda fast við að heimta, að þær launabætur, sem verkamenn sömdu um, eins og ástatt var fyrir þeim, þurfi þeir endilega einnig að fá viðurkenndar á alla launaflokka opinberra starfsmanna. Og ég er á þeirri skoðun enn, að það hafi verið rétt afstaða hjá ríkisstj. að halda sig við það að leiðrétta í þeim tilvikum, þar sem þess þarf með, launakjör opinberra starfsmanna, þannig að öruggt sé, að þeir hafi í engu lakari kjör en þau, sem samið var um í des. við almennu verkalýðsfélögin. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess, að ofan á þann kjarasamning, sem opinberir starfsmenn hafa haft, fái þeir þær leiðréttingar, sem verkamenn fengu, og færu á þann hátt fram úr verkamönnum á nýjan leik, sem auðvitað mundi leiða til nýrra vandamála í þessum efnum, í launa- og kjaramálum í landinu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal verða við þeim óskum að stytta mál mitt. Ég ætla engan dóm að leggja á þessa deilu og sízt af öllu að fara að verja ríkisstj. Þeir eru færir um að svara fyrir sig sjálfir. Það væri að óhreinka nytina, ef ég væri að verja þá, ef nokkuð væri að verja. Ég efast ekkert um, að ríkisstj. hafi gert það eitt í þessu efni, er hún álítur löglegt og rétt. Hitt er svo annað mál, hvort ekki hefði verið hyggilegra að spjalla við Kristján Thorlacius. Ef ég hefði verið forsrh., þá hefði ég fengið ávallt þann ráðh., sem minnst hafði að gera hvern daginn, til þess að ræða í klukkutíma við hann eftir vinnutíma og fá svo skrifstofustjóra til aðstoðar, ef enginn ráðh. mátti vera að því. Þetta hefði orðið allt mildara, hefði verið rætt við hann svona í mánuð. Annars er hér um að ræða arf frá fyrrv. ríkisstj. Fyrrv. ríkisstj. kom þessum blessuðum Kjaradómi á og samningsveseni öllu saman. Það hefur nú gefizt þannig, að þeir eru sprungnir á þessu. Ég veit ekki betur en háskólamenn séu búnir að rjúfa þennan hring. Þeim finnst ekki, að þeir fái nógu há laun miðað við þá, sem eru minna menntaðir. Og þegar þeir eru búnir að semja við ríkisstj. í hvert skipti, þá taka þeir til að deila innbyrðis. Síðan þessi Kjaradómur kom, er alltaf einhver ófriður og eitthvert rifrildi hjá opinberum starfsmönnum. Það er nefnilega þannig, að ef einhver húsbóndi er ekki stjórnsamur, t. d. móðirin er ekki stjórnsöm við börnin og lætur allt eftir þeim, þá eru þau alltaf að jagast í henni og svo rífast þau innbyrðis líka um að fá þetta eða hitt. Þeir húsbændur, sem eru mest virtir, eru þeir, sem eru strangir og réttlátir. Vilhjálmur Prússakóngur var allra kónga strangastur, en hann gerði embættiskerfið þannig í Þýzkalandi, að þeir voru allra manna skylduræknastir og duglegastir og bjuggu að því í margar aldir. Hann lét raunar hengja einn fyrir að hann hefði eitthvað ruglað fáeinum krónum saman við sitt eigið fé. Hann lét hengja hann. En þetta var fordæmi, sem menn óttuðust í fleiri aldir og mundu eftir. Mér fannst satt að segja, að þetta væri harðleikni, en þetta var jákvætt fyrir embættiskerfið þýzka. Ég vil engan hengja hér á Íslandi, en þegar ég var drengur, unnu embættismennirnir vel. Þeir höfðu lítil sem engin sumarfrí og þeir höfðu lágt kaup, en þá hlutu þeir að vinna. Nú vilja menn ekki vinna nema 11 mánuði og ekki nema nokkrar klst. í viku, 37 á það víst að heita og 5 mínútur, ef þeir vinna þá þann tíma. Og aldrei fá þeir nóg kaup. Ég skal játa það, að embættismönnunum íslenzku hefur ekki verið of vel borgað, og ég held, að ráðið við þessu öllu saman sé það að borga mönnunum heiðarlega og vel, þannig að þeir geti lifað sómasamlegu lífi af því með sínar fjölskyldur, sem sagt, þurfi ekkert undan því að kvarta, en krefjast þess hins vegar, að þeir vinni sómasamlega.

Ef ég væri forsrh., sem ég er nú ekki og verð aldrei, þá mundi ég koma með þá tillögu á stjórnarfundi að afnema þennan Kjaradóm, afnema hann hreinlega, og ríkið ákvæði sjálft launin eins og það gerði áður, hefði þau sómasamleg og stjórnin hefði leyfi til þess að fækka starfsmönnum eða láta starfsmenn hætta, en væri ekki nauðbeygð til að hafa starfsmann, þótt hann væri fullur annan hvern dag ársins, láta ónytjungana hætta. Við höfum nóg með fólkið að gera. Það vantar menn á skipin. Það vantar stúlkur til að vinna við fiskinn. Það verður tæpast hægt að anna aflanum í vetur fyrir

fólksleysi. (**Gripið fram í:** Hvað um verkfallsréttindin?) Verkfallsrétt? Ég mundi bara hafa það þannig að semja lögin og hafa engan verkfallsrétt. Það væri enginn verkfallsréttur hjá opinberum starfsmönnum. Svo réðu opinberir starfsmenn, hvort þeir gengju að því, — bjóða þeim sómasamleg kjör, ræða við þá, þegar þeir vildu kvarta yfir einhverju, og taka tillit til óska þeirra, en ekki veita þeim verkfallsrétt, en bara segja: Við borgum þetta kaup. Þið ráðið, hvort þið gangið að því, og ef þið viljið það ekki, þá þurfum við ekki á ykkar þjónustu að halda. Þá yrði bara komin röð og regla á þessu öllu saman. Þá þyrfti ekki neinn að vera að klaga yfir því, að ráðh. hefði ekki viljað tala við hann o. s. frv., og þá gætu þeir farið í aðra atvinnu, sem ekki vildu vinna hjá ríkinu, og ríkið yrði þá að keppa við einstaklingana á frjálsum markaði. Þetta er ósköp einfalt mál. Og ef ríkisstj. hefði kjark eða vitsmuni til þess að gera þetta, þá mundu opinberir starfsmenn sjálfir vera dauðfegnir, því að þeir eru innbyrðis ósáttir og dauðleiðir á þessu skrafi öllu saman, fjöldinn af þeim. Hitt er ekki nema mannlegt og eðlilegt, að stjórnarandstaðan reyni að fiska eitthvað á þessu. Hefðum við verið í stjórnarandstöðu, þá hefðu vafalaust þessir flokkar, sem nú eru við stjórn, eitthvað reynt að fiska á þessu. En ég held, að þeir fiski nú furðulítið á þessu satt að segja, því að þetta eru engir bjánar, opinberir starfsmenn, og þeir skilja, að það eru takmörk fyrir, hvað mögulegt er að borga. En ef fólkið ynni vel, væri hægt að hafa færra starfsfólk, þá væri líka hægt að borga því betur. Það yrði þannig, ef stjórnin hefði kjark til að gera þetta, þá mundu opinberir starfsmenn segja við lok kjörtímabilsins, að þeir hefðu aldrei haft jafngóða stjórn, því að þá væru þeir fyrst farnir að virða stjórnina. En stjórn, sem ekki hefur kjark til að gera það, sem nauðsynlegt er að gera, og lætur alla vera að nota munn og jafnvel að svíkjast um, fyrir henni ber enginn maður virðingu og ekki heldur opinberir starfsmenn. Það á bara að taka fast og skynsamlega á hlutunum, þá er svona skraf búið og allt einskis vert.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um aðeins eitt atriði. Ég tel það mikinn barnaskap af hálfu hæstv. ráðh. að beina spurningum um það til einstakra þm., hvernig þeir vildu leysa slíka launadeilu sem hér er um að ræða í einstökum atriðum. Ég vildi aðeins benda á, að ef því hefði verið beint í nóv. s. l. hér á Alþ. í fsp. til ríkisstj. eða einstakra ráðh., hvernig þeir vildu leysa þá miklu vinnudeilu, sem þá var uppi, þá hefðu svör þeirra auðvitað orðið þannig, að verið væri að semja um lausn deilunnar og þeir vildu að sjálfsögðu ekki blanda sér í það, hvernig sú lausn yrði, og sæju enga ástæðu til þess að lýsa yfir ákveðinni skoðun á því, hvernig heildarlausnin skyldi verða, meðan verið væri að semja. Og ég tel þessa afstöðu, sem ég er viss um, að hefði orðið svona, vera skynsamlega og þá einu, sem ríkisstj. hefði getað haft á því stigi málsins. Og svipað gildir auðvitað um einstaka þm. í þessari deilu, sem hér er á ferðinni. En hins vegar, fyrst eftir því er leitað, hika ég ekki við að segja, að ég tel meginkröfur opinberra starfsmanna vera réttmætar. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þeir ætlist til þess, að bókstaflega hvert einasta atriði kröfugerðar þeirra verði tekið til greina. Einmitt þess vegna voru viðræður nauðsynlegar, og enn legg ég áherzlu á, að samið verði við þá, og það er enn hægt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram, en tilefni þess, að ég kom hér upp, voru ummæli 9. landsk. þm., þegar hann sagði, að hann væri víst eini þm. hér, sem mætt hefði á fundinum í Háskólabíói hjá opinberum starfsmönnum. Ég get nú fyrirgefið þessum hv. þm., þó að hann hafi ekki tekið eftir mér, enda fer lítið fyrir mér, en ég varð nú var við fleiri þm. þarna, ég sá a. m. k. hv. þm. Lárus Jónsson, sem þarna var, og ég vildi aðeins, að það kæmi fram, að ummæli 9. landsk. þm. voru ekki rétt. Þarna voru fleiri þm. mættir.

En af því að ég er kominn hér upp í ræðustól, vil ég aðeins bæta örfáum orðum við. Það er staðreynd í þessu máli, sem hér er um rætt, að ríkisstj. hefur boðið BSRB hliðstæðar leiðréttingar á kjörum þeirra lægst launuðu innan vébanda BSRB og Alþýðusamband Íslands fékk fyrir þá lægst launuðu í sínum samningum í des. s. l. Þetta er staðreynd. Hitt er líka staðreynd, að forusta BSRB hefur neitað þessu sem ófullnægjandi lausn á málinu og krefst þess, að hækkanir gangi í gegnum allt launakerfi BSRB og allt upp í topp. Ég heyri ekki betur en afstaða þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað í þessu máli og áður, sé slík hin sama og BSRB, að þær hækkanir, sem um hefur verið samið hjá Alþýðusambandinu, eigi að ganga upp í gegnum allt launakerfi BSRB. Og ég hef ekkert út af fyrir sig við þessa skoðun að athuga, ef menn hafa hana á annað borð. En þá er lágmark, að hún sé viðurkennd af þessum sömu aðilum sem þeirra skoðun. Ég hef ekki getað heyrt betur en þetta væri skoðun þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað um þessi mál, og það er í sjálfu sér í lagi. En þá eiga þeir að vera menn til þess að viðurkenna það.

Ég vil svo að síðustu beina því til þingheims, að hann hugleiði, hvaða aðilar sátu í ráðherrastólum árið 1964, þegar BSRB var neitað um þá 15% kauphækkun, sem þá átti að eiga sér stað. Það skyldi ekki vera, að einhverjir þeir sömu, sem hér hafa talað í dag af hálfu stjórnarandstæðinga, hafi þá verið í ráðherrastólum og neitað? Það skyldi ekki vera?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var einkum vegna þess, sem kom fram í máli hæstv. forsrh., sem ég vildi aðeins gera hér að umtalsefni samninga borgarstarfsmanna við Reykjavíkurborg. Hæstv. forsrh. virðist ekki vita, að þar hafa farið fram samningaumleitanir. Borgaryfirvöld hafa rætt við sína starfsmenn og ekki neitað þeim um slíkar viðræður. Það hafa farið fram nokkrir fundir þessara aðila, en með samþykki beggja samninganefndanna var málinu vísað til Kjaradóms. Grundvallaratriðið í þessu efni er það, að auðvitað væri komið í ónýtt efni fyrir okkur, ef upp kæmi launastríð, eins konar launastríð á milli ríkisvalds og borgarinnar, sem hefur á að skipa mönnum, sem vinna ákaflega hliðstæð störf. Ef þarna gæti ekki verið samræmi á milli, þá hljóta allir að sjá, að þar er komið í óefni, sem ég held, að sjálfur forsrh. ætti ekki að óska eftir, að kæmi yfir hann, en svo mátti raunar skilja hans orð áðan, öðrum þræði a. m. k., að hann væri að eggja Reykjavíkurborg á að ganga á undan með hækkanir hjá

sínum starfsmönnum og þannig að knýja fram e. t. v. hækkanir hjá öðrum opinberum starfsmönnum eða hjá ríkisstarfsmönnum. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er þetta virkilega ósk hans, að svo verði gert?

Það hefur mikið verið um það rætt hér, hvort ríkisstj. hafi í raun og veru neitað opinberum starfsmönnum um að ræða við þá eða hvort hún hafi ekki gert það. Eins og fram kom hér hjá síðasta ræðumanni, þá var ég á þessum fræga Háskólabíósfundi, sem um þetta mál fjallaði, og hlýddi þar á ummæli hæstv. viðskrh. Hann sagði þar, að það hefði komið yfir sig eins og köld vatnsgusa, ef ég man rétt, þegar hann hefði heyrt í fjölmiðlum, að ríkisstj. hefði neitað að tala við opinbera starfsmenn og semja við þá. Þetta sagði hæstv. ráðh. eftir að sjálfur forsrh. hafði sagt hér á Alþ. — ég skrifaði þetta niður hjá mér og fer orðrétt með það — með leyfi hæstv. forseta:

„Hefði það verið nokkuð heiðarlegri framkoma eða skynsamlegri að setja fram þetta sjónarmið, sem við settum fram, að grundvöllur væri ekki til endurskoðunar, en fara svo að snakka við þá, halda þeim uppi á snakki?"

Hvað þýðir þetta? Forsrh. segir, að það hefði ekki verið skynsamlegt vegna gefinna forsendna, það hefði ekki verið skynsamlegt að tala við ríkisstarfsmenn, að „halda þeim uppi á snakki". Þetta sagði sjálfur forsrh. Svo koma menn hér og deila um það, hvort ríkisstj. hafi í raun og veru neitað að ræða við opinbera starfsmenn! Ég fæ ekki séð, að um þetta þurfi að ræða. Það þarf eingöngu að fletta upp á þessum ummælum hæstv. forsrh. og skoða þau og þá er það alveg skýrt.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta lengur. Hæstv. forseti er búinn að óska eftir því, að þessar umr. verði ekki lengdar. En ég vil aðeins undirstrika það í lokin, að hér er ekki verið að ræða um, hversu mikið eigi að hækka kaup opinberra starfsmanna. Hér er verið að ræða um málsmeðferð, málsmeðferð ríkisvaldsins gagnvart sínum launþegum, ekki hversu mikið kaup þeim beri, heldur hvernig ríkisstj. stendur að því að ræða við sína launþega.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins tvær, þrjár setningar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki rétt, sem hv. 7. landsk. þm. sagði hér áðan, að fyrrv. ríkisstj. hefði neitað opinberum starfsmönnum um 15% launahækkun árið 1964. Ef ég man rétt, þá var það Kjaradómur, sem úrskurðaði, að þeir ættu ekki að fá þessa launahækkun. Það leiðréttist þá, ef ég fer ekki með rétt mál í þessu efni.

Ég kom hérna inn áðan, þegar hv. samþm. minn, 3. þm. Norðurl. v., var að ljúka máli sínu, og heyrði ekki allt, sem hann sagði. En mér heyrðist á lokum ræðu hans, að hún hefði verið þetta venjulega, dæmalausa glamur, sem hann viðhefur, þegar hann tekur til máls hér í þinginu. Og ég get ekki látið hjá líða að mótmæla þeim áburði, sem hann hefur hér í frammi, þegar hann er að gefa í skyn, að opinberir starfsmenn eða a. m. k. einhverjir þeirra séu fullir við störf sín annan hvern dag og svíkist um í starfa sínum. Ég mótmæli þessum áburði á opinbera starfsmenn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hv. þm. Lárus Jónsson lét falla, vil ég taka það fram, að í þeim ummælum, sem hann las eftir mér, stóð skýrum stöfum, að ég talaði um, að grundvöllur endurskoðunar væri ekki fyrir hendi. Hv. þm. las þessi orð. Og það var það, sem ég var auðvitað um að tala, — grundvöllur væri ekki til endurskoðunar og því ekki ástæða til þess að vera að tala um það efni. (**LárJ:** Og vera að halda ríkisstarfsmönnunum uppi á snakki.) Já, líka má orða það þannig, um það, að grundvöllur væri ekki til endurskoðunar, sem ríkisstj. var búin að láta uppi álit sitt um. Það er nú dálítið einkennilegt, hvað menn geta látið eftir löngun sinni til þess að snúa út úr, þegar farið er í svona sparðatíning.

Hv. þm. Lárus Jónsson upplýsti, að fram hefðu farið viðræður á milli starfsmanna Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar, og hann upplýsti, að þær viðræður hefðu ekki borið árangur, þær hefðu bara ekki borið árangur. Þeir hefðu báðir orðið sammála um það að lokum að vísa deilunni til Kjaradóms. Það er gott að vita þetta. Það liggur þá ljóst fyrir, að Reykjavíkurborg hefur ekki viljað ganga að þeim kröfum eða verða við þeim óskum, sem starfsmenn borgarinnar settu fram. (**LárJ:** Að tilmælum hæstv. ríkisstj.) Já, ég efa nú ekkert, að tillitssemin á þeim bæ er mikil í garð hæstv. ríkisstj. Ég hef orðið var við hana á ýmsum stigum. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að bera svona öfugmæli á borð hér á hv. Alþ.

Ég skal enn undirstrika, að það fordæmi, sem hv. 5. þm. Reykv. vildi bera hér fram, 1970, stenzt engan veginn af þeim ástæðum, sem ég þegar hef minnzt á, en skal þó enn bæta því við, að árið 1970 var ekki um að ræða það tilvik, sem hér er um að tefla, endurskoðun, spurningu um endurskoðun. Nei, það var um nýja kjarasamninga að ræða. Og ég get líka bætt því við, að þá var annar háttur hafður á. Þá kom t. d. formaður BSRB til mín sem formanns stjórnarandstöðuflokks, áður en þetta frv. væri lagt fram, og leitaði eftir því, hvort ég mundi gera aths. við það, að þessi háttur væri á hafður. Það hefði mátt hafa eitthvað þvílík vinnubrögð nú, ef mönnum hefði verið alvara. Og svo voru menn að segja áðan, að ekki þyddi að vitna til 1964! Þá varð nú 15% kauphækkun, og ég held, að það blandist engum hugur um, að 15% kauphækkun er veruleg, og þess vegna hefðu skilyrði átt að vera fyrir hendi til endurskoðunar samkv. 7. gr. Ég skal ekki fullyrða um það, hvað ríkisstj. hefur rætt mikið við opinbera starfsmenn þá. Mig minnir nú, að hún hafi verið heldur treg til viðræðna. En hvað sem um það er, þá vildi hún ekki fallast á þær kröfur, sem opinberir starfsmenn settu þá fram, alveg eins og nú. Og hver varð niðurstaðan? Málið fór til Kjaradóms alveg eins og nú. Og niðurstaða hans varð sú, að hann tók ekki til greina kröfur opinberra starfsmanna, ekki af því að skilyrði væru ekki fyrir hendi til endurskoðunar, ekki vegna þess að verulegar kauphækkanir hefðu ekki átt sér stað. Nei, heldur af hinu, að það þurfa samkv. annarri gr. í þessum lögum að vera ákveðin skilyrði fyrir hendi til þess að það megi taka til greina og gera leiðréttingar. Það verður nefnilega að líta á afkomuhorfur þjóðarbúsins og það, hver laun sambærilegar starfsstéttir hafa. Þess vegna er það, að þó að Kjaradómur geti jafnvel komizt að þeirri niðurstöðu, að skilyrði séu til endurskoðunar samkv. 7. gr., þá er alls ekki þar með sagt, að hann fallist á þær kröfur, sem settar eru fram. Og það er dálítið ein-

kennilegt, að þeir, sem viðhöfðu þessar starfsaðferðir 1964, þegar 15% almenn kauphækkun átti sér stað, skuli hneykslast á því, að ekki skuli nú í einu og öllu hafa verið orðið við kröfum opinberra starfsmanna, þegar það liggur þó fyrir, að kauphækkun sú almenna, sem við er miðað, hefur ekki enn náð nema 4% og svo sérstökum hækkunum til handa hinum lægst launuðu, sem alltaf hafa verið boðnar fram. Og þegar svo þar við bætist, að enn eru að koma til framkvæmda áfangahækkanir hjá opinberum starfsmönnum. Já, ég segi það, að ekki er furða, þó að þeir hneykslist á slíku, þeir, sem stóðu að vinnubrögðunum 1964.

Á 72. fundi í Nd., 8. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og hv. þm. mun eflaust kunnugt, hafa um alllangt skeið staðið yfir samningaviðræður við stjórnvöld um kaup og kjör lækna. Mér hefur skilizt, að samningar við heimilislækna séu að nálgast endalokin og þar séu horfur á samkomulagi. Öðru máli gegnir um sjúkrahúslækna. Samningaviðræður við þá hafa, að því er virðist, staðið yfir í nokkra mánuði og er nú svo komið, eftir því sem spurzt hefur, að slitnað hefur upp úr viðræðum viðkomandi aðila. Heyrzt hefur enn fremur, að nokkrir tugir sjúkrahúslækna, bæði á borgarspítala og ríkisspítölum, hafi þegar sagt upp störfum, og að líkindum munu fleiri uppsagnir væntanlegar á næstunni. Það hlýtur að vera atriði fyrir hv. Alþ. að fylgjast með gangi þessa máls, því að sú spurning hlýtur að vakna, hvað þessar uppsagnir fela í sér fyrir læknisþjónustuna almennt og sérstaklega á spítölum.

Hvað mun við taka, ef ekki takast samningar? Það hvarflar í hugann svipað ástand eins og var 1966, þegar kjaradeilur fóru á þann veg, að slitnaði upp úr samningum við sjúkrahúslækna og þeir sögðu upp störfum, en unnu þá störf á spítölum eftir taxta, sem þeir sjálfir ákváðu, og lokin urðu þau, að mér hefur verið tjáð, að læknar fengu þær kröfur uppfylltar, sem þeir höfðu þegar borið fram í upphafi.

Það er ljóst, að ófremdarástand mun skapast við spítalana, ef svo fer fram sem horfir. Og ég endurtek, að það sé eðlilegt fyrir hv. Alþ. að óska þess að fylgjast með þessum málum og fara því fram á tímanlega, að nokkur grein sé gerð fyrir þessu máli, áður en í algert óefni er komið. Af þessum ástæðum vil ég leyfa mér að beina þremur fsp. til hæstv. fjmrh.

1. Hvernig standa í raun og veru kjaradeilur sjúkrahúslækna við stjórnvöld?
2. Hverjar eru kröfur lækna um bætt kaup og kjör?
3. Hvaða kjarabætur hafa stjórnvöld boðið læknum og í þessu tilviki sjúkrahúslæknum?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 3. landsk. þm., um deilu á milli ríkisspítalanna og borgarsjúkrahússins og Læknafélags Reykjavíkur, tel ég ástæðu til að gefa skýringu á þessu máli, sem ekki hefur áður verið gert á opinberum vettvangi. En í því sambandi vil ég minna á það, sem hv. 3. landsk. þm. vék að, upphaflegar deilur lækna og ríkisvaldsins, sem hljóta að koma inn í það, sem nú er að gerast.

Þann 24. jan. s. l. sendi Læknafélag Reykjavíkur heilbr.- og trmrn. till. að samningi milli Læknafélags Reykjavíkur annars vegar og stjórnarnefndar ríkisspítalanna og Reykjavíkurborgar hins vegar. Að formi til var hér um að ræða kröfur um nýjan samning, en ekki breytingar á samningi þeim, er féll úr gildi um s. l. áramót. Árið 1966 kom til harðvítugrar deilu milli sjúkrahúslækna og vinnuveitenda þeirra. Sjúkrahúslæknarnir voru þá allir fastráðnir ríkisstarfsmenn og kjör þeirra því ákveðin með sama hætti og annarra starfsmanna ríkisins. Í tengslum við deilur þessar sögðu allir læknar sjúkrahúsanna upp störfum að undanskildum yfirlæknum. Um síðir tókust samningar milli Læknafélags Reykjavíkur og spítalanna, er höfðu í för með sér stórkostlega hækkun á launaútgjöldum ríkisspítalanna. Fyrrv. fjmrh. lýsti samningum svo í fjárlagaræðu haustið 1966, að læknar hefðu neytt þeirrar aðstöðu sinnar að hafa í bókstaflegri merkingu líf fjölda fólks í hendi sinni og hefðu samningar af hálfu ríkisins verið algerir nauðungarsamningar.

Í stórum dráttum urðu þær breytingar á kjörum lækna árið 1966, að fastakaup þeirra hækkaði mjög mikið, en hins vegar áttu þeir að skila lengri vinnutíma gegn þessu kaupi en almennt tíðkaðist. Læknar sættu sig og við yfirvinnukaup, sem telja verður, að hafi verið mjög hógvært miðað við föstu launin. Form ráðningarinnar breyttist þannig, að gert var ráð fyrir tveggja mánaða uppsagnarfresti af hálfu beggja samningsaðila. Samningum þessum frá 1966 hefur síðan verið breytt, en eigi geta þær breytingar talizt úrskeiðis miðað við almenna launaþróun í landinu. Var það von manna, að átökin 1966 og eftirköst þeirra hefðu gert læknum ljóst, að þeir væru ekki einir eða einangruð stétt í þjóðfélaginu og þjóðfélagið sem slíkt gæti því illa unað, ef ein stétt gæti nánast helgað sér hluta af ráðstöfunarfé þjóðfélagsins að vild.

Eins og getið var hér að framan, settu læknar fram kjarakröfur sínar 24. jan. s. l. Skrifstofu ríkisspítalanna var falið að áætla aukningu útgjalda ríkisspítalanna, yrði gengið að kröfum þessum. Niðurstaða þessara útreikninga varð sú, að kröfur Læknafélags Reykjavíkur fælu í sér 102 millj. kr. útgjaldaaukningu til 107 lækna. Hér var því að ræða um kröfur, sem námu um 1 millj. kr. á mann í hækkun á ári. Segja má, að ríkisstj. hefði ekki átt að gefa kröfum sem þessum gaum, sem hlytu eðli málsins samkv. að vera á miklum misskilningi byggðar. Minnugir þeirrar reynslu, sem fékkst 1966, var þó gengið til samningaviðræðna við Læknafélag Reykjavíkur, og var máli þessu mjög fljótlega vísað til sáttasemjara ríkisins. Gerð hefur verið athugun á tekjum nokkurra þeirra lækna, sem hér eiga hlut að máli, eins og þær voru í des. og jan. og febr. s. l. Sérfræðingur í fullu starfi á ríkisspítala hafði á þessum tíma í fast kaup 74 997 kr. á mánuði. Á handlækningadeild höfðu þrír sérfræðingar að meðaltali 19.5 stundir í eftir- og næturvinnu hvern mánuð og 95 stunda viðveru vegna gæzluvakta. Þeir höfðu fyrir það 13 169 kr., þannig að meðalmánaðargreiðsla þeirra í heild var 88 166 kr. Samsvarandi tölur fyrir aðstoðarlækna á handlækningadeild voru 65 896 kr. Þrír sérfræðingar á lyflækningadeild höfðu á þessum tíma 89 980 kr. og aðstoðarlæknar 81 059 kr. Í stórum dráttum má segja, að hér sé um að ræða laun fyrir venjulega vinnuviku að viðbættri 1—1.5 stund á dag í yfirvinnu og 50—90 stundum á mánuði á gæzluvakt, sem ekki felur í sér eiginlega

vinnu, heldur viðveru í kallfæri, t. d. í síma. Á röntgendeild var svipaða sögu að segja um sérfræðinga, nema yfirvinna og gæzluvaktir eru meiri. Yfirvinna var 2 stundir á vinnudag og gæzlustundir 140 stundir á mánuði. Meðalkaup var 98 091 kr. Á fæðingardeild var meðalkaup 92 105 kr. og á rannsóknardeild 94 762 kr. Það skal skýrt tekið fram, að þessara launa njóta þessir læknar í 11 mánuði á ári, þ. e. orlofsgreiðsla er innifalin í kaupinu. Þess er enn fremur að gæta, að sumir þeir sérfræðingar, sem hér eiga hlut að, gegna samhliða dósentsstörfum við Háskólann, sem gefa þeim rúmlega 140 þús. kr. á ári. Loks „praktisera" þeir nokkuð á stofu, en afar mismikið og með mismiklum tekjum. Kandidatar eru þannig launaðir, að föst laun eru 44—48 þús. kr. á mánuði, en yfirvinna er mikil, 120—140 stundir á mánuði, svo að heildarlaun þeirra eru 83—93 þús. kr. á mánuði. Kröfur sjúkrahúslækna miða að því, að þeirra eigin sögn, að ná sama kaupmætti fastra launa og þeir höfðu eftir samningana, sem lýst var hér að framan og gerðir voru 1966. Í þeim samningum fengu þeir mjög mikla hækkun fastra launa, en á móti féll niður mikið af fríðindum alls konar, launagreiðslur í sumarleyfum féllu niður, laun í veikindum voru stórlega skert, yfirvinnugreiðslur voru lækkaðar og vinnutími stórlengdur. Að vísu vildu læknar aldrei standa við þann hluta samningsins, sem fól í sér vinnutímalengingu. Í þeim samningum, sem síðan hafa verið gerðir, hafa læknar fengið rýmkun á launagreiðslum í veikindum og aukin fríðindi, eins og mánaðar leyfi sérfræðinga á launum annað hvert ár ásamt ferðakostnaði og dagpeningum erlendis, til að halda við þekkingu sinni. Að þessu leyti eru föst laun þá og þau, sem nú er krafizt af hálfu lækna, ekki sambærileg, enda fylgja launakröfunni nú kröfur, sem fela í sér nær allt það, sem læknar létu af hendi við hækkun föstu launanna 1966. Í grófum dráttum sagt fólu upphaflegar kröfur læknanna í sér 80—90% hækkun greiðslna, launa og annarra greiðslna, samkv. mati skrifstofu ríkisspítalanna. Þannig var krafizt 24% hækkunar fastra launa, vinnutímastyttingar úr 42 í 36 stundir, hækkunar yfirvinnutaxta um 122—180% og gæzluvistartaxta um 190—240%. Þá er krafizt ýmissa annarra breytinga, t. d. hækkunar þóknunar fyrir staðgengilsstörf, lengingar sumarleyfis upp í allt að 42 virkum dögum eftir 15 ára starf, lífeyrissjóðsframlags, sem áður var fólgið í föstum launum, námsferða til útlanda fyrir aðstoðarlækna, framlags í Vísindasjóð og aukafrís vegna vaktavinnu. Í samningsviðræðum fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins hafa þessar kröfur verið ræddar og af hálfu lækna gert tilboð um nokkrar tilslakanir þar á.

Af hálfu ríkisins hefur verið gert tilboð um hækkun fastra launa í áföngum, samtals 13% á föst laun, þar af 3% í lífeyrissjóð. Þar munu læknar vera komnir í um 20%. Boðið hefur verið yfirvinnukaup og greiðslur fyrir gæzluvaktir hið sama og greitt er ríkisstarfsmönnum með svipaða menntun. Ýmis smærri atriði hafa verið boðin, t. d. breytt greiðsla fyrir útköll af gæzluvakt, veikindafrí á launum verði lengd, frí fyrir yfirvinnu umfram ákveðið mark á ári o. fl., auk nokkurrar vinnutímastyttingar til samræmis við ríkisstarfsmenn. Samtals fela boð ríkisins í sér 25—30% hækkun launagreiðslna til þeirra sérfræðinga og aðstoðarlækna, sem að framan er getið, eða um 37—38% hækkun til kandidata vegna mikillar yfirvinnu þeirra. Er í þeim útreikningi miðað við styttingu vinnutímans, er leiði til samsvarandi aukningar yfirvinnu. Þóttu þessi boð í rauninni ríflegri en verjandi er miðað við það, sem gerzt hefur á launamarkaðinum almennt. Af hálfu ríkisins var af þessum sökum lýst yfir því á síðasta samningsfundi, að um umtalsverða breytingu á þessu tilboði yrði ekki að ræða. Þrátt fyrir þessi boð ber svo mikið á milli samningsaðila, að viðræðum hefur verið frestað og læknar hafa hafið hópuppsagnir.

Eins og tilvitnuð orð fyrrv. fjmrh. hér að framan bera með sér, er hér um að ræða viðskipti við hóp starfsmanna með óvenju sérstæða samningsaðstöðu. Hér er einnig verið að reyna að ná samningum við þann hóp starfsmanna, sem hefur hvað hæstar tekjur allra starfsmanna í landinu, gífurlegar hækkanir til lækna mundu mjög bráðlega hafa áhrif í þjóðfélaginu.

Ég vil ljúka máli mínu með því að leggja áherzlu á, að þeim læknum, sem nú eru að segja lausum stöðum sínum, hafa nú þegar verið boðin laun, sem eru með hóflegu vinnuálagi sem svarar 110—130 þús. kr. á mánuði fyrir sérfræðinga og 90—100 þús. kr. fyrir aðstoðarlækna, og hækkunin ein, sem þeim hefur verið boðin, er 24—30 þús. kr. á mánuði. Hér er á ferðinni mál, sem alþjóð varðar. Ég leyfi mér að fara þess á leit við þá lækna, sem hér eiga hlut að máli, að þegar þeir hafa gert sér fullkomlega grein fyrir því, sem í boði er af hálfu ríkisins, þá endurskoði þeir afstöðu sína til þessa máls og taki málið upp við ríkisvaldið með það fyrir augum, að auðvitað verður þetta eins og önnur mál að leysast af hálfu ríkisvaldsins með þau sjónarmið í huga, hvað þjóðfélagið getur leyft sér.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör. Þar kom fram það helzta, sem ég hafði óskað eftir. Þannig er mál með vexti, að mér hefur löngum þótt furðulegt, hvernig unnt sé að halda með öllu leyndri samningagerð milli ákveðinna starfshópa og stjórnvalda, þannig að almenningi sé með öllu ókunnugt um, hvað er í raun og veru að gerast. Við þekkjum það í baráttu verkalýðshreyfingarinnar, að hún þarf að leggja fram ákveðnar kröfur, og eins er það með opinbera starfsmenn, og ég tel ákaflega, eins og ég segi, óviturlegt að halda samningagerð af þessu tagi á því stigi, að allur almenningur hefur ekki hugmynd um neitt, sem er að gerast.

Nú hefur hæstv. fjmrh. svipt hulunni af þessum málum, og ég tel það vel farið. Það er engum til góðs að fara með þetta eins og huldumál. Ef læknarnir telja í raun og veru, að kröfur þeirra séu sanngjarnar, þá eiga þeir óhikað að leggja þær fram fyrir hvern einstakling í þjóðfélaginu til að meta og vega, eftir því sem þeir hafa getu til, og einnig hygg ég, að það sé varasamt af stjórnvöldum að ala á leynisamningsgerð við einstakar starfsstéttir. Og ég vil í þessu sambandi benda sérstaklega á, sem hv. þingheimi er auðvitað kunnugt, að læknastéttin hefur legið undir nokkrum ákúrum frá almenningi vegna hárra tekna. En ég verð að segja eins og er, að einmitt samningsgerð af þessu tagi, þar sem allt fer mjög leynt, elur að sjálfsögðu á slíkum hugsunum meðal almennings.

Ég skal ekki leggja neinn dóm á kröfur lækna, til þess hef ég ekki þekkingu, en ég vil taka eindregið undir

síðustu orð hæstv. fjmrh., þar sem hann mælir m. a. þau viturlegu orð til læknastéttarinnar, að hún verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, að hún býr í þessu landi og verður að taka laun miðað við íslenzkar launastéttir.

V. Framkvæmd vegáætlunar 1971.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin á dagskrá:

Skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1971 (A. 494).

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Skýrsla sú um framkvæmdaáætlun ársins 1971, sem hér er til umr., er á þskj. 494, og hafa hv. þm. því fengið gott tóm til þess að kynna sér hana. Hún hefur þegar legið hér í nokkuð margar vikur. Skýrslan er að mínu mati mjög ítarleg og gerir mjög glögga grein fyrir öllum helztu framkvæmdum í vegamálum á liðnu ári. Tel ég vafasamt, að málið verði betur skýrt með langri framsögu, og mun ég því fara aðeins örfáum orðum um skýrsluna, en vísa til texta hennar sjálfrar. Ég held, að hann sé í það skýru máli fram settur, að þar verði ekki miklum útskýringum viðkomið.

Það er kannske ástæða til að geta um tvennt varðandi tekjuhliðina. Yfirleitt hafa tekjuliðir komið út mjög nálægt því, sem áætlað var. Þó eru þar tvær undantekningar og báðar á sama veg. Það er fyrst varðandi benzíngjald. Þar vantar á, að áætlun náist, 27.9 millj. kr., en í heild er það þó ekki nema 4.6% skekkja. Þessi mismunur stafar af því, að hækkunin, sem ákveðin var á benzíngjaldi 1. jan. 1971, kemur vegasjóði aðeins til tekna fyrir 10 mánuði af árinu 1971. Þetta er vegna gjaldfrests, sem olíufélögin hafa á að skila benzíngjaldinu, en sá frestur er tveir mánuðir að viðbættum sölumánuðinum, svo að olíufélögin hafa þetta innheimtufé í sinni vörzlu í þrjá mánuði.

Þá eru það aðeins örfá orð um þungaskatt stórra bifreiða samkv. gjaldmæli. Þessi háttur var tekinn upp á árinu 1971 að innheimta þungaskatt af bílum stærri en 5 tonna samkv. gjaldmæli. Mikill áróður hefur verið hafður uppi um það, að með þessu hafi verið þyngd skattheimtan og tekið miklu meira fé af bíleigendum með þessari aðferð heldur en þeirri, sem áður var. En því mun einmitt hafa verið heitið, að þetta ætti ekki að vera ný fjáröflun og væri þannig ekki um þyngingu á bílstjórastéttinni að ræða. Það, sem kemur nú í ljós að loknu árinu 1971, er það, að þessi þungaskattur er að því er virðist um það bil 25% lægri heldur en hann hefði orðið án breytingarinnar. Hann nær hvergi nærri að skila sömu upphæð og áætlað var, og er þó um mikinn aukinn innflutning á stórum bifreiðum að ræða á árinu. Það vantar 18% á, að hann skili þeirri upphæð, sem áætlað var, en þegar tekið er tillit til hins aukna innflutnings á stórum bifreiðum, þá virðist í raun og veru vanta 25% á, að hann skili áætlun. Hitt er rétt, að með þessu fyrirkomulagi, að innheimta skattinn eftir gjaldmæli, vegalengdarmæli, þá færist til skattþunginn á bifreiðaeigendunum, þyngist á þeim, sem keyra mest og léttist á þeim, sem nota bifreiðina minnst. Þegar kílómetragjaldið af dísilbifreiðum, 5 tonna og þyngri, var ákveðið, var miðað við, að þessar bifreiðar ækju að meðaltali 30 þús. km á ári. Miðað við þennan meðalakstur átti kílómetragjaldið að gefa sömu tekjur af þessum bifreiðum og fastur þungaskattur hefði gefið. Miðað við reynsluna fyrsta árið virðist þó augljóst, að meðalaksturinn sé töluvert minni en 30 þús. km á ári og kílómetragjaldið skili af þeim sökum allt að ¼ minni tekjum en búizt var við. En þetta sannar það a. m. k., að ekki hefur verið brigðað það loforð að innheimta ekki meiri skatt með þessari nýju aðferð. Innheimtan hefur orðið mun minni í heild, en veruleg tilfærsla orðið á milli einstaklinga.

Fleiri orð skal ég ekki hafa um skýrsluna. Ég held, að hún geri grein fyrir sér sjálf, enda er hún í jafnítarlegu máli um framkvæmdina, sem mjög, að því er virðist, hefur rakið áætlunina, sem gerð var. Þetta þskj. er lagt fram þm. eingöngu til upplýsinga um það, hvernig framkvæmdin hafi orðið á vegáætlun ársins 1971, en þarf ekki að sæta meðferð í n. eða hljóta hér afgreiðslu að öðru leyti.

VI. Herstöðva- og varnarmál.

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Á fimmtudaginn s. l., 21. okt., birtist á forsíðu Þjóðviljans fréttatilkynning um það, að ráðherranefnd hefði verið skipuð um herstöðvamálið. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom fram á fundi Alþb. í fyrrakvöld, að sett hefði verið á laggirnar ráðherranefnd til þess að fjalla um herstöðvamálið og fyrirhugaða brottvísun hersins. Í nefndinni eiga sæti ráðherrarnir Einar Ágústsson utanrrh., Magnús Torfi Ólafsson menntmrh. og Magnús Kjartansson iðnrh."

Af þessu tilefni hef ég spurzt fyrir um það, hver færi með forsætisráðherraembættið í ríkisstj. og það mun vera hæstv. utanrrh. Og af þessu tilefni langar mig til þess að spyrjast fyrir um það, hvort í þessari ráðherranefnd felist einhver breyting á verkaskiptingu ráðherra frá því, sem áður hefur verið tilkynnt, og í öðru lagi, af hvaða tilefni þessi ráðherranefnd hafi verið skipuð, vegna þess að það mun vera mjög einstakt. Ég minnist þess ekki, að slíkar ráðherranefndir hafi áður verið skipaðar, og þess vegna vil ég fá upplýsingar um það, af hvaða tilefni þessi nefnd hafi verið skipuð.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur beint til mín tveimur fsp., sem ég skal leyfa mér að svara í stuttu máli.

Fyrri spurningin var sú, hvort í skipun þeirrar sam-

starfsnefndar, sem hann ræddi um, felist breyting á verkaskiptingu ráðherra frá því, sem áður hafði verið tilkynnt. Svarið við þessari spurningu er nei. Það er ekki fyrirhuguð nein breyting á starfssviði ráðherra. Utanríkismál og þar með talin varnarmál heyra samkv. stjórnarsamningnum og skiptingu verkefna þar undir utanrrh., og svo verður áfram.

Önnur spurningin var, ef ég hef numið rétt, sú, hvers vegna þessi samstarfsnefnd hefði verið skipuð. Svarið við því er það, að með vaxandi umsvifum í stjórnarráði og því, að þrír flokkar hafa nú samstöðu um forstöðu ríkisstj., þá hefur í vaxandi mæli verið tekin upp sú vinnutilhögun, að svona samstarfsnefndir fjölluðu um einstaka málaflokka. Hvort fyrrv. ríkisstj. hefur haft það fyrirkomulag á sínum verkum eða ekki, skal ég ósagt látið, en erlendis þekkist þetta mjög víða, að ráðherranefndir, undirnefndir eða hvað á að kalla það, samstarfshópar, séu kvaddir til þess að skoða tiltekna málaflokka, og sú er eina ástæðan fyrir þessum samstarfshóp, sem þarna hefur verið settur á laggirnar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Mér er það algerlega ókunnugt, þó að það kunni að vera rétt hjá honum, að slíkt tíðkist í öðrum löndum, að slíkar ráðherranefndir séu settar á laggirnar eins og hér er um að ræða, og mér er það alveg einstakt, og það fer ekki hjá því, að það veki athygli, að við hliðina á hæstv. utanrrh. eru settir tveir fyrrv. ritstjórar Þjóðviljans til þess að fjalla um öryggismál landsins.

Um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum nú, en það verður meira um þetta fjallað, áður en lýkur.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til þess að beina fsp. til hæstv. ríkisstj. Í kvöldfréttum hljóðvarps og sjónvarps í gærkvöld var skýrt frá erlendum fréttaskeytum um ræðu, sem Einar Ágústsson utanrrh. hafði haldið á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brüssel í fyrradag. Í skeytunum er lögð megináherzla á, að utanrrh. hafi sagt, að Íslendingar hyggist standa við allar skuldbindingar, sem fylgi aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu. Ríkisstj. hafi ákveðið, að Ísland verði áfram í Atlantshafsbandalaginu, þótt ágreiningur sé um það atriði innan hennar. Þess yrði ekki krafizt á næstunni, að bandarískri herinn færi frá Keflavík, þar sem það mál væri enn til athugunar í ríkisstj. Í skeyti segir, að þótt íslenzka ríkisstj. hafi sagt, er hún kom til valda fyrir hálfu ári, að herinn yrði að fara úr landi, hefði utanrrh. hennar nú sagt, að Íslendingar mundu standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart bandalaginu og endurskoðunar samningsins um dvöl varnarliðsins hefði ekki verið óskað enn þá. Málið væri í athugun hjá ríkisstj.

Fsp. mín til hæstv. ríkisstj. lýtur að því, hvort ríkisstj. sem heild hafi fjallað um texta ræðu ráðh. Ef svo er, spyrst ég fyrir um, hvort allir ráðh. ríkisstj. hafi samþykkt textann eða sú undirnefnd, sem ríkisstj. hefur kjörið til þess að fjalla sérstaklega um endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin. Hafi ríkisstj. sem heild ekki séð textann, spyrst ég fyrir um, hvort gera megi ráð fyrir því, að efni ræðunnar sé stefnuyfirlýsing gefin fyrir hönd allra ráðh. Ég tek skýrt fram, að ég er ekki að gagnrýna málflutning hæstv. utanrrh. Ég efast ekki um, að hann hafi haldið vel á íslenzkum málstað á þessum fundi. En ég tel nauðsynlegt, að upplýst verði, hver vinnubrögð hæstv. ríkisstj. eru í slíkum efnum. Það á eflaust eftir að reynast mikilvægt síðar meir. Auðvitað ræður ríkisstj. sjálf vinnubrögðum sínum. En þing og þjóð á rétt á að vita, hver þau eru.

Í þessu sérstaka tilviki er og mjög mikilvægt að fá upplýsingar um, hvort allir ráðh. ríkisstj. hafa samþykkt fyrir fram það, sem utanrrh. sagði. Ef svo er ekki, er nauðsynlegt að fá upplýst, hvort þeir samþykki það nú.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ræða utanrrh. túlkaði nákvæmlega margyfirlýsta stefnu ríkisstj. Einstökum ráðh. var að sjálfsögðu kunnugt um, hvernig málflutningur utanrrh. efnislega mundi verða. Hins vegar var ræða utanrrh. ekki upp lesin á ríkisstjórnarfundi, enda er sá háttur ekki á hafður í þessari ríkisstj., að ræður einstakra ráðherra séu lesnar upp á fundum ríkisstj., og gildir það jafnt hvort um er að ræða ræður utanrrh. eða annarra ráðh.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. 7. þm. Reykv. langar mig að segja örfá orð, og þau verða á þá lund, að ég hefði vænzt þess, að Alþfl. tæki ekki þátt í þeim darraðardansi hræðslupólitíkurinnar, sem Sjálfstfl. stundar í varnarmálum. Alþfl. hefur þegar komið fram með mjög skynsamlega till. til þál. að mínu viti, þar sem lögð er áherzla á það að kanna aðstæður í sambandi við aðild Íslendinga að NATO og ég tel það mjög lofsvert. Ég veit það, að þm. Alþfl. flestir eru mjög fylgjandi NATO og veru varnarliðsins hér, og ég tel það mjög skynsamlegt að halda sér bara á raungrundvelli þannig, að kanna þær aðstæður, sem fyrir eru hverju sinni, og ég tel, að Alþfl. sé á réttri leið. Þeir eru á þeirri leið að kanna málefnið eins og það liggur fyrir. Hins vegar tel ég, að með þessari fsp. hv. 7. þm. Reykv. sé hann að taka þátt í þeim undarlega skollaleik, sem Sjálfstfl. stundar hér í þingsölum, að reyna að magna einhverja ótta- og hræðslupólitík í sambandi við varnarmálin. Og ég ætlast til stærri og meiri hluta af Alþfl. en Sjálfstfl. Og ég tel það mjög miður farið, þegar verið er að stunda svona pólitíska iðju eins og hér er gert.

Ellert Schram byrjaði að kveðja sér hljóðs í þingsölum um Formósu, og Gylfi Þ. Gíslason hleypur til strax, þegar hann kemur á þing, að tala um varnarmálin og ég held, að hann hljóti að elta Jóhann Hafstein eða Geir Hallgrímsson. Og einkanlega af því að ég er svona jafnaðarmannlega vaxinn, þá heimta ég það af Alþfl., að hann vinni málefnalega. Ég heimta af honum, að hann standi sig málefnalega og taki ekki þátt í þessari aumingjapólitík Sjálfstfl.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. svaraði fsp. hv. 7. þm. Reykv. á þá leið, að yfirlýsing utanrrh. væri í fullu samræmi við margendurteknar yfirlýsingar ríkisstj. varðandi varnarmálin. Nú vitum við það allir þm., að það hafa verið gerðar mjög margar tilraunir hér á Alþ. til að fá það fram, hver væri hin raunverulega stefna ríkisstj. í varnarmálum, en þetta

hefur, að ég hygg, að dómi flestra þm. ekki tekizt enn þá. Var því vart að búast við öðru svari frá hæstv. forsrh. Ég vil þá koma fram með aðra fsp. til hæstv. forsrh., en hún er á þá leið, hvernig beri að skilja eða hvernig hann skilgreini það atriði í málefnasamningi ríkisstj. um utanríkismál, þar sem segir: „Ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu." Ég tel það alveg sjálfsagt, að ríkisstj. upplýsi það hér á þingi, í hverju þessi ágreiningur liggur. Það hefur ekki komið fram enn þá, ekki verið skilgreint enn þá, í hverju ágreiningurinn raunverulega liggur. Menn hafa forðazt það eins og heitan eldinn að gera grein fyrir, hverjir eru á móti og hverjir eru með. Það hafa komið loðnar yfirlýsingar, en ekki neitt jákvætt um það, hver ágreiningurinn raunverulega er. Hv. 3. landsk. þm. talaði hér um hræðslupólitík Sjálfstfl. í varnarmálum. (**BGuðn:** Já, ég stend við það.) Hann stendur við það, segir hann, en ég hygg nú samt, að þjóðin almennt telji ekki þetta á þann veg, að við séum með neina hræðslupólitík. Það er almennur ótti hjá þjóðinni — það vita það flestir þm. og jafnvel þessi hv. þm. veit það, að það er almennur ótti meðal þjóðarinnar um, hver endalok þessi mál fái hjá ríkisstj. Þessi mál hafa verið hér nokkuð ítarlega rædd og nokkuð upplýst, þó hvergi nálægt því eins og eðlilegt væri, að gert hefði verið og nauðsynlegt er, að gert verði, til þess að þjóðin viti raunverulega hvaða stefnu ríkisstj. hefur í þessu. Það liggur ekkert fyrir um það enn þá, hvað fram undan er í varnarmálum. Ég er ekkert hræddur, því að ég er sannfærður um það, að þó að ýmsir þeir, sem kallaðir eru nytsamir sakleysingjar, vilji fylgja kommúnistum í því að fá herinn héðan í burtu og gera landið varnarlaust, þá mun það ekki takast. Ég er alveg jafnsannfærður um það, að innan lýðræðisflokkanna eru svo margir menn, bæði hér á Alþ. og meðal þjóðarinnar, að þetta verður ekki gert. Kommúnistar munu ekki í þessu tilfelli, þótt þeir hafi gert málefnasamning og séu komnir í stjórnarsamstarf við lýðræðisflokk eða flokka, — þá mun þeim ekki takast að koma þessum áformum sínum fram, það er ég alveg sannfærður um. Þess vegna er enginn ótti í mér, en ég tel það skyldu hæstv. ríkisstj. að gera hreint fyrir sínum dyrum og gefa yfirlýsingu um það, hvað hún ætli sér í málinu. Það liggur alls ekki ljóst fyrir. (**BGuðn:** Þú ert lafhræddur.) Ég hygg nú, að hv. 3. landsk. þm. sé miklu hræddari en ég, a. m. k. virðist hann við þessar umræður um einfalda fsp. vera það taugaóstyrkur hér í þingsal, að hann geti ekki setið á sér að vera með sífelld frammíköll. Þetta bendir ekki á taugastyrkleika.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég verð nú að segja, að mér finnst þessar umr. dálítið á eftir tímanum. Ég hélt satt að segja, að það væri nú svo komið með þessa bombu alveg eins og Kínamálið á sínum tíma, að hún væri úr sögunni. En það er sjálfsagt að rifja þetta upp einu sinni enn. Og það gladdi mig að sjá hv. 3. þm. Sunnl. hafa í hendi sér málefnasamninginn. Ég vona, að hann lesi hann kvölds og morgna sér til sálubótar. (**Gripið fram í:** Hann skilur hann ekki.) Skilningurinn kemur með tímanum, ef hv. þm. leggur sig nóg fram. Það er sagt í þessum málefnasamningi, alveg eins og hann réttilega las upp, hann er búinn að læra þá grein, að það sé ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til NATO. Ég hélt nú satt að segja, að það vissu allir hv. þm., í hverju þessi ágreiningur er fólginn, og það hefur ekki verið farið leynt með hann að sjálfsögðu hér á Alþ. Framsfl. hefur verið og er fylgjandi aðild Íslands að NATO. Það er hins vegar og hefur verið yfirlýst stefna Alþb., að það vildi, að Ísland gengi úr NATO. En það er um að gera að lesa og læra málefnasamninginn í samhengi. Á eftir þessu segir, að það sé sammæli stjórnarflokkanna, að Ísland skuli áfram vera í NATO að óbreyttum aðstæðum. Og í samræmi við þá yfirlýsingu hefur því margoft verið yfirlýst, að á meðan Ísland er í NATO, muni það standa við allar skuldbindingar, sem á því hvíla samkvæmt réttum skýringum á Atlantshafssamningnum. Og það, sem utanrrh. sagði á þessum NATO-fundi varðandi varnarliðið, er, eins og ég áðan sagði, nákvæmlega sama efnis og þær yfirlýsingar, sem margoft hafa verið gefnar hér af honum og mér og öðrum ráðherrum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði nú raunar ekki ætlað mér að taka til máls við þessar umr., en sérkennilegur málflutningur hv. 3. landsk. þm., bæði í ræðustól og utan ræðustóls, varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs. Það er greinilegt á hv. þm., að hann er farinn að ókyrrast mjög hér í þingsölum, þegar varnarmálin ber á góma, enda vita það allir þm. og raunar þjóðin öll, að varnarmálin, afstaða Íslendinga til Atlantshafsbandalagsins, þessi mál eru öll svo viðkvæm í flokki hv. þm., að það hefur ekki fengizt úr því skorið, hvaða afstöðu hans flokkur sem slíkur hafi til Atlantshafsbandalagsins, einstakir ráðh. hans eða einstakir þm. Og það var mjög eftirtektarvert, þegar hæstv. forsrh. tók til máls hér áðan og var að tala um það, hversu skýr væri afstaða stjórnarflokkanna til Atlantshafsbandalagsins, þá varaðist hann einmitt að minnast á það, hver væri afstaða hv. þm. til Atlantshafsbandalagsins, svo að það er von, að hv. þm. fari að ókyrrast í sínu sæti, verði fyrst hræddur og síðan lafhræddur, þegar fara á að knýja hann til þess að skýra frá því, hvaða afstöðu hann hefur í þessu máli eða hans flokkur. Hitt finnst mér út af fyrir sig, fannst mér um skeið á vissan hátt réttlætanlegt af hæstv. ríkisstj., þegar hún vitnaði til þess, hvað stæði í málefnasamningi ríkisstj., um að gera að læra og lesa málefnasamninginn í samhengi. Þetta hef ég reynt að gera í byggðamálunum, gagnvart byggðajafnvægissjóðnum. Og ég spyr hæstv. forsrh., hefur hann lært þennan hluta málefnasamningsins nógu vel? Það getur vel verið, að þessi málefnasamningur sé ekkert óumbreytanlegt plagg. Það getur vel verið, að þar verði ýmsu breytt í meðförum ríkisstj., þegar ríkisstj. fer að móta stefnu í einstökum málum.

Eins og ég sagði áðan, ætlaði ég ekki að taka hér til máls, en fyrst ég á annað borð stóð upp, þá vil ég aðeins mótmæla því, sem fram kom áðan hjá hæstv. forsrh. Það er ekki rétt, eins og mér skildist, að þar væri gefið í skyn, að yfirlýsing hæstv. ráðh. um það, hvaða stefnu ríkisstj. hafi í varnarmálunum, sé öll á eina hliðina. Og þar sem hæstv. ríkisstj. talar mjög mikið um það, hvað hún sé stefnuföst í utanríkismálum, gagnstætt því, sem fráfarandi ríkisstj. hafi verið, þá væri það nú út af fyrir sig kannske merki um vissa stefnufestu, ef þeir þrír hæstv. ráðh., sem saman koma, eftir upplýsingum rit-

stjóra Þjóðviljans, einu sinni í viku reglulega til þess að fjalla um öll utanríkismál landsins, að þessi þriggja manna fastanefnd ráðh. setti sér það nú fyrsta verkefni að reyna að komast að niðurstöðu um það, hvernig þessir þrír hæstv. ráðh. skilja ákvæði málefnasamningsins og hvernig þeir túlka stefnu ríkisstj. í varnarmálum og gagnvart hersveitinni hér á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg, að við vitum það allir hér í hinu háa Alþingi, að það er mjög breitt bil á milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. í varnarmálunum. Og það hefur komið fram, m. a. á fundi, sem hæstv. utanrrh. sat, á fundi Varðbergs, þar var hann spurður að því, ef uppi væru tvær skoðanir á því, hvernig bæri að túlka stjórnarsáttmálann gagnvart varnarmálum, hvort hann væri þá á skoðun hv. 2. þm. Reykn. eða skoðun hæstv. sjútvrh. Hann kom sér undan að nefna mennina með nöfnum, enda var hann ekki spurður þannig. Það voru settar fyrir hann tvær skýringar, tvær skýringar á ákvæðum varnarsamningsins, og hæstv. utanrrh. kaus þá skýringu, sem hv. 2. þm. Reykn. hafði gefið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans við fsp. minni. Þau voru skýr og ljós, svo langt sem þau náðu. Ég ætla engan þátt að taka í neins konar æsingaumræðum um varnarmálin, hvorki hér á Alþ. né neins staðar annars staðar, og ég vísa því á bug, sem hv. 3. landsk. þm. sagði um það efni, að ég ætti aðild að því að magna ótta og hræðslu í sambandi við varnarmálin. Ég segi það eitt í tilefni af ræðu og frammíköllum hans, að ég harma það, að nýr þm., sem ég hef mætur á, skuli ekki sinna háttbundinni þingframkomu betur en átt hefur sér stað og vona, að á því verði breyting. Hann kvaðst krefjast þess af Alþfl., að hann vinni málefnalega að varnarmálum sem öðrum málum, og tel ég Alþfl. hafa gert það. Ég veit ekki, hvað er að vinna málefnalega að málum, líka á sviði varnarmálanna, ef það er ekki að vilja fá að vita um vinnubrögð ríkisstj. á erlendum vettvangi í jafnmikilvægu máli og varnarmálin eru og hvort ákveðin yfirlýsing, sem hæstv. utanrrh. gefur, er gefin af honum einum, án samráðs við aðra ráðh., eða hvort hún er gefin í samráði við aðra ráðh., hvort hún túlkar skoðun hans eins eða skoðun ríkisstj. allrar. Um þetta og þetta eitt spurði ég, og þetta eru algerlega málefnalegar spurningar. Spurningin var um tvennt, og við því fékkst skýrt svar hjá hæstv. forsrh., við fyrri spurningunni a. m. k. Hún var sú, hver vinnubrögðin væru í sambandi við stefnuyfirlýsingar utanrrh. erlendis á sviði utanríkismála. Hæstv. ráðh. sagði, og ég þakka honum það svar, að það væri ekki venja og þá væntanlega mundi heldur ekki verða venja að bera texta yfirlýsinga — nú eru það mín orð, jafnvel þótt mjög mikilvæg séu, — undir ríkisstj. alla. Þá vitum við, að framvegis hefur utanrrh. sjálfur samið þær yfirlýsingar, sem hann gefur um varnarmál og utanríkismál erlendis, án þess að textinn hafi verið borinn undir ríkisstj. alla.

Hitt atriði fsp. minnar laut að því, hvort skoða mætti þessa stefnuyfirlýsingu að jafnaði fyrir hönd ráðh. allra, ef svo væri, sem ég raunar bjóst við, að þeir hefðu ekki séð textann áður, og svaraði hæstv. forsrh. því játandi. Það er þetta svar, sem gefur mér tilefni — þetta seinna svar hans, sem gefur mér tilefni til örfárra viðbótarathugasemda. Forsrh. hæstv. sagði í seinni ræðu sinni, að þetta mál væri á eftir tímanum. Hér tel ég, að hann fari algerlega villur vegar. Þvert á móti hefur á fundinum í Brüssel gerzt hlutur, a. m. k. í augum erlendra fréttamanna, sem ekki hefur gerzt áður, og þess vegna voru fréttirnar í gærkvöld mikið nýmæli hér á Íslandi, eins og raunar allar fréttaskeytasendingar af fundinum bera ótvírætt vott um. Öllum Íslendingum er kunnugt um það, að ágreiningur hefur komið upp um það milli einstakra ráðh., hvernig túlka beri stjórnarsáttmálann. Ágreiningurinn er fólginn í því, — ég þarf ekki að hafa um þetta nema örfáar setningar — að hæstv. utanrrh. hefur sagt oftar en einu sinni, að ákvörðun um uppsögn varnarsáttmálans verði þá fyrst tekin, þegar endurskoðun hans eftir samninga við Bandaríkjamenn sé lokið. Þetta hefur utanrrh. sagt skýrum stöfum, þetta hefur verið prentað eftir honum og hann staðfest þessa skoðun, eins og hún hefur verið túlkuð á prenti, svo að hér fer ekkert á milli mála. Hins vegar hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir, að ákvörðun hafi þegar verið tekin um það, að varnarsáttmálanum skuli sagt upp og herinn fluttur burtu á kjörtímabilinu. Hver meðalgreindur maður, svo að ég vitni í landsfleyg orð, hlýtur að geta séð, að hér er um tvær skoðanir að ræða. Hér er um tvenns konar túlkun á ákvæðum stjórnarsáttmálans að ræða. M. ö. o., hver meðalgreindur maður getur séð, að það er uppi ágreiningur innan ríkisstj. um það, hvernig túlka skuli stjórnarsáttmálann. Það kemur mér ekkert á óvart og eflaust fæstum Íslendingum, sem fylgzt hafa vandlega með stjórnmálum undanfarið, að þessi ágreiningur skuli vera uppi. Ég skal enga tilraun gera til þess að hræra upp í því máli, enda gefast eflaust nóg tækifæri til þess að viðhafa almennar umr. um utanríkismál. Það er ekki mín meining að efna til þeirra hér. En það, sem nú hefur gerzt samkv. fréttum í útvarpi og sjónvarpi í gærkvöld, er, að þessi ágreiningur er kominn út fyrir landsteinana. Það er það, sem hefur gerzt. Í fyrsta skipti í fréttum erlendis frá í gærkvöld er frá því greint, að erlendir fréttamenn hver um annan þveran samkv. mörgum fréttaskeytum hafa skilið ræðu utanrrh. svo með réttu eða röngu, — ég hef ekki séð texta ræðu ráðh. og veit ekki, hvað tilefni er til þess skilnings, sem fréttamennirnir hafa lagt í hann, ég veit, að þeir leggja oft annan skilning í ræður en textinn gefur beinlínis tilefni til — en staðreynd samkv. fréttum hljóðvarps og sjónvarps er sú, að allir fréttamenn, sem á ræðu ráðh. hafa hlustað, hafa skilið ræðuna þannig, að um einhvers konar stefnubreytingu sé að ræða hjá íslenzku ríkisstj. nú frá því að hún tók við völdum. Þetta kemur greinilega fram, svo að ég endurlesi, með leyfi hæstv. forseta, eina setningu úr fréttaskeytunum, sem birt voru bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Þar er sagt, að þótt íslenzka ríkisstj. hafi sagt, er hún kom til valda fyrir hálfu ári, að herinn yrði að fara úr landi, hefði utanrrh. hennar nú sagt, að Íslendingar mundu standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart bandalaginu og endurskoðunar varnarsamningsins um dvöl varnarliðsins hefði ekki verið óskað enn þá. Málið væri í athugun hjá ríkisstj. Hver meðalgreindur maður, svo að ég noti landsfleyg orð einu sinni enn, hlýtur að geta séð, að að baki þessarar skeytasendingar liggur sú skoðun á málflutningi hæstv. utanrrh., að stefnubreyting hafi orðið eða sé að verða hjá íslenzku ríkisstj. nú frá því að hún var mynduð. Það er væntanlega enginn ágreiningur á

milli hv. þm. eða nokkurra skynsamra manna um það, að öðruvísi er ekki hægt að skilja skeytin en þannig, að fréttamennirnir líta þannig á, — ég segi enn með réttu eða röngu. Og það er þetta, sem gerir það að verkum, að það er svo fjarri því, að það sé ótímabært, að þetta mál sé gert að umtalsefni hér á hinu háa Alþingi. Ég hef fylgzt vandlega með fréttum af málflutningi hæstv. utanrrh. og annarra ráðh. á erlendum vettvangi á undanförnum vikum eða mánuðum og ég fullyrði, að þetta er í fyrsta skipti, sem gefið er í skyn almennt í fréttaskeytum af ræðum utanrrh., að stefnubreyting sé orðin eða sé að verða hjá íslenzku ríkisstj. í varnarmálunum. Þetta var ástæðan til þess, að ég taldi ástæðu til þess að gera málið að umtalsefni hér, fyrst og fremst að fá upplýst: Hvernig eru vinnubrögðin í sambandi við slíkar yfirlýsingar, og má taka þessa yfirlýsingu sem yfirlýsingu af hálfu allrar ríkisstj.?

Ég endurtek þakkir til hæstv. forsrh. fyrir að hafa svarað fsp. um vinnubrögðin alveg skýrt, þannig að nú vitum við alveg framvegis, að utanrrh. semur sínar yfirlýsingar sjálfur og ber texta þeirra ekki undir ríkisstj. í heild. Ég hef ekkert við þetta að athuga, þetta er staðreynd, sem ágætt er að fá að vita og ég er þakklátur fyrir að hafa fengið upplýsta, og máli mínu vil ég ljúka með því að segja, að ég gleðst yfir því, ef það reynist rétt, ég gleðst sannarlega yfir því, ef það reynist rétt, að sú stefna, sem mörkuð var í ræðu hæstv. utanrrh. í Brüssel, er raunveruleg stefna allra sjö ráðherranna.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Fyrst nokkur orð, já, forspjall, eins og Eggert orðar það, Þorsteinsson. Ég kann afskaplega illa við það í siðum og venjum þingsins að flokka menn í hv. þm. og hæstv. ráðh. Mér skilst, að allir séu jafnir hér í þingsölum og ég legg því til, að þetta verði afnumið.

Í öðru lagi minntist hér einn þm. á það, að honum væri óljós stefna Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í varnarmálunum. Það stafar náttúrlega af því, að hann hefur ekki kynnt sér stefnuskrá samtakanna, og skal ég þá fara nokkrum orðum um það ágæta plagg.

Fyrst vil ég nefna það að þar er auðvitað skýrt ákvæði um, að herinn eigi að hverfa á brott, en þær röksemdir fyrir þeirri ákvörðun getur hv. þm. hvorki skilið né vill skilja. Og í öðru lagi er kveðið á varðandi NATO, að þjóðaratkv. eigi þar að skera úr um aðild þjóðarinnar að NATO. Og röksemdin fyrir því, þó að hv. þm. hvorki geti skilið það né vilji skilja, er einfaldlega sú, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna telja, að þjóðin sjálf eigi einhvern tíma að skera úr málum, hreinlega. En þannig er, eins og allir vita, að hér var lætt inn varnarstöð og þrátt fyrir þrábeiðni stórs minni hluta þjóðarinnar um þjóðaratkvgr., þá var því synjað, af því að þeir menn, sem vildu fá varnarstöð, höfðu meiri hluta. Nú hrópa sömu menn á þjóðaratkvæði, og það vill svo til, að það eru lýðræðismenn, sem ráða hlutunum, og þess vegna erum við alltaf mjög fúsir að leita vilja þjóðarinnar í einstökum málum, en ekki knýja mikilvæg mál fram með — ég vil segja jafnvel valdbeitingu, einkum þegar um er að ræða landsréttindi. Ég vona, að þetta sé nokkuð skýrt. Og í öðru lagi vildi ég benda á það, að hv. fyrirspyrjandi hafði mikinn áhuga á því að vita, hver væri stefnan í sambandi við uppsögn varnarliðsins. Og það er ákaflega eðlilegt, að þessi hv. þm. vilji vita það, vegna þess að fyrrv. ríkisstj. hafði bara enga stefnu í varnarmálum eða bara yfirleitt utanríkismálum. Það var alger status quo. Það var alger status quo í utanríkismálum síðasta áratuginn. Þar gilti reglan „ástandið er gott, og engu þarf að breyta". Það er status quo reglan. Og ég vil líka benda hv. þm. á það, að stefna ríkisstj. er skýrt mótuð í málefnasamningnum og svo er bara þörf fyrir hv. þm., eftir beztu vitund og ég vil segja jafnvel samvizku, ef hún er einhver, að lesa það, sem stendur skrifað. Það er allt og sumt. Og svo er annað. Ég mælist til þess við hv. þm. að hafa biðlund þar til af framkvæmdum verður, og þá kemur þetta í ljós.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta mál, en ég vænti þess og treysti, að menn forðist hræðslupólitík.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mér finnst ekki verða hjá því komizt að ítreka þá fsp., sem hv. 7. þm. Reykv. bar hér fram, sem mér finnst vera meginatriði málsins. Hún var á þann veg, hvor þeirra hefði rétt fyrir sér varðandi skýringu á málefnasamningnum, hæstv. sjútvrh. eða hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson, sem margsinnis hefur haldið því fram, og ég vona réttilega, að engin ákvörðun hafi verið tekin um brottrekstur varnarliðsins, ekkert segi um það í málefnasamningnum, heldur beri að skoða varnarmálin fyrst og taka ákvörðunina á eftir.

Hæstv. sjútvrh. hefur hér í þessum ræðustól og víða annars staðar haldið fram alveg gagnstæðri skoðun. Hann hefur sagt, að það þyrfti ekki nema meðaldómgreind til að skilja það, að í málefnasamningnum væri tekin ákvörðun um brottrekstur varnarliðsins og ég skildi svo síðasta ræðumann, að hann teldi það einnig vera augljóst. Þarna skilur mjög greinilega á milli, og ég verð að segja það við hæstv. forsrh., að þó að hann haldi því fram, að skilningur komi með tímanum, þá er ég svo heimskur, að ég get ekki skilið, að þessir tveir menn, hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., séu á sömu skoðun, þegar þeir halda fram hvor því máli, sem ég hér hef lýst. Þeir eru á öndverðri, gagnstæðri skoðun, og ég skora á hæstv. forsrh. að upplýsa nú á þessari stundu, hvor þeirra hafi rétt fyrir sér. Báðir geta ekki haft rétt fyrir sér. Hvor þeirra segir rétt, skýrir málefnasamninginn rétt, hvor skýrir hann rangt? Nú má svara með mjög einföldu já-i eða nei-i, en ekki já-já og nei-nei. Ég spyr: Er skýring utanrrh. rétt? Ég spyr hæstv. forsrh.: Er skýring utanrrh. rétt? Hann segir ekkert. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er skýring sjútvrh. rétt? Hann segir heldur ekkert.

Ég vona, að með tímanum komi skilningur hjá hæstv. forsrh. á ýmsum málefnum, ekki bara utanríkismálum, heldur t. d. á efnahagsmálum. Það er ekki vanþörf á því, að íslenzka þjóðin fái í sæti forsrh. mann, sem hefur svolítinn skilning á málefnum þjóðarinnar, t. d. efnahagsmálum. Ég vona, að sá tími komi fyrr en síðar, að hæstv. forsrh. öðlist skilning á málefnum þjóðarinnar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, að síðastur hér í ræðustól var hv. 5. þm. Norðurl. v., ritstjóri Morgunblaðsins. Ræða hans gaf mér nú tilefni til þess að beina þeirri fsp. til hv. 7. þm. Reykv., sem vakti þessar umr. hér utan dagskrár, hvernig væri hátt-

að póstsamgöngum milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar eða nánar tiltekið húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, hvort það væri virkilega þannig, eins og mér virðist af ræðu hv. 7. þm. Reykv. hér áðan, að þangað bærust engar fréttir af Íslandi aðrar en þær, sem stæðu í Morgunblaðinu. Ég vil aðeins fá þetta upplýst.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel mig alls ekki þurfa að bera af mér nokkrar sakir. (**Forseti:** Það er ekki hægt að veita þér orðið til annars.) Þá tek ég mér bessaleyfi að veita upplýsingar í stað þess að bera af mér sakir. Póstsamgöngur milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar eru ágætar, og einmitt í húsi Jóns Sigurðssonar liggja á neðstu hæðinni öll blöð, sem út koma á Íslandi, og koma þangað minnst vikulega, því að ég hef átt þess kost að lesa öll íslenzk blöð og hef gert það dyggilega, auk margra erlendra blaða, sem ég hef lesið.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. virðist ekki ætla að svara fsp. mínum hér áðan. Mig langar þess vegna til að beina þeim til annarra ráðh. Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh., hvort hann telji þær skýringar Einars Ágústssonar, hæstv. utanrrh., réttar, sem ég áðan gerði að umræðuefni, og hann hefur marglýst. Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort hann telji þessar skýringar réttar eða skýringar hæstv. sjútvrh., og mig langar einkum og sér í lagi til að spyrja hæstv. samgrh. að því, hvort hann sé þeirrar skoðunar, eins og hv. 3. landsk., að það sé alveg skýrt tekið fram í málefnasamningnum, að varnarliðið eigi að fara, hvað sem tautar og raular, eða hvort hann sé á sömu skoðun og hæstv. utanrrh. Hæstv. forsrh. ætlar augsýnilega ekki að svara. Ég trúi því ekki, að allir þessir þrír ráðh. séu með sama markinu brenndir, að þeir þori ekki að svara.

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., utan dagskrár, mælti

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár vegna fréttaflutnings í útvarpi og sjónvarpi s. l. laugardagskvöld. Á fundi í Sþ. s. l. laugardag urðu töluverðar og mjög líflegar umr. utan dagskrár vegna fsp. frá hv. 7. þm. Reykv. vegna fréttar af ummælum hæstv. utanrrh. á fundi utanrrh. Atlantshafsbandalagsins. Í umr. þessum tóku þátt auk fyrirspyrjanda hæstv. forsrh., sem svaraði fsp., svo og nokkrir aðrir hv. alþm., sem af þessu gefna tilefni báru fram fsp. til hæstv. ráðh. Fyrri fsp., fsp. frá hv. 3. þm. Sunnl., var svarað, en fsp. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. ekki svarað. Ég mun ekki rekja hér þessar umr., enda eru þær ekki tilefni þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, heldur fréttaflutningur fjölmiðla af því, sem fram fór á þessum fundi.

Þeir, sem hlustuðu á fréttir sjónvarps og hljóðvarps síðastliðið laugardagskvöld, urðu vitni að því, hversu ónákvæmur fréttaflutningur getur komið út sem villandi og jafnvel sem hlutdrægur. Til þess að hv. alþm. geti gert sér betur grein fyrir máli þessu og sjálfir dæmt um fréttaflutning hljóðvarpsins og sjónvarpsins af umræddum fundi, hef ég fengið afrit af fréttunum og vil, með leyfi forseta, lesa þær upp:

Fréttir útvarpsins kl. 19. Þar segir: „Gylfi Þ. Gíslason bar fram fsp. utan dagskrár á Alþ. í tilefni af fréttum, sem hafðar voru eftir erlendum fréttamönnum í útvarpi og sjónvarpi í gærkvöld um ræðu Einars Ágústssonar utanrrh. á fundi ráðherranefndar Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Í fréttum þessum hafði verið lögð megináherzla á, að ráðh. hefði sagt, að Íslendingar hygðust standa við allar skuldbindingar sínar við bandalagið og Íslendingar yrðu áfram aðilar að NATO, þótt ágreiningur væri um það atriði innan ríkisstj. Herinn yrði ekki látinn fara úr landi á næstunni, þar sem það mál væri enn til athugunar í ríkisstj. Fsp. laut að því, hvort ríkisstj. sem heild hefði fjallað um texta ræðu utanrrh. í Brüssel, og ef svo væri, hvort allir ráðh. hefðu samþykkt hana. Ef svo væri, væri spurt, hvort líta bæri á hana sem stefnuyfirlýsingu ríkisstj. allrar. Fyrirspyrjandi sagðist álíta nauðsynlegt, að upplýst væri, hver vinnubrögð ríkisstj. væru í þessum málum. Ólafur Jóhannesson forsrh. svaraði fsp. á þá leið, að ræða utanrrh. í Brüssel hefði túlkað fullkomlega stefnu ríkisstjórnarinnar. Öllum ráðh. hefði verið kunnugt um efni ræðunnar, en ekki væri venjan, að ráðh. læsu orðrétt fyrir ríkisstj. þær ræður, sem þeir flyttu. Bjarni Guðnason tók til máls og sagðist undrast, að Gylfi Þ. Gíslason, málsvari Alþfl., tæki þátt í hræðslupólitík Sjálfstfl. Gera yrði þær kröfur til Alþfl., að hann héldi sig við málefnalegan málflutning. Guðlaugur Gíslason tók til máls og krafðist svara um, hver væri raunveruleg stefna ríkisstj. í þessum málum og í hverju ágreiningurinn væri fólginn. Ólafur Jóhannesson forsrh. svaraði og sagði, að svör við þessum spurningum væru augljós. Ágreiningurinn væri ekkert launungarmál. Vitað væri, að Framsfl. væri fylgjandi aðild að NATO, en Alþb. andvígt. Stjórnin væri fylgjandi aðild að NATO að óbreyttum aðstæðum og mundi standa við skuldbindingar sínar við bandalagið. Menn skyldu kynna sér málefnasamninginn, lesa hann kvölds og morgna og læra í samhengi, kæmi þá skilningur með tímanum. Spyrjendur kváðu það ekki duga til. Halldór Blöndal tók til máls og lýsti undrun sinni á málflutningi Bjarna Guðnasonar og innti hann eftir skoðunum hans sjálfs á varnarmálunum. Gylfi Þ. Gíslason tók aftur til máls og sagði, að meginmáli skipti að fá upplýsingar um vinnubrögð ríkisstj. í þessum málum. Á fundinum í Brüssel hefði það gerzt, sem aldrei hefði gerzt áður, að ágreiningurinn innan ríkisstj. hefði verið kynntur utan landsteinanna. Erlendir fréttamenn hefðu með réttu eða röngu skilið ummæli utanrrh. sem stefnubreytingu íslenzku ríkisstj. Utanrrh. hefði margítrekað, að ákvörðun um brottför hersins yrði ekki tekin fyrr en að undangenginni nákvæmri athugun, en viðskrh. hefði margoft fullyrt, að þegar væri ákveðið, að herinn færi. Gylfi Þ. Gíslason spurði, hvort það álit erlendra fréttamanna, að stefnubreyting hefði orðið, hefði við rök að styðjast. Eyjólfur K. Jónsson tók til máls og beindi þeirri fsp. til forsrh., hvor þeirra, utanrrh. eða viðskrh., túlkaði stefnu ríkisstj. Augljóst væri, að þeir túlkuðu málefnasamninginn á gjörólíkan hátt. Forsrh. svaraði ekki fyrirspurninni, og beindi þá fyrirspyrjandi orðum sínum til annarra viðstaddra ráðh., sem voru Magnús T. Ólafsson menntmrh., Lúðvík Jósepsson sjútvrh. og viðskrh. og Hannibal Valdimarsson félmrh., en þegar enginn þeirra bjóst til að svara, var fundi slitið."

Þetta var frétt útvarpsins af fundinum s. l. laugardag.

Næst ætla ég að leyfa mér að lesa fréttir sjónvarpsins, en þær eru svo:

„Umr. spunnust um stefnu ríkisstj. í varnarmálum utan dagskrár á fundi Sþ. í dag. Gylfi Þ. Gíslason spurðist fyrir um það í tilefni ummæla erlendra fréttastofnana um ráðherrafund Atlantshafsbandalagsins, hvort ríkisstj. í heild hefði fjallað um ræðu utanrrh. og hvort allir ráðh. hefðu samþykkt hana og ef svo væri, hvort líta bæri á ummæli hans sem stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Ólafur Jóhannesson forsrh. sagði utanrrh. hafa túlkað fullkomlega stefnu ríkisstj. og ráðherrum öllum verið kunnugt um efni ræðunnar. Þá spurði Guðlaugur Gíslason, hver væri raunverulega stefna ríkisstj. í þessum málum og í hverju ágreiningurinn væri fólginn. Forsrh. svaraði, að stjórnin væri fylgjandi aðild að NATO að óbreyttum kringumstæðum, en um afstöðu einstakra stjórnarflokka vissu menn mætavel. Sagði hann síðan, að menn skyldu kynna sér málefnasamning stjórnarflokkanna, lesa hann kvölds og morgna og læra í samhengi, þá kæmi skilningurinn með tímanum. Auk fyrrgreindra tóku til máls Bjarni Guðnason, Halldór Blöndal og Eyjólfur K. Jónsson".

Eins og hv. alþm. hafa nú heyrt, er hér mikill munur á frétt hljóðvarps og sjónvarps. Í fréttum hljóðvarpsins mun skýrt með hlutlausum og réttum hætti frá því, hverjir tóku til máls, um hvað spurt var, um hvað umr. snerust, hverju var svarað og hverju var ekki svarað. Í fréttum sjónvarpsins er hins vegar getið fyrirspyrjandans, Gylfa Þ. Gíslasonar og hans fsp., svara forsrh., síðan fsp. Guðlaugs Gíslasonar og svara forsrh. til hans. Fsp. Halldórs Blöndal og Eyjólfs K. Jónssonar og ræðu Bjarna Guðnasonar er ekki getið og ekki heldur þess, að ráðh. svöruðu ekki þeim spurningum. Af fréttum sjónvarpsins verður ekki annað ráðið en að fréttamanni þessum þyki það ekki fréttnæmt, að hvorki forsrh. né heldur aðrir viðstaddir ráðh. treysta sér til þess að skýra þingheimi frá og svara þeirri fsp., sem til þeirra er beint af alþm., sem tók þátt í umr., hvor ráðherrann, utanrrh. eða sjútvrh., túlkaði rétt stjórnarsáttmálann varðandi öryggis- og varnarmálastefnu stjórnarinnar, en eins og kunnugt er, hafa þessir tveir ráðherrar túlkað stefnu ríkisstj. hvor á sinn veg og með þeim hætti, að ekki verður annað skilið en að þeir séu um þessi mál algjörlega ósammála. Aftur á móti þykja fréttamanni hljóðvarpsins þessar staðreyndir svo athyglisverðar og fréttnæmar, að hann skýrir hlustendum frá þeim. Hverjar eru svo niðurstöður þessa máls? Í fréttum kl. 19 er skýrt frá umræddum þingfundi, umræðum og ræðumönnum, eins og það fór fram. Í fréttum sjónvarpsins kl. 20, einni klukkustund síðar, er ekki sagt frá nema hluta þess, sem gerðist á umræddum fundi. Þar er ekki skýrt frá fsp. Eyjólfs K. Jónssonar né Halldórs Blöndal, né heldur því, að ráðherrar treystu sér ekki til þess að svara. Hvað hér hefur gerzt, veit ég ekki. Hvort fréttamenn þessara tveggja fjölmiðla hafa svo misjafnar skoðanir á því, hvað fréttnæmt er, eða mismunandi starfsreglur eftir að fara, eða hvort á þessari klukkustund, sem leið frá því fréttir hljóðvarps voru lesnar þar til fréttir sjónvarps voru lesnar, hafi einhverjir svokallaðir yfirnáttúrlegir hlutir gerzt og þess vegna hafi fréttin verið lesin í sjónvarpinu eins og hún var lesin.

Það hefur verið deilt á Ríkisútvarpið af fulltrúum beggja núv. stjórnarflokka, Framsfl. og Alþb., þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Beindust ádeilur þeirra sérstaklega að sjónvarpinu, og hélt hæstv. forsrh. því fram þá, sem formaður flokks síns í stjórnarandstöðu, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu ekki tækifæri á móti fulltrúum þáv. stjórnarflokka til þess að koma fram í sjónvarpinu, ef hlutleysis ætti þar að gæta. Ég skal ekki gerast dómari þar um, en ég vil vekja athygli hæstv. forsrh. á því, að það er skoðun fjölmargra nú, að einstakir ráðherrar í hans ráðuneyti hafi misnotað aðstöðu sína í sjónvarpinu síðan þeir settust í valdastólana s. l. sumar. Hittir þá fyrri gagnrýni forsrh. hann sjálfan. Vonandi hefur hæstv. forsrh. veitt þessu athygli og sér svo um, að skoðanir hans á þessum málum verði a. m. k. í heiðri hafðar, á meðan hann fer með embætti forsrh.

Um fréttaflutning og fréttir héðan af Alþ. hefur minna verið deilt. Hefur fréttaflutningurinn almennt verið talinn hlutlaus. Þó kom það fyrir, að þm. kommúnista, síðar Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins og nú Alþb. — sumir þm. náðu því að gegna þingmennsku eftir báðar þessar breytingar — gerðu tilraunir til þess að gagnrýna fréttaflutninginn hér á Alþ., en sú gagnrýni var aldrei á rökum reist, enda gátu þeir aldrei gert grein fyrir einstökum dæmum máli sínu til stuðnings. Það brá hins vegar svo við í sumar, eftir að núv. ríkisstj. var setzt að völdum, að menn gátu greint það í Ríkisútvarpinu, að fréttir voru sagðar með öðrum hætti undir vissum kringumstæðum en verið hafði. Vil ég þar sérstaklega nefna fréttir frá Genfarráðstefnunni, og því hefur verið haldið fram, að þar hafi fréttamenn sjónvarpsins legið undir þungri pressu, að sagt yrði með mismunandi hætti frá, hvort fréttin kæmi sér vel fyrir núv. ríkisstj. eða ekki. Á þetta var bent á opinberum vettvangi, og mun að sjálfsögðu fylgzt með því framvegis. Hvort sá fréttaflutningur, sem ég hef nú gert hér að umtalsefni, er áhrif frá núv. valdhöfum, skal ósagt látið. Færi betur, að svo reyndist ekki, heldur væri hér um að ræða ónákvæmni, sem þá væri hægt að lagfæra. Það er hins vegar ljóst, að alþm. geta ekki sætt sig við neina mismunun eða neina ónákvæmni í fréttaflutningi héðan frá Alþ. Eigi þeir að gegna störfum á löggjafarsamkomu frjálsrar þjóðar, þar sem frjáls skoðanamyndun er, verður Ríkisútvarpið að gæta fyllsta hlutleysis, eins og það hefur gert.

Ég hef kvatt mér hljóðs, ekki til að varpa fram fsp. til neinna ráðherra, heldur til þess að vekja athygli á þessu máli. Ég hef kvatt mér hljóðs til að vekja athygli þingheims á þessum hlutum, og ég vil að lokum skora á forseta Alþ., að þeir gæti þess, að alþm. verði ekki mismunað í fréttaflutningi héðan frá Alþ.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í sambandi við það mál, sem hv. 1. þm. Reykn. gerði að umtalsefni, vil ég aðeins segja örfá orð. Ég vil fyrst skýra frá því, að sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins er enn þá ákaflega fáliðuð og þá alveg sérstaklega fréttastofa hennar. Sjónvarpsdeildin hefur til þessa ekki getað haft fréttaritara, sem situr á Alþ. og fylgist með öllum fundum til þess að segja héðan fréttir. Hins vegar hefur fréttastofa hljóðvarpsins hér mann, sem skrifar þær frásagnir, sem fluttar eru í hljóðvarpsfréttum. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að hann hefur unnið þetta verk af hinni mestu

samvizkusemi og tekizt furðanlega vel, miðað við það, hvert verkefni hans er.

Mér virðist, að það sé mjög algengt, að sjónvarpsdeildin fái handrit af fréttum hljóðvarpsfréttamannsins og vinni úr þeim. Þegar sjónvarpsdeild veit af stórviðburðum hér, umræðum, sem ákveðnar eru fyrir fram, og öðru slíku, þá sendir hún þó oft sína eigin menn og myndatökumenn hingað.

Mér virðist frásögn hljóðvarpsins af því, sem gerðist í þessum sal á laugardaginn, hafa verið mjög ítarleg. Ég bið menn að athuga, að fréttir í hljóðvarpi og sjónvarpi eru ákaflega stuttar. 20 mínútna fréttalestur er ekki nema 8—9 vélritaðar síður. Þegar á að segja allar fréttir dagsins, er það býsna stór sneið af fréttunum, sem þarna var varið til að segja frá þessum umr.

Fréttir sjónvarpsins eru að jafnaði styttri, það er töluvert minna lesmál í þeim. Í raun og veru geta sjónvarpsfréttir sjaldan verið mikið meira en fyrirsagnir, ef taka má samanburð úr blöðum, að því undanskildu, að stundum er hægt að skjóta inn viðtölum við menn, þar sem töluvert meira efni kemst að.

Ég hef enga vitneskju um, hvernig umrædd sjónvarpsfrétt var unnin á laugardaginn. Útvarpsráðsmenn fylgjast að sjálfsögðu ekki með því daglega. En mér virðist, að sjónvarpið hafi haft styttri tíma til ráðstöfunar og hafi talið sig neytt til þess að gera útdrátt úr því efni, sem þeir höfðu fengið. Þá er spurningin, hvort þessi útdráttur, þessi styttri útgáfa sjónvarpsins, er eðlilega unnin eða ekki.

Ég mundi sem blaðamaður segja, að frásögn sjónvarpsins hafi verið eðlileg. Það, sem gerðist, var, að hér var vakið máls á utanríkismálum í tilefni af ræðu, sem utanrrh. hafði flutt. Þessi ræða var ný, þar voru ný atriði, sem spurt var um, og þeim var svarað. Þetta var að sjálfsögðu það fréttnæmasta, sem fram kom. Þess ber að geta, að þær spurningar, sem tveir þm. Sjálfstfl. vörpuðu fram og engin svör fengust við, hafa komið fram á Alþ. áður, ekki aðeins einu sinni, heldur oft undanfarnar vikur. Frá sjónarmiði fréttamannsins er endurtekinn viðburður, jafnvel veigamikil spurning, minni frétt en nýtt atriði í málinu.

Ég vona, að menn skilji, að ég hef sem útvarpsráðsmaður á síðustu dögunum í því embætti tilhneigingu til að reyna að skýra þetta á bezta veg, því ég er af nánum kynnum við starfsfólk sannfærður um, að það vinnur af samvizkusemi og eins vel og það getur. En aðstaða þess er oft erfið. Tíminn er oft stuttur. Ef sjónvarpið á að taka myndir hér í þingsölum, getur það ekki gerzt mikið eftir kl. 4 á daginn. Það, hvort ræðumaður fær að tala fyrir kl. 4 eða ekki fyrr en milli 5 og 6, getur ráðið því, hvort nokkur tæknilegur möguleiki er á, að þessi maður fái mál sitt flutt í sjónvarpi eða ekki. Þetta hefur þegar komið fyrir, svo það eru margar aðstæður, sem gæta verður að.

Um starfsemi útvarpsins almennt hvað snertir fréttir af stjórnmálum og ríkisstj., vil ég aðeins benda á það, sem raunar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að stjórnarandstæðingar kvörtuðu í tíð fyrrv. ríkisstj., og enn kvarta stjórnarandstæðingar eftir að skipt hefur verið um stóla. Þegar báðir aðilar kvarta nokkurn veginn um það sama, eftir því úr hvaða stólum þeir tala, finnst mér það í sjálfu sér vera bærilegur vitnisburður um, að sennilega vinni útvarpið þetta mál eins vel og það getur. Í umr. um þessi mál hef ég sagt áður, að ég telji óhjákvæmilegt, að það sé meira sagt í fréttum frá því, sem ráðherrar þjóðarinnar segja og gera, af því að það, sem ráðherrar gera, verður að veruleika og er því í eðli sínu oftast nær fréttnæmt. Þetta er óhjákvæmilegt. Ég taldi í tíð fyrrv. ríkisstj. og ég tel það enn þá, að þessir fjölmiðlar hafi ekki fundið fullnægjandi leið til þess að koma á framfæri þeim boðskap, sem stjórnarandstaðan hefur. Fréttamennirnir kvarta undan því, að leiðtogar stjórnarandstöðunnar tali yfirleitt, þegar Alþ. er undanskilið, á flokksfundum. Flokksfundir eru oftast nær lokaðir og fréttamenn fjölmiðla fara ekki þar inn. Þetta er mál, sem þarf að athuga. Ég tel, að það sé ekki hægt að komast hjá eðlilegum og ítarlegum fréttaflutningi af stjórnarstörfum, hvaða flokkar og hvaða menn sem í stjórn sitja, en það sé enn óleyst verkefni, hvernig hægt er að koma þeim málum fyrir, t. d. eins og er í Bretlandi, þar sem ráðherrar og leiðtogar andstöðunnar tala svo að segja um hverja helgi einhvers staðar, á einhverjum vettvangi og það má heyra í brezku útvarpi og sjá í sjónvarpi og lesa í blöðum frásagnir af ræðum beggja. Hér er þetta enn þá of einhliða, en vandinn er að finna eðlilegan vettvang, þar sem stjórnarandstöðuflokkar geta komið skoðunum sínum á stórmálum tiltölulega fljótt til skila, þegar þing situr ekki.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fréttaflutningur í hljóðvarpi og sjónvarpi af stjórnmálaumræðum og atburðum er viðkvæmt mál. Ég vil segja það, að ég er alveg sömu skoðunar í þessu efni og ég hef verið áður, að ég álít, að það eigi að ríkja fullt jafnræði á milli stjórnar og stjórnarandstöðu að þessu leyti til. En af því að það var verið að skora hér á forseta áðan, þá ætla ég líka að leyfa mér að koma á framfæri till. til hæstv. forseta. Það er svo, að það er mjög vandmeðfarið að segja frá því, sem gerist á fundum, eins og t. d. þeim, sem hér átti sér stað s. l. laugardag, þannig að blærinn komi rétt fram. Ég gæti t. d. kvartað yfir því, að það hefur ekki alveg komið fullkomlega blærinn á minni ræðu. Ég efast samt ekki um það, að fréttamaðurinn hefur gert það eftir beztu samvizku, en hann sagði t. d. aðeins, að ég hefði sagt, að ræða utanrrh. hefði túlkað fullkomlega stefnu stjórnarinnar, en það, sem ég sagði, var það, að ræða utanrrh. hefði túlkað nákvæmlega margyfirlýsta stefnu stjórnarinnar. Það er munur á þessu og þar með taldi ég raunar, að ég hefði nú svarað þessum innskotum, sem komu síðar í þessar umr. En það sem mest um vert er, er að hið rétta komi í ljós. Þess vegna vil ég beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, úr því að farið var að beina áskorunum til hans á annað borð, að hann hlutist til um það við útvarp og sjónvarp, að það verði flutt alveg nákvæmlega orðrétt allt, sem sagt var hér á þessum fundi s. l. laugardag um þetta efni. Þá þarf enginn að kvarta.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að takmarka mig við það, sem hér hefur orðið til umr. utan dagskrár, þ. e. fréttaflutning hljóðvarps og sjónvarps. En það er ekki að ófyrirsynju, þótt það beri á góma hér í sölum Alþ., hefur gert það oft áður, eins og kunnugt er, en það er kannske ekki minni

ástæða til þess nú en oft endranær, að fréttaflutningur útvarpsins sé gerður að umtalsefni hér í Alþ.

Vegna ræðu hv. 8. landsk. þm. (BGr), sem jafnframt er formaður útvarpsráðs, vil ég aðeins fá að segja nokkur orð. Hann segir, — formaður útvarpsráðs og þessi hv. þm. — að útvarpið hafi eiginlega ekki náð tökum á því enn þá að flytja málefni eða fréttir frá stjórnarandstöðu, m. a. vegna þess, að það, sem stjórnarandstöðuforustumennirnir segja, sé yfirleitt sagt á lokuðum fundum, og það kann að vera nokkuð til í þessu.

En ég vil af því tilefni gera grein fyrir því, að þegar Sjálfstfl. hélt sinn flokksráðsfund hér í haust, þá efndi formaður flokksins til blaðamannafundar, og það komu blaðamenn frá stjórnarblöðunum og einnig frá hljóðvarpi og sjónvarpi. Það var sagt frá þessum fundi í öllum blöðunum, misjafnlega mikið eins og gefur að skilja, og ekkert um það að segja. Hljóðvarpið greindi skilmerkilega frá viðræðum, sem fóru fram á þessum blaðamannafundi. Sjónvarpið taldi sig ekki geta greint neitt frá því, það hefði ekki verið neitt nýtt, sem fram hefði komið í máli formannsins.

Hérna erum við komnir að dálítið athyglisverðu atriði: ef það er ekki neitt nýtt að mati einhvers fréttamanns í sjónvarpi eða hljóðvarpi, þá á ekki að flytja neinar fréttir af því. Auðvitað getur hvaða fréttamaður sem er, hvenær sem er, tekið þá ákvörðun eða fundizt það sjálfum, að það sé ekkert nýtt í málinu. Við sjáum það á þessu, að það var skilmerkilega greint frá blaðamannafundinum í hljóðvarpi, en í sjónvarpi ekkert orð. Nú spyr ég þennan hv. þm., því að því miður var ég ekki á fundinum hér á laugardaginn: Hvað var það, sem kom nýtt fram í ræðu hæstv. utanrrh., sem gaf tilefni til þess að segja frá ræðu hans, en var aftur á móti ekki nýtt í máli fyrirspyrjendanna, sem ekki var sagt frá í sjónvarpinu? Mér þætti fróðlegt að fá að heyra það.

Ég óskaði eftir því, af þessu gefna tilefni, í sambandi við þennan blaðamannafund — og sjónvarpið taldi enga ástæðu til að segja neitt frá því, sem gerðist á honum — vegna flokksráðsfundar sjálfstæðismanna að fá að sjá reglur um fréttaflutning sjónvarpsins. Framkvæmdastjóri sjónvarpsins lofaði því að gefa mér kost á að sjá þessar reglur og vildi auk heldur fá að tala við mig í sambandi við þær síðar. Af þessu hefur nú ekki orðið. Ég hef hvorki fengið að sjá reglurnar eða rætt við hann, en það er full ástæða til þess, að hann rifji þetta upp og ég reyni að fá að sjá þessar reglur, hvernig þær eru, og fá þennan umræddu viðræðufund við framkvæmdastjóra sjónvarpsins.

Ég geri mér alveg ljóst, að það er erfitt hlutverk að segja réttilega og hlutlaust frá því, sem er að gerast, þegar stjórnmálin eru annars vegar. Ef ég mætti aðeins, af því að það skiptir nokkru máli, blanda inn í þetta mál nú, af því að rætt er um fréttaflutninginn, einni spurningu til hæstv. forsrh. Hún er sú, hvort óskað hafi verið eftir endurskoðun á varnarmálasamningnum skv. ákvæðum hans sjálfs. Mig minnir, að það sé 7. gr. varnarmálasamningsins, sem kveður á um það, hvernig með skuli fara, ef hann á að endurskoðast eða að segjast upp. Þetta er næsta óljóst enn þá, því að hitt er annað mál, að endurmeta aðstöðu varnarliðsins hér á landi, eða hvort það á að óska eftir endurskoðun skv. samningnum eða ekki.

Ég skal ekki hafa þetta öllu lengra. Þegar við ræddum um þetta hér á sínum tíma, og það var það fyrsta, sem ég heyrði um það, skildist mér, að hann væri að segja þingheimi, þó að það væri nokkuð óljóst, að það hefði verið óskað eftir endurskoðun skv. ákvæðum samningsins. Ég skal að langmestu leyti láta ræðu hæstv. viðskrh. liggja á milli hluta, en það er orðinn töluvert mikill taugaóstyrkur hjá hæstv. ráðh., þegar hann er hér í ræðustólnum að tala um það, að það sé ekki hægt að ætlast til þess, að hann og álíka fínir menn séu að tyggja einhverja hluti í þm., sem ekki skilja mælt mál. Hér er um það að ræða, að það hefur komið fram mikill ágreiningur, mikið mismunandi túlkun á stefnu ríkisstj. í jafnalvarlegu máli eins og varnarmálinu, annars vegar hjá hæstv. utanrrh. og hins vegar hjá hæstv. viðskrh., og það væri ákaflega gott, ef hæstv. stjórnarherrar gætu gert sig skiljanlega í sambandi við þennan ágreining, því að það er nefnilega ekki nóg að lesa stjórnarsamninginn, þó að menn geri það bæði kvölds og morgna, eins og hæstv. forsrh. lagði nú til að *menn gerðu, því að það er ekki aðeins*, að það sé mismunandi túlkun á samningnum á milli hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., heldur hefur hæstv. utanrrh. því miður gert sig sekan um það að túlka sjálfur með mjög mismunandi hætti, hvað í stjórnarsamningnum felist í sambandi við varnarmálin.

Þess vegna hefur komið upp ágreiningur innan Framsfl., og einn af þm. flokksins hefur leyft sér að viðhafa þá túlkun, hv. þm. Jón Skaftason, að það fari eftir endurskoðun á samningnum, hvort varnarlið verði hér eða verði ekki og fyrir þetta hefur hann fengið ákúrur af stjórn Sambands ungra framsóknarmanna, vegna þess að þeir vilja líta svo á, eins og hæstv. viðskrh., að það sé alveg sama, að hvaða niðurstöðum menn komist við endurskoðunina, herinn eigi að fara. Þetta er ágreiningurinn, sem er á milli þessara manna.

Ég skal svo verða við tilmælum forseta um það að lengja ekki þessar umr. nú, m. a. vegna þess, að það er auðvitað ekki full-útrætt þetta mál, túlkunin á stjórnarsamningnum í jafnviðurhlutamiklu máli eins og varnarmálin eru, og við eigum það eftir á dagskrá hér.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að svara þessari fsp. frá hv. 1. þm. Reykv. Svarið er einfaldlega nei. Það hefur ekki enn verið óskað eftir endurskoðun á samningnum skv. ákvæðum hans. Það kom m. a. alveg skýrt fram, að ég ætla, í ræðu þeirri, sem utanrrh. flutti á NATO-fundinum, að við værum enn að kynna okkur málið og að við mundum ekki stíga þau skref fyrr en að okkar eigin athugun lokinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það var rétt hjá hæstv. forseta, að fréttir Ríkisútvarpsins af störfum á Alþ., eins og allar aðrar fréttir, eru fluttar á þess ábyrgð. En það var ekki rétt hjá forseta, að svo hefði þetta alltaf verið.

Fyrstu 30 árin, sem Ríkisútvarpið starfaði, var aldrei sagt frá umr. á Alþ. í almennum fréttum. Þá voru þingfréttir fluttar sem sérstakur liður, og það var launaður starfsmaður Alþ., sem flutti fréttirnar. Þessar þingfréttir eru enn þá fluttar, útvarpað á morgnana, og

er það starfsmaður Alþ., sem þar er að verki. Hann skýrir aðeins frá þskj. og dagskrá, en aldrei frá umr.

Það eru ekki nema 7 ár eða svo, síðan útvarpið ákvað upp á sitt eindæmi, án þess að tala við Alþ., að senda hingað fréttamenn og segja frá umr. Það hefur því satt að segja ekki gefizt langur tími til að læra þetta verk og finna lausn á öllum vandamálum, sem fram koma.

Hv. 1. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl., skýrði frá blaðamannafundi sínum, sem, eins og hann sagði, var ekki sagt frá í sjónvarpinu. Þarna er um að ræða fréttamat, þar sem hljóðvarpið lagði annað mat á þennan blaðamannafund en sjónvarpið. Ég hef persónulega tilhneigingu til að vera sammála háttv. þm. um, að þetta hafi ekki verið rétt metið hjá sjónvarpinu, og þeir hefðu átt að segja frá nokkrum atriðum frá þessum fundi.

Kjarni málsins er sá, að hér er um fréttastarfsemi að ræða, en hvað er frétt? Frétt er eitthvað, sem er nýtt, eitthvað, sem er afbrigðilegt. Ef hundur bítur mann, þá er það ekki frétt, en ef maður bítur hund, þá er það frétt, segja þeir í blaðaheiminum. Það er ómögulegt að komast hjá því, að einhver starfsmaður verður að meta hlutina og velja og hafna. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að það komi upp deilur um, hvort það mat er á hverjum tíma rétt eða ekki. Og sjálfsagt er að gagnrýna, ef það mat er ekki talið rétt.

Ef við komum aftur að fréttinni frá laugardeginum, þá tel ég, eins og fréttamaður sjónvarpsins virtist telja, að spurningin um túlkun blaðanna í Evrópu á ræðu utanrrh. hafi verið nýtt innlegg í málið, því að við höfum ekki séð þessa ræðu enn þá. Og verður þá að hafa það, ef menn eru ekki sammála því.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér þykir nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar þeir sjálfstæðismenn koma og kvarta undan fréttaflutningi útvarps og sjónvarps frá fundinum hér s. l. laugardag. Það er sem sé greinilegt, að þeir sætta sig ekki við neitt minna en það, að þeir ráði fullkomlega yfir þessum tækjum, bara sem áróðurstækjum sínum, rétt eins og þeir ráða yfir Morgunblaðinu.

Hér gerðist nefnilega sá óvenjulegi atburður, að útvarpið sagði frá því, sem hér gerðist á fundi, með þeim hætti, sem aldrei hefur verið gert áður í fréttum héðan frá Alþ. Hér komu fram fsp., ekki eftir löglegum og venjulegum þingskapaleiðum, heldur fsp., sem fram komu í ræðum manna. Það var greint sérstaklega frá þessum fsp. og því bætt við, að ráðherrar hefðu ekki svarað. (Gripið fram í.) Ja, ég skal ekki alveg segja um orðalagið, en það kom skýrt fram. Ég ætla aðeins að segja það af þessu tilefni, að ég hef komið fram með ótal fsp. til ráðh. á undanförnum árum í sambandi við umr. hér á Alþ., og það hefur aldrei verið minnzt á það, þó að ég hafi ekki fengið svör frá ráðh. við þeim spurningum, aldrei. Það er óhætt að lesa í gegnum allar þær fréttasendingar. En nú, þegar menn komu hér fram með fsp., sem búið var að margsvara hér áður, fund eftir fund, dag eftir dag, og menn sáu ekki ástæðu til þess að vera að lengja laugardagsfund til þess að tyggja í þá menn, sem ekki skilja mælt mál, þau svör, sem var búið að láta þá hafa áður, þá kemur útvarpið með fréttir um það, að ráðh. hafi verið spurðir af Eyjólfi K. Jónssyni um þetta og þetta og það hafi ekkert svar fengizt. Og svo koma sjálfstæðismenn hér upp á eftir og kvarta undan því, að það sé hallað á þá í fréttaflutningi þessara fjölmiðla. Ja, það er eins og ég segi, mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn.

Auðvitað var þessi frásögn útvarpsins af fundinum hér á laugardaginn greinilega vilhöll. Það hefur kannske stafað af því, að sá fréttamaður, sem þetta flutti, hefur lagt trúnað á þær röngu staðhæfingar, sem hér komu fram á þessum fundi og hafa auðvitað komið fram hvað eftir annað, m. a. í Morgunblaðinu, um þau efni, sem hér var verið að ræða um. Það var fullyrt hér, að það hefði verið um tvær mismunandi túlkanir að ræða, utanrrh. og mína, á stjórnarsáttmálanum um tiltekið efni. Þetta vita þessir hv. þm. að hefur verið marghrakið hér í umr. á Alþ. Það, sem ég hef sagt um þetta atriði hér á Alþ. og liggur fyrir skriflega í þingtíðindum, er það, að ég las upp stjórnarsáttmálann í þessum efnum, ég las hann nákvæmlega upp og get gert það enn. Ég sagði, að í stjórnarsáttmálanum stæði alveg skýrum orðum þetta: „Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum." (Gripið fram í.) Það væri óskandi, að þetta væri lesið upp og þessar leiðréttingar af þeim, sem nú skrifa hér fréttir útvarpsins. Og ég sagði í framhaldi af þessu, að það væri alveg augljóst, að það ætti að fara fram endurskoðun eða síðar uppsögn á samningnum í því skyni, að varnarliðið yrði látið fara úr landi, svo að það lægi alveg ljóst fyrir, að hverju væri stefnt. Ekki sagði utanrrh. neitt annað. Síðan bætti ég við til frekari skýringar, — en það þarf eflaust að taka það fram nokkrum sinnum, ef það á að koma rétt eða óbrenglað í Morgunblaðið — það liggur alveg ljóst fyrir frá hálfu ríkisstj., að nú stendur yfir undirbúningur að endurskoðun, þessari, sem hér um fjallar. Sjálf hin formlega endurskoðun hefur ekki hafizt, og það er gert ráð fyrir því — eins og ég hef hér minnzt á áður í umr. um þetta efni — í varnarsamningnum sjálfum, að endurskoðun geti farið fram og ef hún ekki beri árangur, geti hvor aðili fyrir sig sagt samningnum upp. Það er auðvitað fyrst þegar þessi endurskoðun hefur farið fram, sem formleg ákvörðun verður tekin um það, hvort samningnum verður sagt upp eða ekki. Svo koma sjálfstæðismenn hér einn af öðrum og fullyrða það alltaf, að ég hafi sagt: það er búið að ákveða, að herinn fari, en utanrrh. segi: það er ekki búið að ákveða, að hann fari. Þetta eru þeirra eigin orð og ranglega með farin.

Menn geta svo auðvitað haft sínar meiningar á því, eins og þeir vilja, hvort við eigum að standa upp og hlaupa í ræðustólinn í hvert skipti, sem hinir einstöku þm. Sjálfstfl. koma hér með sömu spurninguna og sömu rangtúlkunina, skipti eftir skipti, og hvort við eigum að lemja þetta inn í þá alltaf jafnóðum. En a. m. k. þegar þannig er ástatt, að ekki er mikill tími afgangs í sambandi við nytsamleg störf hér á Alþ., þolir maður það nú vel, að þm. Sjálfstfl. komi hér upp og geri sig hlægilega með því að endurtaka þessar fullyrðingar sínar. En það hefði vissulega verið ástæða til þess að finna að því, að fréttamenn útvarpsins flyttu fréttir af slíkum vinnubrögðum á þann hátt, sem þeir hafa gert. Ég segi svo aðeins það, að ég lýsi undrun minni á þessu háttalagi þeirra sjálfstæðismanna, sem hér koma upp svo að segja á hverjum fundi utan dagskrár, að mestu

að tilefnislausu, sýnilega til þess að tefja þingstörf, til þess að margendurtaka mál, sem eru hér full-útrædd. Auðvitað játa ég það, að fréttamenn, sem skrifa niður fréttir, meta fréttir á misjafnan hátt. Það höfum við auðvitað fengið að finna á undanförnum árum. En ég trúi því ekki, að þeir, sem hér hafa yfirleitt hlýtt á, hvað fram hefur farið um þessi mál öll hér á Alþ., geti haft ástæðu til þess, á þann hátt sem sjálfstæðismenn telja sig hafa, að vera hér sífellt með glósur um það, að fréttamenn útvarps og sjónvarps séu undir einhverjum þrýstingi frá stjórnarvöldum, sem láti þá segja hitt eða þetta. Það er eins og hér hefur verið sagt áður, það gefst eflaust tími til þess að tala bæði um þessi mál og önnur, sem ágreiningur er um, við stjórnarandstöðuna á öðrum tíma en hér utan dagskrár á Alþ. Ég skal því ekki hafa þessi orð fleiri. Ég get tekið undir það, sem hefur komið hér fram, að það er vitanlega sjálfsagt, að forsetar þingsins hafi auga með því, að fréttir héðan af þinginu, sem birtar eru í fjölmiðlum, séu með eðlilegum hætti og túlki eðlilega það, sem fram fer, og að ekki sé verið að breyta út af þeim almennu reglum, sem gilt hafa um þessi efni.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hafa spunnizt nokkrar umr. út af þeirri aths., sem ég gerði vegna fréttaflutnings sjónvarps og hljóðvarps s. l. laugardagskvöld.

Hv. 8. landsk. þm. — eins og hann sagði sjálfur, formaður útvarpsráðs nú á seinustu dögum, — kom hér í ræðustólinn og mér fannst eins og hann vildi bera blak af starfsmönnum sjónvarpsins og hljóðvarpsins í sambandi við þessi mál. Um það er ekki nema allt gott að segja, og ég var ekki að varpa fram neinu, sem hann ekki gat fellt sig við. Ég benti hins vegar á, að það var augljós mismunur á fréttunum í hljóðvarpinu og í sjónvarpinu. Ég geri mér fyllilega ljóst, að fréttir hljóðvarps og sjónvarps geta að sjálfsögðu ekki verið jafnlangar héðan frá Alþ., en þær, sem eru styttri, hljóta að verða smækkuð mynd af þeim stærri og þá þeim aðilum, sem til máls hafa tekið, og þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið, gert jafnt undir höfði. Það skiptir engu máli í þessum tilfellum, hversu langar fréttirnar eru. Það, sem ég benti hér á, var e. t. v. ónákvæmni hjá fréttamanni. Ég tók það skýrt fram, að ég ætla honum ekki neitt annað í þessu sambandi, nema eitthvað annað hafi komið annars staðar frá. Hæstv. forsrh. beindi þeirri áskorun til forseta, að skýrt yrði frá þessum fundi öllum. Ekkert hef ég á móti því, nema síður væri. En mér þótti vænt um að heyra, að hann er sama sinnis nú og hann var áður, þegar hann gagnrýndi hljóðvarp og sjónvarp, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Vonast ég til þess, að hans skoðanir verði í heiðri hafðar hjá þeirri stofnun, hverjir aðrir svo sem með honum sitja í ríkisstj.

Ég átti hins vegar von á því, að hæstv. sjútvrh. kæmi hér upp í ræðustólinn og segði frá því, hvernig þessum hlutum hefði verið háttað, þegar hann var í stjórnarandstöðu og hvernig þá hefði verið farið með stjórnarandstæðinga. Eg skal ekkert segja um það, hvort einhvern tíma hafi svo verið, að í löngum umr. utan dagskrár hafi niður fallið hjá ráðh. að svara honum, svo fjölmargar fsp. bar hann fram hér utan dagskrár og inni í umr., þegar hann var í stjórnarandstöðu. En ég minnist þess, að fulltrúar Alþb. höguðu sér með nákvæmlega sama hætti í stjórnarandstöðu og hann gerði hér áðan, þegar hann kom hér upp og réðst að fréttamanni hljóðvarpsins, og þetta er gert í einum og aðeins einum tilgangi. Þeir gera sér fyllilega grein fyrir því, að menn eru misjafnlega reiðubúnir til þess að taka gagnrýni fyrir sín störf og það á opinberum vettvangi. Þetta eru starfsaðferðir, sem þeir og þeirra fylgismenn hafa notað víða um heim, reynt að hræða menn í slíkum stofnunum til þess að fá inni fyrir þeirra eigin málstað. Þessar aðferðir eru þekktar. Hann vék hins vegar að þeim orðum, sem hann hefur látið frá sér fara í sambandi við stjórnarsamninginn og rangtúlkaði það, sem hér hefur verið sagt í sambandi við það. Og ég ætla þess vegna enn einu sinni að láta heyrast hér í þingsölum það, sem haft er eftir þessum ágæta ráðh. í hans eigin málgagni varðandi brottför hersins. Í Þjóðviljanum þriðjudaginn 23. nóv., með leyfi forseta, segir hæstv. ráðh.: „Orðalagið í málefnasáttmálanum bendir enn fremur til þess, að leiði endurskoðunin ekki til brottflutnings hersins, skuli herverndarsamningnum sagt upp.“ Endurskoðun skiptir engu máli samkv. þessum orðum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta fremur. Ég vonast til þess, að ég hafi gert mönnum grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, og að réttur hv. alþm. verði ekki fyrir borð borinn í sambandi við fréttaflutning.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins í sambandi við það, sem beint hefur verið til forseta í þessum umr., taka fram eftirfarandi:

Fréttir frá Alþ. í Ríkisútvarpinu, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi, eru algjörlega á ábyrgð Ríkisútvarpsins og að engu leyti á ábyrgð Alþ. Ekki forseta þess né neinna annarra í þessari stofnun, og hefur svo verið frá fyrstu tíð, ef ég man rétt.

Þannig mun það og verða, þangað til ákvarðanir yrðu teknar á þinglegan hátt um annað. Ég mun hins vegar beita mér fyrir því, að hingað í stofnunina komi daglega afrit af þeim fréttum, sem fluttar eru í Ríkisútvarpinu, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi, til þess að þm. geti haft aðgang að þeim á heppilegum stað og skoðað, hvernig þeim líkar fréttaflutningurinn. Að sjálfsögðu verður svo Ríkisútvarpið að vera reiðubúið, þar sem það ber þessa ábyrgð, að taka alla þá gagnrýni, sem fram kann að koma, til íhugunar og draga sínar ályktanir af henni. Það er þeirra skylda, en hefur ekki verið fram að þessu í verkahring forseta Alþ. og verður ekki, nema hv. Alþ. taki þá sjálft ákvarðanir um að taka að sér fréttaflutninginn, sem auðvitað er þá stórt skref. Ég mun sem sagt beita mér fyrir þessari endurbót, að menn geti átt hér aðgang að fréttunum, eins og þær voru fluttar og að slíkar skýrslur komi daglega frá hljóðvarpi og sjónvarpi. Að öðru leyti mun ég ræða á forsetafundi, þar sem varaforsetar verða þá einnig, um þessi mál, samband hljóðvarps og sjónvarps við Alþ. yfir höfuð. Það hafa forsetar þegar gert og við munum halda áfram að gera það, en eins og nú standa sakir, er málum fyrir komið eins og ég hef nú greint. Það er auðvitað síður en svo nokkuð við það að athuga, að menn ræði fram og aftur hér á Alþingi, hvernig til tekst um fréttaflutning Ríkisútvarpsins. Ég geri ráð fyrir því, að forráðamenn Ríkisútvarpsins og þeir, sem hér eiga hlut að máli, kynni sér nákvæmlega, hvað hv. þm. hafa um þetta að segja. En til að gefa hv. þm. betur kost á því en áður að

fylgjast vel með mun ég beita mér fyrir því, að hingað komi daglega skýrslur um þessi efni handa þeim að skoða.

VII. Fiskveiðilandhelgismál.

Á 42. fundi í Sþ., 28. febr., utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér, út af því að einn þm. óskar eftir, að inn komi varamaður, vegna þess að hann sé í opinberum erindum, spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh. eða utanrrh. kannske öllu heldur, hver þessi opinberu erindi séu til útlanda, og ég held, að það sé ástæða til þess. Ég sá það í blöðunum, að þessi hv. þm. ætlaði sér að fara til Bretlands í sambandi við okkar landhelgismál, en ég hélt, að við hefðum bæði ambassador og konsúla í Bretlandi, og er þá ástæða til þess að vita, hvort búið sé að taka upp nýja starfshætti í rn. að þessu leyti. Ég skal ekki hafa þessa fsp. lengri, en mig langaði til þess að fræðast um þetta.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hafði rætt um það við hæstv. utanrrh. í morgun og við hæstv. forseta nú rétt í fundarbyrjun, að ég hefði hug á því að bera fram í fundarbyrjun stutta fsp. til hæstv. utanrrh. Forseti gat þess við mig, að hann teldi eðlilegt, að áður en fsp. mín yrði borin upp, væru samþykktir þeir nýju varamenn, sem hér taka sæti. En fsp. mín er þannig:

Eins og kunnugt er af blaðafréttum og myndum, er Jónas Árnason alþm. nýfarinn til Bretlands til þess að kynna málstað Íslands í landhelgismálinu. Það hefur vakið mikla athygli, að ferð þessi er að ýmsu leyti óvenjuleg. Hún hefst með myndatökum á hafnarbakkanum í Reykjavík, síðan ætlar alþm. að gera hvort tveggja, ræða við verkamenn og sjómenn á hafnarbökkunum í Grimsby og Hull og við lávarða í lávarðadeild brezka þingsins. Það er eflaust jafnauðvelt að láta ljósmynda sig á brezkum hafnarbökkum og íslenzkum, en Íslendingar munu ekki geta vænzt myndar af þm. í lávarðadeildinni, því að þar mun bannað að taka myndir.

Nú er það alkunna, að það er í verkahring utanrrh. að kynna málstað Íslendinga í landhelgismálinu erlendis. Þess vegna er spurning mín til hæstv. utanrrh. þessi: Tók hann ákvörðun um þessa sendiferð? Ef svo er ekki, hver gerði það þá? Hafi hæstv. utanrrh. ekki tekið ákvörðun um ferðina, spyr ég, hvort hann hafi vitað um hana, áður en ákvörðun um hana var tekin. Ég vil í þessu sambandi taka skýrt fram, að ég er ekki með þessum orðum að kasta nokkurri rýrð á Jónas Árnason alþm. persónulega. Ég hef aldrei dregið dul á og geri ekki enn, að ég hef hinar mestu mætur á honum sem afbragðs rithöfundi og skáldi og met hann einnig mikils sem einstakling. Það er í engu ósamræmi við þessar skoðanir, þótt ég telji, að hann hafi tæplega til að bera þá þekkingu á landhelgismálinu, að hann sé æskilegur sem einn aðalkynnir þess á erlendum vettvangi. A. m. k. tel ég, að auðvelt sé að finna marga aðra, sem betur væru til þess fallnir.

Mér er einnig mjög til efs, að þetta ferðalag verði til þess að styrkja íslenzkan málstað í Bretlandi og annars staðar. Það minnir of mikið á ameríska „show-business" til þess að svo geti orðið. En flestir Íslendingar munu telja, að jafnmikilvægan málstað og hér er um að ræða eigi að kynna með öðrum og alvarlegri hætti.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hafði sagt mér frá því, að hann mundi óska vitneskju um ferðalög Jónasar Árnasonar, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Mér er mjög ljúft að veita bæði honum og hv. 1. þm. Reykv., svo og öllum hv. alþm. öðrum, upplýsingar um það, að þessi ferð Jónasar Árnasonar margumtöluð er farin til að kynna málstað okkar í landhelgismálinu og er farin með fullri vitund og samþykki mínu sem utanrrh. Málið var hins vegar ekki, að ég taldi, þannig vaxið, að ástæða væri til að ræða það á fundi ríkisstj. í heild. Má vera, að þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, finnist það óviðeigandi, að einn ráðh. geti ákveðið svona viðamikið ferðalag til útlanda, án þess að bera það undir ríkisstj. alla. En það verður þá því að taka.

Ég hef engu við þetta að bæta öðru en því, að Jónas Árnason hefur áður farið til Bretlands svipaðra erinda. Það var þegar hann tók þátt í sjónvarpsþætti Magnúsar Magnússonar í Aberdeen, og ég hef beztu trú á því, að honum takist einnig núna að halda þannig á okkar spilum, að það verði málstað Íslands í landhelgismálinu til ávinnings.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef ekki mörgu við að bæta öðru heldur en því, að mér sýnist vera farinn að verða nokkuð til málamynda sá þáttur stjórnarsamnings hæstv. ríkisstj., sem segir, að haft skuli samráð við stjórnarandstöðuna. En eins og kunnugt er, var sett á laggirnar nefnd, landhelgismálanefnd, þannig að í henni gæti ríkisstj. haft samráð bæði við þm. úr stjórnarliðinu og stjórnarandstöðunni. Og mér fyndist nú, að það mætti ekki minna vera, þegar til slíkrar farar sem þessarar er stofnað, en að þá væri rætt um það í þessari sérstöku nefnd, sem átti að vera til ráðuneytis, með hverjum hætti málstaður Íslands verði bezt kynntur. Hæstv. utanrrh. getur haft sína skoðun á því, að það verði bezt gert með slíkum aðferðum sem þessum, en það má vel vera, að aðrir hafi aðra skoðun á því, og ég tel, að hér sé mjög illa að farið af hálfu stjórnarinnar og hún sé búin að gleyma því samráði, sem hún ætlaði að hafa við stjórnarandstöðuna um landhelgismálið, því að ég veit ekki, hvað er langt síðan fundir hafa verið haldnir, og það er sjaldan talað við hana um það, hvað gera skuli.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svar hans. Ég hef engu við þetta að bæta öðru en því, að það er einlæg og eindregin ósk mín, að hann hagi kynningu landhelgismálsins á erlendum vettvangi af meiri ábyrgðartilfinningu en hér hefur átt sér stað.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru heldur einkennilegar aths., sem hér hafa komið fram í tilefni af því, að einn alþm. hefur farið til Bretlands til þess að kynna þar málstað okkar í landhelgismálinu. Áður en hann hefur svo að segja tekið til starfa í þessum efnum, þá koma hér fram fullyrðingar um. að það þurfi að vinna að kynningunni með öðrum hætti en hér sé ætlað að vinna o. s. frv., og þannig er talað um þetta mál rétt eins og það hafi ekki komið fyrir áður, að neinn annar alþm. hafi talað um landhelgismálið eða kynnt landhelgismálið af okkar hálfu á erlendum vettvangi að undanförnu. Ég veit ekki betur en þessir tveir hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, sem hér eru að spyrja, séu tiltölulega nýkomnir erlendis frá, þar sem þeir hafa verið að senda fréttir heim um það, að þeir hafi sérstaklega verið að kynna málstað Íslands í landhelgismálinu. Ég veit ekki betur en fjöldamargir þm. hafi við ýmis tækifæri á erlendum vettvangi verið að flytja ræður og láta tilkynna um það hér heima, að þeir hafi verið að kynna málstað Íslands í landhelgismálinu.

En í þessu tilfelli liggur það fyrir, að brezkur þm., sem hér var staddur, velviljaður okkur í landhelgismálinu, hafði kvatt sér hljóðs einmitt um landhelgismálið í lávarðadeild brezka þingsins og hann hafði boðið Jónasi Árnasyni alþm. að vera viðstaddur þær umr., sem þar færu fram í lávarðadeildinni. Þegar þetta lá fyrir, þá þótti okkur, mér og utanrrh., einsýnt, að það væri aðeins eðlilegt að nota þetta tækifæri og fá Jónas Árnason til þess að ræða þar við fleiri aðila, sem við álítum, að geti gert okkur gagn á erlendum vettvangi í sambandi við þetta mál, og það er meginástæðan fyrir því, að ákveðið var, að Jónas færi í þessa ferð. Jónas hefur áður, eins og hér hefur komið fram, bæði vestan hafs og austan, skýrt okkar málstað í landhelgismálinu og gert það með mestu prýði, og ég verð því að segja það, að aths. af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar og það, sem þeir hafa sagt hér í tilefni af þessu, er í mesta máta ómaklegt og tilefnislaust með öllu. Og það er síður en svo til þess að veita okkur stuðning í landhelgismálinu að koma fyrir fram með aðdróttanir til þeirra, sem eru að reyna að vinna að framgangi málsins.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram, að svona liggur í þessu máli, og hér er staðið að málinu fullkomlega á eðlilegan hátt, og ég ætla það, að ég eða aðrir, sem með þetta mál höfum að gera, þurfum ekki að spyrja forustumenn stjórnarandstöðunnar um leyfi í hvert skipti, sem við ræðum við erlenda aðila um þetta mál. Við höfum ekki gert kröfu til þess í ríkisstj., að þeir skriftuðu fyrir okkur í hvert skipti, sem þeir ræddu við erlenda menn um málið. Enda skil ég ekki, hvað slík vinnubrögð ættu að þýða í máli eins og þessu. Ég treysti því fyllilega, m. a. með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt á erlendum vettvangi varðandi störf Jónasar Árnasonar í sambandi við þetta mál, að þessi ferð hans verði okkur til gagns og geti ekki á neinn hátt orðið málstað okkar til tjóns.

Það atriði út af fyrir sig, hvort einhver blöð hafi tekið myndir af manni við þetta eða hitt tækifærið og hvort hv. 7. þm. Reykv. getur glaðzt yfir því, að það muni þó ekki vera hægt að taka myndir af manni við eitthvert sérstakt tækifæri, það er svo önnur saga og skiptir í rauninni ekki máli í þessu efni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ja, það komst upp um strákinn Tuma. En út af því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, þá vil ég algerlega mótmæla því, að í mínum orðum hafi falizt nokkrar aðdróttanir í garð Jónasar Árnasonar. Ég spurðist fyrir um það, hvort það væri búið að taka upp nýjar vinnuaðferðir á vegum utanrrn. og utanríkisþjónustunnar og óskaði svars við því, en lét hitt liggja á milli hluta, hvort Jónas Árnason væri hæfur eða ekki hæfur til þeirra ferða, og ég kvartaði undan því í öðru lagi, að það væri gengið fram hjá því að hafa samráð við stjórnarandstöðuna, eins og mælt er fyrir í stjórnarsamningnum og nefnd var sett á laggirnar til þess að vinna að, þegar um er að ræða kynningu landhelgismálsins.

Á 46. fundi í Sþ., 9. marz, utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Af tilefni frétta, sem birzt hafa í gær og í dag í Ríkisútvarpi og blöðum og snerta deilumál Íslendinga við Breta og Þjóðverja um útfærslu íslenzku landhelginnar, vil ég mega taka eftirfarandi fram:

Í landhelgisnefndinni hefur framvinda málsins ekki verið rædd síðan á fundi þann 29. febr., sem þá var sérstaklega óskað eftir. Ég ítreka enn, að ég tel mjög misráðið, að ótímabærar yfirlýsingar séu gefnar um væntanleg viðbrögð íslenzku ríkisstj. við málskoti deiluaðila til Alþjóðadómstólsins og hugsanlega samningsgerð við þá um veiðiréttindi innan landhelginnar. Þær eru gefnar án alls samráðs við stjórnarandstöðuna og, að því er ég hygg, án undangengins samráðs innan hæstv. ríkisstj. Sérstaklega eru slíkar yfirlýsingar á erlendum vettvangi vanhugsaðar og vítaverðar, þegar þær geta misskilizt sem orðsendingar eða afstaða íslenzku ríkisstj., enda hlýtur það að vera hlutverk utanrrh. eða annarra þeirra, sem hafa umboð ríkisstj. til þess að gefa slíkar yfirlýsingar. Það er hins vegar kunnugt af ummælum hæstv. forsrh. við fjölmiðla, að hann hefur að svo komnu ekki talið ástæðu til þess að tjá sig um málið. Hitt liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur í orðsendingum sínum til ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands fyrir síðustu mánaðamót lagt áherzlu á, að viðræður héldu áfram milli fulltrúa ríkjanna til þess að reyna að finna hagfellda lausn þeirra vandamála, sem upp kunna að koma við útfærslu landhelginnar þann 1. sept. 1972. Ég vil því, hæstv. forsrh., leyfa mér að óska þess, að samráð verði haft um málið við fyrstu hentugleika í landhelgisnefndinni, eins og fyrirheit liggja fyrir um og þar sem stjórnarandstaðan á sína fulltrúa.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ósk hv. 1. þm. Reykv. um það, að í landhelgisnefnd verði fjallað um þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið af hálfu ráðamanna Bretlands og Vestur-Þýzkalands, er sjálfsögð og eðlileg. Ég mun kalla landhelgisnefnd saman strax eftir þessa helgi, og þar verður kostur á að fjalla um þessi mál. En sannleikurinn er sá, að við höfum verið að bíða eftir formlegum orðsendingum frá þessum aðilum um málið, og ýmislegt er, sem þörf er á að fá skýringar á í sambandi við það. Ég hef lagt á það áherzlu einnig í viðtölum, sem ég hef átt við fulltrúa

þessara ríkja, að viðtölum yrði haldið áfram og ég vona, að svo verði. Á þessu stigi sé ég að öðru leyti ekki ástæðu til að vera að gefa opinberar yfirlýsingar, nema hvað ég get að sjálfsögðu vísað til þess, sem sagt hefur verið í samþykkt Alþ. og orðsendingu ríkisstj., að samningur eða samkomulag við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 eigi að áliti Alþ. og íslenzku ríkisstj. ekki lengur við og Ísland sé því samkv. því samkomulagi ekki skuldbundið til þess að hlíta lögsögu Alþjóðadómstólsins.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. undirtektir undir það, að samráð verði haft við stjórnarandstöðuna í landhelgisnefndinni og tel, að það sé alveg fullnægjandi eftir næstu helgi. En það er líka mjög þýðingarmikið, að ræddar verði þær orðsendingar, sem á milli ríkisstj. hafa farið, Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar, og var reyndar gert ráð fyrir því á síðasta landhelgisnefndarfundi þann 29. febr., og það er allt gott um þetta að segja. Einnig er vitnað réttilega í ályktanir Alþ., nema ég sé ástæðu til þess að taka það fram, að í ályktun þingsins var auðvitað ekki talað um uppsögn á samningum, heldur heimild til uppsagnar á samningunum, ef ríkisstj. sýndist svo, eins og fram kom í nál. utanrmn. En það, sem ég fann að hér, voru ótímabærar yfirlýsingar, í þessu tilfelli þm., sem farið hefur í opinberum erindum til útlanda og sem ég tel ekki við eiga, en hér þurfi að vanda hvert spor, sem stigið er, og þess vegna hafi það frá öndverðu verið eðlilegt og rétt af hæstv. ríkisstj. að leita samráðs við stjórnarandstöðuna í þessu máli, enda tók hún því vel frá öndverðu, hefur að vísu stundum fundið að því, að það væri nokkuð gengið á snið við hana, en ég þakka fyrir þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur hér gefið.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, utan dagskrár, mælti

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til þess á opinberum vettvangi að vara við blaðamennsku eins og þeirri, sem birtist í einu stjórnarblaðinu, málgagni hæstv. sjútvrh., Þjóðviljanum, í morgun. Þar segir í fyrirsögn fyrir fimm dálka grein á forsíðu blaðsins: „Borgarstjórinn leggur fram friðarplan. Er hann fyrsti bandamaður Breta á Íslandi?“

Þar sem um fiskveiðilögsögudeiluna við Breta er að ræða, er hér í rauninni verið að dylgja um, að pólitískur andstæðingur sé að svíkja málstað Íslands, drótta að honum athæfi, sem nálgist landráð. Tilefni æsiskrifa Þjóðviljans er frétt í brezka blaðinu Hull Daily Mail, sem ég var búinn að leiðrétta í Morgunblaðinu s. l. föstudag, svo að langan tíma hefur tekið að smíða reykbombuna til að koma höggi á pólitískan andstæðing. Efnisatriði brezku fréttarinnar er orðrétt, eins og Þjóðviljinn þýðir hana, með leyfi forseta:

„Áætlunin, sem kom fram frá borgarstjóranum í Reykjavík á fundi í neðri málstofunni í gærkvöld, gerir ráð fyrir, að Bretland og Ísland samþykki að takmarka og skipta með sér fiskaflanum innan 50 mílna markanna, sem gerð er tillaga um.“

Um þessa frétt hins brezka blaðs segi ég í viðtali við Morgunblaðið s. l. föstudag, með leyfi forseta:

„Þessar staðhæfingar eru efnislega rangfærðar, sagði Geir Hallgrímsson. Á fundi fiskimálanefndar brezku þingflokkanna taldi ég samkv. því, sem fram hefði komið frá íslenzkum stjórnvöldum, að um samkomulagsgrundvöll gæti verið að ræða, þannig að Bretar og Þjóðverjar minnkuðu aflamagn sitt á Íslandsmiðum, en við værum auðvitað að færa út fiskveiðitakmörkin annars vegar til að vernda fiskstofnana og hins vegar til að auka okkar eigið veiðimagn. Verndun fiskstofnanna gæti komið öðrum þjóðum að gagni við veiðar utan fyrirhugaðrar fiskveiðilögsögu, þegar til lengdar léti, því að án slíkrar útfærslu mundu hvorki við, Bretar eða aðrir draga fisk úr sjó. Þá kæmu til greina takmörkuð veiðiréttindi á ákveðnum veiðisvæðum um tiltekinn tíma innan 50 mílna fiskveiðilögsögu til bráðabirgða. Þá væri e. t. v. nauðsynlegt að takmarka allt í senn, veiðisvæði, aflamagn og skipafjölda. Af brezkri hálfu var því svarað til, að viðurkenning á 50 mílna fiskveiðilögsögu okkar kæmi undir engum kringumstæðum til greina fyrir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. En því var ekki neitað, að við gætum gert þegjandi samkomulag um að vera ósammála. Við færðum út, Bretar mótmæltu, en til bráðabirgða gengjust Bretar inn á ákveðnar veiðitakmarkanir í einu eða öðru formi.“

Hér lýkur tilvitnuninni í viðtal Morgunblaðsins við mig. Í engu því, sem ég lét í ljós um samkomulagsgrundvöll í fiskveiðilögsögudeilunni við Breta, tel ég mig hafa farið út fyrir það, sem forsrh., utanrrh. og sjútvrh. hafa á ýmsum stigum málsins látið í ljós sem mögulegan samkomulagsgrundvöll. Ég tel það skyldu Íslendinga, sem tækifæri hafa á erlendum vettvangi, að skýra viðhorf og málstað Íslands í landhelgismálinu. Í þeim anda tók ég því boði og einstöku tækifæri að sitja og taka þátt í umr. á sameiginlegum fundi fiskimálanefndar Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins í neðri málstofu brezka þingsins.

Ég hef gert forsrh. og utanrrh. grein fyrir þessum fundi, svo og því, sem fram kom í viðræðum mínum við brezka ráðamenn um landhelgismálið, þegar ég var í London. Í því sambandi bar og á góma hina röngu blaðafregn í Hull Daily Mail um afskipti mín af málinu sem og ósanna frétt Financial Times um, að forseti Sjómannasambands Íslands hefði fallið frá fylgi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort tveggja sem dæmi um fréttaflutning erlendis, sem ekki verður ráðið við. Við ráðum nefnilega ekki fréttaflutningi brezkra blaða og vitum af mörgum dæmum, að oft er bæði þar og í öðrum blöðum margt missagt.

Ekkert er að því að vekja hér athygli á slíkum skrifum erlendis, m. a. til þess að hið sanna komi í ljós, eins og Morgunblaðið gerði s. l. föstudag, en að nýta slík skrif, eftir að þau hafa verið leiðrétt, í þeim tilgangi að koma höggi á pólitískan andstæðing, er forkastanleg blaðamennska. Sérstaklega ber að harma slíka blaðamennsku, þegar sama dag er tilkynnt, að utanrrh. og sjútvrh. muni fara til viðræðna við brezka ráðamenn til að finna lausn á fiskveiðilögsögudeilunni. Verður tæpast trúað, að æsifrétt Þjóðviljans um pólitískan andstæðing sé í raun veganesti þess blaðs til samherja í ríkisstj., áður en þeir fara til Bretlands.

Herra forseti. Allir góðir Íslendingar óska utanrrh. og sjútvrh. góðs gengis í viðræðum þeirra í London og vonast til þess, að þær muni leiða til lausnar fiskveiðilögsögudeilunnar, þannig að hagsmunum Íslendinga sé vel borgið. Við skulum ekki láta ábyrgðarlaus blaðaskrif spilla friðsamlegri lausn deilumáls okkur í hag.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Tilefni þeirrar aths., sem hér var gerð af hv. seinasta ræðumanni, er það, að erlent blað telur sig hafa eftir hv. þm. Geir Hallgrímssyni ummæli um landhelgismálið, sem verða að sjálfsögðu að teljast mjög sérstök og nánast furðuleg. Það, sem síðan gerist í málinu, er það, að Þjóðviljinn skýrir frá því, hvað staðið hafi í þessu erlenda blaði. Geir Hallgrímsson vill hins vegar ekki kannast við það, að hann hafi mælt þau orð, sem þarna eru eftir honum höfð, og það segir sig sjálft, að hann hefur fyllsta rétt til þess að mótmæla því, sem ranglega er eftir honum haft. Ég hef ekki neina ástæðu til að ætla annað en að hann fari þar með rétt mál og þarna sé um misskilning að ræða. Ég tel, að það sé mergurinn málsins í þessu tilviki, að þarna þurfi að vera um að ræða leiðréttingu á því, sem rangt er eftir einstökum manni haft. Ég vil hins vegar undirstrika það, að mér sýnist, að leiðrétting hans eigi nú fyrst og fremst erindi við brezkan almenning, og ég held, að það sé fyllsta ástæða til þess, að hv. þm. geri ráðstafanir til þess að koma á framfæri leiðréttingu við það blað, sem hann telur, að hafi birt eftir sér röng ummæli. Ég vil minna á það hér, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem atburðir af þessu tagi gerast hér. Það er ekki í fyrsta sinn í vetur, að röng ummæli eru höfð eftir íslenzkum þm. Ég vil minna á það hér, að ýmis ummæli hafa verið höfð eftir hv. þm. Jónasi Árnasyni, sem hafa síðan verið hent á lofti í íslenzkum blöðum, og út af þeim röngu ummælum hafa síðan verið spunnar ýmsar ómaklegar svívirðingar í hans garð, án þess að hann hafi séð ástæðu til þess að gera svo stórt númer út úr málinu, að hann kveddi sér hljóðs hér utan dagskrár á Alþ. En það er rétt, að þetta komi fram, vegna þess að þarna er um algerar hliðstæður að ræða.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í þeim orðum hv. 4. þm. Norðurl. v., sem þm. heyrðu hér áðan, gekk hann algerlega fram hjá því, að búið var að leiðrétta ummæli hins brezka blaðs, þegar blað hans, þessa hv. þm., telur ástæðu til þess að byggja árás og ásökun svo alvarlega sem raun ber vitni á þeim leiðréttu ummælum. Það er fyrst og fremst þetta, sem ég er að finna að. Þeir þm., sem ekki hafa séð ástæðu til þess að leiðrétta missagnir sem slíkar, verða auðvitað að hlíta því, að á erlendum blaðafregnum sé byggt, sem óleiðréttar eru, en ég geri þá kröfu til íslenzkra blaða, að þau taki mark á því, þegar leiðrétting hefur birzt og hið sanna er komið fram í málinu, en láti ekki eins og engin leiðrétting sé komin fram.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er ein spurning, sem mjög mikilvægt er, að fáist svar við. Hefur hv. þm. Geir Hallgrímsson séð til þess, að þessi ummæli séu leiðrétt úti í Englandi?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér er mjög mikil ánægja að svara fsp. hv. síðasta ræðumanns. Ég hef gert ráðstafanir til þess, að viðtal mitt við Morgunblaðið verði sent þeim, sem var í forsæti og bauð mér til fundar í neðri málstofunni, svo og til þess blaðs, sem birti greinina.

VIII. Ástandið í Bangla Desh.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., utan dagskrár, mælti

Sigurður E. Guðmundsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er hið mikla hörmungarástand, er nú ríkir í málum Austur-Pakistana, jafnt þeirra, er flúið hafa landið til Indlands, sem hinna, er heima sitja og búa þar við hinar mestu hörmungar. Ég leyfi mér að óska eftir því, að hæstv. utanrrh., sem nú gegnir einnig embætti forsrh., greini Alþ. frá því, hvort ríkisstj. hafi rætt þetta alvörumál á fundum sínum og til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af Íslands hálfu.

Ég geri ráð fyrir því, að það þyki nokkur nýlunda hér á hv. Alþ., að beðið sé um orðið utan dagskrár til að fjalla um neyðarástand milljóna manna í öðrum löndum, og það m. a. s. svo fjarri sem Indland er. Skýring þessa er sú, að hér er um að ræða svo mikla neyð svo mikils fjölda manna, að í manna minnum er vart önnur meiri. Opinberar tölur indverskra stjórnvalda herma, að austur-pakistanskir flóttamenn í Indlandi séu nú orðnir rúmlega 9 millj. talsins. Í þeim hópi eru u. þ. b. 2 milljónir barna og verðandi mæðra. Eru þar af um 600 þús. börn 5 ára og yngri, en börn á aldrinum 5—8 ára gömul eru u. þ. b. 1200 þús. talsins. Um miðjan septembermánuð s. l. var fyrirsjáanlegt, að þessi börn mundi m. a. skorta um 4000 tonn af mjólkurdufti og 16000 tonn af sykri til að komast af á næstu 6 mánuðum. Þá var aðeins vitað um 1550 tonn af þessum fæðutegundum, sem gefin höfðu verið. Er því ljóst, að hér bíður mikið óleyst vandamál þeirra, er vel vilja.

Ég hef aðeins rætt hér um austur-pakistönsku flóttamennina, er dvelja í Indlandi. Vandi þeirra er mikill, eins og ég hef nú lýst, en raunar er hann ekki aðeins þeirra, heldur er sýnilegt, að Indlandsstjórn telur, að mikinn vanda hafi einnig henni borið að höndum. Til þess benda ferðir þær, er utanríkisráðherra landsins tókst á hendur fyrr á þessu ári um Evrópulönd, og forsrh., frú Indira Gandhi, er nú á meðal hinna efnuðu þjóða í Vestur-Evrópu. Erindi beggja þessara ráðherra hefur verið að leita liðsinnis Vestur-Evrópuþjóðanna í þessu mikla vandamáli. En þetta er ekki aðeins vandi þessara tveggja þjóða, sem hann kemur þyngst og harðast niður á, heldur allra þeirra, sem sjá og skilja, að hann getur stofnað friðnum á þessu heimssvæði í hættu, auk þess sem þeim ber að sjálfsögðu siðferðileg skylda til þess að líkna í nauð. En þótt ástandið meðal austur-pakistönsku flóttamannanna í Indlandi sé ólýsanlega slæmt, er það vafalaust einnig afleitt meðal mikils fjölda manna í Austur-Pakistan. Um það vita menn þó miklu minna, því að landið hefur verið lokað af styrj-

aldarástæðum, og það var ekki fyrr en rétt nýlega, sem Alþjóða Rauða krossinum var leyft að hefja þar líknarstarf. Þó er ljóst, að ástandið þar er hörmulegt. Sviinn Henrik Beer, framkvæmdastjóri Alþjóða Rauða krossins, sagði eftirfarandi um það í viðtali við íslenzkt dagblað hinn 14. sept. s. l., með leyfi forseta:

„Um þörfina vitum við lítið. Þó er ljóst, að þarna eru viss verkefni, sem þarf að byrja á, eins og t. d. að ná til gamalmenna, ekkna með börn og þess háttar hópa, sem eru varnarlausastir. Þarna getur orðið geysileg hungursneyð innan fárra mánaða. Uppskeran verður líklega engin. Nú er lifað á fæðu, sem búið var að sá til, áður en ósköpin dundu yfir. En ekki hefur verið sáð að nýju. Haustið er líka hvirfilvindatíminn og þá koma flóðin."

Herra forseti. Með vísan til þess, sem hér hefur komið fram, vænti ég þess, að menn verði mér sammála um það, að hér sé um að ræða mikla neyð, er nái til fleiri manna en nokkru sinni fyrr — nema á styrjaldartímum. En það er ekki aðeins, að neyðin sem slík sé mikil, heldur er einnig sýnilegt, að friðurinn á þessu svæði er í mikilli hættu. Stjórnendur Indlands og Pakistans hafa haft uppi stór orð hver í annars garð, og fyrir skömmu var birt tilkynning Indlandsstjórnar um að varalið hersins skyldi við öllu búið. Í hönd fer nú erfiður árstími fyrir íbúa þeirra landssvæða, er hér eiga hlut að máli. Henrik Ber, framkvæmdastjóri Rauða krossins, segir, að innan fárra mánaða geti komið til geysilegrar hungursneyðar á þessu svæði. Þetta er Íslendingum ljóst. Án skipulegra aðgerða hafa sjálfkrafa safnazt um 6 millj. kr. í landinu undanfarna mánuði. Þar af hefur Rauði krossinn safnað um 4.5 millj. kr., en Þjóðkirkjan hefur safnað 2—2.5 millj. kr. Framlögin hafa verið bæði stór og smá. Einstæð móðir gaf 20 þús. kr., verkamaður gaf 100 þús. kr., stórkaupmaður 250 þús., aldraður verkamaður 150 þús. kr., starfsfólk á vinnustöðum hefur skotið saman álitlegum fjárhæðum, menn hafa sleppt sunnudagsmáltíðum, þannig mætti lengi telja. Ótrúlegur fjöldi hefur lagt fram fé, hver og einn eftir getu sinni og sumir þó meira en getan hefur leyft, eins og dæmin sanna. Mér hefur verið tjáð, að fyrrv. ríkisstj. hafi lagt úr ríkissjóði 500 þús. kr. fyrr á þessu ári vegna þessa máls. Stuðningur við hinn mikla mannfjölda í neyð austur þar á sér sýnilega djúpan og mikinn hljómgrunn meðal hinnar íslenzku þjóðar, sem býr nú almennt við betri kjör en nokkru sinni fyrr í sögu hennar. Því mundi ríkulegur stuðningur úr ríkissjóði áreiðanlega verða vel séður hér á landi. Ég tel víst, að hæstv. ríkisstj. hafi rætt þetta mál á fundum sínum og hafi e. t. v. þegar tekið ákvörðun um stórmannlegan stuðning af okkar hálfu. Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að gefa Alþ. upplýsingar um það mál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í lok júnímánaðar s. l. samþykkti ríkisstj. þáverandi að leggja fram 500 þús. kr. til styrktar flóttafólki frá Austur-Pakistan. Var fé þessu skipt þannig, að til Alþjóða Rauða krossins gengu 250 þús. kr., en 250 þús. kr. voru sendar til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Nýlega barst svo beiðni frá Flóttamannastofnuninni um aukinn stuðning og á það bent, að samkvæmt álitsgerð ríkisstj. Indlands, dags. 1. þ. m., væri nauðsynlegt að afla u. þ. b. 558 millj. dollara til þess að framfleyta 8 millj. flóttamönnum í 6 mánuði. Þegar beiðnin var send, var talið, að loforð hefðu alls verið gefin um 115 millj. dollara framlög um hendur Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra, þar af um helmingur vörur. Borizt höfðu þá í reiðufé tæplega 44 millj. dollara. Einnig barst ríkisstj. beiðni frá Rauða krossi Íslands um viðbótarframlag frá ríkisstj. til söfnunarinnar. Ríkisstj. hefur nú, þ. e. í fyrradag, ákveðið að leggja fram til aðstoðar flóttamönnum frá Austur-Pakistan 1 millj. kr. til viðbótar áðurnefndu framlagi sínu, og nemur heildarframlag ríkisins þá 1½ millj. kr. Mun framlagið skiptast þannig, að til Rauða krossins fara 500 þús. og til Flóttamannastofnunarinnar í Genf 500 þús. kr. Hinn 27. þ. m. höfðu safnazt í frjálsum framlögum á vegum Rauða kross Íslands, eins og hv. 7. þm. Reykv. raunar gat um, 4½ millj. kr. og á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar 2.1 millj. kr. Nam söfnunin á Íslandi samkvæmt því 8.1 millj. kr. þann dag, þegar framlag ríkisins er með talið.

Ég vona, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi.

Sigurður E. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér um aðgerðir af hálfu ríkisstj. og ríkissjóðs í þessu máli. Ég óska þess, að ríkisstj. verði vel á verði í þessu mikla vandamáli, því að það er ljóst, m. a. af orðum Henriks Ber, framkvæmdastjóra Rauða krossins, er ég las hér áðan, að því miður getur það farið svo, að fólkið, þær milljónir manna, sem búa á þessu landssvæði svo fjarri okkur, á Indlandi, mæti mikilli neyð nú á haust- og vetrarmánuðunum og það getur vel farið svo, að á nýjan leik verði óhjákvæmilegt, að ríkissjóður leggi fram stórmikið fé til aðstoðar við þetta fólk. Ég vænti þess, að ríkisstj. sjái sér fært að verða við því, ef eftir því verður leitað.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., utan dagskrár, mælti

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs út af ákveðnu máli, þ. e. að hreyfa viðurkenningu á Bangla Desh og í sambandi við það mál bera fram fsp. til hæstv. utanrrh.

Einn markverðasti atburður heimsmálanna á s. l. ári var án efa tilkoma Austur-Bengals, sem á máli þarlendra nefnist Bangla Desh, sem sjálfstæðs ríkis. Þessi þjóð, sem er í tölu fjölmennustu ríkja veraldar, — þar munu búa um 75—80 milljónir manna — hefur nú risið upp af rústum eftir blóðsúthellingar og borgarastyrjöld og heimtar nú sinn rétt meðal sjálfstæðra þjóða heims. Sjálfstæðisbarátta þessarar þjóðar er blóði drifin og fáir geta gert sér í hugarlund þær fórnir, sem þessi þjóð hefur orðið að færa til að öðlast sjálfstæði, og þær hörmungar, sem yfir hana hafa gengið. Þingheimur þekkir þessa hörmungasögu, a. m. k. í stórum dráttum, og þarf því ekki að rekja hana nánar. En miklu máli skiptir í þessu sambandi, að um sjálfstæðisvilja Bangla Desh efast enginn, að Awami-bandalagið, sem þar fer með völd, vann yfirburðasigur í almennum, lýðræðislegum kosningum og forustumenn þjóðarinnar eru á sama hátt kjörnir í almennum lýðræðislegum kosningum.

Eftir baráttu sína, hina blóðugu baráttu fyrir frelsi gegn yfirgangi og kúgun Vestur-Pakistana, er atvinnulíf

landsins í rúst, og án efa blasir við mannfall af hungri, ef ekki tekst vel til. Þessi þjóð virðist hafa, eins og sakir standa, lítið annað en óslökkvandi vilja til sjálfstæðis, metnað til að ráða málum sínum ein. Þess vegna er mikilvægt fyrir Bangla Desh að fá viðurkenningu annarra þjóða fyrir sjálfstæði sínu og vera talin hlutgeng með öðrum þjóðum. Öll þeirra barátta, bæði efnahagsleg og stjórnarfarsleg, yrði miklum mun auðveldari. En nú er vitað, að bæði Bandaríkin og Kína munu leggja kapp á að draga slíka viðurkenningu á langinn, og er hætt við því, að margar þjóðir fari að dæmi þeirra og að sjálfsögðu auðsveipustu leppríkin. Íslendingar mega gjarnan og raunar eiga að láta til sín taka og láta ekki valdabaráttu stórveldanna villa sér sýn. Þess vegna var það mikið fagnaðarefni, þegar danski utanrrh., K. B. Andersen, lét þau ummæli eftir sér hafa í fjölmiðlum, að Danir teldu, að viðurkenning á Bangla Desh kæmi mjög til greina og haft yrði samband við utanrrh. annarra Norðurlanda. Ég hjó eftir því, að þar voru sérstaklega tilgreind Svíþjóð og Noregur til þess að athuga þetta mál nánar. Í tilefni af þessu vakna þær spurningar, sem ég leyfi mér nú að leggja fram fyrir hæstv. utanrrh.

1. Hefur danski utanrrh., K. B. Andersen, sett sig í samband við ríkisstj. út af fyrirhugaðri viðurkenningu Dana á Bangla Desh?

2. Hver er afstaða ríkisstj. til þessa máls og hyggst hún taka eitthvert frumkvæði í því?

3. Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til þess að íslenzka ríkisstj. telji sig geta viðurkennt Bangla Desh?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef hér örstutt svör við þrem fsp. hv. 3. landsk. þm. Svar við fyrstu spurningunni er, að danski utanrrh. hefur ekki haft samband við íslenzku ríkisstj. út af Bangla Desh.

Svar við annarri spurningu: Spurningin um viðurkenningu á ríkisstj. Bangla Desh var rædd á ríkisstjórnarfundi snemma í jan. og ákveðið að hafa samflot með hinum Norðurlöndunum í því efni. Var sendiráði Íslands í Stokkhólmi falið að fylgjast með málinu, og hefur utanrrn. síðan fengið ýmsar upplýsingar frá sænskum stjórnvöldum um afstöðu hinna Norðurlandanna og nokkurra annarra ríkja. Gert er ráð fyrir, að Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð viðurkenni Bangla Desh samtímis, og verður þá Ísland með í þeim hópi.

Svar við þriðju spurningu: Almenn skilyrði til þess, að nýtt ríki hljóti viðurkenningu, má segja að séu þau, að viðkomandi stjórnvöld hafi náð sjálfstæðum, raunverulegum og virkum yfirráðum yfir umræddu landssvæði. Ég hygg, að fram að þessu hafi tæpast þótt fullljóst, hvort slík þjóðréttarleg skilyrði hafi verið fyrir hendi í Bangla Desh, en ég endurtek, að ríkisstj. Íslands hefur ákveðið að hafa samflot með hinum Norðurlöndunum í þessu máli, og viðurkenning okkar mun koma samtímis viðurkenningu þeirra. Sem stendur munu níu ríki hafa viðurkennt hið nýja ríki, Bangla Desh.

Ég vil svo að lokum aðeins skýra frá því, að í byrjun jan. barst mér áskorun frá allmörgu fólki á Laugarvatni þess efnis að viðurkenna þetta nýja ríki, og síðan hafa nokkrar áskoranir frá einstaklingum borizt, sem ég sé ekki ástæðu til að tefja tíma Alþ. með að telja hér upp, nema sérstök ástæða gefist til.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil færa hæstv. utanrrh. þakkir fyrir greið svör og ekki sízt fyrir það, hversu jákvætt hann tók undir hugsanlega viðurkenningu á Bangla Desh. Ég hygg, að einmitt viðurkenning á Bangla Desh sé beint framhald af þeim atriðum í málefnasamningi ríkisstj., þar sem talað er um, að utanríkispólitíkin eigi að vera sjálfstæðari og einbeittari en áður. Ríkisstj. hefur þegar sýnt það, a. m. k. í tveimur málum, að hún hefur fylgt eða hyggst fylgja einmitt þessum atriðum. Bæði hefur hún mótað nýja stefnu í varnarmálum og einnig hefur hún haldið þannig á Kínamálinu hjá Sameinuðu þjóðunum, að það er augljóst, að þarna fylgir hugur máli, og ég tel einmitt, að þetta mál, viðurkenning á Bangla Desh, sé framhald af þeirri stjórnmálastefnu í utanríkismálum, sem stjórnarflokkarnir gerðu samning um.

Áður en ég hverf frá þessu, vil ég aðeins segja eitt. Ég vil vekja athygli þingheims á einu atriði og það er þetta. Það er dálítið merkilegt, að Bandaríkin, fulltrúi kapítalismans, og Maó-Kína, fulltrúi kommúnismans, skuli leggjast á eitt með ofbeldinu, með einræðisstjórninni gegn frelsinu. Er þetta ekki nokkuð athyglisvert fyrir smáþjóð eins og Íslendinga?

IX. Styrjöldin í Vietnam.

Á 66. fundi í Sþ., 10. maí, utan dagskrár, mælti

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna þeirra atburða, sem eru að gerast austur í Vietnam þessa dagana. Nýjustu aðgerðir Bandaríkjastjórnar í styrjaldarrekstri hennar þar austur frá hafa vakið ugg um heim allan. Svo sem kunnugt er úr fréttum, hefur Nixon Bandaríkjaforseti látið loka höfnum í Haifong og fimm öðrum hafnarborgum í Norður-Vietnam með tundurduflum, auk þess sem lofthernaður hefur verið stóraukinn. Nixon hefur tilkynnt, að tundurduflin verði virk á morgun, fimmtudag. Eftir það sigla öll skip til Norður-Vietnams á eigin ábyrgð.

Það er kunnugt, að bandarísk hernaðaryfirvöld hafa áður gælt við þá hugmynd að loka siglingaleiðum til Norður-Vietnams á þennan hátt, en horfið frá því sakir þess, að þeir töldu slíkt athæfi hættulega ögrun við Sovétríkin og Kína og raunar fleiri þjóðir. Nú hefur Bandaríkjaforseti þó ekki skirrzt við að beita slíkum ögrunum með þeim afleiðingum, að heimsfriðnum er stefnt í voða að dómi málsmetandi manna í Bandaríkjunum. Í yfirlýsingu, sem Tass-fréttastofan birti eftir ræðu Nixons, sagði, að hér væri um ódulbúna árás að ræða af hálfu Bandaríkjamanna. Átökin næstu klukkustundirnar standa milli tveggja stærstu hernaðarvelda heims. Ástæðan fyrir athæfi Bandaríkjaforseta er öllum ljós. Þróun styrjaldarinnar síðustu vikur sýnir ótvírætt, að þjóðin í Vietnam var að sigra í frelsisbar-

áttu sinni. Sómi bandarískra hershöfðingja var í hættu og það virðist nú vera sannfæring þeirra og Bandaríkjaforseta, að sómi þeirra verði bezt varðveittur með því að stofna lífi alls mannkyns í hættu. Mikill fjöldi Bandaríkjamanna telur þó, að sómi Bandaríkjaþjóðarinnar felist í öðru en árásarstyrjöldum og manndrápum. Í þessum hópi eru margir mestu áhrifamenn í stjórnmálum Bandaríkjamanna. Hubert Humphrey, McGovern, Edward Kennedy og Musky lýstu samstundis andstöðu sinni og beita sér nú af alefli gegn þessari ákvörðun Nixons Bandaríkjaforseta. Bandarískir stúdentar mótmæla í stórum stíl með þeim afleiðingum, að nú þegar hefur a. m. k. einn þeirra særzt í skothríð, að því er fréttir herma. Utanrrh. Frakka hefur þegar harmað þessa ákvörðun Bandaríkjastjórnar fyrir hönd sinnar þjóðar.

Að mínum dómi er sú skylda lögð á herðar íslenzkri ríkisstj. og íslenzkri þjóð að leggjast á sveif með þeim aðilum, bæði bandarískum og öðrum, sem beita sér nú gegn stefnu Nixons í Vietnam og síðustu hernaðaraðgerðum þar. Bæði er, að við hljótum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að styðja smáþjóð í hetjulegri baráttu fyrir lífi sínu, frelsi og sjálfstæði og við hljótum að lýsa andúð okkar á því, að heimsfriði og þeim friðarumleitunum, sem átt hafa sér stað að undanförnu, sé stefnt í voða. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh., hvort ríkisstj. hefur tekið afstöðu til síðustu viðburða í Vietnam, og sé svo, hver sú afstaða sé og hvort hún hafi verið látin í ljósi við rétta aðila eða ríkisstjórnin hyggist gera það.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í tilefni af þessum orðum og fsp. hv. 4. landsk. þm. vil ég leyfa mér að upplýsa, að á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna, sem haldinn var hér í Reykjavík hinn 25. f. m., var eftirfarandi samþykkt gerð einróma:

„Það hefur ávallt verið álit Norðurlandanna, að deilan í Vietnam, sem rekja má til nýlendutímanna, verði ekki leyst með hervaldi. Varanlegum friði í Vietnam og annars staðar í Indó-Kína verði aðeins náð á stjórnmálalegum grundvelli, sem tryggi viðkomandi þjóðum rétt til að taka ákvarðanir um framtíð sína án íhlutunar utanaðkomandi ríkja. Það er einnig hætta á því, að aukinn stríðsrekstur í Vietnam geti haft neikvæð áhrif á samband stórveldanna og tilraunir til að draga úr spennu. Norðurlöndin hvetja því viðkomandi aðila eindregið til þess að taka hið fyrsta upp aftur friðarviðræður."

Þessi ályktun sem er hluti af meira máli var send til allra fjölmiðla sama dag, svo og til sendiráða Íslands erlendis. Á fundi með William Rogers, utanrrh. Bandaríkjanna, í ráðherrabústaðnum hér í Reykjavík hinn 3. þ. m. eða fyrir réttri viku lét ég í tilefni af þessu í ljósi við hann áhyggjur íslenzku ríkisstj. út af gangi mála í Vietnam. Í gær átti ég svo samtal við sendiherra Bandaríkjanna hér og ég gerði honum í ljósi síðustu atburða grein fyrir því, hversu íslenzka ríkisstj. hlyti að harma þá óheillaþróun, sem þessi mál hafa nú tekið. Þannig hefur að mínum dómi allt of fljótt komið fram það, sem fyrrnefndur utanríkisráðherrafundur óttaðist og vakti athygli á, þ. e. að aukinn stríðsrekstur í Vietnam hafi neikvæð áhrif á samband stórveldanna og tilraunir til að draga úr spennu. Því miður hefur umrædd samþykkt utanríkisráðherrafundar Norðurlandanna, sem kannske var heldur varla að vænta, ekki megnað að draga úr þeim stríðsrekstri, sem háður er í Vietnam, en ég hygg, að enginn þurfi að vera í vafa um það, hvaða skoðanir íslenzka ríkisstj. hefur á þeim styrjaldarrekstri, sem þar er nú háður, þegar þessar upplýsingar hafa verið gefnar.

Ég vona svo, að hv. þm. þyki þetta næg svör að svo stöddu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir góð svör og vil lýsa ánægju minni yfir, hversu fljótt hann hefur brugðizt við, eftir að fréttist um þessa atburði austur í Vietnam. Ég vil vekja athygli á, að til umr. er síðar á fundi Nd. till., sem varðar Vietnam, og því mun ég ekki að þessu sinni lengja umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég fagna því, að þessi fsp. skuli hafa komið fram af hálfu hv. 4. landsk. þm., því að það eru vissulega alvarlegir atburðir, sem eru að gerast þarna austur frá, og ég vil líka benda hv. þingheimi á, að þetta gæti vakið kannske suma þm. til dýpri skilnings á því, sem ég og margir aðrir höfum talað um, þ. e. stórveldapólitíkina, hversu hernaðarblokkirnar eru rígbundnar til skiptis, ýmist í þágu kommúnismans eða kapítalismans, þegar beitt er misrétti og ofbeldi gagnvart smáþjóðum. Þess vegna teldi ég það í anda hinnar nýju vinstri stjórnar, að hún beitti sér fyrir því að gera álíka samþykkt eins og danska þingið gerði, með því að beita sér fyrir því að mótmæla þessum atburðum við Bandaríkjastjórn. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að samúð þessarar þjóðar hlýtur að vera með þjóðfrelsisbaráttunni í Vietnam.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það gleður mig, að það koma fram þær raddir hér hjá nokkrum þm., að þeir telja sig nú með framferði sínu eiga drjúgan þátt í því að bjarga heimsfriðinum. Ég vil hins vegar upplýsa það, að á utanrmn.-fundi, sem haldinn var fyrir tveimur dögum, bar þessi mál alls ekki á góma. Hins vegar sagði hæstv. utanrrh. og bar það undir okkur, hvort þm. gætu eftir atvikum ekki fellt sig við, að hann legði fram skriflega skýrslu um utanríkismálin í stað framhaldsumræðna um utanríkismálin, sem hann reyndar hafði boðað fyrr á þessu þingi. Við féllumst á það, nm. í utanrmn., að eftir atvikum, þegar væri verið að ljúka störfum þingsins, þá væri ekkert við það að athuga og mundi nægja og verða til upplýsinga fyrir þm. að fá slíka skýrslu, en ef á að fara að taka upp heimsfriðarviðræður, þá veit ég ekki nema verði að endurskoða það og efna til sérstakra viðræðna í þinginu um heimsmálin.

X. Aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., utan dagskrár, mælti

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í tilefni af því, að í

þessari viku er tekin til umr. og afgreiðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna till. varðandi aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, þá hef ég kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár og óskað eftir því að fá að bera fram eftirfarandi fsp. til utanrrh.

Samkv. fréttatilkynningu ríkisstj. frá 14. sept. s. l. og með vísan til stefnuyfirlýsingar hennar frá 14. júlí s. l. mun íslenzka ríkisstj. hafa sett sér það markmið varðandi aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, að Kínverska alþýðulýðveldið taki sæti Kína hjá samtökunum með öllum réttindum og skyldum. Í nefndri fréttatilkynningu segir jafnframt, að íslenzka sendinefndin hjá Sameinuðu þjóðunum muni styðja hverja þá till., sem að þessu takmarki stuðlar, en, eins og segir orðrétt í yfirlýsingunni, meta stöðuna í ljósi staðreynda eins og þær verða, þegar til atkvgr. kemur með framangreint markmið að leiðarljósi. Í þessari viku mun tekin til afgreiðslu, eins og fyrr er sagt, till. Albaníu og reyndar Bandaríkjamanna líka um aðild Kínverska alþýðulýðveldisins að Sameinuðu þjóðunum, en till. Albaníu gerir jafnframt ráð fyrir brottrekstri Formósu úr samtökunum. Hefur verið skýrt svo frá, að íslenzka sendinefndin hjá Sameinuðu þjóðunum muni greiða till. þessari atkv.

Nú er óskað upplýsinga um afstöðu íslenzku ríkisstj. til þessa máls og óskað skýrslu utanrrh., hvort og þá hvernig staðan hafi verið metin og í ljósi hvaða staðreynda.

Af tilefni þessarar fsp., sem ég hef nú lýst, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær ástæður, sem að baki hennar liggja. Ég vil í upphafi til að forðast allan misskilning taka skýrt fram, að með þessari fsp. er ekki verið að lýsa andúð á aðild Peking-stjórnarinnar. Þvert á móti verður að telja, að aðild Alþýðulýðveldisins, ef hana ber að með eðlilegum hætti, eigi að geta stuðlað að bættri sambúð þjóða á milli og aukið áhrif og möguleika Sameinuðu þjóðanna til að gegna hlutverki sínu í þágu friðar og sátta þjóða á milli. Menn hafa lengi verið þeirrar skoðunar, að finna þyrfti lausn á því óeðlilega ástandi, að fulltrúar fjölmennustu þjóðar heims stæðu utan við þau samtök, sem allar friðelskandi þjóðir og ekki sízt smáþjóðir binda mestar vonir sínar við. Það hefur margoft verið áréttað af íslenzkum stjórnvöldum og af fulltrúum íslenzkra stjórnmálaflokka og þarf ekki ítrekunar við, að smáþjóðir á borð við Ísland telja alþjóðasamtök og alþjóðasamvinnu helztu stoð og tryggingu sína í þá átt, að tillit sé tekið til réttar og tilveru þeirra. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sitja við sama borð og með allan rétt fulltrúar allra aðildarþjóða, skiptast á skoðunum, leysa ágreining og taka ákvarðanir með einföldum atkvgr. Viðleitni til slíkra lýðræðislegra vinnubragða ber ekki tilætlaðan árangur, ef þjóðum voldugum og hervæddum á borð við Kínverja er haldið utan þessara sömu samtaka, ef slík ríki einangrast í heift og hatri gegn ímynduðum óvinum. Aðild Peking-stjórnarinnar er æskileg, þó að ekki væri nema af þessari ástæðu einni. Stefna núv. ríkisstj. er ekki ný að þessu leyti. Íslenzk stjórnvöld hafa haft þessa skoðun um alllangan tíma og þeirri afstöðu sinni lýsti fráfarandi ríkisstj. og fyrrv. utanrrh. margoft, m. a. í ræðu við almennar umr. á þingum Sameinuðu þjóðanna, svo og hér á Alþ. Af sömu ástæðu fylgdi Ísland till. Ítala frá árinu 1966, sem borin var fram tvö næstu árin þar á eftir einnig, þess efnis, að finna þyrfti viðunandi lausn á Kínamálinu með það fyrir augum, að Peking-stjórnin og Formósu-stjórnin ættu báðar aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Vandi þessa máls er hins vegar sá, að á því eru fleiri hliðar, sem taka þarf ákvörðun um. Erfiðasta og viðkvæmasta vandamálið er tilvist Formósu-stjórnar hjá eða í Sameinuðu þjóðunum og sú stefna Peking-stjórnar og stuðningsríkja hennar, að aðild Alþýðulýðveldisins, þ. e. Peking-stjórnarinnar, sé háð brottrekstri Formósu-stjórnar úr samtökunum. Í till. þeirri, sem vísað er til í fsp. minni, sem Albanir hafa lagt fram undanfarin ár og nú mun verða gengið til atkv. um, er gert ráð fyrir brottrekstri Formósu-stjórnar, sem er viðurkennd stjórn a. m. k. 15 millj. manna, sem á Formósu búa.

Ísland hefur fylgt þeirri stefnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem nefnd er Universality-regla og felur í sér, að öllum viðurkenndum ríkjum ber að eiga fulltrúa í alþjóðasamtökum þá og þegar þess er óskað og skuldbindingu viðkomandi samtaka er fullnægt. Aðild eins ríkis eða fulltrúa ákveðinna þjóðstjórna má hins vegar ekki vera á kostnað annarra ríkja eða þjóða. Ísland hefur fylgt og á að fylgja í framtíðinni þeirri stefnu, sem stuðlar að því, að allar þjóðir geti átt fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum án tillits til stjórnmálaskoðana, kynþátta eða mannfjölda. En Ísland hefur ekki og á ekki undir neinum kringumstæðum að styðja till., sem fela í sér brottrekstur ríkja úr Sameinuðu þjóðunum. Í samræmi við þessa grundvallarstefnu hefur afstaða Íslands til Kína-málsins mótazt og af þeim sökum hefur Ísland ekki treyst sér til að greiða till. Albaníu atkv., því að í henni er beinlínis gert ráð fyrir, að Formósa verði rekin úr samtökunum og öllum stofnunum þeirra. Ef Albaníu-tillagan verður samþ., mun Peking-stjórnin sjálfkrafa taka sæti í Öryggisráðinu og hindra þar með neitunarvaldi aðild Taivan að Sameinuðu þjóðunum. Margvísleg fleiri stjórnmálaleg vandkvæði mundu fylgja í kjölfarið.

Herra forseti. Hér er ég kominn að kjarna málsins og ástæðunni fyrir því, að ég ber fram fsp. þessa. Ef Ísland nú greiðir till. Albaníu atkv., er ekki eingöngu tekin afstaða til aðildar Peking-stjórnarinnar. Þá er sömuleiðis tekin upp ný afstaða, mótuð ný stefna, sem hafnar Universal-reglunni. Þá er afleiðingin sú, að stjórn smárrar þjóðar er vísað úr samtökunum og aðild þess hindruð um ófyrirsjáanlega framtíð. Það verður að teljast eðlilegt og raunar skylt, að þessi örlagaríka ákvörðun sé tekin til umr. hér á hinu háa Alþingi og þjóðinni og kjósendum sé gert fullkomlega ljóst, hvers eðlis mál þetta er. Við Íslendingar höfum mjög haldið á lofti rétti smáþjóða og þeir stjórnmálaflokkar, sem nú standa að ríkisstj., hafa boðað þá kenningu, að Íslendingar þyrftu að reka sjálfstæða utanríkismálastefnu. Ég vísa reyndar á bug þeim áróðri, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki verið sjálfstæð í sinni utanríkisstefnu, og afstaða Íslands varðandi aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum ber þess raunar órækan vott. Í því máli hefur Ísland farið eigin leiðir og sú afstaða hefur verið andstæð stefnu m. a. Norðurlandaþjóðanna og ekki síður stefnu Bandaríkjanna. Í því felst að vísu enginn dómur á sjálfstætt mat okkar, hvort aðrar þjóðir eru sama sinnis

eða ekki. En ég tek þetta fram vegna margendurtekinna staðhæfinga um, að Ísland hafi verið taglhnýtingur Bandaríkjamanna í þessu máli. Mun sú rökleysa ekki rædd frekar hér af mér, nema ástæða gefist til. En því minnist ég á sjálfstæða utanríkismálapólitík, að því verður ekki trúað að óreyndu, að yfirlýsingar ríkisstj. hafi verið hræsnin ein. Ég vil ekki efast um það fyrir fram, að ríkisstjórnarflokkarnir hafi meint það í raun og veru, að sjálfstæðispólitík þeirra í utanríkismálum hefði það að leiðarljósi að standa vörð um rétt smáríkja og berjast gegn þeirri ofríkistilhneigingu, sem kemur fram í því að reka heilar þjóðir úr alþjóðasamtökum af tillitssemi við aðrar stærri og voldugri þjóðir. Það er ekki stórmannlegt, hvað þá heldur skynsamlegt af okkur Íslendingum, sem nú berjumst fyrir skilningi þjóða heims í mikilvægasta sjálfstæðismáli okkar og höfðum í því sambandi til alþjóðasamvinnu og gagnkvæms skilnings, — það er ekki stórmannlegt né heldur skynsamlegt að styðja till., sem byggjast á óbilgirni og lítilsvirðingu á rétti lítilla ríkja. Eða hvar er þá stolt okkar og sjálfstæði og hvar er nú umhyggja okkar fyrir rétti hins smáa?

Ég mun ekki rifja upp röksemdir kalda stríðsins né heldur draga inn í þessar umr., hvernig til er orðin sú staða, sem veldur því, að tvær stjórnir gera tilkall til löglegra yfirráða Kínaveldis. Það þykir ekki tiltakanlega viðeigandi á Íslandi lengur að minnast á boðskap kommúnismans og sennilega öðlast ég fordæmingu endurhæfingarmanna, ef ég held því fram, að sú stefna vinni markvisst að heimsyfirráðum, sem aldeilis er þó ekki í anda sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Það þykir e. t. v. óviðeigandi sömuleiðis, ef minnt er á, að Peking-stjórnin hefur stöðugt lýst því yfir, að hún geti ekki undirritað sáttmála Sameinuðu þjóðanna, vegna þess að hann sé í andstöðu við stefnu kommúnismans. Ég tel ómaksins vert, að þetta komi fram, ekki síst þar sem við búum við það nýstárlega ástand, að allir þeir stjórnmálaflokkar, sem nú eiga sæti hér á Alþ., hafa fordæmt framkvæmd byltingar- og einræðisstefnu kommúnismans og sú fordæming hefur verið háværust frá þeim flokkum, sem þó standa næst þessari hugmyndafræði.

Herra forseti. Ég vil spyrja að lokum: Stendur það næst svo lýðræðissinnuðum og friðelskandi þjóðum og friðelskandi mönnum um leið að styðja svo ákveðið aukin ítök einræðisstjórnar, að til þess sé fórnandi rétti og áhrifum ríkja, sem minna mega sín? Er það í samræmi við sjálfstæða utanríkisstefnu ríkisstj. að gerast nú taglhnýtingur einræðisríkja, apa upp óbilgjarna stefnu annarra þjóða? Eða felst skilgreiningin á sjálfstæðri utanríkispólitík í því að vera á móti öllu því, sem að einhverju leyti er í samræmi við skoðanir Bandaríkjanna? Er það raunverulega mat íslenzku ríkisstj., að vandamál Kínaaðildarinnar leysist með þeim hætti að fylgja till. Albaníu á þingi Sameinuðu þjóðanna?

Ef utanrrh. getur svarað þessum spurningum og upplýst hv. Alþ. og þjóðina alla um skoðanir ríkisstj. í þessum grundvallaratriðum, þá verður betur unnt að átta sig á, í ljósi hvaða staðreynda sé tekin sú ákvörðun að styðja nú till. Albaníu, og þær afleiðingar, sem hún hefur í för með sér.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. (EBS) hefur kvatt sér hér hljóðs utan dagskrár, að því er ég taldi í gær, þegar hann ræddi þetta við mig, til þess að fá upplýsingar um afstöðu ríkisstj. til Peking-málsins. Ég hef nú komizt að því, að ástæða hans til þess að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár hafi ekki verið sú ein að fá upplýsingar um afstöðu ríkisstj., heldur hefur honum legið á að halda hér ræðu. Nú er hann búinn að fá þá ósk sína uppfyllta.

En ég ætla að reyna að leyfa mér að svara þessari fsp. hans í örstuttu máli, en ekki að hefja hér utan dagskrár umr. um heimskommúnismann og þær afleiðingar, sem hann kann að hafa á sambúð þjóðanna.

Hv. þm. rifjaði upp fréttatilkynningu ríkisstj. frá 14. sept. s. l., en niðurstaða þeirrar tilkynningar er, eins og hann rakti, sú, að ríkisstj. Íslands mun að svo stöddu hvorki gerast flm. né meðflm. að till. um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, heldur meta stöðuna í ljósi staðreynda eins og þær verða, þegar til atkvgr. kemur, með það markmið að leiðarljósi, eins og þar segir, að Kínverska alþýðulýðveldið taki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum með öllum réttindum og skyldum, enda er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Íslands frá 14. júlí s. l. Hv. þm. óskar nú upplýsinga um það eða skýrslu, eins og hann kallar svo, hvort umrætt stöðumat hafi farið fram og hvernig niðurstaða þess sé, og þetta skal ég reyna að skýra.

Á þessu stigi málsins get ég ekki sagt um það með fullri vissu, hvernig atkvgr. um Kínamálið muni bera að á þingi Sameinuðu þjóðanna. Málið kom þar til umr. fyrst í gær og enn hefur, eftir því sem ég bezt veit, ekki verið tekin ákvörðun um fyrirkomulag á atkvgr. þar. Fyrir þinginu liggja nú þrjár till. um aðild Kína. Það eru þessar:

a. Till. Bandaríkjanna og fleiri ríkja um aðild tveggja Kína að Sameinuðu þjóðunum.

b. Till. sömu um, að brottvikning Taivan skuli skoðast sem mikilvægt mál, sbr. 18. gr. í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þ. e. það þurfi aukinn meiri hluta til þess að slík aðgerð nái fram að ganga.

c. Till. Albaníu og fleiri ríkja um það, að Alþýðulýðveldið verði eini fulltrúi Kína hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ríkisstj. Íslands hefur nú fyrir skömmu gefið sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum þau fyrirmæli að greiða atkv. gegn fyrri tveim till., en með þeirri síðastnefndu. Rökin fyrir þessari afstöðu er sú skoðun ríkisstj., að aðalatriði þessa máls sé, að Alþýðulýðveldið taki sem fyrst sæti Kína í samtökum Sameinuðu þjóðanna og að það muni ekki gerast samkv. tveggja Kína-leiðinni, þar sem fyrir liggi alveg ótvíræð yfirlýsing Peking-stjórnarinnar í því efni. Þessari skoðun, sem ég var hér að lýsa, hefur stöðugt verið að aukast fylgi á undanförnum árum, eins og atkvgr. hjá Sameinuðu þjóðunum sýna. Og í fyrra var svo komið, að till. Albaníu hafði meirihlutafylgi, en náði ekki fram að ganga, vegna þess að jafnframt var samþykkt till. um, að aukinn meiri hl. þyrfti til þess að breyta svo forsvari Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Nýjar upplýsingar frá New York greina frá því, að a. m. k. 10 ríki, sem í fyrra greiddu atkv. með eða sátu hjá um till. um mikilvægt mál samkv. 18. gr. sáttmálans, hafi nú lýst yfir, að þau muni ekki gera það á ný. Þessi ríki eru Argentína, Austurríki, Bretland, Kanada, Ecuador, Íran, Ísrael, Ítalía, Mexikó, Holland og Sierra Leone. Þannig eru

talsverðar horfur á því nú, að aðild Peking-stjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum geti orðið að veruleika, sem þýðir í reynd, að 700—800 millj. manna bætast í þann hóp, sem mynda Sameinuðu þjóðirnar, og ég hygg, að það þurfi ekki að ræða það í löngu máli, hver breyting það yrði á samtökunum í þá átt, sem upphaflegt markmið þeirra er, þ. e. að verða samtök mannkynsins alls.

Ég hef út af fyrir sig fulla samúð með þeim, sem hafa áhuga fyrir áframhaldandi aðild Taivan-stjórnarinnar að samtökunum og vilja komast hjá því að reka, eins og svo er kallað, nokkra þjóð úr þeim. Ef myndað yrði sjálfstætt ríki á Taivan eða Formósu og það ríki sækti um aðild að Sameinuðu þjóðunum, mundi slík umsókn auðvitað verða metin, og ég tel alveg víst, a. m. k. tala ég þar fyrir mitt leyti, að ríkisstj. sú, sem nú fer með völd á Íslandi, mundi greiða atkv. með upptöku slíks ríkis í samtökin. Málið liggur bara ekki svona fyrir, heldur er um það að tefla, að Formósu-stjórnin gerir kröfu til að vera fulltrúi Kína í samtökum Sameinuðu þjóðanna. Á þetta hefur meiri hluti þjóða heims ekki viljað fallast, enda hefur þessi afstaða Formósu-stjórnar hindrað aðild um það bil fimmtungs allra manna í heiminum að samtökunum og beiting fundarskapa hefur valdið því, að meirihlutasamþykkt hefur ekki náð fram að ganga. Ísland hefur, eins og hv. 9. landsk. þm. réttilega benti á, haft sérstöðu meðal Norðurlandaþjóðanna varðandi afstöðuna til Kínamálsins. Svo sem kunnugt er, hefur Ísland fram að þessu ekki greitt atkv. með till. Albaníu og fleiri ríkja um, að Peking-stjórnin taki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, en fulltrúar Formósu víki sæti. Till. þessa hefur Albanía og fleiri ríki borið fram á fjölmörgum þingum Sameinuðu þjóðanna, en hún hefur aldrei fengið meiri hl. fyrr en í fyrra á 25. þinginu, þá fékk hún 51 atkv., en 49 voru á móti og 25 sátu hjá. En til viðbótar við till. þær frá Albaníu og Bandaríkjunum, sem áður greinir, kom fram — og um það gat hv. 9. landsk. þm. einnig — árin 1966, 1967 og 1968 málamiðlunartillaga, sem Ítalía og fleiri ríki fluttu. Hún fjallaði um skipun nefndar, sem átti að hafa það hlutverk að reyna að finna viðunandi lausn á þessu máli, hvernig farið skyldi með sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland greiddi atkv. á móti till. Albaníu allt fram að árinu 1967, en á síðustu árum hefur sendinefnd Íslands setið hjá við atkvgr. um till. Albaníu. Hins vegar hefur íslenzka sendinefndin frá upphafi greitt atkv. með till. Bandaríkjanna og fleiri ríkja um, að skipan sætis Kína hjá Sameinuðu þjóðunum sé mikilvægt mál og þurfi ⅔ meiri hl. atkv. til þess að útkljá það. Sendinefnd Íslands greiddi hins vegar atkv. með till. Ítalíu um skipun nefndar til þess að reyna að finna lausn á málinu á árinu 1966—1967 og var meðflm. ríkja að till. 1968. Till. náði aldrei fram að ganga og hefur ekki verið flutt síðan 1968. Eins og ég áðan sagði, hafa stjórnir hinna Norðurlandanna lengi fylgt aðild Peking-stjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum og það alveg án tillits til þess, hvaða flokkar hafa farið þar með völdin. Það hafa orðið stjórnarskipti þar í nokkrum löndum og nú hefur Ísland bætzt í þeirra hóp og það er vegna þess, að við teljum afstöðu þeirra raunhæfustu leiðina að því marki, sem allir telja sig stefna að, hv. 9. landsk. þm. eins og við hinir, það er aðild Alþýðulýðveldisins Kína að Sameinuðu þjóðunum.

Með þessu vona ég, að afstaða ríkisstj. til þessa máls sé upplýst.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svar hans við fsp. minni, en eins og mjög ljóslega kom fram í svari hans, þá hefur íslenzka ríkisstj. nú gefið íslenzku sendinefndinni hjá Sameinuðu þjóðunum fyrirmæli um að greiða till. Albaníu atkv., en leggjast gegn öðrum till., sem fram koma um þetta mál hjá Sameinuðu þjóðunum. Till. Albaníu er mjög ótvíræð. Hún felur í sér, að samþykkt sé, að Peking-stjórnin taki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum og hún felur jafnframt í sér beinlínis með pósitívu ákvæði, að stjórn Formósu sé rekin úr samtökum Sameinuðu þjóðanna og öllum þeim stofnunum, sem eru í tengslum við þau samtök. Á sama tíma sem utanrrh. lætur í ljós þá skoðun sína, að Sameinuðu þjóðirnar eigi að vera samtök alls mannkynsins, tekur það réttilega fram sem skoðun lýðræðissinnaðra friðelskandi manna, þá lýsir hann því yfir, að íslenzka ríkisstj. og hann fyrir hennar hönd hafi gefið fyrirmæli um það að reka heila þjóð úr þessum sömu samtökum. M. ö. o., Ísland mun greiða því atkv., að Formósu-stjórn verði rekin úr Sameinuðu þjóðunum, og Ísland mun beita atkvæðisrétti sínum til þess að vísa úr þessum alþjóðasamtökum stjórn, ríki, sem var einn af stofnaðilum Sameinuðu þjóðanna, leggjast gegn smáþjóð, sem um árabil hefur af þrautseigju barizt gegn einræðisstefnu kommúnismans, þeirri stefnu, sem íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa í einu hljóði mótmælt, afneitað og lýst andúð sinni á.

Þetta verða þá eftir allt saman fyrstu spor núv. ríkisstj. á alþjóðavettvangi, þeirrar stjórnar, sem hefur gumað af sjálfstæðri utanríkismálastefnu og þótzt vilja standa vörð um rétt og hag smáþjóða. Ég leyfi mér að efast um, að mikil reisn sé yfir slíkri ákvörðun, að sómi Íslands vaxi af þessari afstöðu.

Ég tók fram áðan og tek fram á ný, að ég er fylgjandi aðild Alþýðulýðveldisins eða Peking-stjórnarinnar, ef hana ber að með eðlilegum hætti, ef aðildarbeiðnin er lögð fyrir á þann hátt, að réttur annarra þjóða sé ekki fyrir borð borinn. Peking-stjórnin hefur til skamms tíma a. m. k. ekki óskað eftir aðild að Sameinuðu þjóðunum. Hún hefur lítilsvirt þessi samtök, hún gerðist árásaraðili gegn herjum Sameinuðu þjóðanna í Kóreustyrjöldinni og hún hefur jafnvel gert tilraun til að stofna ný eða önnur alþjóðasamtök. Einangrun Peking-stjórnarinnar er óæskileg e. t. v. fyrst og fremst vegna þess, hversu alvarleg ógnun stefna hennar hefur verið gagnvart heimsfriðnum. Menn gera sér vonir um, að með þátttöku hennar í Sameinuðu þjóðunum séu meiri möguleikar á samstarfi og skilningi á margþættum vandamálum í samskiptum þjóða.

Bandaríkjastjórn hefur nýlega gert tilraun til að brúa hið mikla bil, sem verið hefur á milli Kína og vestrænna þjóða. Þess er að vænta, að sú tilraun beri einhvern árangur, þótt flestum sé ljóst, að enn er langt í land, ekki sízt vegna óbilgirni Kínverja og þeirrar heimsvaldastefnu, sem þeir reka. Aðild Peking-stjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum og till. þar að lútandi eru aðeins einn leikur í því valdatafli, sem fram fer milli austurs og vesturs. Mér kemur ekki á óvart, þótt menn, sem í langan tíma hafa verið á bandi hinna sósíalisku ríkja, styðji tillögur, sem hafna öllu tilliti til smárra þjóða,

sem barizt hafa gegn yfirgangi kommúnismans. En mér þykir miður, mjög miður, að þeir menn, sem stutt hafa hina vestrænu lýðræðisstefnu, skuli taka svo skammsýna og óyfirvegaða ákvörðun eins og afstaða Íslands í þessu máli ber með sér. Við skulum vona, að till. Albaníu nái ekki samþykki fyrir tilstuðlan eða með atkv. Íslands. Og það eru léttvæg rök, þegar því er haldið fram, að Formósu-stjórn geti sótt um aðild sem sjálfstætt ríki. Allir vita, að Peking-stjórnin getur og mun beita neitunarvaldi í Öryggisráðinu gegn Formósu, og hún mun líta á stuðning við aðild sína að samtökunum sem samþykki viðkomandi landa við landvinningastefnu sína, þar á meðal yfir Formósu. Hún mun færa sig upp á skaftið og haga aðgerðum og pólitík sinni í samræmi við þennan skilning.

Herra forseti. Mér skilst, að þingsköp leyfi ekki frekari umr. af minni hálfu. (**Forseti:** Ekki einu sinni svona langa í raun og veru.) Þá segi ég að lokum: Ég hef ekki hreyft þessu máli til þess að lýsa yfir þeirri skoðun, að halda ætti Peking-stjórninni áfram utan Sameinuðu þjóðanna. Þetta vil ég taka skýrt fram, svo að ekki sé snúið út úr þessum orðum mínum. Ég vildi hins vegar vekja athygli á málinu til þess að draga fram þær afleiðingar, sem samþykkt till. Albaníu hefur í för með sér. Ég vildi vekja athygli þingheims og alþjóðar á þeirri staðreynd, að íslenzka ríkisstj. hefur tekið afstöðu gegn rétti smáþjóðar. Íslenzka ríkisstj. mun með ákvörðun sinni stuðla að brottrekstri þjóðar úr samtökum Sameinuðu þjóðanna. Ég leyfi mér að fordæma þessa afstöðu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur gefið skýr og auðskilin svör við þeirri spurningu, sem fyrir hann var lögð, og mér þykir vægast sagt býsna einkennilegt, að hv. 9. landsk. þm. (EBS) skuli svo hér á eftir koma í annað sinn upp í ræðustólinn til þess að rangtúlka kjarna þessa máls á jafnherfilegan hátt og hann gerir. Kjarni þessa máls er, eins og allir vita, spurningin um það, hver á að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, Peking-Kína eða Formósa. Það er um þetta og ekkert annað, sem þessi spurning snýst. Að segja hér aftur og aftur, að það sé verið að reka Formósu úr Sameinuðu þjóðunum, er ekkert annað en vísvitandi áróðursblekking, vísvitandi áróðursblekking. Formósu-stjórn er með afstöðu sinni og þrákelkni í þessu máli að reka sig sjálf úr samtökunum. Það, sem verið er að gera við afgreiðslu þessa máls hjá Sameinuðu þjóðunum, er ekkert annað en það, að það er verið að meina henni, þ. e. Formósu-stjórn, að fara lengur með umboð 700 milljóna manna. Ef, eins og hæstv. utanrrh. tók hér fram áðan, ef Formósustjórn hefði beðið og óskað eftir aðild sem sjálfstætt ríki, þá hefði það mál sjálfsagt fyrir löngu verið leyst, en málið er einfaldlega ekki þannig, eins og hér hefur greinilega komið fram og ástæðulaust er að endurtaka. Það er rétt, hárrétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. hér í gær, að afstaða fyrri ríkisstj. í utanríkismálum einkenndist um of af undirlægjuhætti gagnvart ákveðnum voldugum vinum. Og einmitt í þessu máli kom sérlega fram, hvernig Ísland var langtímum saman og fram að þessu taglhnýtingur Bandaríkjastjórnar. Þessu er núna verið að breyta. Það er verið að taka upp sjálfstæða og heilbrigða afstöðu í þessu máli, eins og t. d. Norðurlandaþjóðirnar hafa fyrir langa löngu gert, og það er vel.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það mun hafa verið upp úr árinu 1950, sem fyrst kom til tals, hvort núverandi ríkisstjórn í Peking, sem þá hafði náð fullum yfirráðum yfir meginlandshluta Kína, fengi aðild að Sameinuðu þjóðunum eða ekki. Í hálfan annan áratug beittu allar ríkisstj., sem sátu á Íslandi, ásamt yfirgnæfandi meiri hluta þeirra, sem áttu sæti hjá Sameinuðu þjóðunum, sér gegn því, að Peking-stjórnin fengi þessa aðild.

Á síðustu árum hefur um allan heim orðið veruleg breyting á viðhorfum manna í þessum efnum. Fleiri og fleiri hafa talið það óhjákvæmilegt og rétt að láta ná til Peking-stjórnarinnar það sjónarmið, að Sameinuðu þjóðirnar skuli skipa eftir þeirri raunhæfu reglu, að þar sitji fulltrúar þeirra ríkisstjórna, sem raunverulega ráða yfir hverju landi. Nú hefur farið svo, að fyrst í stað mátti Peking-stjórnin ekki heyra það nefnt að verða aðili án þess að Taivan færi úr samtökunum, og Taivan-stjórnin mátti ekki heyra nefnt, að Peking-stjórnin yrði aðili að Sameinuðu þjóðunum. Þó hygg ég, að nokkur breyting hafi orðið á þessu. Taivan-stjórnin hefur látið undan, og mér skilst, að hún sé reiðubúin til að vera áfram í samtökunum, jafnvel þó að Peking-stjórnin fái þar inngöngu.

Ekki er deilt um það, að Peking-stjórnin eigi að fá sæti Kína með öllum rétti, sem fylgir því, og þá fyrst og fremst sæti í Öryggisráðinu. Þetta er ekki deilumál. Spurningin er, hvort nokkuð er því til fyrirstöðu, að ríkið á Taivan með 15 millj. manna, sem hefur verið í samtökunum, verði þar áfram. Það ríki mun ekki fara með sæti eða aðstöðu Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Það geta alveg eins verið tvö Kína eins og verið hafa í mörg ár tvö Kongó í Sameinuðu þjóðunum, tvö sjálfstæð ríki hlið við hlið, sem bæði eru hluti af hinu eiginlega Kongó.

Ég vil láta þess getið, að Alþfl. hefur um árabil, eða síðan fyrrv. ríkisstj. breytti afstöðu í þessu máli alveg án tillits til afstöðu annarra ríkja, verið fylgjandi því, að Peking-stjórnin eigi að fá inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar og að hún eigi að fá sæti Kína þar. En ég vil lýsa því yfir, að Alþfl. harmar það, ef þetta þarf að gerast á þennan hátt, að Taivan verði rekið burtu.

Það er hættulegt fordæmi fyrir Íslendinga að standa að því að hefja aðgerðir, sem leiða til þess að hrekja ríki úr Sameinuðu þjóðunum. Þar eru ýmsar blikur á lofti, m. a. mikil hreyfing um það, að lítið vit sé í því að láta smáþjóðir með 200 þús. manns fara sem heilt atkv. á Allsherjarþinginu við hliðina á þjóðum með 200—600 millj. Og við ættum því að gæta okkar í þessum efnum og stuðla ekki að því, að stórveldi geti fengið inngöngu eða setið í Sameinuðu þjóðunum með skilyrðum um það, hvaða smáríki fái að vera þar og hvaða smáríki fái það ekki.

Núverandi ríkisstj. segir í stefnuyfirlýsingu sinni, að ef til komi, muni hún vera hlynnt því, að bæði Austur- og Vestur-Þýzkaland fái inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, en þessi ríki eru þar hvorugt í dag. Mér finnst þetta ekki vera óeðlileg hugsun. Mér finnst, að það væri raunhæft að athuga alveg eins Suður- og Norður-Kóreu og jafnvel — við skulum vona, að styrjöldinni í

Vietnam ljúki fljótlega — að Suður- og Norður-Vietnam fái líka inngöngu. Þetta eru raunhæfar ráðstafanir til þess, að sem flest ríki séu innan samtakanna. Mér finnst ekki vera samræmi í því að lýsa yfir, fyrstir allra þjóða í Evrópu, að ég hygg, opinberlega í stefnuskrá ríkisstjórnar, að Austur- og Vestur-Þýzkaland eigi bæði að fá að vera í Sameinuðu þjóðunum, en taka svo upp þá stefnu, að meginlands-Kína og eyjan Taivan geti ekki setið þar áfram, þótt meginlands-Kína taki við sæti Kína. Það er verið að láta undan kröfum Peking-stjórnarinnar og það er í raun og veru óþolandi, að nokkur stjórn, stór eða smá, fái inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar með skilyrðum gagnvart öðrum þjóðum, sem þar eru.

Það hefur verið mikil þrákelkni af hálfu þessara tveggja ríkja, eins og við vitum öll. Það hefur verið von þeirra manna, sem hafa mælt fyrir tveggja-Kína-stefnunni, eins og hún er kölluð, að þegar kæmi að raunverulegri inngöngu, mundu þessi ríki hverfa frá þessari þrákelkni. Er erfitt að sjá, hvaða tjón það gerir hinu volduga og stóra meginlands-Kína, þegar það er búið að fá öll réttindi Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, þó að Taivan fái að sitja þar áfram.

Hæstv. ríkisstj. vitnar mjög til þess, að hún fylgi nú Norðurlöndunum í þessum efnum. Viðhorf ríkja í Evrópu og annars staðar hafa verið ákaflega mismunandi, og þetta mál hefur verið okkur fjarlægara heldur en stærri ríkjum á meginlandi Evrópu, sem hafa mikil viðskipti í austurveg. Samt sem áður vil ég að lokum, herra forseti, minna á ályktun um þessi mál, þar sem Alþfl. lýsti því yfir fyrir skömmu, að hann styddi aðild meginlands-Kína og vildi, að það fengi öll réttindi Kínverja hjá Sameinuðu þjóðunum og teldi rétt, að Taivan væri þar áfram. Þá benti Alþfl. á það, hvort ekki væri athugandi, sérstaklega eftir að þetta mál hefur verið til lykta leitt, hver sem meiri hl. verður á Allsherjarþinginu, að Íslendingar taki upp stjórnmálasamband við stjórnina í Peking. Það mundi vera að feta í fótspor hinna Norðurlandanna. Viðskipti milli þessara ríkja eru ekki mjög mikil í dag, en það er enginn vafi á því, að þau geta orðið meiri í framtíðinni. Þetta gætum við vel gert, án þess að valda okkur miklum kostnaði og ég vil koma þessari hugsun á framfæri.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér finnst þetta afar fróðlegt upphaf á hversdagslegum störfum þessa Alþ. Hér kveður sér hljóðs utan dagskrár yngsti maðurinn í hópi þm., hv. þm. Ellert Schram. Hann og félagar hans hafa mikið um það talað, að það væri nauðsynlegt, að ungt fólk lífgaði svolítið upp stjórnmálastarfsemina á Íslandi og það væri ekki sízt vanþörf á slíku innan Sjálfstfl. Því hefði mátt vænta þess, að þessi hv. þm. hefði eitthvað nýstárlegt fram að færa, þegar hann kveður sér hljóðs hér utan dagskrár á Alþ. En sú varð sannarlega ekki raunin. Erindið er það eitt að vekja upp mjög gamalkunnan áróður kalda stríðsins, þann áróður, sem flestir hugsandi menn eru nú horfnir frá. Ástæðan til þess, að hann kemur hingað upp, er sú ein, að honum rennur það til rifja, að Bandaríkin eru að bíða ósigur í baráttumáli á alþjóðavettvangi, baráttumáli, sem Bandaríkin hafa unnið mjög mikið ógagn fyrir heimsfriðinn með s. l. tvo áratugi. Þessi bandaríska stefna er að bíða ósigur, og það er af tilfinningasemi í garð Bandaríkjanna, sem þessi ungi þm. kemur hér og lætur eins og hann lætur, en ekki af neinum áhuga fyrir einhverju fólki á Taivan. En það er alveg furðulegt, að hér á þingi skuli ár eftir ár, því að þetta hefur verið rætt á hverju ári að undanförnu, vera flutt hliðstæð svokölluð rök, sem raunar eru gripin algerlega úr lausu lofti. Menn tala hér um, að Sameinuðu þjóðirnar séu að taka ákvörðun um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Kína er stofnaðili Sameinuðu þjóðanna. Kína er einn af stofnendum Sameinuðu þjóðanna. Og samkv. stofnskrá Sameinuðu þjóðanna þá á Kína aðild að Öryggisráði. Það er alls ekki um það að ræða að taka ákvörðun um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Það er um það að ræða, hverjir eiga að fara með þessa aðild. Í meira en 20 ár hafa Bandaríkjamenn ráðið því, að útlagastjórnin á Formósu hefur farið með aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Og nú er verið að breyta því þannig og vonandi verður það gert núna, að þeir, sem raunverulega fara með völd í Kína, fari með þessa aðild, sem er það eina rökrétta. En ef það er ákveðið, að stjórnin í Peking fari með þessa aðild, þá getur stjórnin á Formósu ekki farið með hana. Það liggur í hlutarins eðli. Þá hlýtur hún að afsala sér þessari aðild alveg á sama hátt og hv. þm. Ellert Schram yrði að láta af þingmennsku, ef hann félli t. d. í næstu kosningum. Þarna er um að ræða, að það er aðeins einn aðili, sem fer með aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Og að tala um, að það sé verið að reka smáþjóð og smáríki, eins og þeir hafa sagt hér báðir, hv. þm. Ellert Schram og hv. þm. Benedikt Gröndal, verið sé að reka smáríkið Formósu úr Sameinuðu þjóðunum, þetta er endileysa. Formósa hefur aldrei verið aðili að Sameinuðu þjóðunum og er það ekki enn þá. Það er Kína, sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum. Og það er sameiginleg afstaða valdamanna á meginlandinu og á Formósu, að það sé aðeins eitt kínverskt ríki til. Chiang Kai-chek hefur aldrei léð máls á því, að líta beri á Formósu sem eitthvert sjálfstætt ríki. Chiang Kai-chek segir: „Ég er fulltrúi alls Kínaveldis.“ Og eigum við svo hér á Alþingi Íslendinga að fara að taka ákvörðun um það að skipta Kínaveldi í sundur gegn vilja þeirra manna, sem í landinu eru, hvort sem þeir eru á meginlandinu eða úti á Taivan? Á Alþingi Íslendinga að fara að skipta Kína? Hvers konar endileysa er þetta?

Málið er ákaflega einfalt. Það er svona einfalt: Kína er aðili að Sameinuðu þjóðunum og hver á að fara með aðildina? Bandaríkin hafa af pólitískum ástæðum staðið gegn því, að ráðamenn í Kína fengju aðild að Sameinuðu þjóðunum og þeir hafa notið í því aðstoðarmanna, sem ekki hafa haft manndóm til að standa uppi í hárinu á þeim, eins og fyrrv. ríkisstj. á Íslandi. Þetta er sem betur fer að breytast. Og ég er viss um, að það mun hafa mjög góð áhrif á þróun heimsmála. Meðal þeirra, sem hafa tekið þátt í að breyta þessu, eru mörg góð ríki, þ. á m. Norðurlönd og Bretland og fjölmörg önnur ríki, sem næst okkur standa, þannig að það er dálítið erfitt að hlusta á það, þegar þessi ungi þm. kemur hér og segir, að Íslendingar séu að gerast taglhnýtingar einræðisafla með því að skipa sér í sveit með Norðurlöndum. Mér finnst, að hv. þm. Benedikt Gröndal ætti að muna eftir því, hver hefur verið afstaða sósíaldemókrata á undanförnum árum. Þeir hafa átt

mjög góðan þátt í því, að aðild Peking-stjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum yrði leyst á skynsamlegan hátt. Það hafa einmitt verið ýmis ríki, sem sósíaldemókratar hafa veitt forustu, sem hafa fyrir löngu viðurkennt Peking-stjórnina og beitt sér fyrir því, að hún fengi aðild að Sameinuðu þjóðunum. Þeir menn, sem kalla sig sósíaldemókrata hér á Íslandi, — að vísu með hæpnum rétti, menn heyrðu það í gær, að Benedikt Gröndal talaði um, að það væri tímabært fyrir Alþfl. að fara að endurhæfa sig — þeir hafa verið miklu nær skilningi Bandaríkjanna heldur en skilningi flokksbræðra sinna í öðrum löndum. Ég held, að því sé almennt fagnað í landinu, að ríkisstj. Íslands hefur tekið einarða og skynsamlega afstöðu í þessu máli, og ég held, að ungir menn í Sjálfstfl. ættu að vara sig á því að gera að sínum ýmsar gaddfreðnustu hugmyndir kalda stríðsins og reyna að halda þeim til streitu við gerbreyttar aðstæður.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér þykir vænt um það, að einn yngsti þm. hefur vakið máls á þessu máli á þann skilmerkilega hátt, sem hv. 9. landsk. þm. gerði, Ellert Schram.

Það er skárri rembingurinn, sem kominn er í hæstv. iðnrh. Hann kemur hér bara í pontuna og segir: Hvað er þessi strákur að tala hér? Það er bara skömm, að ungir menn skuli láta til sín heyra á Alþ. Ég held, að hæstv. iðnrh. ætti að gera sér grein fyrir því, að enn er ekki kominn tími til, að hann gerist siðapostuli þm.

Hæstv. utanrrh. á hins vegar góða bakstoppara eins og kom fram í þessum umr. Fyrst kemur nú fram gerviformaður kommúnismans hér á landi, sem Alþb. er búið að flagga með sem formann sinn, án þess að hann nokkurn tíma hafi verið nokkur formaður þeirra samtaka í raun og veru. Aðalformaðurinn kom líka fram á eftir. Hvort sá þriðji kemur og bætir um betur, það veit ég ekki. (Gripið fram í.) Ég held nú, að hæstv. sjútvrh. sé of skynsamur til þess. En það er eitt, sem ég vil vekja athygli á í sambandi við þetta mál. Hæstv. ríkisstj. lítur ekki á þetta sem neitt stórt mál, hvort Kína fái aðild að Sameinuðu þjóðunum, eða hvort Formósa er rekin úr Sameinuðu þjóðunum. Það má fara í alls konar orðaleik um þetta. Það er vandamál, hvernig á að samrýma þessi sjónarmið að halda báðum ríkjunum í Sameinuðu þjóðunum, og því hefur verið lýst hér yfir af einlægni af hv. 9. landsk. þm., að hann styddi fulla aðild Kínaveldis eða meginlands-Kína að Sameinuðu þjóðunum. En þetta er ekki meira áhugamál en það, að hæstv. ríkisstj., ef henni er þetta áhugamál, er þá þegar byrjuð að brjóta sinn stjórnarsáttmála. Það segir í stjórnarsáttmálanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Haft skal fullt samráð við utanrmn. Alþ. um öll meiri háttar utanríkismál."

Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið haft neitt samráð við utanrmn. um þessa afstöðu Íslands, sem hæstv. utanrrh. lýsti á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég skal ekki að öðru leyti blanda mér inn í þessar umr., en þetta er meira vandamál en svo, að það þurfi að furða sig á því, þó að ungir þm. komi hér og láti í ljósi áhyggjur yfir því, þegar við stöndum að afgreiðslu mála, sem leiða til þess óhjákvæmilega, eins og hv. 9. landsk. þm. vék að, að 15 millj. manna þjóð verður vísað úr Sameinuðu þjóðunum, ef sá málstaður, sem sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum styður nú samkv. upplýsingum hæstv. utanrrh., verður ofan á.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vísa því til föðurhúsanna, sem hæstv. iðnrh. flutti. Túlkun hans á þessu máli, þátttöku Kína í Sameinuðu þjóðunum, var sannarlega gaddfreðin hugsun, því að þetta er sama platan, sem hann hefur leikið aftur og aftur, ár eftir ár, óbreytta. Það virðist ekki hafa komizt nálægt huga hans nein hreyfing í þessu máli, sem hefur þó orðið um allan heim, hreyfing í áttina til þess að finna raunhæfa lausn á þessu máli.

Það, sem við erum að tala um, er alls ekki, að Taivan-stjórnin hafi sæti Kína, það er útrætt mál af okkar hálfu, heldur hvort hún fær að sitja áfram í samtökunum eða ekki. Það er spurningin. Er þá aðeins eitt eftir, en það er, hvað verður ríkið á Taivan kallað? Það er slíkt formsatriði, að mér finnst, að við getum ekki látið það verða að aðalatriði, sem ákvarðar málið.

Hæstv. ráðh. segir, að Alþingi Íslendinga sé með þessu að samþykkja skiptingu Kína. Ég held, að samþykktir okkar um aðild að Sameinuðu þjóðunum hafi lítil áhrif á það, hvort þjóðum er skipt eða ekki. Ég veit ekki betur en við höfum samþykkt það, síðan við gengum í Sameinuðu þjóðirnar, að Sovétríkin hafi þrjú sæti þar, Rússland, Hvíta-Rússland, Úkraínu. Er Alþingi Íslendinga með þessu að samþykkja, að Sovétríkin séu þrískipt? Þetta er svo barnalegur málflutningur, að mér finnst það fyrir neðan virðingu hæstv. ráðh. að flytja hann. Þetta er eitthvað, sem hann hefur lært á unglingsárum við Þjóðviljann og hefur ekki haft fyrir að endurskoða, en ætti að taka til alvarlegrar athugunar.

Ég vil að lokum segja hæstv. ráðh. það, að sósíaldemókratar hafa haft mismunandi afstöðu í utanríkismálum í mismunandi ríkjum og hafa yfirleitt, eins og flestir aðrir flokkar, látið hagsmuni viðkomandi ríkis ráða mestu. Ég bið hæstv. iðnrh. að gera sér grein fyrir, að það var sósíaldemókrati sem utanrrh. Íslands, er breytti þeirri stefnu, sem allir flokkar höfðu staðið að áður, að neita Peking-Kína um sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Það var sósíaldemókrati, sem gerði þá stefnubreytingu. Og í öðru lagi vil ég benda honum á, að það voru sósíaldemókratar, sem lögðu fyrstir fram till. hér á Íslandi um, að við tækjum upp eðlileg samskipti við Kína með stjórnmálasambandi. Þetta eru tvö mörk gegn engu í þessum leik.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þetta mikið. Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði, að í málflutningi mínum hefði komið fram gaddfreðin hugsun, ég hefði verið að segja hér sömu atriðin og ég hef sagt á nokkrum undanförnum þingum. Þetta er alveg rétt. Ég er að flytja mál, sem ég hef flutt hér á nokkrum undanförnum þingum. En það hefur gerzt það á meðan, hv. þm., að þetta er orðin opinber stefna íslenzku ríkisstj. Á fyrri þingum var ég að gagnrýna fyrri ríkisstj. fyrir ranga stefnu í þessu máli og ég flutti þau rök, sem ég flyt nú. Sú ríkisstj., sem nú hefur meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig, hefur fallizt á þessi rök. Þetta er ekki gaddfreðin hugsun. Þetta er skapandi hugsun.

Það er alveg rétt, að þegar Sameinuðu þjóðirnar voru

stofnaðar, þá komu sigurvegararnir úr síðustu styrjöld sér niður á ýmsa undarlega hluti, m. a. þessi atriði um aðild Sovétríkjanna, sem hv. þm. minntist hér á. En um það vorum við Íslendingar ekki spurðir. Hins vegar erum við aðilar að Sameinuðu þjóðunum núna, og það er hlutverk okkar að rækja þær reglur, sem Sameinuðu þjóðirnar setja sér, m. a. það, að hvert ríki getur aðeins haft einn fulltrúa. Auðvitað erum við að skipta Kína, þegar við tölum hér um tvö kínversk ríki, án þess að Kínverjar sjálfir, hvort sem þeir eru á meginlandinu sjálfu eða á Formósu, hafi óskað eftir því. Þetta er alveg sameiginleg afstaða bæði hjá ríkisstj. í Peking og Chiang Kai-chek, að það sé aðeins eitt kínverskt ríki. Þessir aðilar gera báðir tilkall til þess að vera skoðaðir sem fulltrúar Kínverja. Okkar er að meta, hvorir eru eðlilegri fulltrúar Kínaveldis, þeir, sem ráða fyrir meginhluta Kínverja, eða útlagarnir á Formósu. Svona einfalt er þetta. Ég segi eins og hæstv. utanrrh., ef sú staða kemur upp einhvern tíma síðar, að Formósumenn ákveði að stofna sjálfstætt ríki og það sjálfstæða ríki sækir um aðild að Sameinuðu þjóðunum, þá ber að vega það og meta. En við stöndum ekki hér á Alþingi Íslendinga og ákveðum að skipta Kínaveldi í sundur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. mikið, enda geri ég ekki ráð fyrir, að margt nýtt komi fram í þeim úr þessu. En mér sýnist í raun og veru, að þeir, sem hér hafa talað, séu í aðalatriðum sammála um efni þessa máls. Það er það, að allir, sem hér hafa talað, hafa lýst sig fylgjandi því, að Peking-stjórnin gerist aðili að Sameinuðu þjóðunum. Og þá er aðeins deilan eftir um það, með hvaða aðferð því marki verði náð.

Það er skoðun meiri hluta ríkja nú, að því marki verði náð á þann hátt að samþykkja till., sem Albanía og fleiri ríki hafa flutt. Og þessari skoðun er að vaxa fylgi. Og það er a. m. k. mitt mat á þessari stöðu, að eina leiðin til þess, að aðild Peking-stjórnarinnar geti gerzt nú, sé þessi. Ég endurtek það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel sjálfsagt, að allar þjóðir heims, sem vilja vera stjórnir yfir sínu landssvæði og gera ekki kröfur til þess að vera annað, fái aðild að Sameinuðu þjóðunum. Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði það sem sína skoðun hér, eða honum skildist það, að Formósa sé nú reiðubúin til að vera í samtökunum, þó að Peking-stjórnin komi inn. E. t. v. veit hann þetta. En sá talsmaður Bandaríkjastjórnar, sem ég ræddi við um þetta mál í New York um daginn, vissi þetta ekki. Hann vildi ekki fullyrða það, að Taivan-stjórnin yrði áfram í samtökunum, ef Peking-stjórnin kæmi inn, þannig að það er alls ekki víst, að sú till., sem Bandaríkjamenn beita sér fyrir, sé raunhæf, þannig að ef hún yrði samþykkt, yrðu báðar þessar stjórnir aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Ég a. m. k. veit það ekki. Hv. þm. Benedikt Gröndal veit það kannske, en sá talsmaður Bandaríkjastjórnar, sem ég ætla ekki að nafngreina að svo stöddu, vissi það ekki og vildi ekki fullyrða það.

Um það, hvaða stefnu sósíaldemókratar bæði á Íslandi og annars staðar hafa haft gagnvart þessu máli, þá skal ég ekkert hafa á móti því, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði um það. Þeir hafa sjálfsagt alltaf viljað það, að Peking-stjórnin yrði aðili að Sameinuðu þjóðunum, en ég sá það í Alþýðublaðinu um daginn, að einum manni, sem skrifar í það blað undir nafni, þótti ekki hafa verið skelegglega unnið að því markmiði fram að þessu.

Hv. þm. Ellert Schram taldi það vera fráhvarf frá vestrænni lýðræðisstefnu að greiða atkv. með till. Albaníu. Hans orð um fráhvarf frá vestrænni lýðræðisstefnu eru þá það að bætast í hóp Dana og Norðmanna og líklega Breta og Kanadamanna nú, og eru þá þessir félagar okkar í NATO orðnir andvígir vestrænu lýðræði? Svo bregðast krosstré sem önnur. Nei, nei. Við erum ekki að brjóta neitt vestrænt lýðræði, þó að við reynum að fara þá leið, sem samkv. meirihlutaáliti þjóðanna er sú færasta til þess að ná því markmiði, sem allir hér hafa lýst sig sammála um, þ. e. að Peking-stjórnin verði aðili að Sameinuðu þjóðunum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég baðst leyfis að gera hér stutta athugasemd. Ekki vegna þess að ég hefði ekki komið öllu því til skila, sem minn hugur stóð til í minni upphaflegu ræðu hér, en eftir að ég var búinn að ljúka mínum ræðutíma og samkvæmt þingsköpum hafði ekki heimild til að standa hér upp í þriðja skipti, þá stóðu hér upp tveir fulltrúar Alþb. og réðust, að ég vildi segja, allharkalega að *mínum* málstað og *mínu* máli á þann veg, að ég get ekki með góðu móti setið undir slíkum rökleysum sem fram komu í þeirra ræðum. Þess vegna vildi ég gera stuttar athugasemdir og segja frá því í upphafi, að mér sýndist undir ræðu hæstv. iðnrh., að ég ætti að biðjast afsökunar á því að standa hér upp og flytja mitt mál. En ég vil koma því til skila og senda það til föðurhúsanna, að ég mun a. m. k. ekki biðja afsökunar gagnvart ráðh., þegar ég kem hingað upp í pontuna, og mun koma hingað, þegar minn hugur stendur til þess hér í vetur og meðan ég er rétt kjörinn til Alþ. Það fór eins og mig grunaði, það var snúið út úr mínum orðum. Hér hafa þessir ágætu fulltrúar Alþb. staðið upp og haldið því fram, þó ég hafi tekið það fram a. m. k. fimm sinnum í minni ræðu, að ég væri ekki að leggjast gegn aðild Peking-stjórnarinnar og ég teldi það eðlilegt, að hún ætti aðild að Sameinuðu þjóðunum, þá standa þeir hér upp, leyfa sér að fullyrða, að ég sé að rifja upp kaldastríðsrök og sé að mæla gegn því, að Peking-stjórnin eigi aðild að Sameinuðu þjóðunum. Það sem ég var að draga fram í þessu máli og ég vil taka skýrt fram í þessari athugasemd minni, var það, að ég var að leggja áherzlu á að draga fram, að í till. Albaníu væri fólgið það tvímælalausa skilyrði, að jafnframt því að styðja eða fylgja aðild Peking-stjórnarinnar væri tekið fram, að Formósu-stjórnin yrði brottræk úr samtökunum. Ég hélt, að það væri ástæðulaust að *þylja yfir jafnreyndum stjórnmálamönnum og* sitja hér á Alþ., að Kína sé eitt og sama ríki og Formósa, að Formósa sé ekki sjálfstætt ríki. Allir vita það, sem fylgjast með stjórnmálum, að Formósu-stjórnin er „de facto" sjálfstætt ríki, hefur verið skoðað sem slíkt um árabil og fram hjá þessari raunhæfu staðreynd verður ekki gengið. Þess vegna verða menn að horfast í augu við það, um leið og þeir samþykkja aðild Peking-stjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum, að það er til sjálfstætt ríki, sem heitir Formósa eða Taivan, og það verður að gera sér grein fyrir því, hvaða afstöðu á að taka til áframhaldandi tilvistar þessarar þjóðar hjá Sameinuðu þjóðunum. Það eru ekki kaldastríðsrök,

þegar ég er að rifja þetta mál upp og dreg þetta fram. Ég er eingöngu að benda á og leggja áherzlu á, að það á að vera í samræmi við stefnu núverandi ríkisstj. að standa við bakið á smáþjóðum, styðja rétt þeirra í einu og öllu. Og það er mitt álit, að með því að styðja við till. Albaníu núna, þá sé ríkisstj. að bregðast þessari frumskyldu sinni á þessum vettvangi.

XI. Ráðherrar í Ríkisútvarpi.

Á 62. fundi í Sþ., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár um atriði, sem er svipaðs eðlis og lík mál, sem áður hefur reyndar borið á góma hér í þingsölunum. Þegar skattfrv. var útbýtt í þinginu fyrir jólin, þá skeði það, að samdægurs komu tveir ráðh., hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., í sjónvarp og hljóðvarp til þess að túlka þessi frv. fyrir landslýðnum, á sinn hátt að sjálfsögðu. Þetta gerðum við aths. við í stjórnarandstöðunni og Ríkisútvarpið leiðrétti það, sem það taldi og viðurkenndi, að væru misfellur af þess hálfu, með því að gefa stjórnarandstöðunni eða fulltrúum stjórnarandstöðunnar kost á að tjá sig um þessi frv. þá næstu kvöld í sjónvarpi og hljóðvarpi. Þetta var í samræmi við það, sem hæstv. forsrh. hafði þá nýverið tjáð sig um, að það bæri að sjá til þess, að stjórn og stjórnarandstaða hefðu jafna aðstöðu í þessum þýðingarmikla fjölmiðli, sem Ríkisútvarpið er.

Hér er á dagskránni í dag frv. til l. um heilbrigðisþjónustu og því var útbýtt fyrir viku, held ég, eða þar um bil, tæpri viku. Nú skeður það í gærkvöld, að hæstv. heilbrmrh. birtist á sjónvarpsskerminum til þess að tjá landslýðnum, hvað hér sé á ferðinni, og mátti náttúrlega á því skilja, að hér væri um mjög merkilegt og mikið mál að ræða, sem hann hefur nú hins vegar ekki árætt að flytja sjálfur, heldur hefur beðið nefnd að flytja — hann sagði nú ekki frá því í sjónvarpinu — og talað er um hér í þinginu að sé lagt fram til þess að sýna það, og eigi svo að athuga það nánar og afgreiða síðar. Þetta eru dálítið einkennilegar tiltektir. Þetta er náttúrlega mál, sem er ekki flokkspólitískt og má þess vegna skoða frá öðru sjónarmiði en þessi viðkvæmu skattamál, sem ég vék að áðan. En þetta er svolítið annarleg auglýsingastarfsemi.

Það var svipað þessu, sem gerðist í haust, þegar hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh., sami ráðh., neitaði ekki Landsvirkjunarstjórn um að nota heimild, sem hún vildi nota samkv. lögum, sem síðasta Alþ. afgreiddi, til þess að virkja Sigöldu. Þá var mikil auglýsingaherferð upp skorin. Ríkisstj. hefur ákveðið að virkja Sigöldu, af því að hún neitaði ekki Landsvirkjuninni um leyfi til þess að nota heimildina, sem var í lögum frá síðasta þingi, og þessi hæstv. ráðh. birtist á sjónvarpsskerminum, og í baksýn voru virkjanir og vélar og mikil tækni. Það var á sama hátt eins og bakgrunnurinn að viðtalinu í gær var Íslandskort og fer vel á því. Það minnir mann að vísu á það, að herforingjum og einvöldum gamalla tíma var ósköp gjarnt að láta taka myndir af sér með hnattlíkan við hliðina á sér til þess að sýna veldi sitt. Ekkert þessu líkt skeði nú, hvorki þegar frv. til l. um breytingu á Landsvirkjun með Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun var lagt fyrir fyrra þing eða þegar þau voru afgreidd, þegar þingið hafði málin til meðferðar.

Ég vek athygli á þessu hér m. a. vegna þess, að það er mjög altítt orðið nú að hitta menn á förnum vegi, sem furða sig á því, hvernig Ríkisútvarpið er rekið í fréttastarfsemi og auglýsingastarfsemi, og margir eru farnir að kalla þetta heimilistæki ríkisstj. á hinum pólitíska vettvangi. Þetta er mjög miður. Nú veit ég alls ekki, hvort frumkvæðið að þessu viðtali eða fyrri viðtölum er frá hæstv. ráðh. eða fréttastofu Ríkisútvarpsins. En það er alveg sama, hvort heldur er. Ef það er fréttastofan, sem er hér á ferðinni, þá eiga nú ráðh., finnst mér, sjálfir að hafa rétt mat á því, hvenær hæfilegt sé og á hvern hátt þeir komi fram í sjónvarpi og útvarpi með þingmál, sem hér er til umr. Og hæstv. forseti Sþ. hefur tjáð sig um það við mig, að hann vilji, að framfylgt sé þeim vinnuaðferðum, að frv. eða þingmál, sem liggja hér fyrir, séu ekki rædd í sjónvarpi eða útvarpi, fyrr en þingið sjálft er búið að taka málið til meðferðar og það koma þá frásagnir af því í þingfréttum eða á annan hátt. Ég styð alveg eindregið bæði skoðun hæstv. forseta Sþ. að þessu leyti og einnig skoðun hæstv. forsrh., sem ég vitnaði til áðan.

Sé það svo, sem ég geri nú ekki ráð fyrir, að ráðh. leggi svo mikið upp úr slíkri auglýsingastarfsemi sjálfir, fremur þá hitt, að þeir laðist til þess og láti teygja sig út í þetta af misvitrum mönnum í sjónvarpinu, þá ættu þeir bara frekar að skipta við auglýsingaskrifstofuna. Það mundi vera mikill styrkur fyrir sjónvarpið. Þá þyddi það að vísu, að það þyrfti að borga eitthvað á 5. þús. kr. fyrir mínútu.

XII. Lánasjóður íslenzkra námsmanna.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., utan dagskrár, mælti

Ellert B. Schram: Herra forseti. Tilefni þess, að ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og fjárveitingar ríkissjóðs þar að lútandi. Í þeim málum ríkir slík óvissa og ringulreið, að brýna nauðsyn ber til, að fram komi, ekki aðeins vilji, heldur sömuleiðis staðfesting ríkisstj. á því, hvernig þau mál verða til lykta leidd. Samkvæmt því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir 104 millj. kr. fjárveitingu til lánasjóðsins og þá vantar enn upp á — sem gera verður þó ráð fyrir, að ríkissjóður eða rn. ábyrgist eða sjái um, að útvegað verði — 60 millj. kr. fjárveitingu til viðbótar annars staðar frá. M. ö. o., það liggur fyrir samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú eru til staðar, að 90 millj. skortir á, að mætt sé þörfum og till. Lánasjóðs ísl. námsmanna, eins og þær hafa komið

fram frá hálfu sjóðsstjórnar. Ég hafði hug á því að bera fram hér á hinu háa Alþ. þáltill., sem mundi fela í sér, að Alþ. samþykkti, að till. Lánasjóðs ísl. námsmanna yrðu að fullu teknar til greina við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972. En með tilliti til þess, hversu alvarlegt ástand hefur skapazt af þeirri óvissu, að áætlanir lánasjóðsins eru ekki teknar til greina í fjárlagafrv. ríkisstj., þykir mér tilefni til þess að spyrjast fyrir um það hér utan dagskrár, hvort fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. geti gefið um það ótvíræða yfirlýsingu nú þegar á þessu stigi *málsins, hvort ríkisstj. muni beita sér fyrir hækkaðri* fjárveitingu, sem verði í fullu samræmi við áætlanir lánasjóðsins. Með slíkri yfirlýsingu vinnst það tvennt, að tillöguflutningur minn reyndist óþarfur og létt yrði af námsmönnum mikilli óvissu og áhyggjum, sem vissulega hefur valdið miklum ugg og ólgu í þeirra hópi. Ummæli og yfirlýsingar nokkurra ráðherra ríkisstj. hafa verið þess eðlis, að ástæða er til að ætla, að ráðherra geti gefið slíka yfirlýsingu hér á Alþ. nú. Um þetta vildi ég leyfa mér að fara örfáum orðum.

Lánamál íslenzkra námsmanna hafa áður og oft verið hér á dagskrá í þinginu, og það er kunnara en frá þurfi að segja, að ítarlegar umr. fóru fram meðal námsmanna, meðal þm. og hjá þjóðinni allri á s. l. vetri, þar sem fjárveitingar hins opinbera til námslána voru ræddar af miklum ákafa. Þær umr. fjölluðu öðrum þræði um frambúðarlausn þessara mála, en stöfuðu þó af vaxandi kröfum og vaxandi þörfum námsmanna til slíkrar aðstoðar í langskólanámi. Fram kom almennur skilningur og ákveðinn vilji yfirvalda og stjórnmálamanna til að mæta þeim kröfum, sem fram voru settar af námsmönnum í nafni lánasjóðsins og fyrir lágu í þeim áætlunum, sem sjóðurinn hafði látið gera. Í þeim áætlunum var miðað að því, að ríkissjóður legði sitt fram og/eða ábyrgðist, að lánveitingar hins opinbera hefðu náð því marki á fjárhagsárinu 1974—1975 að geta þá *mætt umframfjárþörf námsmanna* að fullu eða 100%. Þessi áætlun var sett fram á síðasta ári og þáverandi ríkisstj. greip á því máli með mjög myndarlegum hætti. Hún tók óskir lánasjóðsins um fjárveitingu fyrir árið 1971 að öllu leyti til greina og gaf út þær ótvíræðu yfirlýsingar, skýlausu yfirlýsingar, að hún fyrir sitt leyti hefði þar með viðurkennt að fullu áætlun Lánasjóðs ísl. námsmanna og hún liti svo á, að mörkuð væri stefna fyrir þær ríkisstj., sem við tækju, að halda áfram á þeirri braut, þannig að markmiði áætlunarinnar yrði náð á 3—5 árum, eins og óskað var eftir. Í síðustu fjárlögum voru veittar 126 millj. kr. til lánasjóðsins, eða sú upphæð, sem um var beðið. Með tilliti til þessarar stefnumótandi ákvörðunar, sem mjög var fagnað af öllum námsmönnum, og með hliðsjón af þeim undirtektum, sem þessi ákvörðun hlaut hjá þáverandi stjórnarandstöðuflokkum, mátti álíta, að þessi mál væru komin í höfn, námsmenn hefðu hlotið viðurkenningu og staðfestingu fjárveitingavaldsins. Í trausti þessa og í góðri trú mun stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa gengið út frá hækkun á núverandi fjárlögum í samræmi við áætlun sína, en hún gerir ráð fyrir, að fjárveiting til sjóðsins nemi nú 254 millj. kr. fyrir árið 1972. Stjórn sjóðsins hafði þegar hafið úthlutun námslána með þá upphæð í huga, og reyndar hafa nú þegar átt sér stað greiðslur í samræmi við áætlunarfjárhæðina. Það kom því mjög á óvart, svo að ekki sé meira sagt, þegar fjárlagafrv. var lagt fram og í ljós kom, að gert var ráð fyrir mjög skertri fjárveitingu til lánasjóðsins, svo skertri, að þar skortir hvorki meira né minna en 90 millj. kr. til þess, að mætt sé áætlun og þörfum sjóðsins. Í fyrsta skipti í sögu lánasjóðsins hafa till. sjóðsstjórnar ekki verið teknar inn óbreyttar og þó er þess að geta, að nú er farið fram á minni hlutfallslega hækkun en Alþ. samþykkti 1970. Eins og öllum má vera ljóst, hefur till. ríkisstj. í fjárlagafrv. skapað mikla óvissu um endanlega afgreiðslu, sem aftur hefur veruleg og bagaleg áhrif á úthlutun lána. Þessi óvissa kemur að sjálfsögðu einkum niður á þeim stúdentum og námsmönnum, sem verst eru settir fjárhagslega.

Úthlutun lána til námsmanna erlendis, sem undir venjulegum kringumstæðum væri komin til framkvæmda og, eins og fyrr segir, er að nokkru leyti hafin, hefur nú dregizt og bakað námsmönnum óþægindi og áhyggjur. Lán til námsmanna erlendis eru áætluð tæpar 120 millj. kr. samkvæmt áætlun sjóðsstjórnarinnar. Þá hefur lánasjóðurinn sett fram þá ósk, að unnt yrði að úthluta nú þegar í haust lánum til þeirra námsmanna, sem taka áfangapróf á haustmisseri, svo og til þeirra námsmanna, sem eigi gátu stundað sumarvinnu vegna skyldunámskeiða. Ekkert svar hefur borizt við þeirri ósk og úthlutun stöðvast af þeim sökum. En gert var *ráð fyrir, að þessi lán yrðu samtals 6—7 millj.* Hvað snertir kandídatastyrki, þá rann umsóknarfrestur út um s. l. mánaðamót, en ekki hefur verið hægt að taka afstöðu til umsókna, þar sem ekki liggur fyrir, hver fjárveiting endanlega verður. Úthlutun kandídatastyrkja ætti því að vera lokið og hin almenna úthlutun námslána ætti því að vera hafin af fullum krafti. Áætlað var að úthluta til kandídata um 6 millj. kr.

Herra forseti. Enda þótt till. ríkisstj., sem birt er í fjárlagafrv., hafi komið mjög á óvart og lýsi viðbrögðum, sem menn áttu ekki von á, þá tel ég fullvíst, að íslenzkir námsmenn og stjórn lánasjóðsins fyrir þeirra hönd hafi vonað, að einhver mistök hafi verið hér á ferðinni og þessum málum yrði kippt í lag, þegar ljóst yrði, hversu mikið hagsmunamál er hér um að ræða. Í *fjárlagaræðu sinni lét fjmrh., sem er fulltrúi Framsfl.*, þau orð falla, að lagfæring mundi eiga sér stað, og í yfirlýsingu í einu dagblaðanna í Reykjavík fyrir nokkrum dögum kvaðst menntmrh., sem er fulltrúi SF, taka till. lánasjóðsins upp sem sína í ríkisstj. Á síðasta Alþ. gekk hæstv. núv. iðnrh., sem er fulltrúi Alþb., þriðja stjórnarflokksins, þó lengst í stuðningi sínum við þetta mál með því að bera fram till. um, að tillögur lánasjóðsins yrðu beinlínis lögfestar. Full ástæða er því til að halda, að till. ríkisstj. í fjárlagafrv. hafi verið yfirsjón, sem stafað hafi af fljótfærni frekar en skilningsleysi, og sem ríkisstj. mundi leiðrétta við allra fyrsta tækifæri. Við slíka leiðréttingu mun vart standa á stjórnarandstöðuflokkunum, sem veittu fordæmi á síðasta þingi með tillögugerð og yfirlýsingum við afgreiðslu fjárlaga, og ekki er því *sjáanleg nein andstaða* gegn því, að Alþ., og þá ríkisstj., láti þann vilja sinn í ljós, að haldið sé áfram á þeirri braut, sem þegar hefur verið mörkuð af fráfarandi ríkisstj., og áætlun stjórnar lánasjóðsins að fullu tekin inn í fjárlög.

Með hliðsjón af þeirri óvissu, sem nú ríkir meðal námsmanna, eins og ég hef nú greint frá, með hliðsjón af þeim almenna stuðningi, sem mál þetta nýtur hér á

þingi, og með hliðsjón af þeirri nauðsyn, að námsmönnum sé tryggt viðunandi fjárhagsöryggi, þá er nú spurzt fyrir um og þess raunar óskað, að fjmrh. lýsi því nú yfir ákveðið, að hann og ríkisstj. muni sjá til þess, að tillögur lánasjóðsins verði teknar óbreyttar inn í fjárlög fyrir árið 1972. Ég leyfi mér að fullyrða, að til þess njóti hann stuðnings a. m. k. sjálfstæðismanna hér á þingi, og slíkri yfirlýsingu yrði vel fagnað meðal allra íslenzkra námsmanna bæði hérlendis og erlendis.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það gleður mig stórum, að hv. fyrirspyrjandi, 9. landsk. þm., hefur safnað svo miklu liði hér á pallana sem raun ber vitni um til þess að hlusta á þessa fsp. sína. En að ástæðulausu var að spyrja, því að þetta gat hv. þm. fengið að vita alveg án þess að halda svo langa ræðu sem raun bar vitni um. Eitt af því, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði á síðustu dögum sínum, var að skipa í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna til næstu sex ára. Mörgum fannst það nokkur tíðindi, að það skyldi gert af ríkisstj. eftir að hún hafði þá raunverulega misst völdin. Um þetta urðu nokkrar umr. í blöðum. Ég tók hins vegar ekki þátt í því í sambandi við skipun þá, sem gerð var fyrir hönd fjmrn., þó að það orkaði mjög tvímælis með hana eins og aðra skipun, ekki af því að ég hafi út á mennina að setja, en hitt var ljóst, að þessir fulltrúar voru valdir með tilliti til pólitískra skoðana sinna og þess vegna orkaði þetta tvímælis. Í lok ágústmánaðar kom sá fulltrúi sjóðsstjórnarinnar, sem er fulltrúi fjmrh., Baldvin Tryggvason, til mín og lagði fyrir mig þá grg. og þá till., sem þeir höfðu að gera í sambandi við námslán á árinu 1972. Eins og ég skýrði honum þá frá, var búið að ganga frá fjárlagafrv., eins og áformað var að leggja það fram, og ég sagði honum því, að við mundum taka þetta mál til meðferðar við afgreiðslu fjárlaga á Alþ. Ég sagði frá því í fjárlagaræðunni, að svo hefði verið og dró enga dul á það, að þetta mál yrði þar tekið til meðferðar og skal lýsa því yfir fyrir hönd íslenzku ríkisstj., að hennar hugsun hefur aldrei verið önnur en sú, að þessi till. yrði tekin og afgreidd í fjárlögum ríkisins 1972. Þess vegna þurftu engir af því áhyggjur að hafa, og ef sjóðsstjórnin hefur haft slíkar áhyggjur sem hv. 9. landsk. þm. lýsti hér áðan, þá hefði það nú verið ómaksins vert fyrir þá að hafa samband við annaðhvort hæstv. menntmrh. eða fjmrh. til þess að fá vitneskju um það frá þeirra hendi, hvað þeir hugsuðu sér í málinu. (Gripið fram í.) Nei, það hefur ekki verið haft samband við mig nema það, eins og ég sagði áðan, þegar Baldvin Tryggvason lagði fyrir mig þessa áætlun, og ég hygg, að hann muni bera það, að það kom ekkert fram í okkar samtali, sem gaf það til kynna, að þessi áætlun yrði ekki tekin til greina. Þess vegna held ég, að sjóðsstjórnin hafi byggt á því, að hún yrði tekin til greina og þess vegna ekki verið á ferðinni út af málinu. Það hefur hins vegar komið fyrir oftar og t. d. þykist ég muna það, að á árinu 1970 voru hækkuð framlög til námslána á miðju því sumri, þó að fjárlög væru þá frágengin, svo að þess vegna þarf engan að undra, þó að slíkt mál sem þetta sé til meðferðar í fjvn. og þurfi ekki að vera að fullu afgreitt í fjárlagafrv., ekki sízt þegar áætlun, sem á þurfti að byggja, lá ekki fyrir, þegar frv. var samið. Ég vil því endurtaka það, að af hálfu ríkisstj. verður séð um það, að fjárveiting af hálfu ríkisins á árinu 1972 til Lánasjóðs ísl. námsmanna verði sú, sem farið er fram á í þessari tillögu stjórnar lánasjóðsins.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja úr hófi fram þessar umr. hér utan dagskrár, en tel þó rétt að skýra frá nokkrum staðreyndum málsins, sérstaklega vegna þess, að mér þótti gæta verulegs misskilnings í ræðu hv. 9. landsk. þm. Það er alger misskilningur, að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hafi þurft að koma á óvart, að önnur till. kom fram í fjárlagafrv. heldur en sú, sem hún gerði um fjárveitingu til lánasjóðsins á næsta ári. Stjórnin vissi auðvitað fullt eins vel og hver annar, sem fylgdist með málum, hvernig á því stóð, að tillaga stjórnarinnar var svo seint á ferðinni, að ekki reyndist unnt að taka til hennar afstöðu, áður en ganga varð frá fjárlagafrv. Það var hvorki um að ræða nein mistök né neitt skilningsleysi eða viljaleysi, heldur aðeins það, að þetta mál bar það seint að, að nauðsyn bar til, vegna tímans, að setja fjárlagafrv. í prentun, áður en unnt var að taka afstöðu til þessarar tillögu. En það hefur verið eindreginn vilji þessarar ríkisstj. frá upphafi að taka fullt tillit til þarfa námsmanna og fyrir því var grein gerð fyrir mánuði, þegar ég ræddi við hóp bankastjóra og bar fram við þá tilmæli um stuðning í lánsformi við lánasjóðinn á sama hátt og tíðkazt hefur undanfarin ár. Þá var bankastjórunum gerð rækileg grein fyrir því, að till. í fjárlagafrv. væri áætlunartala, sem alls ekki væri raunhæf, og þeim var gerð grein fyrir því, að óskað væri eftir, að framlag bankanna miðaðist við fulla fjárveitingu af ríkisins hálfu eins og stjórn lánasjóðsins fór fram á.

Þá er það að segja, að núna eftir hádegið, þegar ég kom í rn., var þar bréf frá stjórn lánasjóðsins, dags. 26. okt., þar sem ámálgað er, að frá þessu máli sé gengið hið skjótasta, og þá gat ég hringt í formann stjórnarinnar og skýrt honum frá því, að það hefði þegar verið gert.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þingsköp leyfa mér ekki að flytja hér langa ræðu, en ég vil þó þakka þann sérstaka heiður, sem mér er sýndur, að tveir ráðh. sjá ástæðu til þess að standa hér upp og svara minni fsp., svo að greinilegt er, að mikið liggur við. Ég stóð nú ekki hér upp til þess að safna liði og halda einhverja auglýsingaræðu, ég hefði að sjálfsögðu líka getað gengið á fund ráðh. og óskað eftir upplýsingum fyrir sjálfan mig, en vegna þess að ég hef ekki hagsmuna að gæta í þessu máli, heldur sá hinn mikli fjöldi manna, sem stundar nám bæði hérlendis og erlendis, taldi ég það miklu mikilvægara, að fram kæmi hér á þessum vettvangi svar ráðh., en ekki í prívatsamtali við mig undirritaðan. Ég var heldur ekki hér að spyrja um pólitískar skoðanir þeirra manna, sem setið hafa í stjórn lánasjóðsins, og ég get ekki séð, að það skipti neinu máli. Því er ekki að neita, að þegar lagt er fram fjárlagafrv. ríkisstj. eftir alllanga setu hennar, þá er eðlilegt, að maður geri ráð fyrir því, að í því komi fram, hver stefna ríkisstj. sé í hinum einstöku málum. Það fer ekki á milli mála — og sérstaklega með tilliti til þeirra miklu umr., sem fram fóru um námslán á síðasta þingi — þá fer það ekki á milli mála, að það var búið að móta mjög ákveðna og skýra stefnu varðandi námslán, og þess vegna var það

alvarlegur hlutur og vakti mikla athygli, þegar í ljós kom, að þessari áætlun og þessari stefnumörkun var ekki fylgt í fjárlagafrv. Það var líka eðlilegt, að menn hefðu áhyggjur af þessu, þegar tillit er tekið til þess, að lagt er fram fjárlagafrv. með aðeins 48 millj. kr. greiðslumismun, en hér er um að ræða upphæð um 90 millj. kr., svo að það er eðlilegt, að fólk spyrji: Hvar á að taka þessa peninga, sem þarna vantar, á að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla?

Ég vil enn fremur undirstrika það, að það er ekki að ástæðulausu, sem ég stend hér upp. Ástandið hefur vissulega verið mjög alvarlegt í fjármálum námsmanna og lánamálum þeirra. Það hefur skapazt mikil óvissa í þeirra röðum, ringulreið hjá lánasjóðnum. Hann hefur verið að úthluta eftir fyrirfram ákveðinni áætlun sinni, en svo kemur í ljós, að hún er ekki sett inn í fjárlög. Námsmenn, sem nú þegar eru komnir til náms erlendis, hafa gert ráð fyrir því að fá lán samkv. þessari áætlun og þeir hafa staðið frammi fyrir þeim augljósa möguleika, að þær áætlanir, sem þeir sjálfir hafa gert varðandi sín fjárhagsmál, mundu ekki standast og fjárhagsafkomu þeirra yrði stefnt í voða. Af þessu öllu má sjá, að það var mjög þýðingarmikið og full ástæða til þess að spyrjast fyrir um það hér á þessum vettvangi, hvernig ríkisstj. hygðist grípa á þessu máli. Það mundi ekki hafa staðið á mér — og ég geri ráð fyrir því, að það hafi ekki staðið á öðrum hv. alþm. að láta í ljós vilja sinn í þessu máli með því að samþykkja þáltill. til stuðnings fjvn. og til stuðnings fjmrh., ef þörf hefði verið og þess hefði verið óskað, ef svarið hefði ekki verið mjög tvímælalaust hjá ráðh. í þetta skipti.

Nú hefur fjmrh. gefið mjög ánægjulega yfirlýsingu, tekið alveg af skarið með það, að hann og ríkisstj. í heild hyggist beita sér fyrir því og sjá til þess, að áætlun lánasjóðsins sé tekin að fullu inn í fjárlög. Þetta er það, sem ég bað um. Þetta er það, sem skiptir máli, og þetta er það, sem ég tel, að íslenzkir námsmenn geti fagnað, og þess vegna tel ég, að þessi fsp. mín hafi borið fullan árangur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að þreyta hér neinar kappræður, en út af áhyggjum þeim, sem hv. 9. landsk. þm. hafði af því, hvernig ætti að brúa þetta bil í fjárlögum, þá verð ég nú að segja það, að það verður létt að vera fjmrh., ef ekki þarf að velta þyngra hlassi en að útvega einhverjum 40 millj. Og ég verð að segja það líka, að það er ekki í fyrsta sinni, sem fjárlagafrv. hefur verið lagt fram hér á hv. Alþ. og hefur hækkað allmiklu meira en greiðsluafgangurinn gerði ráð fyrir. Á síðasta Alþ. hækkaði fjárlagafrv. um tæpan milljarð í meðförum Alþ. Þá var að vísu greiðsluafgangur upp á 300 millj., en það skorti bara annan milljarð til þess að fjárlögin væru í samræmi við raunveruleikann. Ég vil líka segja frá því, að 1969 var gert ráð fyrir greiðsluafgangi upp á 51 millj., en hækkun á fjárlagafrv. var yfir 500 millj., svo að ég held, að þessar áhyggjur séu ástæðulausar, því að það verður við meira að fást en þetta, en við þetta verður staðið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að hefja almennar fjárlagaumr. eins og hæstv. fjmrh. var að gera í sinni síðustu ræðu, en mig langar til þess að við fáum upplýsingar um það, hvenær það var, sem tillögurnar komu, hvaða dag ágústmánaðar, um fjárveitingar til lánasjóðsins og hvenær það var í ágústmánuði, sem fjárlagafrv. fór í prentun. Og var þá svo langt komið prentun þess, þegar tillögurnar bárust, að ekki væri hægt að gera leiðréttingu á þessu, sérstaklega með hliðsjón af þessum skeleggu yfirlýsingum, sem nú hafa verið gefnar?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er rétt, að við þessa almennu umr. um lánamál námsmanna sé minnt á eina litla staðreynd. Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni till. um það, að Alþ. ákvæði að tryggja Lánasjóði ísl. námsmanna það miklar fjárveitingar árlega, að á þremur árum yrði honum gert kleift að fullnægja allri umframþörf námsmanna. Ef þetta hefði verið samþ. í fyrra, þá hefðu þessar fjárveitingar orðið sjálfkrafa á þremur árum upp í þessa upphæð. Þessi till. var felld hér á þinginu í fyrra, að viðhöfðu nafnakalli, af öllum alþm. Sjálfstfl. og Alþfl., þ. á m. þeim hv. þm. og þáv. forsrh., sem talaði hér síðast.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja það, að þessar till. eru dags. 26. ágúst, en það mun hafa verið komið eitthvað fram í sept., þegar Baldvin Tryggvason kom og lagði þær fyrir mig og ræddi um þær við mig. Ég man ekki svo nákvæmlega dagsetninguna. En eins og ég áðan sagði, var þá búið að ganga frá fjárlagafrv., svo að hann vissi það einnig, að þetta yrði ekki tekið með. Og mér kemur það mjög á óvart, ef stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur haft af þessu miklar áhyggjur, að hún skuli þá ekki hafa lagt á sig það ómak að hafa samband við t. d. fjmrh. um það, hvort ætti að taka tillit til þessara tillagna eða ekki. Það kemur mér mjög á óvart og ég tel, að það séu óeðlileg vinnubrögð, ef þeir hafa verið í einhverjum vandræðum, því að það er ekki fyrr en í dag, eins og hæstv. menntmrh. sagði frá, sem frá þeim kemur bréf, þar sem þeir spyrjast fyrir um þetta, sem þeir hefðu getað fengið svar út á strax. Og ég er sannfærður um það, að Baldvin Tryggvason fór með það viðhorf af okkar fundi, að hann leit svo á, að tillögurnar yrðu teknar til greina.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. iðnrh. sagði. Þar sem þeir fluttu þessa till. í fyrra, sem hann gerði grein fyrir, og hún var ekki samþ. þá, hvað var þeim þá að vanbúnaði að taka hana inn í fjárlögin nú? (Gripið fram í.) Nei, fjárlagafrv., ef hæstv. fjmrh. vill svara því. Hvað var að vanbúnaði að taka það inn í fjárlagafrv.? (Gripið fram í.)

XIII. Húsnæðismál menntaskóla o. fl.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., utan dagskrár, mælti

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Fyrir nokkru

síðan fylktu nemendur og kennarar Menntaskólans í Reykjavík liði og gengu á fund ráðh. til að vekja athygli á neyðarástandi í húsnæðismálum þess skóla. S. l. föstudag efndu landssamtök íslenzkra menntaskólanema til aðgerða til að vekja athygli á kröfum sínum um betri námsaðstöðu og spurningum sínum um það, af hverju þeim kröfum hefur ekki verið sinnt. Í landssamtökum þessum eru allir menntaskólanemar á landinu, um 3300 að tölu. 2300 þeirra eru í Reykjavíkurmenntaskólunum þremur. Mörgum er sennilega gjarnt að hugsa, að kröfugerð skólaæskunnar sé aðeins eitthvert hávaðabrölt í heimtufrekum dekurbörnum, sem nær væri að senda til sjós og láta vinna fyrir sér. En skólaæskan er fólk, sem vinnur mikið og þarf aðstöðu til sinnar vinnu eins og aðrir. Þeir, sem hugsa, að þetta fólk hafi einungis verið heimtufrekt dekurfólk, munu sennilega hafa staldrað við, þegar þeir sáu, hverjar voru aðalkröfurnar í þessum hópi. Aðalkröfurnar voru þessar: Framfylgið lögunum. Menn munu hafa séð, að þarna var ekki rangsleitni og heimtufrekja að verki. Ungt fólk, sem setur þá kröfu fram við ráðamenn, að þeir framfylgi lögum, sem þeir hafa sjálfir sett, á tvímælalaust rétt á því, að á það sé hlustað og því svarað. Lög um menntaskóla voru sett 25. marz 1970. Í þeim eru ákvæði um, að menntaskólar skuli vera nógu margir og húsrými nægilegt til allrar starfsemi þeirra. Í reglugerð skal svo kveðið á um lágmarkskröfur um húsrými og hlutfall milli þess og nemendafjölda. Sú reglugerð er ekki til.

Ýmis nýmæli eru í þessum lögum, sem ber að fagna, m. a. um bókasöfn, lestrarsali, aukið valfrelsi í námsefni og nýja starfsmenn, aðstoðarskólastjóra, bókavörð, deildarstjóra einstakra námsgreina, námsráðunauta og félagsráðunauta. Til að valgreinafyrirkomulag geti náð tilgangi sínum er t. d. námsráðunautur mjög mikilvægur starfsmaður. Hann á að leiðbeina nemendum í ýmsum vanda, er varðar nám og líf.

Í 26. gr. þessara laga eru talin upp 15 atriði, sem setja á reglugerð um. Reglugerð var sett, sem átti að gilda fyrir skólaárið 1970—1971, í tíð fyrrv. ríkisstj. í jan. 1971. Í 81. gr. hennar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 26. gr. laga nr. 12 1970 um menntaskóla, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1970—1971, eftir því sem við verður komið. Skal hún endurskoðuð sumarið 1971 og hin endurskoðaða gerð taka gildi frá upphafi skólaársins 1971—1972."

Þessi endurskoðaða reglugerð er, að því er ég bezt veit, ekki til og ég leyfi mér að biðja hæstv. ráðh. um skýringu á því. Þá leyfi ég mér að æskja upplýsinga um það, hvaða starfsmenn samkv. a-lið 13. gr. laganna hafa verið ráðnir og ef þeir hafa ekki verið það, þá hvers vegna. Enn vil ég spyrja um það atriði, sem ekki hefur minnsta þýðingu í þessum málum, en það er, hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að bæta úr þeirri neyð, sem ríkir í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík, og hvernig eigi að ráðstafa þeim 750 nemendum, sem ljúka væntanlega landsprófi nú í vor.

Enn eitt mikilvægt atriði, sem varðar námsaðstöðu menntaskólanemenda nú, er sú krafa þeirra, að sinnt sé leiðréttingum á heimaverkefnum. Nú undanfarið hefur lengi staðið heimavinnubann kennaranna. Það hefur verið vegna kjaradeilu þeirra. Ráðamenn hafa neitað um þóknun til kennaranna fyrir leiðréttingar og slíkt, sem unnið er í heimavinnu og krefst mikillar áreynslu kennarans, en hefur hins vegar mjög mikla þýðingu fyrir námsárangur nemenda. Fullvíst er, að margir nemendur mega alls ekki við því, hvað námsárangur snertir, að fara á mis við þá aðstoð, sem felst í leiðréttingum kennarans á skriflegum og verklegum úrlausnum. Þarna koma til greina stílar í tungumálunum, íslenzkir stílar eða ritgerðir og svo verklegar úrlausnir í eðlis- og efnafræði og skýrslur, svo og skriflegar úrlausnir í stærðfræði. Af þessum ástæðum mun verða örðugt, ef ekki ókleift, að gefa árseinkunnir til stúdentsprófs, sem nú fara senn að byrja í tungumálum. Er því auðsætt, að mjög brýnt er að ráða bót á þessu máli hið allra fyrsta. Ég vil leyfa mér að æskja upplýsinga hæstv. ráðh. um það, hvernig þessum málum miði, og mun svo ekki tefja hv. Alþ. með frekari orðum um þetta mikilvæga efni, þó að full ástæða væri til, því að hér er um mörg alvarleg atriði að ræða, sem þarf að gefa skýringu á.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Áður en ég reyni að sýna lit á að svara þeim mörgu og umfangsmiklu spurningum, sem hv. 12. þm. Reykv. hefur beint til mín, vil ég tjá þingheimi það, sem ég tjáði hv. fyrirspyrjanda, þegar hún skýrði mér frá því fyrir hádegið, að þetta mál yrði borið hér upp, að líklegra væri til að upplýsa málið og jafnframt þinglegra að flytja um það formlega fsp., sem hlyti meðferð samkv. þingsköpum, en að taka svo umfangsmikið málefni upp utan dagskrár. Mér virðast aðallega fjögur atriði, sem fsp. er beint um í ræðu hv. 12. þm. Reykv.

Í fyrsta lagi er óskað skýringar á því, hvers vegna ekki sé til sú reglugerð, sem gert var ráð fyrir, að endursamin yrði á yfirstandandi ári. Því er til að svara, að reglugerð samkv. nýju menntaskólalögunum, sem eru nr. 12 frá 1970, var sett í ársbyrjun 1971, reglugerð nr. 12 1971. Í reglugerðinni er ráð gert fyrir endurskoðun hennar þegar á sama ári, árinu 1971. Samkv. því ákvæði voru breytingar á reglugerðinni ræddar í samstarfsnefnd menntaskólastigsins, en þeirri nefnd var komið á fót samkv. ákvæði í menntaskólalögunum. Nefndin varð sammála um, að ekki væri fengin nægileg reynsla af framkvæmd þeirrar reglugerðar á þessum stutta tíma, síðan hún var sett, til þess að ástæða væri til að gefa hana út að nýju í heild. En hins vegar lagði nefndin til, að gerðar yrðu á reglugerðinni vissar breytingar, og var reglugerðinni breytt í samræmi við þessar tillögur 7. jan. 1972 og breytingarnar sendar Stjórnartíðindum til birtingar 10. sama mánaðar, svo að þó að reglugerðin hafi ekki verið endursamin í heild, hafa þegar verið gerðar á henni breytingar í samræmi við þá reynslu, sem fengin er.

Í öðru lagi er spurt um framkvæmd menntaskólalaganna, og þá einkum ákvæðis þeirra um nýja starfsmenn, sem ekki verða taldir beinir kennslukraftar; hverjir hafi verið ráðnir og hverjir ekki. Eins og ég gat um áðan, eru nýju lögin um menntaskóla nr. 12 1970. Í þeim felast margs konar nýmæli, bæði varðandi námsskipan, kennsluhætti og starfssvið skólanna. Það er að sjálfsögðu ljóst, að nokkurn tíma tekur að koma í framkvæmd öllum þeim atriðum, sem lögin gera ráð fyrir, og á það ekki sízt við ýmislegt af því, sem varðar

námsskipan og kennsluhætti. Að því er tiltekin starfssvið varðar, þá er þess að geta, að deildarstjórar í einstökum námsgreinum eða námsgreinaflokkum eru þegar teknir til starfa samkv. þessum nýju lögum, tóku til starfa veturinn 1970—1971. Á þessum vetri hefur verið heimiluð ráðning aðstoðarskólastjóra við þrjá stærstu skólana. Af öðrum nýjum starfsmönnum, sem menntaskólalögin gera ráð fyrir, má nefna námsráðgjafa, bókaverði, félagsráðgjafa, tækjaverði auk starfsliðs við heimavistir, húsfreyju og húsbónda. Að sjálfsögðu hefur sumt af þeim verkefnum, sem hér eru ætluð sérstökum starfsmönnum, verið leyst af hendi áður með öðrum hætti og er svo enn. Til að mynda eru gjarnan einhverjir úr hópi kennara, sem annast bókavörzlu og tækjavörzlu, svo að nokkuð sé nefnt. En stefna menntmrn. er sú, að til allra þeirra starfa, sem ráðgerð eru í hinum nýju menntaskólalögum, verði ráðnir starfsmenn og vera megi, að heppilegast sé að sameina sum störfin kennslustörfum, enda gera lögin ráð fyrir, að svo sé.

En framkvæmd þessa lagaákvæðis eins og annarra fer eftir fjárveitingu, sem til ráðstöfunar er til að standa straum af aukinni starfsemi, og mun tekin upp við undirbúning næstu fjárlaga framkvæmd þessara lagaákvæða í meira mæli en verið hefur hingað til.

Í þriðja lagi spurði hv. 12. þm. Reykv., hversu bæta eigi úr neyð Menntaskólans í Reykjavík og ráðstafa 750 nýjum nemendum, sem gert er ráð fyrir, að leiti inngöngu í menntaskólana að hausti. Fyrir um það bil áratug ákvað ríkisstj., að Menntaskólinn í Reykjavík yrði framvegis á núverandi skólastað við Lækjargötu, jafnframt því, sem byggður yrði annar menntaskóli við Hamrahlíð. Í samræmi við þessa stefnu var nýja húsið við Menntaskólann reist, og eigin húsakostur Menntaskólans er nú sem hér segir: 9 almennar kennslustofur í gamla húsinu, 4 almennar stofur í nýja húsinu, 3 sérkennslustofur í nýja húsinu, 2 almennar kennslustofur í svokölluðu Fjósi. Samtals eru þetta 15 almennar kennslustofur og 3 sérstofur. Í skólanum eru í vetur um 1040 nemendur og í notkun eru 8 kennslustofur utan skólalóðarinnar, í Þrúðvangi og Miðstræti 12. Haustið 1972 má gera ráð fyrir, að 750 nemendur æski inngöngu í alla menntaskólana í Reykjavík. Úr Menntaskólanum í Reykjavík fara 300 nemendur í vor, en s. l. haust voru teknir í skólann 276 nýir nemendur. Miðað við núverandi eigin húsakost skólans og þann húsakost, sem unnt væri með góðu móti að koma fyrir á lóð skólans, gæti skólinn rúmað 600—700 nemendur miðað við, að þar yrði ekki tvísett.

Að því er varðar húsnæðismál skólans haustið 1972, er stefnt að því að leigja eða kaupa KFUM-húsið á lóð skólans, en þó er vonlaust, að skólinn geti fengið það til sinna umráða að fullu á komandi hausti. En væntanlega mundi skólinn komast af með að fá 3—4 kennslustofur í KFUM-húsinu haustið 1972 og gæti þá hætt kennslu í húsnæðinu í Miðstræti 12 miðað við, að ekki yrðu teknir í skólann haustið 1972 nema 220 nýir nemendur, en húsnæðið í Miðstræti 12 mætti nota til annarra þarfa skólans, svo sem félagsstarfa nemenda.

Að því er varðar Menntaskólann við Hamrahlíð, þá er ætlunin að ljúka byggingu skólahússins að fullu fyrir haustið 1972, en næsti áfangi þar á eftir yrði íþróttahús. Fjárveiting í gildandi fjárlögum er miðuð við að ljúka sjálfu skólahúsinu. Nemendafjöldi í Menntaskólanum við Hamrahlíð er í vetur 730, og þaðan munu útskrifast í vor 140 stúdentar. Skólinn mun geta veitt viðtöku haustið 1972 a. m. k. 230 nýjum nemendum.

Menntaskólinn við Tjörnina er, eins og kunnugt er, í húsnæði gamla Miðbæjarbarnaskólans, en vilyrði hefur nú fengizt af hálfu borgaryfirvalda Reykjavíkur um lóð undir nýbyggingu fyrir skólann við Suðurlandsbraut. Mun verða hafizt handa um teikningu og annan undirbúning alveg á næstunni, en fé er hins vegar ekki á fjárlögum til sjálfra byggingarframkvæmdanna á þessu ári, en stefnt er að því, að á fjárlög 1973 verði tekið framlag til byggingarinnar. Þetta læt ég að svo stöddu nægja um menntaskólana í Reykjavík.

En þá er fjórða fsp. hv. 12. þm. Reykv. um heimavinnugreiðslu til kennaranna. Komið hefur upp ágreiningur milli fjmrn. og Félags menntaskólakennara um greiðslu fyrir heimavinnu, og þar er um að ræða mismunandi túlkun eða skilning á gildandi kjarasamningum. Menntmrn. mun fyrir sitt leyti leggja höfuðáherzlu á, að þetta mál leysist hið bráðasta, þannig að það bitni ekki á kennslu í menntaskólunum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta mál skuli hafa borið á góma hér á hinu háa Alþ., því að sannarlega er hér um athyglisvert vandamál að ræða. En ummæli í ræðu hæstv. menntmrh. gefa mér tilefni til dálítillar leiðréttingar.

Eins og honum er eflaust eins vel kunnugt og mér, þá setti ég, meðan ég veitti menntmrn. forstöðu, bráðabirgðareglugerð varðandi framkvæmd á nýju menntaskólalögunum í ársbyrjun 1971. Í þeirri reglugerð sjálfri voru ákvæði um það, að fullnaðarreglugerð skyldi samin og taka gildi í byrjun yfirstandandi skólaárs. Það var talið nauðsynlegt. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði unnizt tími til þess að ganga frá reglugerðinni, en þetta leyfi ég mér að draga í efa. Það hefði verið nógur tími til þess, ef nægum starfskröftum hefði verið til þess beitt að fullsemja reglugerðina, þannig að hún hefði getað tekið gildi fyrir byrjun þessa skólaárs.

Þá fannst mér það ekki koma nægilega fram í svari hæstv. ráðh. við fsp. þm., hver er raunverulega ástæðan fyrir því húsnæðisvandamáli, sem nú hefur komið upp á þessu skólaári í Menntaskólanum í Reykjavík, stærsta menntaskóla landsins. En ástæðurnar eru tvær. Annars vegar mikil fjölgun nemenda á menntaskólaaldri, sem sótt hafa í elzta menntaskóla landsins, og hins vegar sú ráðstöfun eldvarnaryfirvalda í Reykjavík að svipta gamla Menntaskólann efstu hæðinni í menntaskólahúsinu af brunavarnarástæðum. Ég vek athygli á því, að hvort tveggja þetta lá ljóst fyrir, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Þá var annars vegar vitað um þann fjölda, sem mundi sækja til menntaskólanáms, og þá lá þegar fyrir sú fyrirætlun eldvarnareftirlitsins að taka efstu hæð menntaskólahússins úr notkun, og þar með var alveg fyrirsjáanlegt á miðju s. l. sumri, að til vandræða mundi koma í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík. Það, sem ég tel, að þá hefði átt að vinda bráðan bug að, var að taka ákvörðun um stofnun nýs menntaskóla, annaðhvort í Austurbænum í Reykjavík eða í Hafnarfirði. Hvort tveggja hefði verið jafngott og hvort tveggja hefði leyst þann vanda, sem nú dynur yfir, nú er við að etja, með sama hætti. Ég vek

athygli á því, að nú þarf ekki lagaákvæði til stofnunar menntaskóla, nú dugar ákvörðun menntmrh. Auðvitað er mér ljóst, að nýr menntaskóli í Austurbænum í Reykjavík eða í Hafnarfirði hefði ekki verið byggður á sumarmánuðunum eða fram að hausti, en ákvörðunina hefði átt að taka. Það hefði sætt nemendur miklu betur við erfiðleika í vetur og auk þess hefði verið vandalaust, það fullyrði ég, vandalaust að leigja húsnæði í Austurbænum eða í Hafnarfirði til nauðsynlegrar menntaskólakennslu og hafa það á leigu, þangað til bygging væri risin í Austurbænum eða í Hafnarfirði.

Ég endurtek, að ég fullyrði, að hægt hefði verið að fá nýtt nothæft húsnæði til menntaskólakennslu á leigu, meðan bygging stæði yfir, einkum og sér í lagi, ef ákvörðun hefði verið tekin um það í sumar að reisa nýjan menntaskóla í Austurbænum eða í Hafnarfirði.

Ég vek athygli á því, að á óskalista menntaskólanemendanna eða áskorun þeirra er það mjög athyglisvert, að kröfur þeirra eru ekki um nýja löggjöf. Löggjöfin er til ný og viðurkennt af öllum, að hún er mjög fullkomin. Óskirnar eru um það, að gildandi lögum sé framfylgt, og það er nokkuð sérstakt, að óskir nemenda eða aðila skuli vera með þessum hætti og það sýnir, að nemendurnir hafa ábyrgðartilfinningu. Þeir vita, um hvað er verið að tala. Það er ekki þörf á endurskoðun á löggjöfinni sjálfri. Hún er mjög fullkomin, í hópi þeirra fullkomnustu, sem um er að ræða í nálægum löndum, en það hefur gengið of seint að framkvæma löggjöfina, einkum og sér í lagi fyrir byrjun þess skólaárs, sem nú er nýhafið.

Ég minni á það, að fyrir 15 árum var ástandið í menntaskólamálum þjóðarinnar vægast sagt hörmulegt. Það voru þrír menntaskólar til í landinu, einn 100 ára gamall skóli í Reykjavík, einn 30 ára gamall skóli á Akureyri og lítill þriggja ára gamall skóli á Laugarvatni. En síðan hefur það gerzt, að byggt hefur verið við Menntaskólann í Reykjavík húsnæði, sem er stærra en gamli skólinn. Það hefur verið byggt húsnæði á Akureyri, Möðruvellir, sem er stærra en gamli skólinn. Það hafa verið byggðir nokkrir áfangar af stærsta og fullkomnasta menntaskóla landsins, einum fullkomnasta menntaskóla á Norðurlöndum, sem er Hamrahlíðarskólinn. Það hefur verið stofnaður nýr menntaskóli í Reykjavík, Menntaskólinn við Tjörnina, heimavistir við Menntaskólann á Laugarvatni hafa verið stórauknar og þegar hefur verið hafin fyrir nokkru bygging menntaskóla á Ísafirði. Í málefnum menntaskólanna hefur því verið sérstaklega á undanförnum 10 árum gert stórkostlegt átak, miklu stórkostlegra átak en á nokkrum 10 árum öðrum í sögu menntaskólakennslu á Íslandi. Um þetta má nefna mjög einfalda tölu. Ég skal ekki þreyta hv. þm. utan dagskrár með talnalestri eða miklum upplýsingum, en fyrst málið ber á góma á annað borð, þá tel ég rétt, að þingheimur og þjóð og nemendur skólanna, sem þetta mál snertir sannarlega, viti, hvað hefur verið að gerast í málefnum menntaskólanna, að þeim hefur síður en svo verið gleymt á undanförnum árum.

Stofnkostnaður menntaskóla var 1960 eða fyrir 10 árum á verðlagi 1971 12.5 millj. kr. Þá var varið til byggingar menntaskóla 12.5 millj. kr. Á s. l. ári var varið til byggingar menntaskóla 56.9 millj. kr. eða fjórum til fimm sinnum meira en fyrir 10 árum. Þetta ber vissulega vott um, að hagsmunum menntaskólanemenda og menntaskólanna hefur ekki verið gleymt. Ég vek athygli á því, að því miður eru á fjárlögum þessa árs aðeins 12 millj. kr. ætlaðar til byggingar menntaskóla miðað við 56.9 millj. kr. á s. l. ári. Ég geri ráð fyrir því, að þessi staðreynd sé ein af þeim, sem veldur óróanum meðal menntaskólanemenda. Þetta voru tölur um stofnkostnað menntaskólanna. Alveg sama verður uppi á teningnum, ef athuguð eru útgjöld ríkisins til rekstrar menntaskólanna. Fyrir 10 árum, 1961, var rekstrarkostnaður menntaskólanna 27.8 millj. kr. á verðlagi ársins 1971. Hversu miklu skyldi hafa verið varið til rekstrar menntaskólanna á s. l. ári í krónum með sama verðgildi? 115.1 millj. kr. Það er um það bil sexföld aukning á einum áratug. Þetta er sannarlega staðreynd, sem allir, sem láta sig mál menntaskólanna skipta, þurfa að hafa í huga. Auðvitað má ekki gleyma því, að menntaskólanemendum hefur stórfjölgað. Þeir voru 1961 769, þeir voru í fyrra orðnir hvorki meira né minna en 2 717. En aukning útgjalda til rekstrar hefur samt vaxið miklu meira en nemendafjöldanum nemur. Ef rekstrarkostnaði menntaskólanna er deilt á nemendur, þá er niðurstaðan þessi, að 1961 var kostnaður við menntaskólana á nemanda 22 900 kr. á verðlagi 1971, en í fyrra var varið í rekstrarkostnað á hvern nemanda menntaskólanna 42 400 kr. eða næstum tvöfaldri þeirri upphæð. M. ö. o., þjónusta við nemendur í krónum reiknuð hefur verið næstum tvöfölduð á einum áratug. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að gildi kennslu þarf ekki að fara eftir aukinni fjárhæð, en það hlýtur að vera, að þjónusta við nemendur í bættri kennslu hafi aukizt mjög verulega við svo gífurlega aukningu á rekstrarútgjöldum menntaskólanna.

Herra forseti. Að síðustu, fyrst ég er á annað borð kominn í stólinn, get ég ekki stillt mig um að nefna það, að í dagblaði hæstv. forsrh. er í morgun grein einmitt um menntaskólamálið. Og þar er m. a. tekið svo til orða, að núv. ríkisstj. hafi tekið við íslenzkum skólamálum í fullkomnu öngþveiti. Ég held nú satt að segja, að varla sé hægt að hugsa sér öllu fáránlegri öfugmæli, eiginlega öllu hneykslanlegri öfugmæli vegna þess, hve auðvelt er að sýna fram á, að þau eru algerlega úr lausu lofti gripin, og mun annað tækifæri verða notað til þess að reka þetta rækilega ofan í þetta dagblað hæstv. fjmrh. og hlakka ég mjög til þess tækifæris, sem ég kem til með að fá. Á þessu stigi skal ég aðeins láta mér nægja að minna á það, — nú tala ég ekki bara um menntaskólana eina, heldur um rekstrarútgjöld til fræðslumála í heild, — að þau voru fyrir 10 árum, 1961, enn í sambærilegum krónum við 1971 518 millj. kr., en í fyrra voru þau 1 371 millj. og ég hefði gaman af að vita um nokkurn annan áratug í íslenzkri skólasögu, þar sem hefur orðið jafn stórkostleg aukning á rekstrarútgjöldum til fræðslumála og einmitt á s. l. áratug. Og það sama verður uppi á teningnum, ef við berum útgjöld til fræðslumála saman við þjóðarframleiðsluna. Fyrir 10 árum voru útgjöld til fræðslumála, 1961, 4% af þjóðarframleiðslunni. Í fyrra, 1971, voru útgjöld til fræðslumála komin upp í 6% af þjóðarframleiðslunni. M. ö. o., hlutdeild fræðslumálanna í þjóðarframleiðslunni hafði aukizt um 50%. Það eru ekki mörg lönd, sem geta sýnt fram á jafnmiklar framfarir og jafn stórkostlega aukningu fræðslumálanna í þjóðartekjum og Ísland getur á

undanförnum áratug. Af þessu vona ég, að menn sjái, hversu mikið ég hlakka til að tala við vissa þm. um þessi mál.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég lái ekki hv. 7. þm. Reykv., þó að hann hlakki til að ræða þessi mál nánar, eftir að hann hefur stjórnað þeim hálfan annan áratug með þeim glæsilega árangri, sem fram kom í ræðum hv. 12. þm. Reykv. og hans sjálfs. En það, sem fær mig til að stíga hér í stólinn á ný, er það, að ég mótmæli því gersamlega, að þessi reyndi þm. komi hér og leggi mér orð í munn, sem ég aldrei hef talað, rétt eftir að ég er kominn niður úr stólnum. Hann sagði í sinni ræðu, að ég hefði haldið því fram, að ekki hefði unnizt nægur tími til að endurskoða bráðabirgðareglugerðina, sem sett var í ársbyrjun 1971. Það vill svo til, að ég er hér með skrifað það, sem ég sagði um þetta mál, og ég verð að leyfa mér að endurtaka það, með leyfi hæstv. forseta:

„Í reglugerðinni er ráð gert fyrir endurskoðun hennar þegar á sama ári, árinu 1971. Samkv. því ákvæði voru breytingar á reglugerðinni ræddar í samstarfsnefnd menntaskólastigsins, en þeirri nefnd var komið á fót samkv. ákvæði í menntaskólalögunum. Nefndin varð sammála um, að ekki væri fengin nægileg reynsla af framkvæmd þeirrar reglugerðar á þessum stutta tíma, síðan hún var sett, til þess að ástæða væri til að gefa hana út að nýju í heild. En hins vegar lagði nefndin til, að gerðar yrðu á reglugerðinni vissar breytingar, og var reglugerðinni breytt í samræmi við þessar tillögur 7. jan. 1972 og breytingarnar sendar Stjórnartíðindum til birtingar 10. sama mánaðar."

Þetta er það, sem ég las áðan, og þetta hef ég nú lesið aftur. Af því kemur skýrt fram, að það var vegna þess, að samstarfsnefnd menntaskólastigsins taldi ekki næga reynslu komna á framkvæmd reglugerðarinnar, sem hún lagðist blátt áfram gegn því, að farið væri að umsteypa hana í heild að svo skömmum tíma liðnum, ekki vegna þess að tíma eða starfslið skorti til þess verks.

Þá er aðeins eitt atriði af mörgum, sem mig langar til að víkja að í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann skýrði þar frá aukningu byggingarframlaga til menntaskóla á áratugnum 1961—1971, en sagði síðan, að á yfirstandandi fjárhagsári, 1972, væri byggingarframlagið aðeins 12 millj. kr. Ef hv. þm. lítur í fjárlög, getur hann séð, að framlög til byggingar á Laugarvatni eru 18 millj. 250 þús. kr., við Hamrahlíð 20 millj. kr., á Ísafirði 21 millj., til menntaskóla á Austurlandi 5 millj. og á Akureyri er stofnkostnaður ½ millj. Þetta er til samans 64 millj. 780 þús. kr. Þessar 12 millj., sem hv. þm. talar um, gæti verið hækkunin á framlögunum á þessu ári frá síðasta ári. Þar eru 12 milljónirnar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég bið hæstv. menntmrh. afsökunar á því, að ég hef tekið rangt eftir því, sem hann sagði í fyrstu ræðu sinni. Það var engan veginn mín ætlun að rangfæra hans orð og biðst velvirðingar á því, en nú sé ég og heyri skýrt, hvað hann sagði um málið.

Varðandi hitt, þá hef ég þá einu afsökun, að það nýjasta, sem ég las um þessi mál, var leiðari Tímans í morgun, og þaðan hef ég töluna 12, sem ég nefndi áðan.

Herra forseti. Ég biðst enn þá meiri afsökunar á því, að ég nota Tímann sem heimild.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tíma þm. mjög lengi, enda finnst mér satt að segja, að þessar umr. hér utan dagskrár séu orðnar nokkuð hjákátlegar á stundum. Ég verð að taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að þessi fsp. hefði vissulega átt heima í eðlilegum fyrirspurnatíma, en ekki hér utan dagskrár. Engu að síður skal ég viðurkenna, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. En ég gat ekki stillt mig um að tefja tíma alþm. örstutta stund, þar sem umr. eru nú hvort sem er búnar að teljast mjög lengi, einkum og sér í lagi vegna ummæla hæstv. fyrrv. menntmrh.

Ég var svo lánsamur að stunda nám í viðskiptadeild Háskóla Íslands, þar sem hv. þm. hefur verið prófessor og á nú inni umsókn um prófessorsembættið að nýju, en það komst aldrei inn í minn koll, meðan ég stundaði þar nám, að hægt væri að blanda saman útgjöldum, rekstrarútgjöldum, og þjóðartekjum. Hann sagði eitthvað á þá leið í sinni ræðu hér áðan, að hlutdeild fræðslumála í þjóðartekjum hefði vaxið úr 4% í 6% á þeim tíma, sem hann var menntmrh. og máli sínu til sönnunar sagði hann, að kostnaður (rekstrarútgjöld) við menntaskólana hefðu vaxið um þessi sömu prósent. Ég held, að svona rökstuðningur gangi ekki inn í okkur viðskiptafræðinga almennt og ekki heldur aðra landsmenn. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera, að þeir séu svona á sérstöku sviði, já.

Mig langar líka til að benda á það, að hæstv. fyrrv. ráðh. gat um það hér áðan, að sjálfsagt hefði verið að stofna í skyndi skóla annaðhvort í Austurbænum í Reykjavík eða Hafnarfirði. Og ég vil leyfa mér að benda á mismuninn, sem er þar á vinnubrögðum, sem hann hefði viljað viðhafa í því efni, og þeim vinnubrögðum, sem hæstv. núv. menntmrh. hefur viðhaft um stofnun nýs menntaskóla. Hæstv. menntmrh. hefur skipað nefnd til þess að gera tillögur um staðsetningu menntaskóla í Reykjaneskjördæmi. Hæstv. fyrrv. menntmrh. vildi ákveða strax, að sá skóli yrði staðsettur í Hafnarfirði. Hér er um gerólík vinnubrögð að ræða, og ég verð að segja, að mér finnst öllu viðfelldnari vinnubrögð hæstv. núv. menntmrh. í því efni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þessar umr., sem hér hafa farið fram, enda hefur hv. 7. þm. Reykv. lýst yfir því, að hann vilji gjarnan ræða þessi mál nánar við mig síðar, og ég er reiðubúinn til þess. En það var aðeins eitt atriði í hans síðari ræðu, sem ég vildi leiðrétta. Hv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni, að framlög til menntaskólabygginga á þessu ári væru ekki nema 12 millj. Þetta leiðrétti menntmrh. og upplýsti, að þessi framlög væru 66 millj. Þá stóð hv. 7. þm. Reykv. hér upp aftur og sagðist verða að hafa það sér til afsökunar, að þessi tala, sem hann hefði farið með, væri tekin úr forustugrein Tímans í dag. Og það er það, sem ég ætla að leiðrétta. Ég ætla að lesa það upp, sem stendur í Tímanum um þetta atriði. Þá verð ég nú að lesa þessa setningu líka, sem hafði farið í taugarnar á hv. þm., en ég vona, að það verði samt ekki til þess að hann springi hér aftur. En þetta hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þess ber vitanlega einnig að gæta, að þótt húsnæð-

ismál menntaskólastigsins séu í ólagi, gildir það ekki síður um önnur stig skólakerfisins. Sum þeirra eru enn verr á vegi stödd. Núv. ríkisstj. tók við þessum málum í algeru öngþveiti, og því var framlag til skólabygginga stóraukið á fjárlögum þessa árs. Þannig var byggingarframlagið til Kennaraskólans aukið um 103%, til iðnskóla um 90%, til héraðsskóla um 80%, til barnaskóla og gagnfræðaskóla um 37%, en til menntaskóla um aðeins 12%, því að þörfin var talin enn meiri á öðrum stigum skólakerfisins."

Það, sem stóð í Tímanum um þetta efni, þar sem þessi tala 12 kom fyrir, var, að framlög til menntaskólakerfisins höfðu verið aukin á fjárlögum þessa árs um 12% frá fyrra ári, en þetta gerir hv. 7. þm. Reykv. að því, að framlagið hafi aðeins verið 12 millj., og ég vænti þess vegna, að hann verði drengur til þess að leiðrétta þetta hér á eftir.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vona, að hæstv. forseti virði okkur til vorkunnar, að þetta dregst nokkuð á langinn, en það leit út fyrir, að hér væri gerð virðingarverð tilraun til að flýta umr., þar sem við ætluðum tvö samtímis í ræðustólinn, hv. 4. þm. Reykv. og ég. Það var e. t. v. nokkuð táknrænt, því að ummæli þau, sem hans fangamark stóð undir í dagblaðinu Tímanum í morgun, voru einmitt þess eðlis, að þau féllu að ýmsu leyti í sama farveg og mínar athugasemdir. Þar kom fram yfirlýsing um eindreginn vilja til þess að ráða fram úr þeim vandamálum, sem við er að etja í málefnum menntaskólanna í dag. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hans rn. vildi fyrir sitt leyti stuðla að mjög skjótri lausn þess vanda, sem ég ræddi um í lok minnar ræðu hér áðan, deilunnar vegna heimavinnu kennara. Nú liggur fyrir yfirlýsing hæstv. menntmrh. um, að hann muni stuðla að því, að hún verði leyst hið allra skjótasta, og ég vona, að dagblaðið Tíminn mæli fyrir munn sinna flokksmanna, er hann segir, að þeir muni einnig að þessu stuðla, og hygg ég, að aðrir þeir, sem í ríkisstj. sitja, muni eftir fylgja.

Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör við mínum spurningum. Það er rétt, að ég ræddi við hann í morgun, en ekki fyrr, um, að ég mundi gera þessi málefni hér að umræðuefni utan dagskrár og hafði satt að segja vænzt þess, að svör við þessum spurningum lægju fyrir í menntmrn. einmitt þá, þar eð ég er ekki fyrsti aðilinn eða fyrsta manneskjan, sem lætur sér detta í hug að spyrja um þessi mál. Þessi mál hafa verið í brennipunkti vikum saman. Hæstv. ráðh. nefndi, að ekki væri nægileg reynsla komin á, hvernig reglugerðin, sem sett hafði verið eftir menntaskólalögunum, yrði í framkvæmd og því þætti ekki taka því nú strax að setja aðra heildarreglugerð, en hins vegar hefðu nokkrar breytingar verið gerðar 8. jan. og þær hefðu verið afhentar Stjórnartíðindum til birtingar 10. jan. Ég hef hér í höndum eina heftið af Stjórnartíðindum, sem út hefur komið á þessu ári, og þar er ekki að finna neina reglugerð, er varðar málefni menntaskóla. Þar eru reglugerðir um tekjuskatt og eignarskatt og ýmsar reglugerðir um skipulagsuppdrætti og sitthvað fleira, en reglugerð um menntaskóla fyrirfinnst þar engin.

Nú vil ég engan veginn rengja það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, en vil óska þess, að hann leiti vandlega undir borðum og stólum í hæstv. menntmrn. og athugi, hvort nefnd reglugerð finnist þar ekki.

Hæstv. ráðh. sagði, að stefna menntmrn. væri, að til allra starfa eftir hinum nýju menntaskólalögum væru ráðnir starfsmenn, en sums staðar væru störf þessi einnig á höndum kennara, eins og lögin raunar ætluðust til. Það á við um sum þessara starfa. Ég legg áherzlu á, að hæstv. ráðh. athugi vandlega, að skipað verði í starf námsráðunauta. Ég dreg enga dul á það, að af þessum störfum auk aðstoðarskólastjórans tel ég það starf geta haft langmesta þýðingu fyrir bæði námsárangur og alla velferð nemenda og árangur kennaranna einnig. Hæstv. ráðh. nefndi, að í Menntaskólanum í Reykjavík hefðu verið gerðar ýmsar bráðabirgðaráðstafanir vegna húsnæðis. Ég tel, að þær ráðstafanir séu engan veginn fullnægjandi, og það hryggir mig mjög að heyra, að ekki hafi verið hugsað enn lengra í þeim efnum nú þegar og vonast til, að svo verði hið fyrsta, að gerðar verði ráðstafanir, sem nemendur og kennarar átti sig á, að komi að raunverulegu gagni.

Þá nefndi hæstv. ráðh., að Menntaskólanum við Hamrahlíð yrði lokið að fullu haustið 1972 að öðru leyti en því, er til leikfimihúss tekur, en um það mál ætla ég ekki að ræða, því að ég hef flutt sérstaka till. í þingi um það efni, þar sem lagt er til, að neytt verði sérstaks tækifæris, sem nú stendur fyrir dyrum, til að gera lausn á því máli ódýrari og einfaldari en ella hefði orðið.

Ég vil svo ítreka það, að ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa komið hér fyrir þingheim og flutt sín svör við þeim spurningum, sem hér hafa verið fluttar og eru í raun og veru ekki mínar spurningar, heldur fyrst og fremst brennandi spurningar allra þeirra, sem stunda menntaskólanám á Íslandi, og þeirra, sem sjá um fræðslu menntaskólanema á Íslandi, og foreldra menntaskólanema á Íslandi.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að blanda mér inn í þessar deilur að öðru leyti en því, sem ég tel mér skylt til þess að upplýsa það, sem um hefur verið spurt hér, en umr. hafa að verulegu leyti farið fram hjá. En það er það atriði, er varðar leiðréttingar á skriflegum verkefnum nemenda, sem ég vildi gefa upplýsingar um.

Í sambandi við það vil ég lýsa hér grg., sem fjmrn. hefur gert, eftir að það fréttist upp í það rn., að von væri á þessari fsp. Hitt get ég ekki látið hjá líða að taka fram, að ég tel nauðsynlegt, að jafn yfirgripsmikla fsp. sem þessa beri að með eðlilegum hætti og að þessi afturfótafæðing, sem er orðin á fsp. hér í hv. Alþ. nú, ætti gjarnan að leggjast niður, því að það er mjög erfitt að fá ekki að vita um slíkar fsp., sem þurfa nokkurrar athugunar við, fyrr en nokkrum mínútum áður en þær eru fluttar. En ekki meira um það.

Það, sem ég vildi koma á framfæri, er þetta:

1. Á undanförnum árum hafa samtök kennara haft sérstakan samning við ríkissjóð um greiðslu fyrir störf þeirra að úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda. Samningum þessum var sagt upp ýmist af samtökum kennara eða fjmrn. með löglegum fyrirvara.

2. Þróun mála á s. l. ári varð sú, að æ fleiri kennarar leituðu eftir greiðslum fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Töldu t. d. sumir kennarar í sögu og landafræði kennsluaðferðir sínar réttlæta greiðslur á borð við þær,

sem inntar voru af höndum til kennara í stærðfræði og tungumálum.

3. Þau sjónarmið ríktu við gerð kjarasamnings, að föst laun skyldu koma fyrir öll þau störf, sem óhjákvæmilega fylgdu þeirri stöðu, er starfsmaður gegndi. Litu samningsaðilar m. a. svo á, að kennslustörf yrðu ekki af hendi leyst, án þess að kennari legði fram vinnu við leiðréttingu verkefna nemenda. Gerðu aðilar með sér svofellda bókun, sem ég vil leyfa mér að lesa:

„Aðilar eru um það sammála, að við mat á störfum kennara hafi tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda, og teljist slík vinna unnin á þeim tíma, sem kennara er ætlaður til undirbúnings kennslu."

Þetta er bókun, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjmrn. gerðu með sér í sambandi við kjarasamningana í fyrra. Um framkvæmd á þessu atriði er svo þetta að segja: Með hliðsjón af því, að kennarar sem aðrir starfsmenn ríkisins fá ekki að fullu umsamdar launahækkanir fyrir 1. júlí n. k., taldi fjmrn. rétt að afnema greiðslur til kennara samkv. fyrri samningum í áföngum. Framkvæmdin hefur verið sú í stórum dráttum, að fram til 1. sept. 1971 héldu kennarar óbreyttum greiðslum samkv. fyrri samningum. Frá 1. sept. til loka des. var greitt 65% af upphaflegum greiðslum, en frá áramótum af greiðslum þessum 40%. Hefur verið út frá því gengið, að greiðslurnar féllu niður 1. júlí n. k., en þá var hækkun fastra launa kennara að fullu komin til framkvæmda.

4. Á það ber að leggja áherzlu, að rn. telur engan vafa á því leika, að greiðslur þessar eigi að falla niður samkv. gildandi kjarasamningum. Rétt er að vekja athygli á, að vandalaust er að fá úr ágreiningi við kennarasamtökin skorið með því að leggja mál þetta fyrir kjaranefnd, sem samkv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna á að skera úr, hver aukastörf rétt sé að telja sem aðalstarf, hver ber að launa sérstaklega. En til þess að slíkur úrskurður hafi raunverulegt gildi, þarf að liggja fyrir, að báðir aðilar sætti sig við hann og haga vinnubrögðum í samræmi við hana. Fjmrn. er að sjálfsögðu reiðubúið til að standa þannig að málinu.

Þetta vildi ég, að hér kæmi fram, vegna þess að ég hygg, að margir hafi talið, að hér væri um stirðbusaskap að ræða af hálfu fjmrn., sem það vildi ekki viðurkenna, en hér er um samning að ræða, sem er gerður af þeim, sem að þeim málum stóðu, af réttum aðilum, undirskrifuð bókun, og þess vegna er nauðsynlegt, að það komi hér fram, hvað raunverulega er átt við í þessu máli.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og við var að búast, las hv. 12. þm. Reykv., ritstjóri Tímans, rétt upp úr leiðara sínum, sem hann skrifaði í gær. Það, sem ég vildi vekja athygli á og mundi rétt eftir Tímanum, taldi rétt eftir Tímanum, var, að aukning framlaga til menntaskólabygginga í ár væri lægri en til nokkurrar annarrar skólategundar eða aðeins 12%. Ég heyri eftir á, að ég muni hafa sagt 12 millj. í staðinn. Mín eina afsökun fyrir þessu er sú, og á henni biðst ég mjög afsökunar, er sú, að þm. varð nákvæmlega sams konar mismæli á, því að hann talaði einnig um 12 millj. í staðinn fyrir 12%. Ég er ekki að afsaka mig með þessu, en bendi bara á, að sælt er sameiginlegt skipbrot.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að blanda mér í þessar umr. Mér fannst þessi fsp. ósköp eðlileg og svar við henni sömuleiðis. En þegar farið er að lesa hér upp úr leiðurum dagblaðanna í ræðustól utan dagskrár, þá held ég, að það sé kannske ástæða til að gera örlitlar aths. við þá leiðara, sem eru orðnir svo mjög að umræðuefni. Ég skal reyna að stilla máli mínu í hóf og reyna sem allra sjaldnast að ræða leiðara dagblaðanna, og þá mun dagblaðið Tíminn ekki vera þar undanskilið. En ég vil minna hv. 4. þm. Reykv. á það eftir sinn upplestur hér áðan, að staðreyndir skipta mestu máli í sambandi við þær tölur, sem með er farið, en á fjárlögum ársins 1970 var varið 206 millj. 860 þús. til byggingar skólamannvirkja í landinu á barna- og gagnfræðaskólastigi. En á árinu 1971 hækkaði þessi liður upp í 288 millj. 91 þús. eða um 39%. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga, fjárlaga fyrir 1972, þá hækkar þessi langstærsti liður skólamála úr 288 millj. 91 þús. í 394 millj. 360 þús. eða um 37%. Hlutfallið er minna heldur en frá árinu 1970—1971 á þessum langstærsta lið. Hitt er auðvitað þægilegt að taka út úr einstaka skóla, sem hafa auðvitað lítið að segja í sambandi við heildarfjármagnið, en þar sem menntaskólarnir hafa fyrst og fremst verið gerðir að umræðuefni hér út af þessum leiðara í dagblaðinu Tímanum, þá þykir mér rétt að benda á, að á árinu 1970 var framlag til menntaskóla á landinu, þ. e. stofnkostnaðarframlög menntaskóla, 38 millj. 242 þús., en við fjárlagaafgreiðslu ársins 1971 var framlag til menntaskóla 59 millj. 270 þús. og hækkunin á milli þessara ára var þá þar með 21 millj. 28 þús. til stofnkostnaðar menntaskóla. Mig minnir, að hæstv. menntmrh. hafi sagt, að hækkunin nú hafi numið eitthvað á milli 12 og 13 millj. kr. og það er þá mun minna að krónutölu heldur en var varið til framkvæmda við menntaskóla frá árinu 1970 til ársins 1971. Það kemur því úr hörðustu átt að tala um að taka við einhverju kerfi í rúst, sem þurfi að byggja upp, þegar uppbyggingin er með þeim hætti, að það er stórlega dregið úr framlögum til þessara mála.

Forseti (EystJ): Ég vil aðeins taka það fram út af umr. utan dagskrár, að í rauninni er ekki gert ráð fyrir þeim í þingsköpum, en það hefur ævinlega verið leyft, að umr. færu fram utan dagskrár. En það hefur líka ævinlega verið gert í því trausti, að hv. þm. tækju ekki upp umr. utan dagskrár, nema um sérlega aðkallandi mál væri að ræða, sem ekki þyldu þinglega bið, ef svo mætti að orði komast, og enn fremur í því sérstaka trausti, að hv. þm. takmörkuðu mál sitt, töluðu stutt. Vona ég, að svo verði framvegis, að þannig geti þetta orðið. Það er aðeins gert ráð fyrir 5 mínútna ræðutíma við þinglegar fsp. og ætla ég, að hv. þm. hljóti að láta sér skiljast, að í rauninni á ræðutími í sambandi við fsp. utan dagskrár helzt ekki að vera nema tilsvarandi. Ég vona, að góð samvinna verði um þessi efni framvegis eins og verið hefur hingað til — að kalla má.

XIV. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., utan dagskrár, mælti

forseti (GilsG): Áður en gengið er til dagskrár vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að mál koma helzt til dræmt frá þn. Það vill að vísu oft verða svo um þennan árstíma, þegar þinghald er hálfnað eða liðlega það, þá er helzt til lítið af málum, sem komið hafa frá n., en svo hefur það brunnið við, að undir lok þinghalds hefur verið óeðlilega mikið að gera og málin hafa hrúgazt upp til afgreiðslu. Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess við hv. þn. þessarar d. og þá sérstaklega við formenn þeirra, að þeir leitist við að hraða afgreiðslu mála, eftir því sem eðlilegt og fært þykir, þannig að hægt yrði að komast hjá því, að óeðlilega mikið verði að gera við málaafgreiðslu undir þinglok, þ. e. afgreiðslu þeirra mála, sem ætti að vera hægt að afgreiða fyrr.

Á 45. fundi í Sþ., 6. marz, utan dagskrár, mælti

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að það eru nokkur mál í fjvn., sem ekki hafa fengið afgreiðslu, þótt langur tími sé liðinn frá því, að þeim var vísað þangað.

1. Þáltill. um áætlun opinberra framkvæmda í Suðurlandskjördæmi, sem allir þm. Sunnl. hafa flutt. Till. var vísað til fjvn. 7. des.

2. Þáltill. um rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey, sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi flutti á meðan hann tók sæti hér á Alþ. Þessari till. var vísað til fjvn. 30. nóv. s. l.

3. Till., sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi einnig flutti um framkvæmdaáætlun vegamála. Þessari till. var einnig vísað til fjvn. 30. nóv.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann kalli eftir afgreiðslu þessara tillagna.

Forseti (EystJ): Ég mun beina því til hv. fjvn., sem hv. þm. hefur farið fram á.

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, utan dagskrár, mælti

Jón Árnason: Herra forseti. Það er aðeins til að segja nokkur orð út af vinnubrögðum í nefndum, sem ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár. Ég tel, að ýmis mál, sem vísað hefur verið til n. hér í hv. d., liggi þar allt of lengi til meðferðar og séu jafnvel ekki tekin til umr. svo vikum og mánuðum skiptir. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega átelja vinnubrögð hv. sjútvn. d. Allt frá því að þing kom saman á s. l. hausti hefur n. aðeins haldið einn fund, og það var rétt eftir þingsetningu og þá eina málið á dagskrá að kjósa formann og ritara.

Nú er það svo, að hjá þessari n. liggja ekki ýkja mörg mál. Þó hygg ég, að það séu a. m. k. fimm mál, sem liggja þar til meðferðar og ekki hefur verið kvaddur saman fundur til þess að ræða um, og meðal þeirra eru þó tvö stjfrv., sem bæði verður að telja, að sé nauðsynlegt að afgreiða. Annað þeirra er um ríkisábyrgð vegna skuttogarasmíða. Í því sambandi hafa komið fram óskir aðila um, að frv. verði breytt, þannig að fleiri fái notið þeirra hlunninda, sem í því frv. felast. Mér er kunnugt um, að vegna fyrirhugaðra samninga við erlendar skipasmíðastöðvar getur dráttur á afgreiðslu þessa máls haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir fleiri aðila, og vænti ég þess, að málið verði nú þegar tekið til afgreiðslu.

Annað mál, sem hjá n. liggur og ekki hefur enn verið tekið til afgreiðslu, er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 frá 28. febr. 1966, um útflutningsgjald á sjávarafurðum. Hér er um mál að ræða, sem búið er að liggja hjá n. síðan 7. febr. Þetta mál þolir enga bið og hefði þurft að fá sérstaka fyrirgreiðslu og hljóta afgreiðslu í þinginu. Það er a. m. k. þeim mönnum kunnugt, sem fylgjast nokkuð með því, hver afkoma tryggingasjóðs fiskiskipa er, hvað hér er um brýnt og nauðsynlegt mál að ræða og að það fái afgreiðslu sem allra fyrst.

Eins og fram kom í framsögu hæstv. sjútvrh. fyrir frv., er gert ráð fyrir, að með frv., ef að lögum verður, muni tryggingasjóðurinn fá um 45 millj. kr. auknar tekjur. Að vísu er hér um allt of litla fjárupphæð að ræða, til þess að sjóðnum sé gert kleift að standa við sínar skuldbindingar, en það er annað mál. Ég vil því einnig vænta þess, að enginn frekari dráttur verði á afgreiðslu þessa máls, enda getur varla verið um það að ræða, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. séu með ásetning um að tefja framgang þeirra mála, sem ríkisstj. ber fram og vill beita sér fyrir.

Þá vil ég að lokum minnast á frv., sem ég flutti nokkru fyrir þinghlé, fyrir jól. En það var um að veita nemendum vélstjóra- og stýrimannaskóla aðild að Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta frv. hefur alla tíð síðan legið hjá hv. fjvn. Mér er kunnugt um, að mál þetta er talið mjög mikilsvert af þeim nemendum, sem frv. snertir, og hafa þeir látið fara fram sérstaka athugun á fjárhagsaðstæðum umræddar nemenda og fleiru, er máli skiptir í þessu sambandi. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að n. sjái sér fært að afgreiða þetta mál frá sér við fyrsta tækifæri, svo að það a. m. k. fái þá þinglegu meðferð, sem venjuleg er. Varðandi þessa aths., sem ég hef nú komið á framfæri varðandi störf þn., þá ræddi ég þetta mál sérstaklega fyrir a. m. k. hálfum mánuði við hæstv. forsrh. og tjáði honum, hvað ég teldi mikið athugavert við störf n. hér í hv. d. og seina afgreiðslu mála, og hann tók mjög undir það, enda hafði hann gert svipaðar aths. hér á síðasta þingi, þó að ekki væri nú neitt svipuðu þá til að jafna við það, sem hér hefur átt sér stað í þessari hv. n., sem ég vitna sérstaklega til í þessu tilefni allt fyrir það, og hafði hann góð orð um það, að hann mundi a. m. k. áminna sína menn um að taka til starfa í n. En þrátt fyrir það hefur allt komið fyrir ekki, og ég sé ekki nein viðbrögð í þessari n. til þess að taka til starfa eða taka þau mál til meðferðar, sem til hennar hefur verið vísað. Því sá ég mér ekki fært annað en að gera þetta mál að umræðuefni utan dagskrár, en vænti þess, að það hafi þau áhrif, að a. m. k. hv. sjútvn. taki til við að afgreiða þau mál, sem hjá henni liggja óafgreidd.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Þar sem ég mun nú eiga að gegna formennsku í sjútvn. í veikindaforföllum Bjarna Guðbjörnssonar, þá vil ég aðeins geta þess, að það er sjálfsagt að nota fundartíma n. á morgun til að hafa fund, og ég vil jafnframt bæta því við, að hv. síðasti ræðumaður hefði vel getað sparað þinginu þann

tíma, sem farið hefur í ræðu hans, með því að tala við mig fyrri um það að boða til fundar í nefndinni.

Jón Árnason: Herra forseti. Út af þessari aths. hv. 4. þm. Vestf. vil ég aðeins segja það, að vitanlega á hann ekki hér mikla sök. Hann hefur aðeins setið hér örfáa daga á þingi, en fyrirrennari hans, sem er formaður n., er búinn að sitja hér eins og við hinir alla tíð frá því að þing var sett í haust og hefur því engar slíkar afsakanir. Ég gerði nú svipaða aths. og hv. þm. gerði, þegar hæstv. núv. forsrh. ræddi á sama hátt mál hér á síðasta þingi. En hann hafði ekkert við það að athuga og fannst það ekkert óeðlilegt og sagði, að það ætti hver formaður að sjá um sína skipshöfn og það meina ég líka núna að þessu sinni við hv. þm.

Á 53. fundi í Sþ., 5. apríl, utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár, ekki til þess að hefja neinar umr. nú á þessum fundi af skiljanlegum ástæðum, þar sem til hans var fyrst og fremst boðað til þess að minnast látins fyrrv. þm. En sitthvað hefur skeð í stjórnmálunum í þinghléinu í tengslum við Keflavíkurflugvöll, eins og alkunnugt er, og við ræddum það nokkuð á þingfundi sjálfstæðismanna fyrir hádegið í dag. Og það er í framhaldi af þeim fundi, sem mig langar til þess að beina þeim tilmælum til hv. formanns utanrmn., að boðað verði til fundar í utanrmn. í dag að loknum þingfundum, þar sem nm. gæfist kostur á að ræða viss mál við hæstv. utanrrh. Eins og kunnugt er, þá er gert ráð fyrir því, að varnar- og öryggismálin verði á dagskrá í Sþ. á morgun og ég teldi vinning að því, að okkur gæfist kostur á, að slíkur fundur, sem ég nú hef óskað eftir, yrði haldinn áður en til þeirra umr. kæmi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að verða við þessum tilmælum og mun boða fund í nefndinni að loknum þingfundum.

XV. Minning látinna fyrrv. þingmanna.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (EystJ): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég leyfa mér að minnast með nokkrum orðum Gunnars Jóhannssonar fyrrv. alþm., sem andaðist hér í borg aðfaranótt s. l. sunnudags, 76 ára að aldri. Gunnar Jóhannsson var fæddur 29. sept. 1895 í Bjarnastaðagerði í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru Jóhann bóndi á Hrauni í Hofshreppi Símonarson bónda á Hrauni og Bjarnastöðum í Hofshreppi Kristjánssonar og kona hans Anna Ólafsdóttir bónda í Bæ og á Spáná í Hofshreppi Ólafssonar.

Gunnar var tekinn nýfæddur í fóstur af föðursystur sinni og eiginmanni hennar og ólst upp á Grundarlandi í fæðingarsveit sinni. Hann naut fræðslu í barnaskóla þrjá vetur og var síðan við nám í unglingaskóla tvo vetur, en varð að hverfa frá frekara skólanámi sökum veikinda. Hann fluttist til Reykjavíkur árið 1917 og þaðan til Siglufjarðar 1928 og bjó þar meginhluta starfsævi sinnar. Sjómennsku stundaði hann í 12 ár, en síðan ýmis störf í landi, verkamannavinnu og verkstjórn auk mikilla starfa að félagsmálum verkalýðshreyfingarinnar. Gunnar Jóhannsson átti lengi sæti í stjórn verkalýðsfélaga á Siglufirði og var fastráðinn starfsmaður þeirra um 10 ára skeið. Hann átti sæti í bæjarstjórn Siglufjarðar 24 ár og var forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil. Margvíslegum nefndarstörfum gegndi hann á Siglufirði og átti sæti í stjórn Alþýðusambands Norðurlands og Alþýðusambands Íslands. Hann átti sæti á Alþingi á árunum 1953—1963 og sat á 11 þingum alls.

Gunnar Jóhannsson ól aldur sinn lengst af á Siglufirði, bæ mikilla athafna og umsvifa við síldveiði og síldarverkun á þeim tíma. Hann hafði ungur gengið í samtök þeirra manna, sem börðust ötullega fyrir bættum kjörum verkalýðsins. Hann var snemma valinn í forustusveit siglfirzkra verkamanna og átti þar upp frá því fylgi þeirra að fagna. Hann vann af alúð og harðfylgi að hagsmunamálum verkalýðsins. Einlægni hans og drengskapur öfluðu honum trausts samherja og andstæðinga. Á Alþ. beitti hann sér aðallega fyrir umbótum í atvinnu- og samgöngumálum Siglfirðinga og auknu öryggi og bættum aðbúnaði sjómanna. Ósérhlífinn var hann jafnan og óeigingjarn, brást ekki þeim málstað, sem hann helgaði ævistarf sitt. Um sjötugsaldur flutti hann heimili sitt frá Siglufirði til Reykjavíkur og dvaldist hér síðustu æviárin.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Gunnars Jóhannssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 6. fundi í Sþ., 25. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (EystJ): Haraldur Guðmundsson, fyrrv. alþm. og ráðh., andaðist í sjúkrahúsi hér í borg s. l. laugardag, 23. okt., 79 ára að aldri. Mun ég leyfa mér að minnast hans með nokkrum orðum.

Haraldur Guðmundsson var fæddur 26. júlí 1892 í Gufudal í Barðastrandarsýslu. Foreldrar hans voru Guðmundur prestur þar, síðar ritstjóri á Ísafirði Guðmundsson bónda á Litlu-Giljá í Húnavatnssýslu Eiríkssonar og kona hans Rebekka Jónsdóttir bónda og alþm. á Gautlöndum Sigurðssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri árið 1911 og stundaði síðan farkennslu á vetrum, en vegavinnu, síldarmat o. fl. á sumrum árin 1912—1919. Hann var gjaldkeri í útibúi Íslandsbanka á Ísafirði 1919—1923, blaðamaður í Reykjavík 1924, kaupfélagsstjóri í Reykjavík 1925—1927 og ritstjóri Alþýðublaðsins 1928—1931. Á árunum 1931—1934 var hann útibússtjóri Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði. Árið 1934 varð hann atvmrh. í rn. Hermanns Jónassonar og gegndi því starfi fram í marzmánuð 1938. Síðar á því ári varð hann forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og hafði forstöðu hennar með höndum fram á árið 1957, þegar hann var skipaður sendiherra Íslands í Noregi, Tékkóslóvakíu og Póllandi með aðsetri í Osló. Á árinu 1963 lét hann af sendi-

herrastörfum vegna aldurs og átti eftir það búsetu í Reykjavík.

Jafnframt umsvifa- og ábyrgðarmiklum aðalstörfum gegndi Haraldur Guðmundsson margvíslegum öðrum trúnaðarstörfum um ævina. Hann var skipaður í ríkisgjaldanefnd 1927, í Landsbankanefnd 1928—1936 og í mþn. um tolla- og skattamál 1928. Árið 1938 var hann kosinn í Þingvallanefnd og sama ár í mþn. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar. Árið 1942 tók hann sæti í mþn. um stjórnarskrármálið og mþn. um tryggingamál. Hann var bæjarfulltrúi á Ísafirði 1920—1924 og bæjarfulltrúi í Reykjavík 1926—1931 og 1942—1946. Í stjórn Alþýðusambands Íslands var hann 1924—1936 og 1938—1940. Hann var alþm. á árunum 1927—1946 og 1949—1957, var fyrst þm. Ísfirðinga, síðar Seyðfirðinga, þá landsk. þm. og loks þm. Reykv. Sat hann alls á 34 þingum. Hann var forseti Sþ. 1938—1941 og 1942—1943 og formaður Alþfl. var hann 1954—1956.

Haraldur Guðmundsson átti ættir að rekja til fjölhæfra gáfumanna og ólst upp á gagnmenntuðu heimili. Hann hreifst ungur af hugsjónum jafnaðarstefnunnar og stóð löngum í fararbroddi, þar sem barizt var undir hennar merki. Honum var trúað fyrir miklu í þeirri forustusveit, og hann vann heils hugar að sigri þess málstaðar, sem barizt var fyrir. Í sveitarstjórnum og á Alþ. fékk hann vettvang fyrir sína baráttu og lá þar ekki á liði sínu. Félagslegt öryggi var eitt helzta áhugamál hans og hann flutti snemma á Alþ. till. um alþýðutryggingar og á ráðherraárum sínum gafst honum kostur á að koma þeim málum á góðan rekspöl. Hann var athafnamikill og mikilhæfur ráðh. og hafði m. a. með höndum félagsmál og atvinnumál á tímum gagngerða þjóðfélagsbreytinga. Það féll í hans hlut að hafa forustu um setningu fyrstu alþýðutryggingalaganna, sem mörkuðu tímamót í þeim efnum, og standa fyrir nýrri stórsókn í atvinnumálum til þess að vega á móti áhrifum kreppunnar miklu, eins mesta vandamáls þeirra tíma. Í forstjórastarfi Tryggingastofnunarinnar vann hann ötullega að umbótum á tryggingakerfinu og eftir að hann lét af sendiherrastörfum vann hann á vegum stjórnarvalda að könnun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn.

Sem stjórnmálaleiðtogi lét Haraldur Guðmundsson óteljandi mál til sín taka á Alþ. og utan þess, og var tvímælalaust áratugum saman einn af áhrifamestu mönnum í stjórnmálalífi landsins. Hann var afburða mælskumaður, skapmikill og heilsteyptur baráttumaður, rökfastur og hreinskilinn. Með einlægni sinni, góðvild og samningalipurð vann hann sér traust bæði samherja og andstæðinga, þótt oft stæði um hann styrr í hita baráttunnar. Við andlát hans á þjóðin á bak að sjá mikilhæfum stjórnmálaleiðtoga.

Ég vil biðja hv. þm. að minnast Haralds Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (EystJ): Kristín L. Sigurðardóttir fyrrv. alþm. andaðist í gær, 31. okt., í sjúkrahúsi hér í borg eftir langvarandi vanheilsu, 73 ára að aldri. Vil ég leyfa mér að minnast hennar með nokkrum orðum, áður en gengið verður til dagskrár.

Kristín L. Sigurðardóttir var fædd í Reykjavík 23. marz 1898. Foreldrar hennar voru Sigurður síðar stofnandi og skólastjóri lýðháskólans að Hvítárbakka í Borgarfirði Þórólfsson bónda að Holti og síðar á Skriðnafelli á Barðaströnd Einarssonar og fyrri kona hans, Anna Guðmundsdóttir skipstjóra í Hafnarfirði Ólafssonar. Kristín stundaði barnaskólanám í Reykjavík og framhaldsnám í Hvítárbakkaskóla tvo vetur og var síðan við verzlunar- og skrifstofustörf í Reykjavík á árunum 1915—1918. Frá 1919 og svo lengi sem heilsa entist gegndi hún húsmóðurstörfum í Reykjavík.

Kristín L. Sigurðardóttir vann um langt skeið mikið starf að ýmiss konar félagsmálum. Hún var í framkvæmdanefnd kvennaheimilisins Hallveigarstaða 1945—1966, formaður þeirrar nefndar 1950—1966, í áfengisvarnanefnd kvenna 1946—1966 og formaður hennar 1946—1948, í orlofsnefnd húsmæðra 1961—1966, í barnaverndarnefnd 1962—1966 og í mæðrastyrksnefnd allmörg ár. Hún var í stjórn Húsmæðrafélags Reykjavíkur um skeið og átti sæti í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1952—1968, var kjörin heiðursfélagi þess, er hún lét af stjórnarstörfum. Enn fremur starfaði hún mikið í Góðtemplarareglunni á árunum 1937—1954. Hún var í stjórn sjálfstæðiskvennafélagsins Hvatar 1937—1967, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna 1956—1965 og vann ýmis önnur trúnaðarstörf í þágu Sjálfstfl. Hún átti sæti á Alþingi kjörtímabilið 1949—1953 og tók auk þess nokkrum sinnum sæti á Alþingi sem varaþm. á árunum 1953—1956. Sat hún á sjö þingum alls.

Af starfsferli þeim, sem hér hefur verið rakinn, má glöggt sjá, að Kristín L. Sigurðardóttir hefur jafnframt húsmóðurstörfum á rausnarheimili látið sig margt varða í félagsmálum samborgara sinna og valdist þar mjög til forustu. Hún var fremur hlédræg, en lá ekki á liði sínu, er til hennar var leitað til stuðnings þeim málefnum, sem hún bar fyrir brjósti, og hún vildi í engu bregðast þeim skyldum, sem hún tók sér á herðar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Kristínar L. Sigurðardóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 53. fundi í Sþ., 5. apríl, utan dagskrár, mælti

forseti (EystJ): Vilmundur Jónsson fyrrv. landlæknir og alþm. andaðist í sjúkrahúsi hér í Reykjavík 28. marz s. l., 82 ára að aldri. Hann átti sæti á Alþingi á árunum 1931—1934 og 1937—1941, en sagði af sér þingmennsku í júlí það ár og hafði þá setið á átta þingum alls. Vilmundur Jónsson var fæddur 28. maí 1889 að Fornustekkum í Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar og síðar verkamaður á Seyðisfirði Sigurðsson á Borg á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu Bjarnasonar og kona hans Guðrún Guðmundsdóttir bónda að Taðhóli í Nesjum Guðmundssonar.

Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1908, stúdentsprófi úr Menntaskólanum í Reykjavík 1911 og embættisprófi í læknisfræði við Háskóla Íslands vorið 1916. Þá um sumarið starfaði hann í sjúkrahúsi í Osló, en var um haustið settur héraðslæknir í Þistilfjarðar-

héraði. Haustið 1917 var hann settur héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði, skipaður í það starf 1919 og jafnframt yfirlæknir sjúkrahússins þar. Gegndi hann þeim störfum til 1. okt. 1931, er hann var skipaður landlæknir. Var hann landlæknir tæpa þrjá áratugi, en lét af því embætti vegna aldurs í árslok 1959.

Vilmundur Jónsson gegndi ýmsum störfum á sviði heilbrigðis- og félagsmála jafnframt aðalstarfi sínu. Hann átti sæti í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 1922—1931, sat í skólanefnd kaupstaðarins 1926—1931, var í stjórn Kaupfélags Ísfirðinga frá stofnun þess 1920—1931 og formaður í stjórn Samvinnufélags Ísfirðinga frá stofnun þess 1927 til 1931. Hann var í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur 1935—1936 og síðan í framkvæmdastjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis 1937—1943. Hann var formaður stjórnarnefndar Landsspítalans 1931—1933 og síðan ríkisspítalanna 1933—1959, forseti læknaráðs frá stofnun þess 1942 til 1959, formaður skólanefndar Lyfjafræðingaskóla Íslands frá stofnun hans 1940—1957 og formaður skólanefndar Hjúkrunarskóla Íslands 1945—1959. Sæti átti hann í stjórnskipaðri nefnd, sem samdi frv. til kosningalaga árið 1933 og var í landskjörstjórn 1933—1956. Í ritstjórn Ríkisútgáfu námsbóka var hann 1937—1945. Árið 1942 var hann í stjórnskipaðri nefnd, sem endurskoðaði barnaverndarlög.

Vilmundur Jónsson valdi sér læknisfræði að sérnámi. Hann var héraðslæknir hálfan annan áratug við góðan orðstír og farsæll sjúkrahúslæknir. Á þeim árum fór hann nokkrum sinnum utan til þess að kynna sér læknisstörf í sjúkrahúsum. Lengstan hluta ævi sinnar var hann í embætti landlæknis, reglufastur, afkastamikill og ráðdeildarsamur embættismaður.

Ritstörf voru mjög gildur þáttur í ævistarfi Vilmundar Jónssonar. Hann samdi bækur, ritlinga og blaðagreinar um ýmis hugðarmál sín. Hann var bindindissamur og ritaði talsvert um áfengismál. Hann skrifaði fjölda blaðagreina um stjórnmál. Margs konar rit og ritgerðir um heilbrigðismál og læknamálefni voru þáttur í embættisstörfum hans, en þau mál áttu miklu ríkari ítök í huga hans en embættisskyldur kröfðust. Saga lækninga og læknisfræði á Íslandi var honum hugleikið viðfangsefni. Gagnmerk rit og ritgerðir eftir hann um þau efni hafa birzt á prenti. Rit hans um lækningar séra Þorkels Arngrímssonar í Görðum á Álftanesi var í jan. 1946 metið af læknadeild Háskólans gilt til varnar fyrir doktorsnafnbót í læknisfræði, en hann lét við það sitja.

Á sjötugsafmæli hans árið 1959 var hann á hinn bóginn af Háskóla Íslands sæmdur doktorsnafnbót í heiðursskyni.

Vilmundur Jónsson var einn af áhrifamestu frumherjum jafnaðarstefnunnar á Íslandi. Hann var skoðanafastur, sjálfstæður í hugsun, málsnjall og rökfastur. Á Alþ. lét hann mikið að sér kveða og var einn af leiðtogum Alþfl. Hann beitti sér fyrir stefnumálum flokks síns, var m. a. einn af samningamönnum um stjórnarmyndun 1934. Umbótum í heilbrigðismálum og félagsmálum sinnti hann af kappi og sér þess mikil merki í löggjöf og framkvæmdum. Hann átti til að mynda frumkvæði að því, að árið 1934 var ráðinn sérstakur læknir til að starfa að berklavörnum með nýjum hætti, og á Alþ. 1939 flutti hann í samráði við berklayfirlækni frv. að þeim berklavarnarlögum, sem síðan hafa verið í gildi. Sú stefnubreyting, sem mörkuð var með þessum aðgerðum í baráttu gegn berklunum, bar stórfelldan árangur eins og alþjóð er kunnugt.

Vilmundur Jónsson var með ágætum ritfær, hagur orðsmiður, margfróður og hugkvæmur. Hann sóttist ekki eftir vegtyllum, en varð mikið ágengt. Hann vann æviverk sitt af gjörhygli, vandvirkni og mikilli atorku.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Vilmundar Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, utan dagskrár, mælti

forseti (EystJ): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég minnast Jóhannesar skálds úr Kötlum, sem andaðist í Landsspítalanum í gær, 27. apríl, 72 ára að aldri. Hann átti sæti á Alþingi sem varaþm. síðari hluta aðalþings 1941 og á aukaþinginu í júlí það ár.

Jóhannes úr Kötlum var fæddur 4. nóv. 1899 að Goddastöðum í Laxárdal í Dalasýslu. Foreldrar hans voru Jónas bóndi þar og síðar í Ljárskógaseli Jóhannesson bónda á Svarfhóli í Laxárdal Halldórssonar og kona hans Halldóra Guðbrandsdóttir bónda í Geirshlíð í Hörðudal í Dalasýslu Guðlaugssonar. Hann stundaði nám í lýðskóla í Hjarðarholti í Dölum veturna 1914—1916 og lauk kennaraprófi í Reykjavík vorið 1921. Hann var barnakennari á nokkrum stöðum í Dalasýslu á árunum 1917—1919 og 1921—1932 og í Reykjavík 1932—1933. Eftir það fékkst hann aðallega við ritstörf, var búsettur í Reykjavík til 1940, í Hveragerði 1940—1959, en fluttist þá aftur til Reykjavíkur og átti hér heimili síðan.

Jóhannes úr Kötlum var á þroskaárum sínum áhugasamur þátttakandi í ungmennafélagshreyfingunni í Dalasýslu, var síðan um skeið formaður í Félagi byltingarsinnaðra rithöfunda og enn síðar átti hann sæti í stjórn Rithöfundafélags Íslands, Rithöfundasambands Íslands og Bandalags ísl. listamanna. Hann tók sæti hér á Alþ. fyrir Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn um skeið á tímum heimsstyrjaldar, erlendrar hersetu á Íslandi og veigamikilla ákvarðana í sjálfstæðismálum íslenzku þjóðarinnar. Hann var hugsjónamaður og öflugur baráttumaður og einlægur í stuðningi sínum við þann málstað, sem hann hafði markað sér. Jóhannes úr Kötlum er þó fyrst og fremst kunnur og hans verður lengst minnzt vegna skáldskapar hans. Hann fékkst alla tíð við ljóðagerð, en samdi auk þess nokkrar skáldsögur og starfaði að þýðingum og útgáfustörfum. Ljóðskáldsferill hans er langur, nær yfir hálfa öld, og er þar slegið á marga strengi. Hann orti þannig fyrir munn íslenzku þjóðarinnar á hátíðastundum hennar 1930 og 1944, að metið var til verðlauna. Alþingi skipaði honum í heiðurslaunaflokk listamanna, og hann var tvímælalaust í hópi beztu íslenzkra ljóðskálda sinnar samtíðar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóhannesar úr Kötlum með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XVI. Athugasemdir um þingstörf.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (GTh): Ég tel rétt að minna hv. þm. á ákvæði í þingsköpum um umr. um fsp. Það er í 31. gr. þingskapa. Þar segir:

„Mega þm., aðrir en ráðh., ekki tala oftar en tvisvar um hverja fsp. og eigi lengur en 5 mínútur í senn."

Þess hefur orðið vart, að sumir hv. þm. hafi ekki munað eftir þessu þingskapaákvæði.

Þessum fundi verður ekki haldið lengur áfram en til kl. um það bil 7 í kvöld, og kvöldfundur verður ekki. Ég vil taka það fram út af þeim málum, sem nú verða tekin fyrir, að sá háttur hefur oft verið hafður hér á, að þegar varamenn hafa tekið sæti á Alþ. og flutt þingmál, þá hefur þeim verið gefinn kostur á að flytja sitt mál, áður en þeir hverfa af þingi og aðalmaður tekur sæti. Þess vegna hefur oft verið vikið frá röð dagskrármálanna. Það verður einnig gert að þessu sinni.

Á 73. fundi í Nd., 9. maí, utan dagskrár, mælti

forseti (GilsG): Áður en ég slít fundi, vil ég af marggefnu tilefni taka þetta fram:

Til þess að auðvelda þingstörf hef ég gjarnan haft þann hátt á að fresta atkvgr. um ágreiningsmál til næsta fundar, eftir að umr. fór fram, og hafa atkvgr. þá sem eitthvert fyrsta mál á öðrum fundi, sem þá hefur verið boðaður með prentaðri dagskrá. Þetta er einkum gert til þess að auðvelda hv. þdm. að vera viðstaddir atkvgr., svo að raunverulegur vilji meiri hl. þd. megi koma fram í hverju máli. Þá hef ég og hyllzt til þess, eins og löngum hefur verið háttur, að taka fyrir snemma á fundartíma þau mál, sem enginn ágreiningur er um og ætla má, að hægt verði að þoka áfram umræðulaust eða umræðulítið. En til þess að hægt sé að viðhafa þessi vinnubrögð, sem ég held, að séu skynsamleg, verður að ætlast til þess af hv. þdm., að þeir mæti vel og stundvíslega nema í algerum undantekningartilfellum og hafi þá tilkynnt forföll.

Jafnframt þessu vil ég leyfa mér að beina því til hv. þdm., að þeir hugleiði í fullri alvöru, og raunar beini ég því til hv. þm. Ed., sem mál mitt heyra, hvort ekki sé rétt að koma á þeirri reglu, að alþm. séu alls ekki til viðtals og svari alls ekki í síma, t. d. á tímabilinu kl. 2—3 þá daga, sem þingfundur er haldinn. Nú styttist óðum til þingloka. Enn eru allmörg mál óafgreidd, sem mér skilst þó, að þurfi að hljóta afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil nú heita á hv. þdm. að stuðla að því með góðri fundarsókn og fundarsetu, að störfin geti gengið með eðlilegum hætti.

Mér þótti rétt að taka þetta fram, þegar svo vel er mætt eins og nú er.

Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Fundinum er slitið.

XVII. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til að athuga kjörbréf Gylfa Þ. Gíslasonar, sem dvelur erlendis. N. hafði borizt eftirrit af kjörbréfinu, sem er rétt eftirrit, staðfestir f. h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkur Páll Líndal. Kosningu hafði hlotið af A-lista, Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, Aragötu 11, Reykjavík, sem 7. þm. Reykv.

Kjörbréfanefnd leggur til, að kjörbréfið sé tekið gilt og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 60 shlj. atkv.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. okt. 1971.

Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jóhannes Guðmundsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gils Guðmundsson
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Jóhannesar Guðmundssonar bónda, Auðunarstöðum, Vestur-Húnavatnssýslu, en hann var í alþingiskosningunum í sumar kjörinn 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra. Kjörbréfið er undirritað af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra, en eins og kunnugt er, situr 1. varaþm. Sjálfstfl. í þessu kjördæmi nú á þingi.

Kjörbréfanefnd leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 56 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jóhannes Guðmundsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Gils Guðmundssyni, forseta Nd.:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Samkv. beiðni Ingólfs Jónssonar, 1. þm. Sunnl., sem nú er veikur á sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að

varamaður hans, Einar Oddsson sýslumaður, taki sæti hans á Alþ.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamannsins.“

Þá hefur borizt eftirfarandi bréf frá Birni Jónssyni, forseta Ed.:

„Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Hér liggja fyrir kjörbréf þessara tveggja hv. varamanna, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréfin, og verður gefið 10 mínútna fundarhlé til þess. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf tveggja varaþm. Annars vegar er það kjörbréf Einars Oddssonar sýslumanns, Vík í Mýrdal, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, sem óskað hefur verið að taki sæti hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfs Jónssonar, sem liggur veikur í sjúkrahúsi.

Í öðru lagi kjörbréf Halldórs Kristjánssonar bónda á Kirkjubóli, 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, en óskað er, að hann taki sæti hv. 1. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, sem verður um tíma erlendis í opinberum erindum.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert við þessi kjörbréf að athuga og leggur til, að kosning þessara tveggja varaþm. verði metin gild og kjörbréf þeirra samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Einar Oddsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd., Gils Guðmundssyni:

„Reykjavík, 1. nóv. 1971.

Skúli Alexandersson, 5. varaþm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna við sveitarstjórnarstörf heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Bjarnfríður Leósdóttir húsfrú, Akranesi, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamannsins.“

Samkv. þessu skal fara fram rannsókn á kjörbréfinu og vil ég biðja kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið, og verður fundi frestað í 10 mín. til þess að n. geti starfað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. N. hefur haft til athugunar kjörbréf Bjarnfríðar Leósdóttur. Fyrir n. lá svo hljóðandi vottorð frá yfirkjörstjórn:

„Akranesi, 29. okt. 1971.

Það vottast hér með, að við kosningar til Alþ. þann 13. júní 1971 var Bjarnfríður Leósdóttir húsfreyja, Stekkholti 13, Akranesi, nr. 3 á lista Alþb. í Vesturlandskjördæmi. Er hún því rétt kjörin 2. varamaður Jónasar Árnasonar alþm., sem kjörinn var 5. þm. Vesturl. í greindum kosningum.

F.h. yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis.
Jónas Thoroddsen, formaður.“

N. hefur samþ. að taka þessa yfirlýsingu gilda sem kjörbréf væri. N. leggur til, að kosning varamannsins verði gild metin og kjörbréfið samþykkt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að gera neina aths. við afgreiðslu kjörbréfanefndar eða tillögugerð hennar, en vil vekja athygli á því, að hér er aðeins um vottorð kjörstjórnar að ræða um kosninguna, en ekki reglulegt kjörbréf. Þetta mun hafa komið fyrir áður í þinginu og undir sömu kringumstæðum, en með slíku vottorði verið fallizt á, að varaþm. tæki sæti á þingi. En ákvæðin um varaþm. eru þannig, að ef þm. látast eða forfallast, þá taki þm. þeir, sem eru á listanum, við sem varamenn í þeirri röð, sem þeir eru og svo langur sem listinn er. Þessi breyting var gerð á sínum tíma, 1956, á kosningalögunum, en nokkur vafi lék á því, hversu margir varaþm. gætu komið inn fyrir viðkomandi flokka, eftir því hve marga aðalþm. þeir fengju kosna. Úr því var skorið þá. En ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að það verði athugað af hálfu forsetanna fyrst og fremst að reyna að skapa nokkra festu í því, með hverjum hætti varaþm. koma inn, m. ö. o. að það sé gerð nokkuð sterk krafa til þess, hvað teljast forföll og ekki forföll. Ég held, að við getum verið allir sammála um þetta í þingflokkunum, að það væri æskilegt að vera nokkuð aðhaldssamir í því, en það verði ekki of mikil lausamennska í þessu, að þm. hlaupi til og frá og þar af leiðandi verði mjög mikið af varamönnum hverju sinni, en eins og kunnugt er, þegar varamaður kemur inn, þá verður hann að vera a. m. k. tvær vikur. Ég vildi leyfa mér að beina þessu til hæstv. forseta og biðja hann um, að forsetarnir tækju slíkt til athugunar.

Forseti (EystJ): Ég mun ræða þetta mál við formenn þingflokkanna.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 50 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Bjarnfríður Leósdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 11. fundi í Sþ., 8. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 5. nóv. 1971.

Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni vegna sjúkrahúsdvalar, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jónas Jónsson ráðunautur, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, hefur vikið af þingi um skeið vegna sjúkleika. Óskað hefur verið, að sæti hans taki á þingi 1. varamaður Framsfl. í kjördæminu, Jónas Jónsson ráðunautur. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörgögn varamannsins og mælir með því, að kosning hans verði metin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. nóv. 1971.

Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er nú á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður minn, Axel Jónsson bæjarfulltrúi í Kópavogi, taki á meðan sæti mitt á Alþ."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Kjörbréfanefnd hefur haldið fund og skoðað kjörbréfið.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Axels Jónssonar bæjarfulltrúa í Kópavogi, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. Kjörbréfið er gefið út í dag og undirritað af formanni yfirkjörstjórnar, Guðjóni Steingrímssyni. N. leggur einróma til, að kosning Axels Jónssonar sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. nóv. 1971.

Framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Axels Jónssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, sem nú er veikur á sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Ingvar Jóhannsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþ., þar sem aðalmaður er enn forfallaður."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Rannsókn á kjörbréfinu hefur farið fram í hv. kjörbréfanefnd.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom í bréfi því, sem hæstv. forseti las hér upp áðan, þá hefur 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Axel Jónsson, orðið að leggjast á sjúkrahús og óskað eftir því, að 2. varaþm. flokksins í kjördæminu taki sæti hans á meðan.

Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Ingvars Jóhannssonar framkvæmdastjóra, og mælir með því, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ingvar Jóhannsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1971.

Formaður þingflokks Alþb. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Magnúsar Kjartanssonar, 3. þm. Reykv., sem nú dvelst í sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson trésmíðameistari, taki sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Samkv. þessu hefur farið fram í hv. kjörbréfanefnd athugun á kjörbréfi varamannsins.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Jóns Snorra Þorleifssonar, 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi. N. leggur til, að kosningin verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 2. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Hér með leyfi ég mér, herra forseti, sökum óvenjulegra embættisanna í desembermánuði að biðja um leyfi frá þingsetu næstu vikur. Jafnframt óska ég þess, með tilvísun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ., að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Halldór Blöndal, taki á meðan sæti mitt á Alþ."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Björn Jónsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Hv. kjörbréfanefnd hefur skoðað kjörbréf Halldórs Blöndal.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Halldórs Blöndal blaðamanns, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. N. leggur einróma til, að kosning Halldórs Blöndal sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Halldór Blöndal, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 20. fundi í Sþ., 6. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1971.

Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Einars Ágústssonar utanrrh., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Hv. *kjörbréfanefnd hefur haft kjörbréfið* til skoðunar.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf 1. varamanns Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Tómasar Karlssonar ritstjóra, og mælir með því, að kosning varamannsins verði metin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1971.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Kjörbréf Skúla Alexanderssonar hefur verið skoðað áður og hann tekið sæti áður á Alþ. á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 25. fundi í Nd., 10. des., mælti

forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. des. 1971.

Þar sem ég mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni vegna sjúkrahúsdvalar, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Eyjólfur K. Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Pálmi Jónsson,
5. þm. Norðurl. v."

Eyjólfur K. Jónsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og hefur því rannsókn á kjörbréfi farið fram. Hann tekur nú sæti 5. þm. Norðurl. v., og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. des. 1971.

Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Halldór Kristjánsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og þarf því ekki að skoða kjörbréf hans, og býð ég hann velkominn.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. des. 1971.

Formaður þingflokks Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Magnúsar T. Ólafssonar menntmrh., sem dvelst erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður SF í Reykjavík, Inga Birna Jónsdóttir kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Enn fremur hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. des. 1971.

Formaður þingflokks Alþb. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Jóns Snorra Þorleifssonar, 3. varaþm. Reykv., sem er forfallaður, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Sigurður Magnússon rafvirki, taki sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Hvorugur þessara manna hefur áður mætt á Alþ. á þessu kjörtímabili, og verður því að fara fram skoðun kjörbréfa. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka þá skoðun að sér, og verður gefið 10 mínútna fundarhlé til þess. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ingu Birnu Jónsdóttur, en það er undirskrifað af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis og samkv. kjörbréfinu er hún rétt kjörin sem 9. varaþm. Reykv. Kjörbréfanefnd leggur einróma til, að kosning Ingu Birnu Jónsdóttur sé metin gild og kjörbréf hennar samþykkt.

Jafnframt vil ég geta þess, að kjörbréf Sigurðar Magnússonar rafvirkja hafði ekki borizt n. og gat hún því ekki afgreitt það nú á þessum fundi.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Inga Birna Jónsdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Síðar á sama fundi var fram haldið rannsókn kjörbréfs.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Sigurðar Magnússonar, 8. varaþm. í Reykjavík, sem er 2. varaþm. Alþb. í Reykjavík og ætlað er að taka sæti Magnúsar Kjartanssonar, sem er forfallaður vegna veikinda, en 1. varamaður flokksins í kjördæminu er erlendis og kemst því ekki til þings. Kjörbréfanefnd leggur til, að kosningin verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 54 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurður Magnússon, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. jan. 1972.

Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson húsasmíðameistari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Jón Snorri Þorleifsson hefur setið á þingbekk áður og þarf því eigi að skoða hans kjörbréf, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borizt hér annað bréf. Það er dags. 17. jan. 1972.

„Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna sérstakra starfa, sem ég hef tekið að mér og hafa í för með sér fjarveru mína úr Reykjavík um skeið, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Karl St. Guðnason kennari í Keflavík, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf Karls St. Guðnasonar, Heiðarbrún 8, Keflavík, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur til, að kjörbréfið sé samþ. og kosningin metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Karl St. Guðnason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. jan. 1972.

Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi næstu viku, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska

þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jónas Jónsson ráðunautur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd.“

Jónas Jónsson hefur setið þingbekk áður á þessu þingi og hefur kjörbréf hans verið samþykkt. Býð ég hann velkominn til starfa.

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. febr. 1972.

Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður SF í Vestfjarðakjördæmi, Hjördís Hjörleifsdóttir húsmæðrakennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd.“

Samkv. þessu hefur hv. kjörbréfanefnd skoðað kjörbréfið, og tekur til máls frsm. hennar, hv. 6. þm. Norðurl. e.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Hjördísar Hjörleifsdóttur húsmæðrakennara á Ísafirði, en hún skipaði 3. sæti á lista Samtaka frjálslyndra og vinstri manna við síðustu alþingiskosningar. Samkv. kjörbréfi undirrituðu af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis hlaut Hjördís Hjörleifsdóttir kosningu sem 3. varaþm. Vestf.

Að lokinni athugun leggur kjörbréfanefnd einróma til, að kosning Hjördísar Hjörleifsdóttur sé metin gild og kjörbréf hennar samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hjördís Hjörleifsdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. febr. 1972.

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna setu á Búnaðarþingi mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Alexander Stefánsson oddviti, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Björn Jónsson,
forseti Ed.“

Samkv. þessu hefur hv. kjörbréfanefnd skoðað kjörbréf Alexanders Stefánssonar.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Alexanders Stefánssonar oddvita í Ólafsvík, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi. Hann tekur sæti hér um nokkurra vikna skeið í fjarveru Ásgeirs Bjarnasonar, 1. þm. Vesturl.

Kjörbréfanefnd mælir með því, að kjörbréfið verði samþ. og kosningin metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Alexander Stefánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 38. fundi í Sþ., 16. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. febr. 1972.

Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. SF, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd.“

Kjörbréfanefnd hefur tekið þetta bréf til íhugunar.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Halldórs S. Magnússonar viðskiptafræðings, sem nú tekur sæti hér á hv. Alþ. í forföllum hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar. Samkv. kjörbréfinu, sem gefið er út af landskjörstjórn, er Halldór S. Magnússon 1. varamaður landsk. þm. SF.

Að lokinni athugun leggur kjörbréfanefnd til, að kosning Halldórs S. Magnússonar sé metin gild og kjörbréf hans samþykkt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er ekki út af kjörbréfinu sem slíku, sem ég hef kvatt mér hljóðs. Ég hef áður á þessu þingi látið í ljós aðvörunarorð um það, hvernig beitt er ákvæðunum til þess að taka inn varaþm. Og mér sýnist, að það sé farið að ríkja verulega varasamt frjálslyndi í því sambandi. Nú stendur fundur Norðurlandaráðs fyrir dyrum og við þurfum að fara þangað nokkrir þm. sem og ráðh. Í fyrra var sá háttur hafður á, að dregið var úr þinghaldinu af hálfu forsetanna svo sem verða mátti á meðan, og ég hefði haldið, að líkt yrði að farið nú með tilliti til þeirra þm., sem eru í Norðurlandaráði, og þess vegna hef ég t. d. sjálfur alls ekki gert ráð fyrir að kalla inn varamann fyrir mig, þó að þing væri hér án þess að nokkrar meiri háttar afgreiðslur færu fram á fundum í 2—3 daga.

Ég vil ítreka það, sem ég hef áður gert, að beina því til hæstv. forseta Sþ. og forsetanna sameiginlega, að þeir alvarlega athugi, hvaða venjur skapast hér í þinginu um það, að menn kalli inn varamenn fyrir sig. Það hefur komið fyrir, held ég, á þessu þingi og það væri gott að fá um það skýrslu, að menn hafa jafnvel kallað inn fyrir sig varamann og verið í burtu kannske einn eða tvo daga sjálfir. Bæði er það óeðlilegur kostnaður, sem af þessu leiðir, en í öðru lagi hlýtur þetta að hafa truflandi áhrif á störf þingsins, ef út í öfgar er farið. Ég ætla ekki að vera með neinar ásakanir í garð einstakra flokka hér eða einstakra manna. Það er fjarri mér. En ég ítreka: ég bið hæstv. forseta alvarlega um að athuga þetta. Það eru tiltekin ákvæði um þetta í þingsköpum, og það er áreiðanlega ætlunin, að menn taki ekki inn fyrir sig varamenn nema alveg í fyllstu forföllum, þannig að þeir geti alls ekki mætt í þinginu og varaþm. fái þá einhvern verulegan tíma.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi láta þessa aths. koma fram hér.

Forseti (EystJ): Ég vil út af því, sem hv. þm. sagði og snerti forsetana, taka undir, að það er rétt, að ég sagði hér einu sinni fyrir nokkru, að ég mundi beita mér fyrir því, að þessi mál yrðu rædd, forsetar ræddu þessi mál. Ég mun beita mér fyrir því, að þeir ræði þau við formenn þingflokkanna, en að sjálfsögðu eru þessi mál að mjög litlu leyti á valdi forseta. En ég tel það skynsamlega uppástungu, að forsetarnir ræði þessi mál við formenn þingflokkanna, og ég mun beita mér fyrir því, að svo verði gert.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Halldór S. Magnússon, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Magnús H. Gíslason bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Hv. kjörbréfanefnd hefur skoðað kjörbréfið.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Magnúsar H. Gíslasonar bónda, Frostastöðum, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.

Magnús H. Gíslason tekur hér sæti í fjarveru Ólafs Jóhannessonar, 1. þm. Norðurl. v. Kjörbréfanefnd hefur ekkert að athuga við kjörbréf þm. og mælir með því, að kosning hans verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hafa borizt svo hljóðandi bréf. Í fyrsta lagi:

„Reykjavík, 17. febr. 1972.

Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson húsasmíðameistari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Jón Snorri Þorleifsson hefur áður mætt til þings á þessu Alþ. sem varamaður, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. febr. 1972.

Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður SF í Reykjavík, Inga Birna Jónsdóttir kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Inga Birna Jónsdóttir hefur áður tekið sæti á þingbekk á þessu Alþ. og býð ég hana velkomna til starfa.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. febr. 1972.

Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Samkv. þessu ber að láta fara fram rannsókn á kjörbréfi varamannsins, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið og verður fundarhlé í 7 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Karls G. Sigurbergssonar, sem mun nú taka sæti hér á Alþ. í forföllum Gils Guðmundssonar. En Karl G. Sigurbergsson er 1. varaþm. Alþb. í Reykjaneskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og mælir með samþykkt þess og að kosning þm. verði metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 30 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 28. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. febr. 1972.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að sökum forfalla 1. varamanns Alþb. í Vesturlandskjördæmi taki 2. varamaður, Bjarnfríður Leósdóttir húsfrú, Akranesi, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Frú Bjarnfríður Leósdóttir hefur áður setið á Alþ. á þessu kjörtímabili, og býð ég hana velkomna til starfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. febr. 1972.

Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson útibússtjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Samkv. þessu ber að láta fara fram skoðun á kjörbréfi Braga Sigurjónssonar, og bið ég hv. kjörbréfanefnd að framkvæma þá skoðun. En áður en hún hefst, vil ég lesa hér annað bréf:

„Reykjavík, 25. febr. 1972.

Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Samkv. þessu ber einnig að láta fara fram skoðun á kjörbréfi Tómasar Árnasonar. Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að framkvæma þá skoðun, og verður gefið 10 mínútna fundarhlé til þess. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til að athuga þau tvö kjörbréf, sem henni voru fengin til athugunar. Það er í fyrsta lagi kjörbréf Braga Sigurjónssonar bankastjóra, sem hafði hlotið kosningu í 1. varauppbótarsæti Alþfl., og í öðru lagi kjörbréf Tómasar Árnasonar, sem hafði hlotið kosningu sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd er sammála um að mæla með, að þessi kjörbréf verði samþykkt og kosningin metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Braga Sigurjónssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Tómasar Árnasonar samþ. með 41 shlj. atkv.

A 43. fundi í Sþ., 29. febr., mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. febr. 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Halldór Kristjánsson hefur tekið sæti á þessu Alþ. og kjörbréf hans hefur verið skoðað, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 45. fundi í Sþ., 6. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. marz 1972.

Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Hafsteinn Þorvaldsson sjúkrahúsráðsmaður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Eins og fram kemur í bréfi þessu ber að láta fara fram athugun á kjörbréfi Hafsteins Þorvaldssonar, og mun bréfið ganga til hv. kjörbréfanefndar.

Þá hefur mér borizt annað bréf svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. marz 1972.

Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég af ýmsum ástæðum get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér hér með að biðja um fjarvistarleyfi og óska þess, að 2. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Ingi Tryggvason bóndi á Kárhóli, verði til þess kvaddur að gegna þingstörfum í minn stað fyrst um sinn frá og með 6. marz n. k., en 1. varamaður flokksins í nefndu kjördæmi, Jónas Jónsson ráðunautur, hefur tjáð mér, að sakir anna geti hann ekki tekið að sér þingstörf á þeim tíma, sem hér um ræðir."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu fylgir svo hljóðandi bréf frá Jónasi Jónssyni til forseta:

„Vegna ferðalaga á vegum landnýtingar- og landgræðslunefndar, sem ég var búinn að lofa að takast á hendur í þessari viku og þeirri næstu, get ég ekki tekið sæti Gísla Guðmundssonar, sem hefur tjáð mér, að hann þurfi að hverfa af þinginu um stundarsakir. Ég fer þess því á leit, að 2. varamaður Framsfl. á Norðurl. e. verði kvaddur til þess að gegna varamannsstörfum í minn stað."

Ingi Tryggvason hefur lagt fram kjörgögn sín og verða þau skoðuð í hv. kjörbréfanefnd. Verður gefið 10 mínútna fundarhlé til þess að skoða kjörbréfin. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf tveggja varaþm. Í fyrra lagi kjörbréf Hafsteins Þorvaldssonar, sjúkrahúsráðsmanns á Selfossi, 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. Og í annan stað hefur kjörbréfanefnd rannsakað kjörbréf Inga Tryggvasonar bónda, Kárhóli, 2. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Þess ber að geta, að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jónas Jónsson, boðar fjarvistir héðan úr Reykjavík, er á fundum víðs vegar um land næstu daga og kannske næstu vikur og telur sig þess vegna ekki geta tekið þátt í þingstörfum og óskar þess sérstaklega, að 2. varamaður, Ingi Tryggvason, taki sitt sæti á þingi.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfin að athuga og önnur gögn, sem fylgt hafa kjörbréfi, og mælir með því, að kosning þessara varaþm. verði metin gild og kjörbréf þeirra samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Hafsteins Þorvaldssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Inga Tryggvasonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Hafsteinn Þorvaldsson og Ingi Tryggvason, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, mælti

forseti (GunnG): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 4. marz 1972.

Þar sem ég mun dvelja erlendis næstu vikur í opinberum erindum, óska ég, að 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinsson,
4. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Tómas Karlsson, 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, hefur áður á þessu þingi tekið sæti á þingbekk, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 46. fundi í Sþ., 9. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. marz 1972.

Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Stefán Jónsson dagskrárfulltrúi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Samkv. þessu vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréf Stefáns Jónssonar og gefa til þess 5 mín. hlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Stefáns Jónssonar dagskrárfulltrúa, 1. varaþm. landsk. þm.

Alþb., og við höfum kynnt okkur þau kjörgögn og önnur gögn, sem hafa legið fyrir, og höfum ekkert við þau að athuga og leggjum til, að kosning þm. verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Stefán Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 47. fundi í Sþ., 13. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. marz 1972.

Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sjúkrahúsdvalar mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður SF í Norðurlandskjördæmi eystra, Benóný Arnórsson bóndi, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Það liggur fyrir að taka fyrir kjörbréf Benónýs Arnórssonar, og mun ég biðja kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið.

Þá hefur borizt hér annað bréf:

„Reykjavík, 13. marz 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af persónulegum ástæðum get ekki sinnt þingstörfum um skeið, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Kristján Ingólfsson kennari, Hallormsstað, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Samkv. þessu ber að skoða bæði kjörbréfin í hv. kjörbréfanefnd, og vil ég gefa til þess 8 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf tveggja varaþm. Í fyrsta lagi kjörbréf Kristjáns Ingólfssonar kennara, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, en hann tekur hér setu í forföllum Vilhjálms Hjálmarssonar, sem er 5. þm. Austf.

Í annan stað hefur n. athugað kjörbréf Benónýs Arnórssonar, sem er 1. varamaður SF í Norðurlandskjördæmi eystra, en hann tekur sæti hér á Alþ. í veikindaforföllum Björns Jónssonar, 6. þm. Norðurl. e.

Kjörbréfanefnd mælir með því við hv. Sþ., að kosning þessara varaþm. verði metin gild og kjörbréf þeirra samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Benónýs Arnórssonar samþ. með 38 shlj. atkv.
Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Kristjáns Ingólfssonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. marz 1972.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna embættisanna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Jón Helgason bóndi, Seglbúðum, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið og verður veitt til þess fundarhlé í 7 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið og athugað kjörbréf Jóns Helgasonar bónda, Seglbúðum, sem er 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. Leggur kjörbréfanefnd einróma til, að kosning hans verði metin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jón Helgason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 49. fundi í Sþ., 15. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. 14. marz 1972:

„Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásberg Sigurðsson borgarfógeti, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd."

Mér hefur borizt annað bréf:

„Reykjavík, 14. marz 1972.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sigurður Blöndal skógarvörður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gunnar Gíslason,
forseti Nd.“

Samkv. þessum bréfum vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hv. kjörbréfanefnd, að hún skoði kjörbréf þessara tveggja varamanna og gefa til þess 10 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar tvö kjörbréf. Í fyrsta lagi kjörbréf Sigurðar Blöndal skógarvarðar, 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, sem mætir í forföllum Lúðvíks Jósepssonar, 2. þm. Austf.

Í öðru lagi kjörbréf Ásbergs Sigurðssonar borgarfógeta, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, sem mætir í veikindaforföllum Matthíasar Bjarnasonar, 2. þm. Vestf.

N. mælir með, að kosningin verði metin gild í báðum þessum tilvikum og kjörbréfin bæði verði samþykkt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég stíg ekki hér í stólinn til að gera aths. við kjörbréf þeirra þm., sem taka nú sæti, heldur til að vekja athygli forseta á því og alls þingheims, að nú mun það vera í 43 skipti, sem átt hefur sér stað, að varaþm. hafi komið inn, og 15 fjarvistir hafa verið boðaðar. Hitt eru þm. í opinberum erindum.

Það var á það minnzt í Ed. fyrir skömmu, hversu hægt nefndastörf hefðu gengið, og mér sýnist, að ekki muni rætast mjög vel úr því, ef áfram heldur svo, að stór hluti þm. eru varaþm. Það er ekki sagt þeim til vanvirðu, heldur vegna þeirrar staðreyndar, að fyrir þinginu liggja mörg stórmál, sem varla er hægt að ætlast til, að maður, sem situr hér í tvær vikur, geti sett sig fyllilega inn í, og ég varð var við það í þingnefnd í gær hjá varaþm., er ég fór fram á það, að mál hæstv. ríkisstj. yrði betur athugað. Ég var ekki á móti málinu í sjálfu sér, en ég fór fram á það, að það yrði mjög rækilega athugað, vegna þess að það frv. gerði ráð fyrir vissri skattlagningu. Fyrir þinginu liggur annað frv., sem gengur í þveröfuga átt, og ég vildi athuga innbyrðis áhrif þessara frv.

Ég vildi spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hugsar ríkisstj., að þinghald standi lengi? Ef þinghald á að vera stutt, þá má áreiðanlega hvetja sumar n. til þess að hefja störf. Hver dagur þingsins kostar mikið fé úr ríkissjóði, þó að við höfum hér til meðferðar skattafrv., sem kannske gætu séð fyrir vaxandi útgjöldum í stórum stíl.

Mér telst svo til, að skipting milli þingflokka hafi átt sér stað á varaþm. þannig: Alþfl. hefur þrisvar tekið aukamenn inn, SF fimm sinnum, Sjálfstfl. 8 sinnum, Alþb. 11 sinnum og Framsfl. 16 sinnum.

Ég vek aðeins máls á þessu vegna þess, að þessi tala er orðin há og hlýtur að hafa áhrif á störf þingsins, a. m. k. nefnda þess.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Ásbergs Sigurðssonar samþ. með 49 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Sigurðar Blöndal samþ. með 54 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. beindi einni spurningu til mín hér áðan, hvort ríkisstj. hefði ákveðið það, hversu lengi þing skyldi standa. Þessu er því til að svara, að það hefur ríkisstj. að sjálfsögðu ekki gert. Slík ákvörðun nú væri með öllu ótímabær að mínum dómi. Þingið hefur mörgum málum að sinna nú, og það verður auðvitað að ráðast eftir atvikum, hversu hratt því tekst að afgreiða þau mál. Það er auðvitað ekkert heldur, sem rekur á eftir í sjálfu sér, að þing standi ekki eins og á þarf að halda, þar sem þm. eru í raun og veru nú fastir starfsmenn til ársins.

Hinn nýi þingmaður, Sigurður Blöndal, vann drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, mælti

forseti (GunnG): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Ég leyfi mér hér með að tilkynna hv. Alþ., að Eðvarð Sigurðsson alþingismaður er veikur og verður á sjúkrahúsi næsta mánuð. Fyrsti varamaður hans, Jón Snorri Þorleifsson, dvelur erlendis um skeið og óskar Alþb. eftir því, að Sigurður Magnússon taki sæti Eðvarðs á Alþingi fyrst um sinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþb.
Ólafur Jónsson.“

Kjörbréf Sigurðar Magnússonar hefur áður verið rannsakað og samþ. hér á hv. Alþ., og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Borizt hefur svo hljóðandi símskeyti frá Varmahlíð:

„Þar sem mér er ekki unnt að sækja þing vegna veikinda, óska ég eftir því, að varamaður taki sæti á Alþ. í minn stað.

Ragnar Arnalds.“

Enn fremur annað skeyti í þessu sambandi frá Siglufirði:

„Vegna veikinda Ragnars Arnalds vil ég taka fram, að mér er ekki gerlegt að sækja þing í forföllum hans.

Hannes Baldvinsson.“

Samkv. þessu er kominn til þings 2. varamaður, Haukur Hafstað bóndi í Vík í Skagafirði. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörgögn Hauks Hafstað og gef ég til þess 5 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Hauks Hafstað bónda í Vík í Skagafirði, 2. varaþm. Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, sem tekur sæti í veikindaforföllum hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds. Fyrir liggur í staðfestu símskeyti yfirlýsing frá 1. varaþm. Alþb. í kjördæminu um, að hann geti ekki tekið sæti á Alþ. að

þessu sinni, og tekur því 2. varamaður sæti. N. mælir einróma með því, að kosning Hauks Hafstað sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Haukur Hafstað, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 53. fundi í Sþ., 5. apríl, mælti

forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. apríl 1972.

Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Eggerts G. Þorsteinssonar, 1. landsk. þm., sem nú dvelst erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson útibússtjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Bragi Sigurjónsson hefur tekið sæti á þessu Alþ. og kjörbréf hans hefur verið skoðað, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. apríl 1972.

Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Samkv. þessu leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréf varamannsins, sem hér liggur fyrir, og gef ég til þess 5 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur lokið athugun á kjörbréfi Ólafs Þ. Þórðarsonar skólastjóra á Suðureyri, en hann er 2. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi og kemur hann inn sakir þess, að Steingrímur Hermannsson alþm. er í opinberum erindagerðum erlendis.

Kjörbréfanefnd mælir með því, að kosning þm. verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ólafur Þ. Þórðarson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 59. fundi í Sþ., 19. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. apríl 1972.

Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Birgir Kjaran hagfræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Samkv. þessu bið ég hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréf Birgis Kjaran og mun veita til þess 5 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Birgis Kjaran, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, sem tekur sæti 2. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, sem er á förum til útlanda.

N. mælir einróma með því, að kjörbréfið sé samþ. og kosningin metin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Sþ., 21. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. apríl 1972.

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sjúkrahúsdvalar mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Pétur Blöndal vélsmiður, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Samkv. þessu vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hv. kjörbréfanefnd, að hún skoði kjörbréfið, gefi álit um það og veiti til þess 5 mín. fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Péturs Blöndal, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, sem tekur sæti í veikindaforföllum 4. þm. Austf., Sverris Hermanns-

sonar. N. leggur einróma til, að kjörbréf Péturs Blöndal sé samþ. og kosningin metin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Pétur Blöndal, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, mælti

forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. apríl 1972.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sigurður Blöndal skógarvörður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Lúðvík Jósepsson,
2. þm. Austf."

Sigurður Blöndal hefur áður á þessu þingi tekið hér sæti og rannsókn á kjörbréfi hans þá farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Á 66. fundi í Sþ., 10. maí, mælti

forseti (EystJ): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jónas Jónsson ráðunautur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Jónas Jónsson hefur áður tekið sæti sem varamaður á þessu Alþ. og þarf því eigi að skoða hans kjörbréf. Býð ég hann velkominn til starfa.

Á 77. fundi í Nd., 13. maí, mælti

forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. maí 1972.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Birgir Kjaran hagfræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Jóhann Hafstein,
1. þm. Reykv."

Birgir Kjaran hefur áður tekið sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 69. fundi í Sþ., 15. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. maí 1972.

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna embættisanna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Eyjólfur K. Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Eyjólfur K. Jónsson hefur átt sæti áður á þessu þingi og hans kjörbréf verið skoðað og samþykkt.

Enn fremur hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. maí 1972.

Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 2. varamanns taki 3. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Halldór Þ. Jónsson lögfræðingur, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Þá hefur borizt hér þriðja bréfið:

„Reykjavík, 13. maí 1972.

Jón Skaftason, 2. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Hilmar Pétursson skrifstofumaður, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Samkv. þessu leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréf þessara tveggja varamanna, og gef ég til þess 8 mín. fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft með rannsókn tveggja kjörbréfa að gera. Í fyrra lagi hefur hún tekið til athugunar kjörbréf Halldórs Þ. Jónssonar lögfræðings, sem er talinn 3. varamaður á lista Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, en hann kemur inn á þing í forföllum Pálma Jónssonar, hv. 5. þm. kjördæmisins, en fyrir kjörbréfanefnd lá skeyti frá 2. varamanni Sjálfstfl. í þessu kjördæmi, Jóhannesi Guðmundssyni, þar sem hann tjáir sig ekki hafa aðstæður til þess að taka þátt í þingstörfum. En 1. varamaður Sjálfstfl. í þessu nefnda kjördæmi

hefur þegar tekið sæti í forföllum 2. þm. þessa kjördæmis.

Í öðru lagi var rannsakað kjörbréf Hilmars Péturssonar, sem er 2. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi. Hann kemur inn á þing í forföllum Jóns Skaftasonar, hv. 2. þm. Reykn., en fyrir n. lá bréf frá 1. varamanni Framsfl. í þessu kjördæmi, Birni Sveinbjarnarsyni hrl., þar sem hann kveðst ekki geta vegna anna tekið þingsæti að þessu sinni. Kjörbréfanefnd samþykkir einróma að mæla með því, að kosning þessara tveggja varaþingmanna verði metin gild og kjörbréf þeirra beggja samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Halldórs Þ. Jónssonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Hilmars Péturssonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Halldór Þ. Jónsson og Hilmar Pétursson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 72. fundi í Sþ., 17. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. maí 1972.

Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af ýmsum ástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Stefán Guðmundsson byggingarmeistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Þá er þess að geta, að hér fylgir með símskeyti frá Stefáni Guðmundssyni, svo hljóðandi:

„Sakir anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþ. í stað Björns Pálssonar að þessu sinni."

Fylgir enn fremur ósk um það frá forseta Nd., að Sigurður J. Líndal bóndi, Lækjamóti, taki sætið samkv. þessu. Það ber að láta fara fram rannsókn á kjörbréfi Sigurðar J. Líndal, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að annast það og veiti til þess frest í 5 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Sigurðar Líndal bónda á Lækjamóti í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann mætir hér á þingi í forföllum Björns Pálssonar, 3. þm. Norðurl. v., sem hefur boðað forföll og er ekki lengur á þingi, en fyrir lá yfirlýsing frá 2. varamanni Framsfl. í kjördæminu um það, að hann sæi sér ekki fært að taka sæti í forföllum þm. Björns Pálssonar, en Sigurður J. Líndal er talinn 3. varaþm. Framsfl. í nefndu kjördæmi.

Kjörbréfanefnd mælir með því, að kosningin verði gild metin og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurður J. Líndal, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

XVIII. Kosningar.

1. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var tekin á dagskrá **kosning yfirskoðunarmanns ríkisreikninganna 1970 í stað Halldórs E. Sigurðssonar fjmrh.**

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:

Halldór Kristjánsson bóndi.

2. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs Íslands.

Á 34. fundi í Nd., 21. des., var tekin á dagskrá **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1972 til ársloka 1975.**

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:

Alvar Óskarsson bifreiðarstjóri.

3. Áfengisvarnaráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga nr. 82 1969.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væru án atkvgr.:

Ásgerður Ingimarsdóttir húsmóðir (A),
Kjartan J. Jóhannsson læknir (B),
Einar Hannesson fulltrúi (A),
Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væru án atkvgr.:

Árni Gunnarsson kennari (A),
Páll V. Daníelsson forstjóri (B),
Þorvarður Örnólfsson lögfræðingur (A),
Jóhanna Egilsdóttir húsfrú (C).

4. Landskjörstjórn.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá **kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafn-**

margra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Vilhjálmur Jónsson hrl. (A),
Einar B. Guðmundsson hrl. (B),
Einar Arnalds hæstaréttardómari (A),
Björgvin Sigurðsson hrl. (B),
Árni Halldórsson hrl. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Egill Sigurgeirsson hrl. (A),
Gunnar Möller hrl. (B),
Ragnar Ólafsson hrl. (A),
Páll S. Pálsson hrl. (B),
Arnmundur Backman lögfræðingur (A).

5. Yfirkjörstjórnir.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá

kosning í yfirkjörstjórnir, fimm manna og jafnmargra varamanna í hverju kjördæmi, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosninguna komu hverju sinni fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu kjörstjórnir svo skipaðar:

a. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar.
Aðalmenn:
Jón A. Ólafsson lögfræðingur (A),
Páll Líndal borgarlögmaður (B),
Sigurður Guðgeirsson prentari (A),
Hjörtur Torfason hrl. (B),
Sigurður Baldursson hrl. (A).
Varamenn:
Guðjón Styrkársson lögfræðingur (A),
Guðmundur V. Jósefsson hrl. (B),
Kristján Jóhannsson verkamaður (A),
Hafsteinn Baldvinsson hrl. (B),
Jón Thor Haraldsson kennari (A).

b. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Páll Hallgrímsson sýslumaður (A),
Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti (B),
Guðmundur Daníelsson rithöfundur (A),
Jakob Havsteen fulltrúi (B),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (A).
Varamenn:
Pálmi Eyjólfsson fulltrúi (A),
Lárus Ág. Gíslason hreppstjóri (B),
Lúðvík Jónsson meinatæknir (A),
Sigurður Nikulásson sparisjóðsstjóri (B),
Gunnar Sigurmundsson prentsmiðjustjóri (A).

c. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.
Aðalmenn:
Jóhann Skaftason sýslumaður (A),
Ragnar Steinbergsson lögfræðingur (B),
Þorsteinn Jónatansson ritstjóri (A),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (B),
Jóhannes Jósefsson skrifstofumaður (A).
Varamenn:
Vilhjálmur Guðmundsson bóndi (A),
Sigurður Briem Jónsson lögfræðingur (B),
Jóhann Hermannsson bæjarfulltrúi (A),
Jakob Ó. Pétursson fyrrv. ritstjóri (B),
Þorgerður Þórðardóttir húsfrú (A).

d. Yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.
Aðalmenn:
Björn Ingvarsson lögreglustjóri (A),
Guðjón Steingrímsson hrl. (B),
Hallgrímur Pétursson fulltrúi (A),
Tómas Tómasson lögfræðingur (B),
Þormóður Pálsson gjaldkeri (A).
Varamenn:
Jón Grétar Sigurðsson lögfræðingur (A),
Kristinn Wium framkvæmdastjóri (B),
Valdimar Lárusson lögreglumaður (A),
Páll Ólafsson bóndi (B),
Hjörleifur Gunnarsson framkvæmdastjóri (A).

e. Yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Lúðvík Ingvarsson doktor (A),
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (B),
Jóhann Clausen sveitarstjóri (A),
Margeir Þórormsson símstöðvarstjóri (B),
Aðalsteinn Halldórsson verzlunarmaður (A).
Varamenn:
Hörður Hjartarson framkvæmdastjóri (A),
Guðlaugur Jónsson kaupmaður (B),
Jón Úlfarsson oddviti (A),
Páll Guðmundsson hreppstjóri (B),
Gísli Sigurðsson bæjarfulltrúi (A).

f. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.
Aðalmenn:
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður (A),
Elías I. Elíasson bæjarfógeti (B),
Eggert Theódórsson verkamaður (A),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (B),
Hlöðver Sigurðsson skólastjóri (A).
Varamenn:
Jóhann Jóhannesson skólastjóri (A),
Torfi Jónsson bóndi (B),
Gunnþór Guðmundsson bóndi (A),
Pétur Jóhannsson framkvæmdastjóri (B),
Benedikt Sigurðsson kennari (A).

g. Yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.
Aðalmenn:
Björgvin Bjarnason bæjarfógeti (A),
Guðmundur Kristjánsson bókari (B),
Magnús Reynir Guðmundsson skrifstofustjóri (A),
Guðmundur Marinósson fulltrúi (B),
Sigurður Kristjánsson sóknarprestur (A).
Varamenn:
Guðmundur Magnússon bóndi (A),
Ólafur Ólafsson gjaldkeri (B),
Elías H. Guðmundsson símstöðvarstjóri (A),
Úlfar Ágústsson kaupmaður (B),
Jóhannes Pálmason sóknarprestur (A).

h. Yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Bjarni Arason ráðunautur (A),
Jónas Thoroddsen bæjarfógeti (B),
Stefán Sigurðsson lögfræðingur (A),
Jón Magnússon fulltrúi (B),
Sigrún Gunnlaugsdóttir kennari (A).
Varamenn:
Kristinn B. Gíslason bifreiðarstjóri (A),
Yngvi Ólafsson sýslumaður (B),
Helgi Finnbogason bóndi (A),
Þorkell Magnússon hreppstjóri (B),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (A).

6. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá

kosning 7 manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 29 1967, um listamannalaun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Hjörtur Kristmundsson skólastjóri (B),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (A),
Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (B),
Jóhannes Pálmason sóknarprestur (A),
Sverrir Hólmarsson kennari (A),
Helgi Sæmundsson rithöfundur (C).

7. Menntamálaráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Kristján Benediktsson borgarfulltrúi (A),
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri (B),
Inga Birna Jónsdóttir kennari (A),
Matthías Johannessen ritstjóri (B),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann S. Hannesson menntaskólakennari (A),
Halldór Blöndal blaðamaður (B),
Hólmgeir Björnsson agronom (A),
Eiríkur H. Finnbogason cand.mag. (B),
Árni Bergmann blaðamaður (A).

8. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá

kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Skaftason alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Bjarni Guðnason alþm. (A),
Jóhann Hafstein alþm. (B),
Gils Guðmundsson alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gunnar Thoroddsen alþm. (B),
Björn Jónsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (C).

9. Rannsóknaráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá

kosning sjö alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í rannsóknaráð, til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa.

Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Ellert B. Schram alþm. (B),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Karvel Pálmason alþm. (A),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A),
Pétur Pétursson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Björn Fr. Björnsson alþm. (A),
Lárus Jónsson alþm. (B),
Bjarni Guðbjörnsson alþm. (A),
Pálmi Jónsson alþm. (B),
Bjarni Guðnason alþm. (A),
Helgi F. Seljan alþm. (A),
Jón Árm. Héðinsson alþm. (C).

10. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Eðvarð Sigurðsson alþm. (A),
Óskar Hallgrímsson bankastjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (A),
Axel Jónsson bæjarfulltrúi (B),
Benedikt Davíðsson húsasmiður (A),
Jóna Guðjónsdóttir form. verkakvennafélagsins Framsóknar (C).

11. Stjórn Fiskimálasjóðs.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning stjórnar Fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1972 til 31. des. 1974, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Skaftason alþm. (A),
Sverrir Júlíusson forstjóri (B),
Karvel Pálmason alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Karl G. Sigurbergsson skipstjóri (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Sigurðsson skipstjóri (A),
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (B),
Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur (A),
Már Elísson fiskimálastjóri (B),
Konráð Gíslason kompásasmiður (A).

12. Stjórn Vísindasjóðs.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Vísindasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um Vísindasjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri (A),
Ármann Snævarr prófessor (B),
Páll Theódórsson eðlisfræðingur (A),
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Guðmundur Guðmundsson efnaverkfræðingur (A),
Magnús Magnússon prófessor (B),
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur (A),
Sigmundur Guðbjarnason prófessor (C).

13. Tryggingaráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væru án atkvgr.:
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gunnar J. Möller forstjóri (B),
Alfreð Gíslason læknir (A),
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (B),
Geir Gunnarsson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væru án atkvgr.:
Baldur Óskarsson erindreki (A),
Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur (B),

Ottó Björnsson tölfræðingur (A),
Kjartan J. Jóhannsson læknir (B),
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur (A).

14. Útvarpsráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning sjö manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. útvarpslaga, nr. 19 1971.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Tómas Karlsson ritstjóri (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (B),
Ólafur Ragnar Grímsson hagfræðingur (A),
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur (B),
Stefán Karlsson handritafræðingur (A),
Njörður P. Njarðvík cand. mag. (A),
Stefán Júlíusson rithöfundur (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Örlygur Hálfdánarson bókaútgefandi (A),
Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri (B),
Leó Löve stud. jur. (A),
Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (B),
Ólafur R. Einarsson menntaskólakennari (A),
Þorbjörn Broddason lektor (A),
Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri (C).

15. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. jan. 1972 til 31. des. 1973.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Magnús Már Lárusson háskólarektor (A),
Þór Vilhjálmsson prófessor (B),
Gils Guðmundsson alþm. (A).

16. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (C).

17. Flugráð.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1972 til 31. des. 1975, samkv. 1. gr. l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þórður Björnsson yfirsakadómari (A),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Steingrímur Hermannsson alþm. (A),
Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri (B),
Páll Bergþórsson veðurfræðingur (A).

18. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., var tekin á dagskrá
kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 93 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Magnús Jónsson alþm. (B),
Steingrímur Hermannsson alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Björn Jónsson alþm. (A),
Ragnar Arnalds alþm. (A),
Benedikt Gröndal alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Björn Sveinbjörnsson hrl. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Guttormur Óskarsson gjaldkeri (A),
Jón Árnason alþm. (B),
Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur (A),
Ólafur Jónsson bæjarfulltrúi (A),
Stefán Gunnlaugsson alþm. (C).

19. Þingvallanefnd.

Á 21., 28., 65. og 71. fundi í Sþ., 7. des., 21. des., 9. maí og 16. maí var tekin á dagskrá
kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson alþm. (A),
Steinþór Gestsson alþm. (B),
Gils Guðmundsson alþm. (A).

20. Stjórnarskrárnefnd.

Á 75. fundi í Sþ., 19. maí, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna nefndar til að endurskoða stjórnarskrána samkvæmt þingsályktun um það efni frá 18. maí 1972.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhannes Elíasson bankastjóri (A),
Gunnar Thoroddsen alþm. (B),
Sigurður Gizurarson lögfræðingur (A),
Ingólfur Jónsson alþm. (B),
Ragnar Arnalds alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson ráðherra (A),
Emil Jónsson fyrrv. ráðherra (C).

21. Húsnæðismálastjórn.

Á 76. fundi í Sþ., 20. maí, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til fjögurra ára frá gildistöku nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. og 6. gr. sömu laga og 1. gr. l. nr. 30 1970.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þráinn Valdimarsson erindreki (A),
Gunnar Helgason forstjóri (B),
Hannes Pálsson fulltrúi (A),
Jóhann Petersen skrifstofustjóri (B),
Sigurður Guðgeirsson prentari (A),
Ólafur Jónsson fulltrúi (A),
Jón H. Guðmundsson skólastjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Skv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Gunnarsson, verkfræðingur (A),
Ólafur Jensson fulltrúi (B),
Hákon Hákonarson vélvirki (A),
Sigfinnur Sigurðsson hagfræðingur (B),
Sigurrós Sæmundsdóttir verkakona (A),
Sigurður Magnússon rafvélavirki (A),
Björgvin Guðmundsson deildarstjóri (C).

XIX. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Unnur Bjarklind, Jón G. Friðjónsson, Gunnlaugur Ingólfsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Þorkell Kristjánsson.

Lestrarsalsgæzla:
Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Jóna Sigurðardóttir, Sesselja Sigurðardóttir, Guðmunda Þorgeirsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Magnús Jóhannsson.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Fríða Proppé.
Tímavinna: Þórlaug Jónsdóttir, Ragnhildur Smith, Camilla Ragnars, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Hjaltadóttir, Guðrún Ágústsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Albert Guðmannsson, Baldur Guðmundsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Hannes Friðsteinsson, Þórður Auðunsson, Gísli Bjarnason, Ásgeir Jónsson, Lýður Jónsson, Stefán Nikulásson.

Stæðisvarzla:
Gunnar Aðalsteinsson.

Næturvarzla:
Gunnlaugur Jóhannesson, Grímur Grímsson.

Þingsveinsstörf:
Jón Friðgeirsson, Einar Gunnar Einarsson, Hilmar Einarsson, Kolbeinn R. Kristjánsson, Aðalsteinn Magnússon, Sólveig Kjartansdóttir, Þórður Gíslason, Jónas Guðmundsson, Haukur Þorvaldsson, Jakob Kristjánsson.

Símavarzla:
Jóhanna Þorsteinsdóttir, Guðrún Erla Ásgrímsdóttir, Kristín Hafsteinsdóttir.

Fatagæzla:
Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XX. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 39. fundi í Ed., 21. des., mælti

forseti (BJ): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. fyrir þinghlé vegna jólahátíðarinnar, vil ég mega nota tækifærið til þess að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og að þeir megi njóta jólahelginnar með fjöl-

skyldum sínum. Þeim, sem um lengri veg eiga að sækja til síns heima, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Jafnframt vil ég óska hv. þdm. gleðilegs nýárs og þakka þeim ágæta samvinnu og umburðarlyndi við mig sem forseta á liðnu ári.

Ég vil svo að lokum óska þess, að við megum öll hittast heil, þegar Alþ. kemur saman að nýju á næsta ári.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér af hálfu hv. þdm. að þakka hlý orð og góðar óskir í okkar garð, sem hæstv. forseti flutti. Ég vil af hálfu okkar þakka forseta fyrir góða samvinnu og réttláta og réttsýna fundarstjórn. Ég flyt honum og fjölskyldu hans af hálfu okkar beztu óskir um gleðiríka jólahátíð og gæfuríkt komandi ár og læt þá ósk í ljós, að við megum hitta hann heilan, glaðan og reifan að þinghléi loknu.

Til staðfestingar þessum orðum mínum vildi ég mega biðja hv. þdm. að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BJ): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir orð hans. Ég endurtek óskir mínar til hv. þdm. um gleðileg jól og farsælt komandi ár og segi fundinum slitið.

Á 34. fundi í Nd., 21. des., mælti

forseti (GilsG): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. Nd. fyrir jól og áramót, leyfi ég mér af því tilefni að þakka af heilum hug hv. þdm. öllum gott og ánægjulegt samstarf á árinu, sem nú er senn á enda runnið. Ég met mikils það umburðarlyndi, sem mér hefur verið sýnt sem forseta, nýliða í því starfi. Að loknu hinu mikla annríki síðustu daga er mér ljúft að flytja hv. þdm. sérstakar þakkir og þá hv. stjórnarandstæðingum ekki síður en stjórnarsinnum fyrir tillitssemi og beina aðstoð við sem snurðuminnsta framvindu þingstarfa þessa síðustu daga.

Þá þakka ég skrifstofustjóra Alþingis mikilvægt liðsinni og honum og öllu starfsfólki þingsins ágætt samstarf. Ég óska hv. þdm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, svo og starfsfólki Alþ. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar. Ég vil láta í ljós þá von, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing kemur aftur saman á nýju ári.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. leyfi ég mér að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt færi ég honum sérstakar þakkir fyrir góða samvinnu við okkur þdm. það, sem af er þessu þingi, og fyrir sérstaklega röggsamlega og réttláta fundarstjórn. Ég leyfi mér að færa hæstv. forseta og fjölskyldu hans hugheilar jóla- og nýársóskir okkar þdm. og ég tek undir þá ósk hans, að við megum öll hittast hér heil til starfa að loknu jólaleyfi. Og ég veit, að ég mæli það fyrir hönd allra þdm., er ég óska Íslendingum öllum gleði á þeim jólum, sem eru í nánd, og farsældar á því ári, sem er að koma.

Forseti (GilsG): Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir góð orð og óskir í minn garð og minnar fjölskyldu.

Á 28. fundi í Sþ., 21. des., mælti

forseti (EystJ): Þá er lokið dagskránni, og þetta verður síðasti fundur í Sþ. fyrir jól og einnig á þessu ári. Af því tilefni vil ég leyfa mér að óska hv. þm. og þeirra fólki gleðilegra jóla og góðs nýs árs og þakka hv. þm. fyrir gamla árið. Alveg sérstaklega vil ég þakka hv. þm. fyrir samstarfið á þessu ári, sem nú er senn að líða, og ég met það mikils, hvernig þeir hafa komið fram við mig, sem er alger nýgræðingur á þessum stað, og ég vil sérstaklega undirstrika, að mér hefur fallið vel, hvernig samstarf við þá hefur verið og hversu þm. hafa lagt sig fram um að greiða fyrir þingstörfunum, og á það jafnt við þm. úr stjórnarliðinu og stjórnarandstöðunni.

Ég vil óska þeim, sem fara í ferðalög til heimila sinna nú fyrir jólin, góðrar ferðar og vona, að við sjáumst hér öll aftur heil, þegar þingið á að taka til starfa á nýjan leik.

Ég vil þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði Alþ. alveg sérstaklega fyrir samstarfið og fyrir framlag þess til þinghaldsins. Ég vona, að við sjáumst hér öll heil aftur, þegar við eigum að koma saman í janúar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar óskir í okkar garð. Við óskum hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil leyfa mér nú fyrir hönd okkar þm. allra að þakka hæstv. forseta fyrir mjög trausta, örugga og réttláta fundarstjórn, það sem af er þessu þinghaldi, og veit ég örugglega, að þar mæli ég fyrir hönd allra þm. og persónulega mæli ég það af heilum hug. Við væntum þess allir að hitta hæstv. forseta aftur heilan á nýbyrjuðu ári.

Forseti (EystJ): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. og öðrum hv. þm. enn á ný fyrir samstarfið og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Kærar þakkir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 92. löggjafarþings, frá 21. des. 1971 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til funda á ný eigi síðar en 20. jan. 1972.

Gert í Reykjavík, 15. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 92. löggjafarþings, er frestað frá 21. des., og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 20. jan. 1972.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins, svo og landslýð öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (EystJ): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hlýjar og góðar óskir í okkar garð. Fundi er slitið.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., mælti

forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Hinn 11. janúar 1972 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 20. janúar 1972, kl. 14.

Gert í Reykjavík, 11. janúar 1972.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis.

Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (EystJ): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast nú fundir að nýju í Alþ., og er fundur settur í Sþ. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í garð þingheims og starfsfólks þingsins. Jafnframt vil ég óska hv. þm. gleðilegs nýárs og þakka fyrir liðna árið og bjóða þá alla velkomna til þings.

XXI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 97. fundi í Ed., 19. maí, mælti

forseti (BJ): Að öllum líkindum mun þetta verða síðasti fundur hv. d. á því þingi, sem er að ljúka störfum. Ég vil mega nota tækifærið til þess að þakka hv. þdm. fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á því þingi, sem nú er að ljúka, og sérstaka prúðmennsku við mig sem forseta þessarar hv. d. Ég vil einnig nota tækifærið til þess að þakka varaforsetum og skrifurum sérstaklega fyrir mikil störf og mikla hjálpfýsi við mig í forsetastörfum. Ég læt í ljósi þá ósk og von, að allir þdm. megi hafa góða heimferð og njóta góðrar heimkomu og enn fremur, að við megum öll heil hittast, þegar sumarleyfi lýkur og þing tekur til starfa á ný.

Magnús Jónsson: Ég vil, og vona, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., þakka hæstv. forseta fyrir hans góðu óskir og kveðjur í okkar garð. Ég vil jafnframt í nafni okkar allra þakka hæstv. forseta fyrir samvinnuna á þessu langa þingi, fyrir þá prýðilegu fundarstjórn, sem hann hefur leyst hér af hendi, og fyrir alla þá tillitssemi, sem hann hefur sýnt okkur þm. í hvívetna, þegar við höfum haft einhverjar óskir fram við hann að bera. Við óskum honum og fjölskyldu hans allra heilla á þessu komandi sumri og vonumst til þess, að við sjáum hann hér heilan á húfi, þegar við aftur mætumst á komandi hausti. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BJ): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir hlýleg orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir orð hans. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

b. Í neðri deild.

Á 90. fundi í Nd., 20. maí, mælti

forseti (GilsG): Þar sem þetta verður síðasti fundur Nd. Alþ. að þessu sinni, vil ég þakka öllum hv. þdm. ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég þakka skrifurum deildarinnar góð störf, svo og varaforsetum mikilvæga aðstoð, sem þeir hafa veitt mér.

Þá er mér og ljúft að færa skrifstofustjóra Alþ. beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu, enn fremur fulltrúum hans og öllu starfsliði þingsins.

Nú þegar leiðir skiljast um sinn, óska ég hv. þdm. alls velfarnaðar í sumar og læt í ljós þá ósk og von, að við megum öll hittast heil á komandi hausti, þegar Alþ. hefur störf að nýju.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. leyfi ég mér að færa hæstv. forseta þakkir fyrir góð orð og hlýjar óskir í okkar garð. Ég leyfi mér að þakka honum hið bezta samstarf við okkur þdm. og röggsama og réttláta fundarstjórn. Ég leyfi mér að bera fram þá ósk, að við megum öll hittast hér aftur heil að sumarleyfi loknu og óska þess, að við þá hittum hæstv. forseta heilan, þegar við hefjum störf að hausti. Og lýk ég svo orðum með því að óska honum alls velfarnaðar á sumri komanda. Ég bið hv. þdm. að taka undir þessa ósk með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (GilsG): Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir hlý og vinsamleg orð í minn garð og ég þakka einnig hv. þdm. fyrir að taka undir þau.

Ég ítreka svo hinar beztu óskir til hv. þdm. Þessum fundi er slitið.

XXII. Þinglausnir.

Á 77. fundi í Sþ., 20. maí, mælti

forseti (EystJ): Ég mun að venju gefa stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 11. okt. til 21. des. 1971 og frá 20. jan. til 20. maí 1972, alls 194 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir sem hér segir:

Í neðri deild	90
Í efri deild	97
Í sameinuðu þingi	77
Alls	264

Þingmál og úrslit þeirra hafa orðið sem hér segir:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	45		
b. Lögð fyrir efri deild	35		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2	82	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	37		
b. Borin fram í efri deild	27	64	
			146

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	67		
Þingmannafrumvörp	25	92	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Stjórnarfrumvarpi	1		
Þingmannafrumvörpum	5	6	
c. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	14		
Þingmannafrumvörp	34	48	
		146	

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi	109	
Bornar fram í neðri deild	7	
		116

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	45		
b. Ályktanir neðri deildar	1	46	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Í sameinuðu þingi	12		
Í neðri deild	3	15	
d. Ekki útræddar:			
Í sameinuðu þingi	52		
Í neðri deild	3	55	
		116	

III. Fyrirspurnir:

Bornar fram í sameinuðu þingi	61	
Borin fram í neðri deild	1	
Borin fram í efri deild	1	63
Sumar eru fleiri saman á þskj., svo að málatala þeirra er ekki nema		26
Allar voru fsp. þessar ræddar nema fjórar.		
Mál til meðferðar í þinginu urðu		288
Tala prentaðra þingskjala		966

Eins og sjá má af því, sem nú hefur verið rakið, hefur þetta verið óvenju annasamt og afkastamikið þing. Mörg stórmál hafa verið afgreidd og verulegur ágreiningur orðið um sum þeirra, sem verða vill, þegar meirihlutaskipti verða á Alþ. og stjórnarskipti og ný stefna er mótuð í löggjafarstarfinu.

Hvað sem ágreiningi líður og ólíkum viðhorfum í mörgu tilliti, mun þó allur þingheimur sameinast um þá ósk nú í lokin, að störf þessa Alþingis, sem nú er að ljúka, megi verða til farsældar landi og þjóð.

Margs er að minnast frá þingstörfunum að þessu sinni, en minnisstæðastur verður okkur 15. febr. Þann dag ákvað Alþingi með 60 shlj. atkv. að færa fiskveiðilandhelgi Íslands út í 50 sjómílur frá grunnlínum 1. sept. n. k. 15. febrúar 1972 varð þar með einn af merkustu dögunum í viðburðaríkri sögu Alþingis og þá um leið í sögu þjóðarinnar. Gott er þess að minnast, að þjóðin öll stendur að baki þessari ákvörðun, sem tekin var af 60 mönnum í þessum sal, og þá einnig öllu því, sem gera þarf til þess að koma þessu máli heilu í höfn.

Sameinuð mun þjóðin taka því, sem að höndum ber á þeirri leið, og í engu hvika frá þeirri ákvörðun, sem hér var tekin. Þessi órjúfandi samheldni mun tryggja farsæl úrslit þessa mikla máls.

Ég þakka hv. þm. og hæstv. ríkisstj. fyrir góða samvinnu. Deildarforsetum og varaforsetum þakka ég gott og náið samstarf, sem hefur verið meira og með öðru sniði en áður hefur tíðkazt á Alþ. og að mínu mati til góðs fyrir þingstörfin og stofnunina sjálfa. Skrifurum þingsins þakka ég mikilsverða aðstoð og gott starf. Starfsfólki Alþingis færi ég alúðarþakkir fyrir ágætt framlag til þingstarfanna á óvenju annasömu þingi. Þm. öllum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að öll megum við heil hittast hér á næsta hausti. Öllum landsmönnum óska ég árs og friðar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. þakka hlý orð og góðar óskir. Ég veit líka, að ég mæli fyrir hönd allra þm., þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir röggsama og réttsýna fundarstjórn, lipurð og góða samvinnu við okkur þm. í fundarstjórnarstörfum öllum. Við látum í ljós þá ósk og von, að hæstv. forseti og fjölskylda hans eigi ánægjulegt sumar og óskum þeim alls velfarnaðar í nútíð og framtíð. Ég vonast til þess, að við þm. sjáum hæstv. forseta heilan og hressan, þegar við hittumst aftur á næsta þingi. Þessum árnaðaróskum og þökkum til staðfestingar vildi ég leyfa mér að biðja þm. að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (EystJ): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og ég vonast eftir því, að þm. njóti góðs og gleðilegs sumars og endurtek að öðru leyti heillaóskir mínar þeim til handa.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 92. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. maí 1972.

Gert í Reykjavík, 20. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég því yfir, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þm. og fjölskyldum þeirra velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og gleðilegrar hátíðar, sem nú fer í hönd, og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.